Alþingi 1932.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1932, mánudaginn 15. febrúar, var fertugasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og fimmta aðalþing í röðinni, en sextugasta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Friðrik Hallgrímsson dómkirkjuprestur steig í stólinn og lagði út af 85. sálmi Davíðs, 9.—14. versi.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Reykv.
6. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
10. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
11. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
12. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
15. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
16. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
17. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
18. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
19. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
20. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi.

En ókomnir voru til þings:
1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
3. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
4. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
7. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
8. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Tryggvi Þórhallsson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1932, dags. 11. jan. (Sjá Stjtíð. 1932, A. bls. 1).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1932, A bls. 2). Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett.

Síðan mælti forsætisráðherra:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!“

og tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Svein Ólafsson, 1. þm. S.-M., til að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Björns Líndals.

Aldursforseti (SvÓ): Við þingsetningu hverju sinni og áður en þingstörf hefjast þykir hlýða að geta látinna þingmanna frá næstu þingsetningu á undan.

Nú hefir svo til borið frá því síðasta þingi lauk, að til grafar er genginn einn af fyrrverandi alþingismönnum, Björn Jóhannesson Líndal, lögmaður og bóndi á Svalbarði. Hann lézt 14. des. næstl., aðeins rösklega 55 ára að aldri, og má því segja, að hann væri til brottfarar kvaddur á þroskaskeiði æfinnar.

Björn var fæddur á Sporði í Línakradal 5. júní 1876 og dvaldi þar og í nærsveitum með foreldrum sínum æskuárin, en réðist að heiman til náms um tvítugsaldur. Tók hann stúdentspróf frá Rvíkurskóla 1901, en lauk embættisprófi í lögum við Hafnarháskóla 1907.

Að loknu prófi leitaði hann heim af nýju, fluttist til Akureyrar og hóf þar málafærslustörf, sem hann öðrum þræði sinnti um 11 ár. Hann var um eitt skeið ritstjóri „Norðra“ á Akureyri og 1908 var hann settur aukalögreglustjóri á Siglufirði; en samhliða fyrrnefndum störfum hafði hann ýms búnaðar- og atvinnufyrirtæki með höndum, enda var hann alla æfi meðal áhrifamestu athafnamanna.

1918 keypti Björn höfuðbólið Svalbarð á Svalbarðsströnd og settist þar að búi, sem hann síðan rak þar til æfiloka með miklum skörungsskap.

Ýms trúnaðarstörf hafði Björn á hendi í þarfir sveitar og sýslu hin síðari æfiár, og 1928 var hann skipaður í útflutningsnefnd Síldareinkasölunnar.

1923 var Björn Líndal kosinn þingmaður Akureyrar og sat á þingunum 1924—27.

Hér er ekki staður eða tími til að meta eða vega störf Bjarnar í þarfir lands og þjóðar, en tvímælalaust var hann sakir hæfileika, áhuga og atorku, í mörgum efnum brautryðjandi samtíðar sinnar.

Vænti ég, að hv. þm. votti minningu þessa látna bróður virðingu með því að rísa úr sætum.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum].

Að þessu loknu lýsti aldursforseti yfir því, að þar sem nokkrir þingmenn væru ókomnir til þings, yrði störfum þessa fundar frestað til næsta dags, kl. 1 miðdegis.

Þriðjudaginn 16. febr., kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið. Voru þá komnir þeir átta þm., sem ókomnir voru við þingsetningu, og voru þm. allir á fundi.

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jón Auðun Jónsson, þm. N.-Ísf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., og lét síðan ganga til kosninga um forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,
með 23 atkv. — Jón Þorláksson fékk 15 atkv., Jón Baldvinsson 3. atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórninni og lét fyrst fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.,
með 23 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 8 atkv., Magnús Torfason 1 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Bárust forseta 2 listar, með einu nafni á hvorum. Á öðrum listanum, er forseti merkti A, var Ingólfur Bjarnarson, en á hinum, merktum B, var Jón Auðunn Jónsson. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og
Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Voru á A-lista SvÓ, GÓ, BJ, en á B-lista MG, PM. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Bergur Jónsson,
Pétur Magnússon.

Utanríkismálanefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 23. febr., var tekin til meðferðar:

Kosning utanríkismálanefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, er hann merkti A og B. Á A-lista voru ÁÁ, MT, BÁ, JónasÞ, en á B-lista JónÞ, ÓTh, EA. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ásgeir Ásgeirsson,
Jón Þorláksson,
Magnús Torfason,
Bjarni Ásgeirsson,
Ólafur Thors,
Einar Arnórsson,
Jónas Þorbergsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir.

1. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
6. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
7. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Elzti maður deildarinnar, Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og Pétur Magnúson, 4. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., með 7 atkv. — Halldór Steinsson fékk 6 atkv., en einn seðill var auður.

Hinn nýkjörni forseti tók nú við fundarstjórninni og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., með 7 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Því næst var gengið til kosningar um annan varaforseta. Kosningu hlaut

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., með 7 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar. Á öðrum, A-lista, var Jón Jónsson, en á hinum, B-lista, Pétur Magnússon. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og
Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

Sætaskipun.

Fram kom till. um að láta haldast sætaskipun þá, er verið hafði á síðasta þingi. Leita þurfti afbrigða frá þingsköpum til þess, að sú till. yrði borin undir atkv. Afbrigðin voru felld með 4 : 7 atkv., og var því hlutað um sætin. Úrslit sætahlutunarinnar urðu þessi:

4. sæti hlaut Jón Baldvinsson,
5. — — Magnús Torfason,
6. — — Páll Hermannsson,
7. — — Ingvar Pálmason,
8. — — Halldór Steinsson,
9. — — Einar Árnason,
10. — — Guðrún Lárusdóttir,
12. — — Bjarni Snæbjörnsson,
13. — — Jón Þorláksson,
14. — — Jakob Möller.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir

fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ingvar Pálmason, Einar Árnason, } Af A-lista.
Jón Þorláksson. Af B-lista.

2. Fjárveitinganefnd.

Jón Jónsson, Páll Hermannsson, Einar Árnason, } Af A-lista.
Bjarni Snæbjörnsson, Halldór Steinsson, } Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson, } Af A-lista.
Halldór Steinsson. Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Páll Hermannsson, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Pétur Magnússon. Af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Ingvar Pálmason, Einar Árnason, } Af A-lista.
Jakob Möller. Af B-lista.

6. Menntamálanefnd.

Jón Jónsson, Páll Hermannsson, } Af A-lista.
Guðrún Lárusdóttir. Af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Einar Árnason, Jón Jónsson, } Af A-lista.
Pétur Magnússon. Af B-lista.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
6. Einar Arnórsson, 2. þm. Reykv.
7. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
8. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
9. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
10. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
11. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
12. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
13. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
14. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
15. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
16. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
17. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
18. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
19. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
23. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
24. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi.

Elzti maður deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M. tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., með 16 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 7 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.,

með 15 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosningar um annan varaforseta, og hlaut kosningu

Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.,

með 14 atkv. — Bernharð Stefánsson fékk 2 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var BSt, en á B-lista MJ. Lýsti forseti því rétt kjörna skrifara deildarinnar án atkvgr.:

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Að lokum var hlutað um sæti deildarmanna, og gat forseti þess, að úrslit þess hlutkestis yrðu birt síðar.

Á 3. fundi deildarinnar, 17. febr., skýrði forseti frá, að þessi hefðu orðið úrslit sætahlutunar á 1. fundi:

5. sæti hlaut Ólafur Thors,
6. — — Héðinn Valdimarsson,
7. — — Vilmundur Jónsson,
8. — — Haraldur Guðmundsson,
9. — — Steingrímur Steinþórsson,
10. — — Bergur Jónsson,
11. — — Sveinbjörn Högnason,
12. — — Jónas Þorbergsson,
13. — — Einar Arnórsson,

15. sæti hlaut Guðbrandur Ísberg.
16. — — Sveinn Ólafsson,
17. — — Lárus Helgason,
18. — — Halldór Stefánsson,
19. — — Björn Kristjánsson,
20. — — Bjarni Ásgeirsson,
21. — — Jón Auðunn Jónsson,
22. — — Pétur Ottesen,
23. — — Hannes Jónsson,
24. — — Þorleifur Jónsson,
25. — — Ingólfur Bjarnarson,
26. — — Jón Ólafsson,
27. — — Magnús Guðmundsson,
28. — — Jóhann Jósefsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu. Við kosningu hverrar nefndar komu fram 2 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Halldór Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson — Af A-lista.
Ólafur Thors, Magnús Jónsson — Af B-lista.

2. Fjárveitinganefnd.

Ingólfur Bjarnarson, Hannes Jónsson, Lárus Helgason, Björn Kristjánsson, Jónas Þorbergsson — Af A-lista.
Pétur Ottesen, Magnús Guðmundsson — Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Sveinn Ólafsson, Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason — Af A-lista.
Jón Auðunn Jónsson, Jóhann Jósefsson — Af B-lista.

4. Landbúnaðarnefnd.

Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Þorleifur Jónsson — Af A-lista.
Magnús Guðmundsson, Pétur Ottesen — Af B-lista.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Sveinn Ólafsson, Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson — Af A-lista.
Jóhann Jósefsson, Guðbrandur Ísberg — Af B-lista.

6. Menntamálanefnd.

Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson, Sveinbjörn Högnason — Af A-lista.
Guðbrandur Ísberg, Einar Arnórsson — Af B-lista.

7. Allsherjarnefnd.

Bergur Jónsson, Þorleifur Jónsson, Sveinbjörn Högnason — Af A-lista.
Einar Arnórsson, Jón Ólafsson — Af B-lista.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1933.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., þá er lesin hafði verið af forsetastóli dagskrá næsta fundar, mælti

forseti (JörB): Ég skal láta þess getið, að í ráði er, að útvarpað verði ræðu hæstv. fjármálaráðherra við 1. umr. fjárlagafrv., og af hálfu annara þingflokka hálftíma ræðu, ef þeir óska þess, enda hefir hæstv. fjmrh. þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu, sbr. 1. gr. reglugerðar um útvarp frá Alþingi.

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. forseti, hv. þingdeild!

Um leið og ég nú legg fyrir Alþingi frv. til fjárlaga fyrir árið 1933, mun ég svo sem venja er til gefa skýrslu um hag ríkissjóðs á síðastl. ári. Innborgunum og útborgunum fyrir árið 1931 er ekki að fullu lokið ennþá, en þó hygg ég, að skýrsla mín fari nær um hina endanlegu niðurstöðu en áður var títt, vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á bókhaldi og innheimtum. Það mun engum koma á óvart, að afkoma ríkisins hefir á síðasta ári verið bág, eins og raunar allra atvinnufyrirtækja landsins á þessu mesta kreppuári, sem yfir hefir skollið á friðartímum. Verðlag afurðanna er undirstaða afkomunnar, og er öllum kunnugt um verðhrun síðasta árs.

Skýrsla mín er þá sem hér segir:

Innborganir:	Áætlun	Reikningur	Tekjur	Eignahreyfingar
2. fjárlagagr.:				
1. Fasteignaskattur	260000	284121	284121	
2. Tekju- og eignarskattur	1200000	1440934	1440934	
3. Lestagjald	40000	52109	52109	
4. Aukatekjur	475000	584235	584235	
5. Erfðafjárskattur	30000	58534	58534	
6. Vitagjald	350000	478715	478715	
7. Leyfisbréfagjöld	10000	29660	29660	
8. Stimpilgjöld	360000	440500	440500	
9. Skólagjöld	20000	15275	15275	
10. Bifreiðaskattur	70000	138215	138215	
11. Útflutningsgjald	1100000	690500	690500	
12. Áfengistollur	425000	577075	577075	
13. Tóbakstollur	1025000	1502000	1502000	
14. Kaffi- og sykurtollur	850000	1086530	1086530	
15. Annað aðflutningsgjald	200000	225625	225625	
16. Vörutollur	1500000	1428814	1428814	
17. Verðtollur	1760000	1539100	1539100	
18. Gjald af sætinda- og brjóstsykursgerð	50000	140000	140000	
19. Pósttekjur	500000	713800	713800	

Innborganir:	Áætlun	Reikningur	Tekjur	Eignahreyfingar
20. Símatekjur	1600000	1750000	1750000	
21. Útvarpstekjur	100000	105000	105000	
22. Víneinkasala	575000	750000	750000	
3. fjárlagagr.:				
1. Eftirgjald eftir jarðeignir	30000	30000		
2. Tekjur af kirkjum	100			
3. Tekjur af silfurbergi	1000			
4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar	3500	3300	3300	
4. fjárlagagr.:				
1. Tekjur af bönkum	10000			
2. Vextir af bankavaxtabréf., l. nr.14 1909	20000	21175	21175	
3. Væntanl. útdr. af þeim bréfum	24000	48000		48000
Útdr. jarðræktarbréf		65000		65000
4. Vextir af innstæðu í bönkum	8000	7500	7500	
5. Aðrir vextir	50000	260000	260000	
5. fjárlagagr.:				
1. Óvissar tekjur	50000	50000	50000	
2. Endurgr. fyrirframgreiðslur	10000	10000	10000	
3. Endurgr. lán og andvirði seldra eigna	20000	120000		120000
4. Tekjur Menningarsjóðs	15000	15000	15000	
5. Skemmtanaskattur	75000	75000	75000	
Kr.	12816600	14735717	14502717	233000

Útborganir:	Fjárveit.	Reikningur	Gjöld	Eignahreyfingar
7. fjárlagagr.: Greiðslur af lánum:				
1. Vextir	514991	1100000	1100000	
2. Afborganir	658147	773225		773225
3. Framlag til Landsbankans	100000	100000		100000
8. fjárlagagr. Borðfé konungs	60000	73711	73711	
9. fjárlagagr. Alþingiskostnaður	229200	280500	280500	
10. fjárlagagr.:				
1. Ráðuneytin, ríkisféhirðir o. fl.	219300	299825	299825	
2. Hagstofan	59000	59325	59325	
3. Utanríkismál o. fl.	109000	102772	102772	
11. fjárlagagr.				
A. Dómgæzla og lögreglustjórn	833600	1220000	1220000	
B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur	186000	350000	350000	
12. fjárlagagr. Til læknask. og heilbrigðismála	585515	570000	570000	
13. fjárlagagr.:				
A. Póstmál	527300	653000	653000	
B. Vegamál	1012030	1529051	1475015	54000
C. Samgöngur á sjó	375200	588329	588329	
D. Vitamál og hafnargerðir	407500	511391	391391	120000
E. Flugferðir	70000	70000	70000	
F. Hraðskeyta- og talsímasamband	1628000	1767000	1627000	140000
G. Útvarp	281000	328467	204467	124000
14. fjárlagagr.:				
A. Andlega stéttin	301450	375000	360000	15000
B. Kennslumál	1314925	1521300	1521300	
15. fjárlagagr.: Vísindi, bókm. og listir	291910	300810	300810	
16. fjárlagagr.: Verkleg fyrirtæki	1694110	1795600	1795600	

Útborganir:	Fjárveit.	Reikningur	Gjöld	Eignahreyfingar
17. fjárlagagr.: Alm. styrktarstarfsemi	997350	959425	959425	
18. fjárlagagr.: Eftirlaun og styrktarfé	253216	240000	240000	
19. fjárlagagr.: Óviss útgjöld	100000	215340	215340	
20. fjárlagagr.: Lögboðnar fyrirframgr.	10000	44400	34400	10000
22. fjárlagagr.: Heimildir		352500	268270	84230
24. fjárlagagr.: Greiðslur samkv. lögum		991000	695500	296000
	Kr. 12821744	17172443	15455988	1716455

Eins og yfirlitið sýnir, hafa innborganir orðið kr. 14735717,00, en þar af eru kr. 233000,00 teknar af eignum, svo tekjurnar eru rétt taldar um 14,5 millj. kr., en áætlun var 12,8 millj. Bæði verðtollur og vörutollur hafa þó farið niður úr áætlun, enda dró stórlega úr innflutningi á árinu frá því, sem áður var. Það mun vekja athygli, að útflutningsgjald, sem var áætlað kr. 1,1 millj., hefir komizt niður í kr. 690 þús. Stafar það sumpart af hinni geysilegu verðlækkun útflutningsafurða og sumpart af því, að síldartollur að upphæð kr. 230000,00 er enn ógreiddur og því ekki talinn til tekna, enda meira en vafasamt um innheimtuna.

Útborganir hafa orðið kr. 17172443,00, en þar af hafa kr. 1716455,00 gengið til afborgana og eignaaukningar, og eru því eiginleg gjöld ársins um 15,5 millj. kr. Raunverulegur tekjuhalli hefir því orðið um ein millj. króna, en mismunur inn- og útborgana tæplega 2,5 millj. kr.

Rétt þykir að gera nánari grein fyrir því, í hverju eignahreyfingin og umframgreiðslur ársins eru fólgnar.

Eignahreyfingar eru þessar:

7. fjárlagagr.:		
Afborganir innlendra lána	166767	
— danskra lána	435737	
— enskra lána	170721	
		773225
Framlag til Landsbankans		100000
13. fjárlagagr.:		
B. Byggingar í Bakkaseli og Fornahvammi	54000	
D. Vitabyggingar og vitavarðabústaðir	120000	
F. Nýjar símalínur	104000	
G. Afborgun útvarpsláns	124000	
		402000
14. fjárlagagr.:		
A. Byggingar á prestssetrum		15000
20. fjárlagagr.: Skyndilán til embættismanna		10000
22. fjárlagagr.: Byggingarkostnaður Reykjahælis		84230
24. fjárlagagr.: Greiðslur samkv. lögum:		
Póst- og símahús á Selfossi	6470	
Fjósbygging á Kleppi	26849	
Eftirstöðvar vegna byggingar hlöðu á Hvanneyri	5330	
—— — —— Nýja-Klepps	1190	
—— — —— Arnarhváls	12541	
—— — —— Landsspítala	5000	
Bygging útihúsa á Hólum	20045	
Lán til Flóaáveitunnar	5000	
— — Samvinnufélags Ísfirðinga	27260	
Framlag til síldarverksmiðju	131825	
Lán til presta	15000	
Eftirstöðvar vegna byggingar útvarpsstöðvar	39364	
	126	
		296000
	Samtals kr.	1716455

Þar frá dregst:		
Útdráttur verðbréfa	113000	
Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	120000	
		233000
Eignaaukning á árinu nemur því		kr. 1483455
Greiðslur umfram áætlanir og fjárveitingar og samkv. heimildum í fjárlögum hafa verið þessar:		
7. fjárlagagr.: Vextir	585000	
Afborganir	115000	
		700000
9. fjárlagagr.: Alþingiskostnaður		60700
10. fjárlagagr.: Stjórnarráðið		80525
11. fjárlagagr.:		
A. 5. Skrifstofukostnaður tollstjóra	26000	
9. Landhelgisgæzlan	200000	
13. Sakamálskostnaður, löggæzla og tollgæzla	113000	
15. Vinnuhælið á Litla-hrauni	47000	
		386000
B. 1. Frímerkja- og símakostnaður	60000	
4. Fasteignamat	55000	
5. Eyðublöð og prentunarkostnaður	32000	
Ýmislegt	17000	
		164000
13. fjárlagagr.		
A. Póstmál	126700	
B. Vegamál	517000	
C. Samgöngur á sjó	213000	
D. Vitamál	104000	
F. Síminn	139000	
G. Útvarpið	37500	
		1137200
14. fjárlagagr.:		
A. Kirkjumál	73500	
B. Kennslumál	206500	
		280000
15. fjárlagagr.: Vísindi, bókmenntir og listir		9000
16. fjárlagagr.: Verkleg fyrirtæki		101500
19. fjárlagagr.: Óviss útgjöld	115300	
20. fjárlagagr.: Lögb. fyrirframgreiðslur	34400	
22. fjárlagagr.: Heimildir:		
I. Styrkur til Eimskipafélagsins	85000	
III. — — osta- og smjörbúa	75000	
V. Kaup á snjóbílum	81500	
XI. Reykjahælið, byggingar- og rekstrarkostnaður	111000	
		352500
24. fjárlagagr.:		
Fjáraukalög, sem lögð verða fyrir þetta þing	215000	
Eignahreyfingar	296000	
Útflutningur á ísuðum fiski	76000	
(verður endurgreitt)		
Gagnfræðaskólar, rekstrarkostnaður	45000	
Héraðsskólar, rekstrarkostnaður	82000	
Gróðrarstöð á Hólum	28700	

Vestmannaeyjahöfn	57800	
Tollmerking	25000	
Flóaáveitan (vegir)	18000	
Friðun Þingvalla	13500	
Skiptimynt	18500	
Verkamannabústaðir (1930)	28500	
Ýmislegt	87000	
		991000
		4412625

Þetta yfirlit sýnir, að umframgreiðslurnar stafa að miklu leyti af hækkun vaxta, aukinni tollgæzlu og landhelgisgæzlu, auknum strandferðum, vegaviðhaldi og greiðslum samkv. heimildum og sérstökum lögum, sem ekki eru teknar upp í fjárlög eða taldar þar með í samlagningu útgjalda.

Í árslok 1930 voru skuldir ríkissjóðs sem hér segir:

I. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna þarfa ríkisrekstrarins og hvíla á ríkissjóði um greiðslu afborgana og vaxta ..... kr. 16433883,07
II. Skuldir, sem stofnaðar hafa verið vegna sjálfstæðra stofnana:
A. Skuldir, sem ætla má, að ríkissjóður verði að annast greiðslur af að einhverju eða öllu leyti ..... — 7500000,00
B. Skuldir, sem stofnanirnar sjálfar annast allar greiðslur af .. — 16097362,73

Samtals kr. 40031245,80

En um síðustu áramót voru skuldirnar því sem næst þessar:

I.	kr.	15590867,14
II. A	—	7500000,00
II. B	—	15874171,69
Samtals	kr.	38965038,83

Þó er hér ótalin ábyrgð, sem féll á ríkissjóð undir áramót vegna h/f „Kára", kr. 187486,50, og er rétt að bæta þeirri fjárhæð við hinar eiginlegu ríkisskuldir, rómv. lið I, þar sem örvænt er um, að nokkuð hafist upp úr veðinu. Ný lán hafa engin verið tekin á árinu nema £10000 rekstrarlánsheimild vegna tóbakseinkasölu hjá Midland Bank. Kemur því sjóður um áramót til að minnka um það, sem nemur greiðsluhalla, mismun inn- og útborgana, að viðbættum kr. 100000 viðbótarláni til Búnaðarbankans og kr. 200000 endurgreiðslu til landhelgissjóðs, eða samtals um ca. kr. 2800000.

Þá mun ég víkja að frv. til fjárlaga fyrir 1933, því sem nú er lagt fyrir hv. Alþingi.

Tekjuáætlunin er miðuð við undanfarna reynslu, og þó víðast haldið fyrir neðan tekjur síðasta árs og sumstaðar að verulegum mun. Er fyrirsjáanlegt, að yfirstandandi ár verður þungt í skauti og rýrt að tekjum fyrir ríkissjóð, þó eitthvað kynni að létta undir brún fyrir atvinnu- og viðskiptalífi, þegar á árið líður. En þess verður að vænta, ef vér nú erum staddir í öldudal kreppunnar, að næsta ár verði ekki öllu tekjuminna fyrir ríkissjóð en síðasta ár. Þá ætti að vera komið ekki skemmra upp í brekkuna en vér vorum á síðasta ári komnir niður eftir henni. Að sjálfsögðu er í tekjuáætluninni gert ráð fyrir framlengingu verðtolls og gengisviðauka, og um vöru- og verðtoll er gert ráð fyrir, að gjaldeyrisverzlunin verði komin í það horf, að ekki þurfi lengur að hefta frjáls viðskipti milli landa. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru skatta- og tollatekjur áætlaðar kr. 9785000, en í frv. kr. 9345000. Aðrar tekjur eru áætlaðar kr. 1861695, en í fjárlögum yfirstandandi árs kr. 1481348, og liggur hækkunin í því, að vextir af hluta Búnaðarbankans og Síldarverksmiðjunnar af enska láninu frá 1930 eru nú teknir upp í fjárlagafrv. tekju- og gjaldamegin.

Um gjöldin er það að segja, að reynt hefir verið að færa þær fjárveitingar, sem eru ólögbundnar, niður svo sem frekast er unnt, en eins og kunnugt er, þá er mikill hluti útgjaldanna bundinn af öðrum lögum og sjálfsblekking ein að

áætla það, sem bundið er, lægra en reynsla undanfarinna ára bendir til. Ólögbundnar fjárveitingar hafa yfirleitt verið færðar niður um 20% og ýmsar felldar alveg niður. Nemur sú lækkun, samanborið við gildandi fjárlög, alls kr. 728000. Þar af er lækkun á vegamálum kr. 90000 og á hafnargerðum kr. 76000. Þegar þess er gætt, hve mikill hluti fjárlagagreiðslna er lögbundinn, þá er hér um allmikinn niðurskurð að ræða. Þess er þó að vænta, að sumum þyki of skammt farið, en öðrum of langt, og væntanleg hörð viðureign við síðari umræður fjárlaganna frá þeim tveim sjónarmiðum. En meir mun ég hlusta á tillögur þeirra, sem benda á möguleika til aukins sparnaðar.

Dýrtíðaruppbót á laun embættismanna er í frv. áætluð 25%, en 40% í fjárlögum þessa árs. Nemur sá munur um kr. 190000. En leiðréttingar á áætlunarupphæðum um laun nema um kr. 100000, og bætast þar við kr. 25000 í dýrtíðaruppbót. Aðrar leiðréttingar á áætlunarupphæðum nema um 390000 kr. hækkun. En af því eru kr. 287000 auknar vaxtagreiðslur á móti þeim vaxtatekjum frá Búnaðarbanka og Síldarverksmiðju, sem áður var um getið. Hækkanir á áætlunarupphæðum eru því ekki miklar, þegar litið er til reynslu undanfarinna ára, enda voru á síðasta þingi gerðar stórfelldar leiðréttingar í því efni fyrir tilstilli fyrrv. fjármálaráðherra og fjárveitinganefnda. Er það til stórra bóta, enda eru réttar áætlanir um lögbundnar og óhjákvæmilegar greiðslur skilyrði fyrir réttlátum dómum um niðurstöðu landsreikninganna á sínum tíma.

Aukning útgjalda vegna laga frá síðasta þingi er kr. 84 þús. vegna embættiskostnaðar presta og húsbygginga á prestssetrum og kr. 137000 vegna aukins tillags til bygginga verkamannabústaða og hluta þeirra af ágóða tóbakseinkasölunnar. Þá er rétt að nefna, að lækkun á dýrtíðaruppbót póst- og símamanna nemur kr. 45000, en sú lækkun kemur ekki fram í gjaldahlið fjárlaganna vegna breytinga síðasta þings á formi þeirra, og einnig, að byggingar nýrra vita, 65000 kr., hafa verið fluttar af 13. gr. á 20. gr. eignahreyfingar.

Samanburður á frv. og núgildandi fjárlögum lítur því þannig út:

Lækkun á ólögbundnum greiðslum og dýrtíðaruppbót		kr. 918000
Þar frá dregst:		
Leiðréttingar á áætlunarupphæðum og launagreiðslum	515000	
Hækkun á tillagi til byggingarsjóðs verkamanna	137000	
Embættiskostn. presta og byggingar á prestssetrum	84000	
		— 736000
	Mismunur	kr. 182000

en þar frá ber þó að draga, til að fá réttan samanburð, kr. 65 þús. til nýrra vita, sem flutt er á eignahreyfingar.

Eins og tekjur og gjöld eru áætluð í frv. til fjárlaga fyrir 1933 verður tekjuafgangur á rekstrarreikningi kr. 863221, 35 og hagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti, eða sjóðsaukning, sem nemur kr. 45741,87.

Ég hefi gert ráð fyrir, að heldur verði farið að létta undir fót á næsta ári, og má m. a. færa þá ástæðu til, sem nú heyrist víða um lönd, að ekki geti versnað frá því, sem nú er, og sé þá batinn í nánd. En um þetta má lengi deila, og verður ekkert sagt með vissu fyrr en haustar og ljóst er orðið um verðlag útfluttra afurða þessa árs. Afkoma atvinnuveganna á undanförnu ári hefir jafnan hin mestu áhrif á hag ríkissjóðs á næstkomandi ári hér á landi. Það verður rennt blint í sjóinn um ýmsar áætlanir meðan svo er, að fjárlög séu undirbúin ári áður en þau eiga að koma í gildi og afgreiðast áður en nokkur merki sjást um afkomu líðandi árs og horfur á því ári, sem þau eiga að gilda fyrir. Ég minnist þess fyrsta þings, er ég átti sæti á, 1924. Þá voru kreppufjárlög samin fyrir góðæri. En um síðastl. þing má segja, að þá voru fjárlög fyrir gott meðalár afgreidd fyrir yfirstandandi hallæri. Hinir snöggu kippir milli mikils tekjuafgangs og tekjuhalla eru óhollir. Fjárlög eiga að vera í samræmi við árferði og þá getu, sem geymd er milli

ára. En til þess að svo geti orðið, þarf að flytja þinghald aftur á síðasta hluta árs, og er það betra en að breyta fjárhagsárinu. Ef þing væri háð hina þrjá síðustu mánuði ársins og fjárlög kæmu í gildi þegar að þingi loknu, þá væri bezt tryggð afgreiðsla þeirra í þeim anda, sem svaraði til afkomu ríkissjóðs á því ári, sem þau eru sett fyrir. Þessa breytingu ætti að gera svo fljótt sem við verður komið. Þá má gera tekjuáætlun eftir þeim merkjum, sem sjást á lofti, og ef gjöld eru áætluð eftir því, sem reynsla bendir til, er öruggt, að slík breyting skapar meiri virðingu fyrir fjárlögum og fastheldni við ákvarðanir Alþingis en tíðkazt hefir síðan ófriðurinn mikli og afleiðingar hans trufluðu hina fornu festu. Fjárveitingavald Alþingis er einn af hornsteinum stjórnskipulags vors.

Það kemur nú í koll, að fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru afgreidd á síðasta sumri áður en fullljóst var orðið, hvílíkt verðhrun og stórtöp myndu steðja að þjóðinni. Á fyrri hluta síðasta árs gekk bjartsýnisalda um flest lönd og hugðu menn, að kreppunni, sem víðast hófst seint á árinu 1929, myndi nú létta og betri tímar vera í aðsigi. Þessarar bjartsýni gætti og í íslenzkri útgerð og atvinnulífi yfirleitt, og af ríkisins hálfu var ráðizt í ýmsar framkvæmdir, sem hefðu verið látnir bíða, ef afkoma ársins hefði verið fyrirsjáanleg. Erlendis syrti fyrst að til muna, er komið var fram á sumar, og keyrði um þvert bak, er leið fram á haustið. Hér var því allmikið fjör í atvinnuvegum og verzlun fram eftir árinu og töpin því stórfelldari, þegar til afurðasölunnar kom. Sölutregðan og verðfall afurðanna er kunnara en frá þurfi að segja, og verðfall gjaldeyrisins hjálpaði ekki í þessu efni nema frá algerðu hruni, vegna áframhaldandi lækkunar á gullverði framleiðslu og afurða um allan heim.

En Ísland er ekki eitt um erfiðleikana. Kreppan spennir greipar sínar um heim allan. Hvarvetna hafa gerzt ill tíðindi á þessum vetri. Hver fréttin hefir rekið aðra um verðfall afurða og gjaldaura, tekjuhalla fjárlaga, skort á erlendum gjaldeyri, greiðslustöðvanir, bankahrun og illvíga viðskiptabaráttu milli þjóða. Hin næsta orsök þessara ótíðinda er verðfall afurða og framleiðsluvara, en um rót bölsins ber ekki öllum saman. Þó vex þeirri skoðun stöðugt fylgi, að meginorsakir þessa ófremdarástands séu skaðabótagreiðslur og ófriðarskuldir, sem enga rót eiga í eðlilegu atvinnu- og viðskiptalífi, og gullpólitík hinna fésterku þjóða, og að fulls bata sé ekki að vænta fyrr en alþjóðaráðstafanir séu gerðar um skuldaskiptin og gjaldeyrismálin. En þetta er of langt mál og flókið til að fara lengra út í að þessu sinni.

Einn höfuðatburður síðasta árs og skýrasti vottur þess ástands, sem nú er ríkjandi, var það, þegar England hvarf frá gullinnlausn 21. sept. síðastl. og sterlingspundið féll í verði. Áður hafði þurft Napoleonsstyrjaldir og heimsófrið til að hrófla við verðgildi sterlingspundsins, en nú féll það á friðartímum fyrir skorti á erlendum gjaldeyri og minnkandi tiltrú.

Sú ákvörðun var tekin af gengisnefnd, að láta íslenzku krónuna fylgja pundinu og skrá það framvegis með óbreyttu gengi, kr. 22,15, sem staðið hefir síðan um haustið 1925, og aðra erlenda gjaldaura eftir því. Sú ákvörðun mun nú vart orka tvímælis og þarf því engra varna við. Var og breytingin ekki eins stórvægileg fyrir oss eins og marga aðra, sem þó hafa fylgt pundsgenginu, þar sem vér ekki höfum haft gullinnlausn frá því í ófriðarbyrjun 1914. Má það að vísu teljast veikleiki að fylgja þannig hreyfingum erlends gjaldeyris án tillits til innanlands ástands. Erlent gengi ætti fyrst og fremst að miðast við meðalverð innanlands og taka þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru til að halda því stöðugu, og verður það í framtíðinni efalaust talin höfuðskylda seðlabankanna að stuðla að festu í verðlaginu og skapa þannig réttlæti í viðskiptum og festu í atvinnulífi. En það er hvorttveggja, að erfitt er á þessum tímum að stjórna þannig pappírsgjaldeyri, og eins hitt, að sterlingspundið er sá gjaldeyrir, sem ríkust áhrif hefir á vort eigið ástand og jafnframt hinn traustasti að miða við. England er nú leiðtogi margra landa í gjaldeyrismálum, og má vera, að nokkur hlunnindi geti stafað frá því að vera

í þeim hópi. Það er og líklegt, að ekki verði miklar breytingar á verðgildi pundsins. England er, eins og margir aðrir, búið að fá nóg af „deflation" að sinni. — En ólíklegt er, að sterlingspundið verði skjótlega stjórað aftur við gullið. Það fer allt eftir því, hvernig reiðir af alþjóðasamningum um gullmálin.

Vér höfum, eins og margar aðrar þjóðir, orðið að gera óvenjulegar ráðstafanir til varðveizlu á gjaldeyri og gengi. Verð útflutningsafurða er lágt og lánsmöguleikar mjög takmarkaðir. Sá erlendi gjaldeyrir, sem er til umráða, verður að hrökkva fyrir brýnustu þörfum, og annað, sem síður er nauðsynlegt, að mæta afgangi. Í þeim tilgangi hafa verið sett innflutningshöft og reglur um gjaldeyrisverzlunina. Það má að vísu segja, að hart sé að búa við slík höft á frjálsum viðskiptum. En hér er um enga stefnu að ræða, heldur ráðstafanir, sem knýjandi nauðsyn heimtar. Þó talið sé, að verzlunarjöfnuður síðasta árs hafi verið hagstæður, innfluttar vörur fyrir 43 millj. króna og útfluttar fyrir 45,5 millj. kr., þá er greiðslujöfnuðurinn við útlönd óhagstæður. Allt „hið ósýnilega" í viðskiptajöfnuðinum er okkur í óhag. Sést það bezt á aðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, sem hefir versnað stórum á síðasta ári.

Ég hefi orðað þá von, að heldur verði léttara undir fót þegar líður á árið. En ég spái engu góðu um afkomu ríkissjóðs. Það verður að neyta allra ráða til að draga úr útgjöldunum. Launagreiðslur hafa verið færðar niður, eitt strandvarnarskip og annað strandferðaskipið stöðvuð, og óhjákvæmilegt er að draga úr ýmsum þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru í fjárlögum. Aukin tekjuþörf er og brýn, og mun nánar vikið að þeim málum síðar, en svo verður að koma fyrir nýjum álögum, að þær á engan hátt íþyngi aðþrengdum atvinnuvegum, en um linun þeirra skatta, er þyngst hvíla á atvinnuvegunum, verður að fara eftir því, hvað nýjar tekjur eða breyttar horfur leyfa.

Alvara yfirstandandi tíma er mikil. Það búa í núverandi ástandi miklir möguleikar til úlfúðar og sundurlyndis. En því ríkari er þörfin á því, að flokkarnir skyggi ekki á þjóðina. Ég lýk máli mínu með þeirri ósk, að hið forna og virðulega þing beri gæfu til að leysa svo úr málum, sem bezt má verða fyrir þjóð vora og land.

Magnús Guðmundsson: Ég hafði búizt við því, áður en þessi skýrsla kom, að hún yrði nokkuð dapurleg. En ég verð að segja, að hún hefir orðið jafnvel ennþá dapurlegri en ég hafði búizt við.

Það má ráða af líkum, að ekki sé rétt að ræða slíka skýrslu eftir að hafa aðeins heyrt hana lesna upp, og ég held, að ég geri það ekki í þetta skipti, en það vil ég nú þegar taka fram, að ég áskil mér og þeim flokki, sem ég telst til, heimild til að fara nákvæmlega út í þetta mál við framhald 1. umr.

Héðinn Valdimarsson: Alþýðuflokkurinn mun ekki taka annan þátt í umr um þetta mál nú en þau fáu orð, sem ég læt nú falla. Við höfum ekki fengið að vita, að almennar umr. ættu að fara fram um frv. nú og höfum því ekki haft tíma til að búa okkur undir umr. eftir að hafa nú aðeins heyrt ræðu hæstv. fjmrh.

Myndir þær, sem hann málaði hér, voru að vísu ekki glæsilegar, en flestir munu þó sammála um það, að ástandið er enn dekkra en hann hefir hér sýnt.

Ráð þau, er hann kom með gegn því fjármálaástandi, sem hér ríkir nú, voru fá og óglögg, og víst er um það, að ef eitthvað á að ráða fram úr, þá verður að ganga hér skörulegar að verki. Við munum taka upp þetta mál við framhald 1. umr. og koma þá með aðfinnslur við fjármálaræðuna og fjármálastjórn landsins og ríkisstj. eins og venja er til við eldhúsdagsumr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi það eitt að segja, að ég tek undir þá yfirlýsingu fulltrúa flokkanna, að ekki sé heppilegt að færa eldhúsdag yfir á þennan dag, heldur láta hann bíða síns tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 2. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Ég vil geta þess, að útvarpað verður framhaldi 1. umr. um fjárlagafrv. næstk. mánudag kl. 5—7 og 9—12 að kvöldi. Ég vil biðja þingmenn að mæta stundvíslega, svo að fundur geti byrjað á tilsettum tíma og umr. hafizt.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Við fyrri hluta þessarar umr. gat ég þess, að mér þætti skýrsla hæstv. fjmrh. um afkomu ríkisssjóðs 1931 mjög dapurleg. Síðan hann gaf þá skýrslu hefi ég haft tækifæri til bæði að athuga þessa skýrslu betur og skoða niður í kjölinn áætlun hæstv. stjórnar um tekjur og gjöld 1933, og verð ég að gera þá játningu, að dapurleikinn yfir hag og framtíðarafkomu ríkissjóðs hefir ekki minnkað í huga mínum við þessa nánari athugun. Mér virðist útlitið ákaflega skuggalegt og mér sýnist allt benda til þess, að hæstv. stjórn hafi ekki nægan skilning á, hversu svart er framundan. Þessa ályktun dreg ég af hinni ægilegu fjáreyðslu hennar undanfarið, af áætlunum hennar fyrir árið 1933 og af hinum mikla fjölda nýrra skattafrumvarpa, sem komið hefir frá henni og hennar liðsmönnum á þessu þingi. Ég hefi ekki kastað tölu á þessi frv., en ég man, að ekki færri en 7 af þeim voru fyrir nokkru á dagskrá einn og sama daginn.

Í þessu sambandi get ég ekki látið vera að minna á, að á fyrsta þinginu (1928), sem núverandi stjórnarflokkur réð lögum og lofum hér á þingi, voru skattar hækkaðir svo, að nam 1½ millj. kr. á ári. Þá var góðæri, og ég man ekki til þess, að síðan hafi neinir skattar verið lækkaðir. Nú er hin mesta kreppa, en samt vill hæstv. stjórn og hennar flokkur hækka skatta enn stórlega. Nú spyr ég: Hvar lendir, ef alltaf á að hækka skatta, hvort sem vel árar eða illa? Hver getur ímyndað sér, að framleiðsla landsins þoli stöðugt auknar álögur? Með sama áframhaldi og verið hefir verða skattþegnarnir þrælar stórskuldugs ríkissjóðs, en ekki frjálsir menn í frjálsu landi.

Ég hefi orðið þess var, að blöð stjórnarinnar hafa nú að undanförnu minnzt á það, að árið 1924, þegar andstöðuflokkur núv. stjórnar tók við völdum, hafi skattarnir verið hækkaðir, þó að þá væri ekki gott í ári. Þess vegna hljóti okkur nú að þykja eðlilegt að hækka skattana. En náttúrlega geta stjórnarblöðin þess ekki, að 1926, þegar afkoma atvinnuveganna versnaði, var slakað verulega til á sköttunum, enda voru hinar auknu tekjur, sem af sköttunum leiddu, notaðar til að létta skuldabyrgðina á ríkissjóði. Í þessu kemur fram í stórum dráttum stefna Sjálfstæðisflokksins í fjármálum ríkisins. Flokkurinn játar og viðurkennir nauðsyn þess að leggja á landsmenn byrðar til þess að tryggja afkomu ríkissjóðs, **ef ekki er eytt úr hófi fram.** Hinsvegar neitar flokkurinn því afdráttarlaust að vinna að því að útvega tekjur til óhóflegrar eyðslu. Flokkurinn telur það bein svik við kjósendur sína, sem eru nærri helmingur allra kjósenda landsins, að stuðla að því, að fram úr hófi eyðslusöm stjórn hafi jafnan nægilegt fé til að ausa út, hvernig sem fer um hag landsmanna. Hæstv. stjórn getur því alls ekki búizt við því, að auknir skattar verði samþ. nú með atkvæðum sjálfstæðismanna, nema fullar tryggingar komi fyrir því, að skipt verði um í meðferð fjár ríkisins, og slík trygging næst ekki nema skipt verði um menn í stjórninni, a. m. k. að einhverju leyti.

Ég finn það vel, að í því, sem ég hefi sagt, liggur harður áfellisdómur um fjármeðferð hæstv. stj., og ég tel mér skylt að rökstyðja þetta. Ég mun gera það í eins stuttu máli og ég tel mér fært og mun ég sleppa öllum köpuryrðum, en láta tölur tala eins skýrt og rétt og mér er auðið.

Fyrst mun ég athuga fjárnotkun stj. undanfarin 4 ár, og styðst ég þar við fjárlög og landsreikninga árin 1928, 1929 og 1930, en við skýrslu hæstv. fjmrh. að því er snertir árið 1931. Síðan mun ég athuga nokkuð, hvað hæstv. stj. ætlast fyrir um fjárnotkun 1932 og 1933.

Samkvæmt fjárlögum hafa tekjur rík-

issjóðs verið áætlaðar af þinginu þannig, talið í hundruðum þúsunda:

1928	kr. 10,5	millj.
1929	— 10,9	—
1930	— 11,9	—
1931	— 12,8	—
Alls	kr. 46,1	millj.

en tekjurnar reyndust:

1928	kr. 14,3	millj.
1929	— 16,3	—
1930	— 17,2	—
1931	— 14,7	—
	kr. 62,5	millj.

Tekjurnar þessi ár hafa því reynzt 16,4 millj. meiri en þingið áætlaði.

Þá er að líta á gjöldin. Þau voru áætluð:

1928	kr. 10,5	millj.
1929	— 10,8	—
1930	— 11,9	—
1931	— 12,8	—
Alls	kr. 46,0	millj.

en urðu:

1928	kr. 13,3	millj.
1929	— 17,0	—
1930	— 21,8	—
1931	— 17,2	—
Alls	kr. 69,3	millj.

Gjöldin þessi ár hafa því reynzt 23,3 millj. kr. meiri en þingið hafði áætlað.

Aðalniðurstöðurnar eru þá þær, að þessi 4 ár hafa tekjurnar farið 16,4 millj. kr. fram úr áætlun þingsins, en gjöldin 23,3 millj. kr.

En stj. hefir haft miklu meira fé úr að spila þessi ár en tekjur ríkissjóðs. Hún hefir líka tekið stórfelldari lán en nokkru sinni hefir þekkzt hér á landi.

Lánin, sem hún hefir tekið, eru þessi:

Hjá Hambros banka ..	kr.	11961000,00
— sama (víxillán) ..	—	1550500,00
— Marconifélaginu .	—	620200,00
— L. M. Ericsson ...	—	950500,00
— Ýmsum	ca. —	200000,00
	kr.	15282200,00

Þessi 4 ár hefir stj. því haft til ráðstöfunar:

Tekjur	kr. 62,5	millj.
Lán	— 15,3	—
	kr. 77,8	millj.

Allt þetta fé hefir verið notað þessi 4 ár, — **ekkert** er eftir, og telst mér svo til, að til jafnaðar hafi verið greiddar um 53000 kr. á hverjum einasta degi þessi ár, að meðtöldum öllum helgidögum. Þetta svarar til um 50 au. á dag af hverju mannsbarni í landinu, og geri ég ráð fyrir, að fleirum muni ofbjóða þetta en mér.

Skylt er þó að geta þess, að sumt af þessu fé hefir verið afhent bönkunum, og telst mér svo til, að sú fjárhæð nemi um 8 millj. kr. Þá ber og að taka það fram, að á þessum árum hafa verið keypt strandferðaskip og ýmsar opinberar byggingar verið reistar, svo sem síldarbræðslustöðin á Siglufirði, útvarpsstöð, landssímastöð hér í bænum, skrifstofubyggingin Arnarhváll, Landsspítalinn fullgerður o. fl. o. fl., og hafa til alls þessa farið 4—5 millj. kr. Það má deila um þörf og nytsemi sums af þessu, og mun ég koma að því nokkuð síðar, en að frádregnu því, sem hér hefir verið talið, hefir fé gengið til ríkisrekstrarins með tiltölulega litlum undantekningum.

Eins og af líkum ræður eftir því, sem tekið hefir verið fram, hefir vaxtabyrði ríkissjóðs aukizt stórum í tíð núverandi stj. Samkv. LR. 1927 námu vextir af ríkisskuldum það ár um 700000 kr., en samkv. fjárlfrv. 1933 nema þeir talsvert á 2. millj. kr., og svipað er að segja um afborganir.

Um fjáreyðsluna þessi undanfarin ár sker árið 1930 sig úr. Þá var eyðslan svo gífurleg, að það er nærri ótrúlegt. LR. fyrir það ár, sem nú liggur fyrir þinginu til samþykktar eða synjunar, er að upphæð tæplega 25,8 millj. kr. Þar frá má þó draga vegna aukinna greiðslu lausaskulda og vegna aukinna innstæðna um 4 millj. kr., svo að gjöldin verða tæplega 22 millj. kr., eins og ég tók fram áður. Þar við er þó rétt að bæta kostnaði af að reisa útvarpsstöð og landssímastöð, rúmlega 1½ millj. kr., því að þótt undarlegt sé frá að

segja, er þessi upphæð ekki talin á LR. Gjöldin 1930 eru því ekki minna en 23,4 millj. kr. og eru þau langhæstu, sem nokkru sinni hafa orðið. Hæst hafa þau orðið áður um 17 millj. kr., 1929, hjá sömu stjórn. Til samanburðar má geta þess, að gjöldin 1921, þegar dýrtíðin var sem mest, voru um 12 millj. kr., og þá ætlaði hæstv. forsrh., sem þá var ritstjóri Tímans, að rifna af vandlætingasemi yfir eyðslunni. Síðan hefir dýrtíðin minnkað stórkostlega, og samt eru gjöldin 1930 um það bil tvöfalt hærri en 1921.

Fjárausturinn undanfarið er mikið mein. Þeim, sem óhlutdrægt vilja líta á þetta mál, mun sýnast, að stj. hefði átt að nægja að fá til þarfa ríkissjóðsins á 4 árum yfir 16 millj. kr. meira en þingið áætlaði, svo að ekki hefði þurft að taka hin miklu lán. Sextán millj. kr. er mikil upphæð á okkar mælikvarða. Til samanburðar má geta þess, að allar jarðeignir og öll hús í öllum 23 sýslufélögum landsins eru eftir gildandi jarðamati metin á rúmlega 46 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs hafa því verið þessi 4 ár yfir 16 millj. kr. meiri en matsverð allra jarða og allra húsa í öllum sveitum og kauptúnum landsins. Það er í rauninni stórmerkilegt, að þjóðin skuli hafa lyft því Grettistaki að inna af hendi öll þessi gjöld. Þó má það kannske kallast enn merkilegra, að ekki einu sinni þetta nægði stj., heldur varð hún að taka yfir 15 millj. kr. lán á þessum sömu árum.

Jafnan þegar stj. er og hefir verið vítt fyrir eyðsluna, hefir hún haft eitt og aðeins eitt svar. Hún kveðst hafa framkvæmt svo mikið. Hún kveðst hafa brynjað þjóðina gegn erfiðleikum kreppunnar, svo að nú sé miklu léttara að lifa og komast yfir erfiðleika núverandi verðhækkunar. Þetta var eitt verulegasta atriðið í nýársboðskap hæstv. forsrh. til hinnar ísl. þjóðar í byrjun þessa yfirstandandi árs. Nú get ég skotið þessu til þeirra, sem mál mitt heyra. Ég bið þá hvern úm sig að stinga hendinni í sinn eigin barm og svara því, hvort þeim finnst hæstv. stj. hafa útvegað þeim þá brynju til kreppuvarna, sem stj. sjálf gumar af. Hver og einn getur svarað því fyrir sitt leyti, en ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég hefi ekki orðið brynjunnar var. Ég veit það að sönnu, að stj. hefir á undanförnum árum eytt millj. kr. í byggingar af ýmsu tagi. Ég veit, að hún hefir látið reisa símastöð hér í bænum fyrir nærri 2 millj. kr., ég veit, að hún hefir látið reisa síldarbræðslustöð á Siglufirði fyrir meira en 1½ millj. kr., ég veit, að hún hefir látið reisa útvarpsstöð fyrir um 700 þús. kr., ég veit, að hún hefir látið fullgera Landsspítalann og varið til þess um 1 millj. kr., ég veit, að hún hefir látið reisa hér mikla skrifstofubyggingu fyrir um 360 þús. kr., ég veit, að hún hefir keypt strandferðaskip fyrir um 250 þús. kr., ég veit, að hún hefir sett á stofn 14 nýja skóla — ef trúa má Tímanum, sem ég þó tel mjög vafasamt; en margir eru þeir, það veit ég, — ég veit, að hún hefir notað um 250 þús. kr. til vinnuhælisins á Litla-Hrauni, ég veit, að hún hefir notað yfir 130 þús. kr. til fjóss og hlöðu á Hvanneyri. — Já, í stuttu máli: Ég veit svo margt um fjárnotkun hæstv. stj., að mér mundi ekki endast sú klukkustund, sem ég nú hefi til umráða, til að telja það allt upp. Ég verð að taka það stærsta, en láta það minna liggja.

Eins og ég tók fram áður, læt ég hvern og einn um það að meta brynjugildi þessara bygginga í heild á yfirstandandi krepputímum, en ekki get ég þó látið vera að benda á:

að ekki greiðir strandferðaskipið úr kreppunni, því að ríkið hefir ekki ráð á að gera það út,

að ekki greiðir skrifstofuhöllin úr kreppunni, því að ríkissjóður verður að greiða miklu meira í húsaleigu fyrir skrifstofur í byggingu þessari en hann greiddi áður, og þó nægir húsaleigan ekki nema til að greiða vexti og kostnað af húsinu,

að ekki greiðir símastöðin úr kreppunni, því að þegar hún tekur til starfa, verður að hækka símagjöldin,

að ekki getur síldarbræðslustöðin á Siglufirði bætt úr kreppunni, nema þá fyrir tiltölulega fáa landsmenn, og svipað má segja um Hvanneyrarfjósið, letigarðinn og margt fleira.

Nei, það er svo langt frá, að stj. hafi brynjað landsmenn gegn kreppunni með því að eyða öllu, sem inn kom. Bezta

brynjan, eina brynjan, sem dugir gegn kreppunni, er safn þeirra hluta, sem þurrð verður á, er kreppa kemur. Þetta hefir verið viðurkennt alla tíð frá dögum Gamla testamentisins, alla tíð frá því að Jósef réð draum Faraós og safnaði korni í hlöður til mögru áranna. Eina kreppuráðstöfunin, sem dugir, er að safna því, sem þarf til að halda sér uppi í vondum árum, og það er nú á dögum einkum peningar, en alls ekki óarðberandi byggingar. Hugsum oss, að hæstv. stj. hefði geymt þó ekki væri nema fjórðungur eða fimmtungur þess fjár, sem hún fékk inn, auk þess sem áætlað var. Það væru 3—4 millj. kr. Hvílíkur aðstöðumunur við það, sem nú er, þegar svo er komið, að ríkissjóður á mjög erfitt með að standa í skilum með skyldugreiðslur sínar.

Stj. hefir reynt að verja sig með því, að enginn geti vitað, hvenær kreppu sé von. En þetta er engin afsökun. Kreppur koma alltaf eftir góðæri. Það er lögmál, sem allar stj. verða að þekkja. Og sú kreppa, sem nú stendur yfir, kom sannarlega ekki að óvörum. Hún byrjaði Bandaríkjunum seint á árinu 1929 og var fyrirsjáanleg mestan hluta ársins 1930, enda þá komin víða um lönd, þótt ekki gætti verulega hér. En einmitt á árinu 1930 eyddi hæstv. stj. mestu, eins og ég hefi bent á, einmitt þá, þegar fyrirsjáanleg nauðsyn var á sparnaði.

Ég verð að segja eins og er um það, að ég tel, að hæstv. stj. hafi þungan syndabagga á baki í mörgum málum, en engan þeirra tel ég eins alvarlegan eins og meðferð fjármálanna undanfarin ár. Afleiðingar þess ná til allra núlifandi landsmanna og næstu kynslóðar.

Hin mikla fjárnotkun undanfarinna ára hefir þrátt fyrir hinar geysilegu tekjur valdið því, að nokkur tekjuhalli varð hjá ríkissjóði 1929, ef öll gjöld þess árs eru talin. Á árinu 1930 hefir orðið geysilegur tekjuhalli og 1931 hefir tekjuhallinn orðið yfir milljón. Enginn getur sagt með vissu um yfirstandandi ár, en barnaskapur væri að líta á það björtum augum. Það er fjarri mér að vilja spá hæstv. núv. fjmrh. neinum hrakspám, en ég get tæpast búizt við, að hann komist yfir árið hallalaust. Verði halli á yfirstandandi ári, er það 4. tekjuhallaárið í röð, og sjá allir, hvert stefnir með þessu lagi. Hver heilvita maður hlýtur að sjá, að verði þessi leið farin áfram, liggur hún beina leið til fullrar glötunar á fjárhagssjálfstæði voru, og með því er pólitískt sjálfstæði einnig jarðsungið. Gífurleg skuldasöfnun í góðum árum samfara notkun allra tekna þeirra sömu góðæra er svo stór pólitísk synd, að hún verður ekki fyrirgefin. Engin stj. getur útvegað sér mildan dóm fyrir slíkt brot með ummælum eins og þeim, sem hæstv. forsrh. viðhafði í nýársræðu sinni, að það væri siður að safna skuldum í góðærunum og borga þær í vondu árunum. Þessu trúir sem sé enginn. Hvernig hugsar hæstv. ráðh. sér t. d., að ríkissjóður geti grynnt verulega á skuldunum í ár? Ég get ekki ímyndað mér, að hann geri betur en að greiða samningsbundnar afborganir, og ég veit, að síðan á nýári hefir hann safnað talsverðri skuld. Þessa skaðlegu kenningu hæstv. forsrh. verður að slá niður harðri hendi. Hún er háskaleg villukenning, háskalegri en ég hefi tök á að lýsa. Hún sýnir svo mikla léttúð í fjármálum, að ekki er við unandi. Ég verð að viðurkenna, að hæstv. forsrh. hefir tekizt að fullnægja fyrri lið þessarar villukenningar. Honum hefir tekizt allt of vel að safna skuldum í góðærunum. En hann á eftir að sýna, að honum gangi eins vel að afborga á krepputímunum, og fáir munu hafa trú á að svo verði.

Ég verð að víkja nokkru nánar að hinum miklu greiðslum hæstv. stj. umfram heimildir fjárlaga. Þessar greiðslur sýna það mjög áberandi, að hún hefir algerlega virt að vettugi fjárveitingavald þingsins. Nú veit ég það vel og viðurkenni, að ýmsar upphæðir fjárlaga eru áætlunarupphæðir, og mér dettur ekki í hug að átelja umframgreiðslur á slíkum liðum, ef fullrar sparsemi er gætt. Verðsveiflur og skakkar áætlanir geta líka umturnað öllu, eins og t. d. um og eftir heimsstyrjöldina, en engri slíkri verðtruflun er til að dreifa á þessum árum. Á þeim árum, sem hér er um rætt, tók verðlagið engum stórbreytingum, sem réttlæti hinar gífurlega miklu umframgreiðslur.

Til sönnunar staðhæfingu minni um ó-

heimilar greiðslur af hálfu stj. verð ég að nefna nokkur áberandi dæmi:

1. Á þinginu 1928 útvegaði stj. sér heimild til að mega verja allt að 1 millj. til stofnunar og starfrækslu síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir. Orðalag laganna, sem heimila þetta, sýnir, að tilgangurinn var, að 2 eða fleiri verksmiðjur yrðu reistar fyrir þessa milljón. En þegar LR. 1930 kom, þá sást, að aðeins ein verksmiðja hafði verið reist á Siglufirði, og hún kostaði nærri 1½millj. kr. Hér hefir því stj. í algerðu heimildarleysi notað nærri 500000 kr. umfram það, sem þingið heimilaði frekast. Þetta er með öllu óhafandi. Með þessu er svo þverbrotinn vilji fjárveitingavaldsins, að það verður að áteljast eins harðlega og frekast er unnt. Ég mun síðar, ef tími vinnst til, víkja nánar að kostnaðinum af þessari síldarbræðslustöð.

Ég man eftir því, að við stjórnarandstæðingar kölluðum þingið 1928 „síldarþing", því að þá var ráðgert að reisa þær síldarbræðsluverksmiðjur, sem ég nefndi, og þá var sett á stofn einkasala á síld. Þá var yfirleitt umturnað löggjöfinni um síld. Það er nú komið á daginn, að þetta nafn á þinginu 1928 hefir verið sorglegt réttnefni, því að auk hinnar rándýru síldarverksmiðju er nú komið í ljós, að ríkissjóður hlýtur stórkostlegt tjón af gjaldþroti síldareinkasölunnar. Það kveður nú við alstaðar hjá þeim mönnum, sem skyn bera á þessa hluti, að tjón ríkissjóðs af þessu fyrirtæki, sem var sett á stofn gegn hinum ákveðnustu andmælum sjálfstæðismanna, muni ekki verða undir 1 millj. kr. Ef nú svo fer — og betri verður niðurstaðan víst ekki — þá hefir stj. lagt fram til síldarinnar um 2½ millj. kr.

Þessi stj. hefir oft kallað sig bændastjórn, en mér finnst, að hún ætti miklu heldur að kallast síldarstjórn, og dreg ég það nafn af örlæti hennar í síldarmálefnum. Það hefir verið mikið rætt um og mörgum hefir þótt hár styrkurinn til bænda eftir jarðræktarlögunum. Hann hefir þó ekki verið meiri en 2 millj. kr. árin 1928—1931. Miklu meira hefir því verið varið til síldarinnar en til bænda eftir jarðræktarlögunum, og er þó sannarlega óliku saman að jafna. Að því er jarðræktarstyrkinn snertir hefir stj. lítið annað gert en borga út eftir lögum, sem voru til er hún tók við völdum, en um síldina fitjaði hún, á fyrsta þinginu, sem kom saman eftir að hún tók við völdum, upp á nýrri löggjöf, sem hefir kostað ríkissjóð þessi ár miklu meira en jarðræktarlögin. Ég er óviss um, að almenningur þessa lands hafi gert sér grein fyrir, að stj. hefir verið miklu örlátari við síldina en jarðræktina, og því hefir mér þótt rétt að benda á þetta, svo að hún sigli síður undir fölsku flaggi hér eftir en hingað til.

2. Annað dæmi, er sýnir hina fullkomnu lítilsvirðingu fyrir fjárveitingavaldi þingsins, vil ég nefna. Það eru framlögin til héraðsskóla árin 1929—1930. Í fjárlögum þessara ára voru í þessu skyni veittar bæði árin til samans 50000 kr., en notaðar rúmlega 400000 kr., eða meira en áttföld fjárveiting þingsins.

3. Sem þriðja dæmi um þetta má nefna vinnuhælið á Litla-Hrauni. Stj. útvegaði sér með lögum frá 1928 heimild til að verja til hælisins allt að 100000 kr., en hefir á undanförnum 4 árum notað til hælisins 300000 kr., að meðtöldum rekstrarkostnaði, sem líklega er 10—15 þús. kr. á ári. Hitt hefir farið til húsabygginga og jarðakaupa, og er það meira en tvöfalt hámark þess, sem þingið ákvað.

4. Sem fjórða dæmi má nefna Reykjahælið í Ölfusi. Til þess hafa verið notaðar 270000 kr., að meðtöldu andvirði Reykjatorfunnar, en heimild þingsins er aðeins 150000 kr. Hér er rétt að geta þess, að um 50000 af þessum kostnaði var fært til gjalda á reikningum landsspítalans, og er það náttúrlega bein fölsun á reikningum hans.

Minn takmarkaði tími leyfir mér ekki að nefna fleiri dæmi til sönnunar því, að í raun og veru hefir stj. í algerðu heimildarleysi tekið fjárveitingavaldið af þinginu og afhent það sjálfri sér. Fjárveitinganefndin, 7 manna nefnd, hefir undanfarinn mánuð setið yfir fjárlfrv. fyrir 1933 og verið að hnitmiða niður fjárveitingar með mestu nákvæmni. Ég get ekki neitað, að mér hefir oft dottið í hug, að það væri til lítils að vera að þessu, ef stj. virðir svo allt að vettugi

eins og undanfarin ár. Þó er skylt að geta þess, að nýlega hefir verið skipt um fjármálaráðherra, og er enn óreynt, hversu hinn nýi ráðh. heldur á fjárlögunum.

Um árið, sem yfir stendur, er af minni hálfu lítið að segja, enda veit ég ekki, hvað hæstv. stj. ætlast fyrir um framkvæmdir. Hinsvegar lét ég það í ljós á þinginu í fyrra, er fjárlög yfirstandandi árs voru til meðferðar, að ég teldi mjög hæpið, að hægt væri að halda jöfnuði, ef það væri framkvæmt, sem fjárlög ráðgera. Og síðan hefir útlitið sannarlega ekki batnað.

Fjárlagafrv. það fyrir 1933, sem hér er til meðferðar, gerir ráð fyrir hærri gjöldum en nokkurt annað fjárlagafrv., sem lagt hefir verið fyrir þingið fyrr eða síðar, og sýnist mér það bera vott um allt of mikið bjartsýni einmitt nú, þegar hrammur kreppunnar kreistir sem harðast. Þó verður að viðurkenna það, að talsverða viðleitni hefir hæstv. fjmrh. gert til niðurfærslu, þó að það að mínu áliti sé alls ekki nóg. Á það verður líka að líta, að langmestur hluti útgjaldanna er lögbundinn, svo að nægilegur niðurskurður mun ekki fást nema með breyttri löggjöf. Það er ein af hinum stóru fjármálasyndum undanfarinna ára, hversu miklum föstum, lögbundnum gjöldum hefir verið hlaðið á ríkissjóð, auk þess sem byrði vaxta og afborgana hefir þyngzt stórkostlega. Ég verð að segja, að ég sé ekki, hvernig búizt verður við, að á næsta ári komi inn tekjur til þess að borga öll þessi gjöld. Ég horfi með hinum mesta ugg og ótta fram á afkomuna 1933, og þó þyrfti sannarlega að reyna að fyrirbyggja tekjuhalla á því ári. En ég óttast mjög, að það verði 5. tekjuhallaárið í röð, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja, ef ekki hefði verið líka tekjuhalli árin áður. Það er í rauninni ekki nema eðlilegt, þótt halli verði í hinum verstu árum, en þegar svo er komið, að tekjuhalli er orðinn árlegur gestur, jafnt í góðæri sem kreppu, þá verður að stinga við fótum og gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að rétta við, jafnvel þótt djúpt þurfi að skera og víða sviði. Ég veit, að hæstv. stj. er smeik um afkomuna 1933 og að hún hugsar sér að hjálpa sér áfram með nýjum sköttum, en ég býst við, að hún verði að gera það án aðstoðar Sjálfstæðisflokksins. Ég býst við, að hann líti svo á, að bæði hafi verið á síðastl. árum seilzt fulldjúpt í vasa skattþegnanna og eins, að það sé ekki fýsilegt að fá þeirri stj., sem að ⅔ er hin sama og á undanförnum árum, enn nýjar og nýjar tekjur til að bruðla. Það er lögmál lífsins, að skömm er óhófs æfi. Óhófsmaðurinn verður að gera sér að góðu að lifa við skort, þegar öllu er eytt. Í þriðja lagi má benda á það, að það er ekki nóg að samþykkja skattafrv., ef þeir, sem eiga að borga skattana, hafa ekkert til að borga með. Atvinnuvegirnir eru á heljarþröm, og að síðustu eru það þó þeir, sem eiga að halda öllu uppi. En hvernig geta þeir það, þegar þeir eru sjálfir komnir á kné vegna ofurþunga skatta og vinnulauna?

Því miður verð ég ekki var við neina verulega sparnaðarviðleitni hjá hæstv. stj. Enn er hún að festa fé í nýjum, alóþörfum fyrirtækjum, eins og t. d. brauðgerðarhúsi, og er til þess engin heimild. Enn er hún að búa til ný og alóþörf embætti. Alveg nýlega hefir t. d. verið búið til embætti handa manni til þess að hafa á hendi löggæzlu á vegum hér austur yfir fjall. Enn er haldið áfram með alóþarfan starfsmannafjölda. Meðan svo er, erum við sjálfstæðismenn ekki fúsir til viðtals um skattahækkun. Við heimtum fyrst þá niðurfærslu gjaldanna, sem er kleif. Síðan þær breytingar á gjaldalöggjöf, sem fært er að gera. Þegar þetta er gert, þá og þá fyrst erum við til viðtals um frekari aðgerðir, þó að því tilskildu, að sinnt sé því réttlætismáli, sem nú er harðast barizt um.

Stjórnin hefir stofnað 15 eða 16 ný löggæzlumannaembætti. Vill hún afnema þau og spara með því 70—80 þús. kr. á ári?

Hún hefir stofnað 2 eða 3 embætti við bifreiðaeftirlit, með 6000 kr. launum hvert. Vill hún afnema þau og fara eftir þar að lútandi lögum?

Hún hefir stofnað embætti á Þingvöllum til eftirlits þar. Vill hún afnema það? Starf þess manns er sama og ekkert.

Hún hefir búið til mörg ný embætti í stjórnarráðinu, ég held 7—8. Vill hún fækka þeim, svo að lækki launagreiðsl-

urnar í stjórnarráðinu? Það mundi ekki af veita, því að sá kostnaður hækkaði 1930 um rúmlega 34000 kr., eða nærri 30%.

Vill stjórnin afnema kennsluprófastsstörfin?

Vill stjórnin láta Lárus H. Bjarnason fá aftur embætti sitt í hæstarétti, sem hún svipti hann að ástæðulausu? Með því má spara 9—10 þús. kr. á ári.

Vill stj. hætta að greiða sumum embættismönnum miklu hærri laun en lögákveðið er?

Vill stj. selja eitthvað af bifreiðunum, sem hún hefir verið að kaupa undanfarið, og hætta að kaupa nýjar?

Vill stj. yfirleitt draga úr starfsmannahaldinu?

Vill hún hætta að gefa út rándýr skrumrit um sjálfa sig og níðrit um andstæðingana, hvorttveggja á ríkisins kostnað?

Vill stj. hætta að greiða stórar fjárfúlgur í heimildarleysi?

Vill stj. hætta að gefa af fé ríkisins eins og átti sér stað um 8000 kr. af björgunarlaunum fyrir togarann „Ohm"?

Vill stj. hætta að veita fylgismönnum bitlinga úr ríkissjóði?

Vill stj. hætta hinum illræmdu nefndarskipunum, sem á síðustu árum hafa kostað ríkissjóð mikið á 2. hundrað þús. kr.?

Vill forsætisráðherra hætta að taka sérstaka borgun úr ríkisjóði fyrir nefndarstörf ofan á embættislaun sín, risnufé, ókeypis húsnæði, ljós, hita og meira að segja gas til eldunar á mat ofan í sig og sína?

Vill stj. hætta snatti varðskipanna, þar með töldum fiskiveiðum?

Vill stj. hætta að nota bifreiðar ríkisins í eigin og flokksþágu?

Svona gæti ég haldið lengi áfram að spyrja, en meðan engin svör koma og ekki sést á neinu, að sparnaður eigi að ríkja, þá er ekki von, að vel sé tekið kröfum um aukna skatta. Fjárveitinganefnd og einstakir þm. hafa borið fram ýmsar sparnaðartillögur, og er fróðlegt að sjá, hvernig viðtökur þær tillögur yfirleitt fá?

Gengi hinnar ísl. krónu féll mikið nokkru fyrir síðustu áramót, og af því hlýtur að leiða hækkandi verðlag og hækkandi dýrtíðaruppbót. Þetta kemur niður á ríkissjóði á fjölmörgum sviðum. Laun embættismanna hækka og rekstur allra opinberra stofnana verður dýrari. Allar áætlanir gildandi fjárlaga og frv. þess, sem hér liggur fyrir, eru byggðar á lægra verðlagi en nú er og verður 1933, ef krónan hækkar ekki, sem ég geri tæpast ráð fyrir. Það er því hætt við, að ýmsar áætlanir reynist of lágar, og eykur það á um hið óglæsilega útlit yfirleitt fyrir ríkissjóðinn.

Tilgangur minn með því, sem ég hefi sagt hér, hefir verið að reyna að sýna fram á, að stjórnarfar eins og hefir verið undanfarið leiðir til beinnar glötunar, þó að ekkert sé litið á annað en fjárhaginn. Eftir LR. 1927 voru þær skuldir, sem ríkissjóðurinn átti að standa straum af, um 11 millj. kr., en eftir LR. 1930 eru þær 16,5 millj. tæplega, og þess utan 7½ millj. kr., sem ríkissjóður verður að greiða afborganir af og vexti, a. m. k. 4½ millj. kr. Þær skuldir, sem ríkissjóður verður nú að afborga, eru þá 24 millj. kr., í stað 11 millj. 1927, og 21 millj. verður hann að ávaxta, í stað 11 millj. kr. 1927. Þetta þýðir það, að skuldirnar hafa meira en tvöfaldazt á þessu tímabili. Til skýringar því, að upphæðin, sem ríkissjóður á að afborga, er 3 millj. kr. hærri en sú upphæð, sem hann á að greiða vexti af, vil ég geta þess, að það, sem mismuninn gerir, er framlagið til Landsbankans, 3 millj. kr. Af því á bankinn sjálfur að borga vextina.

Þessar tölur, sem ég hefi hér nefnt, eru teknar eftir LR. 1927 og 1930. Báðir þessir reikningar eru samdir af Framsóknarstj., svo af hennar hálfu getur ekki verið von á andmælum gegn þessu. Auk þessa hafa stundum verið taldar til skulda ríkissjóðs rúmlega 16 millj., sem aðrar stofnanir en ríkissjóður eiga að sjá um að öllu leyti, en þeim sleppi ég alveg í þessu sambandi, þótt þær stundum hafi verið taldar til hinna eiginlegu ríkissjóðsskulda, því að það er alveg rangt. Á þennan hátt hefir það verið fengið fram, að skuldir ríkissjóðs væru um 40 millj. kr.

Á árinu 1931 hefir verið borgað af skuldum ríkissjóðs eftir samningum, en

síðan í árslok 1930 hefir fallið á ríkissjóð ábyrgð fyrir h/f „Kára", tæp 200000 kr., sem mun vera ógreidd. Í þá ábyrgð gekk Framsóknarstj. 1922 eða 1923. Síðan í árslok 1930 hefir einnig komið í ljós tapið mikla á síldareinkasölunni, svo að þrátt fyrir afborganir ríkissjóðs 1931 eru skuldir hans líklega heldur hærri nú en í árslok 1930.

Þessar tölur um ríkisskuldirnar hefi ég, eins og ég tók fram áðan, tekið eftir LR. Þetta hefði verið óþarft að taka fram, hefði ekki þeirri fáránlegu kenningu verið haldið á lofti, að ríkisskuldirnar hefðu eiginlega ekki vaxið í tíð núv. stj. Ég man meira að segja eftir, að ég hefi séð það í aðalstjórnarblaðinu alveg nýlega, að ísl. ríkið væri sama sem skuldlaust. Væri þetta hlægilegt mál, mundi maður brosa yfir þessu og spyrja, hvers vegna væri verið að borga á aðra millj. kr. í vexti á ári, ef sama og engar væru skuldirnar. Nei, því miður er ríkissjóður sokkinn í skuldir.

Það mun láta nærri, að þær skuldir, sem voru 1927, séu nú vegna afborgana komnar niður í 8 millj. kr. Ef engin lán hefðu verið tekin síðan, sem ríkissjóður ætti að standa straum af, og hefði bara helmingurinn af því, sem á undanförnum 4 árum hefir komið í ríkissjóðinn auk þess, sem þingið ráðgerði, verið notaður til skuldagreiðslu, þyrfti ríkissjóður nú ekki að standa straum af neinum skuldum. Hvílíkur óendanlegur munur. Þá hefðum við haft til ráðstöfunar núna á 3. millj. kr. árlega til framfara, sem nú fer allt til vaxta og afborganagreiðslu. Þó að skuldirnar hefðu allar verið borgaðar, þá hefði stj. samt haft 8 millj. kr. til umráða á 4 árum, eða 2 millj. kr. á ári, umfram það, sem þing heimilaði, og sýnist það í rauninni vera talsvert. Þetta átak um skuldagreiðslur hefði ekki verið meira en það, sem gert var í tíð fyrrv. stj., svo að hér er alls ekki um að ræða neina ómögulega hluti. Það, sem var gert á árunum 1924—1927, var hægt að gera 1928—1930, og það var meira að segja miklu hægara á síðara tímabilinu, því að tekjur ríkissjóðs voru þá miklu meiri. En ég veit, að til þess þurfti sjálfsafneitun, manndóm og kjark. Ég veit, að hefði átt að ná þessu marki, þá þurfti að láta margt á móti sér. Þá mátti ekki fjölga embættum eins og gert hefir verið. Það mátti ekki ausa bitlingum á báðar hliðar. Það mátti engu eyða til mannakaupa. Það hefði orðið að fresta sumum stórbyggingunum. Það hefði ekki mátt kaupa strandferðaskip, sem árlega þarf 2—3 hundruð þús. til rekstrarkostnaðar. Það hefði ekki mátt setja á stofn síldareinkasölu til þess að þóknast jafnaðarmönnum. Það hefði ekki mátt kaupa hverja luxus-bifreiðina á fætur annari. Það hefði ekki mátt hafa strandvarnarskipin í snatti eða um lengri tíma til eigin þarfa eins ráðherrans í kosningabardaga. Það hefði ekki mátt setja á stofn 14 nýja skóla. Það hefði ekki mátt nota stórfé til þess að flytja að þarflausu byggingar úr stað. Það hefði ekki mátt kaupa bændur úr einhverri beztu fjársveit landsins til að hætta fjárrækt. Það hefði ekki mátt gefa út flokkshágsmunarit fyrir tugi þúsunda króna. Það hefði ekki mátt gefa beinar gjafir úr ríkissjóði. Það hefði ekki mátt gefa útlendum sökudólgum eins og skipstjóranum á Tervani upp sakir. Já, það er svo margt, sem ekki hefði mátt, ef hefði átt að ná því marki að ganga nú út í kreppuna með skuldlausan ríkissjóð. En um það dugir ekki að fást, enda hefði mátt á milli vera að greiða skuldirnar að fullu eða meira en tvöfalda þær, eins og núv. stj. hefir gert.

Í þeim athugasemdum, sem ég hefi gert hér að framan, hefi ég einkum dvalið við hin stærri atriði, þau, sem verulega þýðingu hafa fyrir fjárhaginn, en af því að ég á dálítið eftir af þeim tíma, sem mér er ætlaður, vil ég drepa á nokkur atriði til að sýna, að hæstv. stj. hefir ekki heldur verið spör á hinum smærri upphæðum. Það, sem stj. hefir eytt á þennan hátt, mundi verða ótrúlega há upphæð, væri allt komið í eitt. Ég mun nefna nokkur dæmi, sem sýna, hversu ósárt stj. hefir verið um skildinga ríkissjóðs.

1. Rekstrarkostnaður bifreiða hefir orðið árin 1928—1930 um 41000 kr. Hver hann var 1931 veit ég ekki. Meira en helmingur af þessu hefir verið greiddur úr landhelgissjóði, og er það gott sýnishorn af meðferð þess sjóðs, sem átti í peningum og innistæðum um 1,4 millj.

kr. þegar núv. stj. tók við völdum, en er nú nærri gereyddur.

2. Þá hefir stj. og byggt 2 hús yfir bifreiðar, annað hjá stjórnarráðshúsinu, að því er ég held, og kostaði það 2000 kr., en hitt hjá Arnarhváli, og kostaði það 20000 kr.

3. Stj. virðist eftir reikningum landhelgissjóðs hafa keypt handa honum 3 bifreiðar, og þess utan 2 eða 3 handa sér og bifreiðaeftirlitinu. Hvað margar af þeim hafa verið seldar aftur og hve margar eru eftir óseldar, veit ég ekki, en hitt veit ég, að við endurskoðun LR. hefi ég hvergi rekið mig á neinar borganir fyrir seldar bifreiðar.

4. Til bifreiðaeftirlits hefir stj. notað 1929 og 1930 (um 1931 veit ég ekki) tæpar 30000 kr. umfram það, sem inn hefir komið fyrir eftirlitið, og er það beint brot á lögum um þetta efni, því að tilætlun þingsins var, að eftirlitið kostaði ríkissjóð ekkert.

Það eru því engar smáupphæðir, sem stj. hefir greitt vegna bifreiða, enda er það kunnugt um einn ráðherrann, að hann er á sífelldu ferðalagi í bifreiðum, allt á ríkisins kostnað.

5. Fyrir hestahald hefir stj. greitt úr landhelgissjóði árin 1928—1930 kr. 14568,75. Hvað borgað hefir verið 1931, veit ég ekki.

6. Til risnu hefir verið greitt úr landhelgissjóði árin 1929 og 1930 kr. 19262,69. Hvað borgað hefir verið 1931, er mér ókunnugt um. Þetta er lítill forsmekkur af meðferð fjár landhelgissjóðs, en miklu meira hefir hann þó blætt vegna snattferða varðskipanna og vitanlega ríkissjóður líka, sem hefir borgað helming af strandgæzlunni.

7. Við endurskoðun LR. 1930 kom í ljós, að einum héraðslækni landsins höfðu verið greiddar nærri 2000 kr. umfram hámark launa þess héraðs. Þetta atriði mun koma til meðferðar hér á þinginu síðar og mun ég gefa þessari háttv. deild kost á að skera úr, hvort slíkar gjafir til þess manns, sem hér á í hlut, skuli eiga sér stað framvegis.

8. Við endurskoðun LR. 1930 kom það líka í ljós, að stj. hefir á því ári greitt einum hæstlaunaða embættismanni landsins uppbót á laun hans undanfarin ár. Uppbót þessi nam yfir 10000 kr. og fyrir henni hefi ég ekki getað fundið neina heimild.

9. Starfrækslukostnaður við embætti tollstjóra, lögmanns og lögreglustjóra í Reykjavík hefir 1930 orðið undir 260000 kr. Til samanburðar má geta þess, að skrifstofukostnaður allra sýslumanna og bæjarfógeta á landinu er um 100000 kr.

10. Ég nefndi áður síldarbræðslustöðina á Siglufirði og gat þess, að hún hefði kostað ríkissjóð um 1½ millj. kr. En þar með er ekki allur kostnaður talinn. Hún kostaði miklu meira. Auk þess, sem ríkissjóður lagði fram, lagði Siglufjarðarkaupstaður til lóð og eitthvað af húsum og bryggjum, sem þó biluðu fljótt. Það, sem Siglufjarðarkaupstaður lagði fram, var metið á 200000 kr., svo að 1 millj. og 700000 kr. hefir þetta allt kostað, og er það nokkuð meira en verð allra húsa og allra jarða eftir gildandi fasteignamati í einni af beztu sýslum landsins, Austur-Húnavatnssýslu. Hér er því ekki klipið við nögl um kostnaðinn, og eiginlega er það ótrúlegt, bæði að hægt skuli hafa verið að gera kostnaðinn svo gífurlegan sem raun hefir á orðið, og eins, að hæstv. stj. skuli hafa séð fært að leggja fram til þessa eina fyrirtækis eins mikið og nemur öllu fasteignamatsverði í heilli sýslu. Á hverju ári þarf 100—150 þús. kr. ágóða af síldarbræðslunni einungis til að borga vexti af því fé, sem fram hefir verið lagt. Ég gæti trúað, að það biði nokkuð, að hægt væri að greiða það, sem lögin um verksmiðjuna ákveða.

Til þess að gefa dálítið bragð af því, hvort hér hafi verið sparað eða ekki, vil ég benda á, að fyrir að meta til verðs það, sem Siglufjarðarkaupstaður lagði fram til verksmiðjunnar, voru 2 matsmönnum borgaðar 4000 kr., segi og skrifa fjögur þúsund krónur. Nú var það, sem Siglufjörður lagði fram, aðallega lóð undir byggingarnar, en svo er það merkilega, að ríkissjóður á allar lóðirnar á Siglufirði, svo að hér gat aðeins verið um mat á leiguréttindum að ræða.

Það eru náttúrlega smámunir, sem lítið skiptir máli, að þegar þetta mikla fyrirtæki var vígt, hélt dómsmálaráðherra veizlu, sem kostaði eins og lítil bújörð í sveit, en á það má líta eins og litla rúsínu

í endanum á geysistórum blóðmörskepp.

Þessi dæmi verða að nægja. Þau ber að skoða sem spegil hins gegndarlausa og heimildarlausa fjárausturs undanfarinna ára.

Hæstv. forseti! Minn tími er nú á enda eftir útvarpsreglunum. Ég læt því máli mínu lokið, en fæ væntanlega einhvern tíma síðar til frekari athugasemda.

Héðinn Valdimarsson: Það gleður mig, að ræðum er útvarpað þennan eldhúsdag, og mér finnst, að það hljóti að gefa umr. dálítið annan svip heldur en eldhúsdagsumr. hafa áður haft, að svo margir af landsmönnum hafa tækifæri til að hlusta á þær. Það hefir verið venja á eldhúsdegi, að tínd hafa verið upp afrek eða afglöp stj., talað um, hverju hún hafi eytt o. s. frv.; það hefir verið svipaður tiltíningur og hjá hv. 2. þm. Skagf. nú. Mér finnst, að útvörpuln umr. hljóti að breyta þeim í þá átt, að meira verði talað til kjósendanna. Hér er þm. og þingflokkunum gefið sérstakt tækifæri til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni, skoðunum og stefnuskrá. Það er því ætlun mín að nota minn ræðutíma til að gera stuttlega grein fyrir starfi og stefnu Alþýðuflokksins og afstöðu hans gagnvart hinum flokkunum og stjórn landsins.

Það virðist svo oft sem hinir flokkarnir, a. m. k. sumir þm. þeirra, líti á okkur fjóra Alþýðuflokksþm. sem einskonar milliflokkamenn til trafala á þinginu, sem ekki þurfi að taka tillit til. Þess er þá fyrst og fremst að geta, að við erum fulltrúar voldugrar alþjóðlegrar hreyfingar, sem er óðum að leggja undir sig heiminn. Sum lönd hefir hún þegar unnið, og í öðrum er hún að ná völdum. Við Alþýðuflokksmenn erum fulltrúar þessarar stefnu hér á Íslandi og erum sannfærðir um, að ekki líði mörg ár þangað til hún hefir sigrað hér sem annarsstaðar. Fyrir okkur er því um að ræða sameiginlega andstæðinga jafnaðarstefnunnar, þar sem hinir þingflokkarnir eru. Við viljum fyrst og fremst breyta því skipulagi, sem þjóðin býr nú við, en hinir flokkarnir báðir, sem hér hafa starfað undanfarandi ár, vilja halda því við. Í því liggur aðalmunurinn; andstöðuflokkar okkar jafnaðarmanna vilja ekki í neinum verulegum atriðum breyta ríkjandi þjóðskipulagi, eins og sést bezt á ummælum hæstv. dómsmrh., sem sumir hafa viljað telja sósíalista, en sem er ráðríkasti maðurinn í Framsóknarflokknum, þegar hann komst svo að orði í Tímanum einu sinni, að þegar jafnaðarmenn færu að koma stefnumálum sínum í framkvæmd, þá mundi Framsóknarflokkurinn taka höndum saman við íhaldsmenn. Og þetta hefir þegar sýnt sig.

En hvað er það þá fyrst og fremst, sem við jafnaðarmenn viljum gera? Við viljum koma á sameign og lýðræði. Þetta tvennt er meginkjarni þess, sem fyrir okkur vakir, og yfirleitt öllum jafnaðarmönnum víðsvegar um heim. Við viljum koma á félagsvinnu, þar sem hægt er að koma henni við, gera framleiðslutækin að almenningseign og skipta arði vinnunnar jafnt eftir þörfum manna og því starfi, sem hver leggur fram. Þetta er sú skipulagsbreyting, sem jafnaðarmenn berjast fyrir alstaðar í heiminum og sumstaðar er byrjað að framkvæma.

Að þessu er hægt að vinna á tvennan hátt á þinræðisgrundvelli: fyrst að undirbúa jarðveginn með því að koma fram ýmsum umbótum, og síðan, þegar jafnaðarmenn hafa nægilega mikið fylgi, koma á gagngerðri skipulagsbreytingu. Það er augljóst, að þegar krepputímar eru í heiminum, eins og þeir, sem nú standa yfir og ekki sér fyrir endann á, og eflaust auka jafnaðarmönnum mikið fylgi, þá er hin mesta ástæða til að leita eftir og notfæra það skipulag, sem bezt er. Meðan allt leikur í lyndi, a. m. k. hjá hluta af þjóðinni, má segja, að hægt sé að draslast við hvaða skipulag sem er, en þegar kreppan sverfur að, þá neyðast menn til að taka upp það bezta, sem þekkist.

Við jafnaðarmenn hér á landi höfum orðið að fara þá leið, að vekja athygli kjósenda á till. okkar og vinna þeim fylgi meðal almennings, þangað til þingmenn hinna flokkanna geta ekki annað en fylgt þeim fram, af hræðslu við að missa fylgi kjósendanna. Þannig höfum við haft áhrif bæði á „framsóknar"- og í-

haldsmenn, og má nefna mörg mál því til sönnunar. Nægir að minna á, hvernig tekið var fyrst till. okkar í fátækramálunum; nú er svo komið, að ýmsir þm. úr andstöðuflokkunum bera fram að miklu leyti sömu till. sem felldar voru fyrir okkur fyrir fjórum árum, og sýnast þær ekki mæta harðri mótspyrnu.

Um nokkurt skeið virtist svo, að Íhaldsflokkurinn væri hættulegasti andstæðingur Alþýðuflokksins, enda lenti þeim víðast saman, því þó jafnaðarstefnan eigi við jafnt í sveitum og kaupstöðum, þá nær hún fyrr fótfestu í bæjunum, þar sem hægra er að ná til fólksins, félagslíf meira og sameign því eðlilegri. Íhaldsstjórnirnar neyttu allra bragða til þess að halda niðri samtakahreyfingu verkamanna, sem stendur í sambandi við Alþýðuflokkinn, og var því sjálfsagt fyrir hann að berjast af allri orku gegn Íhaldsflokknum og gefa „Framsókn" færi á að reyna sig um stund og koma fram þeim umbótum, sem hún gat fallizt á. Voru þá samþ. nokkur lög, sem til mikilla hagsbóta eru fyrir verkalýðinn. En það er óhætt að segja, að það var ekki nema á tveimur fyrstu stjórnarárum „framsóknar"-stjórnarinnar, sem verulegar umbætur fengust. Eftir þann tíma var hún orðin þreytt á að vinna að umbótum með okkur jafnaðarmönnum, og þá ekki síður ýmsir af þm. hennar flokks utan af landi, og fóru þeir þá aftur að vinna með Íhaldsflokknum. Á þinginu 1930 var ekki hægt að segja annað en fullkomið samkomulag væri milli Framsóknarflokksins og Íhaldsflokksins, sem þá var farinn að kalla sig Sjálfstæðisflokk. Sýndi það sig m. a. í Íslandsbankamálinu. Og þrátt fyrir umtal íhaldsmanna um óhæfilega eyðslu stj., voru það einmitt þeir, sem gáfu henni verðtollinn. Þá kom sameiginlegt álit um skattamál frá hv. núv. 2. þm. Skagf., sem nú var að setjast hér niður frá því að skamma stj., og hv. 1. þm. N.-M. Fyrir okkur jafnaðarmenn, sem fyrst og fremst vinnum að því að koma okkar stefnuskrármálum fram og efla okkar flokk, til þess að hann geti svo fljótt sem auðið er tekið völdin í sínar hendur, var þá ekki um annað að gera en reyna aðrar leiðir, þegar svo var komið, að við fengum ekki lengur neinum umbótum fram komið með samvinnu við Framsókn. Við snerum okkur þá að því að vita, hvort ekki væri hægt að fá bætur á kjördæmaskipulaginu, til þess að við gætum komið aftur liðsterkari inn í þingið að afstöðnum kosningum. Því var það í ársbyrjun 1931, að Jón Baldvinsson, Kjartan Ólafsson og ég áttum tal við ríkisstj. um þetta mál, hvað Framsókn vildi í því gera að koma á réttlátu kjördæmaskipulagi. Það var þó ekki svo, að þetta mál væri nýtt hjá okkur, því það er Alþýðuflokkurinn, sem haldið hefir uppi merki réttlátara kosningafyrirkomulags frá því 1915, þegar hann setti á stefnuskrá sína að gera landið að einu kjördæmi, til þess að tryggja öllum landsmönnum jafnan rétt. Árið 1917 var borin fram á Alþingi þáltill. í þá átt af þáv. fulltrúa Alþýðuflokksins, Jörundi Brynjólfssyni, sem þá var ekki hlaupinn yfir í Framsóknarflokkinn, og voru þær felldar með öllum atkv. gegn tveimur. Á þinginu 1927 bar ég fram af hálfu Alþýðuflokksins frv. til stjskrbreytingar, sem fór fram á, að landið væri gert að einu kjördæmi og teknar upp hlutfallskosningar. Og þegar það frv. hafði verið svæft í n., bar ég fram brtt. við annað stjskrfrv., sem lá fyrir þinginu, um það, að leyfa skyldi a. m. k. hlutfallskosningar utan Reykjavíkur. Ef maður ber atkvgr. um þá brtt. saman við afstöðu flokkanna nú, sést greinilega, hvað þeir breytast mikið. Brtt. var felld hér í hv. d. með 20:3 atkv. Allir núv. Sjálfstæðisflokksþm., sem þá voru á þingi, greiddu atkv. á móti því, að hlutfallskosningar væru leyfðar í stjskr., en nú leggja þeir eins og menn vita mjög mikla áherzlu á að ákveða í stjskr., að viðhöfð skuli einhverskonar hlutfallskosning, að flokkarnir skuli fá þm. í réttu hlutfalli við kjósendatölu sína. Um sama leyti bar ég fram brtt. um, að allir skyldu fá kosningarrétt 21 árs að aldri, og var hún felld með 18:3 atkv. Nú hafa allir flokkar fallizt á þessa breyt., og sýnir það, eins og ég benti á áðan, hvernig till. okkar jafnaðarmanna eykst fylgi meðal þjóðarinnar, þangað til borgaralegu flokkarnir þora ekki annað en taka þær upp.

Árið 1930 bárum við fram þáltill. í Sþ.

um að tryggja kjósendum jafnan rétt til áhrifa á skipun Alþingis hvar sem þeir búa á landinu. Talaði ég fyrir henni, en Jónas Jónsson og Jón Þorláksson báðir á móti. Kvað JónÞ hana vera svo „einstrengingslega“, að ekki væri hægt að samþykkja hana eins og hún væri. Það er því augljóst, að Sjálfstæðisflokkurinn á ekki þetta mál, þótt hann hafi nú gengið inn á það og horfið frá sinni fyrri skoðun. Meðan hann hafði von um að græða á hinni ranglátu kjördæmaskipun, í von um að ná í eitthvað af fámennu kjördæmunum, vildi hann halda í hana. Við vissum því ekki veturinn 1931, hvernig þm. Sjálfstæðisflokksins mundu taka þessu máli, gátum búizt við, að þeir stæðu enn á móti réttlátu kosningafyrirkomulagi. Fórum við þá, eins og áður er sagt, þrír jafnaðarmenn á fund stj. til að vita um, hvort nokkrar umbætur mundu fást á kjördæmaskipuninni með samþykki Framsóknarflokksins. Voru síðan þeir Jón Jónsson í Stóradal og hæstv. forsrh. kosnir í nefnd af hálfu þess flokks til þess að ræða málið. Þessu hefir að vísu verið mótmælt í Tímanum; gefst nú hæstv. forsrh. tækifæri til að mótmæla því einnig hér á Alþingi, og vænti ég, að hann geri það, ef hann þorir.

Ekki tókust samt neinir samningar um málið, enda gátu þessir tveir menn ekkert fullyrt um, hvort till. um breytingar á kjördæmaskipuninni gengju fram innan þeirra flokks, og við jafnaðarmenn, sem höfðum hreinan skjöld í þessu máli frá upphafi, gátum ekki unað við annað en allir fengju jafnan atkvæðisrétt, a. m. k. gátum við ekki gengið að því að ná okkur í þingsæti á kostnað annars flokks með því að gera kjördæmaskipunina e. t. v. ennþá ranglátari en hún var.

Þegar þingið kom saman, bar hæstv. stj. fram frv. um breyt. á stjskr. til að afnema landskjörið. Þá kom í ljós, að samvinna gat orðið milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna um þetta mál á þeim grundvelli, að kjósendatala hvers flokks skyldi ráða þingmannatölu hans. Afstaðan til tveggja annara mála á þessu þingi gerði það að verkum, að Framsóknarflokkurinn varð mjög skelkaður, því hann hugsaði, eða lét a. m. k. líta svo út, að bandalag væri komið á milli þessara tveggja flokka um tvö önnur mál. Annað þessara mála er Sogsvirkjunin, sem við jafnaðarmenn höfðum lengi barizt fyrir bæði í bæjarstj. og á þingi. Hitt var fjölgun þm. Reykjavíkur. Þá skeði þetta óvænta, að í stað þess að láta fara fram á venjulegan hátt þær almennu kosningar, sem stóðu fyrir dyrum, rýkur stj. upp til handa og fóta og rýfur þingið, ólöglega eins og öllum er kunnugt, með aðstoð konungs, og lætur síðan fram fara skyndikosningar. Hafði hún í frammi hinar mestu æsingar til þess að koma fólkinu úti um landið til að trúa því, að taka ætti af því réttinn til að eiga fulltrúa á Alþingi. Með þessum hætti tókst Framsókn að ná þeim þingmeirihluta, sem hún nú hefir, án þess þó að hafa nándar nærri tilsvarandi atkvæðatölu. Vegna hins rangláta kjördæmaskipulags fékk Framsóknarflokkurinn 21 þm., í stað þess að hann átti eftir atkvæðamagni sínu ekki að fá nema 13; Sjálfstæðisflokkurinn fékk 12 þm., í staðinn fyrir að hann átti að fá 16, Alþýðuflokkurinn 3, í staðinn fyrir 6, og kommúnistaflokkurinn engan, í staðinn fyrir einn. Ef kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunin hefði verið í samræmi við mannréttinda- og lýðræðiskenningar nútímans, hefði því skipun Alþingis verið þannig eftir þessar kosningar, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haft 19 þingsæti, Framsóknarflokkurinn 15, Alþýðuflokkurinn 7 og kommúnistaflokkurinn einn.

Þó að Framsókn tækist að ná meiri hluta þingsætanna í skjóli hinna ranglátu kosningalaga, þá mátti flokkurinn vita fyrirfram, að hann gat ekki fengið meiri hluta í báðum deildum. Því veldur landskjörið, sem er í áttina til réttlátara skipulags, þrátt fyrir hið háa aldurstakmark. Það gerir það að verkum, að Framsóknarflokkurinn gat ekki fengið nema helming atkv. í Ed. Hefðu dálítið vitrari menn haft forustuna í Framsóknarflokknum, þá hefðu þeir hlotið að sjá það fyrir, að ómögulegt yrði að standa gegn réttlætiskröfu mikils meiri hluta þjóðarinnar. Það hlaut að enda þannig, að þegar stj. kæmi aftur með mál sín fyrir þingið, sem hún þarf að fá samþ., þá yrðu þau felld í Ed., þó þau kæmust

gegnum Nd. Fjárveitingavaldið hlaut að verða notað sem svipa á líkan hátt og gert var sumstaðar í byrjun 19. aldarinnar, þegar barizt var um það, hvort almenningur ætti nokkru að fá að ráða í raun og veru. Þetta hefir hæstv. stj. rekið sig á á því þingi, sem nú stendur yfir.

Ég er búinn að segja stuttlega frá því, að ég hygg, að sjálfstæðismenn hafi ekki fallizt á grundvallarstefnu okkar jafnaðarmanna í kjördæmaskipunarmálinu vegna þess, að þeim sé svo kær hugsjónin um jafnrétti og frelsi; það er síður en svo. Þeir gerðu það af því að þeir voru farnir að sjá, að þeirra flokkur tapaði á því að láta gamla fyrirkomulagið haldast. Þó hefði maður nú getað haldið, eftir framkomu þeirra á þinginu 1931, að þeir mundu halda áfram að berjast fyrir þessu mikla máli, réttlátum kosningum og jafnrétti borgaranna í þjóðfélaginu, hvar sem þeir búa á landinu, og að þeir fylgdu því fram af nokkurri festu, m. a. með því að nota fjárveitingavaldið sem svipu á stj. og hennar flokk, láta hana ekki fá þá skatta, sem hún þarf, nema hún láti undan réttlætiskröfunum. En veilan hjá Sjálfstæðisflokknum kom fljótt í ljós; þeir ætluðu að vera bandamenn okkar í þessu máli, en einmitt á sumarþinginu brugðust þeir því á fleiri en einn hátt. Þeir gerðu samning við Framsókn um nefndarskipun, sem aðeins var til að draga allt á langinn, og þeir gáfu hæstv. stj. verðtollinn eitt ár í viðbót; þess vegna situr hún enn róleg. Við jafnaðarmenn greiddum atkv. á móti fjárlögunum, á móti verðtollinum og á móti þessari nefndarskipun, þó við hinsvegar settum mann í n. frá okkur til þess að halda þar fram okkar stefnu. Nú er þetta kjördæmaskipunarmál komið þannig í eindaga, að það hlýtur á einhvern hátt að verða úr því ráðið á næstu dögum. Við jafnaðarmenn munum standa við það, sem við höfum sagt við okkar kjósendur. Við heimtum jafnrétti bæði vegna okkar kjósenda og vegna annara kjósenda í landinu. Og við munum synja hvaða stj. sem er um peninga úr vösum almennings, ef ekki er látið að þeim óskum, sem flokksmenn okkar úti um allt land bera fram, hvort heldur sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur með okkur eða bregzt eins og á sumarþinginu.

Það eru tvö mál, sem mikið veltur á í stjórnmálalífinu hér á landi á yfirstandandi tíma. Annað er kjördæmaskipunar- og stjskrmálið, hitt er kreppan, sem nú þjakar þjóðina, og er óhætt að segja, að það er hún, sem mest sverfur að í bili og sem menn almennt finna mest til enn sem komið er. En hinsvegar er það svo fyrir okkar dreifðu flokksmenn, að því aðeins geta þeir breytt sínum kjörum og bætt þau á þingræðislegan hátt, að þeir fái svo fljótt sem auðið er aðstöðu til að efla sinn flokk í þinginu, að þeir fái þar fleiri fulltrúa, til þess að berjast fyrir málum alþýðunnar. Rétturinn til að hafa áhrif á skipun þingsins er því í raun og veru eins mikils virði og rétturinn til þess að hafa brauð sér til framfæris.

Það hefir gengið svo á undanförnum árum, að í stóru kaupstöðunum hefir Sjálfstæðisflokkurinn náð til sín nokkrum hluta af verkalýðnum, þeim hlutanum, sem í nánustu sambandi stendur við atvinnurekendurna. Á seinustu árum er þetta mikið að breytast. Verkamennirnir sjá nú betur og betur, hvar þeir eiga að skipa sér í fylkingarnar, og safnast með félögum sínum undir merki Alþýðuflokksins. Í smákauptúnunum hefir þetta orðið nokkuð á annan veg. Framsóknarmenn hafa lagt sérstaka stund á að ná til sín verkamönnum þar og telja þeim trú um, að þeir sæju hag sínum bezt borgið með því að fylgja Framsóknarflokknum. Þeir hafa meira að segja gengið svo langt að finna upp sérstakt orðatiltæki í sambandi við kjördæmaskipunarmálið, til þess að geta í senn náð yfir kauptúnin og sveitirnar; þeir tala um „hinar dreifðu byggðir“ og sameiginlega hagsmuni þeirra, sem þeir telja sig bera fyrir brjósti. En það er fjarri því, að verkamenn kauptúnanna og efnaðir bændur hafi sameiginlega hagsmuni, eins og hefir sýnt sig. Ég skal aðeins nefna deilurnar á Blönduósi, á Hvammstanga og í Borgarnesi. Yfirleitt hafa þær deilur, sem orðið hafa í kauptúnunum, verið á milli framsóknarmanna og verkamanna. Og það hefir sýnt sig þar, sem framsóknarmenn hafa yfir atvinnufyrirtækjum að ráða, sem verkafólk þarf

við, að þeir hafa verið engu betri en íhaldsmennirnir. Íhaldið og „Framsókn" eru í því efni eins og tveir handleggir á sama líkama.

Eins er það, að það er ekki til eins mikilla hagsmuna fyrir neina eins og verkamennina í sjávarþorpum, ef hægt væri að koma kjördæmaskipuninni í það horf, að öll atkv. njóti sín. Tökum til dæmis staði eins og Hvammstanga, Sauðárkrók, Húsavík, Þingeyri, Flateyri, Ólafsvík, Sand, tökum yfirleitt þá staði, þar sem verkamenn eru í minni hl. í kjördæmunum; atkv. þeirra koma að engum notum undir núverandi skipulagi, þeirra hagsmunir og þeirra stefna nýtur sín alls ekki. Ef aftur á móti landið væri allt gert að einu kjördæmi, eða aðstaða flokkanna jöfnuð með uppbótasætum, þá fengju þessir menn sína sameiginlegu fulltrúa, þá fengju þeir fyrst aðstöðu til að efla samfylkingu verkalýðsins með atkv. sínu.

Sama er að segja um jafnaðarmenn í sveitunum; þeir eru að vísu ekki margir enn, en þeim fer óðum fjölgandi. Þeir eru dreifðir innan um framsóknarmenn og íhaldsmenn, og þar af leiðandi hafa atkv. þeirra ekkert gildi fyrir þeirra flokk. Þau voru notuð af Framsóknarflokknum meðan hann var að komast til valda, hann fékk léð atkv. þessara manna til að fella sameiginlegan andstæðing; á annan hátt gátu þau engin áhrif haft. Væri landið eitt kjördæmi, mundu þessi atkv. einnig ná sínum áhrifum þar, sem þau eiga heima. En meðan núv. kjördæmaskipun helzt, vil ég ráðleggja öllum, sem jafnaðarstefnunni fylgja, en sem að undanförnu hafa kosið með annaðhvort Framsókn eða Sjálfstæðisflokknum, vegna þess að atkv. þeirra hefðu að öðrum kosti orðið áhrifalaus, að kjósa framvegis frambjóðendur hvorugs þessa flokks. Jafnaðarmenn eiga aðeins að kjósa sína eigin menn, svo komi fram hvað liðsterkir við erum. Því það megum við vita, að hvor hinna flokkanna sem ofan á verður, mun berjast gegn okkur Alþýðuflokksmönnum. Eina leiðin til að koma á því skipulagi, að öllum geti liðið vel, er því sú, að alþýðan skipi sér óskipt í sinn eiginn stjórnmálaflokk, Alþýðuflokkinn.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að framkvæmdum síðustu ára, hvernig afstaða okkar jafnaðarmanna hefir verið og er til þeirra.

Eins og ég gat um áðan, komum við fram nokkrum lögum, sem til umbóta horfðu, með hjálp framsóknarstj. á tveimur fyrstu árunum, sem hún sat við völd; má þar til dæmis nefna lög um verkamannabústaði í bæjum, lög um slysatryggingar og lög um ríkisverksmiðjur til síldarbræðslu o. fl. En þegar kom fram á árið 1930, varð sýnilegt, að Framsóknarflokkurinn vildi ekki gera meira en hann var búinn í þessa átt. Þó höfðum við jafnaðarmenn mikið hjálpað framsóknarmönnum, stj. þeirra lifði beinlínis á hlutleysi okkar fyrstu árin, og það geta þeir aldrei fullþakkað okkur, því á þeim tíma tryggðu þeir á ýmsan hátt aðstöðu sína til áhrifa og valda í landinu. Í annan stað hjálpuðum við framsóknarmönnum til þess að koma fram ýmiskonar umbótum fyrir landbúnaðinn. En það vil ég taka fram, að ef við jafnaðarmenn hefðum haft völdin hér á landi, hefðum við gert þau lög allt öðruvísi úr garði heldur en framsóknarmenn gerðu. Við komum fram með okkar gagnrýni við þau, en þegar til úrslita kom, var ekki um annað að ræða en annaðhvort að samþykkja þau í svipaðri mynd og framsóknarmenn vildu, eða þá að bændurnir fengju engar umbætur. Það, sem við höfum að athuga við jarðabótastyrkinn og aðrar styrkveitingar til bænda, allar vegagerðirnar og símalagningarnar úti um landið o. s. frv., er fyrst og fremst það, að ekkert skipulag hefir verið á neinu af þessu. Við álítum, að það sé eins nauðsynlegt fyrir almenning og ríkisstj. að hafa skipulag á öllum framkvæmdum úti um sveitir landsins eins og það er nauðsynlegt fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði, að þeir séu byggðir upp eftir föstu skipulagi, eins og ákveðið hefir verið með lögum. Það sýnir sig bezt nú í kreppunni, hvað allar framkvæmdirnar koma bændum að litlu liði. Það hefir sýnt sig síðan farið var að nota vélar við búskapinn, að nýtízkutæki og vinnuaðferðir njóta sín ekki nema þar, sem fjölmenni er og hægt að hafa mikla yfirferð. Það er því mjög vafasamt, hvort

búskapur á dreifðum býlum getur borið sig í framtíðinni. Það, sem við eigum að hugsa um, er ekki það, að hafa fólk á hverju einasta býli í landinu, heldur hitt, að fólkinu í sveitunum geti liðið sem bezt. Hinn beini styrkur, sem bændur hafa fengið til að bæta jarðir sínar, kemur ekki næstu kynslóð í sveitunum að því gagni, sem hann hefði átt að gera, því að í venjulegu árferði hækka jarðirnar í verði sem umbótunum svarar. Næstu ábúendur jarðanna verða að kaupa þær fyrir hærra verð og eru þar af leiðandi ekkert betur settir heldur en þeir, sem á þeim bjuggu áður en umbæturnar voru gerðar. Þetta stafar af því, að ekki hefir verið tekin upp sú regla, að allt land sé almenningseign. Það fé, sem ríkissjóður leggur til að styrkja landbúnaðinn, verður að nota á þeim stöðum, sem framtíðarbúskapur hlýtur að bera sig, en það er einkum þar, sem skilyrðin eru bezt í nánd við kaupstaðina; en í þess stað hefir því verið dreift út um allt.

Af öllu þessu skipulagsleysi á þeim framkvæmdum, sem ríkið hefir látið gera eða veitt styrk til, stafar það, að það fé, sem til þeirra hefir verið varið, kemur ekki að eins miklu gagni og átt hefði að vera, og að framkvæmdirnar eru ekki sú vörn í kreppunni, sem hæstv. forsrh. talar oft um.

Framsóknarflokksmenn úti um land segja, að Alþýðuflokkurinn hafi ekki sameiginlega hagsmuni með bændum. Reyna þeir að sýna bændum fram á það, að verkamenn séu fjandmenn þeirra, með því að þeir heimti hækkað kaupgjald. Að vísu vilja verkamenn hafa fullt kaup, en það er líka hagur fyrir bændur, að markaður sé í bæjunum fyrir afurðir þeirra, og auk þess er minnstur hluti af verkakaupi því, sem greitt er hér á landi, úr vasa bændanna.

Þótt svo sýnist í fljóti bili, sem mótsetningar séu milli hagsmuna verkamanna og bændastétta, þá eru þær ekki til. Verkamenn hafa hag af því, að búið sé svo um bændur, að þeir þurfi ekki að þyrpast í kaupstaðina. Þegar harðnar í ári, fer fjarri því, að menn þyrpist úr kaupstöðunum í sveitirnar, eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur er það öfugt. Þegar atvinna verkamanna hefir minnkað við þennan fólksstraum úr sveitunum, hafa þeir lítt reynt að verja sig, en bezta vörn þeirra er sú, að hjálpa bændum til að búa betur um sig í sveitunum en nú er, t. d. með því að láta ungt fólk komast að nýbýlum. Framsóknarfl. hefir lítið sinnt þessu nýbýlamáli, en jafnaðarmenn hafa lagt hina mestu áherzlu á það.

Á þinginu 1931 var það komið fram, sem við jafnaðarmenn höfðum spáð, að kreppa myndi leggjast yfir landið. Í ársbyrjun 1930 vildum við gera ráðstafanir til að verjast þessari kreppu og búa ríkissjóð undir hana með frv. um jöfnunarsjóð ríkisins. Var það ætlunin að taka undan tekjuafgang frá góðu árunum og neyta hans aftur á vondu árunum. En þetta náði ekki fram að ganga, og það undarlega gerðist, að sjálfstæðismenn, sem oft hafa talað um mögru og feitu kýrnar og það, að ekki megi eyða öllu í góðærunum, gengu með Framsókn á móti frv. Sést af þessu, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn, þótt hann tali fagurt, myndi breyta, ef hann hefði völdin.

Eitt af því, sem við jafnaðarmenn unnum að með Framsókn, var síldareinkasalan. Var það þó ekki sú síldareinkasala, sem við vildum, er komst á, því að hæstv. dómsmrh. samdi fyrir norðan við Einar Olgeirsson og aðra um fyrirkomulag á þessari stofnun, sem gaf Einari framkvæmdarstjórastöðu og Framsókn mikil völd í einkasölunni. Þó vildum við heldur hafa þetta fyrirkomulag en ekkert skipulag. Hafði það sýnt sig áður, að mörg hundruð manna komu kauplausir frá síldveiðum á haustin, og útgerðin virtist lítið græða, og voru allir sammála um það, að þessu þyrfti að breyta. Síldareinkasalan gekk vel í 2 ár, en 3. árið, kreppuárið, gekk auðvitað illa fyrir henni, eins og um aðra atvinnuvegi landsins. Salan gekk þá tregt, alveg eins og varð annarsstaðar, t. d. í Noregi og Skotlandi. Er ekkert sérstakt við því að segja, þótt illa hafi gengið, þótt það hefði auðvitað mátt ganga betur. — Þá varð sú breyting, að Alþýðuflokkurinn komst í meiri hl. í stj. síldareinkasölunnar. Gat ekki verið áfram sama fyrirkomulag og áður, heldur varð að láta þá ráða, sem koma mest við atvinnureksturinn, sjómenn og útgerðarmenn. Sýndi

það sig við kosningarnar, að jafnaðarmenn höfðu öll atkv. sjómanna og nægilega mörg frá útgerðarmönnum, til þess að hafa meiri hl. Var haldinn fundur um haustið, sem átti aðeins að vera undirbúningsfundur, en þá tekur forsrh. sig til og leggur þessa stofnun niður með bráðabirgðalögum. Var þetta einstæð ósvífni. Þrem mánuðum áður hafði verið gerð ný skipun á síldareinkasölunni, og þegar það sýnir sig, að Alþýðuflokkurinn verður í meiri hl. í stj. hennar, leggur forsrh. hana niður. Þá var heldur ekki nauðsynlegt að kveðja sérstaka menn í skilanefnd. Var auðvitað sjálfsagt að láta hina löglega kosnu stj. skila af sér síldareinkasölunni eins og hún var, ef ekki var hægt að halda henni áfram. Sýnir sig hér vinsemd Framsóknar við Alþýðuflokkinn, þegar honum gefst færi á að koma í framkvæmd einu af stefnuskrármálum sínum. Jafnvel nú, þegar allir vegir virðast lokaðir, er Framsókn hrædd við að láta jafnaðarmenn fá hlutdeild í stj. síldareinkasölunnar. Er því ekki hægt að segja, að Framsókn reyni í síldarútgerð og síldarsölumálum að hæna að sér verkafólk og smáútvegsmenn, sem höfðu traust á pólitík jafnaðarmanna gagnvart síldareinkasölunni. Nú sést í vor, þegar búið er að afnema einkasöluna, hvernig fer um hag smáútvegsmanna og laun verkamanna, þó að Kveldúlfur og slík félög græði auðvitað. En svo mikið vill Framsókn vinna til, að Alþýðuflokkurinn fái ekki yfirhöndina í þessum atvinnuvegi.

Þá má geta þess, að Samband ísl. samvinnufélaga og kaupfélögin hafa gert margt nýtilegt til þess að koma lagi á afurðasölu bænda og hafa að vísu framsóknarm. víðast stjórnað þeim samtökum, en jafnaðarmenn hafa hvarvetna verið í fremstu fylkingarröð.

En nú býr ekki meira en helmingur landsmanna í sveitum, og sjávarútvegurinn er það, sem menning okkar byggist aðallega á. Því er ekki minna um það vert, að fiskur og sjávarafurðir seljist vel en afurðir landbúnaðarins. Var það því hlutverk sanngjarnrar stj. að koma á slíku fyrirkomulagi á fisksölunni, að framleiðendur um allt land gætu fengið það verð fyrir fisk sinn, er þeim bæri. En sala þessara afurða hefir verið í meira lagi léleg. Tvö félög hafa haft hana á hendi og notað aðstöðu sína og sambönd erlendis til þess að selja fyrst og fremst sínar vörur, þótt smáútvegsmenn yrðu að sitja á hakanum, Kveldúlfur og Alliance.

En þó að Framsókn hafi ekkert gert til þess að koma á einkasölu á fiski, hefði mátt búast við, eftir ár eins og 1931, að hún hefði komið einhverju skárra fyrirkomulagi á fisksöluna. Þess vegna bárum við jafnaðarmenn fram þá spurningu snemma á þingi, hvort Framsókn hugsaði sér að vinna að bættri fisksölu. En hún ætlar auðsjáanlega ekkert að gera til þess. Henni er alveg sama um sjávarútveginn. Mætti benda á 2 atriði, er snerta verstaðina úti um land; í fyrsta lagi það, hvernig Framsókn kom þar fram viðvíkjandi ísfisksölunni. Hún hefir að vísu ekki unnið gegn ísfisksölunni, ýmsir þm. hennar fygldu jafnaðarmönnum í dragnótamálinu, til þess að hjálpa mönnum til að geta veitt kola. En hún hefir ekki gert það, sem henni bar og hún hafði heimlid til eftir l. um ísfisksölu frá síðasta þingi.

Annað atriðið er það, hvaða ráðstafanir Framsókn hefir gert til þess að mæta kreppunni. Hvaða ráðstafanir hefir hún gert til þess að bæta fyrir sjávarútveginum? Hún hefir ekkert gert til þess að bæta sölu fiskjar. Það eina, sem hægt er að benda á í þessa átt, er frv. frá landbn., er hafði samhljóða fylgi sjálfstæðismanna og Framsóknar, um gjaldfrest handa þeim, sem eru svo efnaðir, að þeir eigi fyrir skuldum sínum. Ef bæta skal úr þessu þjóðarmeini, ætti auðvitað helzt að gera það hjá þeim, sem verst eru staðir og skulda meira en þeir eiga. Við jafnaðarmenn höfum bent á það, að bændur hafa ekki mesta þörf fyrir þessa ívilnun, heldur eru það skattar og vextir, sem þjaka þá harðast, en þar hafa þeir enga ívilnun fengið. Eins væri þess full þörf að greiða fyrir hinum mörgu mönnum úti um land, er sjávarútveg stunda, en það hefir heldur ekki verið gert. Má ekki hafa það svo áfram, að mikill hluti af framleiðendunum hagi reikningum sínum þannig, að þeir eigi ekki fyrir skuldum. Verður annaðhvort

að gera slík fyrirtæki upp og mynda ný félög eða gefa þeim alveg eftir hluta af skuldinni. Og fyrir verkalýðinn er ekkert gert. Hann á að fá að deyja út. Hygg ég, að kreppan sýni okkur hér sem í öðrum löndum, að við getum ekki látið okkur nægja það, sem hæstv. fjmrh. sagði fyrir skemmstu að um kreppurnar væri eins og um vindana, enginn vissi, hvaðan þeir kæmu né hvert þeir færu, og að ekkert væri við þeim að gera annað en sitja auðum höndum og færa niður verkalaunin. Á einmitt á slíkum tímum að breyta til og skipuleggja þjóðfélagið. Jafnaðarmenn í öðrum löndum vinna að því að koma undir félagsumráð miklu af framleiðslutækjunum. Hér á landi liggur fyrir okkur að gera það sama, t. d. með útgerð. Hlýtur hver stjórnmálaflokkur, sem hugsar um það, að fólkið hafi það sem bezt, að koma með ráð og uppástungur til þess að nýta betur sjávarútveg og búskap en verið hefir. Jafnaðarmenn kenna, að stofna verði í landbúnaðinum til samyrkjubyggða, þar sem menn eigi saman t. d. rekstrartæki, og að eins eigi í útveginum að koma á félagsskap meðal þeirra, sem að honum vinna um sameign og rekstur, en það gæti t. d. átt við um mikinn hluta togaraflotans. Við jafnaðarmenn myndum, ef við værum við stjórn, óska þess að koma atvinnuvegunum í slíkt horf. Hefi ég bent á, hvernig Framsókn hefir snúizt við málum okkar jafnaðarmanna. Það mál, sem er verkamönnum hér á landi hjartfólgnast, atvinnubótamálið, hefir hún látið sig litlu skipta. Erlendis er það áltin skylda þjóðfélagsins að sjá fyrir þeim, sem enga atvinnu hafa, með atvinnuleysisstyrkjum. Er það skoðað svo þar, sem þeir, er ráða yfir framleiðslustækjunum, verði að bera ábyrgð á því, að verkamenn hafi eitthvað til lífsins, á meðan verkamenn sjálfir ráða ekki yfir framleiðslunni. En hér hefir till. okkar um atvinnuleysisstyrk aldrei átt hylli að fagna, og aldrei hefir fengizt viðurkenning fyrir því, að atvinnuleysisstyrkur væri annað en sveitarstyrkur. Á síðasta þingi komum við með till. um þetta, og var þar samþ. að veita dálítinn atvinnubótastyrk, en þótt þessa styrks hafi verið krafizt í vetur, hefir gengið treglega að fá hann. Það er eins og hæstv. stj. haldi, að ekkert atvinnuleysi muni verða 1932. Gerir hún engar ráðstafanir núna í fjál.frv. í þessu efni. Virðist þetta nokkuð langt gengið, því að enda þótt hæstv. stj. telji sig fulltrúa efnaðra bænda landsins, getur hún ekki komizt hjá því að hugsa eitthvað um verkalýðinn og þarfir hans. — En nú er tími minn á enda, og vil ég ljúka máli mínu með því að segja fáein orð til flokksbræðra minna, sem hlusta úti um landið. Það má búast við nýjum kosningum í vor, því að vel má gera ráð fyrir, að þing verði rofið, ef felld verða fjárl. eða tekjuaukafrv., sem stj. þarf að fá samþ., en fær ekki hjá hinum flokkunum, sérstaklega vegna kjördæmaskipunarmálsins, nema Íhaldið bili enn einu sinni á „réttlætismálinu“. Við jafnaðarmenn höldum fast við kröfuna um breytta kjördæmaskipun, vegna þess, að við álítum það nauðsynlegt skref til þess að auka mátt þingsins. Hafa verkamenn sýnt mátt samtakanna í verkalýðsfélögunum, og geta þeir sýnt hann eins nú, með því að fylgja fast fram þessu máli. Ef þing verður ekki rofið af því að fjárl. verði felld, þá má samt búast við kosningum, ef stjórnarskrárbreyting skyldi verða. Vil ég skora á alla, sem á hlusta úti um land, að vera nú viðbúnir kosningunum og láta ekki dreifast til Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins eða sprengingaflokks þess, sem nefnir sig kommúnista. Verða allir að standa saman í þessu máli. Vil ég sérstaklega skora á þá, sem mest veltur á, en það eru þeir, sem lifa í smákauptúnunum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Andstæðingar ríkisstj. hafa nú flutt ræður í tvær klst. En til andsvara þeim ræðum hefir stj. ekki nema eina klst. Mun svo halda áfram, meðan útvarpsumr. standa um þetta mál, að stj. hefir einn tíma til andsvara gegn hverjum tveimur, sem á hana er deilt, eða helmingi styttri tíma. Er ekkert við því að segja, þar sem þessar reglur um útvörpun eldhúsdagsins hafa verið settar. Er sjálfsagt að sætta sig við þær.

Við ráðherrarnir höfum ákveðið að

skipta þessum eina tíma til þriðjunga. Fæ ég þá í minn hlut 20 mínútur. Má því búast við, að ég komist ekki yfir nema part af því, er ég þyrfti að segja. Það, sem ég get sagt nú, verður því aðeins byrjun, og kemur þá meira síðar. Ég mun svara nú eftir því, sem tíminn endist. Ég hefði helzt viljað byrja á því að svara hv. 2. þm. Skagf., sem talaði fyrr. En þeir hlutir voru í ræðu þess hv. þm., er síðar talaði, 3. þm. Reykv., að ég vil enn síður láta undan reka að svara honum þegar í stað. Fer þá sem má um það, hvort ég fæ tíma nú til þess að svara hv. 2. þm. Skagf. En dugi tími minn ekki til meira en að svara hv. 3. þm. Reykv., verður hitt að bíða. Í ræðu hv. 3. þm. Reykv. voru þau atriði, er vekja munu mikla athygli um allt land, ef krufin eru til mergjar. Ég ætla að sleppa öllu tali um það almenna, er fram kom í ræðu hans um stefnur og þesshættar. Um það er alltaf tækifæri til að tala. Ég ætla aðeins að koma inn á merkilegustu atriðin, þau, sem ég veit, að allur landslýður hefir gefið mestar gætur. Hið fyrsta er þá kjördæmamálið. Það, sem hv. þm. sagði um það, var góð og heppileg viðbót við umr. þær, sem fóru fram í Ed. nú í dag og líka var varpað út.

Hv. 3. þm. Reykv., sem var annar aðalupphafsmaðurinn og driffjöðrin í því samkomulagi, sem varð á milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna á þinginu í fyrra, kom með eftirtektarverðar játningar og lýsingar um rekstur kjördæmamálsins frá því í fyrra og til þessa dags og kom með atriði, er fyllir sögu þess. En í öðru lagi kom hv. þm. með hótanir og áskoranir um hótanir, ef ekki er gengið að öllum kröfum jafnaðar- og sjálfstæðismanna. Hv. 3. þm. Reykv. lýsti skýrt og skorinort samvinnu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna í fyrra og sagði frá: Í fyrsta lagi, hvenær samningar hófust. Í öðru lagi, að samkomulag hefði verið um kjördæmamálið í öllum aðalatriðum. Og í þriðja lagi, að líka var samið um Sogsmálið. Með þessari skýrslu hefir hv. 3. þm. Reykv. staðfest orði til orðs allt, sem við framsóknarmenn sögðum í fyrra um samninga þessara flokka, en sem sjálfstæðismenn hafa neitað. Ég vona, að allur landslýður hafi heyrt og tekið vel eftir þessari yfirlýsingu jafnaðarmannaforingjans. Og ég bið landsmenn að bera þetta vel saman við það, sem sjálfstæðismenn sögðu á þingmálafundum í bændakjördæmunum síðastl. vor, það, sem þeir sögðu á Austurlandi, í Skagafirði og Dölum, þar sem ég var á fundum, í Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Hér verður því ekki lengur um villzt, að það, sem við framsóknarmenn höfum um þetta sagt, er orði til orðs rétt og satt. Hv. 3. þm. Reykv. kom svo að hinum sorglegu úrslitum kosninganna fyrir þetta nýja bandalag. Niðurstaða hv. þm. um kosningaósigur jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna var svo sú, að hann hefði verið æsingum framsóknarmanna að kenna. Eftir því erum það við framsóknarmenn, sem höfum átt að hafa stofnað til æsinganna hér síðastl. vor! Það erum við, sem höfum átt að hafa truflað dómgreind almennings með æsingum! — Ég býst við því, að fleiri en ég hafi orðið hissa á að heyra þetta. Og ég er hissa á því, að hv. 3. þm. Reykv. skyldi minnast á æsingarnar í fyrra. Hann hefði þó sannarlega gert sér og bandamönnum sínum meiri greiða með því að minnast ekki á slíkt. Vorum það við framsóknarmenn, sem stofnuðum til allra þeirra æsinga og truflunar í dómgreind almennings, svo sem raun varð á í hinni eftirminnilegu viku í fyrra? Vorum það við, sem daglega gáfum út þau æsingablöð, sem einsdæmi eru í sögunni? Og ég efa ekki það, að þau munu verða talin „historisk plögg“ á sínum tíma. Vorum það við, sem dag eftir dag höfðum æsingafundi á mörgum stöðum og héldum æsingaræður af svölum Alþingishússins? Vorum það við framsóknarmenn, sem fórum kvöld eftir kvöld fylktu liði með hrópyrðum og hávaða heim til manna? Fengu þeir hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. og fleiri foringjar bandamanna slíkar heimsóknir á heimili sín? Var reynt til þess að gera fjölskyldum þeirra illvært á heimilum sínum? Eða þurftu þeir að taka börn sín úr barnaskóla, vegna þess að þeim var ekki viðvært þar fyrir æsingum? — Það þarf dirfsku til að segja slíkt, svo allur landslýður hlusti á! Sagan mun áreið-

anlega geta þeirra æsinga, sem voru í aprílmánuði 1931. En engum lifandi manni, sem þá sögu skrifar, mun detta í hug að segja, að Framsóknarflokkurinn hafi framkvæmt og alið þá æsingu.

En hitt er rétt, að æsingarnar höfðu áhrif á kosningaúrslitin. Atburðir þeir, sem gerðust hér í apríl, höfðu sín áhrif á gætna menn um land allt, einnig hér í Reykjavík, sem létu sér slíkt framferði illa líka. Aldrei hefir slík samúðaralda og þá streymt til mín hvaðanæfa af landinu. Og kjósendurnir í kjördæmi mínu sýndu þetta líka. Þeir kusu mig, sem þó hafði ekki getað komið í kjördæmið langan tíma vegna heilsuskorts, með hærri hlutfallstölu en nokkru sinni áður, svo að ég hafði einna hæsta hlutfallstölu atkvæða af öllum þingmönnum.

En svo kom aðalatriðið, — hv. 3. þm. Reykv. kastaði mörsiðrinu. Hv. 3. þm. Reykv. hefir ýmsum mikilsverðum störfum að gegna fyrir sinn flokk. Hann er formaður Dagsbrúnarfélagsins og hann er formaður hins volduga verkamálaráðs. Hann er því vanur að boða verkföll, framkvæma þau, fyrirskipa þau og jafnvel þvinga verkafólk til að gera verkföll. Og nú lýsti hann yfir einu verkfallinu enn. Hann lýsti yfir verkfalli þingmanna jafnaðarmanna. Hann lýsti þar með yfir, að þingmenn jafnaðarmanna mundu ekki inna af hendi hinar frumlægustu skyldur þingmannsins, sem eru þær, að vinna af alhug að velferðarmálum alþjóðar, bjarga út úr þeim vandræðum, er að steðja á krepputímum, afla nauðsynlegs fjár til framkvæmda vegna atvinnu verkalýðsins. En nú gera þessir hv. þm. verkfall um að láta fé renna í ríkissjóðinn til þarfa alþjóðar. Þeir gera verkfall í skattamálum. Formaður Dagsbrúnarfélagsins og Verkamálaráðsins kemur fram með skilyrðislausa verkfallshótun, — hótun um þingmannaverkfall Alþýðuflokksins — nema Framsókn skilmálalaust gangi að kröfum jafnaðarmanna í kjördæmamálinu. En þær kröfur eru: Afnám núverandi kjördæma og hlutfallskosningar um land allt. Og fresturinn er svo boðaður, að ef við eigum að komast hjá verkfalli, þá eigum við að láta kúgast næstu daga — helzt fyrir næstu helgi.

Verkfallshótun er ekki ný bóla hjá hv. 3. þm. Reykv. Hann er sem formaður Dagsbrúnar og Verkamálaráðsins vanur slíku. Hann ræður yfir verkafólkinu og getur skipað því eftir geðþótta. En nú hefir hann fært þessa starfsemi sýna yfir á nýtt svið. Nú boðar hann þingmannaverkfall. Og tónninn er hinn sami og í öðrum verkföllum: Krafa um að beygja sig skilmálalaust. Hótanir um, að allt illt vofi yfir, ef ekki er að skilmálunum gengið.

En svo kom annað nýtt: Dagsbrúnarformaðurinn, verkfallsfrömuðurinn lét sér ekki nægja að boða verkfall þingmanna Alþýðuflokksins! Nei, nú var líka heitið á aðra, utan verkalýðssamtakanna. Hann bar líka fram átakanlega og hjartnæma áskorun um samúðarverkfall frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Samúðarverkfall! — Það er líka þekkt hugtak hjá hv. Dagsbrúnarfélagsformanni. Hann er líka vanur því að skipa fyrir um samúðarverkfall. Slíkum fyrirskipunum er beint í allar áttir. Er stutt að minnast hinnar síðustu. Hún var gerð nú nýlega og er því mjög í fersku minni. Hún var gerð þegar Brúarfoss flutti frysta kjötið bændanna á enska markaðinn. Sá farmur nam ½ millj. kr. Því var yfir lýst í Alþýðublaðinu, að beðið hefði verið um samúðarverkfall í London. Beðið um, að ekki yrði skipað upp þessum dýra farmi og gera þar með kjötið ónýtt. — Nú er beðið um nýtt samúðarverkfall. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru beðnir um að gera það með hinum „strækandi“ þingmönnum Jafnaðarmannaflokksins. Formaður Dagsbrúnar gefur út skipunina og áskorunina. Hann er vanur þeim vinnubrögðum. Og það er merkileg tilviljun, hvaða tíma hann velur sér til þessa. Tíminn, sem hv. þm. velur er fyrsti virki dagur hinnar íslenzku viku. Það er sá tími, sem samtök fjölmargra fara fram um það, að leggja meiri vinnu, meira framtak og samvinnu um að bjarga hinni íslenzku þjóð. Þetta er þátttaka hv. 3. þm. Reykv. í íslenzku vikunni: Hann vill gera þingmannaverkföll — stöðva allar framkvæmdir vegna peningaleysis, stöðva allar viðreisnartilraunir. Hv. 3. þm. Reykv. segir: Nú byrjum við jafnaðarmenn íslenzku vikuna

með því að þingmenn okkar gera verkfall. Og við heimtum samúðarverkfall af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. — Hverju svara svo þingmenn Sjálfstæðisflokksins þessari ósk og kröfu Dagsbrúnarformannsins og formanns Verkamálaráðsins um samúðarverkfall alþingismanna á því mesta kreppuári, sem yfir landið hefir komið á þessari öld? Ég svara vitanlega ekki fyrir þá. Ég geng út frá því, að þeir láti formann Verkamálaráðs og Dagsbrúnar ekki mælast einan við um þetta samúðarverkfall að öllum landslýð áheyrandi. Það verður áreiðanlega víða beðið með óþreyju eftir því, hverju þeir svara. Ég fyrir mitt leyti get lýst yfir því, að ég læt segja mér það oft áður en ég trúi því, að þeir geri slíkt verkfall. Ég trúi því ekki, hvað sem líður öllum erjum, hvað sem líður flokkshatri og hvað sem líður öðrum kröfum, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins láti leiðast til þessa samúðarverkfalls, enda þótt hv. 3. þm. Reykv. sjálfur heimti það. Ég trúi því ekki, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins gangi frá sjálfsögðustu skyldum þingmannanna. Ég vil heldur trúa því, að þeir geri það, sem hægt er, til þess að bjarga landinu á hinum verstu tímum. En um þetta verður brátt sjón sögu ríkari.

En svo er önnur hlið þessa verkfallsmáls, sú, sem snýr að verkafólkinu. Ætli verkafólki því, sem á hlýddi, hafi þótt vænt um þennan verkfallsboðskap formanns síns? — Hver verða áhrif þingmannaverkfalls, ef framkvæmt er? — Þetta þingmannaverkfall og samúðarverkfall hefir sömu áhrif og önnur verkföll, nema í stærri stíl: Niðurfelling vinnu og stöðvun verklegra framkvæmda. Af hálfu hins opinbera verður þá ekki hægt að framkvæma neina vinnu, og það kemur vitanlega fyrst og fremst niður á verkalýðnum. Hv. 3. þm. Reykv. telur sig vera umboðsmann verkalýðsins. Hann boðar nú verkfall, sem leiðir til þess, að hagur verkalýðsins verði enn bágbornari en þarf að vera og ella mundi. — Hvers ætlast verkafólkið til af hv. 3. þm. Reykv. fyrst og fremst? Þess, að hann vinni hér á þingi að því, að framkvæmdir af hálfu hins opinbera verði sem allra mestar og sem bezt hlúð að verkafólki þessa lands. — En hvað segir hv. þm.? Hann segir: Nú gerum við þingmenn verkfall, svo ekkert verði gert.

Hv. 3. þm. Reykv. ásakaði stjórnina um, að hún léti ekki í té neinar atvinnubætur. Hví nefnir hv. þm. atvinnubætur? Hann, sem sjálfur vinnur á móti þeim. Hann er sjálfur áhugalaus um þær og vill gera verkfall til að vinna á móti þeim. Og hann meira að segja heimtar samúðarverkfall til að vinna á móti atvinnubótum. Því hvaða atvinnubætur getur ríkið látið gera, ef ekkert fé er til í ríkissjóði?

Ég hefi heyrt margt um verkföll og samúðarverkföll, en aldrei fyrr slíka skipun frá formanni verkamanna, að hefja skyldi verkfall móti ríkissjóði til að ekkert verði gert fyrir vinnandi fólkið á atvinnuleysistímum.

Að lokum vil ég minnast á ávarp hv. 3. þm. Reykv. til verkalýðsins úti um allt land. Hann boðar fólkinu það, að fjárlög verði felld. Hann boðar því nýjar kosningar. Og hann hvetur menn til að ganga undir merki Alþýðuflokksins. Ég hefi ekki trú á þessum boðskap til vinnandi fólksins. Ég hefi ekki trú á því, að fólkið skipi sér undir merki þess flokksforingja, sem vill með verkfalli hindra það, að ríkið geti veitt vinnu. Ég segi alveg gagnstætt: Stöndum nú saman betur en nokkurntíma áður. Hefjum sameiginlegt átak um að styðja sem bezt atvinnurekendur og vinnandi fólkið í landinu. Ekki með verkföllum, heldur með meiri vinnu og meira og betra samstarfi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil fyrst víkja fáum orðum að hv. 2. þm. Skagf. Sá hv. þm. hélt sig að venju við allskonar smámuni, sem ekki er tími til að eltast við á hinum stutta ræðutíma, sem okkur ráðherrum er ætlaður. Hv. þm. þótti t. d. slæmt, að ríkisjóður ætti tvo bíla. Þetta er nú máske ekki gott. En þetta er þó ekki annað en það, sem gerist með öllum menntuðum þjóðum, að ríkin eiga bíla, og er nú af hagnýtum ástæðum framkvæmt við margar stofnanir hér á landi. Pósthúsið á t. d. sinn bíl, síminn sinn og vegamálastjórinn sinn bíl. Hv. þm. talaði líka um hestaeign ríkissjóðs. En hestaeign ríkisins er nú einmitt arfur

frá hans eigin stjórnartíð. Þá stóð nú hestaeignin með svo miklum blóma, að stjórnarforsetinn þáverandi, Jón heit. Magnússon, gat ferðast á þeim austur um Skaftafellssýslur, og sjálfur ferðaðist hv. þm. til kjósenda sinna norður í Skagafjörð á þeim hestum. Nú eru ekki nema tveir hestar til, svo hv. 2. þm. Skagf. verður að bæta ríflega við, ef hann á að hafa nægan hestakost til norðurferðar, ef það á fyrir honum að liggja að verða aftur ráðh. — Annars gæti ég nú betur trúað því, að hv. þm. mundi undir þeim kringumstæðum frekar nota hina fordæmdu stjórnarráðsbíla, þegar hann fer að heimsækja sitt forna kjördæmi.

Þá fannst hv. þm. eiga við að blanda Litla-Hrauni inn í þessar umr. Um það er nú það að segja, að það er skylda ríkisins að fæða þessa menn, sem þar eru, meðan þeir taka út ídæmda hegningu. Og þótt það kosti ríkið óhjákvæmilega nokkuð, þá er það í fyrsta lagi skylda, en í öðru lagi má geta þess, að ýms héruð hafa sparað mikið fé vegna þessa fangelsis. Einkum þó bæjarsjóður Reykjavíkur. Menn, sem standa í vanskilum um meðlag með vanræktum börnum, hafa borgað af ótta við að fara á Litla-Hraun. T. d. fékk einn hreppur í Mýrasýslu 1400 kr. frá einum vanskilamanni vegna þess eins, að Litla-Hraun var til og þar vinnuhæli. Ég get getið þess, að nýlega komu frá þjóðabandalaginu einar 50 spurningar um fyrirkomulag hegningarmála hér á landi. Ef hér hefði ekkert hegningarhús verið til, annað en hið gamla hér í Reykjavík, þá hefði ekki verið hægt að svara neinni spurningunni játandi. En vegna þess að Litla-Hraun var til, þá stóðumst við prófið. Hér var allt, er að hegningu lýtur, eins fullkomið og stendur jafnfætis því, sem bezt þekkist annarsstaðar. Hið eina, sem við Íslendingar erum eftirbátar um, er, að hér eru hlutfallslega færri fangar en annarsstaðar.

Hv. þm. taldi mjög eftir þá skóla, sem reistir hafa verið. Það er satt, að til þeirra hefir gengið hærri fjárhæð en sú, sem veitt hefir verið í fjárlögum. En hann gleymdi því, að til er heimild í l., sem hann hefir sjálfur verið með í að samþ., þar sem leyft er að taka lán til að koma upp héraðsskólum. Og þess má geta, að þeir 5 héraðsskólar, sem síðustu árin hafa ýmist verið byggðir af nýju eða fengið aðgerð, hafa ekki kostað eins mikið til samans og tapazt hefir á einum íhaldsgæðing, þó ekki þeim stærsta, nefnilega Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi, og segir af því nánar síðar. Sér þess þó lítla staði, en þessir skólar, sem reistir hafa verið, eru falleg og varanleg hús, og þau veita árlega 350 ungmennum skólavist við betri skilyrði en þau gerast bezt í nágrannalöndunum.

Þá fór hv. þm. að tala um, að haldin hefði verið veizla á Siglufirði. Veit ég ekki, hvort hann tilfærði þar rétta upphæð. Það er rétt, að ég var viðstaddur þegar síldarverksmiðjan var vígð. Var ég staddur á Akureyri og tók þaðan með mér 30 bændur úr umhverfi Akureyrar. En þó þessi vígsla hafi kostað eitthvað, þá er það víst, að það var minna en það, sem flokksbróðir hv. þm., hv. 1. landsk., Jón Þorláksson, kostaði, þegar hann var að sanna það í sambandi við þessa verksmiðju, að hann hefði ekki lært stóru töfluna. En þótt vinnubrögð hans væru svona aum, þá fékk hann þó víst nokkur þúsund fyrir þau.

Hv. 2. þm. Skagf. nefndi margt fleira, sem ég hefi ekki tíma til að eltast við. En allt var það af sama toga spunnið. Hv þm. tíndi ýmsa liði fram, þar sem eytt hefði verið fé, en hann nefndi ekkert, hvað fyrir það fé hefir komið. Hann nefndi það ekki, að búið er að tengja saman vegakerfið, svo nú má fara á bílum austan úr Fljótshlíð alla leið til Húsavíkur, og af þeirri leið vestur á Snæfellsnes og til Stykkishólms, og að nú er Dalasýsla að tengjast við þessa leið. Hann nefndi ekki síma, ekki húsabyggingar, ekki ræktun og margt fleira, sem hefir verið gert. En þar sem hv. þm. fór að tala um eyðslu og um það, að ekki hafi verið safnað á góðu árunum, þá vil ég minna hv. 2. þm. Skagf. á, hvernig þetta gekk til á háverðsárunum 1917—1919. Ef hann vill fá fyrirmynd um það, þá ætti hann að athuga sögu þeirra tíma. Hv. þm. og flokksmenn hans sátu þá við stjórn. En þá einmitt var grundvöllurinn lagður að skuldasöfnun ríkisins. Góðu árin þá fóru fyrir lítið og ekkert safnaðist. Ekkert var heldur gert, og það af því einu, að

of lágir skattar voru settir og miklu lægri en ástæða var til.

En úr því heimtað er af stj., að hún hafi átt að safna fé á þessum árum, þá er bezt að svipast um, hvernig Reykjavíkurbær hefir uppfyllt þær skyldur. Í Reykjavík eru íhaldsmenn í meiri hl. í bæjarstjórninni. Hvernig hefir þeim tekizt að safna fé á þessum árum, og hafa þeir marga digra sjóði til þess að grípa til nú í kreppunni? Og hvernig er það í Vestmannaeyjum? Þar er Íhaldið einnig í meiri hl. og ástandið svo, að bærinn getur ekki borgað starfsmönnum sínum. Af hverju hafa ekki þessar íhaldsstjórnir, sem ráðið hafa í þessum bæjum að undanförnu, fylgt sömu reglu og íhaldsmenn heimta nú, að ríkisstj. hefði átt að fylgja? Þegar kreppan dynur yfir, kemur í ljós, að stjórnir þessara bæja hafa ekki lagt neitt upp og standa nú uppi með tvær hendur tómar.

En svo ætla ég að snúa mér að Íslandsbanka, sem tapað hefir 20 millj. kr. á 10 árum, því að í þeirri stofnun er að finna hina heimaunnu vinnu, sem er ein aðalástæðan fyrir kreppunni hér á landi. Íslandsbanki var algerlega íhaldsfyrirtæki, sem Eggert Claessen var settur yfir með 40 þús. kr. launum á ári, eftir samningum, sem Jón Magnússon gerði. Og þó að launin væru lækkuð nokkru síðar, var það íhaldsmönnum mjög á móti skapi. Bankaeftirlitsstarfið var einnig lögleitt af íhaldsmönnum og launin ákveðin 16 þús. kr. á ári, og hefir íhaldsmaður gegnt því starfi frá byrjun. Báðar þessar hálaunuðu stöður eru því af sama íhaldssauðahúsinu. Af þessu háa kaupi hefði mátt ætla, að stjórn bankans væri í góðu lagi, en raunin hefir nú orðið önnur, eins og ég kem bráðum að.

Það þarf því djörfung til hjá hv. 2. þm. Skagf. að ráðast á mig fyrir að hafa 2 bíla og 2 hesta í stjórnarráðinu, hafa komið upp vinnuhælinu á Litla-Hrauni og átt þátt í mörgum gagnlegum opinberum framkvæmdum. Er ólíkt að bera þá gagnlegu eyðslu saman við þau afglöp, sem átt hafa sér stað í Íslandsbanka undir stjórn hans og annara íhaldsmanna. Og svo þegar bætist við, að mesta árásarefnið á mig er það, að hafa ekki hindrað að framkvæma sjálfsagða rannsókn á þessu íhaldsfyrirtæki, er á 10 árum hefir sólundað 20 millj. króna af fé landsmanna, þá er skörin sannarlega farin að færast upp í bekkinn.

Þessi rannsókn á rekstri Íslandsbanka síðastl. 10 ár, sem hv. 2. þm. Skagf. og öðrum íhaldssálum er svo mikill þyrnir í augum, var framkvæmd síðastl. ár af lögfræðingunum Einari háskólakennara Arnórssyni, Stefáni Jóhanni Stefánssyni og Þórði Eyjólfssyni, og vænti ég, að andstæðingar mínir viðurkenni, að í þessari nefnd séu ekki líkur til, að hallað hafi á íhaldsmenn eða sósíalista. Eftir þennan formála kem ég þá að niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar, er sýna, hvernig feitu kúnum í atvinnulífi þjóðarinnar hefir verið beitt á þetta frjósama akurlendi íhaldsins.

Fyrsta feita kýrin, sem hér verður fyrir mér, er síldarverksmiðjan á Sólbakka. Upphaflega var það danskt félag, sem auðséð er, að hefir verið í miklum metum hjá hinum danska hlutabanka. Árið 1920—21 er víxilskuld þessa danska félags við Íslandsbanka orðin 348 þús. krónur. Litlu síðar liðast félag þetta sundur, og er þá Sólbakki stofnaður á rústum þess, en engin skil gerð á víxlinum og bættust við skuldina 35 þús. krónur. Skuldin við Íslandsbanka er þá orðin um 400 þús. krónur, og átti þá Kristján Torfason á Flateyri Sólbakkafélagið einn. Haustið 1922 lofar Íslandsbanki Kristjáni Torfasyni að fella niður alla skuldina og gefa honum aftur veð hans öll, er bankinn hafði fyrir skuldinni, ef Kristján greiði bankanum 70 þús. krónur í peningum. Litlu síðar gerist svo eitt það merkilegasta í sögu þessa máls: Þá fær Kristján Torfason 125 þús. kr. víxil í bankanum, greiðir til baka af upphæðinni 70 þús. krónur, og fær svo sjálfur afganginn til annara þarfa. Þá voru afskrifaðar af skuldum Sólbakkafélagsins 286 þús. kr., en með því, sem áður hafði verið afskrifað af sömu eign, nam tap bankans þá 350 þús. króna. Upp úr þessu félagi var svo í desember 1924 stofnað h/f Andvari og hlutafé talið 260 þús. krónur. Árið 1925 starfaði félag þetta, og átti þá hv. 2. þm. Skagf. sæti í landsstj. Finnst mér því vel við eigandi að lesa hér upp lítið eitt úr viðskiptareikning Andvara við Íslands-

banka árið 1925, og lítur hann svona út:

Í ársbyrjun fær félagið hjá bankanum				200 þús. kr.
5. maí	víxil að upphæð			80 — —
8. júní	—	—	—	50 — —
22. —	—	—	—	50 — —
8. júlí	—	—	—	50 — —
23. —	—	—	—	150 — —
5. ágúst	—	—	—	100 — —
13. —	—	—	—	100 — —
30. —	—	—	—	150 — —
4. sept.	—	—	—	100 — —
24. —	—	—	—	100 — —
22. okt.	—	—	—	70 — —

Alls námu þessi lán á árinu 1 millj. og 200 þús. kr. Af þessari upphæð var trygging fyrir 200 þús. kr., en án tryggingar lánaði bankinn félaginu **eina milljón króna.** Þetta var ein af feitu kúm íhaldsins á þeim árum. Allir víxlarnir féllu svo í gjalddaga á þessu sama ári, en voru framlengdir jafnóðum og allir án afborgana, og oft varð bankinn að greiða vextina líka.

Í árslok 1928 er skuld h/f Andvara við Íslandsbanka að verða um 1½ millj kr., og upp úr því fer svo félagið á hausinn. Á þessari einu feitu kú hefir því Íslandsbaki tapað, fyrst á Sólbakkafélaginu 350 þús. kr. og síðan á Andvara 1157 þús. kr., eða samtals rúmlega **einni og hálfri milljón króna.**

Þá kem ég að nr. 2, eða næstu feitu kúnni, sem íhaldið beitti á akurlendi sitt. En það er Copland. Hann var í stríðslokin stór viðskiptamaður Íslandsbanka, en myndar síðan hlutafélag og gefur því nafn sitt. Hafði það félag mikið fé í veltu, eins og bezt sést á því, að árið 1920 á tímabilinu frá 1. maí til 1. júlí falla í gjalddaga 12 víxlar, og er upphæð þeirra samanlögð 9 milljónir kr. Sama ár getur Copland hvorki borgað höfuðstól né vexti, eins og honum þó bar. Þá um haustið fara þeir utan Tofte bankastjóri og þáv. fjmrh., núv. hv. 2. þm. Skagf., til þess að reyna að hjálpa Copland. Litlu síðar biður Íslandsbanki Copland að greiða sem fyrst 4 til 4½ millj. utanlands til þess að greiða úr vanda bankans og landsins yfirleitt. En það gekk illa og allt sat við sama. Er svo skemmst frá að segja, að árið 1922, þegar hv. 2. þm. Skagf. fer úr fjármálaráðherrasætinu, eftir að vera búinn að steypa í Íslandsbanka drjúgum hluta af enska láninu, þá gerir bankinn Copland upp, og er þá skuld hans orðin 4,3 millj. Bankinn skrifar þá af þeirri upphæð sem algerlega tapað 2 millj. kr., en rúmum 2 millj. er skipt á ábyrgðarmennina og Copland. En svo fara ábyrgðarmennirnir út úr, því að þeir voru yfirleitt góðir íhaldsmenn og ekki nema sjálfsagt að losa þá við skuldbindingar, og bankana munaði svo sem ekki um að tapa 2 millj. í viðbót. Copland er nú orðinn einn eftir í félaginu, og reynist hann bankanum lítil féþúfa. Við árslok 1922 skuldar Copland bankanum 1464000 kr. Við árslok 1923 er skuldin orðin 1894000; og næsta ár hækkar skuldin enn, svo að við árslok 1924 er hún orðin 3858000 kr., eða um það leyti, sem hv. 2 þm. Skagf. kemur aftur í stj.

Árið 1926 er svo Copland gefið upp af bankanum allt, sem hann skuldar þá, nema 500 þús. kr., en samhliða er svo gerður samningur við hann, þar sem hann fær að greiða 5% vexti af þessari ½ millj., en það var 3% lægra en öðrum dauðlegum viðskiptamönnum bankans var gert að skyldu að greiða á sama tíma. En samtímis og þessi samningur var gerður lánar bankinn Copland 125 þús. kr., svo hann geti byrjað þriðju tilveru sína. Í samninginn setur Eggert Claessen, að þessi ágæti viðskiptamaður bankans megi í þessu nýja félagi reikna sér 35 þús. kr. í kaup á ári, og annað eins mun hafa verið talið leyfilegt að Copland mætti reikna sér í ferðakostnað. Þetta minnir á söguna um einn Noregskonunga, er gaf íslenzkum bónda við til kirkjubyggingar. Þegar konungur komst að því, að íslenzki bóndinn hafði valið viðinn með það fyrir augum, að kirkjan yrði að lengd og stærð eins og konungskirkjan, þá fannst konungi nóg um stórhug bónda og lét saga af viðunum, svo að kirkjan yrði minni en hans. Sama hefir vakað fyrir Claessen, er hann gerði samninginn við Copland. Af því að árslaun Claessens voru 40 þús. kr., mátti Copland ekki reikna sjálfum sér nema 35 þús. kr. í kaup á ári. En af Copland er það að segja og þessu nýja fyrirtæki hans, að hann greiddi hvorki ½ milljón-

ina eða 125 þús. krónurnar. Í febr. 1931 varð Copland gjaldþrota, og tapaði Íslandsbanki þá öllu, sem hann átti hjá honum, og er sú upphæð talin að nema 704 þús. króna. En allt tapið, sem bankinn hefir orðið fyrir vegna Coplands og félaga hans, er 3250 þús. kr. og er það ⅙ hluti allra afskrifta bankans.

Þegar Copland hefir verið gefið upp ⅙ af því, sem bankinn hefir tapað á samskonar fólki, sem allt eru íhaldsmenn, og töpin nema alls um 20 millj. króna, er öll þjóðin sýpur nú seyðið af, sýnir það bezt, hvað Íhaldinu hefir orðið hált á þessu svelli.

Minn tími er nú þrotinn að þessu sinni, en seinna í kvöld ætla ég að segja frá fleiri feitum kúm, sem Íhaldið hefir beitt á engi sitt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég er ekki eins gamall í hettunni og sumir aðrir, sem hér eiga hlut að máli, enda mun ræða mín mótast af því. Ég sat í stjórninni 4 síðustu mánuði ársins 1931, og síðan þá 3 mánuði, sem liðnir eru af þessu ári. Ég gæti því sagt ýmislegt um ástandið eins og það hefir verið á þessum tíma. Sumt af því, sem komið hefir í minn hlut að láta greiða utan heimilda, hefir mér verið sjálfrátt, en flest þó ósjálfrátt. Ósjálfrátt hefir t. d. fallið á mig sem fjmrh. að standa straum af því, að fallið hefir á ríkissjóð ábyrgð á fiskiveiðahlutafélaginu Kára, að upphæð nálægt 200 þús. kr. Að vísu skal ég kannast við, að af þessari upphæð er ekkert greitt enn annað en vextirnir. Þegar Jón Þorláksson var fjmrh. og Íslandsbanki setti að skilyrði fyrir nýjum lánum handa h/f Kára, að ríkið færði veðrétt sinn aftur fyrir veðrétt bankans, þá var ég einn, sem studdi þetta, og gerði ég það í þeirri von, að ef Kári gæti haldið áfram, mundi helzt einhver von um, að ríkið fengi sitt. En eins og sakir stóðu þá, var ljóst, að veðréttur ríkisins var einskis virði, ef félagið hefði orðið að hætta. Nú hefir þessi von brugðizt, félagið gefizt upp og ábyrgðin fallið á ríkissjóð. Sem stendur er ekki hægt að greiða skuldina upp, hún hefir færzt yfir á ríkissjóð, og verður vart annað greitt af henni en vextirnir fyrst um sinn.

Þó að hv. 2. þm. Skagf. segi, að ríkið eigi erfitt nú með skyldugreiðslur sínar, þá er ástandið ekki verra en þekkzt hefir stundum áður. Lausaskuldir ríkisins eru minni nú en þær voru í septembermánuði. Nú skal ég ekki vekja neinar tálvonir, þótt ég segi, að lausaskuldirnar séu minni en í september. En ástandið er ekki verra en þetta, og í september var búizt við lakara ástandi, þegar fram á árið kæmi, en raun hefir enn á orðið.

Það hefir verið mikið talað um sparnað og allir sammála um, að nauðsyn beri til að viðhafa hinn allra mesta sparnað á sem flestum sviðum. En svo hefi ég framið þá óhæfu í sambandi við sparnaðartalið, að benda á, að ríkissjóður þurfi á nýjum tekjuauka að halda. Og þó hefi ég í þessu efni ekki gert annað né meira en fjmrh. Íhaldsflokksins gerði á þinginu 1924. Þá bað hann um stóran tekjuauka, vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs, og var þó kreppan þá ekki neitt svipuð þeirri, er nú gengur yfir. Og fjmrh. Íhaldsins fékk á þinginu 1924 stóran tekjuauka, er sum árin hefir gefið ríkissjóði um 3—4 millj. króna. Og þennan tekjuauka fékk fjmrh. með aðstoð Framsóknar, en þakkarskuldin fyrir þá hjálp er enn ógreidd. Minni ég á þetta til þess að benda hv. íhaldsmönnum á, að nú er tækifæri að greiða þá þakkarskuld að hálfu.

Það er að vísu satt, að á þinginu 1926 voru tekjur ríkissjóðs lækkaðar til muna, en ekki var það gert fyrir forgöngu stjórnarinnar. Hún vildi halda tekjunum óbreyttum, en treysti sér ekki til að standa á móti, er ein aðalnefnd þingsins beitti sér fyrir lækkuninni. En síðar kom á daginn, að tekjurnar hefðu ekki átt að lækka svo mikið, því að tekjuhalli varð um 200 þús. kr. á ríkisrekstrinum hjá þáv. fjmrh., Jóni Þorlákssyni. Og næsta ár, 1927, varð tekjuhallinn 1½ millj. kr., og svaraði sú upphæð til þess, sem tekjurnar voru lækkaðar 1926. Afleiðingin af þessu varð sú, að gripið var aftur til hinna sömu tekjustofna á árinu 1928 og fært í sama horf og áður. Við þessa tekjulöggjöf hefir svo Framsókn búið síðan, eða þá sömu, er Jón Þorláksson bjó við í þrjú ár. Það er eins og menn haldi, að tekjulöggjöfin hafi gerbreytzt á

þessum árum, af því tekjurnar hafa orðið meiri en nokkru sinni áður. En svo er ekki. Eftir því sem betra er í ári og tekjurnar meiri, því meira er þolið, starfsfjörið vex og framkvæmdir aukast, ekki aðeins af hálfu einstaklinga þjóðarinnar, heldur engu síður af hálfu ríkisins.

Nú hefir margt gerzt á síðustu tveim árum og kreppan færzt yfir okkur. Allri þjóðinni er ljóst, að það verður að vera stefnubreyting, en meginorsakirnar koma utanað. Það er hægt að fá menn til að gleyma fljótt því, sem gert hefir verið til bóta. En samansöfnuð þörf atvinnuveganna og sveitanna heimtaði, að mikið væri að gert. En allt kostaði peninga. Ef ætti að telja allt, sem gert hefir verið, þá tæki það langan tíma. En það er auðvelt að fá menn til að gleyma lífsgæðunum og muna kostnaðinn einn.

Og nú eru þeir tímar komnir yfir okkur alla, að óhjákvæmilegt er að draga stórlega úr útgjöldum ríkisins. Því verður ekki neitað, að útlitið á yfirstandandi ári er hörmulegt. Það er búið að semja fjárlög fyrir þetta ár og margt bundið við það, sem þar er ákveðið. Stjórnin verður að taka afleiðingunum af þeim ákvörðunum, sem teknar voru í fyrra. Mér er ekki um að kenna, þó að ég sé bundinn við að inna þau gjöld af höndum, sem þing og ríki hafa lagt á sig á yfirstandandi ári. Það verður ekki hjá því komizt, að tekjur ríkissjóðs lækki á þessu yfirstandandi ári frá því, sem áætlað er í núgildandi fjárl. Hvað miklu sú tekjurýrnun nemur, verður ekki sagt með vissu, en sennilegt er, að það verði einhversstaðar á milli 1½—2½ millj. kr. Það verður því ekki komizt hjá að sjá ríkinu fyrir tekjum til að greiða það, sem bundið er í fjárl. þessa árs, án nokkurs varnagla frá þeim, sem heimta nú, að sparnaðurinn einn hrökkvi.

Ég hefi beðið um tekjuauka til þess aðeins að standa undir þeim gjöldum, sem lögbundin eru nú og greiða þarf á þessu ári. Ég hefi lagt fram frv. um verðhækkunarskatt af tóbaki, sem gefa átti um 200 þús. kr. En það hefir þegar verið drepið. Þó er mögulegt að ná sömu fjárhæð og mitt frv. hefði gefið, ef samþ. verður frv., sem hv. fjvn. hefir borið fram um að tekjur ýmissa stofnana o. fl. renni beint í ríkissjóð. Ég hefi lagt fyrir þingið frv. um hækkun á benzínskatti, sem áætlað er, að gefi um 250 þús. kr. umfram það, sem sá skattur gefur nú. En tvísýnt er mjög, að frv. þetta nái samþ. Ég hafði ætlað mér að leggja til, að viðbótarverðtollur væri lagður á allan óþarfa varning, sem til landsins flyzt, og mætti búast við, að það gæti gefið um 100—200 þús. kr. tekjuauka á þessu ári, allt að 300—400 þús. kr. á næsta ári. Að síðustu skal ég nefna, að ég hafði ætlazt til, að tekjuskattur hækkaði um 20—25%, án þess þó að sá tekjuauki kæmi niður á atvinnuvegi landsmanna á þessu ári. Á síðastl. ári hefir enginn atvinnurekstur í landinu borið sig, nema ef vera skyldi verzlun. Sjávarútvegurinn hefir ekki borið sig, landbúnaðurinn hefir ekki borið sig, en þessir tveir atvinnuvegir standa undir ríkissjóði og á þeim byggjast fastar tekjur ríkisins. Að auka beinu skattana hafa menn ekki komizt hjá neinsstaðar, hvorki íhaldsmenn, sósíalistar né liberalir.

Þetta eru þá þau 4 tekjuaukafrv., sem ég hefði hugsað mér að bera fram, en ég set þau ekki fram öll fyrr en séð er um möguleika á afgreiðslu. Ef tekjulöggjöf þessi verður samþ., þá kemur það lítið við atvinnuvegi landsmanna, nema að því leyti sem það leggst á þann munað, sem menn leyfa sér, í hvaða mynd sem er, og auðvitað hvílir, eins og allt annað, á atvinnulífinu. Og það er fyrst og fremst óþarfinn og hátekjurnar, sem ber að skattleggja.

Þetta er þá það, sem ég hefi lagt til að verði gert. Ég hefi sagt hv. þdm. bæði nú og áður, að það er ekki hægt að komast af með sparnað einan saman — ekki hægt á yfirstandandi ári — vegna þess að gjöldin eru þegar lögbundin af þinginu sjálfu. Tekjulöggjöfin verður því að breytast; það verður að afla nýrra tekna, ef ekki á að verða fyrirsjáanlegur tekjuhalli á ríkisrekstrinum þetta ár.

Hvað viðvíkur árinu 1933, þá er allt laust og óbundið enn. Í fjárlfrv. því, sem ég lagði fyrir þingið, hefir verið reynt að draga gjöldin saman, svo að sparað er um 1 millj. kr. frá því, sem ætlazt er til, að greitt verði á þessu ári. En sparnaðurinn er ekki einhlítur, þó hann sé hæst á

baugi á þingmálafundum og engar áskoranir samþ. um nýjar álögur.

Viðfangsefni okkar nú er ekki gamlar syndir, og sízt margra ára gamlar. Fortíðin verður að deyja, svo að framtíðin lifi og meira tillit verði tekið til hennar en þess, sem brotið kann að hafa verið áður.

Afleiðingar gengislækkunarinnar síðasta haust, sem hv. 2. þm. Skagf. var að tala um, spillir ekki útliti fjárlagafrv. Þar eru margar upphæðir svo bundnar, að þar verður engin hækkun þrátt fyrir gengisfallið. Gengisfallstímarnir eru betri fyrir það, að þá verður minna frábrugðið frá því, sem áætlað er. Út af fyrir sig er ég ekki hræddur við gengisfallið, enda hefir það farið svo um flestar nauðsynjavörur, að þær hafa ekki hækkað frá því í september.

Það eru engin undur, þó að farið sé fram á tekjuhækkun nú, þegar þess er gætt, að nú gilda sömu tekjulög og 1926, og lögbundnar greiðslur voru þá a. m. k. 2 millj. kr. lægri en nú, svo að þegar hér er farið fram á rúmlega einnar millj. kr. hækkun, sem gildi í 1½ ár, til að jafna tekjuhalla þessa árs, þá sýnist það vera sú minnsta tekjuaukning, sem hægt er að komast af með, þegar litið er til þeirra laga og greiðsluheimilda, sem sett hafa verið síðan 1926, og ekkert útlit er fyrir, að þessar lögbundnu greiðslur verði að nokkrum mun lækkaðar. Frv. frá fjvn. er að vísu þakkarvert, en frekari niðurskurður er alþingiskjósendum viðkvæmt mál, og hv. þm. þá auðvitað líka. Þess verður að gæta í umr. okkar um sparnaðarmöguleikana.

Það má að vísu segja á þessum tímum, að ríkið hefði átt að eiga geymslufé frá fyrri árum, og það má eins segja, að einstaklingsfyrirtækin hefðu átt að eiga geymslufé og sama má segja um aðrar þjóðir, að þær hefðu átt að eiga nægan forða frá góðu árunum, svo að ekki þyrfti að leggja skatta á í vondum árum. En hver er reynslan? Atvinnuvegnirnir standa sig illa hvert sem litið er, og sama er að segja um ríkin og þeirra fjárhag. Kreppan þjakar þau hvert með öðru, og þau verða að auka álögur stórlega þrátt fyrir ýtrasta sparnað. Nú er varla um annað rætt úti í löndum en þessa örðugleika, sem eru meiri en nokkru sinni áður síðan ófriðurinn mikli skall á. Það er að vísu rétt, að ef ríkin og einstaklingar hefðu safnað nægu fé á góðu árunum, þá væri kreppan ekki tilfinnanleg. Það er sjálfsagt gott ráð að búa svo um sig, að kreppnanna verði hvergi vart. En þarna erum við undir sömu syndina seldir og aðrir. Kreppan kom yfir aðrar þjóðir ekki síður en okkur, og aðrar þjóðir höfðu ekki safnað í sjóði fremur en við. Og þegar stærstu fjármálamenn heimsins hafa ekki gætt þessa, og þegar þeir sumir hverjir, sem byggt hafa upp fyrirtæki sín í góðærinu, í staðinn fyrir að bjarga öllu gegnum kreppuna, senda kúlu gegnum höfuðið á sér, þá er ekki að undra, þó að við, þessi smáþjóð úti á Íslandi, verðum fyrir barðinu á kreppunni.

Það má segja, að þetta sé sök skipulagsins, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, en því verður ekki kennt hér um að öllu leyti. Það er manneðlið, sem kemur hér ekki síður til greina. Það mun vera samfara hverju skipulagi ýmist vont eða gott. Skipulagið eitt getur ekki fullkomnað eða tryggt atvinnurekstur. Við höfum haft samvinnurekstur um kjötið, á síldinni ríkisrekstur, á fiskinum einstaklingsrekstur. Hvernig hefir svo farið um þetta allt? Hefir hin almenna verðlækkun ekki komið yfir þetta allt saman? Er þá skipulagsleysinu einu um að kenna? Nei, hér kemur ekki skipulagið eitt til greina, heldur er það hin utanaðkomandi og aðvífandi kreppa, sem veldur mestu. Sú verðlækkun, sem skapazt hefir í heiminum, er komin yfir okkur. Hún hefði komið, hvaða skipulag, sem verið hefði ríkjandi og afleiðingunum verðum við að taka. Við höfum gert ýmsar varnarráðstafanir, lagt höft á innflutning á ónauðsynlegum vörum, og hefir lítið verið um það deilt. Það hefir verið reynt að setja skipulag á ráðstafanir á gjaldeyrinum, sem ekki hefir verið um kvartað, enda var það gert af algerðri nauðsyn. Í fjárlögum hefir verið reynt að skera sem flest niður, um eina milljón í stj.frv., og fjvn. hefir reynt að skera niður og komizt upp í 350 þús. í till. sínum.

Við þurfum að haga okkar verzlunarpólitík með tilliti til breyttra aðstæðna. Við þurfum breyttan „struktur“ í við-

skipta- og atvinnulífi. Iðnaður fyrir innlendan markað þarf að færast í aukana. Við þurfum að framleiða sem mest af því, sem við notum sjálfir, t. d. af fatnaði, skóm o. þ. h. Þar má mest að gera til að létta viðskiptaerfiðleikana til frambúðar.

Ræðutími minn er á enda, og skal ég ljúka máli mínu. En að endingu vil ég segja það, að nú kallar hin mikla nauðsyn þjóðarinnar á okkur, og hún heimtar sparnað, og hún heimtar þá skattaauka, sem nauðsynlegir eru fyrir afkomu ríkisins. Hún heimtar lausn á þeim viðfangsefnum, sem nú eru á dagskrá, og munu ráðstafanir þingsins geta átt drjúgan þátt í að hjálpa okkur út úr kreppunni, ef skynsamlega er á haldið.

Ólafur Thors: Mér er ætlað að tala hér í hálfa klukkustund. Ef ég ætti að halda **líkræðu** yfir ríkisstjórninni og þyrfti eftir gamalli ísl. venju að tína til allt hugsanlegt lof um hana, satt og logið, væri ég því fegnastur, að mér yrði fremur skömmtuð hálf stund en heil. En að halda **dómsdag** yfir stj. og stefna henni til reikningsskila fyrir allt syndaregistrið, það gerir enginn maður, hvorki á hálfri stund né á hálfum degi. Sumpart af þessu, en einkum þó vegna hins ískyggilega útlits, ætla ég að tala um stærstu málin: **Fjármálin og atvinnumálin.**

Þó get ég ekki stillt mig um að drepa á hvernig hæstv. dómsmrh. svarar fyrir sig. Hv. 2. þm. Skagf. gaf ýtarlega skýrslu um fjárhag ríkissjóðs og sýndi fram á, hversu hrapallega stj. hefir farið með fjármuni ríkisins. Til andsvara segir svo hæstv. dómsmrh.:

H/f Andvari er gjaldþrota, þar með er sannað, að fjárhagur ríkissjóðs er góður og stj. vítalaus. Eða: Andvari og Copland eru gjaldþrota, þar af leiðir, að eðlilegt er og sjálfsagt, að ríkissjóður sé líka gjaldþrota.

Ræða hæstv. dómsmrh. minnir á gamla sögu. Maður kom að heyrnarlausum manni, sem var að smíða axarsköft. Góðan daginn, sagði komumaður. Axarskaft, svaraði sá heyrnarlausi.

Annars gefur svar hæstv. dómsmrh. tilefni til að endurtaka það, sem hv. 1. landsk. nýlega sagði um hann, en það var á þá leið, að hæstv. dómsmrh. gerði þá siðferðiskröfu til sjálfs sín, að vera alltaf skör lægra en sá versti.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú gert ýtarlega grein fyrir fjárhag ríkissjóðs. Ég læt því nægja að stikla á stóru í þeim efnum og minni aðeins á örfáar tölur.

Þegar hinni fyrri fjármálastj. Framsóknarfl. lauk í ársbyrjun 1924, voru skuldir ríkissjóðs orðnar 18,1 millj. kr. Í fjármálaráðherratíð Jóns Þorlákssonar minnkuðu þær um 6,7 millj. kr., eða ofan í 11,3 millj. Samtímis óx sjóðseign ríkissjóðs um 1,7 millj. Fjárhagur ríkissjóðs batnaði þannig á þessum árum um 8,4 millj. Þetta kom m. a. fram í því, að vextir af ríkisskuldunum, sem 1924 voru 1239 þús. kr., voru 1927 komnir ofan í 701 þús. kr.

Þjóðin er **nú** orðin sammála um, að fjármálastjórn Jóns Þorlákssonar hafi verið með afbrigðum góð, en fyrir kosningarnar 1927, þær kosningar, sem lyftu núv. stj. í valdasess, kvað við annan tón. Þá sagði hæstv. forsrh., sem þá var ritstjóri Tímans, í blaði sínu:

„Svo djúpt hefir aldrei sokkið í skuldafenið. Annaðhvort er nú að láta staðar numið og hætta að safna skuldum, eða þá að vonlaust eða vonlítið má kalla að standa við að borga skuldirnar".

Og þá sagði hæstv. dómsmrh. í sama blaði:

„Hve lengi á að taka lán á lán ofan? Og hvenær verður þjóðin búin að borga þessi lán? Og hvað verður um frelsi og fullveldi þeirrar þjóðar, sem erlendir lánardrottnar geta hneppt í varanlega fjárhagsfjötra". (Tíminn, 17. febr. 1927).

Og ennfremur:

„Mönnum finnst **mikið**, að með hinum **gífurlegu** sköttum er búið að endurborga liðugar 10 millj. kr. af skuldunum".

Svona var dómur núv. stj. um fyrirrennara sína. Þeir skopuðust að því, að fjárhagur ríkissjóðs hafði batnað um 8,4 millj., sem þeir í einfeldni sinni töldu 10 millj. Og skuldirnar, 11 millj., blæddu þeim í augum. Sjálfir lofuðu þeir að stýra úr voðanum, eins og sjá má af þessum orðum hæstv. dómsmrh. í 25. tbl. Tímans 1927:

„Hvenær sem á reynir, mun Framsókn grípa stór og lítil tækifæri til þess að

gera íslenzku þjóðina óháða öllu erlendu valdi. Um stund varða mestu átökin í fjármálaefnum. Framsókn verst skuldum og veit, að skuldirnar við útlönd eru þrælsband á landið og þjóðina".

Þjóðin festi trúnað á hinn þunga áfellisdóm um fyrrv. stj. og hin gullnu loforð andstæðinganna, og Tímaliðið settist í öndvegi eftir kosningarnar 1927. Mennirnir, sem skopuðust að því, að fjárhagur ríkisins batnaði um 8,4 millj. þau 3½ árin, sem Jón Þorláksson fór með fjármálin, hafa sýnilega ætlað sér að gera betur og verða stórvirkari í skuldagreiðslunum. A. m. k. brugðust þeir því loforði, sem þeir þó gáfu í kosningunum, að létta af sköttum, og lögðu í þess stað nýja skatta á þjóðina, sem reynzt hafa milli 1 og 2 millj. kr. á ári eftir árferðinu.

Það liggja nú fyrir opinberar skýrslur um fjármálaefndir ríkisstj. Á fjórum árum, árunum 1928—'31, að báðum meðtöldum, urðu tekjur ríkissjóðs um **62½ millj. kr.**, eða milli 16 og 17 millj. umfram áætlun. Fjögra ára ríkistekjur í tíð fyrrv. stj. urðu **53,4 millj.** Af þeirri upphæð varði sú stj. 8,4 millj. kr. til þess að greiða skuldir og auka sjóðseign ríkissjóðs. 1927 þótti núv. stj. það illa og slælega að verið. Hvað hefir hún þá sjálf gert?

Fjögra ára tekjurnar hafa orðið tæpl. 9 millj. kr. meiri en í tíð fyrrv. stj. Fyrrv. stj. gat greitt 8,4 millj. kr. af skuldunum. Með samskonar verklegum framkvæmdum og voru hér á landi 1924—1927 hefði því ríkisstj. átt að geta greitt skuldir og aukið sjóðseign ríkissjóðs um nær 21 millj. kr., og er þá tekið tillit til minnkandi vaxtabyrði ríkissjóðs. Með þessu hefði stj. þó ekki komizt lengra en að jafnast á við þann, sem hún skopaðist mest að 1927 fyrir að hafa ekki greitt meira en 8,4 millj. kr.

Nú en hvað hefir nú stj. gert?

Hún hefir ekki greitt 21 millj. kr. Hún hefir enga millj. greitt. Hún hefir enga krónu greitt. Hún hefir ekki staðið í stað. Hún hefir safnað skuldum, háum skuldum, milljónum, tug miljóna, já, og hálfum betur.

Í stað þess að bæta fjárhag ríkissjóðs um 21 millj. kr., en það hefði verið samsvarandi fjármálastjórn Jóns Þorlákssonar, hefir Framsóknarstj. aukið skuldirnar um nær 14 milljónir. Mismunurinn er 35 millj. kr. Með þeirri fjárfúlgu gæti forsætisráðh. gullhúðað brynju á hvern einasta bónda í liði sínu.

Ég leiði hjá mér að tala um, hvernig þessu fé hefir verið varið. Það hefir hv. 2. þm. Skagf. gert. Mörgu hefir verið illa varið, og fjármálastjórnin hefir verið í mesta máta óviturleg og gálausleg.

Framsókn sá rétt 1927, að „skuldirnar við útlönd eru þrælsband á landið og þjóðina". Góðærið gaf stj. allra ákjósanlegustu aðstöðu til þess að stýra hjá þessari hættu. En svo gersamlega hefir stj. haft að engu hinn réttmæta kvíðboga fyrir erl. skuldum, að satt að segja er svo komið, að menn veigra sér við að horfast í augu við staðreyndir og gera sér ljóst, hverjar afleiðingar þessi ráðsmennska getur haft.

1924 lagði þáv. stj. nýjar, þungar skattabyrðar á þjóðina. Þessir nýju skattar og góðærið 1924 og 1925 fleytti fénu í stríðum straumum í ríkissjóðinn, langt umfram vonir bjartsýnustu stjórnmálamanna. En ríkisstj. stóðst freistinguna, stillti eyðslunni í hóf og varði hinum nýju skatttekjum og hinum óvæntu umframtekjum að langmestu leyti til þess að grynna á skuldum ríkisins og auka sjóðseign ríkissjóðs. Og þegar í stað, er fært þótti, var svo þessum nýju sköttum létt af þjóðinni með afnámi tollalaganna á Alþingi 1926.

1928 lagði Framsóknarstj. af nýju þungar klyfjar á skattþegnana, með því að lögfesta nær alla sömu tekjustofna, sem gilt höfðu 1924 og 1925. Síðan hefir verið að því leyti samfellt óslitið góðæri fyrir ríkissjóðinn, að aldrei fyrr hafa tekjur hans orðið svipað eins miklar. En nú hafa skuldirnar ekki verið minnkaðar og sköttunum hefir ekki verið létt af þjóðinni. Þvert á móti. Skuldirnar hafa verið auknar svo mikið, að þess eru áður engin dæmi. Engum skatti hefir verið af létt, og það sem verra er, — í stað þess að létta drápsklyfjarnar á sliguðum atvinnurekstri landsmanna krefst nú ríkisstj. nýrra skatta, a. m. k. 1—1½ millj. á ári, úr tómum fjárhirzlum þrautpíndra skattborgara.

Þetta er bjargráðið, sem stj. sér við kreppunni, — þetta er það einasta lið,

sem hátekjuríkisstjórnin getur lagt atvinnulífi landsmanna í þessum eindæma þrengingum.

Það er hæstv. fjármálaráðh., sem ber fram þessa kröfu. Mér þykir sanngjarnt að taka það fram, að fyrir hann er úr vöndu að ráða. Hann ber að vísu ábyrgð á gerðum fyrirrennara sinna með því að hafa stutt Framsóknarstj. frá öndverðu, en mér vitanlega heldur ekki þar fram yfir. Hann hefir setzt í gjaldþrota bú. Þurfandi ríkissjóður kallar til hans. En fjármuni ríkissjóðs, kornhlöður góðæranna, finnur hann eigi. Það er heldur ekki von, því að allt er sokkið og er á kafi í skuldafeninu.

Hæstv. fjmrh. hefir sýnt viðleitni í rétta átt með því að gera tillögur um lækkun útgjalda. En að minni hyggju hefir hann gengið of skammt — allt of skammt. Ég veit vel, að róttækur niðurskurður er ekki vandkvæða- né sársaukalaus. En hitt veit ég líka jafnvel, að jöfnuður á fjárlögum verður fyrst og fremst að nást með niðurfærslu á útgjöldum ríkisins, blátt áfram af því, að þjóðin er svo illa fær um að taka á sig nýjar skattabyrðar. Og það er á vitund allra hv. deildarmanna, að atvinnulíf landsmanna er orðið svo lamað, að það verður engin frambærileg ástæða færð til afsökunar því, að Alþingi létti ekki sköttum af þjóðinni, önnur en sú, að ríkissjóður er sjálfur, eftir 4 ára samfelldar hátekjur, orðinn aumastur af öllum aumum, svo vesall, að í stað þess að létta undir með atvinnurekstrinum, meðan kreppan er sem hörðust, verður hann að lifa á því að mergsjúga landsmenn, meðan ennþá er einhversstaðar eitthvað að hafa.

Ég ætla þá að víkja að því, sem mestu máli skiptir: Atvinnulífi þjóðarinnar. Og kem ég þá fyrst að sjávarútveginum.

Meðan Íslendingar höfðu eigi kynnzt annari fullkomnari framleiðsluaðferð en handfæraveiðum á þilskipum, voru aðdrættirnir að þjóðarbúinu smáir. Á þeim árum hafði þjóðin ekki úr miklu að moða, enda var allt hér smávaxið. Eftir síðustu aldamót byrja Íslendingar að taka vélaflið í þjónustu framleiðslunnar. Þá komu vélbátarnir og togararnir til sögunnar. Með því, og þó einkum og sérstaklega með komu fyrsta íslenzka togarans, gerbreytist allt íslenzkt atvinnulíf. — Þessi nýi sjávarútvegur tekur fljótum og öruggum þroska og skapar jafnframt út frá sér gróður og vöxt á öllum sviðum í þjóðfélaginu. Breytingarnar eru svo snöggar, að engu er líkara en að þjóðin hafi verið snortin einhverjum töfrasprota. Höfuðstaður landsins, sem verið hafði smákauptún, verður að stórum bæ. Ágæt höfn, vatnsveita, rafmagn, gas, þéttriðið gatnanet — allt gerist í senn, og samtímis þenja nýjar húsabreiður sig yfir stóra landfláka. Allt er þetta gert fyrir þá fjármuni, sem togararnir sóttu í regindjúp Ægis. — Frá höfuðstaðnum breiðist gróðurinn til annara kaupstaða og út um allar byggðir landsins, svo að þróun atvinnulífsins er svo ör, að síðustu 25 árin byggja menn og rækta meira en fyrri kynslóðir höfðu gert í meira en 10 aldir. Á þessum árum margfaldast þjóðarauðurinn og eins og venja er til, fylgir tilsvarandi vöxtur í andlegu lífi og menningu þjóðarinnar.

Það eru sannmæli um sjávarútveginn, að frá honum hefir hinn frjóvgandi máttur runnið, en hitt er líka satt, að fyrir sívaxandi kröfur, skilningsskort og úlfúð er þessi stórvirkasti atvinnurekstur landsmanna nú mergsoginn og máttvana. Ríkið, sveitarsjóðir og verkalýðurinn — allir þessir aðiljar hafa spennt bogann of hátt.

Ríkið tekur toll af öllum notaþörfum útgerðarinnar, smáum sem stórum, og sjálf framleiðsluvaran er skattlögð með útflutningstolli, sem nemur frá 1⅝—5%, að ógleymdri síldinni, sem ríkið hefir stundum tekið allt að því eins mikið í toll af og framleiðandinn hefir fengið í sinn hlut. Engir keppinautar okkar hafa svipað því eins erfiða aðstöðu, og sumir þeirra njóta tollfrelsis á notaþörfunum og hárra verðlauna á framleiðsluvörunni, allt að 50 kr. á skpd.

Sveitarsjóðirnir hafa ekki látið sitt eftir liggja. Hér í Rvík hefir sá andi aðallega lýst sér í niðurjöfnun útsvara á síðari árum. Hefir þar um ráðið fremur illgirni en skilningsskortur. Sem dæmi skal ég nefna, að útgerðarfélag eitt hér í bæ, sem síðustu 2 árin hefir tapað milli 6 og 7 hundr. þús. kr., að meðtöldum

fyrningum, hefir þessi ár greitt í útsvar 217 þús. kr., þar af milli 170—180 þús. kr. í Reykjavík. Félag þetta kærði fyrir niðurjöfnunarnefnd, yfirskattanefnd og atvinnumálaráðherra, og bar sig saman við Tóbaksverzlun Íslands, er grætt hafði annað árið um 60 þús. kr., en ekki goldið í útsvar nema um 30 þús. kr. Krafðist félagið þeirri spurningu svarað, hvort fyrr bæri að láta til opinberra þarfa gróða þess verzlunarfyrirtækis, sem eingöngu verzlaði með munaðarvörur, eða eignir þess framleiðslufyrirtækis, sem þegar hefði beðið stórfellt tjón af atvinnurekstri sínum.

Félagið fékk enga leiðréttingu mála sinna, og ekki þótti heldur ástæða til að hækka útsvar Tóbaksverzlunarinnar. — Forstjóri hennar var einn þeirra þriggja niðurjöfnunarnefndarmanna, sem útsvörunum réði. Þetta er eitt af mörgum dæmum það, hversu níðzt er á útveginum.

Þá er það og orðið lýðum ljóst, að útgerðinni hefir, því miður, reynzt um megn að rísa undir hinu háa kaupgjaldi, sem sí og æ hefir farið stórhækkandi í hlutfalli við verðlag framleiðsluvörunnar. Fáar tölur skýra þessa staðreynd betur en mörg orð.

1914 var hægt með andvirði eins skpd. fiskjar að greiða verkamanni kaupgjald fyrir 266 stunda vinnu og hásetanum fastakaup í nær 39 daga. Nú hrekkur andvirði skpd. ekki lengur til að greiða 266 stunda vinnu, heldur aðeins 44 stunda, og ekki til að greiða 39 daga fastakaup, heldur aðeins 8 daga kaup.

Það skal að vísu játað, að með vaxandi þekkingu og auknum dugnaði sjómannastéttarinnar hafa afköstin stórvaxið frá því 1914, en þó hvergi nærri til jafnvægis við hlutfallsröskun milli kaupgjalds og andvirðis afrakstrar.

Það er þá líka orðið flestum ljóst, að slíkt áframhald stefnir til glötunar. Nær helmingur togaraflotans er þegar orðinn gjaldþrota, en flestir hinir standa höllum fæti. Og bátaútvegurinn er lítið betur kominn. Ég fer ekki með öfgar, þegar ég segi, að verði atvinnuárferðið svipað í ár og í fyrra, veit ég fáa atvinnurekendur til sjávar, sem munu eiga fyrir skuldunum um næstu áramót. Þessi þjóðarvoði er að því leyti sjálfskaparvíti, að þjóðin hefir ekki fengið sig til að laga sig eftir kringumstæðunum. En vitaskuld getur slíkt athæfi eigi farið fram nema um stundarsakir, meðan verið er að jeta upp eignir og lánstraust. Eftir það mun neyðin leggja ráðin á fyrir okkur.

Ég hefi orðið var við, að greindir menn í þýðingarmiklum stöðum í þjóðfélaginu liggja togaraútgerðarmönnum á hálsi fyrir að hafa hafið vertíðarveiðar án kaupgjaldsbreytingar, og telja þetta nokkurn vott þess, að útgerðin standi betur en af er látið. Í öllu venjulegu árferði eru veiðar arðbærari á tímabilinu frá 20. marz til 30. apríl en um annan tíma árs. Í ár er að vísu vonlítið um afkomu af rekstrinum þennan bezta tíma ársins. Útgerðarmenn reyndu því að ná samningum um kaupniðurfærslu. Það tókst ekki. Þá var óreynd sú leiðin að hefja baráttu um kaupgjaldið. Útgerðarmenn voru sammála um, að sú barátta leiddi að markinu: niðurfærslu kaupgjaldsins.

Það var þess vegna alveg vandalaust fyrir þá að ákvarða sig í þessu máli, ef þeir hefðu eingöngu haft sína eigin hagsmuni fyrir augum. Þeir hefðu þá lagt skipunum í naust og beðið rólegir kauplækkunarinnar. Sá bardagi var útgerðarmönnum með öllu útgjaldalaus, því þeir gerðu sér enga arðsvon af rekstrinum. En baráttan hefði fært hungur og hörmungar yfir verkalýðinn, og því verði vildu útgerðarmenn ekki kaupa sigurinn. Í slíku atvinnuleysi er von, að fámennur hópur útgerðarmanna veigri sér við að taka ákvörðun um atvinnustöðvun, sem sviptir verkalýðinn til lands og sjávar a. m. k. 4—5 millj. kr. atvinnu, og það jafnvel þótt útgerðarmenn þykist sjá fram á, að þessi viðleitni séu síðustu fjörbrot togaraútvegsins. Hitt er svo óumflýjanleg afleiðing af kauphæðinni, að atvinna verður miklu minni en orðið hefði, ef samizt hefði um sanngjarna niðurfærslu á kaupgjaldinu. Hið hlutfallslega háa kaupgjald gerir nefnilega hvorttveggja í senn að sliga atvinnurekendur og rýra afkomu verkalýðsins vegna aukins atvinnuleysis.

Ég hefi álitið rétt að gefa þessar upplýsingar mönnum til leiðbeiningar.

Ég vil svo ekki skiljast við sjávarútveginn án þess ég minni á, að frá því

hann náði hámarki á árunum 1920—1925, hefir honum farið stórhnignandi. Vaxandi kröfur ríkis, bæjar og einstaklinga valda því, að nú um hríð hefir enginn maður fengizt til að leggja fé í þann atvinnurekstur, og hin eldri útgerð hefir í góðu árferði orðið að skila ríkis- og sveitarsjóðum öllum eða nær öllum ágóðanum, en gjalda tekjuhalla tapæris úr varasjóði sínum eða hlutafé, og þegar af þeirri ástæðu ekki öðlazt nauðsynlega aðstöðu til að endurnýja skipastólinn. Ég hygg, að þessi hnignun útvegsins komi hvergi skýrara í ljós en í togaraútgerðinni.

Í stað eðlilegrar þróunar lýsir hnignunin sér í því, að togurunum er þegar farið að fækka hér. Voru 41; eru nú 38. Hitt er þó enn verra, að skipin eru nær öll orðin gömul. Meðalaldur þeirra er 11½ ár. Hér áður fyrr, meðan útgerðin var nokkurs megnug, vildi enginn íslenzkur útgerðarmaður eiga svo gamalt skip, vegna þess hve viðhaldið væri dýrt. Nú verður það hlutskipti okkar að tjalda, því, sem til er, enn um nokkur ár. En það er kvíðvænleg tilhugsun, að innan fárra ára er íslenzki togaraflotinn nær eintómir ósjófærir ryðhólkar, án þess nokkrar líkur bendi til, að nokkuð komi í staðinn, nema því aðeins, að algerð stefnubreyting verði á og allir sameinist um að hlynna að þessum atvinnurekstri, í stað þess að níða hann á alla vegu. Ef svo yrði, er líklegt, að enn mætti fá sparifjáreigendur til að leggja fé sitt í ný skip. Ella fellur niður sá atvinnurekstur, sem brauðfætt hefir a. m. k. tvo tugi þúsunda af landsmönnum og framleitt ⅓—⅖ af íslenzkri útflutningsvöru.

Þilskipaútgerðin, sem um nokkurt árabil var blómlegasti atvinnurekstur Íslendinga, sligaðist upp úr síðustu aldamótum undan kröfunum, sem til hennar voru gerðar, og reis ekki upp aftur. Þjóðin varð þess ótrúlega lítið vör, af því að einmitt um sama leyti tók hún í sína þjónustu önnur og fullkomnari framleiðslutæki.

Togarútgerðin og vélskipaútgerðin eru nú á sömu leið. En nú verður ekki gripið til annara fullkomnari tækja. Þau eru hvergi til. Sjávarútvegurinn hefir á síðustu 2 árum framleitt yfir 90% af útflutningsvöru Íslendinga. Sé sú lýsing, er ég hefi gefið af horfunum, óvéfengjanleg — og það er hún — þá er þetta mál svo alvarlegt, að hver einasti alþingismaður er skyldugur til að kynna sér það. Og það vil ég biðja menn að athuga, að það er alls ekki eingöngu núverandi kreppa, sem veldur. Aðdragandinn er miklu lengri og á rætur sínar í því tvennu, að kaupgjald hefir í mörg ár ýmist haldizt óbreytt eða hækkað, þrátt fyrir stórfallandi verðlag afurðanna, og ríkið og sveitarsjóðir hafa ekkert tillit tekið til þverrandi gjaldgetu útvegsins. Kreppan hefir svo náttúrlega gert sitt. Útvegnum stafar svipuð hætta af henni eins og berklasjúkling af lungnabólgu.

Fari svo, að togaraútgerðin lognist út af á fáum næstu árum, eftir því sem skipin eldast, þá þarf sá ⅕ hluti þjóðarinnar, sem við það missir framfærsluskilyrðin, ekki að ganga þess dulinn, hverjir valda. — Þeir valda að vísu miklu, sem spennt hafa bogann of hátt í kaupkröfum. En sumum þeirra verður þó það til lofs sagt, að barátta þeirra hefir ekki fyrst og fremst verið gegn útveginum, heldur fyrir bættum kjörum verkalýðsins, þó þeir hafi villzt frá réttu hófi og með því fært yfirvofandi atvinnuleysishættu yfir þá, sem þeir vildu vernda.

Hinna sök er miklu þyngri, sem látið hafa öfundina yfir ímynduðum gróða einstakra manna á þessum atvinnurekstri skyggja á þá staðreynd, að útvegurinn var vel á veg kominn að lyfta þjóðinni úr örbirgð til bjargálna.

Barátta þessara manna hefir verið ákaflega illkvittnisleg og eingöngu neikvæð. Þeir hafa slegið á lægstu hvatir mannlegrar sálar. Þeir hafa valið útvegsmönnum hverskonar hæði- og fúkyrði, í því skyni að kveikja öfund og illvilja í þeirra garð. Og þeim hefir orðið vel ágengt, ótrúlega vel. Í okkar litla þjóðfélagi stendur nú stétt gegn stétt, og ótrúlega margir þeirra, sem eiga fullkomna samleið, keppast hver í sína áttina almenningi til ómetanlegs tjóns. Mér verður tæplega láð, þó að ég hendi á lofti ein meðal óteljandi ummæla í þjónustu þessarar göfugu iðju.

„Hvað leiðir gott af byltingaseggjum þeim, sem standa að stórútgerðinni. Fyrir

sveitirnar hafa þessir byltingaseggir verið meiri plága en eldgos og hallæri".

Sá maður, sem enn er talinn dómsmálaráðherra landsins, skrifaði þessi orð í blað sitt, Tímann, 1925.

Ef til vill nálgast nú uppskerutímar þessarar iðju. Fari svo, gefist útgerðin upp, er hætt við, að þessum ráðherra reynist torvelt að bæta vandræði, að seðja hungur þess fimmta hluta þjóðarinnar, sem missir framfærsluskilyrði sín með eldgosi og hallæri. Og engu síður óttast ég, að þeir, sem á sínar herðar verða að taka skattþungann, er hvílt hefir á útveginum, og fá í kaupbætur eldgos og hallæri, þyki sitt hlutskipti ekki batna. En þegar menn í æðstu stöðum þjóðfélagsins tala þannig um annan aðalatvinnuveg landsmanna, þá er ekki von, að vel fari. Slíkir menn eru óþarfir og skaðvænlegri en þeir kunna skil á sjálfir.

Ég er ekki jafnkunnugur afkomu landbúnaðarins sem útvegsins, en þykist þó mega staðhæfa, að bændur eigi engu síður við örðugleika að etja. Jafnaðarlega hefi ég fregnir af afkomu þeirra hvaðanæfa af landinu. Þær eru að því leyti allar eins, að hið háa kaupgjald og lága afurðaverð keyrir bændur æ dýpra á kaf í skuldafenið. Og þeir eru um það verr settir en útvegsmenn, að mikið af útfluttri vöru þeirra er enn óselt og verðfallið á henni er hlutfallslega enn meira en verðfall sjávarafurða.

Meðalverð á útfluttu dilkakjöti af framleiðslu ársins 1930 mun hafa verið um 108 norskar kr. tunnan cif. Noreg. Verð á síðasta árs framleiðslu er enn ekki hægt að segja um með vissu, því mikið af kjötinu er óselt, en líklegt má telja, að það verði ekki yfir 60—70 krónur tunnan. Sem stendur er kjötið nær óseljanlegt og verðið ekki nema um 40 norskar krónur cif. Noreg, ef um sölu er að ræða.

Sala á frysta kjötinu hefir einnig gengið mjög illa og verðlagið verið lágt.

Ull, sem 1930 var 1.80 fyrsta flokks, 1,40 2. fl., var 1931 aðeins 1,30—0,90 kílóið fob., og gærur, sem 1930 voru 80—90 aura kg. fob., voru 1931 aðeins 45—52 aura.

Mörgum finnst nú ef til vill, að ég hafi brugðið upp of svartri mynd af veruleikanum. Þessir menn sjá að vísu örðugleikana, en þeir hafa aldrei horfzt í augu við þá. Þeir hafa vikið þeim beizka kaleik frá sér, yppt öxlum og sagt: „Það slarkar einhvern veginn eftirleiðis eins og hingað til".

En við þessa menn er bezt að lofa tölunum að tala. Í ársbyrjun 1929 var inneign á rekstrarreikningi bankanna erlendis tæpar 12 millj. kr. Síðan hefir hagur þeirra út árið farið smáversnandi og við síðustu áramót skulduðu þeir 9 millj. kr. í lausum og ósamningsbundnum rekstrarlánum. Munurinn þessi 3 ár er 21 millj. kr. Þar við ber að bæta því lánsfé, sem þessi árin hefir verið fengið til landsins og greitt inn á reikning bankanna erlendis, en það nemur sem næst 20 millj. kr. Greiðslujöfnuður bankanna út á við hefir þannig versnað um 41 millj. króna síðustu þrjú árin.

Og hvernig stendur á þessu? Að nokkru leyti stafar þetta af því, að við höfum orðið að taka lán til að greiða þær framkvæmdir, sem að eðlilegum hætti ættu að greiðast af tekjuafgangi af atvinnurekstri landsmanna, en að langmestu leyti af hinu, að á þessum árum hefir tapið á atvinnurekstri landsmanna verið svo mikið, að við höfum orðið að ganga svona eftirminnilega á eignir og lánstraust, blátt áfram til lífsviðurværis.

Það er því alveg víst, að við getum ekki haldið áfram á þessari braut. Við verðum að gera róttækar ráðstafanir til þess að koma á jöfnuði á milli tilkostnaðar og afrakstrar bæði til sjávar og sveita. Allir, sem aðhyllast og vilja halda í einstaklings eignarréttinn, verða að láta sér skiljast, að það gildir jafnt um báðar höfuðframleiðslugreinar landsmanna, að það er eingöngu hezlumunur, hvort heildin af eigendum framleiðslutækjanna til lands og sjávar gefst upp og afhendir þau bönkum og öðrum lánardrottnum. En slíkt gerist ekki umbrotalaust, og út yfir afleiðingar þess sér enginn.

Við Íslendingar verðum yfirleitt að gera okkur meira far um að átta okkur á fjárhags- og atvinnulífinu í stórum dráttum. Ég fyrir mitt leyti er t. d. sannfærður um, að þær samgöngubætur í umheiminum, sem segja má, að fært hafi

hin frjósömu kjötframleiðslulönd, þar sem peningur gengur sjálfala allt árið, nær Evrópumarkaðinum, knýja okkur til að beina landbúnaðarpólitík okkar inn á nýjar brautir, og ég er viss um, að það er farsælast að gera það sem fyrst. Ég er líka sannfærður um, að atvinnulífi Reykvíkinga hefir í mörg ár verið haldið uppi með falskri kaupgetu, þ. e. a. s., að það er langt síðan arðvænlegur atvinnurekstur, framleiðslan og verzlunin, hætti að standa undir nægjanlega stórum hluta af lífsþörfum höfuðstaðarbúa. En Reykvíkingar hafa skapað sér mikla atvinnu með húsabyggingum, sem frá þjóðhagslegu sjónarmiði að mestu eru óarðbærar eignir og eingöngu til aukinna lífsþæginda. Þetta er að mestu byggt fyrir uppsafnað sparifé þeirra ára, þegar framleiðslan var rekin með eðlilegum ágóða, og með erlendum lántökum. Að öðru leyti er þetta of flókið mál til að verða rakið hér, en það er fullkomið íhugunarefni.

Ég hefi nú leitt athygli að þeim vandræðum atvinnulífsins, sem að svo miklu leyti stafa innan að, að við eigum kannske mest undir sjálfum okkur um, hver voði oss stafar af þeim, enda þótt líklegt sé, að varnarráðstafanirnar verði ekki harmkvælalausar.

En gegn öðrum voða er að verjast, sem við ráðum minna við. Á ég þar við þá tollmúra, sem viðskiptaþjóðirnar eru að reisa sér. Við Íslendingar höfum þegar orðið áhrifanna varir. Norðmenn hafa sagt upp kjöttollssamningnum og hækkað kjöttollinn. Bretar lagt 10% toll á innfluttan fisk. Ítalir hafa sömuleiðis lagt háan toll á fiskinn. Portúgalar margfalda tolla á blautum fiski og pressufiski og Spánverjar hafa ákveðið að losa sig við alla beztu-kjara samninga.

Fari sú tollastefna sigurför yfir heiminn, á að spyrja fyrst og fremst: Hvað gerir þú fyrir mig? Þá erum við Íslendingar nauðulega staddir, því við kaupum minnst af þeim, sem mest kaupa af okkur. En mikið má þó sjálfsagt draga úr hættunni, ef vel og viturlega er haldið á málefnum okkar.

Mér vinnst ekki tími til að ræða um erlendar skuldir þjóðarinnar. Ég hefi fengið skýrslu um þær frá hagstofunni, miðað við árslok 1930. Sjálfur áætla ég viðbót ársins 1931, eftir ræðu fjármálaráðherra, reikningi bankanna o. fl. Hygg ég, að Íslendingar skuldi nú erlendis 80 milljónir, hið minnsta. Jafngildir það verði alls lands og allra húsa á öllu landinu, utan Reykjavíkur, samkvæmt fasteignamatinu 1916—1918 og viðaukamati 1929.

Mér finnst þetta ískyggilegt. Af þessu hygg ég, að allt að 25 millj. króna séu lausaskuldir, uppsegjanlegar með litlum fyrirvara. Það finnst mér beinlínis voveiflegt.

Þetta er þá viðhorfið í atvinnulífi og fjármálalífi þjóðarinnar: Galtómur ríkissjóður, hyldjúpt skuldafen, getulitlir bankar, getulausir gjaldþegnar, lamaðir bændur, lémagna útvegsmenn og lítt treystandi erlendir lánardrottnar. Og er þó sú hættan kannske verst, sem við ráðum minnst við, sem sé tollapólitík viðskiptaþjóðanna.

Sú stjórn, sem í einstökustu hátekjuárum hefir ekki borgað skuldir, heldur safnað skuldum, ekki myndað sjóði, heldur étið upp sjóði, hún getur nú með engu móti komið til þrautpíndra skattþegna og krafizt nýrra skatta, m. a. af því, að þeirra sjóði er hún líka búin að þurrausa. Og þessari stjórn, sem í góðærinu hefir komið ríkissjóðnum á barm gjaldþrots og jafnframt sligað atvinnulíf landsmanna, er hvorki treystandi til að bæta fyrir þau glöp né afstýra aðvífandi voða.

Að endingu vil ég segja þetta: Þegar örðugleikarir steðja að, dugir ekki að missa kjarkinn og trúna. En það er engu að síður nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir ástandinu. Með því eina móti er hægt að spyrna við og forðast, að sjálfskaparvítin verði þjóðinni að grandi. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að allt hljóti að falla í rústir. En ég er öldungis sannfærður um, að sá verði endirinn, ef við látum undir höfuð leggjast að beita sérhverri þeirri varnaðarráðstöfun, sem í okkar valdi stendur.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. G.-K. hefir nú talað allan þann tíma, sem ég átti að hafa til umráða í kvöld. Hann hafði aðeins leyfi til ½ klst. ræðutíma,

en hefir nú notað ¾ klst. Ég kann ekki við, að það skuli ekki vera hægt að halda fast við þær reglur, sem settar eru um útvarp frá Alþingi. Annars vil ég ekki eyða fleiri orðum að þessu, en það er óþægilegt fyrir áheyrendur víðsvegar um land, að umr. séu dregnar fram á nótt.

Hv. þm. G.-K. talaði á víð og dreif um afkomu atvinnuveganna, og auk þess vék hann í síðari hluta ræðu sinnar að útsvaraálagningunni hér í Reykjavík, og þó að hún heyri ekki undir Alþingi, þá er margt, sem kemur til greina í sambandi við atvinnuvegina, þar á meðal skattar og útsvör.

Það mun vera rétt hjá hv. þm., að síðan breyting varð á niðurjöfnunarnefndinni í Reykjavík, þannig að íhaldsmenn urðu þar í minni hl., mun útsvar hafa hækkað á h/f Kveldúlfi, en áður bar félagið tiltölulega mjög lítið útsvar. En þó það hafi 250 þús. kr. í árstekjur, getur það með réttu skattaframtali, vegna galla á tekjuskattslögunum, komizt að mestu leyti hjá því að greiða tekjuskatt. Það er því ekkert undarlegt, þó að bæjarfélagið reyni að ná í þennan gróða með útsvarsálagningu. Það er náttúrlega von, að hluthafa í Kveldúlfi svíði undan þeirri breyt., sem orðið hefir á útsvaraálagningu í bænum, en mér er óhætt að fullyrða, að láglaunafólk svíður ekki undan henni, og það telur ekki eftir hlutafélögunum að greiða sín gjöld.

Þá talaði hv. þm. G.-K. um kaupgjaldsmálin og gerði samanburð á kaupgjaldinu 1914 og 1931. Það er að vísu rétt, að kaupgjaldið er hærra nú en 1914. En í því sambandi er líka tvenns að gæta: vinnuhraðinn er miklu meiri nú, vinnuaðferðirnar fullkomnari og meiri kröfur gerðar til verkafólksins. Þess vegna er ekki réttlátt að bera tímakaupið saman við skippundatölu fiskjarins nú og áður.

Hitt atriðið er það, að eins og eðlilegt er og vænta mátti, þá er verkalýðurinn kröfuharðari um lífsþarfir nú en áður og reynir að bæta kjör sín; verklýðssamtökin eru sterkari nú en 1914, og það er þeim að þakka, að kaupið er hærra nú en þá.

Hv. þm. gat þess, að útgerðarmenn togaraflotans stæðu nú höllum fæti og að þeir hefðu ekki viljað gera út á þessari vertíð nema kaupið lækkaði, en þó hefðu þeir vægt fyrir þörfum verkafólksins, enda þótt þeir hefðu ekki þurft að bíða nema lítinn tíma eftir því, að verkafólkið lækkaði sínar kaupkröfur. Ég fullyrði, að verkalýðurinn hér í Reykjavík hefði ekki slakað á kaupkröfum sínum nú. Dagsbrún og önnur félög sjómanna og verkamanna mundu ekki hafa látið það á sig fá, þó að útgerðarmenn hefðu sagt átakanlegar sögur af því, hvernig togaraútgerðin bæri sig, og lýst gjaldþrotaumbrotum sínum. Þau hefðu aðeins sagt: Við eigum ekki þessi skip. Við viljum því ekki lækka kaupið eða færa kjörin niður á við. — Annað mál væri, ef verkalýðurinn ætti að taka við togurunum. Ég er sammála hv. þm. G.-K. um það, að ef núv. ástand heldur áfram, fer svo, að verkalýðurinn verður að taka við flotanum, og þá er hann kominn í þær hendur, sem hann á að vera í.

Ég vil geta þess sem dæmis um stuðning hinna stóru flokka við síldarútgerðina, að á síðastliðnu sumri tóku Sjálfstæði og Framsókn höndum saman um að fella till. okkar jafnaðarmanna um að lækka síldartollinn úr 1 kr. niður í 12½ eyri.

Margt af því, sem hv. þm. G.-K. sagði um framtíðarhorfur landbúnaðarins, ef ekki væri að gert, og kjötflutning frá Suður-Ameríku, var réttilega athugað, og hann dró þá réttu ályktun, að við yrðum að taka upp nýtt skipulag á landbúnaðinum, ef hann ætti að vera samkeppnisfær. Ef hv. þm. vill ganga með mér og flokksmönnum mínum þær einu brautir, sem færar eru til bjargar í þessu máli samkv. jafnaðarstefnunni, skulum við fyrst fyrir alvöru taka höndum saman.

Hæstv. dómsmrh. hélt 20 mínútna ræðu um Copland og Sólbakka og taldi líkt á komið með þeim og ríkissjóði og þar sem okkur greinir ekki á um það atriði, get ég látið útrætt um það.

Hæstv. fjmrh. afsakaði sig með því, að hann væri nýr í sínum stóli, og gat ýmsra umbóta, sem hann hefði komið á síðan hann tók þar sæti. Sumt af því var rétt; t. d. er nú tekjuáætlunin nær sanni en áður. Við jafnaðarmenn höfum sýnt, að ein af ástæðum til þess mikla fjár,

sem stj. hefir fengið handa á milli fram yfir fjárlög undanfarið og sóað, er sú, að tekjuáætlanir hafa verið falskar ár eftir ár. Þetta hefir Sjálfstæðisflokkurinn lagt blessun sína yfir og þannig eflt stjórnina til fjársukks í óleyfi. Það er gott, að hæstv. fjmrh. hefir nú leiðrétt þetta, en það tekur ekki ábyrgðina af honum sem þingmanni, að hann skuli hafa stutt falskar tekjuáætlanir árum saman undanfarið.

Hæstv. ráðh. minntist nokkuð á tekjuaukafrv. stj. Við jafnaðarmenn höfum nú þegar lýst yfir því, hvernig við munum taka í þau. Við viljum ekki láta stj. hafa neitt nýtt fé til umráða, meðan engin trygging er fyrir því, að hún noti nokkurn eyri til atvinnubóta eða kreppuráðstafana í sveitunum, hvað þá annarsstaðar. Auk þess sjáum við ekki ástæðu til að festa þá stj. eða þann flokk í sessi, sem vill sitja með ranglæti yfir sjálfsögðum hlut andstæðinganna.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki væri frekar ástæða til að furða sig á, þó kreppa væri hér en í útlöndum. Viðurkenndi hann, að ástandið gæti verið skipulaginu að kenna, en taldi, að manneðlið væri ekki nógu gott. Ég held nú fram, að manneðlið séu nógu gott og viturt til að bæta skipulagið, enda er ekki um annað hér að ræða, en að fullnægja á sem heppilegastan hátt eigingirni allra. Þótt það standi e. t. v. ekki í okkar valdi að hækka fiskverðið á Spáni, er okkur innan handar að spara ýmislegt og skipuleggja innanlands. Ég er þess fullviss, að innan fárra ára taka Sjálfstæði og Framsókn ýms umbótamál okkar upp á stefnuskrá sína, ef þeir flokkar verða þá til.

Hæstv. fjmrh. minntist á gjaldeyris- og innflutningshöft og kvað lítið vera um þau deilt. Menn eru þó ekki sammála um þessar ráðstafanir, enda gera þær vöruna dýrari. Miðað er eingöngu við innflutning undanfarinna ára, í stað þess að fara eftir því, á hvaða hátt er hagkvæmast að flytja vörur inn. Framsókn hefir sýnt, að hún er hrædd við að koma skipulagi á utanríkisverzlunina, en það var rétt úrræði.

Alþýðuflokkurinn hefir aldrei haldið því fram, að hann ætti ríkið. Hann á hvorki stjórnina né löggjafarvaldið og ber enga ábyrgð á fjárlögum né sköttum meðan hann ræður engu um slíkt. Það þýðir því ekki að vera að skírskota til ábyrgðartilfinningar okkar um stjórn ríkisins, meðan við höfum ekki fullan rétt í landinu.

Þeir sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað, hafa talað mjög um fjárhag landsins og deilt á fjármálastjórnina. Ég vil nú benda á 4 atriði, þar sem þeir eru samsekir Framsóknarstj.: 1) Þeir gáfu Framsókn verðtollinn. 2) Þeir hafa verið með í því í fjvn. og á þingi að samþykkja falskar tekjuáætlanir. 3) Þeir hafa lagzt á móti frv. okkar jafnaðarmanna um jöfnunarsjóð, sem átti að stemma stigu fyrir því, að öllum tekjum ríkissjóðs væri eytt í góðærum. 4) Sjálfstæðisfl. hefir samþ. fjárlögin öll árin, en við ekki tvö síðustu árin.

Þetta eru allt ærnar sakir, en hið versta er þó, að flokkurinn hefir útvegað Framsókn milljónir til eyðslu með fölskum tekjuáætlunum.

Ég hefi lítið gert að því að tala um, hvernig Framsókn hafi eytt utan fjárlaga, enda býst ég við, að annar þm. úr mínum flokki geri því efni skil. En þótt við getum haft fulla gagnrýni á fjármálastjórn Framsóknar, dettur mér ekki í hug að ætla, að landið væri betur statt, þótt Íhaldið hefði setið hér við stjórn. Tekjuskatturinn væri e. t. v. heldur lægri, en sú lækkun kæmi eingöngu þeim til góða, er mestar hafa tekjurnar, og yrði að eyðslufé. Ég hygg, að hvorugur flokkurinn geti láð öðrum. Því skal ekki neitað, að Framsókn hefir látið framkvæma hitt og þetta, en hún hefir minna um það hugsað, að framkvæmdirnar kæmu sem flestum að notum.

Þá kem ég að hæstv. forsrh., sem ég geymi þangað til síðast eins og bezta bitann. Hann sleppti því að tala um stefnuskrá Framsóknar, enda er ekki að því hlaupið. Framsóknarflokkurinn átti einu sinni stefnskrá og hafði tekið upp á hana nokkur af stefnumálum jafnaðarmanna. Hann var velkominn að því, því að við tökum engan einkarétt á umbótamálum okkar. En brátt kom í ljós, að flokkurinn felldi sig betur við ýms stefnuskráratriði íhaldsmanna. Í fyrra var haldið flokksþing Framsóknar og

komu þá fram ýmsir róttækir menn, sem vildu endurreisa Framsókn í nýrri og betri mynd, og stjórnin og frambjóðendurnir lofuðu að verða aftur góðu börnin. En eftir kosningarnar varð minna um efndir. Ég vil því ráðleggja kjósendum Framsóknar, sem margir hverjir eru róttækir, að halla sér fremur að Alþýðuflokknum, sem stendur fast með stefnumálum sínum.

Hæstv. forsrh. rauk hér upp eins og hann væri að hringja kirkjuklukkum út af eldsvoða. Hver var það, sem kveikti í? Það gerði hæstv. forsrh. sjálfur með þingrofinu. Mér þótti vænt um að heyra, hvílíkt álit hann hafði á valdi mínu sem formanns verkamannaráðsins, og vonast eftir, að hann taki tillit til þess eftirleiðis. Hann talaði um samsæri okkar jafnaðarmanna við Sjálfstæðisflokkinn og að nú hefði allt sannazt, sem hann hefði talað um það úti um landið. Þetta samkomulag hefir aldrei verið launungarmál; það er ekki annað né meira en sést á þingtíðindunum á atkvgr. um stjórnarskrármálið og Sogsvirkjunina. Þetta er samkomulag um einstök mál, staðfest með atkvgr., og ekkert er algengara á þingi en slíkt komi fyrir milli flokka.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði kennt æsingum Framsóknar úti um land um tap jafnaðarmanna. Fyrst og fremst viðurkenni ég ekki, að flokkurinn hafi beðið ósigur, þar sem hann fékk heldur fleiri atkv. en síðast. Í öðru lagi mun flokkurinn ekki hafa fengið öll atkv. þeirra, sem annars fylgja honum. Og í þriðja lagi mun klofningsflokkur kommúnista hafa dregið allmörg atkv. frá, þótt fylgi þess flokksbrots hafi farið þverrandi síðan.

Þá talaði hann um æsingablöð. Það er kunnugt, að Tímanum var breytt í dagblað fyrir kosningarnar og var aðstandendum sínum til lítils sóma. Önnur blöð komu út með sama sniði og áður. Tímanum tókst með góðum árangri að að tala til lægstu tilfinninga manna í sveitunum. Hann taldi mönnum trú um, að bæirnir væru sveitunum svo fjandsamlegir, að íbúar þeirra mættu ekki fá full mannréttindi, og þá einkum jafnaðarmenn, þótt þeir hafi verið allra flokka vinsamlegastir í garð sveitanna. En þrátt fyrir þann Pyrrhusarsigur sinn, að þeir náðu meiri hl. þm. með rúmum ⅓ kjósenda, tókst þeim ekki að ná fullu valdi í þinginu, af því að ofurlítill neisti af réttlæti var í kosningafyrirkomulaginu, þar sem landskjörið var. Því stendur hæstv. forsrh. nú ekki með pálmann í höndunum, eins og hann hefði annars gert.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, hvílíkur voði væri fyrir dyrum, ef jafnaðarmenn greiddu atkv. gegn fjárl. og tekjuaukafrv. Talaði hann í því sambandi um verkföll, byltingu í Ed. og stjórnarskrár nágrannaríkjanna. Þessi sögufróði maður ætti þó að vita það, að allar stjórnarskrárnar eiga rót sína að rekja til byltingarinnar í Frakklandi og ameríska frelsisstríðsins.

Hæstv. ráðh. taldi það verkfall, ef við greiddum ekki atkv. eins og stj. vildi. Ég veit nú ekki, hvað hæstv. forsrh. gengi langt, ef hann gæti. Sennilega myndi hann fyrirskipa, eins og gert er í Ítalíu, að mikill meiri hl. þings skyldi jafnan skipaður stjórnarflokknum. En við berum enga ábyrgð á skipulagi, sem við ráðum engu um, og erum andstæðingar, en ekki fylgismenn stjórnarinnar.

Hæstv. ráðh. minntist á Blönduós og sagði, að við hefðum viljað stöðva Brúarfoss og stofna þannig miklu af vörum í skemmdir. Svo liggur í því máli, að á Blönduósi eru skoðanabræður og vinir hæstv. ráðh. að kúga verkamenn til kauplækkunar, eins og stjórnin hefir gert við hina lægst launuðu starfsmenn sína. Í þessu kúgunarskyni neitar kaupfélagsstjórnin verkamönnum ekki aðeins um vinnu, heldur viðskipti, og þannig á að svelta þá til hlýðni. Ef þetta er ekki kúgun, veit ég ekki hvað kúgun er, og gengur fram af selstöðuverzlununum útlendu. Þó er hér um almenna skipaafgreiðslu að ræða, og annað ekki. Sjómenn segjast ekki vinna með verkfallsbrjótum, og munu halda áfram að segja það, jafnvel þó sett yrðu lög um, að framsóknarbændur skuli vinna að vöru sinni alla leið og jafnvel sigla með hana til útlanda. En þótt hann hefði verið sett á Brúarfoss í útlöndum, þurftu vörurnar ekki að skemmast fyrir það, því að í fyrsta lagi voru frystivélar í skipinu, og í öðru lagi var hægurinn hjá

að ganga að þessum sanngjörnu kröfum. Ég hefi nefnt þetta til að sýna hug Framsóknar til sjávarþorpanna, sem þeir leggja svo mikla áherzlu á að veiða til fylgis við sig.

Hæstv. ráðh. var með hótanir um það, að ef fjárlög yrðu felld nú, yrði minna að gera í ár. Ég veit ekki betur en að Sjálfstæðisflokkurinn hjálpaði Framsóknarflokknum um fjárlögin í fyrra fyrir árið 1932, og því ætti ekki þess vegna að vanta peninga í sumar. Ég vísa því þessu til föðurhúsanna sem blekkingum einum.

Ræða hæstv. ráðh. var haldin til æsinga gegn okkur jafnaðarmönnum, til að blekkja þjóðina til fylgis við fámenna klíku, sem situr yfir hlut annara.

Ég vil að endingu, áður en ég lýk máli mínum, þakka öllum áheyrendum mínum, fyrst flokksbræðrum og svo andstæðingum um land allt, og býð þeim góða nótt.

Forseti (JörB): Hv. 3. þm. Reykv. kvartaði yfir því, að hv. þm. G.-K. hefði talað lengur en hann hafði rétt til, eða meir en ½ klst. Hv. 2. þm. Skagf. notaði ekki fullkomlega sinn tíma, og fékk hv. þm. G.-K. þær mínútur. Í byrjun þessa fundar komu fram óskir um það frá ræðumönnum, að ekki væri slitið í sundur fyrir þeim alveg á mínútunni, hversu illa sem á stæði. Ég bjóst við, að um þetta hefði verið samkomulag, og hefi því ekki stranglega fylgt útvarpsreglunum. Það er hinsvegar sjálfsagt, að hver flokkur fái tilskilinn tíma til útvarpsumr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Áður en ég vík að því, sem hv. þm. G.-K. sagði, vil ég ljúka þeim þræði, sem ég var byrjaður á. Ég hafði sýnt fram á, að meiri hl. ræðu hv. þm. G.-K. hneig að hinu sama, að ekki væri alveg eins mikið um fjármálavizku hjá Íhaldinu eins og það vildi vera láta. Ég hefi sýnt fram á það, hvernig stærsta fyrirtækinu, sem rekið hefir verið hér á landi — Íslandsbanka — var stjórnað af trúnaðarmönnum Íhaldsins. Ég hefi sýnt fram á, hvernig sum þeirra fyrirtækja, sem Íslandsbanki studdi og gerði sérstaklega hátt undir höfði með lán, voru rekin. Sem dæmi þessa má nefna Gísla Johnsen í Vestmannaeyjum. Árið 1922 voru skuldir Gísla við bankann 240 þús. kr., 1923—24 175 þús., 1925 265 þús. kr., auk skulda hans í Vestmannaeyjum, 1926 774 þús. kr. í Reykjavík ásamt 474 þús. kr. í Vestmannaeyjum. 1927 eru skuldir þessa manns við bankann orðnar 1 millj. 443 þús. kr. og honum orðið um megn að standa skil á vöxtum og höfuðstól. Aðrar skuldir Gísla voru þá 322 þús. kr. En þrátt fyrir þetta skilur Gísli á þessu ári fjárhag við konu sína og afhendir henni hús þeirra við Túngötu með innanstokksmunum, sem virt er á tæp 170 þús. kr. Bankinn gefur samþykki sitt til þessa, þótt vitanlegt væri, að firmað átti hvergi nærri fyrir skuldum. Þetta er ekki eins og það á að vera. Það er eins og mögru kýrnar, en ekki þær feitu. Og þessu „ágæta" fyrirtæki, sem var innsta virki Íhaldsflokksins, var stjórnað þannig, að árið 1929 átti Íslandsbanki 1 milljón 775 þús. kr. hjá þessu eina firma, og þegar það einu ári seinna var gert gjaldþrota, var það í 3 millj. króna skuld, en eignir ekki metnar meira en 1 millj. Það getur því hver sagt sér sjálfur, hvílíkt tap hefir af þessu leitt.

Þá er eftir að minnast á fjórða manninn — Stefán Th. Jónsson á Seyðisfirði — sem árið 1920 skuldaði Íslandsbanka

		380	þús. kr.
Árið	1921:	667	— —
—	1922:	588	— —
—	1923:	688	— —
—	1924:	805	— —
—	1925:	1 millj. 87	— —
—	1926:	1 — 249	— —
—	1927:	1 — 613	— —
—	1928:	1 — 907	— —
—	1929:	1 — 999	— —

eða nær 2 millj. kr. Athugið, að allan þennan tíma er yfir Íslandsbanka maður, sem hefir 40 þús. kr. árslaun — dýrasti maður Íslands, bæði um kaupeyðslu og óhappaverk. Og hann lætur skuldina við Stefán Th. hækka á árunum 1920—1929 úr 380 þús. upp í tæpar 2 millj. kr., þótt vitanlegt væri, að þar væri ekki annars að vænta en stighækkandi taps. Hinn eiginlegi bankaeftirlitsmaður mun ekki hafa gætt þessa alltaf vel. Þegar nú-

v. forsrh. sendi Svavar Guðmundsson til Seyðisfjarðar, kom í ljós, að Stefán Th. framlengdi ekki víxla sína eins og venjulegir menn, heldur var lagður nýr víxill við gamla víxilinn og með honum lögð sérstök nóta, sem sýndi, hve miklir vextirnir áttu að vera. Þetta hékk svo allt saman, gamli víxillinn, nýi víxillinn og nótan, sem sýndi, hvað bankinn greiddi í viðbót af áföllnum vöxtum. Rannsóknarnefndin fullyrðir, að ef Stefán hefði verið gerður upp 1925, hefði tapið orðið 1 millj. kr. minna, en hann var ekki gerður upp fyrr en eftir þessa för Svavars. En þegar forsrh. fór fram á það 21. okt. 1929, að skipt væri um bankastjóra á Seyðisfirði, þá greiðir Jón Þorláksson ekki atkv. um það; svo mjög var íhaldsflokkurinn flæktur inn í þetta, að þegar skuldir Stefáns eru orðnar 1 millj. 999 þús. kr., vill formaður flokksins ekki greiða atkv. um það, hvort hann skuli gerður upp. Endanlegt tap á þessum manni varð 1 millj. 650 þús. kr.

Þá kem ég að þeim, er ég ætlaði síðast að minnast á — Sæmundi Halldórssyni. Um það leyti sem Eggert Claessen kemur að bankanum með sínum háu launum eru skuldir Sæm. Halldórssonar við bankann 190 þús. kr. Næsta ár á eftir — 1923 — er skuldin komin upp í 210 þús. kr.

1924: 205 þús. kr.
1925: 234 — —
1926: 342 — —
1927: 469 — —
1928: 595 — —
1929: 718 — —

Þess er að geta, að árið 1925 gengur Íslandsbanki í ábyrgð fyrir Sæmund í Kaupm.höfn fyrir 150 þús. danskra króna, og þó meiru seinna. Nefndinni reiknaðist svo til, að ef Sæmundur hefði verið gerður upp 1925, myndi tapið hafa orðið um 200 þús. kr., í stað 700 þús. kr., þegar hann varð gjaldþrota eftir að Íslandsbanki dó.

2. júní 1930 er Sæmundur gerður gjaldþrota. Skuld hans þá við bankann er 766 þús. kr., en eignirnar 48 þús. kr. Í stuttu máli: Fyrirtækinu var stjórnað þannig, að það seig niður á við ár frá ári, og þegar það er gert upp, á það ekki nema 48 þús. kr., en skuldir þess komnar upp í 766 þús. kr. Sumir andstæðingar Framsóknar, sem talað hafa í kvöld, hafa verið hissa á því, að á þetta hafi verið minnzt, en þess er að gæta, að meðferð þess fjár er eitthvert stærsta innanlandsmálið. Á þennan hátt hafa farið um 20 millj. kr., sem Íslandsbanki sukkaði af fé almennings í þetta dæmalausa ráðleysi og vesalmennsku. Og tvennt er athugavert við þetta fjármálasukk, og það er, að sá flokkur, sem kemur nú og áfellir stj. fyrir að hafa varið peningum góðæranna til þess að gera landið byggilegra, til þess að leggja síma og vegi, til þess að auka stórkostlega ræktunina, til húsabóta, til þess að reisa skólahús, til þess að efla þjóðbankann og stofna Búnaðarbankann — þessir menn, sem staðið hafa að Íslandsbanka — mennirnir, sem framið hafa þetta stórkostlega hneyksli og sýnt hið fullkomnasta ráðleysi, leyfa sér hér að tala um fjármál, — mennirnir, sem bera ábyrgð á því fyrirtæki, sem látið hefir tugi milljóna renna út í sandinn. Ég vil spyrja þessa góðu menn, hvað vér framsóknarmenn hefðum átt að gera, hefðum vér ekki átt að nota fé þjóðarinnar henni sjálfri til viðreisnar. Jón Þorláksson var með gengishækkuninni búinn að hálfdrepa Íslandsbanka og lama Landsbankann. Framlagið til Landsbankans var samþ. af öllu þinginu og að taka lán til þess. Auk þess var enginn banki til fyrir landbúnaðinn og allt þingið samþ., fyrir forgöngu forsrh., að taka lán til hans. Og ég vil skjóta því til þeirra manna, sem standa hér að Morgunblaðinu, að þeim var sannarlega ekki leitt, að lagt væri í fyrirtækin, því að eftir að Gísli Ólafson landssímastjóri hafði knúð það fram, að símastöðin væri ekki byggð á Arnarhóli, heldur keypt undir hana rándýr lóð í miðbænum, þá vildi hann samtímis því, að byggð var útvarpsstöðin og símahúsið, **koma á talsímasambandi við útlönd**, svo að kasta mætti sæsímanum. Morgunblaðið og hin íhaldsblöðin hafa ráðizt á framsóknarstj. fyrir það, að hún skyldi ekki um áramótin 1930 vilja bæta þarna við um einni milljón króna, til þess að hægt væri að tala frá Íslandi til útlanda í stað þess að senda skeyti. Svona var nú fyrirhyggjan hjá íhalds-

manninum Gísla Ólafson og þessi krafa hans var studd af núv. hv. 4. þm. Reykv. og íhaldsblöðunum hér.

En það er meira, sem er athguandi viðvíkjandi þessum hlutum heldur en hin glögga viðleitni Framsóknar til viðreisnar landinu og til að leggja fé í það, sem er gott og nytsamt, og í það, sem verkin tala raunverulega. Ég hefi sýnt fram á, hvernig verkin tala hjá Íslandsbanka, og ég vil inna að því, að þeir menn, sem þar stóðu með Íhaldinu, hafa meira en nokkrir aðrir skapað dýrtíðina í Reykjavík. Þegar Eggert Claessen settist í Íslandsbanka með 40 þús. kr. launum og hinir bankastjórarnir með 25 þús., þá fór þetta að hafa áhrif, og fleiri vildu lifa „flott" en þessir menn. Ekkert hefir meir aukið óhófið í Reykjavík en þessar launagreiðslur og hið gálauslega fjársukk í gegnum bankann.

Það var eftirtektarvert hjá hv. þm. G.-K., að hann kom með hliðstæða sönnun við mína ræðu um Íslandsbanka og viðurkenndi, að togarafélögunum, sem sannarlega hafa þó ekki verið undir stjórn annara en Íhaldsins, væri illa stjórnað. Það var satt, sem hann sagði þá, þótt hann segi það ekki alltaf, þar sem hann sagði, að sjávarútvegurinn væri mergsoginn og máttvana og að hörmulegt væri að lifa hér í Reykjavík. Hverjir hafa stjórnað hér aðrir en Íhaldið? Það hefir frá öndverðu haft hér meiri hl., og eftir lýsingu hv. þm. hefir það nú gengið svona þar. Hann minntist á það, að fáir atvinnurekendur við sjóinn myndu eiga fyrir skuldum um næstu áramót. Þetta er alveg áframhald af stjórn Íslandsbanka, og svo ber þessi maður sér á brjóst, þegar talað er um, að menn þurfi að lifa hóflega. Í staðinn fyrir framkvæmdaverk núv. stj., nýja vegi, hús, síma, ræktun og byggingar, kemur í hlut fyrrv. stj. fátæktin og skuldirnar, togaraútgerðin „mergsogin og máttvana", eins og hv. þm. sagði.

Ég hefi sýnt á þessum stutta tíma í kvöld, að það er líkt því og gengið hafi eldgos og harðindi yfir þjóðina, að Copland skuli hafa skaðað þjóðina hátt upp í 4 millj. kr., Sæm. Halldórsson um 700 þús. kr. og Stefán Th. 1½ millj. kr., og svo skuli ofan á þetta allt koma leiðandi maður frá einu stærsta útgerðarfélaginu hér á landi og segja þessa hörmulegu sögu af útgerðinni, þar sem Rvík lifir af 26 gömlum togurum og 10 gömlum línubátum, sem ekkert hefir verið gert til að endurnýja nú í mörg ár.

Nú skýt ég því til hinnar ágætu dómgreindar hv. 2. þm. Skagf., sem tók enska lánið og veðsetti tolltekjurnar, hvort honum finnist ekki mögru kýrnar vera farnar að ganga óþægilega nærri hans heimatúni.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. G.-K. rakti mörg rök kreppunnar og var allsvört mynd, sem hann dró upp af ástandinu. Sagði hann, að bæði væri kaupgjald hátt, borið saman við verðlag og allt ástand okkar og annara þjóða, svo að það má ljóst vera, að einhverjar fleiri orsakir hljóta að liggja til kreppunnar en stjórnarfar undanfarandi ára. Þá má einnig vera ljóst, að margt, sem nú gerist hér og annarsstaðar um aðgerðir og ráðstafanir, er okkur Íslendingum ósjálfrátt. Það er að vísu rétt, að hagur okkar lands hefir versnað gagnvart öðrum löndum nú á nokkrum undanförnum árum, en það er sannarlega ekki ríkisstj. né hennar aðgerðum að kenna, að almenningur hefir haft yfir svo miklu fé að ráða, að hægt hefir verið að flytja meira inn í landið en sem svarar andvirði þeirra vara, sem við höfum til útflutnings í staðinn. Vitanlega þarf þetta að breytast, en það er ekki einungis á valdi ríkisvaldsins, heldur þarf til þess sameiginleg átök allra, sem stjórna einhverjum fjármunum, bæði einstaklinga og félaga. Ég býst við því, að það séu einmitt félög og einstaklingar, sem mestu hefðu getað áorkað um að aftur yrði komið á jöfnuði við útlönd, en hann sýnir skýrast, að heilbrigður sé þjóðarbúskapurinn og þjóðlíf allt. Það er mála sannast, að verðlag er lágt, en við ráðum ekki yfir því. En sem betur fer höfum við hjálp af þeim tilraunum, sem nú fara fram um allan heim, einnig hjá viðskiptaþjóðum okkar, til þess að laga þetta verðlag, og þótt einkennilegur boðskapur megi virðast, þá er höfuðvonin, að verðlag hækki, og þá vitanlega á öllu, ekki einungis því, sem okkar þjóðselur, heldur verður hitt og að hækka,

sem við kaupum. Til þess að það jafnvægi náist, sem þarf að ríkja í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðanna, þarf verðlagið að hækka mikið úr því, sem nú er. Hv. þm. benti líka á hina miklu alvöru, sem nú steðjaði að okkur vegna breyttrar verzlunarpólitíkur. Ýms lönd virðast nú sem óðast vera að hverfa frá „beztu kjara' samningum og frá hinni frjálsu verzlun, sem ríkt hefir til seinustu tíma. En í þessu efni er ekkert fyrir okkur að gera annað en að hafa vakandi auga og laga okkur eftir þeim breytingum, sem verða, og grípa þau tækifæri, sem við kunnum að hafa til að færa okkur þær í nyt. Í þessu efni mun margt ske á yfirstandandi ári, og ég hygg svo margt, að óvarlegt sé að ætla, að þing þurfi ekki að koma saman aftur fyrr en að ári. Annarsstaðar er eins og þetta steypist nú allt um á ný, og þær þjóðir, sem hafa haft hin frjálsustu viðskipti, loka nú hver fyrir annari og gera nýja samninga. Hið sama mun og yfir okkur koma. En útlit og ástand okkar viðskiptalífs er bjartara en hjá mörgum öðrum þjóðum. Þær þjóðir, sem helzt veita okkur lánstraust, falla eins og allar í eina heild, og eru þá líkindi til, að skapist vissar fjármálaheildir, því að einmitt þessi lönd virðast ætla að standa sem bezt saman, svo sem Skandinavia, England og jafnvel Spánn, sem þó er fjarskyldari. Það er okkur gæfa, að viðskipti vor, bæði um lán og verzlun, virðast hafa verið svo einhæf, og það einmitt við þau lönd, sem bezta eiga samleið og þurfa að mynda viðskiptaheildir áfram, þótt klofni milli annara fjarskyldari þjóða. Það er því ekki að öllu leyti svart útlit í þessu efni, heldur ýmsir möguleikar, sem opnast á þessu ári. Ég hygg, að hv. þm. hafi mælt um of, og það sennilega í tilefni dagsins, sem er nú eldhúsdagur, þegar hann sagði, að ríkissjóðurinn íslenzki væri verst staddur allra íslenzkra fyrirtækja. Eftir því, sem hann lýsti fjárhag annara, er með þessu mikið sagt. Þann tíma, sem ég hefi verið í fjármálaráðuneytinu, þótt það sé að vísu ekki langur tími, hafa þangað margir komið, bæði sveitar- og bæjarfélög, einstaklingar og félög, sem standa í sambandi við ríkið, og ástand þeirra margra er miklum mun lakara en sjálfs ríkissjóðsins. Og allt lendir þetta á endanum á náðir ríkissjóðs, ef heimild er fyrir því í lögum eða einhver möguleiki til þess að ná þaðan nokkurri hjálp. Ég hygg, að þeir, sem stjórna bæjarfélögum landsins nú, muni sannarlega skilja af eigin reynslu, að ríkið geti átt í nokkrum örðugleikum nú, og að þeir, sem þar eiga að bera ábyrgðina, vilji ógjarnan leggja út í næsta ár nema séð verði eitthvað fyrir tekjuhallanum, sem fyrirsjáanlegur er. Ég skal játa, að ríkið er um margt betur statt en aðrir með innheimtu margra sinna tekna, betur en sveitar- og bæjarfélög, því að þau verða að láta sér nægja með að taka það, sem þau ná af afganginum, þegar búið er að greiða tilkostnað við framleiðsluna. Það er óþarfi að inna að því, að ríkið sé verst statt. Á svona tímum er gott til þess að vita, að ríkið er ekki verst statt, og sjálfsagt að enginn stuðli að því að gera það svo úr garði, að það geti ekki mætt þeim þörfum, sem mest kalla að. En það má ekki mikið versna fyrir okkur. Eina vonin er sú, að við séum nú á þessu ári í öldudalnum og að allt fari batnandi. Það er gott á góðærunum að hugleiða, að vondir tímar fari í hönd, og það er einnig gott á vondum tímum að hugleiða, að allt fari batnandi. Sá jöfnuður, sem skapast af því að vera svartsýnn í góðærunum og bjartsýnn í harðærinu, er sá, sem okkur skortir. Og það er þetta jafnaðargeð, sem hv. 3. þm. Reykv. var að minnast á í sambandi við jöfnunarsjóð ríkisins og sagði, að hollur væri ríkinu. Ég skal ekki neita því. Það er ríkið, sem mest líður við þá frjálsu samkeppni, sem ríkir nú í pólitík landsmanna og gengur út á það að verja mestu fé, þegar mest er til, en svo gengur allt öfugt, þegar illa árar. Það er einmitt þessi samkeppni, sem mætti minnka; við það skapaðist meiri jöfnuður.

Þótt illa sé nú komið fyrir okkar atvinnuvegum, þá eru til möguleikar utan við þá, og það eru þeir, sem skapast við skemmtana- og nautnalíf fólksins og þeim föstu tekjum, sem eru óháðar atvinnuvegunum og geta jafnvel á vondu tímunum borið þá skatta og tolla, sem bregðast á hinum venjulegu liðum. Ég

vil t. d. nefna tóbaksnautn. Ég held, að menn taki í nefið og tyggi sitt „skraa" jafnt í vondum og góðum árum, og finnist þeir þjóðlegri, þegar þeir styðja ríkið um leið og þeir njóta sinnar ágætu vöru. Þannig eru um fleiri nautnameðul, að þau gefa einhvern skatt í ríkissjóðinn. Hér er farið fram á að festa nokkra þessara skatta til lengdar. Ég myndi láta mér nægja með, að allt, sem við væri bætt, væri miðað við árslok 1933, en þá fellt úr gildi, ef góðir tímar yrðu. Það er rangt, að ég hafi verið að hóta verkamönnum hér að fella niður atvinnu. Ég hefi alls ekki hótað neinu verkfalli, en það eru staðreyndir, að ef ríkissjóði er ekki séð fyrir þeim tekjum, er hann þarf til þess að standast þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar hafa verið og búið er að ákveða, þá falla þær niður, og eðlilega fyrst hinar verklegu framkvæmdir. En eins og ég hefi tekið fram, þá er hér ekki farið fram á fé nema til hinna allra nauðsynlegustu hluta.

Ég skal svo ekki drýgja þá sömu synd og áðan, að fara fram yfir með tímann, því ég vil ekki halda vöku fyrir því marga fólki, sem til okkar heyrir úti á landsbyggðinni, enda líka gott að vera tekjuhallalaus að þessu leyti. Áheyrendur hafa nú komizt að raun um, að þingheimur er ekki eins samhuga sem skyldi á svona tímum, en ég vil minna þá á, að samkomulagið er oft betra í raun og veru en það kemur fram í ræðum þingmanna, og ennfremur það, að til eru þeir kraftar hér, sem geta skapað betri tíma, en það er ekki eingöngu okkar, sem sæti eigum á Alþingi, heldur er það alls landslýðsins að leggja einnig fram alla krafta sína til þess mikla verks. Vænti ég svo, að áheyrendur sofni rótt í fullri vissu um það, að batnandi tímar séu framundan, og að undir árslokin 1933 getum við hafizt handa um nýjar og auknar framkvæmdir og að þeir tímar megi aftur koma, að við fáum tækifæri til þess að deila á landsstjórnina fyrir að vera of bjartsýn og láta vinna of mikið.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er nú svo algengt að fá tækifæri til að ávarpa hv. alþm. Nd., en hinsvegar svo nýstárlegt að fá að áheyrendum þúsundir manna um land allt, að ég vil byrja mál mitt með því að bjóða ykkur velkomin á áheyrendasvið Alþingis. Það væri óskandi, að kjósendur landsins ættu yfirleitt hægra að fylgjast með, bæði sjá og heyra það, sem fram fer, því að þá væri margt öðruvísi en það nú er. Og mér væri nær að halda, að þá þyrftum við ekki að standa nú í því að halda eldhúsdag yfir þessari stjórn. Hún væri þá fyrir löngu brunnin til agna og ekki annað eftir af henni en sú stybba, sem ávallt verður eftir, þegar rusli er brennt. Það er fjarlægð kjósendanna, sem veldur því, að menn sjá ekki eins og er. Það má nefna sem dæmi þessa ófagra leiks það, hverjar skýrslur hafa verið gefnar um fjárhag ríkisins. Á árunum 1924—27 var borgað meira af skuldum en nokkur dæmi eru til hér á landi. En um kosningar báru andstæðingar þáv. stj. það út um allt land, að skuldirnar hefðu hækkað á þessum árum, sem þær lækkuðu um framt að helming. En hvað segja þeir nú, þegar þær eru aftur á ný komnar upp í hæðirnar, og meira að segja upp úr gamla metinu? Nú má ekki heyrast, að skuldir hækki. — Mér er sagt, að hæstv. forsrh. hafi glatt landsmenn með þeirri fregn á nýjárinu, að nú hefðu skuldirnar lækkað að miklum mun vegna kreppunnar. Það er þá með öðrum orðum orðið þannig á síðari árum, að borgi maður af skuldum, þá hækka þær og vaxa manni yfir höfuð, en taki maður ný lán, þá minnka skuldirnar. Þessu eru menn beðnir að trúa, — og skyldi þá ekki geta verið, úr því að skrökvað er um svona augljósa hluti, að eitthvað sé málum blandað víðar?

Ég hafði hugsað mér að svara hér nokkrum orðum hinum fimm ræðum ráðherranna í gær. En ég verð að segja, þegar ég lít í huganum á þessar ræður, þá sé ég þar ekki standa stein yfir steini, nema í ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. forsrh. varði sínum 25 mínútum til þess að endurtaka í sífellu með dálítið breyttum orðum og sívaxandi raddstyrk og ósköpum andmæli sín og hneykslun yfir einhverju voðalegu þingmannaverkfalli, sem

stæði fyrir dyrum. Hann nefndi sí og æ hv. 3. þm. Reykv., formann Dagsbrúnar og formann verkamálaráðsins. Ég veit ekki, hve oft hann las upp þennan langa titil, en ég taldi það tuttugu sinnum. Og svo komst hann í þessu draumarugli út í samúðarverkfall líka og virtist vilja biðja okkur sjálfstæðismenn að gera nú ekki stj. neinn óleik á þessu þingi. Ég verð nú að segja, að mér er ekki kunnugt um þetta þingmannaverkfall. En mér er kunnugt um eitt þingverkfall, og það var gert af þessum sama forsrh. í fyrra. Þá gerði hann sér hægt um hönd og rak allt þingið frá störfum og bannaði þingmönnum að inna af hendi þá frumstæðustu skyldu sína, eins og hann myndi orða það, að fylgja stjórnarskrá landsins og afgreiða fjárlög. Og svo kemur þessi sami ráðh. og er að krossa sig hér og tala um verkföll og samúðarverkföll, af því að hann grunar, að einhverjir þm. muni ætla að fella einhver frv. fyrir stj. Hann, sem rak allt þingið burt í fyrra frá öllum störfum! Þetta kalla ég brjóstheilindi, og fáir munu hirða um hans skoðun á þessu.

Þá minntist hann á viðburðina, sem gerðust hér í fyrra um þetta leyti. Kom það í ljós í ræðu hans, að hann hefir þá verið afskaplega hræddur. Það var eins og honum fyndist það eitthvað afarmerkilegt, að hann skyldi ekki mega reka þingið burt án þess að því væri mótmælt. En það verð ég að segja, að mér fannst hann láta bera óþarflega mikið á hrollinum, sem er í honum nú, þegar afmælisdagur þingrofsins nálgast. Það er sagt, sennilega í gamni, að það sé nú verið að smíða nokkur hundruð eikarkylfur til þess að berja á Reykvíkingum, ef þeir skyldu taka upp aftur þann leiða ósið að hefja mótmæli og biðja um fullan kosningarrétt. Hann vill kannske feta í fótspor rússnesku lögreglunnar sællar minningar, sem skaut á mannfjöldann fyrir framan vetrarhöll keisarans í Pétursborg. Nei, æsingarnar hérna í Reykjavík í fyrra voru sannarlega ekki um skör fram eftir málefni, þó að nokkur þúsund stilltra borgara gengju hér um göturnar. Og það er alveg óþarft af hæstv. forsrh. að vera nú að rifja þá atburði upp og egna menn til frekari aðgerða — þó að ráðh. aldrei nema kunni að treysta sínum eikarkylfum og stálhjálmum.

Hæstv. dómsmrh. þarf ekki að svara. Þó að hann læsi hér upp gamla Íslandsbankareikninga, þá býst ég ekki við, að menn hafi fundið samhengið milli þeirra og fjárstjórnar ríkisins á síðustu árum. Hann var að segja frá, að Copland og Stefán Th., sem hann svo kallar, hefðu orðið gjaldþrota. Ræða hans minnti helzt á skopvísuna um hafnaringeniörinn, sem mældi út og mátaði upp á hár,

að höfnin okkar hefði ekki hreyfzt
í þúsund ár.

En eitt atriði verð ég að minna á. Hann gerði mér þann heiður að nefna mig í sambandi við grein, sem ég skrifaði um uppsögn ritsímasamningsins við Mikla norræna ritsímafélagið. Sú hneykslissaga er nú alkunn, en skal einhverntíma verða enn betur kunn, sagan af því, hvernig íslenzka stj. lá hundflöt frammi fyrir Svensson, forstjóra þessa milljónafélags, og varð að biðja um náð og miskunn, af því öllum peningum var eytt og ekki hægt að losna af klafanum. Þetta um mig gerði nú ekki mikið til. En svo flutti hann miklu verra um látinn mann, Gísla Ólafson landssímastjóra, sem hafði undirbúið þetta mál. Það hefði leitt til 200—300 þús. kr. sparnaðar á ári, og fé hafði hann útvegað með ágætum kjörum. Þennan mann lét hæstv. ráðh. sér sæma að óvirða og baknaga í gröfinni, og öfunda ég hann ekki af því frægðarorði. Gísli Ólafson var einn af allra ástsælustu og inndælustu mönnum og framúrskarandi röskur og samvizkusamur embættismaður. En hann fékk landssímastjórastöðuna móti vilja dómsmrh., og það var syndin, sem ekki má fyrirgefa. Þessvegna leggst nú ráðh. á náinn og eys ósönnum óvirðingarorðum á þennan látna ágætismann. Ég á ekki um þetta önnur orð sterkari en að segja: Það var dómsmrh. og engum öðrum líkt.

Svar mitt til hæstv. fjmrh. verð ég að láta bíða, þar til ég tek til máls næst. Ég ætla nú ekki að verja þessum mínútum til þess að rifja upp að neinum verulegum mun hinar gömlu syndir. Meginafbrot stj. er að mínu viti fjármálasukkið. Það er hörmulegt til þess að vita, að allt viðreisnarstarf áranna 1924—27, sem

unnið var af svo mikilli ósérhlífni af hendi þeirra, sem hinar þungu byrðar báru, og með svo mikilli skapfestu og viturleik af þeim, sem með það fóru, það er hörmulegt, átakanlegt, grátlegt, að allt þetta starf skuli vera gersamlega þurrkað út og miklu meira en það. Skuldirnar eru komnar langt upp fyrir það, sem áður var, skattarnir stórum hækkaðir og ekki minnzt á annað í þeim efnum en nýja skatta og aukna skatta. Það var ódæmi, að eftir allra mestu góðæri til lands og sjávar, sem yfir þetta land hafa gengið, skuli heimskreppa hitta þjóðina á barmi ríkisgjaldsþrots. Fyrir heimskulega og óráðvandlega meðferð opinbers fjár er þjóðin nú orðin það fátækust og bágast stödd, sem hún hefir nokkru sinni orðið síðan hún fékk sjálfstæði, og síðasta ár, eitthvert inndælasta ár að allskonar árgæzku, allt snýst upp í hörðustu kreppu og vandræði fyrir óvit þeirra, sem þjóðin hefir falið forustuna. Það má segja um illa stjórn svipað og gert var um Attila Húnakonung, að þar, sem hestur hans sté fæti niður, greri aldrei gras framar. Ég vildi óska, að þið, góðir landsmenn, mættuð sjá sporin stjórnarinnar eins skýrt og við gerum hér í Reykjavík, þá mundi ykkur ekki langa til, að þau yrðu mörg hér eftir. En þó að nú blasi átakanlegast við manni fjármálarústirnar, þá eru það svo sem ekki einu sorglegu minnisvarðarnir, sem marka feril þessarar stjórnar. Það eina, sem kemur í veg fyrir, að ég lýsi því hér, er sú staðreynd, að þetta er orðið öllum lýðum ljóst. Það dettur engum lengur í hug að halda, að dómsmrh. okkar geri það, sem rétt er, heldur ævinlega það, sem hann telur vænlegast fyrir sjálfan sig og flokkinn. Það dettur engum lengur í hug, að embætti í opinberar stöður sé veitt eftir verðleikum. Það var einu sinni svo, en það er ekki lengur. Þetta lagast nú bráðum. En hitt lagast því miður ekki, að hugsunarhætti fjölda manns hefir verið umsnúið. Það er því miður svo komið, að kröfur um hinar fornu dyggðir réttsýni og skyldurækni í opinberum störfum eru stórum sljóvgaðar. Mennirnir eru svona gerðir, að þeir venjast öllu. Menn geta orðið samdauna öllu, og þetta er því miður einnig svo í andlegum efnum. Þetta er nú meginábyrgð þeirra, sem í æðstu stöðum eru. Þegar farið er að eins og stj. sú, sem undanfarið hefir ráðið ríkjum hér, að hafa opinbert velsæmi að engu, að verjast með því einu að endurtaka ósiðina í sífellu, svo að menn gefist upp á að eltast við þá, þá er með þessu athæfi svo mögnuðu eitri og ólyfjan seitlað út til fólksins, að það hreinsast ekki fyrr en eftir langan tíma. En ég ætla ekki að orðlengja um þetta. Ég hefi lýst stjórnarfarinu áður í útvarpið og ég hefi ekki heyrt neitt af því hrakið. Þó að margt hafi síðan skeð, þá er svipurinn sá sami.

En það er annað, sem ég ætla mér að gera dálítið að umtalsefni hér. Og það er sú staðreynd, að þessi óhæfa stj. situr nú í trássi við vilja mikils meiri hl. þjóðarinnar, eða næstum því tveggja þriðjunga allra kjósenda í landinu. Ef stj. hefði farið vel með völdin, ef hún hefði nú verið búin að brynja þjóðina með öðru en ósannindum og blekkingum, ef þessi stj. hefði brynjað þjóðina og búið undir kreppuna með því að halda áfram stefnunni frá 1924—27, ef hún hefði nú verið búin að borga skuldirnar og átt fé í sjóði, ef hún hefði getað komið fram nú og sagt við þjóðina: Nú steðjar að kreppa, nú skulum við lækka skatta, en verja samanspöruðu fé til atvinnubóta og heilbrigðra framkvæmda, sem sagt, ef stj. hefði farið að eins og ráðvandur og skynsamur ráðsmaður, þá býst ég ekki við, að raddirnar um breytingar hefðu orðið háværar. En þegar hún bætir því ofan á rangfengin völd, að hún fer illa með þau, þá getur ekki verið annars að vænta en að eigandinn heimti sitt, eða með öðrum orðum, að meirihl. þjóðarinnar heimti þau völd, sem hann á.

Um þetta mál hafa nú farið fram ýtarlegar umr. í dag og þeim verið útvarpað, en mér fannst þetta mál gnæfa svo hátt, að ekki sé hægt að ganga framhjá því hér á eldhúsdegi. Og vil ég þá byrja á því, sem einhverjum kann að koma á óvart, að það er stj. sjálf, sem byrjar þetta mál. En stj. hefir látlaust borið það út um borg og bý, að andstæðingar hennar hafi ætlað með einhverju skyndiáhlaupi að breyta kosningatilhöguninni.

En Alþingistíðindin segja annað .Við sláum upp í Alþt. 1931. Þar er m. a. stjórnarfrv. eitt, sem fer fram á breyting á kosningatilhöguninni, og það er frá forsætisráðherranum. Það er stjórnarskrárfrv., þar sem lagt er til, að landskjörið falli niður.

Nú er það þannig, eins og öllum landslýð er kunnugt, að landskjörið er eina brúin í kosningatilhöguninni hér á landi. Það er eina kosningin til Alþingis, þar sem kjósendur eru allir jafnréttháir. Gallinn á því er sá, að of fáir þm. eru kosnir þar í einu, til þess að kjósendaviljinn fái notið sín, en sjálf kosningin er hlutfallskosning og því alveg laukrétt eftir þingræðisreglum. Þetta kemur þá líka fram í því, að stjórnarflokkurinn, sem lifir af náð ranglátrar kosningatilhögunar, varð fyrir barðinu af landskjörinu. Réttlætið er ótrúlega erfiður andstæðingur. Þegar stjórna á með ranglæti, hljóta menn að meiða sig á hverjum anga, sem eftir er af réttlæti. Og hér rak nú réttlætið upp höfuðið í efri deild Alþingis. Það var svo sem ekki furða, þó að forsrh. sýndist það ófrýnilegur selshaus og vildi berja hann niður í gólfið, eins og heimilismennirnir á Fróðá forðum. Það er æðinapurt örlaganna háð, sem þessi stj. hefir orðið fyrir og það á margvíslegan hátt. Það er napurt háð í því, að hún skyldi hefja feril sinn með loforði um fækkun embætta og allskonar sparnað og skipa nefnd til að undirbúa fækkunina og sparnaðinn. Það er háð í því, að núv. dómsmrh. skyldi árum saman vera búinn að prédika velsæmi í opinberum málum. Það er háð örlaganna í því, að hann skyldi skrifa bókina „Komandi ár", þar sem hann prédikar gegn því, sem hann hefir nú sjálfur gert, en með því, sem hann hefir barizt móti. Hann vildi láta Eimskipafélagið annast alla útgerð fyrir ríkið, en stj. hans verður fyrst til að taka þetta af Eimskipafélaginu. Hann vildi láta kjósa með hlutfallskosningu í stórum kjördæmum, en þegar hann var orðinn ráðh., varð þetta einhver stórkostlegasti pólitíski glæpurinn í hans augum, og á andstöðu gegn því komst hann inn í ráðherradóminn aftur. En naprasta háð örlaganna er það, að forsætisráðherrann, einmitt forsætisráðherrann, hann skyldi verða til þess að byrja baráttuna fyrir breyttri kosningatilhögun.

Auðvitað var það strax tekið fram af okkur andstæðingum stj., að ef afnema ætti landskjörið, yrði fleira að fylgja með. Og þar sem nú hefir verið komið á hlutfallskosningum, beinlínis og óbeinlínis, í öllum löndum, þar sem kosningalög eru komin í rétt horf, þá varð svarið eðlilega þetta: Við skulum afnema landskjörið, en þá verðum við líka að afnema það algerlega óeðlilega og dæmalausa bann, sem nú er í stjórnarskránni gegn hlutfallskosningum nema í Reykjavík. Slíkt bann þekkist hvergi á byggðu bóli nema hér á Íslandi, og hér komst það áreiðanlega inn í stjórnarskrána óvart í sambandi við landskjörið.

Með þessu var ekki einu sinni farið fram á að lögbjóða hlutfallskosningar. Það var yfirleitt ekki farið fram á að hrófla neitt við grundvelli kosningatilhögunarinnar. Öll ósköpin voru þau, að það var farið fram á, að stjskr. yrði í þessu efni eins og hún hafði verið frá upphafi og fram til 1917 og eins og hún er í þessu efni í öllum löndum, öðru en Íslandi. En hvað skeði? Það skeði ekkert annað en það, að konungsvaldinu, sem ekki er sérlega sterkt hér, var beitt til þess að reka þingmenn heim fyrirvaralaust og án þess að þeir gætu innt af hendi þá skýlausu skyldu sína samkv. stjskr. að ganga frá fjárlögum. Og út um landið var þeyst með þá tröllasögu, að nú væru sjálfstæðsmenn og sócialistar búnir að sameina sig um það hermdarverk að leggja niður hin fornu kjördæmi. Og í þessum buslugangi var svo reynt að fela allar syndir stj. frá undanförnum árum. Og þetta tókst að nokkru leyti. Það mistókst að vísu að villa meiri hl. þjóðarinnar sýn. En það tókst að skrökva að nægilega mörgum til þess að hið úrelta kosningafyrirkomulag skilaði stjórnarflokknum í höfn með meiri hl. þingmanna. Þegar kjósendur á einum stað fá 4 þingmenn, þegar jafnmargir kjósendur annarsstaðar fá 15 þm., þá getur útkoman orðið nokkuð skrítin mynd af þjóðarviljanum í heild. Þegar 4900 framsóknarkjósendur í austurhluta landsins fá 10 þingmenn kosna, en nálega helmingi

færri sjálfstæðiskjósendur í þessum sama hluta landsins fá engan þingmann, fer að verða skiljanlegt, að stjórnarflokkurinn geti sigrað, þó að málstaðurinn sé ekki vel hreinn. Þegar þriðjungur fólksins, sem er stjórnartrúar, fær 23 þm., en ⅔, sem eru andstæðingar stj., fá ekki nema 19 þm., þá fer það að verða ónotalega líkt gamla fyrirkomulaginu, þegar stj. gat lafað á fylgi konungkjörinna þingmanna einna, þ. e. þingmanna, sem hún útnefndi sálf.

Stjórnin situr því í krafti eða réttara sagt kraftleysi eins þriðjungs þjóðarinnar, og það þess þriðjungsins, sem var lengst að átta sig á því, sem var að gerast. En ég veit, að nú hefir stj. ekki líkt því þennan þriðjung að baki sér, í þessu máli að minnsta kosti. Forsrh. sagði í gær, að hann bæri málið öruggur undir þjóðina. Það er ekki í fyrsta sinn, sem hann óvirðir þjóðina með því að treysta henni til þess að fylgja röngu máli. Það er svo margt komið í ljós síðan síðustu kosningar fóru fram og það hafa svo margir greindir og góðir menn fylgt stj. fram til síðustu kosninga, að það er ekki nema eðlilegt traust á dómgreind þeirra, að ég er viss um, að fjöldi hefir nú snúið baki við henni. Þetta má m. a. sjá hér í Reykjavík. Hér hafa nú á fáum dögum skrifað undir áskorun um að breyta kosningatilhöguninni í réttlátara horf fleiri kjósendur en þeir, sem greiddu atkv. við síðustu kosningar alls, og var þó sú kosning afarfast sótt af öllum flokkum. Þá átti stjórnin hér á 13. hundrað atkv., og það er því alveg augljóst, að mikill fjöldi þeirra hafi skrifað undir. Og í tveim stöðum, hér og í Hafnarfirði, hafa skrifað undir þessar áskoranir fast að því eins margir kjósendur eins og stj. átti yfirleitt um allt land við síðustu kosningar.

Hvað veldur breytingunni? Það veldur, sem ég sagði áðan, að síðan um seinustu kosningar hafa komið í ljós svo mikilvæg atriði, sem menn þá voru ekki búnir að átta sig á. Vil ég þar nefna fyrst fjárhagsástandið. Þó að við værum búnir að segja þetta fyrir löngu, t. d. fyrir landskjörið 1930, að allt væri að sökkva í skuldir, og svo í síðustu kosningabaráttu, þá var eins og einhver herfjötur væri á hugsun margra. En nú er það bert. Nú er hægt að þreifa á því. Nú verða allir að kannast við ósköpin, að eftir að sópað hefir verið inn í ríkissjóðinn góðærisgróða með hásköttum og lánum tugum milljóna umfram allt, sem áður hefir þurft, er ekki til grænn túskildingur, þegar kreppan skellur á. Hvað myndi bóndi gera við ráðsmann, sem hefði farið svona með hann? Hann hefði fengið honum nægan vinnukraft við heyskap, og svo hefði komið hver gæðaveturinn eftir annan, svo að eftir allri reynslu hefði átt að vera safnaðar geysilegar fyrningar, og ráðsmaðurinn hefði skrifað honum hvert bréfið eftir annað, heilar bækur um það, hve vel hann stjórnaði búinu. En svo kemur harður vetur. Bóndinn kemur til eftirlits, og þá er enginn heytugga nokkursstaðar. Ráðsmaðurinn hefir eytt heyinu öllu í sína eigin sauði og hlöðukálfa í gersamlegu óleyfi. Hvað halda menn nú, að bóndinn myndi gera við þennan ráðsmann? Halda menn, að hann mundi þakka honum fyrir tilskrifin og biðja hann að halda áfram að stjórna svona vel? En þetta er nákvæmlega það, sem menn um allt land hafa nú séð til ráðsmannsins á þjóðarbúinu. Og þetta hefir komið nú, síðan um seinustu kosningar.

Annað, sem komið hefir í ljós síðan, hefir þó ef til vill sært enn fleiri af fylgismönnum stj. og snúið hugum þeirra frá henni. Hæstv. forsrh. sagði, að nú hefði sannast, að sagan um samband sjálfstæðismanna og sósíalista um að afnema kjördæmin hefði verið sönn. En þetta er svo fjarri sanni, að hún hefir fullkomlega afsannazt með nál. sjálfstæðismanna í hv. Ed. En það hefir annað komið upp úr dúrnum, og það var sagan, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér um samningamakk Framsóknar við sócíalista um það að gefa þeim 2—3 þingsæti frá sjálfstæðismönnum. Fylgismönnum stj. hefir sárnað, þegar þeir hafa nú séð svart á hvítu, að það voru allt saman ósannindi, sem stj. og lið hennar bar út um landið til þess að þvo af sér þingrofshneykslið, þetta um sambandið milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna um að afnema hin sérstöku kjördæmi. Ég veit um góða og gilda framsóknarmenn, sem ekki geta

fyrirgefið stj. þetta, að gera ómengaða skröksögu að meginkosninganúmeri, og ekki geta fyrirgefið sjálfum sér það, að þeir skyldu láta blekkjast af þessari skröksögu.

Ég vil svo víkja ofurlítið að því, hvað það er, sem er um barizt, því að á því veltur að miklu leyti, á hvern kemur þungi ábyrgðarinnar á því að láta nú samvinnu í þinginu stranda. Eru það nú einhverjar harðskeyttar kröfur — einhverjar einhliða kröfur? Þetta skulum við athuga dálítið nánar, til þess að sjá, hvort stj. hefir nokkra afsökun.

Málið, sem um er barizt, er stjórnarskrárfrv., þar sem farið er fram á, að Alþingi sé rétt mynd af vilja þjóðarinnar. Annað er það nú ekki. Það er ekki farið fram á að afhenda neitt vald frá einum til annars. Það er aðeins farið fram á það, að þegar þjóðin velur fulltrúa á Alþingi, þá komi vilji hennar sem bezt fram á þessari fulltrúasamkomu. Er nú hægt að hugsa sér nokkra kröfu eðlilegri, sanngjarnari og sjálfsagðari en þessa? Er mögulegt fyrir nokkurn mann að rísa upp og segja: Alþingi á **ekki** að vera rétt mynd af skoðunum þjóðarinnar? Er nokkur sá ódrengur eða heimskingi til, að hann vilji og geti kinnroðalaust haldið því fram, að kosningum **skuli** hagað þannig, að þjóðin vilji eitt, en fulltrúar þeir, sem hún velur, vilji annað, og þeir ráði? Það getur vel verið, að slíkir ódrengir séu til, því að það er misjafn sauður í mörgu fé. En eiga þeir að ráða — *og dettur nokkrum í hug*, að þeir fái að ráða?

Og ef svo er litið á það, hvernig sjálfstæðismenn hafa hugsað sér að koma þessu í framkvæmd, þá verður það sama uppi á teningnum, að allt hefir verið gert til þess að bjóða framrétta hönd til samkomulags. Stj. hefir alltaf látið svo sem hennar meginhugamál væri það, að hin einstöku kjördæmi héldu áfram að vera til og eiga sína sérstöku fulltrúa. Á þeim grundvelli var barizt við síðustu kosningar. Stjórnarliðið barðist þar á móti sinni eigin skröksögu um það, að við ætluðum að afnema hin sérstöku kjördæmi. Og nú er þetta einmitt boðið fram af okkar hálfu. Báðir fá eftir þessum till. það, sem þeir hafa lagt áherzluna á, við það meginatriði, að Alþ. verði rétt mynd af skoðunum landsmanna, og þeir það, sem þeir hafa sagt, að væri meginatriði, að hin sérstöku kjördæmi haldist. En þegar þetta er boðið fram, þá er það allt í einu orðið alveg óaðgengilegt og óhafandi. Og skín í þessu í úlfinn innan í sauðargærunni. Það var skröksaga um sjálfstæðismenn, að þeir vildu afnema kjördæmin — en það var líka skröksaga um stjórnarflokkinn, að hann bæri það fyrir brjósti að halda kjördæmunum. Þeim er umhugað um, að ranglætið haldist. Það er þetta, en ekki kjördæmaskiptingin, sem þeir bera fyrir brjósti. Það þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. að berja sér á brjóst og segja: Ég er ekki að hugsa um flokkinn minn. — En um hvað hugsar hann annað, eða hefir hugsað?

Og fyrir þetta fórna þeir svo landsins heill. Á þessum voðalegu erfiðleika tímum, sem þeir eiga drýgstan þáttinn í að hafa leitt yfir þjóðina, fórna þeir allri samvinnu við aðra flokka þingsins, fórna þeirri samvinnu, sem helzt gæti leitt til þess, að vandamálin yrðu leyst. Fyrir þetta láta þeir viku eftir viku af starfstíma þingsins fara í súginn, og málin komast nær ófærunni. Ég á bágt með að trúa því, að þeir rísi undir þeirri ábyrgð frekar en Kain gat risið undir synd sinni.

En sannast að segja trúi ég því ekki, að nokkur flokkur geri aðra eins óhæfu og þessa: Að láta fjárhagslega ógæfu og hrun atvinnuveganna dynja yfir þjóðina *heldur en sleppa í hendur þjóðarinnar* því valdi, sem hún á að hafa. Meðal annars trúi ég þessu ekki af því, að þetta er svo gersamlega vonlaus barátta. Eins og það þykir nú sjálfsagt, að menn kjósi, þó að þeir eigi ekki ákveðna fasteign, að konur kjósi og að engin forréttindi í þessum efnum fylgi aðli eða neinu slíku, eins sjálfsagt þykir þetta eftir örskamma stund, að menn hafi jafnmikil áhrif á gang málanna, hvaða stjórnmálaflokki, sem þeir fylgja. Spurningin er því aðeins um það, hve mikil nátttröll þeir vilja verða, þessir menn, sem kalla sig í háði framsóknarmenn, hvað mörg ár þeir vilja komast aftur úr straumnum áður en þeir steypast fyrir einhuga dómi þjóðarinnar.

Ég vil nú enda þessi orð mín með því að óska þess, þeirra vegna, að þeir vitkist sem fyrst, því að það er ákaflega hætt við, að eftir því sem þeir standa lengur á móti, því hærri verði dynkurinn þegar þeir detta.

Haraldur Guðmundsson: Mér fannst einkar góð dæmisagan úr biblíunni, sem guðsmaðurinn, er síðast talaði, flutti í ræðu sinni. Hann tók svo til orða, að hann tryði því ekki, að Framsókn gæti risið undir syndum sínum gegn íhaldsmönnum fremur en Kain undir sinni synd. Í þessu sambandi vil ég minna á það, sem allir vita, að Kain og Abel voru skilgetnir bræður. Mun því hafa vakað fyrir guðsmanninum, að mótgerðir Framsóknar við Íhaldið bæri að skoða sem sambærilegar við mótgerðir Kains við bróður sinn, því að í raun réttri séu þessir flokkar — Framsóknar og Íhalds — skilgetnir bræður og deilur þeirra og erjur einskonar bræðravíg. En hvort hv. þm. býst við, að endalokin á deilum þessum verði þau hin sömu og biblían greinir frá, skal ég láta ósagt. En ekki myndi ég harma það, þótt báðir þessir flokkar biðu pólitískan dauða. Ég get svo látið þessum guðfræðilegu hugleiðingum lokið og vil þá snúa mér að því, sem er tilefni þessara umr., en það er gagnrýni og athugun á gerðum stj. og flokks hennar undanfarin ár.

Núv. hæstv. stj. á nú bráðum hálfs áratugs afmæli. Því þó að hæstv. dómsmrh. hafi fengið hvíld í nokkra mánuði og Ásgeir komið í Einars stað, þá tel ég það eigi til breytinga; ég tel, að sama stjórnin hafi farið með völd í öll þessi 5 ár. Frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna skiptir það engu máli, hvað ráðherrarnir heita. Stefna þeirra og flokks þeirra — eða stefnuleysi —, framkvæmdir þeirra eða framkvæmdarleysi, þetta er það, sem máli skiptir. Af því leiðir það, að við getum ekki rætt um stjórnina og stefnu hennar án þess jafnframt að minnast flokks hennar. Hún verður að gjalda flokksins eða njóta, eins og líka flokkurinn hlýtur að gjalda hennar eða njóta, eftir því sem verðleikar standa til.

Hæstv. stj. segir, að „verkin tali“, og þetta er rétt — bæði þau verk, sem unnin eru, og ekki síður hin, sem ónunnin eru eða vanrækt hefir verið að hrinda í framkvæmd. En verkin gera meira en að tala, — þau dæma líka. Þeir, sem hlýða á mál verkanna, komast ekki hjá því að heyra dóminn líka.

Ríkisstj. er nú senn 5 ára, og þær máttarstoðir, sem hún er byggð á, eru aðallega tvær; önnur er óttinn við íhaldið, en hin er ranglát kjördæmaskipun. Ástæðan til þess, að Framsókn tók við völdum 1927, var reynslan, sem fengizt hafði af stj. íhaldsins á undanförnum árum, en sú reynsla var slík, að meiri hluti þjóðarinnar vildi fyrir engan mun, að íhaldsstjórn yrði áfram við völd. Þessvegna veitti hún andstæðingum Íhaldsfl. meiri hluta á Alþingi; og þess vegna veitti Alþfl. á sínum tíma stjórn Framsóknar hlutleysi. Stj. hefir í raun réttri alltaf verið minnihlutastjórn, og er það enn. Það er á syndum íhaldsins, sem hún hjarir, því að svo er ríkur óttinn við íhaldið, að flestir kvíða því og óttast það, að ef framsóknarstj. fer frá, þá komist Íhaldsfl. aftur að völdum.

Hæstv. forsrh. ræddi í gærkvöldi með miklum hávaða um þann mikla „kosningasigur“?, sem Framsókn hefði unnið við síðustu kosningar. Það er heldur að miklast yfir, þó að þeim lánaðist, eftir að hafa verið við völd um fjögurra ára skeið, að ná í 35% greiddra atkv., en 65% féllu á móti þeim. Fæstir myndu gerast til þess að gorta af af slíkum „sigri“. En svo gífurlega ranglát er kjördæmaskipunin, að þótt Framsókn lánaðist aðeins að ná í 35% greiddra atkv., þá fékk hún 23 þm. af 36, sem kosnir voru. Og á þessu ranglæti hangir stjórnin. Ég vil því endurtaka það, sem ég sagði áðan, að máttarstólpar stj., sem veldi hennar hvílir á, eru þessir tveir: syndir íhaldsins og ranglát kjördæmaskipun. Í raun réttri mætti segja, að stoðin væri aðeins ein: syndir íhaldsins, því að ein af höfuðsyndum íhaldsins er einmitt sú, að það vanrækti að lagfæra kjördæmaskipunina meðan það hafði nægan styrk til þess á þingi. Sannast þar hið fornkveðna, að „sér grefur gröf, þótt grafi“, því þessi höfuðsynd íhaldsins kemur nú því sjálfu í koll, en — því miður — öðrum alsaklausum einnig. En

ágóðann af þessari vanrækslusynd Íhaldsfl. tekur nú stj. og hennar flokkur.

Ég vænti því, að af þessu, sem ég hefi nú sagt, að tilvera hæstv. stj. byggist á óttanum við íhaldið og syndir þess, þá hljóti menn að sjá, að fyrsta krafan til framsóknarstj. hlaut að vera sú, að hún afneitaði íhaldinu og öllum þess verkum og öllu þess athæfi. Þetta var meginkrafan, sem hæstv. stj. varð að uppfylla, ef hún átti að eiga tilverurétt. Eigi því að mæla verk hæstv. stj. ber þess fyrst að gæta, hversu hún hefir orðið við þessari kröfu. Og því er skjótsvarað. Fyrstu árin tvö mátti segja, að nokkuð bæri á viðleitni hjá stj. og flokki hennar til þess að afneita stefnu íhaldsins. Fékkst þá fram nokkur þarfleg umbótalöggjöf, svo sem togaravökulögin, slysatryggingarlögin, lög um verkamannabústaði, lækkun á kaffi- og sykurtolli og skipulag á síldarsölu, sem við jafnaðarmenn gengum inn á, þótt ekki væri þar farið að okkar tillögum; þá var líka gefið vilyrði, ef ekki hreint og beint loforð, um að skattalöggjöfinni skyldi breytt í þá átt að létta tollum af nauðsynjavörum. En það hefir hæstv. stj. síðan með öllu svikið, eins og kunnugt er. Undir lok þessa tímabils tók að bera mjög á því, að hæstv. stj. færi að hneigjast í íhaldsátt og taka upp siði fyrirrennara sinna. Við eldhúsumr. þá benti ég á, að hæstv. forsrh. væri farinn að skrýðast ósviknum íhaldsbuxum af fyrirrennara sínum, hv. 2. þm. Skagf. En hæstv. forsrh. mótmælti því harðlega og sór og sárt við lagði, að hann mundi aldrei nokkru sinni nota slíka íhaldslarfa. Sú hefir nú samt orðið raunin á, þrátt fyrir öll hreystiyrði ráðh., að hann, stj. öll og flokkur hennar hafa síðan hratt og stöðugt farið í íhaldsátt, og mun ég drepa á nokkur atriði, er sanna þetta.

Í skattamálum hefir hæstv. stj. svikið gefin loforð, eins og ég vék lítilsháttar að fyrir stuttu, og hún hefir gert meira: hún hefir algerlega hlaupið frá stefnuskrá sinni í þeim málum og tekið upp tollastefnu íhaldsins. Nægir í því efni að benda á frv. meiri hl. mþn. í skattamálum, er Framsókn og Íhald sömdu í félagi og stj. flutti. Lagaboðin um samvinnufélagsskap um síldarsölu hefir hún bannfært og framið það hermdarverk að drepa síldareinkasöluna. Að því er snertir nauðsynja framkvæmdir, svo sem Sogsvirkjunina, sem er hreinasta bjargráðafyrirtæki fyrir ⅖ til ½ þjóðarinnar, þá hefir hæstv. stj. tekið upp baráttu gegn framkvæmd þessa verks, þegar íhaldsmenn hættu að beita sér móti því. Á sama hátt hefir hún gerzt til þess, eftir að íhaldið hafði fallizt á kröfur okkar jafnaðarmanna um réttlátari kjördæmaskipun, að taka upp harðvituga baráttu gegn þeim kröfum, og í þeirri baráttu hefir hún svo langt komizt, að hún hefir brotið allar þingræðisreglur, notað konungsvaldið til þess að rjúfa þing og rekið þm. heim. Og loks hefir hún og flokkur hennar skipað sér í fylkingarbrjóst þeirra, sem alltaf eru að reyna að lækka kaup verkalýðsins, og sjálft stjórnarblaðið hefir nú að undanförnu veitt útgerðarmönnum harðar ákúrur fyrir að hafa látið togarana fara út án þess fyrst að reyna að knýja fram kauplækkun, þó að það hefði kostað stöðvun um ófyrirsjáanlegan tíma.

Af þessu, sem nú er talið, sést, að hæstv. stj. hefir stöðugt færzt í íhaldsáttina og er nú sem stendur komin jafnvel aftur fyrir svartasta íhaldið. Það er því ekki nóg, að hæstv. forsrh. hafi farið í íhaldsbrækur hv. 2. þm. Skagf., sem hann fussaði svo við fyrir þremur árum, heldur hefir hann einnig skrýðzt afturhaldsúlpu, og konungur puntað upp á hann með krossum á bak og brjóst. Vænti ég nú, að hv. áheyrendur mínir nær og fjær fái séð, hvernig Framsókn hefir orðið við þeirri meginkröfu, sem gerð var til hennar í upphafi: að afneita íhaldinu og öllum þess verkum og athöfnum.

Allir hv. þdm., sem hér hafa talað, hafa farið nokkrum orðum um ástand það, sem ríkir hér af völdum kreppunnar. Ég minnist þess, að á vetrarþinginu 1931 átti ég sæti í fjvn. þessarar hv. d. Benti ég þá á, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að mæta kreppunni og flutti till. í þá átt. Þetta fékk engar undirtektir í n., og var ég einn í minni hl. Var þá gert óspart gys að krepputali okkar jafnaðarmanna, og íhaldsmenn og Framsókn skiluðu sameiginlegu nál. og

brtt. við fjárlagafrv. þar sem gert var ráð fyrir, að engra sérstakra kreppuráðstafana væri þörf. Við jafnaðarmenn lýstum því yfir þá þegar, að við mundum greiða atkv. gegn frv. eins og Íhald og Framsókn höfðu gengið frá því. En brtt. og frv. kom ekki til atkv., því að hæstv. forsrh. tók til sinna ráða, eins og kunnugt er. Hann gerði ekki verkfall, eins og hann segir, að við jafnaðarmenn ætlum að gera nú. Hann gerði meira. Hann skipaði fyrir um verkbann, bannaði þinginu að vinna þau störf, er þjóðin hafði heimtað af því að vinna, og sendi þm. heim.

Á sumarþinginu 1931 fluttum við jafnaðarmenn frv. til allmikils lagabálks um ráðstafanir vegna kreppunnar. Enn var gert gys að krepputali okkar jafnaðarmanna, og málið fékk engar undirtektir. Þó er svo að sjá, að samvizkan hafi eitthvað ónáðað stj. eða flokksmenn hennar, því undir þinglokin var samþ. þál., sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Hún hljóðar svo:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka, á hvern hátt heppilegast sé að vinna gegn dýrtíð þeirri, sem nú ríkir í landinu, einkanlega í Reykjavík, svo og gegn yfirvofandi atvinnuleysi, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Sérstaklega athugist:

a. Möguleikar til lækkaðrar húsaleigu.
b. Óeðlilega hár verzlunarkostnaður innlendrar og erlendrar vöru.
c. Leið til að vinna gegn yfirvofandi atvinnuleysi".

Það orkar ekki tvímælis, að Alþingi er húsbóndi ríkisstj. og að með þál. er henni fengið verkefni, sem hún á að leysa úr þjóðinni til hagsbóta. En svo grátlega hefir nú viljað til fyrir ríkisstj., að í þessu efni hefir hún gert verkfall. Hún hefir ekki lagt fram neinar till. til þess að vinna gegn dýrtíðinni í landinu. Hún hefir enga möguleika bent á til lækkaðrar húsaleigu. Ekkert gert til þess að draga úr óeðlilega háum verzlunarkostnaði og ekki fundið, eða bent á, neina leið til þess að bæta úr atvinnuleysinu í landinu. Hæstv. stj. hefir ekkert gert, bókstaflega ekkert í þá átt, sem henni var falið að gera með þál. Hún hefir látið undir höfuð leggjast að framkvæma það, sem Alþingi skipaði henni. Svo gersamlega hefir hún virt vilja þingsins að vettugi, að segja má, að hún hafi hrækt framan í þá menn, sem að þál. stóðu og allir voru flokksmenn hennar, og haft að engu þá fyrirskipun, sem húsbóndi hennar gerði.

Alþingi hefir nú verið við störf fast að því í 2 mánuði, og finnst mér því ekki nema ofur eðlilegt, þó að einhverjir af tilheyrendum mínum fjærri Reykjavík láti sér detta í hug, að allan þennan tíma hafi þingið verið að glíma við stór og merkileg mál, eins og þeir alvörutímar eru miklir, sem nú standa yfir. Ég skal nú drepa á 10 frv., sem láta mun nærri, að séu ¼ af þeim málum, sem þingið hefir haft til meðferðar þessa tvo mánuði.

Fyrst kemur þá stjfrv. um próf leikfimiskennara. Ekki er það stórmál. Þá er annað stjfrv., um nýjar brúargerðir, jafnhliða því, að skorið er niður allt framlag til brúa og annara verklegra framkvæmda. Þetta er að gera gys að þörfum landsmanna. Þá er frv. um friðun skírdags eftir kl. 6 að kveldi, að vísu ekki stjfrv. Þá er annað um kirkjugarða, og virðist þó, að meiri þörf hefði verið að hugsa um þá lifandi en þá dauðu, sem komast sennilega hjálparlaust yfir kreppuna. Þá má nefna frv. um kartöflukjallara og markaðsskála og annað um verðhækkunarskatt á skemmdum kartöflum, og tók það 7 daga hér í hv. d. að kveða þann draug niður. Enn eru ótalin frv. um markaskrár, um kosningu sáttanefnda, um geldingu hesta og nauta, um að opinberir starfsmenn skuli halda ræður í útvarp, o. fl. o. fl.

Ég hefi þá talið 10 mál, sem þingið hefir verið að dútla við í 2 mánuði, að vísu meinlaus mál flest, eða meinlítil, en ekki neinar kreppuráðstafanir. Ekkert er gert enn til þess að létta kreppuna og bæta úr atvinnuleysinu. Stj. ræður mestu um störf þingsins með forsetunum, sem báðir eru hennar flokksmenn, og hún á sök á því, að slík hégómamál sem ég taldi eru látin standa í vegi fyrir öðrum þarfari málum.

Stjórnarskrármálið og kreppuráðstafanir eru stærstu mál þingsins. Nú eru liðnir 2 mánuðir síðan stjórnarskrárfrv.

kom fram, en fyrst í gær var hægt að taka það til 2. umr. í þeirri d., sem það var lagt fram í. Ástæðan til þess er sú, að framsóknarmenn hafa legið á till. sínum og reynt að tefja fyrir málinu eftir beztu getu. En á meðan er stj. og forsetar hennar að láta þingið dútla við mál eins og þau, er ég nefndi áðan, um kosningu sáttanefnda, kirkjugarða, markaskrár, friðun skírdags, geldingu hesta og nauta, o. þ. h. Þegar rætt er um kreppuna, tala sumir menn um hana eins og einhverja drottins ráðstöfun, sem dauðlegir menn verði að beygja sig fyrir í auðmýkt og undirgefni. Slíkt er vitaskuld hin mesta firra. Ég ætla ekki að ræða um eðli kreppunnar eða orsakir hennar nú, heldur reyna að gera tilheyrendum mínum nokkra grein fyrir því, í hverju hún lýsir sér. Kreppan lýsir sér í því, að þjóðin eða mestur hluti hennar á erfitt með að fullnægja þörfum sínum, svo sem um fæði, klæði, húsnæði og lífsnauðsynjar yfir höfuð. Skellur kreppan harðast á þá, sem ekkert hafa fyrir sig að leggja, nema ávöxt vinnu sinnar. Að vísu kemur kreppan einnig fram við þá, sem eignir eiga og ráða yfir miklu fjármagni. Gróði þeirra minnkar. Getur jafnvel farið svo, að þeir tapi meiru eða minna af eigin fé eða annara. En þeir verða ekki harðast úti. Þeir líða ekki skort. Þess vegna er það, sem nú kallar að, að létta undir með þeim, sem ekki geta fullnægt lífsnauðsynjum sínum vegna atvinnuskorts eða verðfalls afurða sinna. Svo er þetta frá mínu sjónarmiði. Aðrir líta ef til vill fremur á hag eignamannanna, sem tapa einhverju vegna kreppunnar. Þetta er eðlilegt. Kreppuráðstafanirnar hljóta auðvitað að markast af því, hvaða stefnu landsmálaflokkarnir fylgja. Hvort þeir meta meira hag verkalýðs og allrar alþýðu, þ. e. almenningsheill, eða hagsmuni yfirstéttarinnar svo kölluðu, þeirra, sem eiga eða ráða yfir mestum hluta þjóðarauðsins. Um kreppuráðstafanir gildir því hið sama og um t. d. skattamál og viðskiptamál. Hver flokkur berst fyrir hagsmunum þeirra stétta eða manna, sem honum er annast um. Hver otar sínum tota. Hver flokkur reynir eftir megni að velta byrðinni af því fólki, er hann telur sig fulltrúa fyrir. Íhaldsmenn vilja ekki atvinnubætur. Þær kosta fé. Og þær gera erfiðara að knýja fram lækkun kaups. Framsókn er í þessu sem öðru sammála Íhaldsfl. Hvorugur flokkurinn vill atvinnubætur eða atvinnuleysisstyrki. Báðir vilja „létta kreppunni" fyrir yfirstéttina með því að lækka kaup og hækka tolla.

Ástandið hér á landi er óskaplegt. Á síðasta hausti fór hér fram talning atvinnulausra manna í kaupstöðum og kauptúnum. Þeir reyndust vera milli 2 og 3 þús. En eins og ég áður sagði, hefir ekki bólað á neinu hjá hæstv. stj. til að mæta kreppunni og sjá þessum mönnum fyrir vinnu.

Það má segja, að krepputímar séu prófsteinn á hverja stjórn og flokk hennar. Léleg stjórn getur setið við völd í góðæri, án þess stórkostleg vandræði hljótist af. En á krepputímum er léleg og úrræðalaus stj. stórhættuleg. Í eldraun kreppunnar sést, hver dugir og hver ekki. „Í raun skal kappann reyna", segir máltækið. En hvað hefir stj. gert til að létta kreppuna hjá verkalýðnum, þeirri stétt, sem verst er stödd af öllum? Hjálpin hefir lýst sér í því, að stj. hefir gert stórmikið til að auka atvinnuleysið, og þar af leiðandi orðið til þess að lækka stórkostlega tekjur þeirra manna, sem erfiðleikar kreppunnar þjaka harðast. Og þar við bætist svo tilraunir hennar til að hækka tolla á nauðsynjum þessa fólks.

Ríkið hefir að undanförnu verið langstærsti atvinnurekandi landsins. Skal ég taka nokkrar tölur úr bókinni „Verkin tala", sem sýna þetta.

Á 3 árum, 1928—1930, hefir ríkið lagt til vega, síma, brúa, hafna og vita 8 millj. 30 þús. kr., eða til uppjafnaðar á hverju þessara ára nálægt 2700 þús. kr., og er þá ekki talinn með kostnaður af starfrækslu og viðhaldi síma, hafna, vita o. þ. h. Til opinberra bygginga hefir verið varið nálægt 7 millj. kr. á þessum 3 árum og hluta af árinu 1931.

Mér telst svo til, að á undanförnum árum, 1928—1930, hafi stjórnin til uppjafnaðar greitt milli 4 og 5 millj. hvert ár í vinnulaun við ýmsar opinberar verklegar framkvæmdir. Vegavinnan ein var árið 1930 um 150 þús. dagsverk. Hvað ætlar stj. að gera af slíkum framkvæmd-

um þetta ár? Til vega var lagt, eins og áður er sagt, um 2 millj. kr. til uppjafnaðar á hverju af þessum 3 árum. Á næsta ári á samkv. frv. stj. að leggja fram 320 þús., þar í taldar brýr og sýsluvegir. Til nýrra síma, þar með taldir styrkir til einkasíma í sveitum, 85 þús., og til lendingarbóta 35 þús. Samtals verða þetta 435 þús. kr. Ef bætt er við þetta áætluðu vegaviðhaldi, þá verður þessi upphæð milli 900 þús. og ein millj. kr., þ. e. a. s., á sama tíma og atvinnuleysið steðjar að verkamönnum við það, að atvinnurekendur draga saman seglin og vísa fólkinu úr vinnu, þá er ríkið, sem er stærsti atvinnurekandi landsins, ómannúðlegra en óvaldir braskarar og rekur umsvifalaust mestan hluta verkamanna sinna út á gadd atvinnuleysis og bjargarleysis. Þegar verkafólkinu kemur verst, þá ætlar ríkið að senda heim 3 af hverjum 4, sem hjá því hafa unnið. Þetta eru atvinnubætur stj. á krepputímunum. Þó hefir stj. á undanförnum árum fengið til ráðstöfunar 16½ millj. kr. umfram áætlun fjárlaga, og öll þessi 3 ár hafa jafnaðarmenn krafizt þess með frv. um jöfnunarsjóð, að nokkru af þessum stórtekjum umfram áætlun væri safnað í sjóð, til þess að jafna atvinnu milli ára. Ef lögin um jöfnunarsjóð hefðu verið komin og verið framfylgt síðustu 4 ár, þá væru nú í þessum sjóði fast að 5 millj. kr. En þessar tillögur hefir stj. með engu móti viljað fallast á. Hún kýs heldur að fleygja út öllu fénu, meðan vel árar, og vísa svo verkamönnum burt, þegar kreppan skellur á.

Sést á þessu, að stj. álítur, að ekki sé vandgert við verkamenn. En hvað gerir hún þá fyrir augasteina sína, bændurna, á þessum krepputímum? Því er einnig fljótsvarað, ef litið er á fjárlagafrv. stj. Það á svo að segja að hætta að byggja brýr, vegi, síma og skólahús. Þetta er hjálpin, sem bændur þurfa að fá frá sjónarmiði stj. Kjöttollssamningnum hefir verið sagt upp, og ekki er það vitað, að stj. hafi hreyft hönd eða fót til að kippa því máli í lag. Hv. þm. Mýr. hefir reyndar farið til Noregs, en það er bezt að minnast sem minnst á þá ferð. Hann hefir sjálfur upplýst hér, að hann hafi eigi þorað að hreyfa málinu við ráðandi stjórnmálamenn í Noregi af ótta við, að það kynni að spilla málinu. Með því að fella niður atvinnu í kaupstöðum hefir stj. líka stórspillt innlenda markaðinum, sem beztur og notadrýgstur hefir reynzt bændum. Engu er líkara en stj. vilji gera afurðasölu bænda jafnörðuga bæði innanlands og utan. Af þessu verður ljóst, að bændur eru ekki svo vel settir sem maður skyldi ætla, þar sem bændastj. er við völd.

Við skulum þá líta á þann stuðning, sem smábátaútvegsmenn fá, því að það hefir átt að heita svo, að þessi stj. væri þeim hlynnt. Þeim er hjálpað með því að skera niður síldareinkasöluna, þegar verst gegnir. Þannig er þeim hjálpað við síldarútgerðina. Þeim er neitað um lán og styrk af þeim 200 þús., sem þó er heimild fyrir að nota, til þess að styrkja tilraunir til að koma fiskinum ísvörðum til útlanda. Líka er því neitað í frv., sem ég legg reyndar ekki mikið upp úr, að greiðslufrestur sá, er þar um ræðir, skuli ná til smáútgerðarmanna, sem mynda samvinnufélög.

Á síðasta ári var tekið í ríkissjóð, sem tollur og útflutningsgjald, 2 krónur af hverri síldartunnu, sem út var flutt, ef innflutningstollur er talinn með, og nú mun gjaldið vera kr. 1,50, þrátt fyrir þá lækkun, sem gerð var í sumar. Engin lækkun fæst á þessu gjaldi. Og stj. harðneitar, þegar hún er spurð, hvort hún vilji nokkuð gera til að koma saltfiskverzluninni í sæmilegt horf. —

Ég hefi þá drepið á nokkur hjálparráð hæstv. stj., en þó er eitt eftir enn, sem ekki má gleyma og hæstv. ráðh. telja stórmikla hjálp fyrir verkafólk, sem enga atvinnu hefir, fyrir bændur, sem ekki eru matvinnungar, meðan þeirra vörur eru í eins lágu verði og nú, og útgerðarmenn, sem eiga ekki fyrir skuldum. Stj. hefir ekki gleymt þessum mönnum. Hæstv. fjmrh. flytur nú þessu fólki sinn fagnaðarboðskap. Og hvernig hljóðar hann þá? Eitthvað á þessa leið virðist mér hann vera:

Verðlag á að hækka með lækkun á gjaldeyri og með því að leggja tolla á tolla ofan á nauðsynjar fólksins. Til viðbótar við vörutollinn, sem er 5—7%, er verðtollurinn 15 og 30%. Svo segir hæstv.

fjmrh., að til viðbótar þessu vilji hann leggja á sérstakan verðtoll á „ónauðsynlegar vörur", sem fluttar eru inn í landið, og eftir því, sem hæstv. ráðh. segir, þá á hann að vera hár, en það hefir hann ekki kallað, þó að tollurinn væri 30% fyrir utan vörutoll. Þá er gengisviðauki og verðtollur af tóbaksvörum, að ógleymdum bifreiða- og bezínskattinum, sem er beinn tollur nauðsynjaflutninga, og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að sá skattur einn nemi 350—400 þús. kr. Ef þessi frv. ná fram að ganga, þá mun hækkunin, sem af þeim leiðir, verða a. m. k. í milli 10 og 20% á tollabyrði hverrar meðal verkamannafjölskyldu. Þetta er nú fagnaðarboðskapur hæstv. fjmrh. Eftir hans till. á að neita þúsundum manna um atvinnu og lækka kaupið við þá fáu, sem vinnu fá áfram, og svo á að hækka allt verð með gengislækkun og tollum á tolla ofan.

Ég verð að segja það, að í öllu þessu lýsir sér svo grátlegur misskilningur á hlutverki ríkisstj., að ég hefi aldrei heyrt slíks dæmi. Þessar ráðstafanir eru að minni hyggju svo fjarri því að draga úr kreppunni, að þær þvert á móti verða til þess að auka stórkostlega á vandræðin.

Hvað hefir stj. gert til að bæta afstöðu okkar til viðskiptalanda okkar? Afurðaverð okkar fer að sjálfsögðu mikið eftir því, hverjir verzlunarsamningar nást við þau. Stórtíðindi hafa gerzt á þessu sviði. Ég drap á það áðan, að kjöttollssamningnum hefði verið sagt upp. Búið er að leggja 10% byrjunarverðtoll á fisk, sem fluttur er til Englands, og 15% verðtoll á fisk, sem fluttur er til Ítalíu. Mér er ekki kunnugt um, að stj. hafi gert neinar ráðstafanir til samninga við nokkurt þessara ríkja. Ég hefi séð það í blöðum, að Norðmenn hafi selt Rússum 30 þús. tunnur af íslenzkri síld síðastliðið ár, og hjá skilanefnd síldareinkasölunnar rotnar síldin niður. Hafi verið reynt að selja þessa síld, þá hefir það ekki tekizt. Það hefir verið fullyrt, að Spánverjar hafi í huga að segja upp tollasamningum við Íslendinga, og ekki er kunnugt, að stj. hafi gert neitt í þessu efni. Það lítur út fyrir, að hæstv. stj. álíti, að þetta komi henni ekki minnstu vitund við. Þó er afstaða okkar í verzlunarmálum slík, að í öllum viðskiptalöndum okkar, að Miðjarðarhafslöndunum undanteknum, erum við stærri kaupandi en seljandi. Það er því enginn vafi, að ef skörulega væri að gengið, þá mætti greiða mikið fyrir sölu ísl. afurða í þessum löndum. Ég vil í þessu sambandi minna á, að við Alþýðuflokksmenn höfum flutt hér þáltill., um að reyna að ná samningum um viðskipti og gagnkvæm vörukaup við aðrar þjóðir, en því hefir ekkert verið sinnt ennþá.

Þá skal ég víkja að verzluninni innanlands. Skattstjórinn í Reykjavík hefir að fyrirlagi ríkistj. samið skýrslu um verzlunarkostnað í Reykjavík, og eftir henni er árlegur verzlunarkostnaður erlendra vara 13—14 millj. kr., eða hátt á 5. hundrað á hvert mannsbarn. Þetta er fróðleg skýrsla og góðra gjalda verð, en það er bara ekki nóg að afla skýrslna. Það verður að gera eitthvað til að draga úr þessum óhæfilega háa verzlunarkostnaði. En það hefir ekki komið ein einasta till. í þá átt frá stj. Ég sé ekki betur en að hæstv. stj. sé að gera gys að sjálfri sér með því að leggja þessa skýrslu fram, þegar ekki er bent á eitt einasta ráð til að lækka þennan feykilega kostnað. Það hefði þá verið betra að leggja skýrsluna aldrei fram, því að hún er þungur áfellisdómur yfir stj., þegar ekkert er að hafzt.

Ég tel, að eina verulega bótin í þessu máli væri það, ef hæstv. stj. hefði manndóm til að leggja til, og þingið að samþykkja, að taka alla utanríkisverzlun í hendur þjóðarinnar sjálfrar. Á erfiðleikatímum stríðsáranna var þetta gert að miklu leyti, og ég fullyrði, að erfiðleikar í verzlunarmálum okkar og atvinnumálum eru sízt minni nú en þá. Það er ekki hægt að gera sér von um verulegan og góðan árangur af þeim mörgu samningum, sem nú þarf að gera við erlend ríki, nema hægt sé samtímis að semja um kaup og sölu. Þá er hægt að nota þann hagkvæma verzlunarjöfnuð, sem við höfum í öllum viðskiptalöndum okkar, nema Miðjarðarhafslöndunum.

Eins og ég hefi áður tekið fram, þá hafa framsóknarmenn þverbrotið yfirlýsta stefnu sína í skattamálum og tekið upp tollastefnu íhaldsins, og jafnframt aukið við nýjum álögum. Stj. hefir sett

sig á móti hagsmunum verkafólksins og jafnvel gengið lengra en íhaldið í kröfum um kauplækkun. Í staðinn fyrir að bæta úr kreppunni hefir stj. aukið hana með því að stofna til aukins atvinnuleysis og hækkað vöruverðið með gengislækkun og auknum tollum. Hún hefir afnumið síldareinkasöluna, hið lögboðna samvinnuskipulag, sem stj. hefir kallað hana, og afhent síldarsöluna erlendum kröskurum og leppum þeirra. Hæstv. stj. hefir þar með skapað þá hættu fyrir verkamenn, að þeir vinni að þessari framleiðslu allt sumarið, án þess að þeir fái nokkurt kaup, alveg eins og ástandið var áður en einkasalan komst á fót. Hún hefir hafið illvíga baráttu gegn því, að allir fái jafnan kosningarrétt, hvar sem þeir eru í landinu. Hún er á móti virkjun Sogsins, sem væri stórmikil atvinnubót á þessum krepputímum og mundi verða til stórmikilla hagsbóta fyrir mikinn hluta þjóðarinnar og skapa möguleika fyrir ótal iðngreinir hér á landi. Hæstv. stj. ætlar að láta saltfisksöluna afskiptalausa og enga samninga gera við erlend ríki eða reyna að fyrirbyggja, að þau með tollum geri okkur ómögulegt að selja þar okkur framleiðsluvörur.

Hæstv. forsrh. hélt einkennilega ræðu í gærkveldi. Hann talaði mikið um ábyrgðarleysi okkar Alþýðuflokksmanna, þar sem við vildum ekki samþykkja fjárlög, sem gera ráð fyrir, að verklegar framkvæmdir verði skornar svo niður, að þær verði ekki nema ¼ af því, sem áður hefir verið. Hann sagði, að það væri óafsakanlegt ábyrgðarleysi, að við skulum ekki vilja samþ. verðtoll og viðbótarverðtoll á nauðsynjum fólksins um leið og kaupgjald verkafólksins lækkar. Þetta segir forseti þeirrar stj., sem í heimildarleysi hefir ráðstafað 16½ millj. kr. af ríkistekjum umfram heimild, nú á fáum árum, hann, sem heldur, að fólkinu verði hjálpað með því að auka á atvinnuleysi og hækka vöruverðið með tollum og lággengi. Ég verð að segja, að þá er farið að kasta grjóti úr glerhúsi, þegar hæstv. ráðh. er að tala um ábyrgðarleysi okkar Alþýðuflokksmanna.

Því verður ekki neitað, að á stj. og flokki hennar hvílir ábyrgð, sem hún getur ekki skorazt undan. Hún á að gera það, sem fært er, til að létta mönnum kreppuna, og þá fyrst og fremst þeim, sem harðast verða úti. Það felst stundum meira ábyrgðarleysi í því að láta það ógert, sem gera þarf, heldur en jafnvel að gera það, sem ætti eða mætti láta ógert. Og þessi vanrækslusynd hæstv. stj. er ein af hennar stærstu syndum, þó að margar séu stórar.

Um ráð við kreppunni skal ég ekki segja margt að þessu sinni. Að óbreyttu núverandi þjóðskipulagi verður eigi komizt hjá kreppum. En þó má mikið gera til að draga úr hörmungum þeirra með því að sjá um, að framleiðslustarfsemin stöðvist eigi, og halda uppi atvinnubótum við gagnlegar framkvæmdir og létta tollum og sköttum af verkalýðnum. Hæstv. stj. og Íhaldsfl. hafa um þetta aðra skoðun. Bæði vilja bæta úr kreppunni með lækkuðu kaupi, minnkaðri atvinnu og hærra vöruverði. Hv. þm. G.-K. telur, að ekki séu önnur ráð til en annaðhvort að lækka kaupið eða gera einingunna smærri, þ. e. a. s. fella gjaldeyrinn í verði.

Hv. þm. sagði, að verkafólkið hefði spennt bogann svo hátt, að það hefði mergsogið atvinnufyrirtækin á undanförnum árum. Ég held, að fleiri en verkamenn hafi þar komizt á spenann og sogið drýgra en þeir. Mér er kunnugt um, að stórútgerðarmenn hafa tekið undan tugi og aftur tugi þúsunda, auk persónulegrar eyðslu, af arði sínum og sett t. d. í byggingu stórhýsa. Einn þeirra, sem hv. þm. G.-K. þekkir vel, hefir varið 1—2 millj. kr. til landbúnaðarframkvæmda, og það fé getur hann hvergi hafa fengið nema frá útgerðinni. Fleiri en verkamenn hafa komizt á spenann þar.

Hæstv. fjmrh. segir, að bjargráðið sé að lækka framleiðslukostnað allan og hækka vöruverð, þ. e. a. s. lækka kaupið og hækka vörurnar í verði. Ekki greinir þá mikið á þar, hæstv. ráðh. og hv. þm. G.-K. Hæstv. forsrh. lagði svo mikið kapp á að lækka kaup verkamanna á Blönduósi, úr 95 au. niður í 85 au., að hann sveifst þess ekki að leggja í hættu kjötfarm frá þessum stað, sem hann sagði, að hefði verið hálfrar millj. kr. virði. Mikið skal til mikils vinna! Hann stofnaði framleiðsluvöru bændanna,

sem var hálfrar millj. kr. virði, í hættu, til þess að geta lækkað kaup verkamanna á Blönduósi um 10 aura. Það kom ekki til stöðvunar, en skynsamlegra hefði það verið að ganga inn á þennan 10 aura mismun heldur en að láta kjötið ónýtast suður í London, ef til stöðvunar hefði komið.

Svo var það eitt atriði að lokum. Það hefir verið venja, að landsreikningur væri kominn til þm. fyrir eldhúsumræðu. En nú að þessu sinni er landsreikningur fyrir 1930 enn ókominn í hendur þm. Frv. sýnir, að hann nemur milli 24 og 25 millj., og er það hærri upphæð en nokkurn tíma hefir sést hér á landsreikningi. Hvað er talið í þessum 24 milljónum? Ég vona, að ástæðan til þess, að landsreikningurinn er ókominn, sé ekki sú, að hæstv. stj. þori ekki að láta hann liggja fyrir þinginu, þegar eldhúsumræður standa. Ég vona, að það sé ekkert nema trassaskapur — ein af vanrækslusyndum hæstv. ríkisstj.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. tilheyrendur nær og fjær!

Ég verð að láta það bíða þangað til síðar að gera aths. við ræður tveggja hv. síðustu ræðumanna. Ég mun á þessum hálftíma, eftir því sem hann hrekkur til, svara þeirri ræðu, sem ég komst ekki yfir að svara í gær, ræðu hv. 2. þm. Skagf., sem eldhúsumr. hófust með.

Hv. þm. flutti mjög rækilega ræðu, enda mun hann hafa lagt í hana mikla vinnu og undirbúning. Hann hefir líka alla aðstöðu til þess. Hann hefir langa tíð verið ráðh. og setið í öllum ráðuneytunum, og þar af leiðandi er hann kunnugur öllum málum í þjóðlífi okkar. Hann hefir verið endurskoðandi landsreikninganna um langan tíma og sér því hvern reikning, sem fer til endurskoðendanna. Hv. þm. er duglegur maður, og þori ég því að fullyrða, að ekkert hefir farið fram hjá honum. Hann hefir þess vegna tínt allt það til í ræðu sinni, sem einhverju máli skiptir — a. m. k. allt það, sem hann telur styðja sinn niðurrifsmálstað.

Loks vil ég benda á það raunverulega atriði, að hv. 2. þm. Skagf. flutti ræðu sína sem þaulæfður málaflutningsmaður, enda er það nú atvinna hans. Hélt hann mjög rækilega fram öllu því, er studdi og fegraði málstað hans sjálfs. Það er venja málaflutningsmannsins að benda eingöngu á þau atriði, sem eru máli hans til stuðnings, og túlka þau eftir föngum, alveg án tillits til þess, hvað rétt er í málinu; það lætur hann sig ekki varða neitt um. Hina hlið málsins á sá málaflutningsmaðurinn að skýra, sem á móti stendur. Ræða hv. 2. þm. Skagf. var einhliða túlkun málaflutningsmannsins, flutt frá einstrengingslegasta sjónarmiði stjórnmálaandstæðings.

Til samanburðar þessu vil ég rifja það upp, þegar ég var í andstöðuflokki íhaldsstjórnarinnar hér á Alþingi, og bera þessa framkomu saman við mína aðferð þá. Ég hafði þá þann starfa, fyrir hönd míns flokks, að gegna eldhúsverkunum á eldhúsdaginn, en hv. 2. þm. Skagf. var í stjórnarsæti. Ég var þá svo barnalegur að fara daginn áður til ráðh. og tilkynna þeim, hvaða málefni og aðfinnslur ég ætlaði að bera fram á eldhúsdegi, til þess að þeir gætu verið viðbúnir að svara fyrir sig. Þetta var vitanlega gott til þess að fá sem fyllstar upplýsingar viðkomandi hinum einstöku málum og leiða hið sanna í ljós, en þetta var ekki aðferð málaflutningsmannsnis. Að sjálfsögðu ræður hver sínum aðferðum og uppsker svo eftir því.

Hv. 2. þm. Skagf. taldi upp mýmörg einstök atriði, eftir margra vikna vinnu við endurskoðun landsreikninganna, og tíndi fram svo mörg atriði, og að mér alveg óviðbúnum, að ég hefi ekki fullan viðbúnað til þess að svara þeim öllum út í yztu æsar. Ég man að vísu eftir mörgu, og ýmsu, sem hv. þm. minntist ekki á, en það er ómögulegt að komast yfir að svara því öllu, og það þó að ræðutími minn væri helmingi lengri, hvað þá nú, þegar stj. hefir helmingi styttri tíma til andsvara en andstöðuflokkar hennar. Hv. 2. þm. Skagf. hugsar sem svo: Ég tíni allt fram frá sjónarmiði málaflutningsmannsins, sem orkað getur tvímælis eða vakið grun. Hvað kemur mér það við, þó að ómögulegt sé að koma við andsvörum eða skýringum; ráðh. um það, þó að eitthvað verði eftir ósvarað. Fólkið, sem á hlustar, verður að meta þessar aðferðir

eftir föngum og draga sínar ályktanir af þeim.

Ég tel mér skylt að benda á þessa aðstöðu áður en ég svara. Reglurnar um útvörpun þingræðna á eldhúsdegi eru þessar, og þýðir ekki um þær að fást. Hv. 2. þm. Skagf. notar málaflutningsmannsaðstöðu sína út í æsar frá sjónarmiði hins harðvítugasta málafl.manns. Það er hann sjálfráður um, en fólkið, sem á hlustar, á að vita, að svona er aðstaðan.

Ég vil enn benda á eitt almennt atriði. Á eldhúsdögum á að bera fram aths. og ádeilur út af þeim gerðum stj., sem fram hafa farið frá því að síðasti eldhúsdagur var háður. Að vísu mætti teygja þetta nokkru lengra, þannig, að eldhúsræður megi ná yfir þáverandi kjörtímabil. En þegar almennar kosningar fara fram, þá eru þær allsherjareldhúsdagur eða dómsdagur yfir þeirri stj., sem með völdin fer; þá verður hún að standa frammi fyrir kjósendum með allsherjarreikningsskap gerða sinna. Ég lít svo á, að eldhúsdagsræða hv. 2. þm. Skagf. og annara stjórnarandstæðinga hefði aðeins átt að ná yfir það, sem gerzt hefir síðan um síðustu kosningar. En í ræðu hv. 2. þm. Skagf. eru dregnir fram atburðir að langmestu leyti frá fyrra kjörtímabili, frá árunum 1928—1930, aths. um margrædda og marghrakta hluti. Um þá hluti er genginn dómur þjóðarinnar í síðustu kosningum,— hæstaréttardæmur,— dómur kjósendanna. Vitanlega bannar enginn hv. 2. þm. Skagf. að rifja þetta upp, — en ég lít svo á, að það sé glöggur vottur um veikleikamerki hjá hv. þm. Þetta er uppsoðinn, sangur og gamall matur úr síðustu kosningum, af því að hv. þm. hefði svo lítinn eldivið frá því, að þær fóru fram. Gamla Morgunbl.dálka varð hann að nota til uppkveikju í eldhúsinu að þessu sinni, og kynda undir katlinum með gömlum, mygluðum pappir úr prentsmiðjunni við Austurstræti. — Þá kem ég að síðasta atriðinu almenns eðlis, sem ég nefndi, til þess að sýna enn betur þann blæ, sem var á ræðu hv. 2. þm. Skagf. — Ég ætla að taka dæmi úr athafnalífi þjóðarinnar, af minna sviði en ríkisreksturinn er, dæmi af samvinnufélagi bænda — vaxandi, öflugu félagi. Það ganga yfir góðæri, afurðir seljast ágætlega, reksturinn gefur mikinn arð, bændur hafa töluvert fé handa á milli, félagið hefir mikla veltu og gott lánstraust, þannig, að nægilegt fé stendur því til boða til að starfa með. Stórhugur og framfaraþrá grípur alla félagsmenn; það er yfirleitt eðli okkar flestra Íslendinga, þegar vel árar. Menn trúa og treysta á jarðir sínar og héruðin. Menn trúa því, að framfarirnar gefi þeim öruggasta arðinn. Einstaklingarnir ráðast í ræktunar- og byggingarframkvæmdir, og þess vegna fer félagið líka að ráðast í nýjar framkvæmdir. Sláturhúsið, sem var gamalt, er stækkað: komið er upp nýju frystihúsi til tryggingar afurðasölu bænda, og til þess að brynja þá gegn kreppunni. Mjólkurbú er stofnað meðal bænda héraðsins; það er önnur brynjan. Stuðningur er veittur til þess að leggja nauðsynlegan veg, brýr o. fl., og til þess að halda uppi örari samgöngum innanhéraðs. Félagið lánar bændum fé til verkfærakaupa og til kaupa á útlendum áburði. Það er jafnvel gengið svo langt að fremja það ódæði að hlynna að forstjóra kaupfélagsins og forgöngumanni framfaranna á þann hátt að ívilna honum í launum, bæta íbúðarhús hans, eða að honum eru jafnvel veitt þau hlunnindi að fá frían eldivið og upphitun sem launauppbót. Svo kemur viðskiptakreppan, hörð og vægðarlaus, harðasta kreppan á öldinni. Verðhrun afurðanna er ógurlegt. Allir lánardrottnar kalla að í einu um innheimtu á sínum lánum. Engin lán eru fáanleg. Þeir, sem félagið á hjá, geta illa staðið í skilum og sumir alls ekki. Það kreppir að félaginu og félagsmönnum. Viðbrigðin eru sár. Margir bíta á jaxlinn og herða að sér reimina. Aðrir þola ekki mótganginn, þeir sem þreklausastir eru til að breyta um lífsvenjur og láta nokkuð á móti sér. Félagsmenn fara að ásaka hverir aðra og bera hver aðra brigzlum; sumir halda því fram, að betur væri ógert það, sem þeir voru búnir að framkvæma. Flestir snúa sér að stj. og forstjóra félagsins og öðrum forgöngumönnum þess og segja: Þú festir fé í frystihúsinu og endurreistir sláturhúsið; betra hefði verið, að það fé væri nú í sparisjóði. Þú gerðir þetta. Rjómabússtofnunin er að mestu þér að

kenna. Þú réðir því, að þessi jarðræktarverkfæri voru keypt. Þú festir fé í jarðrækt og áburðarkaupum. Þú kastaðir fé til aðgerða á íbúð forstjórans. Þú veittir honum þau hlunnindi að fá frían eldivið til hitunar og suðu. Nú væri munur að hafa allt þetta fé óeytt í sjóðum.

Þetta er smækkuð, en þó nákvæm mynd af því, sem gerzt hefir á þjóðarbúinu síðustu missirin. Öll þjóðin hefir viljað framfarir, allir hafa dregizt þar með; jafnvel íhaldsmenn og aðrir andstæðingar stj. hafa oft langsamlega yfirboðið stjórnarflokkinn og heimtað miklu meiri framfarir en stjórnin hefir viljað ganga inn á, og mun ég nefna glögg dæmi þessa síðar. Núna í kreppunni kemur svo afturkastið. Ásakanirnar eru byrjaðar. Öllu á að dengja á stj. Nú á hún ein að bera ábyrgð á eyðslunni. Andstæðingar stj. mála fjandann á vegginn. Nú vaða þeir fram á rit- og ræðuvöllinn, telja allt ómögulegt og tala um ríkisgjaldþrot, og þetta láta þeir sér sæma á sjálfu Alþingi. Nú eru allar framfarirnar einskis virði í þeirra augum, ekkert er gott og til gagns nema sparifé í bönkum. Svona er andinn í ræðum þeirra, eins og heyra mátti á hv. 2. þm. Skagf.

Þetta jafnvægisleysi í kröfum og framkomu í þjóðmálum er engum til sóma. Það er blátt áfram ósæmilegt, í fyrsta lagi að yfirbjóða stjórnmálaandstæðinga sína í kröfum um framfarir og til fjár úr ríkissjóði og koma síðan á eftir með þyngstu ásakanir fyrir, að þeir skyldu nota fé ríkissj. til framfarafyrirtækja. Við alþm. erum allir samsekir í þessu efni, að svo miklu leyti, sem um sekt er að ræða. En höfuðábyrgðina á stefnunni í ríkisbúskapnum, á framsókninni og athöfnunum undanfarin missiri, ber vitanlega stj. og þar næst framsóknarflokkurinn. Og allir höfum við verið gagnteknir af þeim áformum að nota góðærið til þess að gera sem mestar umbætur á sem flestum sviðum þjóðlífsins.

Ég kem þá að sérstöku dæmi. Hv. 2. þm. Skagf. varð langtíðræddast um fjárhagsmálin árið 1930, og vitnaði hann sérstaklega í tölur frá því ári. Það er vitanlega mesta fjáreyðsluárið. Hv. þm. talaði um hina óheyrilegu fjárbruðlun á því ári, benti á tölurnar á einstökum liðum til samanburðar því, sem áður hefði verið greitt á sömu liðum, og sagði við áheyrendurna: „Athugið tölurnar. Þær tala". En þetta er mjög einhliða fordæming hjá hv. þm. Ég vil minna á, að það, sem veldur mestu um að flestir útgjaldal. eru hærri þetta ár en áður, er, að þá var stofnað til hinnar miklu þjóðarsamkomu, Alþingishátíðarinnar. En slík samkoma verður ef til vill ekki haldin aftur fyrr en árið 2000, og okkar kynslóð lifir það ekki, að haldin verði aftur slík hátíð. Þetta er langmesta, merkilegasta, glæsilegasta og gagnlegasta hátíð, sem þjóðin hefir haldið. Voru það við framsóknarmenn einir, sem réðu því, að hátíðin var haldin? Nei, þjóðin öll vildi halda hana; allir flokkar réðu því og stóðu að þeirri framkvæmd. Þessu máli fylgdi sú gæfa, að allir flokkar voru sammála um það. Fulltr. stjórnmálaflokkanna unnu kauplaust í hátíðarn. og lögðu á sig mikið erfiði. Um það hefir ekkert verið talað. En ég vil hér nota þetta tækifæri gagnstætt því, sem hv. 2. þm. Skagf. gerði, og lýsa því yfir, að þátttaka andstöðuflokka stj. í þessu máli hafi verið þeim til sóma. Nm. eiga allir fyllstu þakkir skyldar; þeir störfuðu hlutlaust (loyalt) og gengust undir vandann og ábyrgðina af starfinu, allra helzt formaður nefndarinnar, og er það honum til mestu sæmdar. Þess vegna vil ég flytja honum sérstakar þakkir. En Alþingishátíðin kostaði mikið fé, og miklu meira en tölurnar sýna beinlínis á pappírnum, enda þótt það sé geysimikið. Fé var lagt í allskonar endurnýjanir og viðgerðir, og er það fært á við og dreif í landsreikningnum fyrir árið 1930. Aðgerð og ýmiskonar útbúnaður fór fram á Alþingishúsinu, ráðherrabústaðnum og á Þingvöllum vegna hátíðahaldanna; ennfremur var mikið fé lagt í nýjan veg til Þingvalla, aðgerðir á ýmsum vegum, til brúargerða og ótal margs annars, sem oflangt er upp að telja.

En hver er svo útkoman og árangurinn af Alþingishátíðinni? Almenn þjóðarvakning, auk þess sem hún hefir orðið okkur til hins mesta sóma inn á við og ekki sízt út á við. Þjóðin mun búa að áhrifum Alþingishátíðarinnar um áratugi, bæði beint og óbeint, einstaklingarnir og heildin. Og þjóðin er stóránægð með það,

hvernig hátíðin fór fram. Hún setti sinn svip á þjóðina í augum erlendu gestanna. Það er ekki undarlegt, þó að hátíð eins og þessi, sem haldin er einu sinni á hverjum þúsund árum í sögu þjóðarinnar, kosti þjóðina bæði fjármuni og fyrirhöfn. Og þegar allt var svo í garðinn búið, eins og ég hefi áður lýst, þá er það ljóst, að enginn veit það betur en málaflutningsmaðurinn og endurskoðandi landsreikinganna, Magnús Guðm., hvað Alþingishátíðarkostnaðurinn kemur víða við. Það er ekki drengilegt af málaflutningsmanninum að draga fram jafneinstrengislega mynd og hann gerði af ríkisrekstrinum 1930, og nota sér af því, að engin er jafnkunnugur og hann landsreikningunum fyrir það ár, nema hv. þm. V.-H.

Það vita fáir aðrir en endurskoðendur landsreikninganna, hvað kostnaður við Alþingishátíðina kemur þar víða fram. Ég verð því að segja, að það er hvorki fallegar eða stórmannlegar eftirtölur hv. 2. þm. Skagf. út af hátíðarkostnaðinum, eða að hann skuli aðeins ásaka stj. og Framsóknarflokkinn fyrir þau útgjöld. Þessu stóra og einstaka atriði, að því er snertir kostnaðinn við Alþingishátíðina, vil ég sérstaklega skjóta undir dóm þjóðarinnar. Ég vil skjóta því undir dóm þjóðarinnar, hvort henni sýnist réttlátt, að stjórnin sé ásökuð fyrir þau útgjöld, sem urðu á því ári í sambandi við hátíðina og stofnað var til með einróma vilja þjóðarinnar.

En þetta á einnig við um mestan hl. þeirra stóru útgjaldapósta, sem hv. 2. þm. Skagf. nefndi, t. d. allt það, sem hann taldi upp í sambandi við lántökur ríkisins og stærri framkvæmdir. Þetta lagði hv. 2. þm. Skagf. allt á bak stj. og Framsóknarflokksins, en þeir, sem kunnugir eru þingmálunum, vita, að þingflokkarnir bera sameiginlega ábyrgð á þessu. Ég skal nefna nokkur atriði, aðeins þó þau stærstu:

Fjárframlag til Landsbankans 3 millj. 400 þús. kr., til Búnaðarbankans 3 millj. 600 þús. kr., til Útvegsbankans 7 millj. kr., til Fiskiveiðasjóðs 1 millj. 250 þús. kr. Þetta nemur samtals um 15¼ millj. kr. Um það hafa allir flokkar verið sammála og talið sjálfsagt að greiða þannig fyrir þessum lánsstofnunum. Þá vil ég ennfremur nefna landssímastöðina í Rvík, ásamt lóð og viðbótarbygging í Hafnarfirði, kr. 890 þús., sjálfvirka stöðin með streng til Hafnarfjarðar kr. 1110 þús., samtals 2 millj. kr.; landspítalann, framlag á árunum 1927—31 ca. 1½ millj. kr.; strandvarnarskipin tvö — Ægi og Þór — ca. 1200 þús. kr.; útvarpsstöðina í Rvík ca. 800 þús. kr.; síldarverksmiðjuríkisins á Siglufirði ca. 1½ millj. kr.; samtals 7 millj. króna. Ég hefi hér talið upp nokkra liði, sem eru samtals 22—23 millj. kr. og allir flokkar hafa staðið að. Má á því marka, hvað ádeila hv. 2. þm. Skagf. er hlutdræg.

Ótalmargt fleira mætti nefna, en ég læt þetta nægja. Þá kem ég að því, sem meira er í þessu sambandi. Það mætti nefna fjölmörg dæmi þess, að Sjálfstæðisfl. hefir yfirboðið Framsóknarfl. gífurlega í fjárkröfum á mörgum sviðum, og þá sumpart fengið að ráða. Það er alls ekki rétt, að við framsóknarmenn höfum ráðið öllu í þinginu. Þegar allir þm., sem stóðu utan Framsóknarflokksins, sameinuðust, þá höfðu þeir, á síðasta kjörtímabili, meira hl. í báðum d. þingsins. Framsóknarfl. hafði þá aðeins 6 menn í Ed. og 13 í Nd., og gat flokkurinn því ekki af eigin rammleik komið fram sínum málum í þinginu, en andstöðuflokkarnir, sameinaðir, gátu hinsvegar komið vilja sínum fram. Ég skal t. d. nefna eitt mál, sem þeir þröngvuðu upp á stj., en það var um kaup á þriðja strandvarnarskipinu, „Þór". Þeir heimtuðu sömuleiðis, að komið væri á þráðlausu skeytasambandi við útlönd, sem hefði kostað ríkissjóð c. 500000 kr. Þeir (Íhaldsmennirnir) heimtuðu, að Íslandsbanki yrði endurreistur og að ríkið tæki á sig alla áhættuna af því, og ef þeir hefðu mátt ráða, þá hefði verið hafnað þeim 6 millj. kr. í hlutafé og áhættufé, sem Útvegsb. hlaut innanlands og utan, og sú upphæð verið lögð beinlínis á bak þjóðarinnar eða ríkisstj. Loks vil ég minnast á hin gífurlegu yfirboð Íhaldsmanna í rafveitumálunum og í sambandi við Sogsvirkjunina. Hvílík yfirboð og fjárkröfur frá þeirra hálfu til ríkisins og almennings í landinu, alveg út í bláinn! Það mun nú vera öllum ljóst, hvað framkoma þeirra í

þessum málum ber vott um mikið ábyrgðarleysi, og þess gætti líka á fleiri sviðum.

Lítum svo á þessa einhliða málafærslu hv. 2. þm. Skagf., með fortíð íhaldsfl. að baki sér, þar sem hann leyfir sér að saka stj. um allar misfellur á meðferð ríkisfjár undanfarið kjörtímabil. Ég skýt því aftur til allra, sem heyra mál mitt: Svona flytur einhliða málaflutningsm. mál sitt. Þess vegna beini ég til áheyrendanna hinni fornu aðvörun: „Trúið honum vart". Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði um nýjársræðu mína, og hinum mörgu og margendurteknu ummælum hans og annara um, að stj. hefði átt að leggja fé fyrir í sjóði, vil ég segja þetta: Vitanlega er það alveg rétt, að fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið er það fyrsta skyldan, að sjá borgið hinu fjárhagslega sjálfstæði, reisa sér ekki hurðarás um öxl og hafa jafnan forsjá samfara kappi um framfarirnar, og einnig um hina allra gagnlegustu hluti. En ég segi hitt jafnhiklaust, að ég fordæmi ekki hinn bjartsýna, stórhuga mann, sem er mikilvirkur á góðu árunum, og ég virði hann tvöfalt, ef hann er líka stórtækur um að þrengja fast að sér, þegar blæs á móti. — Stórhugur og bjartsýni á góðu árunum, mikið þrek og sjálfsafneitun á hörðu árunum, það eru eiginleikar sannrar mannslundar. Ef að stranglega væri lifað eftir andanum í kenningum hv. 2. þm. Skagf., þá yrðu engar framkvæmdir á þjóðarbúinu, skuldir, ef til vill, eitthvað minni, en aðalútkoman yrði sú, að minna fé kæmi í ríkissjóðinn. Engri stj. mundi haldast það uppi að liggja með millj. kr. í sjóði; þá kæmu ýmist fram kröfur um skattalækkun eða um fjárveitingar til brýnna nauðsynja. Afleiðingarnar af kenningum hv. 2. þm. Skagf. eru í fáum orðum þessar:

1. Miklu minni framfarir. Færri brýr og vegir, nálega enginn styrkur til samgöngubóta, skóla, rjómabúa, frystihúsa og jarðræktar.

2. Meiri fé hefði að vísu orðið eftir í vösum skattþegnanna. Sumt af því hefði komið atvinnuvegunum að gagni, sumt máske verið í sparisjóðsbókum, en langmestur hl. þessa fjár hefði farið í aukin lífsþægindi og aukna eyðslu.

Hvort er betra, þessi stefna, eða framkvæmdirnar og verðmætin, sem hið opinbera hefir skapað? Hvor stefnan veitir þjóðinni farsælli brynju fyrir framtíðina?

Ég er sammála hv. 2. þm. Skagf. um það grundvallaratriði, að fyrst verði að sjá borgið hinu fjárhagslega sjálfstæði þjóðarinnar og lífsþörfum einstaklinganna, en svo skiljast leiðir; þá mætast tvær lífsskoðanir og hver hefir sína trú á því, hvað það er, sem tryggir bezt hið fjárhagslega sjálfstæði; hvort heldur framfarirnar eða sparifé. Mín lífsskoðun er innan þessa ramma: Heilbrigðar og skynsamlegar framfarir eru bezti sparisjóðurinn. Mín trú á landið er sú, að umbætur á landinu og þau fyrirtæki, sem bæta lífsmöguleikana í landinu, gefi hæsta og tryggasta vexti og veiti þjóðinni sterkasta brynju. Í styztu máli verður gert upp á milli okkar hv. 2. þm. Skagf. á þann hátt að svara spurningunni um það, hvort sé betra framsókn eða íhald. — Það er gamla eilífa deilumálið, og út af því höfum við skipað okkur hvor í sinn þjóðmálaflokkinn. Vera má, að hv. 2. þm. Skagf. hafi meiri líkur fyrir að laða menn til sín nú í kreppunni, en ég trúi bezt á styrkan framsóknarhug Íslendinga, jafnvel nú í kreppunni.

Þá kem ég að síðasta atriðinu í ræðu hv. 2. þm. Skagf., um sparnað í ýmsum smærri útgjaldaliðum ríkissj., en hann lagði sérstaka áherzlu á hina smærri liði. Hv. þm. spurði: Vill stj. spara þetta eða hitt. Er nokkur sparnaðarhugur hjá stjórninni? Ég marka hug stjórnarinnar á svörum hennar við þessum spurningum mínum, sagði hv. þm. Og svar mitt er þetta: Allar einlægar bendingar um sparnað, hvaðan sem þær koma, eru teknar vel upp af mér. Ég játa afdráttarlaust, að nú er það höfuðnauðsyn að spara allt, sem hægt er að spara, og stöðva óþarfa eyðslu. Ég hefi þegar látið athuga margt í því efni, og er fús til samvinnu við alla þá, sem ekki nota orðið sparnað aðeins til þess að flagga með því. Ég vil benda hv. 2. þm. Skagf. og öðrum áheyrendum mínum á, að ég er þegar búinn að ganga miklu lengra en hv. þm. spurði um, til að prófa sparnaðarhug minn. Ég vil benda á nokkur dæmi þessu til sönnunar,

sem öll eru um sparnað í starfsmannahaldi:

1. Tryggingarmálastarfið. Það hefir verið lagt niður.

2. Rafmagnseftirlitið sömuleiðis.

3. Vélaeftirlitið; það er falið mönnum á þann veg, að ríkið ber engan kostnað af.

4. Hjá vitamálastjóra hefir verið fækkað mönnum.

5. Hjá vegamálastjóra sömuleiðis tveimur mönnum.

6. Í yfirstjórn landssímans. Þar var landssímastjóri, símaverkfræðingur og forstjóri landssímans. Þegar Gísli Ólafson dó, og Guðmundur Hlíðdal tók við, var hans starfi skipt á milli hans og stöðvarstjórans í Rvík.

Ég get nefnt miklu fleira, en bæti því aðeins við, að lækkuð hafa verið laun allra starfsmanna ríkisins um 15%, þeirra sem starfa utan launalaga.

Ef maður svo ber þetta saman við það, sem er gert annarsstaðar, — hver verður útkoman þá? Tökum Reykjavík, sem er alveg sambærileg fyrir þá sök, að flestir starfsmenn ríkisins eru hér. Í Reykjavík er engin launalækkun og sama dýrtíðaruppbót og áður var. Svo er það hjá bænum. Svo er það hjá Landsbankanum og Útvegsbankanum. Hjá útgerðarmönnunum hefir engin lækkun átt sér stað, hvorki hjá þeim sem vinna á sjó eða landi. Enn má nefna Eimskipafélagið, sem ekki hefir heldur lækkað við sína starfsmenn. Enginn hefir lækkað laun nema ríkisstj. Og þó er því haldið fram, að þar sé engin sparnaðarviðleitni. Beðið var um heimild á síðasta þingi um að lækka öll ólögboðin gjöld í fjárlögum um 25%. Sameinaðir sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn felldu þetta í Ed., en í þessari deild var það samþ. Hvernig getur svo hv. 2. þm. Skagf. og flokksmenn hans sagt, að okkur framsóknarmenn vanti allan sparnaðarhug. Getur jafnvel hv. 2. þm. Skagf. efast lengur um sparnaðarviðleitni okkar?

Ég vil að lokum beina þeirri ósk og áskorun til hv. 2. þm. Skagf., að hann fari nú úr skikkju málaflutningsmannsins og líti á þessi mál af sanngirni. Ef hann gerir það, þá mun hann, sem hinn kunnugi maður, játa það, að af hálfu ríkisstj. er um hina mestu sparnaðarviðleitni að ræða.

Forseti (JörB): Ég vil geta þess, að það hefir orðið tilfærsla á tímanum frá því í fyrstu, þannig, að í næstu umferð við þessar umr. verður tíminn mislangur hjá flokkunum. Í þessari ræðuumferð hafa sjálfstæðismenn 21 mínútu, jafnaðarmenn 7 og framsóknarmenn 16 mín. yfir að ráða.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Seyðf. fyrir velvild hans til Sjálfstæðisflokksins, er hann sýndi með því að líkja honum við hinn góða bróður Abel. Honum hefir líklega ekki verið þetta ljóst fyrr en nú nýlega, úr því að hann og flokksmenn hans hafa undanfarið lagt lag sitt við hinn bróðurinn. Vona ég, að honum skiljist það æ betur og betur, að Sjálfstæðisflokkurinn er hinn góði bróðir á okkar þjóðarheimili.

Hæstv. forsrh. tók ágæta líkingu af kaupfél., sem er illa og ógætilega stjórnað. Það festir eigur sínar á góðu árunum í fasteignum o. s. frv. Svo þegar kreppan kemur, þá er allt fast. Mér skildist hann vilja líkja stj. ríkisins undanfarið við slíkt félag, og er ég honum alveg sammála um það. Hann gat þess, að kaupfél. gerði vel við kaupfélagsstjórann, og á hann þar sennilega við sjálfan sig.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að vér sjálfstæðismenn hefðum neytt upp á sig og flokksmenn sína ýmsu, svo sem varðskipum. Hafi hann tekið nauðugur við Ægi, þá mun embættisbróðir hans, dómsmálaráðh., ekki hafa verið jafnófús til þess, ef dæma má eftir því, hvernig hann hefir notað þessa gjöf frá sjálfstæðismönnum. Annars ætla ég nú aðallega að víkja máli mínu að hæstv. fjmrh. Hann hefir bæði nú og fyrr borið fram þá vörn eina um fjármálaástandið í landinu, að hér sé um heimskreppu að ræða, sem enginn gæti neitt við ráðið. Hann hefir m. a. sagt, að svona hljóti það ávallt að vera, þegar kreppa steðjar að.

Ég er hæstv. fjmrh. sammála um það, að kreppan er upp runnin í öðrum löndum. Hún heldur nú mörgum þjóðum heimsins í heljargreipum, og það er því ekki hægt að ætlast til, að við getum einir setið alveg hjá. En jafnvíst verð ég að telja það, að kreppan hjá okkur á meg-

inrætur sínar hér í stjórnarráðinu. Og ég er ekki í vafa, eftir talsvert ýtarlega athugun, að meginþunginn, sem þjóðin finnur nú hvíla á sér, er ekkert annað en syndapoki hennar sjálfrar, sem hún lagði á sig, þegar hún skipti um stjórn og forustu í kosningunum 1927.

Ég ætla nú ekki að rekja slóð kreppunnar úti í heiminum frá verðbréfahruninu í New York síðast í okt. 1929, um bankahrunin í Þýzkalandi, verðfall afurðanna og önnur kreppufyrirbrigði. En einkennilegt er að athuga það, að frá því að Englandsbanki gefur fyrsta viðvörunarmerkið 26. sept. 1929 líða h. u. b. nákvæmlega tvö ár, þar til er hann sjálfur verður að láta í minni pokann og gefast upp á gullinnlausninni 21. sept. 1931. Fall enska pundsins er nokkurskonar yfirlýsing um það, að nú sé kreppan komin í algleyming.

Allt þetta sýnir okkur þann alþjóðablæ, sem er yfir kreppum nútímans, eins og yfirleitt yfir öllum viðskiptum heimsins í blíðu og stríðu. En þessi ótvíræða viðurkenning má ekki leiða athyglina frá hinu, að hver þjóð er enn nægilega einangruð til þess að valda mestu um allan hag sinn. Þegar Englandsbanki gefst upp við það að halda uppi pundinu, þá er það mest að kenna fjármálastjórn Englendinga sjálfra.

Kreppan skellur á öllum, en afleiðingar hennar fara að mestu eftir viðbúnaðinum heima fyrir, alveg eins og harði veturinn gengur jafnt yfir alla. Hvert land á mikinn þátt í sínum eigin kreppum. En þó hygg ég, að Ísland hafi þá sérstöðu, að það ræður meira við þær en flest önnur ríki. Það stafar bæði af því, að hér er allt smátt og fjárhagslega einfallt, og af því, að við erum talsvert utan við örasta strauminn. Við þurfum ekki að bregða við eins skjótt og aðrir. Viðskipti okkar eru ekki örari en það, að venjulega fæst umhugsunartími, og það er ekki lítils virði. Í tvö ár voru skýin að dragast saman fyrir það óveður, sem nú er skollið á. Fyrsta viðvörunin kom seint á árinu 1929. Hvar var hið vakandi auga stjórnarinnar? Þetta er það, sem næst liggur fyrir að athuga.

Á Alþingi 1930 var enginn kreppubragur yfir stjórnarliðinu. Mesti viðburður þess var sú stórfurðulega pólitiska hefnd, ráðgerð og undirbúin um mörg ár, sem átrúnaðargoð stjórnarflokksins var að koma fram á Íslandsbanka. Ég ætla ekki að fara að þreyta menn á því að segja þá raunalegu sögu hér. En það var sannarlega að leika sér með eldinn á hættulegasta stað, þegar mesta fjármálaafrek þingsins var það að loka banka, sem var jafnfléttaður inn í atvinnulíf okkar eins og Íslandsbanki var. Það var flokkslundin, sem þjónað var.

Svo leið ár og aftur kom Alþingi saman 1931. Allt árið 1930, með öllu því, sem þá gerðist í heiminum, og allri fjársóun stjórnarinnar, var liðið. Allar loftvogir voru fallnar niður á lágmark, nema pólitiska loftvogin hjá stj. Stj. virtist fáu skeyta nema því, að kosningar voru framundan, og hún faldi allt nema ógengdina. Um hana gaf hún út bók til þess að teygja framan í kjósendur.

En á þinginu var vel látið af öllu. Og svo var það rofið eins og menn muna. — Kjósendurnir litu á stjórnarloftvogina og gáfu henni bezta vitnisburð.

Og svo kom þingið í sumar. Þá var veðrið í raun og veru skollið á. En ennþá var vel látið af öllu. Þegar spurzt var fyrir um fjárhaginn, til þess að haga sér eftir því, þá var það svar gefið, að tekjur fyrri helming ársins væru þær sömu og næsta ár á undan. Og ekkert var gert til þess að draga úr. Það hefir sjálfsagt verið skakkt af sjálfstæðismönnum þá að trúa þessum opinberu skýrslum, en áhrif hefði það engin haft, þótt þeir hefðu viljað hefja eitthvað viðvörunaróp. Tilraun var þó gerð af þeirra hálfu til að taka fyrir stærsta fjáreyðslustrauminn með því að banna stj. að úthluta millj. króna úr ríkissjóði auk þess, sem Alþingi veitti. En það var fellt. Meiri hl. að einum manni undanteknum, vildi láta stj. hafa heimild til þess að halda áfram.

Af þessu stutta yfirliti má sjá, að það var svo fjarri því sem mest mátti vera, að stj. virtist hafa hugmynd um, að nokkuð alvarlegt væri í aðsigi. Og það voru ekki orðin tóm, er sýndu þetta, heldur engu að síður athafnirnar. Það kemur fram í fjáreyðslu hennar, sem fer sífellt vaxandi.

Ég vil nú næst líta á það, hvort nokk-

uð var, sem bent gæti á það hér innanlands, að erfiðir tímar væru í aðsigi. Með því að athuga málin erlendis frá árslokum 1929, var útlitið ljótt, og frá miðju ári 1930 fór það að verða ljóst, hvert stefndi. En hvað sögðu okkar eigin loftvogir? Ég vil líta hér á tvær þeirra.

Fyrst getum við þá litið á verzlunina. — Árið 1928 er mjög hagstætt. Mikils er aflað og verzlunin er hagstæð. Útflutningur nemur þá um 80 millj. kr. og 15,6 millj. meiru en innflutningur, og hefir það gefið vafalaust einar 10 millj. umfram. Þetta ár borgar stj. um 14½ millj. úr ríkissjóði. Næsta ár, 1929, er einnig hagstætt. Mikils er aflað og verðlag er gott. Þó er útflutningur þá töluvert minni að verðmæti. En það er annað fyrirbrigði, sem nú ber á, og það er geysilegur innflutningur, svo að árið kemur út með nærri því 3 millj. kr. halla á verzlunarskýrslum, og má ugglaust telja raunverulegan halla þetta ár a. m. k. 8 millj. Þegar svona er komið, má vara sig, því að nú er hætt við ógengdinni. En stj. hækkar útborganir sínar þetta ár um 4 millj., upp í 18,4 millj. eða 7,5 millj. umfram fjárlög.

Svo kemur árið 1930. Árið er enn afarmikið aflaár og verð er gott framan af. En svo kemur verðfallið. Kjötið heldur sér lengst eða fram að árslokum. Ullin fer í lægsta verð síðan á aldamótum. Gærur fara niður í einn þriðja fyrra verðs. Fiskur hrapar úr 120 kr. skpd. í 75 kr. í árslokin og Labradorfiskur úr 93 kr. í 56 kr. Ísfiskur verður líka miklu lægri. Meðalfarmur verður £922 eða £200 lægri en næsta ár á undan, sem þó þótti lágt. — Þó að þetta væri mesta aflaár, sem komið hefir (441000 skpd.) varð útflutningurinn ekki nema 61,1 millj. eftir því, sem næst verður komizt. Fiskbirgðir eru margfalt meiri um áramótin, og standa þar eins og ógnun fyrir næsta ár. Innflutningur er 6 millj. hærri. Halli sjálfsagt einar 11—12 millj. Þetta ár er því sérstaklega háskalegt. Allt er í háspennu, en grundvellinum kippt undan, og þátt í þessari ógengd tók stj. svo ríflegan, að hún borgaði úr ríkissjóði nærri 26 millj. kr., eða miklu meira en tvöfalda fjárlagaupphæðina, þ. e. 13,8 millj. umfram fjárlög.

Þá vil ég næst líta á aðra loftvog, en það er greiðslujöfnuður Landsbankans út á við, eða réttara sagt greiðslujöfnuður landsmanna eins og hann speglast í greiðslujöfnuði Landsbankans. — Landsbankinn á inni hjá erlendum bönkum: Árið 1929 má telja lán 2,5+0,9 eða 3,4 millj. kr.; 1930 koma lán 15,3÷2,5 millj. (endurgr.) eða 12,8 millj. kr.: 1931 má telja 1,5+2 eða 3,5 millj. kr. Alls kr. 19,7 millj. — Sagan, sem þessar tölur segja, er ærið eftirtektarverð. Frá ársbyrjun 1929 hefst jafn og hraðvaxandi halli á búskapnum, frá inneign upp á 11,7 millj. niður í skuld upp á 6 millj., eða nærri 18 millj. kr. munur á þessum miklu framfaraárum! — En þó er sagan ekki nema hálfsögð með þessu, því að þessar tölur einar segja ekki nema hálfan sannleikann. Töluvert af þeim gjaldeyri, sem Landsbankinn hefir fengið inn erlendis, er alls ekki raunverulega tekjur landsmanna, heldur lánsfé, sem fengið hefir verið til landsins. Þetta get ég ekki gert upp til fullnustu, en benda má á þau lán, sem tekin hafa verið.

Þessum greiðslujöfnuði hrakar sem sé um eitthvað nálægt 37 millj. 1929 til ársloka 1931, jafnhliða því að stj. hækkar stöðugt útborganir.

Og á árinu, sem stj. borgar úr ríkissjóði 26 millj. kr., er hallinn á greiðslujöfnuðinum við útlönd yfir 20 millj.

Óhagstæður greiðslujöfnuður banka ætti æfinlega að vera hverri stj. viðvörun, og það er viðvörun, sem kemur þegar í stað. Á fyrsta mán. ársins 1930 var orðið augljóst, að halli hafði orðið á búskapnum 1929. En stj. sá ekki, eða vildi ekki sjá.

Það þyrfti í rauninni ekki að segja meira um það, sem hér hefir verið nefnt, til þess að allir geti séð, að fjárkreppan, sem að okkur sverfur nú, er að mjög miklu leyti orsökuð af illri fjármálastjórn þess opinbera. En ég vil nú samt leitast við að draga þetta fram dálítið meira.

Meginorsök hverrar fjárkreppu er framferði mannanna sjálfra. Hinn mikli og voldugi drifkraftur, sem keyrir menn áfram til framkvæmda, rekur mann í góðærinu fram úr því, sem til heilla horfir. Framleiðsla og allskonar rekstur

eykst stöðugt, og um stund virðist allt vera komið á stöðuga leið upp á við. Kaupgjald hækkar, vörur seljast, fé liggur laust fyrir. En svo kemur hik á allt í einu. En þjóðfélögin þurfa ekki að standa uppi varnarlaus gegn þessari hættu. Það er hægt að vega talsvert móti því. Hvert þjóðfél. á í fórum sínum þung lóð, sem það getur lagt á vogarskálina á móti. Og þar kemur fyrst og fremst hið opinbera til greina. Það opinbera er nú farið að stjórna og hafa með höndum svo mikinn hluta af öllu fé þjóðarinnar, að það getur haft stórkostleg áhrif á alla fjármálastarfsemi hennar og unnið svo á móti eðlilegum öldugangi viðskiptalífsins, að hvorki bylgjutopparnir né öldudalirnir þurfi að fara mjög langt úr jafnvægisstöðunni. Á góðu tímunum, þegar allur vinnukraftur og allt fé er notað af einstaklingunum, á það opinbera ekki að koma fram sem keppinautur. Þá á það að fara að eins og Jósep í Egyptalandi, að safna í kornhlöður, því að þar eiga að ráða búskapnum svo vitrir menn, að þeir þekki þetta algilda lögmál, að magrar kýr koma á eftir þeim feitu, erfið ár eftir ógengd góðu áranna. Með því að draga sig þá í hlé með sína miklu möguleika, vinnur ríkið gegn óheilbrigðum ofvexti í öllu. Það tekur nauðsynlegt fé til varasjóða, til afborgana skulda og safnar sér því bæði fé og lánstrausti. Svo þegar syrtir að, menn missa bæði kjark og möguleika, þá opnar það sína sjóði og leitast við að draga úr vandræðunum. Þá bæði á það fé til framkvæmda og þolir þó, að gjöld greiðist illa og nokkur halli verði á búskapnum. Þetta er stefnan, sem fylgt var á árunum 1924—27, þegar kreppan kom. 1926—27 voru skattar lækkaðir, en framkvæmdum haldið áfram. Það varð halli á ríkisbúskapnum, 200000 kr. annað árið og 1½ millj. hitt árið. En þetta var algerlega skaðlaust, af því að ríkissj. var auðugur. Samansparað fé fleytti ríkinu yfir kreppuna og hennar gætti miklu minna vegna þeirra aðgerða.

En hvað segir nú saga undanfarinna ára okkur? Hún sýnir okkur með óræk um tölum, að stj. hefir breytt gagnstætt þessu. Og stj. hefir sjálf gefið út bók á ríkiskostnað, sem færir öllum landslýð heim sanninn um þetta.

Skrá sú, sem ég birti áðan um útgjöld undanfarinna ára, sýnir þetta. Hún sýnir, hvernig stj. fylgir með og m. a. s. gengur á undan í því, sem hverja kreppu orsakar: Ógengdinni. Og hún kórónar það með því að borga úr ríkissjóði nærri 26 millj. kr. á sjálfu hættuárinu 1930.

18 millj. 1929 og 26 millj. 1930 eða 44 millj. kr. á tveim árum er ekki smáræði í okkar litla þjóðfél. Þetta geysilega peningaflóð kemur svo fram í gífurlegri samkeppni um allan vinnukraft og þar af leiðandi uppsprengdu kaupgjaldi og stórkostlega auknum innflutningi. En innflutningur er aukinn af völdum stj. bæði vegna þess, að stórkostlega þarf að víða að af ýmsu, en þó einkum vegna þess, hve kaupgetan er aukin með þessu. Peningaflóðið örvar stórum öll viðskipti, en ör viðskipti miða að hækkandi verðlagi.

Ég held nú varla, að um þetta geti verið ágreiningur. Lóðinu, sem leggja átti í vogarskálina á móti, var slengt í vogarskálina með, og því hefir allt farið um þvert bak eins og raun er á orðin. Hæstv. fjmrh. ætti ekki að vera að afsaka þetta, því að það hlýtur að vera gert á móti betri vitund. Og hann má ekki láta sér um munn fara aðra eins ósk og mér heyrðist hann bera fram síðast í gærkvöldi, að hann óskaði, að ekki yrði langt þangað til að stjórn hér á landi yrði atyrt fyrir ofmiklar framkvæmdir í góðæri. Ég tek undir fyrri part þessarar óskar, að góðærið komi bráðlega, en ekki undir síðari part hennar, að þá sitji hér stjórn, sem misnoti góðærið.

Þá vil ég benda á eitt mikilsvert atriði í þessu máli, og það er það, að stj. varð til þess að fresta fjárkreppunni um eitt ár hér í landi og bæta þannig óhöppum heils árs ofan á það, sem fyrir var. — Þetta gerði hún með lántökunum miklu 1930. Ef þá hefði ekki verið slengt inn um 13 millj. kr. erlendis, hefði kreppan komið ári fyrr. Sú yfirfærslustöðvun, er kom um síðustu áramót, hefði þá komið um næstu áramót á undan. Fyrirtæki þau, er sízt hefðu átt að halda áfram að auka tap sitt, hefðu stöðvazt. Úr verzlun og kaupgetu hefði dregið. Verzlunarjöfnuðurinn hefði lagfærzt ári fyrr. Markaðurinn hefði verið rýmri og verð skárra.

Það, að árið 1931 er látið vaða áfram á falskri kaupgetu, hefir átt meiri þátt í vandræðunum en við getum að svo komnu gert upp.

En, munu einhverjir spyrja, var þá hægt að komast af án þess að taka lán 1930? Voru ekki allir sammála um þær ráðstafanir, sem þetta fé fór til?

Það getur vel verið, að seinni part ársins 1930 hafi ekki verið annað fyrir hendi en að taka þessi stórlán. En auðvitað stafaði það af óhófsfjáreyðslu undanfarandi ára. Þegar 3 ár veita inn í ríkissjóð 15 millj. kr. umfram áætlun, eins og árin 1928—30 gerðu, nær það vitanlega ekki nokkurri átt, að stj. eigi að þurfa að taka lán til allra óvæntra hluta. Og það þýðir ekki að vitna í lánsheimildir þingsins og afsaka stj. með þeim, því auðvitað eru þær miðaðar við venjulegar tekjur, en ekki 5 millj. kr. á ári umfram.

Ef stj. því hefir verið orðin neydd til þess á síðara parti ársins 1930 að taka lán, þá er það ekkert annað en staðfesting þess gamla beizka sannleiksorðs, að ein synd býður annari heim. Þessar miklu umframtekjur hefðu átt að nægja til alls, sem kallað var eftir.

Hinni spurningunni, hvort ekki hafi allir verið sammála um það, sem féð fór til, get ég ekki svarað hér vegna tímaskorts. En úr því að ég bar hana upp, get ég þó sagt alveg afdráttarlaust, að þessu fer mjög fjarri. Því að bæði voru andstæðingar stj. yfirleitt ósammála ýmsum samþykktum þingsins, svo sem t. d. stofnun síldareinkasölunnar o. fl., og svo verður sérstaklega að hafa það í huga, að langmestur hluti eyðslunnar — sá hluti hennar, sem steypt hefir öllu um þvert bak — er algerlega án samþykktar Alþingis. Þetta sannast bezt af skýrslum stj. í bókinni frægu. Þar er — og að því er virðist með talsverðu stolti — sagt frá því, hve ábyrgðarlaust stj. eyddi fé umfram heimildir fjárlaganna. Og sjálf er bókin eitt dæmið: tugir þúsunda settir í prentun þesshátt rita, sem engin heimild var til.

Það er þá komið svo sem nú skal greina:

1. Tekjur góðu áranna eru eyddar og ríkissjóðurinn því tómur.

2. Lánsfé hefir verið veitt til manna og þeir laðaðir út í framkvæmdir, sem nú gefa tap og annað ekki, og þurfa þeir nú greiðslufrest.

3. Opinberar framkvæmdir voru afarmiklar, og nú stöðvast allt. Allur þessi fjöldi manna stendur slyppur eftir, auk allra þeirra, sem annarsstaðar missa atvinnu. Það hefði sennilega verið fullt svo heppilegt að taka nú til þessara framkvæmda, byggja nú skólahús og Arnarhvál, leggja vegi og byggja brýr og veita mönnum atvinnu, þegar þeir eiga sér fáa úrkosti.

4. Ríkið stendur nú uppi með afskapleg þyngsli, því að flestar framkvæmdirnar eru þess eðlis, að það kostar ekki aðeins peninga að eignast þær, heldur kostar líka peninga að eiga þær.

5. Skuldirnar hvíla eins og mara á þjóðinni. Yfir 40 millj. eru það nú, sem svara verður af vöxtum um hendur ríkisstj.

6. Lánstraust er náttúrlega ekki um að ræða.

Með þessu þykist ég þá hafa sýnt, að afleiðingar kreppunnar eru að mjög miklu leyti orsakaðar af óviturlegri fjármálastjórn þess opinbera.

Héðinn Valdimarsson: Ég lýsti því í ræðu í gær, hvernig kjósendur Framsóknarfl. hafa ávallt verið miklu róttækari en foringjarnir. Þetta hefir komið greinilega í ljós.

Á flokksþingi Framsóknar í fyrra voru bornar fram kröfur um og hátíðlega lýst yfir, að ríkisstj. hallaðist meira að stefnu okkar jafnaðarmanna en íhaldsmanna. En foringjarnir sviku liðið. Ég vænti, að ég geti á þessum 7 mín. fundið þessum orðum mínum stað, þótt tíminn sé naumur.

Ég vil þá líta á stefnuskrá Framsóknarfl., sem birt var í „Tímanum“ 6. maí 1931 og samþ. var á flokksþinginu, sem háð var dagana 29. marz til 9. apríl s. á.

Ég ætla hér aðeins að taka fá dæmi, t. d. kennslumálin. Í stefnuskrá Framsóknarfl. er gert ráð fyrir, að flokkurinn berjist fyrir, að kennaramenntun verði bætt með hærri undirbúningskröfum og auknum kennslufræðum og bætt verði kjör kennarastéttarinnar“. Á sumarþing-

inu, sem háð var eftir að flokkurinn hafði samþ. þessa stefnuskrá, bárum við jafnaðarmenn fram till. um bætt kjör kennarastéttarinnar. Þær till. mættu eindreginni andstöðu. Við höfum nú aftur á þessu þingi borið slíkar kröfur fram, og sennilega verða endalok þeirra þau, að þær verða svæfðar í n., en ríkisstj. og hennar flokkur er á móti þeim, þótt fjmrh. segist persónulega vera þeim hlynntur. Þá er enn það atriði í stefnuskránni, „að tekinn verði upp útflutningur á ísvörðum fiski með atbeina ríkisins, þar sem samvinna myndast um útflutninginn í verstöðvunum, en samband slíkra sölusamlaga, byggt að samvinnuháttum, tekur að sér reksturinn. Verði þá jafnframt gerðar ráðstafanir til þess, að nauðsynleg ísgeymslu- og kælihús verði reist". Var búizt við því, að með þessu væri hægt að bæta úr atvinnukreppunni og bæta útveg landsmanna. Hið eina, sem ríkisstj. hefir gert í þessu efni, er lítilsháttar tilraun, sem gerð var á Austurlandi og fór þannig, að útgerðarmenn fengu ekki annað greitt en nokkurn hluta veiðarfæranna, sem þeir urðu að kaupa, en fyrir sjálfan fiskinn fengu þeir ekki neitt. Í stefnuskránni er ennfremur: „Að leitað verði færis um myndun sölusamlags fyrir aðrar útfluttar fiskafurðir verstöðvanna, byggt að samvinnuháttum". Við jafnaðarmenn höfum gert fyrirspurn um það, hvort framsóknarmenn myndu vilja fylgja okkur í því að koma skipulagi á saltfisksöluna, og án þess að tiltaka nokkurt sérstakt skipulag, en svarið frá forsrh. var neitandi. Ennfremur segir: „Að verðfesta krónuna í núverandi gengi". Það er framkvæmt með því, að krónan er lækkuð um 20%. „Að seðlaútgáfan komist sem fyrst í hendur Landsbankans að fullu". Sú framkvæmd hefir orðið á þá leið, að fjmrh. hefir beðið fjhn. að flytja frv. um, að Útvegsbankinn haldi um óákveðinn tíma þeim seðlaútgáfurétti, sem hann hefir, 4 millj. kr. „Að bankar og aðrar lánstofnanir gangi eftir fullum skilum skuldunauta sinna við hverskonar atvinnurekstur sem er". Þetta er framkvæmt með gjaldfrestfrv. því, sem borið er fram, um að veita eins árs gjaldfrest.

„Að skerpa eftirlit með bönkum og sparisjóðum". Það er framkvæmt með því, að flytja till. um afnám bankaeftirlitsmannsins. Ég fyrir mitt leyti álít, að sá maður, sem nú gegnir þessu embætti, hafi ekki staðið vel í stöðu sinni, en það er þó ekki hægt að segja, að það sé „að skerpa eftirlit með bönkum og sparisjóðum" að afnema embættið.

Í skattamálum er stefna flokksins sú, að „lækka tolla þá, er hvíla á nauðsynjavörum, en auka beina skatta". Þetta framkvæmir hæstv. fjmrh. svo, að hann ber hér upp hvert frv. á fætur öðru um að auka óbeinu skattana. Flokkurinn vill „létta fátækraframfærslu af sveitar- og bæjarfélögum með því að koma á skyldutryggingum". Stj. hefir ekki borið við að framkvæma þetta stefnuskráratriði flokksins, og frv. okkar Alþýðufl.manna, sem um þetta fjallar, virðist ekki hafa vakið neinn sérstakan fögnuð hjá henni.

Í byggingarmálum vill flokkurinn „efla byggingar- og landnámssjóð". Þetta er svo framkvæmt, að hæstv. fjmrh. gerir hverja tilraunina á fætur annari til þess að svipta sjóðinn styrk þeim, er hann nú nýtur af ágóða tóbakseinkasölunnar. Flokksþingið ákvað að láta „rannsaka þegar í stað, hvort eigi sé unnt að lækka kostnað við húsagerð í landinu með skipulagsbundinni verzlun með byggingarefni og bættum vinnuaðferðum". Í þessu hefir stj. ekkert gert.

Hér hefi ég rakið fjölda mála, sem sýna, að stj. hefir ekki gert það, sem kjósendur hennar hafa ætlazt til, að hún gerði. Það mætti rekja margt í viðbót, en þetta er nægilegt til að sýna, hversu gífurlega stj. hefir brugðizt sínum flokksmönnum til þess að þóknast íhaldinu.

Ég vil þó geta um tvö mál í viðbót, sem ekkert stendur um í stefnuskránni. Annað er kreppan, hitt lýðréttindin. Ég vil lesa það upp, sem fyrrv. stærsti spámaður flokksins, rithöfundurinn — sem þá var — Jónas Jónsson, sagði einu sinni um kjördæmaskipunina. Í bók hans, „Komandi ár", stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinsvegar mætti greiða götu glöggrar flokkamyndunar á ýmsan hátt, en með engu fremur en að stækka kjördæmin og beita hlutfallskosningu. Þá koma stefnurnar fram fremur en einstaklings-

áhrif, ættarfylgi eða fjármagn. Ef 3—4 sýslur væru í sama kjördæmi og kosið með hlutfallskosningu, reynir minna á „síðustu atkvæðin", úrskurð þeirra andlega ómyndugu, sem fluttir eru í bifreiðum á kjörstaðinn, eins og sauðir til slátrunar. Hlutfallskosning tryggir rétt minni hlutans". Allir vita hvernig stjórnin og ekki sízt Jónas Jónsson stendur nú í þessu máli.

Ég hefi því miður ekki lengri tíma. Ég vil aðeins geta þess að lokum, að í kreppumálum hefir flokkurinn enga stefnuskrá gefið út, enda stj. ekkert gert. Á því eina sviði hefir stj. því ekki getað brotið gegn yfirlýsingum flokksins.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér er markaður tími til andsvara, svo það verða aðeins örfá atriði af mörgum, sem ástæða væri að ræða, sem ég get komizt yfir.

Hv. 4. þm. Reykv. lauk ræðu sinni með því að leitast við að sanna, að erfiðleikar þeir, sem nú steðja að, stöfuðu aðallega af stjórnarfari síðari ára. Hér hefðu eintómir amlóðar ráðið, og því væri nú svo komið sem komið er. Afleiðingin af þessari ályktun hv. þm. er vitanlega sú, að amlóðar hafi haft ráðin um heim allan, því alstaðar hefir farið á sömu leið, alstaðar hafa erfiðleikarnir dunið yfir, alstaðar hefir kreppan spennt atvinnu- og viðskiptalíf heljargreipum. Og þótt skuggalegt sé útlits hér á landi, þá er það þó hvergi nærri eins vont og víða annarsstaðar. Ef þessi skýring hv. þm. væri rétt, þá væri það óskiljanlegt, að kreppa skuli ávallt verða hér á landi á sama tíma og annarsstaðar. Svo hefir þó alltaf orðið; svo var bæði um kreppuna 1926 og eins um kreppu þá, er upp kom í ófriðarlokin, á árunum 1921—1922.

Hv. þm. benti á, að loftvog hefði verið farin að falla á árinu 1930. En ég hefi nú satt að segja ekki orðið var við miklar kreppuhugleiðingar á undanfarandi þingum hjá þessum hv. þm. Hv. þm. lætur glepjast af því, að hann sér nú og veit ýmislegt, sem hvorki hann né aðrir vissu síðasta sumar, hvað þá áður. Það var yfirleitt ríkjandi bjartsýni fyrri hluta árs 1931. Kreppan hafði þá staðið svo lengi úti í löndum sem kreppur eru vanar að standa, og menn bjuggust því við, að henni færi að létta. Þetta hafði sterk áhrif á stjórnir banka og atvinnufyrirtækja. Bankarnir voru ekki hræddir við að lána fé til útgerðar, þótt selja þyrfti skpd. á allt að 90 kr., til að útgerðin bæri sig. En verðið reyndist ekkert nálægt 90 kr., eins og allir vita nú. Ekki var þetta ríkisstjórninni að kenna. Það voru stjórnir banka og atvinnufyrirtækja, sem þessu réðu, og var raunar vorkunnarmál.

Fyrsti vottur þess, að kreppunni mundi ekki létta, heldur magnast frá því, sem var, varð í Austurríki og Þýzkalandi í sumarbyrjun, þegar stórbankar tóku að hallast og fé Englendinga fraus þar inni. En höfuðrótið hófst ekki fyrr en að loknu sumarþingi. Tónninn á sumarþinginu var yfirleitt sá, af allra flokka hálfu, að nú færi að birta til, útlit væri sæmilegt og tekjur ríkisins mundu hrökkva fyrir ærnum útgjöldum. Ég hygg, að ekki þurfi lengi að leita að slíkum yfirlýsingum úr flokki hv. 4. þm. Reykv. Þeim var það vorkunn, þótt þeir sæu ekki fyrir það, sem nú er öllum bert orðið. En þetta sýnir, að þá var ennþá ekki fallin loftvogin fyrir sjónum stjórnmálamannanna.

Það var eiginlega ekki fyrr en í sept., að mönnum varð ljóst, að til stórtíðinda dragi, en það var þegar sterlingspundið féll. Og það verð ég að segja, að þá er flest fundið til að ásaka stj., þegar hún er ásökuð um gengisfallið. Auðugum og voldugum þjóðum tókst ekki að varðveita verðgildi gjaldeyris síns. Það varð óviðráðanlegt að dómi hv. 4. þm. Rvík. Það var bara ísl. ríkisstj., sem átti að gera allt, sem var ómögulegt.

Nei. Kreppan hefir haft öfug áhrif. Hún er höfuðorsök þess, hvernig atvinnuvegirnir nú standa að vígi, bankarnir og ríkið. Heimskreppan er höfuðorsökin, og það er villandi að rekja aðrar orsakir til þess. Um þetta verður ekki deilt. Höfuðorsök ástands atvinnuveganna er utanaðkomandi. Fyrr en það er viðurkennt, verða ekki tekin rétt ráð til að bæta úr.

Hv. þm. Seyðf. talaði hér langt mál og gerði ýmsar óframkvæmanlegar kröfur. Hann ávarpaði stj. rétt eins og hún væri forsjónin sjálf, utan og ofan við allt ástandið. Hann lýsti því, hvernig ástatt er

fyrir verkafólki, bændum, atvinnurekendum. En stj. — hún á úr öllu að bæta, öllu að bjarga, hún er engum örðugleikum háð — öðrum en máske svona löguðum ræðuhöldum.

Hv. þm. talaði mikið um hin talandi verk stj. frá fyrri árum. Hann virtist halda því fram, að stj. hefði framkvæmt of mikið áður, en of lítið nú. Hv. þm. getur nú frómt úr flokki talað um hin talandi verk stj., því sjálfur er hann í vissum skilningi eitt af verkum stj., og máske það sem hæst talar og e. t. v. lengst. Það er samt engin ástæða fyrir hann til að gera óviðráðanlegar kröfur til stj. Hann mundi ekki taka slíku tali vel, þegar komið væri til hans sem bankastjóra. Þá mundi hann fyrst og fremst athuga möguleikana á því, hvað getur borið sig, og hvað er fyrirsjáanlega ógerningur. Það er nákvæmlega það sama og ríkisstj. verður að gera. Samt gerir hv. þm. kröfur til ríkisstj. um að gera þetta og hitt, um að gera allt, án þess að fá tekjuauka, og jafnvel án þess að hafa trausta tekjustofna. Hún á að bjarga öllu með engu. Þetta er sama krafan og stúlkan gerði, er hún bað um skó, er væri stór innan í, en lítill að utan, svo hún gengi í augu biðlanna. Þessar kröfur hv. þm. eiga víst að ganga í augu kjósendanna.

Ég veit ekki betur en að hvaða stj., sem er, verði að lúta ástandi því, er ríkir á hverjum tíma, engu síður stjórnir jafnaðarmanna en annara. Það sjá jafnaðarmannastjórnirnar í Englandi og Danmörku. Þær hafa orðið að lækka kröfurnar og spara. Það sá jafnaðarmaðurinn Thorson í Svíþjóð á sínum tíma. Þegar kommúnistar komu til hans og heimtuðu ríkisstyrk og atvinnubætur, þá sagði hann þeim, að ríkið mætti aldrei gera of mikið á krepputímum. Í sambandi við þetta má minna á hið geigvænlega frv., er hv. þm. bar hér fram á síðasta þingi, 11 millj. frv., er öllum ofbauð, svo að enginn hefir á það minnzt síðan.

Hv. þm. minntist á, að það þyrfti að gera eitthvað til að greiða fyrir afurðasölunni og semja við aðrar þjóðir, og vildi láta á sér skiljast, að ekkert hefði verið gert í þessu efni. Hann mun samt vita, að Sveinn Björnsson hefir verið sendur til Noregs vegna kjöttollsmálsins, og hefir skilað um það áliti. Hann veit líka, að kjötmarkaðurinn í Noregi er tregur og illur. Hann veit ennfr., að hæstv. forsrh. hefir borið fram frv., er miðar að því að flýta fyrir byggingu frystihúsa, svo að við getum flutzt meir yfir á nýmetismarkaðinn. Slíkar ráðstafanir þarf að gera, og þær eru líka gerðar. Hv. þm. mun kannast við það, að viðvíkjandi fisktollinum í Englandi er ekkert að gera að svo stöddu fyrir okkur. Brezka alríkið heldur fund í Ottawa í júlí í sumar um tollamál sín. Fyrr en þeim fundi er lokið talar brezka ríkið ekki við neinn. Þá fyrst er möguleiki til þess að tala við Englendinga um sameiginleg tollmál. Að svo stöddu er það ekki fyrir aðra en Englendinga að gera tollkröfur til stjórnar sinnar. Nú eru fiskkaupendur í Aberdeen og Orkneyjum að reyna að fá eftirgjöf á tolli af innfluttum fiski, sem fluttur er úr landi aftur. Gangi þeim ekki neitt, er ekki við að búast, að öðrum þyði að reyna. Vitanlega ber ríkisstj. að vera vakandi og koma til skjalanna strax og Ottawaráðstefnunni lýkur. Svo má minna á það, að þessi mál eru rædd í utanríkismálanefnd, og það er ekki altént heppilegt að ræða þau opinberlega til nokkurrar hlítar. Alþýðuflokknum var gefinn kostur á að koma manni í utanríkismálanefnd, en það þáði hann ekki. Um Rússa væri þess óskandi, að þeir hefðu eins mikinn áhuga á að kaupa af okkur og við á því að selja þeim. Það hefir verið reynt mikið til þess að selja þeim nokkuð af síld frá því í jan., og það var búið að útvega möguleika á því, að við keyptum af þeim í staðinn 1000 tonn af korni. Það starfaði að þessu góður maður og kunnugur í Rússlandi, en honum tókst ekki að koma því í kring. Rússar vildu heldur eiga samninga við Norðmenn, sem geta keypt margfalt meira af þeim.

Nú er tími minn þrotinn og ég get ekki talið fleira. En hv. þm. kvartaði yfir því, að landsreikningurinn fyrir 1930 væri ekki ennþá fullbúinn. Sannleikurinn er sá, að frá minni hendi er landsreikningurinn fyrir löngu afgreiddur, og nú aðeins ókominn úr prentsmiðjunni. Þetta sagði ég hv. þm. í gær og að hann þyrfti ekki annað en ganga upp í prentsmiðju

og fá sér hann. En í stað þess að gera það, hefir hann kosið að gera þetta að árásarefni á stj. En þar sem hv. þm. Seyðf. talar nú með svo mikilli vandlætingu um þennan landsreikning, þá vil ég minna á, að hinn sami Haraldur nokkur Guðmundsson, sem áður var þm. Ísf., er ekki alveg óviðkomandi þessum landsreikningi. Það var á því herrans ári 1930, sem hann gerðist bankastjóri, og var þá raunar og stj. stuðningsmaður. Og nú kemur mér í hug dálítil saga. Hún er að vísu ekki beinlínis geðþekk, en hún er úr eldhúsi. Og þar sem við nú erum í eldhúsi, þá læt ég hana fara. Það var á þeim árunum, þegar það tíðkaðist að hengja lík upp í eldhúsum, til þess að verja þau rotnun, þar til næðist til prests. Gamall maður lézt eitt sinn á afskekktu býli. Það var um hávetur og ekki unnt að koma líkinu til grafar. Það var því hengt upp í eldhúsrjáfur. Þá var það eitt sinn um veturinn, að dóttir hjónanna kemur til móður sinnar og segir: „Mamma, það er farið að leka úr honum afa ofan í grautinn!“

Ég bið náttúrlega afsökunar á að hafa farið með þessa sögu hér. En mér finnst endilega, að þegar farið er í eldhúsið frá 1930 og tekið að hræra þar í landsreikningnum, þá verði ekki komizt hjá því, að úr framliðnum hv. þm. Ísaf. leki eitthvað ofan í þann graut.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi ekki nema stundarfjórðung til andsvara og verð því að fara fljótt yfir sögu.

Hæstv. forsrh. sagði, að málafærslumaðurinn talaði gegnum mína ræðu. Hver er nú beztur kostur málafærslumanna? Að fara með rétt mál, því að geri hann það, er hægt á því að byggja réttlátan dóm. Þetta gerði ég. Ég fór með það eitt, sem rétt var. Það hefir og hæstv. forsrh. viðurkennt með því að gera enga tilraun til að hrekja neitt af því, sem ég sagði. Eitt, aðeins eitt, var það, sem ráðh. vildi bera í bætifláka fyrir, og það var Alþingishátíðarkostnaðurinn. Ég skal með ánægju draga hann frá. Hann er eða var um 800 þús. kr.. og auk þess má telja nýja Þingvallaveginn, sem kostaði rúml. 300 þús. kr., að mig minnir. Ég neita alveg aftur á móti að taka Þingvallabraskið, 200—300 þús. kr., sem fóru í færslu húsa og kostnað af því.

Hólið um Jóhannes Jóhannesson fyrrv. bæjarfógeta kemur nú, en nokkuð seint. Aðallega hefir maður orðið var við róg og níð í hans garð, en gott er að hann fær nú viðurkenningu starfs síns.

Hæstv. forsrh., sagðist mundu taka vel öllum sparnaðartill. Gott og vel. Það skal verða reynt á það. Hann kvaðst hafa lækkað laun embættis- og starfsmanna ríkisins. En það hefir ekki nær því alstaðar tekizt. Stundum hefir tekizt svo óhönduglega til, að undirmönnum hefir verið tilkynnt launalækkun, en síðan láðzt að tilkynna það yfirmönnunum, er greiða þeim launin. Hæstv. ráðh. sagðist hafa fækkað embættum og lagt niður vélaeftirlitsmanninn. Ég get ekki þakkað honum það, því það starf var stofnað í algerðu heimildarleysi og laun greidd utan allrar lagaheimildar, og endurskoðendur landsreikninga hafa á hverju þingi kvartað yfir þessu. Ég hefi tekið eftir því, að í svörum við aths. yfirskoðunarmanna landsreikningsins 1930 kveðst stj. hafa afnumið eitt embætti við bifreiðaeftirlitið. Sá maður, er það embætti hafði, var gerður löggæzlumaður, og sjálfur telur hann sig gegna sama starfi og áður.

Hæstv. fjmrh. þarf ég ekki neinu að svara. Hann ber ekki ráðherraábyrgð á eyðslu undanfarinna ára. Hann ber aðeins flokksábyrgð.

En ég þarf að segja nokkur orð við bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh. Ég ætla fyrst að svara hinum fyrrnefnda nokkrum orðum.

Það mátti svo heita, að þessi ráðh. svaraði engu því, sem ég mælti í hans garð, og munu þó margir mæla, að ég hafi deilt á hann allharðlega.

Aths. mínum um bílakostnaðinn svarar hann með því, að pósthúsið hafi fengið sér bifreið og vegamálastjórinn. Pósthúsið hefir fengið sér bíl til að flytja í póst í nágrenni Rvíkur, og vegamálastjórinn þarf að vera á sífelldu ferðalagi um allt land starfs síns vegna. Ætlar ráðh. því að fara að gerast póstmaður eða hafa eftirlit með vegaviðhaldi? Það lítur út fyrir það, úr því að hann ber sig saman við pósthúsið og vegamálastj. Það, sem ég átaldi um bifreiðarnar, var hið gengdar-

lausa bruðl í þeim efnum. Allur bifreiðakostnaður, að undanskildu öllu því, sem fært hefir verið til gjalda á Alþingishátíðarkostnaði, sem er stórfé, hefir verið hjá stj. einni um 42000 kr. á ári árin 1928—1930, en um árið 1931 liggja ekki enn fyrir skýrslur. Langmestan hluta af þessu hefir dómsmrh. notað. Og a. m. k. annað eins hefir hann notað í snattferðir á varðskipunum og sennilega miklu meira. Honum þykir laun Eggerts Claessen hafa verið há í Íslandsbanka, og ég viðurkenni, að þau voru það á tímabili, en miklu meira hefir hæstv. ráðh. kostað ríkissjóðinn, þó að aðeins sé tekið tillit til beinnar fjárnotkunar hans til persónulegra þarfa. Hann er sá langeyðslusamasti maður, sem ég hefi þekkt. Ekki beint fyrir það, að honum þyki gaman að vera í veizlum og gera sjálfan sig og aðra samkvæmishæfa, heldur einkum af því, að hann getur aldrei haldið kyrru fyrir. Hann er alltaf á sífelldu flökti og getur aldrei haldið kyrru fyrir. Hér á þingi getur hann aldrei kyrr verið. Það er eins og alltaf stingi hann þúsund tituprjónar. Og það er ekki nóg með, að ráðh. sé einn á þessu sífellda ferðalagi. Hann vill líka alltaf hafa um sig heila hirð, eins og nokkurskonar lífvörð. Þetta verður dýrt fyrir ríkissjóðinn. Það er dýrt fyrir ríkissjóðinn að taka varðskip, smala mönnum af ýmsum höfnum til ákveðins veizlustaðar og flytja þá heim aftur. Hvað ætli allar veizlurnar á Laugarvatni hafi kostað? Ég man, að í landsreikningnum 1929 voru færðar til gjalda, mig minnir, 149 kr. fyrir nesti boðsgesta að Laugarvatni. Takmarkalaus hégómagirni veldur miklu af þessum kostnaði.

Um héraðsskólana er það að segja, að ég man vel eftir lánsheimildinni 1929, en hún hefir ekki verið notuð, og er það skýrt tekið fram í fjármálaræðu Einars Árnasonar á vetrarþinginu 1931. Ráðh. fór því hér með bein ósannindi, er hann sagði, að þessi heimild hefði verið notuð. Hún hefir ekki verið notuð, heldur ausið úr ríkissjóði þvert ofan í gildandi lög, og mun ég ræða betur um þetta, er landsreikn. 1930 kemur hér til meðferðar.

Litla-Hraunshælið nefndi ráðh. aðeins, og má ég ekki taka neinn tíma til að ræða um það.

Að öðru leyti snérist ræða ráðh. um Íslandsbanka. Það er einkennilegt, að á hverjum eldhúsdegi kemur ráðh. með einhverja rannsóknarskýrslu nýrrar nefndar eða eitthvert rit, sem hann les upp úr. Þess vegna hefir stundum verið erfitt að svara honum. En nú brást honum bogalistin. Nú upplýsti hann sjálfur það, sem hann ætlaði að leyna. Honum fataðist stóriðjan, og mun ég nú sýna fram á það.

Hann segir, að Íslandsbanki hafi tapað um 20 millj. kr. á 25 árum. Það er alltaf há upphæð; það er viðurkennt, en a. m. k. 15—18 millj. af þessu hefir bankinn sjálfur borgað aftur af viðskiptaágóða við sjávarútveginn, sem hann því nær eingöngu skiptir við. En hvað ætli hæstv. ráðh. borgi ríkissjóði mikið af því tapi, sem hann hefir valdið ríkissjóði. Undir 80 milj. kr. hefir hann og hans stj. notað á þessum síðustu 4 árum. Aðfarir Íslandsbanka eru smámunir í samanburði við þetta.

Og svo er enn eitt. Hæstv. ráðh. nefnir töp Íslandsbanka á 4 eða 5 nafngreindum mönnum. Hann var svo óskynsamur að lesa upp, hvernig skuld þeirra var um hver áramót. Af þessum upplestri heyrðist það, að skuldir þessara manna hafa einmitt aukizt langmest 1928—1930, meðan núv. stj. var við völd. Nú hygg ég, að þótt þessi ráðh. sé ekki sterkur í röksemdafærslunni, þá skilji hann þó það, að ef það er synd mín og þeirra, sem voru með mér í fyrrv. stj., að bankinn hefir tapað á þessum mönnum, þá verður núv. stj. og þá hann sjálfur að bera ábyrgð á töpum, sem mynduðust í hennar tíð, og skýrslan sýnir, að það var stórmikill hluti. Hæstv. ráðh. hefir því með þessu löðrungað sjálfan sig og hæstv. forsrh., sem var form. bankaráðsins 1927—1930. Þegar þessi ráðh. ætlaði að fara að höggva til annara, þá tókst ekki betur en svo, að höggið lenti á honum og samverkamönnum hans.

Ég mótmæli þeirri óhæfu, að þessi ráðh. skuli í þessum umr. hafa leyft sér að ráðast með hrakyrðum og brigzlum á minningu nýlátins embættismanns, Gísla Ólafson landssímastjóra. Slíkt er fáheyrt, og getur ekki afsakazt með öðru en algerðu ábyrgðarleysi. Ég hefi gaman af að

sjá, hvort hæstv. forsrh. getur látið vera að hreinsa skarnið af minningu þessa látna fornvinar síns, sem hann sjálfur skipaði landssímastjóra.

Hæstv. dómsmrh. spurði, hvort ég sæi ekki magrar kýr á beit nærri túni mínu. Jú, ég sé þær, ég sé þær margar og magrar, sármagrar, grindhoraðar, bæði í mínu túni og utan þess. Og ég sé líka, að þær eru allar brennimerktar hæstv. stj. og langflestar með J. J., og ætla ég, að hæstv. dómsmrh. kannist við það brennimark.

Hví hafa ekki Rvík og önnur sveitarfélög landsins safnað sjóðum á undanförnum árum eins og krafizt er af stj.? Þannig spurði ráðh. Svarið liggur opið fyrir. Hvorki Rvík né önnur sveitarfélög hafa fengið fé inn í milljónatali umfram áætlun, vegna þess, hvernig þeirra tekjulöggjöf er varið. Ekkert verulega meir getur komið inn en áætlað er. Aðaltekjurnar eru fastákveðin útsvör fyrirfram. Hér er því óliku saman að jafna, og spurningin út í hött.

Þá kem ég að hæstv. forsrh. Hann barðist mjög um og taldi, að ræða hv. 3. þm. Reykv. hefði staðfest allt, sem ráðh. sagði á þingmálafundum í vor, um að við sjálfstæðismenn hefðum gert fasta og órjúfanlega samninga við jafnaðarmenn um að eyðileggja rétt héraðanna til þess að hafa sérstaka fulltrúa. Það verður væntanlega fullt tækifæri til að tala betur um þetta, þegar stjskrfrv. kemur hér til umr., en nú þegar vil ég benda á, að staðreyndirnar sanna, að hæstv. ráðh. fer hér með blekkingar. Till. sjálfstæðismanna byggja einmitt á þeim grundvelli að vernda þennan rétt kjördæmanna, og jafnaðarmenn ganga einmitt inn á þetta. Hvar er þá hinn fasti órjúfanlegi samningur? Hann er hvergi. Allt, sem gerðist í málinu, hefir verið sagt og ekkert undan dregið. Hæstv. ráðh. á eftir að bíta úr nálinni um þessar fullyrðingar sínar. Því skal ég lofa honum.

Þá minntist sami ráðh. á verkföll og samúðarverkföll, og lýsti hann hv. 3. þm. Reykv. heldur illa í því sambandi. Öðruvísi mér áður brá!! Í 3 ár voru þeir nánir samherjar, og hefir verkfallshneigðin hjá hv. 3. þm. Reykv. sjálfsagt ekkert aukizt síðan. Kemur hér fram, sem oftar, að hæstv. stj. metur manngildi manna eftir því, hvort þeir eru með henni eða móti.

En hvað er svo um þetta verkfall og samúðarverkfall, sem hæstv. forsrh. nefndi? Það á að vera í því fólgið, að jafnaðarmennirnir greiði atkv. á móti tekjuaukalögum hæstv. stj. á þessu þingi og ef til vill fjárl. líka. Þetta kallar nú hæstv. forsrh. verkfall. Verkbann segir hv. þm. Seyðf. Hann telur sig eiga svo mikla hönk í bakið á þeim, að þeir eigi að greiða atkv. með stj., og ef þeir leyfi sér að greiða atkv. á móti, þá sé það verkfall. Ég veit nú að sjálfsögðu ekki vel um, hve mikið er óslitið af hinum innilegu böndum milli Framsóknar og jafnaðarmanna, en ég get ekki vel skilið þessa röksemdafærslu. Mér skilst, að það gæti verið verkfall, ef þeir neituðu að greiða atkv. Greiði þeir atkv. á móti, sýnist mér, — svo að ég noti annað þekkt hugtak —, vera um handafl að ræða.

Ég tók eftir, að hæstv. forsrh. mændi vonaraugum til okkar sjálfstæðismanna um, að við gerðum ekki það, sem hann kallar „samúðarverkfall" með jafnaðarmönnum, það er að segja, að við greiðum ekki atkv. gegn fjárl. og með nauðsynlegum tekjulögum.

Um leið og ég bendi á, að ég kannast alls ekki við, að ég geri verkfall, þótt ég greiði atkv. gegn einhverju frv., skal ég vísa til þeirrar skýru yfirlýsingar, sem ég áður hefi gefið hér í þessari hv. d. Af þeirri yfirlýsingu er það auðsætt, að það veltur á aðferð hæstv. stj. sjálfrar og hennar flokks, hvort úr þessu getur greiðzt eða ekki, og vænti ég, að hæstv. stj. þyki þá vel, er hún hefir bæði tögl og hagldir, þó að dálítið sé haldið í um miðju reipisins. Vilji hæstv. stj. beita kúgun í stærsta málinu, sem fyrir liggur þessu þingi, þá verður hún sjálf að taka afleiðingunum. Og það getur ekki skoðazt nema orðagjálfur, þegar hæstv. ráðh. talar um, að hann óski samvinnu, ef hann svo einskis réttlætis vill unna í hinu stærsta réttlætismáli þingsins.

Að lokum vil ég taka það fram, að ég tel Sjálfstæðisflokkinn ekki hafa tapað í kosningunum í sumar, þar sem hann fékk nærri helming atkv. Ég þekki ekki neinn stjórnmálaflokk í heiminum, sem hefir tiltölulega jafnmikið fylgi. En ranglát

kjördæmaskipun veldur því, að hann skuli vera í minni hluta á Alþingi.

Haraldur Guðmundsson: Mér þótti dæmisaga sú, er hæstv. fjmrh. lauk máli sínu með, bæði smekkleg og velviðeigandi, sérstaklega í hans munni. Ég vil taka undir með saklausa barninu, sem sagði, að farið væri að leka úr honum afa, og það allóþyrmilega. Blöð Íhaldsflokksins sum skýrðu svo frá, þegar þessi hæstv. ráðh. tók sæti í ráðuneytinu, að þar væri um að ræða heiðursfélaga í Íhaldsflokknum. Þá fannst ýmsum vera heldur en ekki farið að leka úr honum afa! Betri sönnun fyrir því, að Framsókn hafi verið að sigla í íhaldsáttina nú síðustu árin, held ég, að verði torfundin. Hæstv. ráðh. segir margar og misjafnar dæmisögur. Það er sízt lastandi, ef þær eru góðar. En ég verð að álíta, að fjmrh. væri þörf fleiri góðra kosta en að hafa sífellt dæmisögur á takteinum, meira og minna biblíulegar.

Þessi hæstv. ráðh. veik að mér persónulega nokkrum orðum. Ég ætla að svara því strax, svo að það gleymist ekki, því að ég vil borga mínar privat skuldir eftir því, sem ég get. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki sæti á hv. þm. Seyðf. að vera að lasta verk stj., þar sem hann væri eitt af verkum hennar. Hún hefði gert hann að bankastjóra á Seyðisfirði. Ég vil segja hæstv. ráðh. það strax, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að það hefir engin áhrif á tal mitt um hæstv. stj., þó að hún hefði gert mig að bankastjóra. En það er ekki rétt, að hæstv. stj. hafi veitt mér þetta embætti. Það gerði bankaráð Útvegsbankans, en ekki hæstv. stj. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þennan kafla í ræðu hæstv. ráðh., en er reiðubúinn til þess að taka öllum afleiðingum af dómum mínum um og afstöðu minni til hæstv. stj., hvenær sem er.

Annars segir hæstv. fjmrh. margt fleira spaklega en dæmisögur. Fræg er orðin samlíking hans um kreppuna, sem hann flutti í útvarpinu í vetur, að kreppan væri eins og vindarnir, engir vissu, hvaðan þeir kæmu eða hvert þeir færu. Eftir því mætti ætla, að okkur dauðlegum mönnum væri ekki fært að bæta neitt úr slíku fyrirbrigði, heldur ættum við, og þá hæstv. fjmrh. líka, að setjast með auðmýkt með hendur í skauti og bíða þar til þetta væri riðið hjá. En þannig lítum við jafnaðarmenn ekki á þetta mál. Hæstv. fjmrh. er einmitt til þess að gera ráðstafanir gegn kreppunni, og hann má ekki verða fyrstur til þess að segja, að ekkert sé hægt að gera. Hæstv. ráðh. spann upp langa sögu um það, hvað allir hefðu verið bjartsýnir á sumarþinginu 1931; þá hefðu allir haldið, að nú færi að rofa til, en um leið segir hann frá því, að einmitt þá hafi jafnaðarmenn lagt fyrir þingið 11 millj. kr. frv. um ráðstafanir til þess að mæta kreppuvandræðunum. Hæstv. ráðh. talaði um frv. þetta eins og einhverja fjarstæðu, en sumum flokksbræðrum hans og meðstjórnendum hefir ekki blöskrað að koma talsvert stærri upphæðum í lóg en þessari, og það á skömmum tíma. Framsóknarstj. hefir fengið milljónir kr. tekjur umfram áætlanir til þess að ráðstafa. Við jafnaðarmenn höfum síðan 1929 krafizt þess, að ákveðinn hluti af þessum miklu tekjum væri lagður til hliðar, til þess að mæta vandræðum vondu áranna, en hæstv. fjmrh. og flokkur hans börðust á móti því, að þessi leið yrði farin. En hæstv. ráðh. getur ekki neitað því, að hefðu lögin um jöfnunarsjóð, sem jafnaðarmenn báru fram á þinginu 1929, verið samþ. þá, hefðu um síðustu áramót verið til 3½ millj. kr. til þess að mæta atvinnuleysinu.

Hæstv. ráðh. talaði um óframkvæmanlega hluti og taldi þar með öflun 11 millj. kr. á tveim árum til þess að mæta kreppunni. Ég held, að slíkt fari talsvert eftir því, hvað mikið kapp er lagt á það. Ég held að ég verði að nota nokkrar mínútur, til þess að sýna fram á, að þetta var ekki eins óframkvæmanlegt og hæstv. ráðh. heldur. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir, að árið 1931 hækkaði tekjuskatturinn um 100% og eignarskattur um 200%. Hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að tekjuskatturinn af atvinnurekstri hafi enginn orðið á þessu ári, af því að atvinnufyrirtækin hafi engan arð gefið. Hann talaði ennfremur varlega utan að því, að hann hefði sjálfur verið að hugsa um að hækka þennan skatt, þótt ekkert hafi nú orðið af því, að hann hafi gert till. í þá átt.

Þó að það væri rétt hjá hæstv. ráðh., að atvinnufyrirtækin hefðu ekki borið arð 1931, þá er það þó víst, að miklar eignir eru til hér á landi, og einnig fjöldi hálaunamanna, sem gætu auðveldlega borgað tvöfaldan skatt af tekjum sínum. Og tekjurnar væru ólíkt betur fengnar á þennan hátt en að kúga þær af fátæklingum með tolli á toll ofan.

Af fleiri atriðum, sem við bentum á sem hentugar leiðir til fjáröflunar, má nefna stóríbúðaskatt og húsaleiguskatt. Nú hafa fylgismenn hæstv. ráðh. tekið þessar till. upp, en mismunurinn frá uppástungu okkar er þó alltilfinnanlegur, þar sem nú er ætlazt til þess, að þessir skattar gangi beint til almennra útgjalda ríkissjóðs, en ekki til ráðstafana gegn kreppunni. Þá lögðum við til, að skemmtanaskatturinn yrði látinn ganga til kreppuráðstafana. Ekki var það óframkvæmanlegt. Enn var lagt til, að tekjur tóbakseinkasölunnar rynnu til kreppuráðstafana og 200% yrðu lögð á áfengistollinn, því að flestir, sem hafa ráð á að fá sér oft í staupinu, geta vafalaust séð af talsverðu í ríkissjóðinn, og enginn skaði væri, þótt eitthvað drægi úr áfengiskaupum og drykkjuskap.

Samkv. frv. okkar áttu þessir nýju skattar að nema nú á 2 árum 5 millj. 300 þús. kr., og ég hefi engan mann fyrir hitt, sem hefir talið þetta óvarlega áætlað. — Ennfremur var bent á þá leið, að ríkisstj. legði út 3 millj. kr. innlent lotteríslán. Þó að það sé rétt, að ekki sé sem efnilegast nú á þessum síðustu og verstu tímum að bjóða út stór innanlandslán, þá eru miklar líkur til, að einmitt slíkt lán hefði orðið auðfengið. Þetta hefir verið gert og gefizt ágætlega víða erlendis. Þessi leið er því alls ekki fráleit. Það virðist a. m. k. ekki síður skynsamlegt að reyna ýmislegt slíkt og hér hefir verið minnzt á en að knýja stöðugt á dyr enskra stórbanka.

Við jafnaðarmenn lítum svo á, að það helzta, sem gert verði gegn kreppunni, sé að varna því, að bændur og aðrir smærri atvinnurekendur flosni upp, og það verður hið opinbera að gera. Ennfremur að stuðla að því, að vinna fólks verði ekki gerð verðlaus, og auka opinberar framkvæmdir að miklum mun, enda eru með því síðasttalda slegnar tvær flugur í einu höggi, hagur fólksins bættur og verklegum framkvæmdum hrundið í framkvæmd. En þetta á ekki sem bezt heima í fjármálaspeki hæstv. ráðh., sem heldur, að ráðið við kreppunni sé það, að allt vöruverð **hækki**, en kaupgjaldið **lækki**.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla að eyða fáeinum mínútum af mínum stutta tíma til þess að svara nokkrum pexatriðum úr ræðu hv. 2. þm. Skagf. í gær. Hv. þm. sagði þá, að sig furðaði á því, að einn héraðslæknir skyldi fá 2000 kr. í launauppbót. Hann átti hér við Sigvalda Kaldalóns, og skal ég skýra frá ástæðunni til þessa. Þessi læknir flutti úr héraði, sem var miklu tekjuhærra, í annað tekjulægra. Og þetta var meðan hæst stóð baráttan milli læknafélagsins og landsstj., en í þeirri baráttu var félagið stutt af hv. 2. þm. Skagf. og flokki hans. Honum mun því kunnugt um, að herkostnaðurinn í því stríði varð nokkuð mikill, þó að hann hafi vafalaust verið minni en þegar flokkur hv. þm. kom hér upp herliði árið 1921, til þess að bola úr landi erlendum dreng. Íhaldið þyrlaði upp miklu ryki í sambandi við það mál, en síðar sýndi sig, að þar var allt byggt á heimskulegum vottorðum. Þá deildi hv. þm. á stj. fyrir það fé, sem hún hefði veitt til Reykjabúsins. En hversvegna mátti koma upp búum í sambandi við Klepp og Vífilsstaði, sem þegar eru farin að spara fyrir þessum spítölum þúsundir króna á ári á þeirri mjólk, sem þarf til þeirra, ef ekki má koma upp þarna á Reykjum samskonar búi fyrir Landsspítalann.

Hv. þm. sagði ennfremur, að einum embættismanni í Reykjavík hefði verið greidd sérstök launauppbót af stj. Þessi embættismaður, sem hér um ræðir, er Jón Hermannsson, tollstjóri í Reykjavík. Hann hélt því fram, að hann ætti ógreidda dýrtíðaruppbót frá fyrra ári, og þar sem allt benti til, að svo væri, fékk hann þessa upphæð greidda. Eina árásin, sem hv. þm. getur því fært fram út af þessu, verður að byggjast á því, að hann lýsi Jón Hermannsson ósannindamann að þessari kröfu sinni og Gísla Ísleifsson ómerkan að þeirri tillögu að greiða þetta fé.

Þá er mjög óheppilegur sá blástur, sem verið hefir í nokkrum hv. þm. út af Gísla Ólafson, fyrrv. landssímastjóra. Þessi maður á það upp á sig og Morgunblaðið, að á hann skyldi vera minnzt hér. — Í Morgunblaðinu er þrásinnis ráðizt á okkur Framsóknarmenn fyrir að veita ekki meira fé en gert er til ýmsra verklegra framkvæmda, vega, brúa o. s. frv. Og í sömu blöðunum er Morgunblaðið að ráðast á stj. fyrir það, að eyðileggja ekki sæsímann hingað til lands, og kasta þannig bókstaflega í sjóinn öllum þeim peningum, sem búið er að leggja í það fyrirtæki. Með þeirri uppástungu braut Gísli Ólafson af sér við land sitt og stj., og sömuleiðis Íhaldsflokkurinn fyrir það að taka undir þessar till. hans. Ennfremur sést það af skjölum, sem geymd eru í stjórnarráðinu, að það var einmitt þessi sami maður, sem réð því, að rándýr lóð í miðbænum var keypt undir nýju símastöðina, þrátt fyrir það, að ríkið átti ágætar lóðir á Arnarhólstúni, sem auðvitað var sjálfsagt að nota. — Það skiptir engu máli, hvort maðurinn er dauður eða ekki; það verður að segja sannleikann um hann jafnt fyrir því, þegar tilefni gefst, þegar um alþjóðar málefni er að ræða. Íhaldið og blöð þess ávítuðu landsstj. fyrir það, að hún tók í taumana 1930, þegar Gísli Ólafson beitti sér af alefli fyrir því, að sæsíminn yrði lagður niður og tekið stórlán til að koma á talsambandi við útlönd. Íhaldið stendur varnarlaust í þessu máli. Það vildi þessa heimskulegu eyðslu, og reynir nú að fela sig á bak við dáinn mann. Það má einnig á það minna, að í vetur var gerður mikill hvellur út af væntanlegum talsímagjöldum og kallaður saman fundur til að mótmæla þeim gjöldum, sem heyrzt hafði um. En þegar það svo upplýstist á fundinum, að hér var um að ræða fyrirkomulag frá fyrrverandi landssímastjóra, þá datt allt í dúnalogn og hefir ekki heyrzt nefnt síðan. Þá sýndist ekkert athugavert við það, þegar till. um hina alltof dýru sjálfvirku stöð höfðu komið frá íhaldsmanni.

Þá kem ég að aðalatriðinu, því, hvor flokkurinn hafi farið betur með fjármálastjórnina og með meiri heiðri. — Um jafnaðarmenn tala ég ekki í þessu sambandi, því að þeir þvo hendur sínar og þykjast engu hafa nærri komið. Er því rétt að lofa þeim að vera utan við.

Þegar litið er á fjármálastjórn íhaldsins, þá er þar um líkt að segja, eins og hv. þm. G.-K. sagði um sinn atvinnuveg hér í gærkveldi, þar sem hann taldi hann mergsoginn og máttvana. Á árunum 1917—1922 voru þeir fjmrh. Björn Kristjánsson, Sig. Eggerz og Magnús Guðmundsson, núv. hv. 2. þm. Skagf. Þá var Jón Magnússon alltaf stjórnarforsetinn. En á þeim árum söfnuðust allt að 20 millj. kr. skuldir, sem eru uppistaðan að ríkisskuldunum. Og öllu þessu fé var varið í eyðslu, en ekkert varanlegt og gagnlegt var gert. Allt fór í botnlaust sukk. Þá í endalok þessa tímabils er það, sem Jón Magnússon réð Eggert Claessen að Íslandsbanka fyrir 40 þús. kr. árslaun. Þetta ásamt fleiru gaf tóninn um hin háu laun og þá miklu eyðslu, sem þeim urðu samfara. Verk þessara ára tala líka, en þau tala um þá óhófseyðslu sem þá átti sér stað. Þau tala til viðvörunar. Þegar svo Eggert Claessen er kominn að bankanum, þá þróast þau viðskipti, sem ég lýsti í gær, eða gaf sýnishorn af. Þá er Gísla Johnsen, Sæmundi Halldórssyni, Copland og fleirum þess háttar gæðingum íhaldsins haldið uppi á þann hátt, að það er hið glæfralegasta, sem hefir gerzt í okkar fjármálasögu. Þetta gerðist allt í tíð íhaldsins og er undirbúið af því. Og þó segir hv. 2. þm. Skagf., að stj. Tryggva Þórhallssonar beri ábyrgð á þessu. Og í sambandi við tapið á Seyðisfirði má geta þess, að Jón Þorláksson greiddi atkv. gegn því í bankaráði, að bróðir Stefáns Th. Jónssonar færi frá stjórn útibúsins þar, eftir að Svavar Guðmundsson var búinn að fara austur og komast að raun um, hvernig komið var.

Það hefir verið gert yfirlit yfir það, hvernig skuldum ríkissjóðs var varið 1927 og hvernig þeim er varið nú. 1927, þegar íhaldið skilaði af sér, voru skuldir ríkissjóðs samkv. landsreikningum milli 11 og 12 millj. En þar sem mikið af þeirri upphæð var í dönskum krónum, þá verða þetta nærri 13 millj. ísl. kr. Hér við bætast svo lán MG og veðdeildarlán JónsÞ, 16 millj. kr. Eru skuldir ríkissjóðs þannig, þegar íhaldið skilaði af sér 1927,

samtals ca. 29 millj. kr. Nú eru skuldir ríkissjóðs um 39 millj. kr. Skuldarauknig er því um 10 millj. kr. Þar af hafa bankarnir fengið:

Landsbankinn	3	millj.
Búnaðarbankinn	3.6	—
Útvegsbankinn	1.5	—
Síldarverksmiðjan	1.5	—
Samtals	9.6	millj.

Auðvitað hafa verið tekin lán, sem nema meir en skuldaraukningunni, 10 millj., en jafnframt hefir árlega verið borgað af gömlum skuldum, svo að mismunurinn er þessi.

Eins og sést, þá hafa stærstu upphæðirnar af skuldaaukningunni farið til bankanna, og það að mestu leyti fyrir þá óstjórn, sem hefir ríkt um stjórn hinna stærri fyrirtækja íhaldsmannanna. Það eru því tómar blekkingar að segja, að það sé Framsóknarflokkurinn, sem hafi stofnað til skuldanna.

Við skulum svo rétt líta á, hvernig þar stendur, sem íhaldið hefir öllu ráðið á þessum árum, svo sem eins og er í Vestmannaeyjum og Reykjavík. Hér var það nú svo í vetur, að bæjarstjórnin hér, þar sem íhaldið ræður með Knud Zimsen í fararbroddi, varð að fá leyfi ríkisstj. til þess að leggja nýtt aukaútsvar á, er nam 10% af aðalútsvörum, til þess að geta innt af hendi daglegar skyldur. Leyfið var veitt. Það var litið svo á, að ekki væri um annað að gera, þótt það hafi máske ekki verið rétt að gera það.

Bær, sem teljast vill til menntaðra bæja, verður að uppfylla ýms nauðsynleg skilyrði, sem setja á hann menningarbrag. Margt af þessu vantar enn hér í Reykjavík. T. d. hefir bærinn verið svo aumur, að hann hefir ekki getað lokið við að gera litinn baðklefa í Nýja barnaskólanum, auk heldur að hafa fullgert sundhöllina. Þannig er þá getan í Reykjavík, þar sem þó íhaldið hefir ávallt ráðið. Og þetta er í samræmi við harmagrát hv. þm. G.-K. hér í gærkveldi. Annar blær var á þeim hv. þm. við Þjórsárbrú 1927 á fundi þar. Þá sagði hann, að íhaldið í Reykjavík væri aflaklærnar, sem ættu að leggja peningana í ræktun landsins. En í gærkveldi var það sultardropinn, sem lak úr nefi hv. þm., er hann lýsti ástandinu hér. Hann sagði að skipin væru orðin gömul. Engir sjóðir væru til að bera hallann af útgerðinni og að gjaldþrot lægi fyrir henni við næstu áramót. Það eru nú 10 ár síðan ÓTh breiddi út faðminn og kallaði sig aflaklóna. En nú telur hann allt líf aflaklónna í kaldakoli og kveinar yfir því, hvernig þeir séu kúgaðir af sköttum í ríki Knud Zimsen. Hann hælir hv. 3. þm. Reykv. fyrir göfuglyndi í kaupgjaldsdeilum, en Morgunblaðið kvartar yfir því, að tillögur útgerðarinnar hafi verið hundsaðar af socialistum — En þó að þetta sé nú allt svart, þá eru þó ráð á að launa forstjóra útgerðarfélaganna sumra með 30—50 þús. kr. árslaunum. Og skipstjórarnir hafa stundum sín 40—50 þús. kr. Og útgerðarmannavillurnar í Vesturbænum kosta sumar fráleitt minna en 100—150 þús. kr. hver. Þetta hafa þessir fátæku menn byggt. — Sagan sannar, að það eru íhaldsmennirnir, sem með óhófi sínu og sukki hafa sett allt á hausinn, hvar sem þeir hafa ráðið. — Og verkafólkið á þaðan einskis góðs að vænta, enda þótt reynt sé þetta ár að halda kaupinu óbreyttu, meðan verið er að véla alþýðuna til þess að lyfta íhaldinu í aðstöðu til að ráða öllu hér á landi. —

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. vék að mér nokkrum orðum. Honum þótti ég lítið leggja til kreppumálanna og ekki lífvænlegt. — Sjálfur bar hann fram þá uppástungu, að ríkið tæki alla verzlun í sínar hendur!

Það er nú eins og þar stendur, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Það er sjálfsagt hin mikla fyrirmynd, síldareinkasala dómsmrh. og sócialista, sem hvetur til þessa bjargráðs. Ég mætti kannske minna á, að eftir þríggja ára starfsemi hefir „fyrirmyndinni“ tekizt að koma flestum skiptavinum á hausinn, og er svo sjálf farin sömu leið, og það svo eftirminnilega, að þótt sjómenn hefðu gefið alla sína vinnu í tvær vertíðir og útgerðarmenn lánað skip sín endurgjaldslaust, og greitt úr eigin vasa kol, salt, olíu, veiðarfæri og allan annan útgerðarkostnað, þá er hæpið, að nægt hefði til að vega „fyrirmyndina“ upp úr gjaldþrotafeninu. Ég er hræddur um, að verkalýðnum í landinu fari að líða mis-

munandi, þegar hann er búinn að búa svo sem eitt eða tvö ár í þessari Paradís þm. Seyðf. Og ég er ekki ósmeykur um, að þá fari nautunum og sauðunum að verða hætt. — Já, hv. þm. þarf ekki að gretta sig; ég átti við skepnurnar. (HG: Þær ferfættu?) Já, ferfættu skepnurnar. Nefnilega að hungrið yrði farið að sverfa svo mikið að almenningi, að gripið yrði til þess, sem ætilegt er í landinu.

Hæstv. fjmrh. sagði það ofmælt hjá mér, að ríkissjóður væri aumastur allra aumra. Það væri í sjálfu sér ánægjulegt, ef ég hefði verið of svartsýnn í fyrri ræðu minni. En það hefir þá verið í öðru en þessu. Ég þekki ekki annan mælikvarða á mátt ríkissjóðs en efnahag hans og lánstraust annarsvegar, en gjaldþol skattþegnanna hinsvegar. Hér í umr. hefir nú verið sýnt fram á, að skuldir ríkissjóðs hafi meira en tvöfaldast á fám hátekjuárum. Enginn veit betur en hv. fjmrh., að lánstraustið er a. m. k. að þrotum komið. Og enginn hefir vefengt, að gjaldþegnarnir eru hörmulega stæðir. Geta ríkissjóðs stendur því á fúnum og feysknum stoðum. Hin hlið málsins er svo sú, að ríkissjóður þarfnast 10—12, að ég nú ekki segi 13—14 millj. kr. árlegra tekna til að standast brýnustu þarfir. Mér sýnast þetta ekki glæsilegar horfur og sný ekki aftur með það, að ríkissjóður sé aumastur allra aumra. En úr því að hæstv. fjmrh. er á annari skoðun, þá ætti hann að rétta hinum bágstöddu atvinnuvegum hjálparhönd og létta af þeim sköttum. Þetta vill hæstv. ráðh. ekki gera, heldur vill hann fá nýja skatta frá þeim, sem hann telur aumari en ríkissjóð, og það er vitaskuld mikill misskilningur, að til séu nógir skattamöguleikar utan atvinnuveganna, eins og hann komst að orði. Allir skattar, hvort heldur af nauðsynjum eða óhófi, verða að greiðast af afrakstri atvinnulífsins eða eignum þjóðarinnar. Þetta verður hæstv. ráðh. að hafa hugfast.

Þá vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að hann má ekki leita afsökunar á fjárhag ríkissjóðs í þeirri staðreynd, að ríkissjóðir annara ríkja hafa ekki safnað sjóðum og að Reykjavíkurbær og einstaklingar hér í bænum hafa heldur ekki gert það. Tekjur íslenzka ríkissjóðsins hafa undanfarin 4 ár farið 35% fram úr áætlun. Mér er ekki kunnugt um, að neinn annar ríkissjóður hafi þau árin átt svipuðu láni að fagna. Reykjavíkurbær hefir haft minni tekjur en áætlað var, og væri þá eðlilegast, að bærinn hefði safnað skuldum, en ekki sjóðum. En um atvinnurekendur er það að segja, að í fyrsta lagi hefir árferðið verið þeim óhagstætt, þótt ríkissjóður hafi skóflað að sér fé, og í öðru lagi stoðar ekkert, þótt árferðið sé sæmilegt, því að bæjar- og ríkissjóður skipta bráðinni á milli sín. Atvinnurekendur geta því engum sjóðum safnað. Nei, hæstv. ráðh. verður að leita annað til sambærilegrar samlíkingar við fjárhag ríkissjóðs. — Hérlendis kem ég helzt auga á síldareinkasöluna. Hún hefir verið einráð um, hvað hún hefir skammtað viðskiptavinum sínum, og seilzt djúpt í vasa þeirra, rétt eins og ríkissjóður við skattþegnana. Hún hefir komið flestum sínum viðskiptavinum á hausinn, alveg eins og skattálögur ríkisins eru að setja atvinnulífið, og svo er hún loks sjálf gjaldþrota. Ríkissjóður er nú að vísu aðeins gjaldvana, en það er þá líka af því, að hann hefir herravald yfir öllum eignum skattþegnanna meðan eitthvað er eftir. Hæstv. ráðh. lét svo um mælt, að ef framkvæmdir ríkisins féllu niður, þá væri það þeirra sök, sem neita um skattana. Þessu verð ég harðlega að mótmæla. Er nokkurt vit í því, að ríkissjóður, sem eytt hefir 77 millj. kr. á 4 árum og nú kemur til þrautpíndra skattþegna og heimtar nýja skatta, að hann skuli kasta undirtektum sem þessum framan í þá, sem hlífa vilja borgurunum við frekari blóðtöku: Það eruð þið, sem berið ábyrgðina á því, að verklegar framkvæmdir í landinu falla niður. — Þetta eru dómsmálaráðherrarök. Nei, það eru svei mér þeir, sem búnir eru að eyða og sukka öllum sjóðum, bæði ríkis og einstaklinga, sem ábyrgðina bera, og skulu aldrei að eilífu komast undan henni. Hæstv. fjmrh. á ekki að vera að reyna að verja gerðir fyrirrennara sinna. Með því leiðist hann út á hálar brautir og getur orðið á að grípa til raka, sem hvorki eru honum samboðin né lík. Sjálfur hefir hann, að því er ég bezt veit, aldrei beitt ráðherravaldi sínu,

svo að hann þurfi að bera kinnroða fyrir. Sjálfan sig getur hann því varið, og það gerir hæstv. ráðh. vel. Hina á hann ekki að reyna að verja, því að það gerir hann illa, og getur enda ekki. Annars sýnir blærinn, sem er yfir þessum umr., ríkisstj. okkar rétt eins og hún er. Við sjálfstæðismenn höfum borið fram þunga ádeilu á stj. Við höfum engin svör fengið hjá hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. Hv. 2. þm. Skagf. bar fram mjög ýtarlega og vel rökstudda ádeilu á stj. út af fjármálunum. Þá svarar hæstv. forsrh. með ræðu um eðli og einkenni málfærslumannastéttarinnar, svo útbelgdri af glamri, að þar komust engar upplýsingar fyrir. Það má heita, að hann bæri ekki við að hrekja einn einasta lið í ræðu hv. 2. þm. Skagf. Og hitt er brot á öllu velsæmi og langt fyrir neðan virðingu Alþingis, að þegar sjálfur dómsmrh. er ákærður fyrir stórfellda misnotkun ríkisfjár, og þar á meðal sjálfum sér og vinum sínum til ánægju og framdráttar, þá svarar hann þessum þungu ásökunum með vaðli um töp bankans á einstökum kaupsýslumönnum. Eða þegar **þessi** maður er að fjargviðrast yfir því, að einhver annar hafi haft 40 þús. kr. árslaun og með því verið „dýrasti maður landsins" og „skapað dýrtíðina í Reykjavík", **þessi maður**, sem sjálfur hefir tekið árlega úr ríkissjóði minnst 100 þús. kr. til eigin þarfa, að því ógleymdu, að það er ekki minna en 10—12 millj. kr. af ríkisfé, sem hann hefir síðustu 4—5 árin sóað í lítt þörf og alóþörf fyrirtæki. Ríkissjóður væri nú a. m. k. þessum milljónum betur staddur, ef meðalgreindur og ráðvandur maður hefði setið í stöðu hans þessi árin. Að ég ekki tek duglega í þennan ráðh. er af því, að mér sýnist, að kreppan, sem allir eru að tala um, að hafi lagzt eins og mara á alla þjóðina, hafi lagzt óvenjuþungt á hann, þyngra en á nokkurn annan af þegnum þjóðfélagsins. Að honum kreppir nefnilega ekki eingöngu fátækt ríkissjóðs, heldur kannske ennþá meira fastheldni hæstv. fjmrh. Þeirra viðskipti munu nú hafa byrjað þannig, að skömmu eftir að nýja stj. settist á laggirnar, ætlaði hæstv. dómsmrh. að kaupa sér flunkurnýjan og logagyltan luxusbíl. En sem von var, þá var bíllinn nokkuð dýr. Er bezt að segja þessa sögu sem skemmsta. Hæstv. fjmrh. neitaði að borga luxusbílinn, og seljandinn mátti senda hann aftur. Upp úr þessu tók hæstv. fjmrh. ósköp kurteislega dómsmrh. sér við hönd og leiddi hann út úr fjárhirzlu ríkisins, þar sem hann hafði verið heimagangur í mörg ár, fór með hann út í horn og settist þar á hann. Þar sýnist svo kreppan hafa tekið við honum og fært hann út af stjórnmálasviðinu. Víst er um það, að þegar rædd eru hin alvarlegu málin, þá spyr enginn um álit hæstv. dómsmrh.

Svör ríkisstj. til okkar sjálfstæðismanna eru vítaverðari fyrir það, að við höfum einmitt hlíft stj. við ádeilum um flest nema stærstu málin. Við höfum svo að segja ekki drepið á hlutdrægni stj. né siðlausar ofsóknir hennar og ódrenglyndi í garð andstæðinganna, eða brot hennar á skráðum og óskráðum lögum landsins. Þetta höfum við þó ekki gert af því, að við séum sammála hæstv. forsrh. um, að ekki megi minnast á eldri syndir en frá síðustu kosningum á þessum eldhúsdegi. Ég get sagt hæstv. forsrh., að það er venja utan stjórnmálalífsins, að bófar eru hengdir fyrir 20 ára gamla glæpi, ef til þeirra næst. Og guðsmanninn minni ég á það, að hann verður að iðrast vel og rækilega, ef hann ætlar ekki að taka afbrotin með sér í gröfina. — Svona seint fyrnast nú þær skuldir.

Nei, það var ekki af þessum ástæðum, að við höfum verið hlífnir við stj., heldur af hinu, að með því að ræða eingöngu stóru málin, ætluðum við að knýja stj. til þess að gera annað tveggja að svara og játa yfirsjón sína, eða að svara ekki og verða alveg ber að því að standa varnarlaus. Hið síðara hefir orðið, og það vona ég, að allir hv. áheyrendur skilji.

Í þeirri ræðu, sem ég hélt hér í hv. d. í gær, sýndi ég fram á, hversu bágur er fjárhagur ríkissjóðs, og að atvinnulíf í landinu er að falla í rústir. Jafnframt grúfir margvísleg utan að komandi hætta yfir íslenzku þjóðlífi. Sumpart er þetta fyrir beinan tilverknað Framsóknarstj., en sumpart er henni alls ekki treystandi til að afstýra voðanum.

Það er vitaskuld skylda allra ábyrgra

manna, að neyta sameiginlegra átaka til viðhalds og viðreisnar íslenzku þjóðlífi, en til þess að nauðsynlegt samstarf geti hafizt milli flokkanna, er a. m. k. það tvennt nauðsynlegt: Að Framsóknarflokkurinn láti niður falla allar tilraunir til að halda augljósustu mannréttindum fyrir stórum meiri hl. þjóðarinnar, og að öll völd séu tekin úr höndum þeirra manna, sem nær öll þjóðin og mikill meiri hl. Alþingis fyrir löngu hefir misst allt traust á, vegna skorts þeirra á hagnýtum gáfum og þekkingu, og sakir áberandi, sívaxandi og óþolandi skapbrests þeirra. Sé Framsóknarflokkurinn ófús á að verða við svo sanngjörnum óskum, þá er það af því, að hann vill vitandi vits traðka á þjóðarviljanum. Þá er það af því, að hann vill misbjóða virðingu þeirra þingfulltrúa, sem fara með umboð tveggja þriðju hluta þjóðarinnar. Þá er það af því, að hann vill heldur sitja á rústunum, meðan sætt er, en þiggja útrétta hönd þeirra, sem vilja reyna að reisa úr rústunum. Þá er það af því, að Framsóknarfl. vill ekki með samstarfi við aðra flokka tryggja þjóðinni þá vitsmuni, þekkingu og góðvild, sem föng eru á, enda þótt langflestir af þm. flokksins viti það vel, að með því einu móti er von til að brynja þjóðina, svo að hún fái varizt aðsteðjandi atlögum.

Vilji Framsóknarfl. þetta ekki, er eftir eitt, og eingöngu eitt úrræði, nefnilega, að hinir flokkarnir grípi til sinna ráða án Framsóknarflokksins, og þá leið verður þá að fara.

Úr því að svo hittist á, að eldhúsdagurinn er í íslenzku vikunni, einmitt um þær mundir, þegar allir ísl. framleiðendur eru að keppast við að tjalda því bezta, hver á sínu sviði, og sanna, að þeir þoli samanburð við útlenda keppinauta, þá vil ég nú beina þeirri áskorun til Framsóknarmanna þingsins, að þeir taki þátt í þeirri samkeppni, og sýni þjóðinni þá skárstu eða beztu stj., sem þeir geta framleitt. Ég lýsti því áliti mínu, að Framsókn eigi innan sinna vébanda svo nýta og heiðarlega menn, að ég tel víst, að þeir geti með því að aðhyllast réttláta lausn kjördæmamálsins tryggt sér góða samvinnu við aðra flokka til úrlausnar erfiðustu viðfangsefnunum. Slík stj. myndi, miðað við fyrri framleiðslu flokksins, verða skoðuð vottur mikilla framfara í þeirri iðngrein, og yrði vafalaust talin mesta gersemi íslenzku vikunnar.

Ég læt þá máli mínu lokið með því loforði til hv. flokksbræðra minna meðal áheyrenda, að við þm. Sjálfstæðisflokksins munum jafnan fylgja fast fram öllum stefnu- og áhugamálum flokksins, ekki sízt kjördæmamálinu. Við munum jafnan leitast við að gera skyldu okkar, þar á meðal setja jafnan þjóðarhagsmuni yfir flokkshagsmuni.

Haraldur Guðmundsson: Háttv. 4. þm. Reykv. flutti nokkur þakkarorð í síðustu ræðu sinni hér. Hann var að þakka mér fyrir það, að ég hefði líkt hans flokki við góða bróðurinn Abel. Var hann svo að mælast til þess, að sá flokkur, sem ég er í, legði frekar lag sitt við góða bróðurinn heldur en Kain, sem hann taldi vera Framsóknarflokkinn. Ég var nú ekki beint að óska þess, að Kain yrði banamaður Abels í þessu tilfelli. En ekki myndi ég gráta það, þótt báðir bræðurnir, Kain og Abel gengi hvor af öðrum dauðum. Ég held, að það væri heppileg lausn á þeim bræðravígum, sem hér eru háð, — þjóðinni heppilegust. Það leggst líka svo í mig, að ekki verði þess langt að bíða, að flokkarnir báðir skipti um nöfn. Annars gefur þetta mér tilefni til að segja til bræðranna beggja fyrir hönd Alþýðuflokksins: Við studdum Framsóknarflokkinn með hlutleysi meðan hann sýndi vilja og viðleitni í þá átt, að koma fram umbótalöggjöf og áhugamálum verkalýðsins. Þegar Framsókn hætti því, snerumst við gegn henni. Vilji Íhaldsflokkurinn hjálpa okkur að leiðrétta kjördæmaskipunina, viljum við Alþflm. gjarna vinna með honum að því.

Þegar sú hugarfarsbreyting varð á Sjálfstæðisflokknum, að hann hneigðist að réttlátri kjördæmaskipun og varð með því að koma í framkvæmd virkjun Sogsins, þá vildum við jafnaðarmenn vinna að heppilegri lausn þessara mála með Sjálfstæðisflokknum. Við lítum svo á, Alþýðuflokksmenn, að sjálfsagt sé fyrir okkur að nota eftir getu ósamkomulag bræðranna til að koma fram áhugamálum okkar flokks. Við viljum nota

til skiptis stuðning þeirra, stuðning Framsóknar til að koma fram þessu málinu, en Íhaldsins til að koma fram hinu. Og við vonum, að þetta lánist okkur svo lengi, að bræðravígin standi svo lengi, að báðir bræðurnir, Kain og Abel, láti líf sitt, að báðir þessir flokkar hverfi úr sögunni.

En í sambandi við ummæli hv. 4. þm. Reykv., vil ég taka það fram, að þar sem hann kvað svo að orði, að við jafnaðarmenn hefðum nú fallizt á, að gömlu kjördæmin skuli haldast, að þetta er ekki rétt. Fulltrúi jafnaðarmanna í mþn. í kjördæmaskipunarmálinu lýsti yfir því, að ef fulltrúar beggja hinna flokkanna kæmu sér saman um þetta skipulag, þá mundi hann fyrir sitt leyti sætta sig við það, að því til skildu, að uppbótarsæti yrðu veitt eftir þörfum, til þess að jafna flokkslegt misrétti, eins og till. sjálfstæðismanna benda til. Þetta er það eina, sem af okkur hefir verið uppi látið í þessu máli, og ekki meira. En það er áfram okkar skoðun, að með því sé bezt tryggt jafnrétti allra kjósenda, hvar sem þeir búa á landinu, að viðhafðar séu hlutfallskosningar, annað hvort í fáum, stórum kjördæmum, eða um land allt í einu lagi, svipað og landskjör er nú.

Þá þykir mér rétt að vekja athygli hv. dm. og annara tilheyrenda á niðurlagi ræðu þess, sem síðast talaði hér á undan mér, hv. þm. G.-K. Hann fór þar miklum hrósyrðum um ýmsa menn í Framsóknarflokknum; hann talaði um þá sem víðsýna, menntaða, starfhæfa og góða menn, sem áreiðanlega gætu náð samvinnu við hvaða flokk, sem væri. Yfirleitt talaði hann eins og samvinnuhugurinn og bróðurhugurinn væri mikill milli sjálfstæðismanna og þessara ýmsu manna úr Framsóknarflokknum. Mér kæmi nú ekki á óvart, þótt eitthvað af þessum fagurmælum hefði sérstaklega beinzt að sæti einu hérna vinstra megin við mig, nefnilega til hæstv. fjmrh., og svo nokkurra annara flokksmanna hans, sem standa í nánu vinfengi við Sjálfstæðisflokkinn. Þetta minnir mig á ummæli, sem sami hv. þm. hafði á s. l. sumri, þegar Framsóknarstj. var fagnað hér í hv. d. Hann kvað svo að orði, að undir þeim kringumstæðum, sem þá væri, mundi enginn flokkur hafa látið undir höfuð leggjast að leita samvinnu við aðra flokka, og jafnvel gefið kost á því að mynda samsteypustjórn. Mér þykir rétt að benda á þessi ummæli hv. þm., því að hann var með þeim í raun og veru að bjóða Framsóknarflokknum að lána honum mann í ríkisstj., eða þá að Framsóknarflokkurinn fengi honum að láni einhvern af þessum spöku, menntuðu og góðu mönnum, sem hann var að lýsa, í nýja ríkisstjórn úr hans flokki í stað annara.

Þá vil ég aðeins drepa nokkrum orðum á síldareinkasöluna. Það hlakkaði nú að vonum mjög í hv. þm. G.-K. yfir því, að síldareinkasalan skyldi vera farin á hausinn. Honum var hún frá upphafi sár þyrnir í augum, og hann óskaði henni alls ills. En að þar með sé kveðinn upp dómur um það, hvort það eigi að vera skipulagslaus verzlun eða skipulögð verzlun með síld, það er fjarri öllum sanni. Það er vitað, að aragrúi útgerðarfyrirtækja, verzlana og einstaklingsfyrirtækja yfirleitt, fer á hausinn ár hvert. Vill þá hv. þm. halda því fram, að allur einstaklingsrekstur sé fyrir þessar sakir fordæmanlegur? Ég hafði búizt við, að ýmsir aðrir mundu kveða þann dóm upp, en ekki þessi hv. þm. En eigi að byggja á dómi hans um síldareinkasöluna, þá er þessi dómur um einkafyrirtækin líka frá hans sjónarmiði réttur.

Ég veit, að stjórn síldareinkasölunnar hefir gert ýms afglöp á s. l. ári; mér dettur ekki í hug að neita því; það vita allir. Aðalafglöpin eru fólgin í því, að það var saltað miklu meira af síld en hæfilegt var að framleiða. Svo voru ýms önnur mistök, eins og t. d. skemmdir í síldinni, o. fl. En meginástæðan til þess að síldareinkasalan fór á hausinn var þó ekki innifalin í glópsku stjórnar hennar. Megin ástæðan er sú, að við höfum girt okkur með heimskulegri og þröngsýnni fiskveiðalöggjöf, sem hefir kennt erlendum þjóðum að bjarga sér utan landhelgi, kennt þeim að veiða síld fyrir utan landhelgi og að verka síld fyrir utan landhelgi, svo að við fáum nú við ekkert ráðið. Þetta kemur bezt í ljós, þegar við athugum það, að það sem saltað var af síld veiddri við Íslandsstrendur umfram

það, sem talið er að markaðurinn þoli, var eins mikið og allt það, sem saltað var innanlands. Það voru saltaðar alls um 500—550 þús. tn. af Íslandsveiddri síld á s. l. sumri. Þetta er talið um 200 þús. tunnum meira en markaðurinn þolir. En 200 þús. tn. var einmitt það, sem síldareinkasalan saltaði á s. l. sumri. Nú erum við aftur ofurseldir valdi erlendra manna í síldveiðunum og höfum nú enga tryggingu fyrir því, að verkalýðurinn, sem þennan atvinnuveg stundar, fái nokkuð fyrir vinnu sína fremur en svo oft áður, nema Alþ. geri nú einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja þetta, t. d. með því að samþ. lög um lögveð í síldinni fyrir verkamenn og sjómenn.

Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. vilja gera okkur jafnaðarmenn samábyrga sér, — eins og þeir mundu kalla það —, um eyðslu undanfarinna ára. Nú fer því mjög fjarri, að ég vilji fara að punta mig með sparnaði; til þess skal ég verða síðastur manna. En það er þó bezt, að rétt og satt sé sagt frá, og því vil ég leiðrétta þetta hjá hæstv. ráðh. (TrÞ og ÁÁ). Hæstv. forsrh. tók það fram, að öll þjóðin hefði heimtað meiri framfarir á öllum sviðum. Þetta er laukrétt hjá hæstv. ráðh. Það hefir sýnt sig á fjárl., að þessar kröfur hafa farið vaxandi á hverju ári. Þar er það ákveðið, hvað fara skuli til verklegra framkvæmda, hvað til vega, hvað til brúa, hvað til síma o. s. frv., og við berum ábyrgð á hverri gr. fjárl., sem við höfum greitt atkv. með. Og við munum fúsir taka þá ábyrgð á okkur. En hæstv. forsrh., og engu síður hæstv. fjmrh., er vel kunnugt um það, að umfram framkvæmdir þær, sem ákveðnar hafa verið í fjárl., hefir verið eytt hvorki meira né minna en 16½ millj. kr. af tekjum ríkissjóðs, auk þeirra lána, sem tekin hafa verið. Það eru þessar umframgreiðslur, sem við jafnaðarmenn vítum. Við vítum hvorttveggja, sjálfræði stj., sem eyðir fé án þingheimilda, og líka hið gífurlega fyrirhyggjuleysi, sem lýsir sér í þessari eyðslu. Við lítum svo á, að þær skyldur hvíli á hverri ríkisstj., að nota verklegar framkvæmdir ríkisins til þess að jafna vinnuna frá ári til árs með því að leggja nokkurn hluta óvenjulegra tekna góðæra í sjóð og verja þeim svo til aukinna framkvæmda ríkissjóðs í illærum. Þess vegna neita ég því algerlega, að við jafnaðarmenn eigum nokkurn þátt í þeirri eyðslu, sem ekki er bundin í fjárl. eða öðrum lögum, sem við höfum greitt atkv. Og ég verð að segja það, að mér þykir það smámannlegt af hæstv. ráðherrum að vera að reyna að koma sökinni á aðra af þessu.

En ofan á þessa gegndarlausu eyðslu bætist svo það, að strax og harðnar í ári, þá stendur stj. uppi úrræðalaus, kveinar og kvartar, ber sér á brjóst og krossar sig, — að svo miklu leyti, sem hún er það ekki fyrir —, og segist ekkert geta fyrir peningaleysi og heimtar allt niðurskorið, sem til umbóta horfir. Það er örskammt öfganna á milli, milli heimskulegrar eyðslu og háskalegs „sparnaðar". Stj. státar af því, að hún hafi fengið mann til að rannsaka, hvað mikill sé verzlunarkostnaðurinn í Reykjavík. Maðurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að hann sé einhversstaðar á mill 13 og 14 millj. kr., en tilsvarandi kostnaður á öllu landinu mun þá nema nálægt 25—28 millj. kr., miðað við bæði erlendar og innlendar vörur. Við þetta lætur nú stj. sitja. Henni dettur ekki í hug, að neitt beri að gera til þess að draga úr þessum gífurlega kostnaði. Hún vill ekki minnstu tilraun til þess gera. Henni dettur ekki í hug, að reyna á neinn hátt að lagfæra verzlunina, þrátt fyrir þessa skýrslu, sem hún sjálf hefir látið semja, heldur vill láta hana halda áfram að vera í höndum þeirra, sem skýrslan segir, að reki verzlunina af svo mikilli hagsýni, sem skýrslan segir. En meðan heimskreppan þjakar, ber hún fram hvert frv. af öðru um nýjar skattaálögur á þá, sem ekkert eiga og enga atvinnu hafa. Meðan hún gerir ekki annað að til hagsbóta fyrir alþýðu þessa lands, er henni eins gott að láta vera að leita samninga við okkur jafnaðarmenn til að sjá ríkissjóðnum fyrir fé.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. áheyrendur! Það er nú komið að hinni síðustu umferð, sem ég get tekið þátt í, í þessum umr., og það er ekki nema ein umferð eftir, svo að andstæðingarnir, langflestir, eiga ekki kost á að

svara aftur. Ég mun þó nota tíma minn til að tína upp nokkur einstök atriði og víkja fáeinum orðum að þeim hv. þm., sem hafa yrt á mig, og gera nokkrar aths. við það, sem þessir hv. þm. hafa sagt. Þær ræður eru nokkurt sýnishorn af bardagaaðferð og vopnaburði þessara hv. þm. Ég mun þó telja mér skylt að haga orðum mínum hóglega, þar sem þeir geta ekki tekið aftur til máls og svarað fyrir sig. Ég get ekki minnzt á margt, þar sem tilhögunin á þessum umræðum er ekki eins og ég álít að hún ætti að vera, þar sem andstæðingunum er gefinn helmingi lengri tími en stj.

Um ræðu hv. þm. G.-K. vil ég segja tvennt. Annarsvegar það, að hann talaði um glamur í minni ræðu, þar sem ég talaði um verkfall og samúðarverkfall. Það getur vel verið, að það hafi verið glamur; ég skal engan dóm á það leggja, en legg það glaður undir dóm áheyrendanna. En hv. þm. G.-K. fær líka sinn dóm, og ég legg það glaður undir dóm áheyrendanna, hvort það var minna glamur í hans ræðu en minni, og ég hygg, að þeir verði ekki færri, sem álíta, að það hafi verið lítið um annað en glamur í hans ræðu.

Það var eitt eftirtektarvert í ræðu hv. þm. G.-K.; það voru orðin, sem hann sagði síðast. Hann sagði: „Jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn munu grípa til sinna ráða". Ég vil biðja landslýðinn að athuga vel þessi ummæli. Eru þau svar við beiðni hv. 3. þm. Reykv., formanns Verkamálaráðs Íslands, um samúðarverkfall?

Hv. 3. þm. Reykv. skal fá þann vitnisburð hjá mér, að hann er langhreinskilnastur allra hv. þm. í sínum ræðum. Í sinni fyrstu ræðu kom hann með verkfallshótun og beiðni um samúðarverkfall. Og þegar hann svaraði, stóð hann við það orði til orðs, sem hann sagði í sinni fyrstu ræðu; hann tók ekkert aftur af því síðar, heldur bætti við það í fullri hreinskilni. Hv. 3. þm. Reykv. gekk lengra; hann gerði aðra játningu. Hann sagði skýlaust: „Alþýðuflokkurinn ber enga ábyrgð á stjórnarfarinu og afgreiðslu á löggjöf landsins. Það þýðir ekki að tala við okkur um ábyrgðartilfinningu". Ég vona að allir taki eftir þessu. Þetta er virðingarverð hreinskilni. Fulltrúar verkamannanna á Alþ. telja sig ekki hafa neina ábyrgð á því, sem gerist á Alþ. Það verður langur hali á þeim ályktunum, sem draga má út af þessum orðum hv. þm. Hann verður oft minntur á þau. Ég endurtek það, að það var meiri hreinskilni í ræðu hv. 3. þm. Reykv. en nokkurs annars þm., og að hann er miklu hreinskilnari en flokksbróðir hans, hv. þm. Seyðf., sem vildi kasta ábyrgðinni að meira eða minna leyti af sér yfir á okkur.

Hv. 4. þm. Reykv. var ekki eins hreinskilinn og hv. 3. þm. Reykv. og sýndi miklu minni heilindi í sinni ræðu. Hann neitaði því, eins og hv. 2. þm. Skagf., að sjálfstæðismenn hafi viljað og vilji enn leggja niður kjördæmin. Þetta segir hann, þótt það sé vitað, að þeir voru reiðubúnir til þess í fyrra, og þótt því sé yfirlýst nú í áliti meiri hlutans í stjskrn. Þetta segir hann, þótt það viti allur landslýður, að fulltrúar sjálfstæðismanna í kjördæman. hafa lýst sig reiðubúna nú að ganga inn á varatill. hv. 2. landsk.

Hv. 4. þm. Reykv. vill neita því, að Framsóknarflokkurinn hafi unnið kosningasigur 1931, og hv. 2. þm. Skagf. neitar þessu líka. Þó veit það allur landslýður, að Framsóknarflokkurinn bætti við sig fleiri atkv. en nokkur annar flokkur, þegar það er borið saman við atkvæðatölur flokkanna við undanfarandi kosningar, bæði næstu kosningar á undan þeim síðustu, og þó sérstaklega kosningarnar þar á undan. Ennfremur dró hv. 4. þm. Reykv. dár að mér fyrir það, að ég hefði sagt, að ég legði óhræddur þetta mál undir dóm þjóðarinnar. Ég vil minna hv. þm. á, að við framsóknarmenn getum þar úr flokki talað. Ef við tökum þær 4 almennar kosningar, sem fram hafa farið síðan Framsóknarflokkurinn hóf starf sitt, þá sést það, að við hverjar nýjar kosningar hefir hann bætt við sig atkv. Hann hefir vaxið jafnt og þétt, meira en nokkur annar flokkur, en mest við kosningarnar í sumar. En flokkur hv. 4. þm. Reykv., sem gengið hefir til þessara 4 fyrirfarandi kosninga undir 4 nöfnum, hefir sömu sögu að segja, því hver för hefir verið fyrir honum samfelld breyting í sömu stefnu, þegar hann hefir skot-

ið málum til þjóðarinnar, því að kosningafylgi hans hefir alltaf minnkað í sama hlutfalli og á sama stigi og fylgi Framsóknarflokksins hefir vaxið.

Hv. þm. Seyðf. sýndi ekki minni óheilindi í sinni ræðu, og var ekki eftirbátur hv. 2. þm. Skagf. í málaflutningnum, þótt hann hafi ekki málaflutningsstörf að atvinnu. Hann sagði, að stj. hefði ekkert gert í kjöttollsmálinu. Því hefir nú hæstv. fjmrh. svarað. Hann sagði líka, að stj. hefði ekkert gert um viðskipti út á við. Hæstv. fjmrh. hefir líka svarað því. Viðvíkjandi viðskiptunum við England vil ég þó geta þess, að stj. hefir sent þangað Svein Björnsson sendiherra. Viðvíkjandi viðskiptunum við Spán vil ég segja það, að um þau fer nú fram sérstök athugun. Viðvíkjandi viðskiptunum við Þýzkaland, þá er það kunnugt, að stj. sendi þangað hv. þm. Vestm., Jóhann Jósefsson, og að sú för hefir þegar borið árangur í þá átt, að liðka til um viðskipti við Þjóðverja. Og viðvíkjandi viðskiptunum við Noreg, þá sendi stj. þangað þá Bjarna Ásgeirsson og Svein Björnsson. Og svo segir hv. þm. Seyðf., að stj. hafi ekkert gert í þessum málum.

Hv. þm. Seyðf. ásakaði okkur fyrir, framsóknarmenn, að við skulum ekki leggja fram nál. í kjördæmamálinu. En liggur það fyrir frá hv. 2. landsk.? Nei, hann er heldur ekki búinn að skila nál. Hann ásakar okkur fyrir, að landsreikningurinn skuli ekki vera kominn. En það upplýstist af hæstv. fjmrh., að honum var boðið að sjá hann, en hann hefir ekki nennt að ganga upp í prentsmiðju eftir honum.

Hv. þm. Seyðf. spyr: Hvað ætlar stj. sér að gera í því að leggja vegi? Hvað ætlar hún að gera í því að byggja brýr? Hvað ætlar hún að gera í því að leggja síma? Hvað ætlar hún að gera í því að sjá um atvinnubætur? Þetta virðist ofur einfalt, að spyrja um, hvað stj. ætli að gera í þessum eða hinum framkvæmdum, jafnframt því, sem hann yfirlýsir með hv. 3. þm. Reykv., að hann ætli enga peninga að láta stj. fá til neins. Jafnframt því, sem hann neitar að framlengja gamla skatta og að leggja á nýja skatta, heimtar hann allt til allra þarfa út um allt land.

Loks sagði hv. þm. Seyðf.: „Það sat ekki á hæstv. forsrh. að tala um verkfall. Stj. hefir sjálf gert verkfall". Og það var mikill fjálgleikur og hreinleikur í tóninum. Hann sagði, að hér hefði verið samþ. till. í fyrra um að gera ráðstafanir til að lækka dýrtíðina, og að stj. hefði ekkert sinnt því máli. Og þó viðurkenndi hann, að hún hefði látið gera merkilega skýrslu um verzlunarkostnaðinn í Reykjavík, og auðvitað verður tekið tillit til hennar við afgreiðslu fjárl. Og svo segir hann að stj. hafi gert verkfall í sambandi við þessa till. Hann skákar hér auðsjáanlega í því skjólinu, að þm. séu svo minnislausir, að þeir muni ekki, hvað gerðist, þegar þessi till. var lögð fram hér í fyrra. En ég hefi hér þingtíðindin frá í fyrra, og þau sýna afstöðu hv. jafnaðarmanna til till. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um till. fyrir hönd flokks síns. Hann sagði: „Við jafnaðarmenn álítum þessa þáltill. þarflausa". Svo stendur þessi sami hv. 3. þm. Reykv. upp og hellir sér yfir stj. fyrir að hafa ekki framkvæmt till. En allir hv. þm. jafnaðarmanna neituðu að greiða atkv. um till. Þeir gerðu verkfall. Svo ásakar hv. þm. Seyðf. okkur fyrir það, sem við gerðum í sambandi við till. Þetta kastar nú ljósi yfir heilindin í þessu máli.

En mestu óheilindin hjá hv. stjórnarandstæðingum eru þó í sambandi við umframgreiðslurnar. Ég gat um í dag fjölda marga liði, um milljónir, tugi milljóna, sem allir höfðu staðið í fjárl. En til viðbótar því, sem ég nefndi í dag, hefi ég nú lista fyrir mér um umframgreiðslur, fyrir utan allar milljónirnar, sem allir þm. samþykktu, og fyrir utan skipanir þingsins, og auk hinna sérstöku laga. Þetta eru aðeins nokkrir liðir, sem ég nú vil lesa:

1. Vextir og afborganir	kr.	1055000.00
2. Alþingi	—	143000.00
3. Landsspítali	—	851000.00
4. 13. gr. Vegir, brýr, sími (framfaraverk)	—	3388000.00
5. Jarðræktarlögin	—	522000.00
6. Berklastyrkur	—	658000.00
7. Endurgreiddir tollar .	—	229000.00
8. Skyldugreiðslur skv. 23. gr., sem ekki eru taldar í jöfnuði fjárl.	—	1247000.00

9. Alþingishátíðin ..... — 924000.00
10. Þingsályktanir ..... — 88000.00

Samtals kr. 9105000.00

Þetta eru allt umframgreiðslur og skyldugreiðslur, sem eru utan við og fram yfir jöfnuð fjárl., fyrir utan allt það, sem greitt er samkvæmt sérstökum lögum; þetta eru tölur, sem nema yfir 9 millj. kr. Ég nefni þetta sérstaklega til viðbótar því, sem ég hefi áður sagt um samábyrgð flokkanna.

Út frá blekkingum hv. andstæðinga um þessar umframgreiðslur vil ég allra síðast segja þetta um landsreikninginn 1930, að það, sem mest er að marka, það, sem gefur bezta myndina af gjöldum ríkissjóðsins, er rekstrarreikningurinn fyrir 1930, sem ég held nú á í höndunum og færður er eins og lögin um ríkisbókhald og endurskoðun skipa fyrir um. Samkv. honum eru gjöldin 16716551 kr., og þar af er tekjuafgangur 464903 kr. Þetta minni ég á til viðbótar því, sem ég hefi áður sagt.

Ég get ekki sagt fleira nú. Hæstv. forseti rekur á eftir mér. Tími minn er liðinn. Ég vil því þakka öllum áheyrendum og árna þeim allra heilla.

Góðar nætur!

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það líður nú senn að miðnætti, enda er nú að byrja síðasta umferðin í umræðunum á þessum eldhúsdegi, og ég tala síðastur af hálfu míns flokks. Vil ég þá víkja ofurlítið að því, sem hefir verið nefnt síðan ég talaði seinast.

Hæstv. fjmrh. sneri út úr því, sem ég sagði, í svari sínu, og var þess að vænta, því að ef hann hefði ekki gert það, hygg ég, að við hefðum verið sammála. Hann sagði, að ég hefði litið svo á, að stj. gæti komið í veg fyrir kreppu. Ég sagði aldrei neitt slíkt. Ég tók það skýrt fram, að kreppan væri eins og hvert annað sameiginlegt böl heimsins. Mér dettur ekki í hug, að það sé frekar hægt fyrir stj. íslenzku að koma í veg fyrir heimskreppu en t. d. bændur að koma í veg fyrir, að það komi harður vetur. En það, sem ég hefi sagt, er það, að það hefði verið hægt fyrir ríkisstj. að búa í haginn fyrir okkur, svo að kreppan hefði ekki skollið eins þungt á okkur. En hæstv. ráðh. reyndi náttúrlega að verja stj., og hann sagði, að ef þeir væri amlóðar, — sem ég sagði nú ekki —, þá mætti segja það sama um alla stjórnendur um alla veröldina. Þetta er nú náttúrlega ónákvæmni, að ég ekki segi meira. Ég er viss um það, að kreppan sverfur víða ekki eins fast að og hér. En auk þess þekki ég enga ríkisstj. í heiminum, sem hefir haft aðra eins aðstöðu til þess að búast við kreppunni og íslenzka stj. Ég býst við, að það hafi hvergi hagað svo til, að það hafi verið mokað eins geipilega miklum tekjum umfram áætlanir inn í ríkissjóðinn eins og hér. Það mætti sjálfsagt líkja því, sem þar hefir átt sér stað, við aðstöðu Reykjavíkur og annara bæja, sem ekki hafa haft neinar tekjur umfram áætlaðar, og kannske varla þær.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði dregið dár að því að bera mál undir kjósendur. Það hefi ég nú ekki gert. En úr því að hann kom að þessu, þá get ég gjarna sagt það, að ég tel það ákaflega ófullkomið málskot, að skjóta til þess dómstóls, þar sem ⅓ getur borið ⅔ dómaranna ofurliði. Ég vil bjóða hæstv. forsrh., að bera þetta kosningamál undir þjóðaratkvæði, en ég vil ekki gera það á þann hátt, að ⅓ ráði úrslitunum. Það kalla ég ekkert dómskot. Ég vil, að málinu sé skotið undir dóm þjóðarinnar, og það komi í ljós, hvort fleiri eru með eða móti. En að bera það undir þjóðina á þann hátt, að ⅓ eða minna ráði úrslitum, það er ekkert dómskot. Þá væri ástæða til að koma að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Það voru ýms atriði í ræðu hans, sem væri ástæða til að athuga, ef ekki væri svo liðið á kvöldið og ræðutímann. Það var gaman að heyra skýringar hans á þessu óskiljanlega fyrirbrigði, að embættismanni væri borguð hærri laun en lögákveðið er. Nú er það komið upp úr kafinu, að hæstv. dómsmrh. virðist ætla að fara að setja nýja grein í fjárlögin, nefnilega herkostnað. Það sem Sigvalda Kaldalóns var borgað fram yfir var herkostnaður í stríðinu milli læknanna og þjóðarinnar. Eins ætlar hann að telja mönnum trú um það, að þegar læknir kemur heim til hæstv. ráðh. og segir þau orð, sem hon-

um líkar illa og er hræddur við, að þjóðin sé að berjast við læknana. Þetta er óðs manns æði.

Stjórnarblaðið Tíminn var líka nýlega að tala um herkostnað. Ég veit ekki, hvaða stríð stj. ætlar í. Þá minntist hæstv. dómsmrh. því miður á Gísla heitinn Ólafson. Ég hélt, að hann hefði fengið þá ráðningu, að hann hefði séð, að missmíði var á því, sem hann talaði. En það er ekki svo að sjá. Það eru í þjóðsögunum til skepnur, sem kallaðar eru nárottur. Þær héldu til í kirkjugörðum og lögðust á náinn. Það er ekki mín sök, þó að þessi hæstv. ráðh. vilji endilega skipa sér í þennan flokk, en það gerir hann með ummælum sínum um Gísla heitinn Ólafson. Hann segir, að samtímis og andstæðingar stj. hafi skammað hana fyrir framkvæmdir, þá hafi þeir skammað hana fyrir að leggja ekki í sæsímann. Nú hefir það verið sýnt og sannað, að það þurfti 200—300 þús. kr. til að gera þessa samninga, sem Gísli heitinn hafði undirbúið. Og hann hafði útvegað lán með góðum kjörum til að standast þennan kostnað. Hæstv. dómsmrh. kennir í brjóst um Mikla Norræna, að þráðurinn skyldi verða ónýtur. — Hann lýsti Íslandsbanka með svörtum litum. En hvað gerði þessi hæstv. ráðh. og stjórnarflokkur hans? Tók hann ekki ábyrgð á bankanum til þess að bjarga lífi stj.? Með því dekkri litum, sem hæstv. ráðh. málar ástandið í bankanum, þegar ábyrgð var tekin á honum, því betur lýsir hann, hvað mikið þjóðin hefir orðið að borga fyrir það, að stj. fékk að halda lífi 1930. Hæstv. ráðh. vék að sundhöllinni. Það stafar ekki af getuleysi bæjarins, að sundhöllinni hefir ekki verið enn komið upp, heldur af því, að samningar voru sviknir. Það hafði verið lofað helmingi framlags. — Að ekki hafi verið hægt að útbúa eitt herbergi í barnaskólanum, þá veit ég ekki hvað hæstv. ráðh. kemur það eiginlega við. Það er hægt að finna dæmi um það, að skólar ríkisins séu ekki vel útbúnir. Í háskólanum verða stúdentar oft að sitja úti í gluggakistunum, af því að ekki eru til nógu margir stólar. Hæstv. ráðh. endaði svo ræðu sína með því að segja, að Íhaldið hefði sett allt á hausinn, landið og Vestmannaeyjar.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi deiluorð fleiri, en þegar ég renni huganum yfir þessar umr., þá finn ég til þess, að það er döpur útsýn, sem blasir við okkur, og er það að vonum. Það hafa gengið yfir landið mörg eindæma góðæri. Þjóðin hefir á þessum góðærum ausið tugum millj. í ríkissjóð, en þegar herðir að, þá er hjá þessum góðu ráðsmönnum enginn eyrir eftir. Þá verður að skera allt niður, og það verður að leggja á nýja og nýja skatta. Það er verið að tala um það, sem helzta úrræðið, að leggja á meðallaunuðu mennina, þá sem ekki bera meira úr býtum á góðu árunum en annars. Og nú þegar herðir að, missa þeir annaðhvort stöðu sína eða að tekjur þeirra lækka. Nú verður að flýja á þeirra náðir til þess að knýja fram þessa einu millj., sem stj. vantar. Ofan á allt þetta bætist, að stj. hefir ekki meiri hl. þjóðarinnar að baki sér, og neitar að gefa þegnum sínum jafnrétti í kjördæmaskipunarmálinu.

Ég vil svo enda orð mín með því að óska þess, að þjóðin verði lýðfrjáls og sæmilega efnuð, að allir þegnar þjóðarinnar standi hlið við hlið og enginn reyni að hefja sig upp með því að taka sér meiri rétt en aðrir. Við erum of fámenn og fátæk þjóð til þess að slíkt misrétti verði þolað. Ég óska svo öllum, nær og fjær, ungum og gömlum, í hvaða stjórnmálaflokki, sem er, allra heilla. Ég vona, að allir taki höndum saman um að hreinsa allan saur og alla óheilbrigði úr okkar þjóðarlíkama.

Héðinn Valdimarsson: Við hv. þm. Seyðf. skiptum þessum stutta ræðutíma á milli okkar. — Það voru aðallega orð hæstv. forsrh., sem koma mér til að tala nú. Ég átti vantalað við hann frá því í gær, en ég hafði hugsað mér að tala ekki um það nú. En nú kemur hann aftur með sömu orðin og í gær, til þess að reyna hræða menn út um land á því, að það séu byltingamenn og verkfallsmenn, sem hann og Framsóknarflokkurinn eigi í höggi við. Hann talaði um ábyrgðarleysi okkar jafnaðarmanna og þakkaði mér fyrir þá hreinskilni að segja, að við berum ekki ábyrgð á löggjöf og öðru, sem við samþ. ekki. Ég get ekki á sama hátt þakkað hæstv. forsrh. fyrir hreinskilni í

sínum stjórnmálaræðum hér á þingi. Það er augsýnilegt, að það eru ekki rök, sem hann vill ræða í þessum málum, heldur tilfinningarnar og allan þann róg, sem Tíminn og önnur blöð stjórnarinnar og Sjálfstæðisflokksins hafa reynt að koma inn hjá þeim mönnum, sem ekki lesa málgögn jafnaðarmanna.

Hæstv. forsrh. kemur klökkur til okkar fyrir hönd stj. og biður okkur um að opna vasa landsmanna fyrir stj., sem situr á móti vilja þeirra. Hann vill fá okkur bókstaflega til að stela peningum þjóðarinnar, því að það mundum við gera, ef við létum stj., sem styðst við minni hl. þjóðarinnar og berst móti vilja meiri hl. í þingmálum, hafa ótakmarkað fé. Við jafnaðarmenn teljum okkur bera ábyrgð á okkar verkum gagnvart umbjóðendum okkar, alþýðunni hér á landi, en ekki á verkum andstæðinga hennar. En ég get í stuttu máli sagt það um þing Íslendinga, að það er ekki svo skipuð samkoma, að íslenzk alþýða ráði þar með fulltrúum sínum. Hún á hér enga fulltrúa nema Alþýðuflokksmennina, enda er það einungis innan Alþýðufl., sem alþýðan ræður, hverjir fulltrúar séu í kjöri, eins og það er einungis í Alþýðuflokknum, sem starfað er að hennar hagsmunum. Eins og kjördæmaskipun og löggjöf er nú, er ekki hægt að segja, að alþýðan eigi mikinn rétt í landinu, hvorki á þingi né utan þings. Hún ætti að hafa öll ráðin, og það er það, sem Alþýðuflokkurinn vinnur að. — Ég vil svo að endingu óska þess, að áheyrendur fylgi framvegis þeim flokki, sem þeir telja hafa beztan málstað, án tillits til þess, hvaða flokki þeir hafa áður fylgt. Góða nótt, þið öll, sem hlýðið á!

Haraldur Guðmundsson: Síðasta ræða hæstv. forsrh. mátti heita einn harmagrátur frá upphafi til enda. Hann var að kvarta yfir því, hvað stj. hefði lítinn ræðutíma. Það var samkomulag, að allir flokkar hefðu jafnan ræðutíma, svo að það er engin ástæða til að vera að kvarta. Hann kvartaði yfir því, að til stj. hefði verið beint óþægilegum spurningum. Hvers er annars að vænta á eldhúsdegi? Menn spyrja þá um margt, sem stj. kemur ónotalega. Og hann kvartaði yfir því, að við jafnaðarmenn vildum ekki samþ. fjárl., þar sem verklegar framkvæmdir eru skornar niður, og að við vildum ekki samþ. verðtoll og viðbótartoll ofan á hann. Loks fannst mér hæstv. ráðh. kvarta yfir letinni í mér, að nenna ekki að sækja landsreikninginn upp í prentsmiðju. Kl. var nú farin að ganga 1 um nóttina, þegar mér var boðið það, svo að það hefði ekki einungis verið eftirvinna, heldur næturvinna, og auk þess prentsmiðjan lokuð. Til viðbótar kvörtununum gat hæstv. ráðh. um það, sem stj. hefir afrekað, að lágtekjumenn, sem ekki eru verndaðir með lögum, hefðu fengið 15% launalækkun, að menn hafi verið sendir til Noregs, Danmerkur og Englands, og til Spánar, og hv. þm. Vestm. til Þýzkalands. En ég spyr hæstv. stj.: Hver er árangurinn af þessum sendiferðum. Mér er kunnugt um, að árangurinn af ferð hv. þm. Vestm. var nokkur, en það mun orka tvímælis, hve mikill hann var. En árangurinn af hinum sendiferðunum var enginn.

Þá kvartaði hæstv. forsrh. undan því, að ég skyldi dirfast að spyrja stj., hvað hún hefði hugsað til verklegra framkvæmda í landinu. „Ég sem neitaði um fé", segir hæstv. ráðh., og svo skyldi ég leyfa mér að spyrja um þetta. Ég held, að ég ætti þá lítið erindi á þing, ef mér er ekki leyfilegt að spyrja hæstv. stj. En í sambandi við fullyrðingu ráðh. um, að við jafnaðarmenn neitum stj. um fé, vil ég segja hæstv. ráðh., að ég er reiðubúinn að taka upp samninga við stj. og hennar flokk, ef hún vill ganga að því, að kosningaréttur allra manna og kvenna hér á landi 21 árs gamalla, hvort sem þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki, verði gerður jafn og þjóðmálaflokkum tryggð þingsæti í réttu hlutfalli við kjósendatölu þeirra, þá er mér ljúft að vinna með stj. og flokki hennar að því að koma þessu í framkvæmd.

Vilji stj. auka hátekju- og eignaskatta til þess að bæta úr afkomuvandræðum þeirra, sem engar eignir eiga, þá skal ég ljá því mitt lið. Og vilji stj. gera ráðstöfun til að lækka hinn óhæfilega háa milliliðakostnað verzlana, þá skal ég styðja stj. til þess. En vilji stj. ekkert af

þessu gera, þá getur hún ekki vænzt eftir því, að ég styðji hana.

Hæstv. ráðh. sagði, að undirtektir okkar jafnaðarmanna undir þáltill. hefðu verið dauflegar. Við sátum hjá við atkvgr., af því að við höfum ekki trú á, að stj. mundi hafa till. að nokkru. Við vissum, að það var þýðingarlaust að samþ. hana, og sú spá hefir ræzt.

Að lokum vildi ég svo segja nokkur orð til þeirra, sem á mál okkar hlusta utan veggja þessa húss. Ég vil þakka þeim, sem hlýddu á mál okkar. Ég vil vænta þess, að þeir eigi hægra með, eftir að flokkarnir hafa lagt fyrir þá rök sín, að meta málstað hvers flokks um sig. Þá er það þeirra að dæma, að velja eða hafna málstað og flokk. En við flokksmenn mína, hvar sem er, hvort sem þeir eiga heima við sjó eða uppi í afdölum, hvort sem þeir eru bændur eða sjómenn eða verkamenn, vil ég segja þetta: Reynsla allra þjóða hefir sýnt það og sannað, að þær stéttir, sem eignalausar eru og afskiptar um réttlæti, fá aldrei nokkurn tíma bættan sinn hag og aukinn sinn rétt sem náðargjöf frá ráðandi stéttum. Ef þeim er alvara að fá bættan sinn hag og aukinn sinn rétt, þá verða þær sjálfar að knýja það fram, sjálfar að knýja fram hags- og réttarbætur sér til handa. Til þess verða þær að skipa sér í fastan flokk, sinn eigin flokk, fylkja sér undir merki Alþýðuflokksins og láta bræðurna Kain og Abel eigast við, þangað til þeir báðir falla óvígir.

Dómsmálarh. (Jónas Jónsson): Við hæstv. fjmrh. verðum að skipta með okkur þessum stundarfjórðungstíma, sem okkur er ætlaður. Ég ætla að nota fyrstu mínúturnar til þess að leiðrétta ósannindi, sem hv. þm. G.-K beindi til mín í ræðu sinni. Að vísu eru það ekki hættuleg ósannindi, en þau eru þó þess eðlis, að ekki er rétt að láta þeim ómótmælt. Hv. þm. sagði, að ég hefði sýnt eyðslusemi í því að kaupa bíl fyrir ríkissjóðsfé til minna afnota. Ég seldi bíl fyrir ríkisins hönd um þingrofið í fyrra, og enginn bíll hefir verið keyptur af stjórnarráðinu síðan. Það hefir aldrei komið svo mikið sem til orða, að ég keypti bíl fyrir landið síðan um alþingishátíð. Þetta eru náttúrlega ekki mikil ósannindi, ef miðað er við daglegan munnsöfnuð þessa hv. þm. En einmitt þessi rakalausu ósannindi, þótt um lítið sé, sanna, hve tilgangslaust er að trúa nokkurri fullyrðingu þessa manns.

Þá sagði hv. þm., að ég væri frekur á minn hluta í landssjóði til minna eigin þarfa. En ég vil segja honum það, að ég held, að enginn embættismaður í Íhaldsflokknum hafi fallið frá að taka dýrtíðaruppbót á launum sínum og þingkaupi, en það hefi ég gert. Það er skrítið að beina ásökunum um fjáreyðslu einmitt til þeirra, sem sýna, að þeir vilja lækka við sig. Þá eru það líka ósannindi, að ég hafi notað varðskipin í mínar þarfir. Hv. þm. á víst við það, að ég átti þátt í því, að öllum frambjóðendum við landskjörið 1930 var boðið að hafa tal af kjósendum sínum með því að fara með varðskipunum kringum land, þegar björtust var nóttin og næstum ekkert fyrir skipin að gera við gæzlu. Þetta varð sú myndarlegasta fundarferð, sem farin hefir verið af öllum flokkum í alþjóðar þágu. En kostnaðurinn var ekki mikill, þegar þess er gætt, að skipin hlutu að vera á kostnaði landsins þessa daga sem aðra.

Það er aðallega tvennt, sem hefir komið íhaldinu í þetta úfna og órólega skap, sem speglast í barnalegum og kjánalegum ásökunum á andstæðingana. Það er það, að við höfum hafið nýja fjármálastefnu í landinu. Það var hæstv. forsrh., sem stöðvaði hið mikla eyðsluskuldasafn 1922, sem andstæðingar okkar höfðu efnt til. Ennfremur höfðum við framsóknarmenn bent á, hvað hættulegt væri að hafa hin gífurlega háu laun, sem andstæðingar okkar höfðu komið á við Íslandsbanka, útgerð, við skipstjórn og við Eimskip, o. s. frv. Þessar óhæfilega háu launagreiðslur eru algerlega óheilbrigðar og þær eru undirstaðan undir dýrtíðinni í Reykjavík, sem mergsýgur landið. Það er rétt, að andstæðingunum hefir staðið stuggur af þessari pólitík okkar framsóknarmanna, og þeir hafa leitað ýmsra ráða til þess að rógbera þessa stefnu okkar. Ég get gjarnan minnt á eitt dæmi, af því að áður hefir verið drepið á það hér við umr., er flugumaður einn var til

min sendur um það leyti, sem loka átti Íslandsbanka. Sá flugumaður hafði ákveðið erindi, en það fór nú svo, að það var bankinn sem dó, en ekki ég, þó að til annars væri ætlazt.

Þessi barátta er ekki ný. Hún hefir nú staðið hér á landi á verzlunarsviðinu síðan kaupfélögin voru stofnuð. Hún fluttist inn á svið stjórnmálanna með stofnun Framsóknarflokksins, og hefir gert vart við sig í flestum stærri málum þjóðarinnar síðan, og nú síðast er þessi barátta flutt yfir á kjördæmamálið. Við framsóknarmenn höfum alltaf haft ákveðinn málstað að verja í þessari baráttu. Við höfum barizt fyrir rétti almennings gegn ójafnaðarmönnum þjóðfélagsins. Við höfum staðið á hinni sögulegu þróun og við stöndum á hinum sögulega rétti. Ég get sagt það, að við framsóknarmenn erum ekki hræddir við byltingar. Við látum ekki undan hótunum frá hægri eða vinstri. Og ef íslenzka þjóðskipulagið fellur í rústir, þá verður það ekki fyrir það, að við svíkjum það, heldur hitt, að ofbeldismennirnir verða yfirsterkari. Það hafa flugumenn komið til mín, en þeir voru sendir út aftur. Og ég vonast eftir því, að þegar mesti móðurinn rennur af þeim, er digurbarkalegast hafa talað hér, þá sjái þeir að sér, sjái, að það er ekki réttasta og sigursælasta leiðin að fara með hótunum, og þegar dómurinn kemur næst utan af landinu, þá veit ég, að hann fellur þeim ekki í vil. Hann dæmir þannig, að þeirra bardagaaðferð sé ekki bardagaaðferð góðs málstaðar. Við framsóknarmenn munum standa fast að okkar stefnu. Við treystum því, að ráðið til þess að komast út úr kreppunni með sigri sé skipuleg vinna í vandamálum þjóðarinnar, en ekki uppreisn og bylting, og við treystum því, að dómur þjóðarinnar verði staðfesting á okkar stefnu. Þá vona ég, að íslenzka þjóðin komist yfir kreppuna með sigri, eins og svo marga erfiðleika fyrr og síðar.

Ég vil svo kveðja alla heiðraða áheyrendur og þakka áhugann og vökurnar, sem þeir hafa á sig lagt til þess að hlýða á mál okkar. Ég veit, að við framsóknarmenn megum vænta stuðnings frá hinum dreifðu byggðum landsins til þess að leysa vandamálin á þessum erfiðu tímum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Vegna þess, að þessi ræða mín verður hin síðasta ræða, er flutt verður í útvarpið að þessu sinni, mun ég ekki svara ýtarlega þeim hv. andstæðingum, er að mér hafa vikið í þessum umr. Þó vil ég ekki láta undan draga að segja hv. þm. Seyðf. það, að ég hefi engar persónulegar hótanir haft í frammi við hann. Þvert á móti: ég hefi tekið það fram, að ég áliti hann fyllilega stöðu sinni vaxinn. Ég minntist hinsvegar á það, að eina ástæðuna af fleirum til þess, að hann hefði fengið þetta starf, mætti að sjálfsögðu telja það samstarf á þjóðmálasviðinu, sem á þeim tíma hefði verið milli hans og hæstv. þáv. stj., og að sú þátttaka bindur hv. þm. í umtali um þær stjórnarathafnir, sem hann er samábyrgur um. Ég býst nú raunar ekki við, að hv. þm. Seyðf. hafi nokkurntíma komizt svo langt að verða talinn heiðursfélagi í Framsóknarflokknum, en hann hefir þó verið meðstarfsmaður flokksins, að því leyti að styðja stj. hans til valda um 4 ára skeið. (**HG:** Ekki þau síðustu).

Hv. þm. Seyðf. rakti ýtarlega, hvernig hann taldi mig vilja bæta tollum á tolla ofan á þjóðina, en hann hefir einmitt sjálfur lagt til að hækka um 200% toll af innfluttum vörum frá Spáni. Hann gætir þess ekki, að okkur er nauðsynlegt að haga okkur gætilega í tollamálum gagnvart þessu ríki, sem við þurfum að selja svo margfalt meiri vörur heldur en það, sem við kaupum þaðan. Ég er hv. þm. sammála um það, að vínið sé sú vörutegund, sem eigi að bera háa tolla, en eins og aðstaðan er nú, er alls ekki vogandi að leggja út í það að hækka toll á þeirri vörutegund. Ég hefi talað um að fylla upp í þá eyðu milli tekna og gjalda á þessa og næsta árs fjárlögum, sem fyrirsjáanleg er og mun nema um eða yfir 2 millj. kr., en mér þykir gaman að benda á það til samanburðar, að einmitt hv. þm. Seyðf. hefir lagt til, að auknar verði álögur á þjóðina um 11 millj. kr., og þrátt fyrir ástandið, sem er, þá heldur hann ennþá jafn-fast við þessa sína gömlu till. um 11 milljónirnar og áður. Ég skal svo láta útrætt um þessi viðskipti okkar hv. þm. Seyðf.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að af-

greiðslu fjárlaganna fyrir árið 1933. Það er útlit fyrir það, að hún geti orðið sæmileg. Í hv. fjvn. er samkomulag um það, að afgreiða gætileg fjárlög. Á tímum eins og þeim, sem nú eru, eru menn yfirleitt fremur svartsýnir á fjármálin, og þegar slíkt hugarfar litar fjárlögin, þá gengur betur en ella að koma fram tekjuhallalausum fjárlögum. Vitanlega þarf, til þess að slíkt geti orðið, að samþykkja framlengingu bæði á gengisviðauka og verðtolli, sem stj. hefir óskað að fá samþ., og frv. fjvn. um bráðabirgðafrestun ýmsra laga. Hinsvegar skal ég geta þess, að slíkar samþykktir eru sannarlega ekki gerðar fyrir stj. eina. Það er ekki gert fyrir stj. að afla ríkissjóði brýnustu tekna; það er gert fyrir þjóðina alla. Það er því gert þjóðinni allri til meins, að hindra framgang þessara tekjustofna, sem nauðsynlegir eru til þess að standa straum af þeim útgjöldum ríkissjóðsins, sem þingheimur allur hefir átt þátt í að samþykkja. Því er ekki að neita, að nokkur hiti hefir hlaupið í þingflokkana að þessu sinni í sambandi við stjórnarskrármálið, sem orðið er allmikið kappsmál, en þó er alls ekki vonlaust um góða úrlausn þess máls. — Flokkarnir hafa, að því er virðist, verið fram að þingbyrjun þrískiptir í málinu. Einn flokkurinn hefir lagt til, að landið yrði gert að einu kjördæmi. Annar flokkurinn hefir viljað breyta til fárra og stórra kjördæma með hlutfallskosningu. Og þriðji flokkurinn hefir viljað halda í aðalatriðum óbreyttri þeirri skipun, sem er. En nú virðast þessir flokkar vera farnir allmjög að nálgast hverir aðra, svo að það sýnist svo, að þeir muni geta orðið ásáttir um að leysa þetta mál á einum og sama vettvangi, þeim, að fjölga þm. í Rvík og jafna að öðru leyti kjördæmakosninguna með uppbótarsætum. Þegar svo langt er dregið til samkomulags, að viðureignin er háð á sama vettvangi, sýnist mér, að það væri meira giftuleysi heldur en Alþingi áður hefir átt að sæta, ef ekki dregur til samkomulags um þetta mál. Mér þótti mjög óheppilega til orða tekið hjá einum hv. þm. hér áðan, er hann sagði, að framsóknarmenn hefðu átta stolin þingsæti hér á Alþingi. Það er hart að orði kveðið, þegar það er líka algerlega röng ásökun. Framsóknarflokkurinn hefir ekkert nema lögmæta þingfulltrúa hér á Alþingi og hefir ekki stolið neinu af neinum. Þó tala þingmanna hvers flokks muni breytast, ef lögunum verður breytt, þá getur skipan þingsins ekki á annan veg verið en nú er, meðan lögin standa óbreytt. Ég álít, að sundurlyndið í þessu máli verði að sveigjast til samkomulags og allir verði að slá nokkuð af kröfum sínum.

Nú er dapurlegt útlit um næstu framtíð íslenzku þjóðarinnar, þeirrar þjóðar, sem svo oft áður hefir átt við margskonar örðugleika að stríða. En þjóðin hefir haft undarlegan mátt til að reisa við og ná sér til fulls í skjótri svipan og mun svo enn verða. Í stjórnmálum hefir líka oft skorizt í odda fyrri, en þrátt fyrir það hefir þjóðin enn borið gæfu til að halda saman um eina stjórn í þúsund ár, svo að ríkið hefir ekki klofnað. Vænti ég, að svo muni enn fara, og gifta landsins verði sterkari öflum eyðileggingarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 293, 257, 334, 352, 360, 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 352, 360 og 362. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Svo sem undanfarið verður þessari umr. fjárlaga skipt í tvo kafla, og verður fyrst tekið fyrir kaflinn frá 1.—13. gr. með viðeigandi brtt., en síðan kaflinn frá 14. gr. og út ásamt þeim brtt., sem að honum lúta. Atkvgr. fer svo fram um frv. allt í heild, ásamt brtt. við það, að umr. lokinni.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson): Eitt af hinum þýðingarmestu verkefnum hvers þings er afgreiðsla fjárlaganna. Orkar það ekki tvímælis, hve mikil nauðsyn er á því fyrir þjóðina, að ætlaðar séu nægar tekjur fyrir gjöldum hvers árs, svo að ekki verði rekstrarhalli á þjóðarbúinu. Til þess að ná því marki er

nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hve hin raunverulegu lögboðnu gjöld eru mikil og hve mikilla tekna er að vænta ríkissjóði samkv. gildandi tekjulögum. Um langt árabil hefir verið mikill misbrestur á því, að þing og stj. hafi gert sér nægilega grein fyrir, hver hin lögboðnu gjöld væru. Þetta er nú að færast til betra horfs, og hygg ég, að fjárlögin séu nú betur undirbúin að þessu leyti en nokkru sinni áður. Fyrrverandi fjmrh. gekk mjög vel fram í því að lagfæra þetta, og eins hefir fjvn. unnið að því undanfarin ár að færa þetta til betra og fullkomnara horfs. Er að vísu enn ýmsu áfátt um það, að öll gjöld séu nú tekin í fjárlögin, þau sem vissa er fyrir, að ríkissjóður verður að greiða. Skal ég í því sambandi geta þess, að einn ekki veigaminnsti útgjaldaliður landsreikningsins er ekki tekinn með í fjárlögin í ár frekar en undanfarið, þar sem eru öll þau gjöld, sem á ríkissjóð koma samkv. sérstökum lögum, heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum. Hefir þessi upphæð jafnan leikið á háum tölum í seinni tíð. Síðan 1920 hefir hún aldrei numið minnu en ½ milljón kr., og stundum mörgum millj., en hæst hefir hún orðið 10 millj. kr., og var þá greiðslan samkv. þessari gr. landsreikningsins meira en helmingur allra útgjalda ríkisins það sama ár. — Þetta er að vísu formsatriði, en þó rétt að leiðrétta það. Er rétt að áætla fyrir þessum útgjöldum, og ef það er ekki gert, verður að ætla fyrir þessari greiðslu á annan hátt og það er ekki hægt öðruvísi en með tilsvarandi tekjuafgangi eða með því að hafa áætlanir fjárlaga svo varlegar, að tekjurnar verði þeim mun hærri, sem greiða þarf samkv. þessum lið landsreikningsins. Að þessu sinni hefir n. ekki gert verulegar breytingar á útgjaldaáætlununum í þessa átt. Fannst n. svo vel að þessu búið með samningi fjárlagafrv., að henni þótti ekki ástæða til að gera miklar breytingar í þessu efni. Hinsvegar hefir n. gengið miklu lengra en hæstv. fjmrh. í niðurfærslu þessara gjalda. Í frv. hefir ráðh. lækkað gjöldin á örfáum liðum með ákveðinni hundraðstölu, en þessi lækkun hafði ekki verið tekin nógu víða til greina, og hefir n. því borið fram brtt. í þá átt. Í nál. á þskj. 293 hefir n. gert grein fyrir þeim breytingum, sem á frv. verða samkv. hennar till., og sé ég ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um þessa liði út af fyrir sig, því að ég þykist vita, að hv. þdm. hafi kynnt sér nál., en niðurstaðan af till. n. er þessi:

Tekjur:

Lækkun:		
Tekjur samkv. 2. gr. ..	kr.	650000.00
Tekjur samkv. 3. gr. ..	—	20000.00
	Kr.	670000.00
Hækkun:		
Eignahreyfingar skv. 12. gr. (Sjóðsyfirlit)	—	7670.00
	Kr.	662330.00

Gjöld:

Lækkun:		
Gjöld skv. rekstrarreikn.	kr.	341530.00
Eignahreyfingar	—	65000.00
	Kr.	406530.00
Hækkun:		
Gjöld skv. rekstrarreikn.	—	49100.00
	Kr.	357430.00
	Kr.	304900.00
Eftirstöðvar á sjóðsyfirliti skv. frv.	—	45741.87
Halli á sjóðsyfirliti skv. till. n.	kr.	259158.13

Ég býst við því, að d. litist ekki á þessa niðurstöðu, og ef til vill hefði mátt ganga lengra í niðurfærslu útgjaldanna og lækka gjöldin til verklegra framkvæmda meira. Mundi með því hafa verið hægt að fá sæmilegan jöfnuð á greiðslum og innborgunum ríkissjóðs, en n. sá sér ekki fært að fara lengra í þessa átt að sinni en hér er gert eða að draga meira úr útgjöldum vegna verklegra framkvæmda en hæstv. fjmrh. hefir lagt til. En til þess að gera nokkuð í þá átt, að rekstur þjóðarbúsins megi verða forsvaranlegur á árinu, hefir n. á þskj. 258 flutt frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, þar sem farið er fram á, að framkvæmd þeirra verði frestað um nokkurn tíma, og hefir sú frestun í för með sér, að útgjöld ríkissjóðs minnka það mikið, ef frv. nær fram að ganga, að það ætti fullkom-

lega að vega upp á móti þeim greiðsluhalla, sem orðinn er á fjárlagafrv. skv. till. n., jafnframt því, sem þetta mundi létta mikið á ríkissjóði á yfirstandandi ári og þannig draga úr þeim tekjuhalla, sem fyrirsjáanlegur er á núgildandi fjárlögum.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að hinum einstöku till. n.

Ég get að mestu leyti vísað til þess, sem stendur í nál. á þskj. 293. Þær miklu lækkanir, sem n. gerir á tekjuliðunum, eru að vísu nokkuð mikið í lausu lofti. Til þess að hægt sé að gera ábyggilegar áætlanir um tekjur næsta árs, yrði maður að hafa séð, hvernig tekjur yfirstandandi árs myndu verða, en það er ómögulegt að sjá á þessum tímum. Það eina, sem maður sér, er útkoma fyrsta ársfjórðungsins. Á sumarþinginu í fyrra hafði maður við hendina skýrslur um tekjur ríkissjóðs fyrra árshelminginn. Sú skýrsla gaf þær upplýsingar, að tekjur fyrri hl. ársins í fyrra urðu svipaðar og fyrri hl. ársins 1930, en á það ber að líta, að tekjur fyrri hl. ársins eru ekki nema örlítill hl. af árstekjunum, svo að skýrslan gat auðvitað ekki gefið verulega ábyggilegar upplýsingar um það, hvernig afkoman mundi verða fyrir það ár, enda kom það í ljós, að tekjurnar urðu lægri en á árinu áður, sem stafaði af verðfalli á innfluttum vörum og takmörkun á innflutningi. Nú þegar maður lítur yfir fyrsta ársfjórðung, þá getur maður gengið út frá því sem sjálfsögðu, að það gefur ekki fullkomnar upplýsingar um það, hvernig tekjurnar munu reynast á þessu ári; aðeins bendingar. Og út frá því verða menn svo að reikna, og eftir þeirri trú, sem menn hafa á afkomu ársins, sem eftir er. Sá samanburður, sem ég hefi um tekjur ríkissjóðs þennan ársfjórðung, sem liðinn er, og tekjur fyrsta ársfjórðungs í fyrra er þessi:

	1931	1932
Aukatekjugjöld ..	93135 kr.	107337 kr.
Vörutollur	195340 —	194075 —
Verðtollur	134847 —	71070 —
Aðflutningsgjald .	408017 —	224025 —
Útflutningsgjald .	57749 —	82204 —
Mannt.bókargjald .	177472 —	145225 —
Ýmislegt	28900 —	22087 —

Mismunurinn á tekjum þessa ársfjórðungs og ársins í fyrra er 152 þús. lægri nú í þetta skipti eða nær 15% lægri. Mestur er munurinn á vöru- og verðtollinum og það er eðlilegt. Sá mismunur er fullkomlega 25%. Þessir 2 stóru tekjustofnar, sem voru árið 1930 um 3 millj., lækka nú um 25%. Og ef maður gengur út frá því, að árið haldi áfram á þennan hátt með þetta lægri tekjum í ár en í fyrra, þá er sjáanlegt, að verðtollur og vörutollur verða mikið lægri, enda fyrirsjáanlegt, að svo verður, hvort sem sá mismunur verður eins og fyrri ársfjórðungurinn gefur tilefni til að ætla eða ekki. Þessa skýrslu hafði n. ekki, þegar hún gerði till. sínar, en það var ljóst, að verðtollur og vörutollur hlaut að verða lægri í ár en síðasta ár. En nú er maður ekki að gera tekjuáætlun í ár, heldur næsta árs, og þá verður álitamál, hvort reikna megi með meiri tekjum á árinu 1933 en á yfirstandandi ári, en vonandi má treysta því, að það verði eitthvað betra. Það verður líka að verða það, ef útkoma þessa árs verður svipuð og þessi ársfjórðungur gefur tilefni til að ætla, til þess að till. n. geti staðizt. En verði hinsvegar árið 1933 ekki lakara en síðasta ár, þá hefir n. kannske verið óþarflega varkár í till. sínum. Á þessum 2 liðum eru það sérstaklega stórar breytingar, sem n. gerir. Ég fer ekki út í það að rökstyðja þær breytingar, sem n. gerir við ýmsa aðra tekjuliði, eins og t. d. tekju- og eignarskatt, útflutningsgjald, annað aðflutningsgjald, því að þar er um mikið minni upphæðir að ræða. Ég býst við, að ef ætti að fara að vefengja að einhverju leyti till. n., þá væri frekar hægt að segja, að óþarfi væri að lækka tekju- og eignarskattinn. Um útflutningsgjaldið er örðugt að segja. Mér finnst eftir upplýsingum hv. þm. G.-K., að það sé ekki varlegt að treysta á útflutningsgjald 1933.

Um brtt. við 3. gr. þarf ég ekki að fjölyrða. Það er aðeins smávægileg leiðrétting, eins og getið er um í nál. Ég vil geta þess, að í sambandi við símalagningar hefir n. lagt til, að þær símalínur, sem áður hafa verið ákveðnar af þingi og fjvn., að lagðar yrðu á árunum 1930 og 1931, og ennþá eru ólagðar, að þær verði að svo miklu leyti, sem þær verða ekki

lagðar í ár fyrir það fé, sem áætlað er í fjárlögum ársins, lagðar að ári. Með því móti er að mestu leyti ráðstafað því fé, sem í fjárlagafrv. stendur; aðeins um 20 þús. kr. eftirstöðvar að ræða. Og vill n. leggja það á vald landssímastjóra og stj., hvaða línur þá verða teknar, en í áliti sínu hefir hún bent á eina línu, sem er mjög nauðsynlegt, að komi fljótlega, frá Staðarfelli að Skarði.

Þá skal ég með fáum orðum víkja að brtt. n. við útgjöld ríkisins. Það er ein brtt. við 8. gr., sem ekki er neitt skrifað um í nál. Það er brtt. um það, að borðfé konungs sé lækkað úr 73200 kr. niður í 60000 kr. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er það með lögum ákveðið, að borðfé konungs sé 60 þús. kr. Frá byrjun hefir þessi umrædda upphæð verið greidd í d. kr. Á landsreikninginn hafa verið færðar 60 þús. kr., en gengismunurinn færður á gengisreikning. Breyting varð á þessu nýlega, þannig, að fjárveitingin er tekin upp í fjárlögin í þessa gr. frv., og er ætlazt til, að það komi þannig fram á landsreikningnum. Um þetta hefir orðið talsverð deila. Vildu sumir láta þetta standa svo á landsreikningnum áfram, og gengismunur kæmi á gengisreikning, en aðrir vildu, að þetta kæmi á þessa gr. landsreikningsins, þar sem gengisreikningur er ekki færður. Áður var gengisreikningur stór upphæð, sem kom á óvissu gjöldin, en á seinni árum hefir það breyzt þannig, að gengisreikningur er færður á tilsvarandi gr. Ég legg ekki mikið upp úr þessari breytingu fyrir mitt leyti og geri ekki ráð fyrir, að ég greiði henni atkv., þótt ég tali fyrir henni fyrir hönd n. Ég býst við, að einhverjir úr n. árétti það frá sínu sjónarmiði, sem þeir vildu sagt hafa um þessa till.

Þá kem ég að brtt. við 11. gr., um skrifstofukostnað sýslumanna. Á þessari fjárlagagr. hefir verið veitt til skrifstofuhalds sýslumanna 100 þús. kr. En nú er tekin upp sú stefna að færa niður þær launagreiðslur, sem ekki eru lögbundnar. Þær lögbundnu launagreiðslur hafa lækkað af sjálfu sér með lækkun dýrtíðaruppbótarinnar. N. finnst því sanngjarnt, að þessi liður verði lækkaður um 10%, úr 100 þús. kr. niður í 90 þús. kr. Í samræmi við aðrar lækkunartill., sem n. hefir gert, er gert ráð fyrir, að þetta hafi aðeins yfirsézt hjá hæstv. fjmrh., þegar hann útbjó frv.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fjölyrða um ýmsar aðrar brtt., sem n. hefir gert. Þær skýra sig flestar sjálfar í áliti n. Ég ætla þó aðeins að nefna nokkrar, sem mér finnst helzt þurfa skýringar við.

Brtt. við 12. gr., um starfsmenn á Nýja-Kleppi, fer fram á lækkun úr 30 þús. niður í 25 þús. Í fjárlfrv. er ekki gert ráð fyrir neinni launalækkun starfsmanna á spítalanum, en þar sem slík lækkun hefir almennt farið fram, telur n. sjálfsagt, að hún verði framkvæmd þar eins og annarsstaðar eftir því, sem við verður komið. Vill n. benda á í þessu sambandi, að líklegt sé, að nokkuð megi spara með því að samræma meira störf á þessum tveimur spítölum. Þar munu vera menn við samskonar starf, sinn á hverjum stað, sem líklegt er, að mætti sameina í eitt starf, og þannig spara talsverða upphæð.

Þá hefir n. gert nokkra breyt. við frv. viðvíkjandi Kristneshæli. Í frv. stj. er færður inn einn liður til rekstrar, ósundurliðaður. Það mun stafa af því, að stj. hefir litið svo á, að hælið væri sjálfstæð stofnun, sem ríkinu kæmi ekki við að öðru leyti en því, að það væri styrkt til rekstrar eftir þörfum. En nú er það með þetta hæli eins og öll önnur hæli í landinu, að ríkið á það og ber skylda til að reka það að öllu leyti. Það er því tekið upp í áætlun til þessa hælis og sundurliðað í till. n., tekjur og gjöld. Af þessu leiðir, að það kemur viðbótarliður, sem kemur sem hækkun fyrninga í 20. gr. Annars er farið eftir till. forstöðumanns hælisins að öllu leyti. Fjárveiting til þessa hælis verður samkv. till. n. nokkuð minni en í frv., en sýnist þó samkv. upplýsingum vera sæmileg.

Þá kem ég að brtt., sem kannske skiptir mestu máli í þessum kafla fjárlaganna, fyrir utan till. um tekjur, og eru það till. um það, hvernig því fé skuli varið, sem stj. hefir ætlazt til, að gengi til nýrra akvega. Í frv. stj. standa í þessu skyni 150 þús. kr. N. var í mjög miklum vafa um, hvað gera ætti í þessu efni. Var úr vöndu að ráða, þar sem n. gat ekki skilað frv. með sæmilegum greiðslujöfnuði. Þó þessi

upphæð verði öll tekin, þá er það ekki nóg til að koma jöfnuði á frv., enda sýnist ófært að fella niður vegagerðir í landinu. Það leiðir af sér stórkostlegt atvinnuleysi fyrir verkafólkið, og er einnig óheppilegt fyrir yfirstjórn vegamálanna, sem hefir fasta menn í sinni þjónustu, og er erfitt að víkja þeim frá störfum eitt og eitt ár í bili. N. tók það ráð að fylgja till. stj. um það, hve miklu skyldi varið í því skyni, og gerir þar enga breytingu, en fékk hinsvegar vegamálastjóra til að gera till. um það, hvernig þessu fé skyldi varið, og eru till. n. allar eftir till. vegamálastjóra. Í upphaflegum till. til stj. hafði hann gengið út frá því, að varið yrði 270 þús. kr., og benti þá á þá skiptingu, sem á þessu fé ætti að vera. Nú vildi n. á engan hátt taka á sig þá ábyrgð að segja um það, hverja af þessum vegum ætti að leggja fyrir þetta fé, 150 þús. Það varð að draga úr vegagerðum sem nam 120 þús. kr., og fékk n. vegamálastjóra til að gera áætlun, hverjir vegir kæmu til greina, ef ekki væri varið meira en 150 þús. kr., 100 þús. eða 200 þús. Af þessum áætlunum kemur það skýrt í ljós, hvaða vegir það eru, sem vegamálastjóri álítur þörf á að leggja og hvaða vegir eigi að sitja í fyrirrúmi. (HG: Fjarðarheiðarvegurinn?). Fjarðarheiðarvegurinn gæti kannske komið til mála, ef varið væri 1 millj. kr. til vegagerðar.

Ég ætla ekki að fara út í það að sinni að skýra frá sjónarmiði n. og vegamálastjóra þá nauðsyn, sem liggur bak við þessa vegi. Ég ætla áður en ég geri það að hlýða á þær framsöguræður, sem hér verða fluttar um brtt. við brtt. n. Má vera, að þá komi eitthvað í ljós, sem ástæða er að taka til greina, þó að við í n. höfum ekki komið auga á það, enda hafa ekki legið fyrir n. neinar upplýsingar frá þessum mönnum um þá vegi, sem þeir leggja til að verði lagðir.

Það eru tvær ólíkar skoðanir um það, hvernig þessu vegafé eigi að verja. Vegamálastjóri lítur á aðra frá því sjónarmiði, hvernig bezt sé borgið samgöngukerfinu milli sveitanna. Aftur á móti hættir einstökum þm. til þess að líta á þessar framkvæmdir meira með tilliti til þess, hvað héruðunum sjálfum gagnar bezt. Frá þessum tveim sjónarmiðum verðum við að líta, þegar við ákveðum, hvaða vegi eigi að leggja mesta áherzlu á. Það skal ekki standa á mér að hlýða á mál þeirra, sem vilja líta á það frá öðru sjónarmiði en vegamálastjóri þótt það verði hinsvegar að vera nokkuð rík skylda n. að fara í öllum aðalatriðum eftir till. vegamálastjóra. Ég hefi áður á þingi deilt á vegamálastjóra fyrir till. hans í vegamálum, en ég játa, að slíkar ádeilur eru út frá öðru sjónarmiði en hann verður að líta á þetta mál. Hinsvegar býst ég við, að happadrýgst væri að skoða þetta mál út frá þessu hvorutveggja, að sem greiðast verði gert fyrir með langleiðirnar, og reynt að stilla svo til, að þær geti komið héruðunum að sem fyllstum og beztum notum.

Aðrar brtt. við þessa gr. eru smávægilegar. N. hefir lækkað vetrarflutninga yfir Hellisheiði úr 8000 kr. niður í 5000 kr. Það getur verið vafasamt, hvort hægt er að spara á þessu, hvort ekki verður að leggja fram, sem því nemur, sem í frv. stendur. En þar sem alstaðar er skorið við neglur sér, þótti n. ekki annað fært en að sverfa að þessu líka. Mér er ekki ljúft að mæla með öllum brtt. við þessa gr., t. d. að vetrarferðir yfir Holtavörðuheiði og Fagradal verði lagðar niður, því að ég veit, að þær ferðir hafa verið mjög gagnlegar fyrir hlutaðeigandi héruð. En það verður að gera fleira en gott þykir á þessum tíma. Menn verða að sætta sig við eitt og annað í bili, þótt ekki beri að skilja það svo, að n. sé hér með till. um reglu, sem eigi að gilda í framtíðinni, og ég get hinsvegar tekið það fram, að það mundi gleðja n., ef Alþingi sæi sér fært að halda í horfið í þessu efni.

Þá er það smávægileg brtt., sem n. flytur, um að hækka laun aðalaðstoðarmanns vitamálastjóra. Í till. er raunar ekki um launaviðbót að ræða frá því, sem verið hefir, heldur höfðu laun hans verið færð niður í frv. stj. En þegar þess er gætt, að samskonar verkfræðingur og þessi, sem er aðstoðarmaður vegamálastjóra, heldur sínum launum, er verið hafa jafnhá launum þessa manns, þá virðist n. ekki sanngjarnt að gera mun á þessum mönnum, svo að hún tók það ráð að leggja til, að laun þessa manns skyldu haldast óbreytt, heldur en dregið verði af hinum. Ef nú

hv. þdm. vilja heldur fara hina leiðina, þá mun n. ekki setja sig á móti því, en ég tel sjálfsagt og sanngjarnt, að þessir menn hafi jafnt.

Fjvn. hefir gert brtt. um það, að lagt verði nokkurt fé til hafnargerðar á Akranesi. Það má virðast nokkur kaldhæðni örlaganna, að ég skuli verða til þess að flytja það mál. En það er nú um þessa höfn að segja, að þar stendur alveg sérstaklega á eins og bent er á í nál. Þessu fé á að verja til þess að fullkomna það verk, sem þarna er verið að vinna og líklegt er, að komi þessu þorpi mjög að haldi, svo að n. sá sér ekki fært að synja um þetta fé. Það skal tekið fram, að samkv. brtt. n. er hér ekki um alveg nýjan lið að ræða, heldur er þessi upphæð að nokkru leyti tilfærsla. Það stendur í fjárlagafrv. 30 þús. kr. fjárveiting til hafnargerða og lendingarbóta, þar sem viðkomandi héruð eiga að leggja fram fé á móti, en undanfarin ár hefir þessi sama upphæð verið ónotuð að kalla, vegna þess að héruðin hafa ekki getað fyrir fátæktar sakir notað þessa heimild. Ég veit aðeins dæmi þess um eina bryggju, á Vopnafirði, sem líkur eru til að verði byggð á þessu ári fyrir framlag samkv. þessum lið. Vegna þess, að ekki er úlit fyrir það, að þessi 30 þús. kr. upphæð verði notuð á þessu ári, hefir n. lagt til, að hún verði lækkuð um 10 þús. kr., og fært það fé til hafnargerðar á Akranesi, og má þá segja, að n. leggi samt til með brtt., að gjöldin hækki um 15 þús. kr. En það er þó sama upphæð og n. leggur til, að framlag ríkissjóðs til vitabygginga lækki um, svo að þessar brtt. n. leiða ekki til hækkunar á frv., heldur eru þær tilfærslur á tveimur upphæðum. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort forsvaranlegt sé að taka af vitafénu, svo mikið fé sem ríkið árlega fær í vitagjöldum, sem gera strangar kröfur til umbóta á því sviði sanngjarnar. En með tilliti til þess, að tímarnir krefjast þess, að sparað sé eins og hægt er á greiðslum út úr landinu, þá er á það að líta, að vitabyggingar krefjast meira af því efni, sem sækja verður til útlanda, heldur en hafnargerðir, sem í þess stað verða mikið fremur til atvinnubóta.

Ég get þá lokið máli mínu um þennan kafla fjárlaganna og brtt. n. við hann. Ég býst við að ræða frekar um vegi og vegagerðir, þegar hv. þm. hafa talað fyrir sínum brtt. um þann lið og ég hefi heyrt, hvað þeir hafa fram að bera. Annars er um þau efni nauðsynlegt að afla sér upplýsinga þess manns, sem þeim er kunnugastur, sem er vegamálastjóri, og að þeim fengnum geta svo hv. þm. dæmt um það, hvort till. okkar eru réttar eða ekki. Eins og ég hefi bent á, er það ekki nema eðlilegt, að hann kunni að líta á vegamálin frá nokkuð öðru sjónarmiði en þm. einstakra héraða.

Halldór Stefánsson: Ég ætla ekki út í almennar umr. um fjárlögin að þessu sinni, heldur aðeins víkja nokkrum orðum að brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram á þskj. 334 við 13. gr. fjárlaganna 3. og 8. rómverskum tölulið, sem nokkurt samband er á milli. Í frv. stj. er lagt til, að veitt verði til nýbygginga á vegum 150 þús. kr., ótiltekið til hvaða vega, og hefir n. fallizt á till. um sjálfa upphæðina, en hefir hinsvegar borið fram ákveðnar till. um skiptingu þessarar fjárveitingar milli ýmissa vega. Till. n. um skiptinguna eru byggðar á till. vegamálastjóra og er meginhlutanum af þessu litla fé ætlað að fara til vega í óbyggðum og á heiðum uppi.

Eins og hv. frsm. gat um hafa verið og eru uppi tvær stefnur um það, hvernig skipta eigi því fé, sem lagt er til nýbygginga á þjóðvegum. Önnur leggur aðaláherzluna á það að bæta langvegasambandið milli landshlutanna, en hin er sú, að leggja beri aðaláherzluna á að bæta úr brýnustu þörfum til samgöngubóta byggðra héraða, bæði innan héraðanna sjálfra og til akvegasambands við kaupstað eða kauptún.

Það er ekki nema eðlilegt, að stefna þingsins mótist nokkuð af skoðunum vegamálastjóra í þessum efnum, og ég er ekki að ásaka þingið fyrir það út af fyrir sig, að vilja bæta langvegakerfið, en það er alveg áreiðanlegt, að þeim sem eiga við að búa alveg ófullnægjandi vegakerfi innan byggðra héraða og ófullkomið eða ekkert samband við viðskiptakaupstað eða kauptún, eiga eðlilega mjög erfitt með að aðhyllast slíkar skoðanir. Þeir finna það manna bezt, að vegabætur hér-

aðanna auka og létta framtíðarmöguleikana, og því er það brennandi áhugamál þessara manna, að flýtt sé fyrir vegabótum í héruðunum. Það getur verið forsvaranlegt, ef mikið er lagt til vegamála, að ætla nokkurn hluta þess til langveganna um heiðar og óbyggðir, en það er alveg óforsvaranlegt, þegar svo litlu fé er varið til vegamála sem nú er, að helmingi þess eða meira verði varið til vega á heiðum uppi, meðan hin byggðu ból eru afskipt. Brtt. mín að þessu sinni er byggð eingöngu á þessari skoðun, þar sem ég legg til, að lítilsháttar fjárupphæðir verði veittar til framhalds nokkurra vega í byggðum á Austurlandi, en eftir till. hv. fjvn. er ekki ætlað nokkurt fé til vega á öllu Austurlandi. Til þess að gera ekki með þessum brtt. hækkun á þessum lið fjárlaganna þá legg ég jafnframt til, að jafnmiklu fé verði svipt af þeim heiðarveginum, sem mest er ætlað til, en það er Holtavörðuheiði. Það er ekki fyrir það, að ekki sé út af fyrir sig gott og þarft að halda vegagerð þar áfram, sem ég flyt þessa brtt., heldur hitt, að ég tel, að sá vegur megi frekar bíða en vegir innan héraða, með því líka að hann verður að teljast það sæmilegur eins og hann er, að við mætti búa um nokkur ár, enda er heiðin bílfær, og er búin að vera það í nokkur undanfarin ár. Það mál vel vera, að ekki sé síður ástæða til að bera niður til lækkunar á upphæðinni til vegarins um Vatnsskarð. Það mun vera ætlunin að flytja veginn þar til í Skarðinu, og það mun kosta svo mikið, að fé það, er n. leggur til, að fari þangað, hrekkur ekki nema að litlum hluta til hins nýja vegar. Það sem þar verður því gert til vegabóta að þessu sinni kemur ekki að neinum notum, því að hinn nýja veg verður ekki hægt að nota fyrr en búið verður að tengja hann við þjóðveginn aftur, og það verður ekki fyrr en eftir mörg ár, þó ríflega verði til hans lagt.

Ég ætla mér ekki að mæla sérstaklega með neinum einstökum af þessum vegum, sem ég flyt brtt. um framlag til. Allt eru það vegir í byggðum, og um að ræða aukning á vegakerfi byggðanna. Ég legg til, að það séu veittar aðeins lágar upphæðir til hvers vegar um sig, af því að af litlu fé er að miðla, en ég vildi með því sýna, að það væri ætlun þingsins að halda áfram að bæta vegakerfi þessara héraða, þótt í smáum stíl væri að þessu sinni. Almenningur mun skilja það, að ekki er hægt að veita stórar fjárhæðir á hverjum stað á þessum tímum, en hann getur ekki sætt sig við það, ef framkvæmdir falla alveg niður á þessum vegum, þar sem þó nokkru er varið til vegamála, og sízt getur hann sætt sig við það, ef það litla fé, sem veitt er, fer aðallega í vegagerðir á heiðum uppi. Ég hygg, að ekki sé of bjartar vonir sveitabyggðanna nú um framtíðina, hvað snertir efnalega afkomu, þótt þeir menn, sem hér heyja stríð við erfiðleika þessa tíma, séu ekki sviptir þeim vonum, er þeir hafa gert sér um smábatnandi samgöngur.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég tel ekki ástæðu til að segja margt um till. hv. fjvn. Ég er flestum niðurfærslum þeirra samþykkur og vona, að þær nái samþykki. Að vísu eru það nokkrar hinar smærri niðurfærslur, sem ég get ekki verið alveg sammála um, þar á meðal er t. d. styrkurinn til Sögufélagsins, sem n. leggur til, að falli niður. Mér sýnist tæplega fært að taka styrkinn allan af þessu félagi, þegar Bókmenntafélag Íslands og fleiri samskonar félög fá að halda sínum styrkjum að nokkru. Ég efast um það, að hægt verði að færa niður greiðslu til aukakennslu við Háskóla Íslands meir en um 20%, eins og ég lagði til í frv. Ég ætla nú ekki að fjölyrða um hin smærri atriði í brtt. n., því að um þau er ég yfirleitt sammála n. Við samningu fjárlagafrv. reyndi ég yfirleitt að taka tillit til þeirra heimilda, sem felast í gildandi lögum um greiðslur úr ríkissjóði, en náttúrlega er þar ekki tekið tillit til þeirra útgjalda, sem á þessu þingi kunna að verða samþ. á hendur ríkissjóði, og fyrir þeim gjöldum er vitanlega ekki hægt að áætla að svo stöddu nema út í bláinn. Um tekjuáætlun n. ætla ég ekki að deila, en ég hygg, að mín áætlun bregðist ekki, og því sé ekki þörf á að lækka tekjuliðina, eins og n. hefir gert. Ég hygg, að útflutningsgjöld muni ekki lækka á næsta ári, þó að á þessu ári séu þau lægri en áður hafa verið. Um vörutoll og verð-

toll má að sjálfsögðu lengi deila, hvort verða muni 100—200 þús. kr. hærri eða lægri, en á þessu ári munu þessir tollar að sjálfsögðu verða mikið lægri en gert er ráð fyrir í till. n., en frv. er byggt á því, að betur gangi á næsta ári en á því yfirstandandi. En ég tel ekki ástæðu til þess að gera ágreining út af þessu, úr því að n. er öll sammála um þessar lækkunartill. Þó tel ég rétt að fella fyrstu till. n. Hingað til hefir það oftast farið svo, að tekjuskattur hefir reynzt meiri en áætlað var, en tillit hefir venjulega ekki verið tekið til þess við samningu fjárlaga eins og hægt hefði verið. Nú er það óheppilegt að áætla tekjur mikið lægri en líkur eru fyrir, að þær reynist. Hefi ég því í frv. farið nokkuð hærra en vant er með áætlun tekna og áætlað með tilliti til reynslu undanfarinna ára og gengið jafnframt út frá, að næsta ár verði áþekkt tekjuár og síðastliðið ár reyndist. Hinsvegar skal ég fúslega viðurkenna, að ég þori ekki að fullyrða, að áætlanir mínar um þessa tekjuliði reynist réttar. Meðan þeirri reglu er fylgt, sem nú gildir, að fjárlög eru samin rúmlega ári áður en þau koma til framkvæmda, þá hljóta tekjuáætlanir að vera allmjög í lausu lofti, sérstaklega á breytilegum tímum, og mun svo verða þangað til breytt kann að verða um þinghald eða reikningsár ríkissjóðs þannig, að fjárlög komi til framkvæmda þegar eftir að þau eru samþ. Þangað til að slík skipan hefir verið gerð, mega menn sætta sig við óviss og ónákvæm fjárlög. Um borðfé konungs skal ég geta þess, að ég áætlaði það í íslenzkum krónum, enda er sjálfsagt, að frv. sé allt miðað við okkar eigin krónu, en ef þm. vilja heldur, að borðféð sé tiltekið í dönskum krónum, þá væri vitanlega hægt að færa mismuninn á gengisreikning. En ég tel ekki ráðlegt að lækka þessa samningsbundnu greiðslu. Það er rétt að halda henni óbreyttri meðan við höfum konung yfir landinu, enda lít ég svo á, jafnvel þó brtt. n. um þetta atriði verði samþ., að ekki sé ætlazt til, að breytt verði þessari greiðslu frá því, sem verið hefir.

Ég tel og vafasamt, að hægt sé að lækka starfslaun hjúkrunarkvenna, sem vinna við spítala, og hygg ég, að hv. n. hafi ekki notið þeirra upplýsinga, sem henni hefði verið nauðsynlegar í þessu efni frá landlækni og dómsmálaráðuneytinu. Líkt er að segja um skrifstofukostnað sýslumanna, að ég hygg, að vart muni fært að lækka þann lið um 10 þús. kr., eins og n. leggur til, því að þegar í frv. var hann allmjög skorinn við nögl. Annan kostnað spítalanna hefir n. sundurliðað öðruvísi en gert er í frv., og mun það vera gert samkv. nýjum og fyllri upplýsingum frá landlækni. Um Kristneshæli er það að segja, að ég hefi ekki litið á það sem ríkisstofnun eins og hv. n. gerir. Mér er ekki kunnugt um neina lagaheimild fyrir því, að Kristneshæli hvíli algerlega á ríkinu. Ég hygg, að n. hefði eitthvað sagt við því, ef ég hefði t. d. tekið Elliheimilið upp í fjárlög. Ef hinsvegar á nú að taka kostnaðinn við Kristneshæli sundurliðaðan inn í fjárlög, þá má líta svo á, að hælið sé þar með orðið ríkisstofnun. Hér er ekki um stórt fjárhagsatriði að ræða, þar sem Berklavarnalögin standa að kalla undir öllum kostnaði við hælið.

Ég þarf svo ekki að lengja mál mitt fram úr þessu. Í mörgum efnum er ég sammála hv. n. um niðurfærslur hennar á gjöldum ríkisins, þeim, sem mögulegt er að lækka. Flest eru það smáar niðurfærslur, sem hv. n. leggur til. Hún sýnist hafa fundið það eins og ég, hve erfitt er að koma gjöldunum niður. — Um sparnaðarfrv. hv. fjvn. vil ég segja það, að ég tel mér skylt að styðja það, þegar til kemur.

Pétur Ottesen: Mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh., að það hefði mátt skilja hv. frsm. svo, að með 10. lið í brtt. n., um borðfé konungs, hafi það verið meining meiri hl. fjvn., að breytingin yrði aðeins sú, að jafnhá upphæð og lækkuninni nemur eigi að færast á gengisreikning og greiðsla til konungsins þannig að vera hin sama og áður. En þetta er algerður misskilningur hjá hv. frsm., ef hann hefir haldið þessu fram, því að sá var ekki tilgangur n., heldur hitt að lækka upphæðina raunverulega. Borðfé konungs er ákveðið með lögum frá 1919 60 þús. kr. á ári. Hinsvegar hefir verið venja að greiða gengismun á þessa upphæð, svo að í okkar peningum hefir upphæðin orðið nokk-

uð hærri en lögin ákveða. Það hafa oft áður komið fram till. um það, að haga greiðslu þessari lögum samkvæmt og láta niður falla gengismuninn, en þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Þessi lækkunartill. n. er borin fram í sparnaðartilgangi, og á þessum tímum, þegar öll gjöld þarf að skera niður að meira eða minna leyti, virðist ekki ástæða til að sýna hér svo mikið oflæti í útlátum, þar sem þá ekki er meiri nauðsyn fyrir hendi en hér er um að ræða.

Mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh., að hann áliti, að þótt till. n. yrði samþ., þá bæri ekki að skilja það svo sem ætlazt væri til, að greiðsla þessi yrði lækkuð frá því, sem er í frv. Þetta er, eins og ég hefi áður tekið fram, ályktað af misskilningi, og byggir hæstv. ráðh. sennilega þessa skoðun sína á ummælum hv. frsm. En ég ætla þá að taka af skarið með það og lýsa því hér yfir, að það er ákveðin meining þessarar till. að lækka þennan lið niður í 60 þús. íslenzkar krónur, eins og mælt er fyrir í lögum, að hann eigi að vera. Og nái þessi till. samþykki, þá verður að gera kröfu til þess, að hæstv. stj. virði þingmeirihlutann það mikið, að hún greiði ekki hærra en fyrir er mælt, þó að það sé kóngurinn sem á í hlut.

Steingrímur Steinþórsson: Ég þarf ekki að flytja langa ræðu. Ég er meðflm. að einni brtt. við þennan kafla fjárl. Er það VI. brtt. á þskj. 334. Hún er um það, að vegatillagið til Vatnsskarðsvegar lækki úr 15 þús. niður í 10 þús. kr., en að þeim 5 þús. kr., er þannig sparast, verði varið til Hofsósvegar. — Ég vildi lítillega gera grein fyrir þessari brtt. og get þá tekið undir með hv. 1. þm. N.-M., sem komst í ræðu sinni inn á tvennskonar stefnur í vegamálunum. Ég ætla nú ekki beinlínis að fara að gera upp á milli þessara stefna. Ég get vel skilið það, að vegamálastjóri leggi aðaláherzluna á það, að teygja langlínunetið á milli landsfjórðunga. Á þann hátt sýnist vegakerfið í fljótu bragði sýna mesta ávexti. En ég get nú, þegar svo mjög er klipið af öllum fjárframlögum til verklegra framkvæmda, tekið undir með hv. 1. þm. N.-M. um það, að ekki nái nokkurri átt að nota nærfellt allt vegaféð til brautabygginga á heiðum uppi, þegar almenn þörf er á aðgerðum niður í byggð. Því er svo háttað með Hofsósveg, að hann er nýtekinn í þjóðvegatölu, og var fyrst gerður, að heita ætti, bílfær á síðastliðnu sumri. En svo verður þá ekki áfram, nema hann fái aðgerð. Með nokkru fjárframlagi mætti gera svo við versta kaflann, að hann yrði fær. Þetta er þeim sveitum, sem vegur þessi liggur um, hið mesta nauðsynjamál. Vatnsskarðsvegurinn, sem tekinn er frá Bólstaðarhlíð, verður lagður annarsstaðar en sá vegur, sem nú er farinn. Hann kemur því ekki að notum fyrr en hann er fullagður. Þessar 15 þús. kr., sem til hans eru ætlaðar, koma því ekki að neinum notum fyrr en margar 15 þús. kr. hafa verið til hans lagðar og hann er fullgerr. Er því varhugavert, og ekki nauðsynlegt að leggja þessar 15 þús. kr. í hann, eins og nú hagar, enda er sama, hvort fram eru lagðar 15 eða 10 þús. í þann veg. Hann er jafnlítilsvirði fyrir samgöngurnar unz meira er í hann lagt. Þessi lækkun gerir því hvorki til eða frá um Vatnsskarðsveginn. En séu þessar 5 þúsundir notaðar í Hofsósveg, þá kemur hann þegar að notum fyrir sveitirnar þar í kring.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessa brtt. meira. Ég vænti þess, að hv. deild geti fallizt á hana, vegna þeirra upplýsinga, er ég hefi nú gefið.

Sveinn Ólafsson: Ég á hér brtt. við 13. gr., á þskj. 334. — Annríkis vegna hefi ég ekki getað setið á fundi né hlustað á umr., og því heldur ekki mælt með mínum till., en þær eru allar um sama efni, um tilfærslu á vegafé. Ég legg til, að nokkrar upphæðir séu teknar frá ákveðnum vegum, svo sem Holtavörðuheiðarvegi 20 þús., Blönduhlíðarvegi 3 þús. og Ljósavatnsskarðsvegi 3 þús. kr. Jafnframt legg ég til, að varið verði lítilli upphæð, miklu minni þó en fella skal niður, til vegagerðar á Austurlandi.

Eins og kunnugt er, eru það tveir hlutar landsins, sem jafnan hafa orðið útundan við vegagerðir. Þeir eru Vestfirðir og Austurland.

Þar sem nú svo óvenjulega lítið er veitt til vega og lítil efni til framkvæmda, þá ætti að sjálfsögðu um það að hugsa, að

veita fénu þangað, sem þörf fólksins er brýnust. Koma þá fjallvegirnir eða skemmtivegir sízt til greina, en flutningabrautir um byggðir verða að teljast fólkinu nauðsynlegar. Ég lít svo á, að Holtavörðuheiði sé aðallega sumarvegur ferðamanna, en oftast þá ófær bílum á vetrum, enda um hana engir þungavöruflutningar. Svipað er um hina vegina að segja, sem ég geri tillögur um, að lækkað sé tillag til.

Ég vil líka líta svo á þessar vegagerðir, að þær séu jafnhliða atvinnubótaráðstöfun fyrir þau héruð, þar sem unnið er. Svo hefir það verið og svo mun það verða. Og þegar kreppir að um atvinnu, þá er ástæða til að skipta vegafénu niður á þau héruð, þar sem mest framboð er um vinnu. En till. hv. fjvn. sýna það, að hún hefir ekki tekið tillit til þessa eða haft slíkt fyrir augum. Skipting fjvn. á vegafénu þykir mér eigi viðunandi og hefi ég því, jafnframt tillögum mínum um lækkun, lagt til, að teknir væru inn á fjárl.frv. 2 þjóðvegakaflar á Austurlandi. Er það Geithellavegur með 6000 kr. tillagi og Breiðdalsvegur og Breiðdalsheiðar með nokkru meira, eða 7000 kr. Báðir liggja vegir þessir um tiltölulega þéttbýlar og fjölmennar sveitir, sem enn verða að búa við verstu vegleysur og sætta sig við klakkaflutning, en fyrirhugaður þjóðvegur á að liggja um báða þessa staði. Með vegagerð þessari er tvennt unnið: Möguleikar á því að nota veginn strax til nauðsynlegra flutninga og atvinnubót veitt þeim mönnum, sem búa í námunda við þessa staði og hafa mikla þörf fyrir aukna vinnu. Engin ástæða er til að fjölyrða um vegi þessa og verður að ráðast, hvernig um þetta fer. En ég treysti á nærgætni þeirra manna, sem um þetta eiga að greiða atkv. og kunnugleika hafa til þess að geta metið réttilega allar ástæður. Og ef þeir, sem miður eru kunnugir, leita sér upplýsinga um þetta hjá þeim, sem kunnugir eru, þá vil ég ekki draga í efa sanngjarnlegt álit þeirra og að óskir mínar fái góðar undirtektir. — Ég gæti að vísu bent á fleiri rök máli mínu til stuðnings, en býst varla við, að þess þurfi, og mun því ekki eyða tíma þingsins með lengra máli. Ég vænti þess, að hv. fjvn. líti með sanngirni á þetta og að hún og hv. deild láti ekki hlutdrægar fortölur villa sér sýn.

Jón Ólafsson: Við þm. Rang. eigum hér nokkrar till., og eru sumar þeirra við þennan kafla.

Sú fyrsta er að veita frú Sigríði Kjartansdóttur 3000 kr. vegna sjúkleika manns hennar, síra Jakobs Ó. Lárussonar. Á síðasta þingi bárum við fram till. um sama efni, um 5000 kr. Var henni tekið vel. Nú höfum við gerzt kröfuminni og ekki farið fram á nema 3000 kr. Ástæðan til þess, að við höfum ekki gerzt kröfuharðari er sú, að okkur þykir þröngt í búi ríkissjóðs og erfitt um að sækja þangað styrk. En hinsvegar er þess að gæta, að hér er um mikla þörf og miskunarverk að ræða. En í sambandi við þessa fjárbeiðni getum við sagt þær góðu fréttir hér í d., að heilsufar sr. Jakobs Ó. Lárussonar er nú á góðum batavegi. Eru því líkur til, að ekki þurfi að koma með slíka fjárbón hingað aftur. Þess vil ég og geta, að við þm. Rang. erum ekki einir um að æskja þess, að þessi styrkur verði veittur. Öll sveitin hefir á fundi, þar sem flest sóknarbörn síra Jakobs voru saman komin, skorað einróma á okkur þm. sína, að við beittum okkur fyrir því, að Holtsprestakalli verði haldið í sama horfi og síra Jakobi veittur sjúkrastyrkur. Skal ég, með leyfi hæstv. fors., lesa upp fundarályktun þaðan:

„Fundurinn felur þm. sínum að vinna að því, að jafnframt því, sem Holtsprestakalli sé séð fyrir nauðsynlegri prestsþjónustu í sama horfi og verið hefir, þá fái sóknarpresturinn, sr. Jakob Ó. Lárusson, að halda launum sínum, og að honum sé áfram veittur sjúkrastyrkur af opinberu fé. Till. var samþ. með öllum greiddum atkv.". — Þarna kom greinilega fram, að hann og fólk hans nýtur mikilla vinsælda og að sóknarbörn hans vilja allt til vinna, að hann fái heilsu aftur og haldi brauðinu. Og nú er von um, að hann geti við því tekið innan eigi langs tíma. Ég vona nú, að þegar hv. dm. verða varir hins mikla áhuga, er fram kemur frá sóknarbörnum síra Jakobs, þá verði þeir vel við ósk þeirra og samþ. þessa till. Frá mínu sjónarmiði er hér um hið mesta miskunnarverk að ræða, að liðsinna

þessu heimili, sem á við hið þunga böl heilsuleysisins að stríða.

Þá er V. brtt. á þskj. 334, og XI. brtt. á sama þskj., sem eiga saman. Þær eru um það, að lækka vegatillag til Holtavörðuheiðarvegar um 10 þús. kr., og að samsvarandi upphæð gangi til Fjallabaksvegar í Landsveit. Ég verð að segja það, að við gerum ekki þessar till. algerlega að ástæðulausu. Í till. sínum um skiptingu vegafjárins hefir hv. fjvn. ekki ætlazt til, að unnið væri fyrir eina einustu kr. í Rangárvallasýslu. Engin sýsla mun heldur hafa orðið meira útundan um vegagerðir undanfarin ár. Þeir, sem kunna að efast um, að þetta sé rétt, ættu að líta þangað austur. Það hefir að vísu verið lagður vegur yfir Hvolsvöll og austur undir Stórólfshvol, en á þeirri leið hafa þó verið skilin eftir höft, sem kosta mundi 10 þús. kr. að fullgera, og þau eru tíðast ófær frá veturnóttum og fram á sumar. Í febr. mán. s. l. voru þau alveg ófær, þangað til þornaði um, þá mátti slarka yfir þau.

Fjallbaksvegur, sem liggur yfir Landhrepp, er svo, að sá hreppur er útilokaður frá öllum samgöngum við Reykjavík yfir vetrarmánuðina, nema þá helzt á hjarni, og þegar klaki er í jörð og snjólaust. Við þetta á nú heill hreppur að búa, og stendur þetta honum mjög fyrir þrifum, eins og gefur að skilja, þar sem kostur er góðs markaðar hér í Reykjavík, sem ekki er hægt að nota, þegar ekki er hægt að koma afurðum frá sér. — Við leggjum því til, að veittar verði 10 þús. kr. til þessa vegar og að þær verði teknar af því fé, sem fjvn. ætlar til Holtavörðuheiðarvegar. Okkur þykir mikið, að af ekki hærri upphæð en lögð er til nýbygginga vega alls skuli eiga að verja 50 þús. kr. til þessa vegar. Stingur það mjög í stúf við aðrar framkvæmdir. Ég skal viðurkenna, að sá vegur er ekki í góðu lagi, en eftir honum er ekki um neinn afurðaflutning að ræða, svo að fyrir bændur er það ekkert höfuðatriði, að honum sé flýtt svo mjög. Yfir Holtavörðuheiði gengur líka snjóbíll á vetrum, svo að samgöngur yfir hana geta ekki heitið slæmar, þótt ekki sé hrúgað þangað miklu fé. Það kemur að minnsta kosti ekki framleiðslu bænda að neinni sök, þótt ekki verði unnið mjög mikið þar sumarið 1933. En í ýmsum héruðum, þar á meðal í Rangárvallasýslu, er svo ástatt, að ekki er hægt að koma frá sér framleiðslunni kvalalaust nema svo sem 3 mánuði ársins. En með tiltölulega lítilli endurbót, svo sem er í Landsveit, og ég hefi nú lýst, mætti koma frá sér framleiðslunni nærfellt allt árið.

Ég er þá kominn að síðari kaflanum og mun því ekki mæla fleira að sinni.

Jörundur Brynjólfsson: Ég á hér eina brtt. við þennan kafla, þá I. á þskj. 334. Hún er um það, að veita Lúðvík Nordal lækni á Eyrarbakka 1000 kr. til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu. Þessi læknir hefir nú starfað um alllangt skeið þar eystra og getið sér hinn bezta orðstír. Læknishérað þetta er víðlent og torvelt yfirferðar. Er því erfitt fyrir einn lækni, sem einnig er nokkuð við aldur, að gegna öllum erindum. Héraðslæknirinn er að vísu ágætismaður og ekkert nema gott um hann að segja, en nauðsyn þess að hafa tvo lækna þarna er það mikil, að nokkrir menn hafa tekið það ráð að launa öðrum lækni að nokkru, þar sem laun hans sem praktiserandi læknis hafa eigi getað orðið svo mikil, að nægt hafi honum og fjölskyldu hans til framfæris. En nú eiga þeir menn, sem hafa greitt þessi laun, erfitt með greiðslur og þá líka með þetta eins og annað. Áður hefir verið leitað til þingsins í þessu skyni, þótt ekki hafi komið fram till. um það í d. þingsins. En slíkt erindi hefir verið sent til fjvn., og eigi fengið áheyrn hjá henni. Ég hefi nú leyft mér að bera þessa till. fram fyrir hv. d. Vona ég, að hún líti með sanngirni á hana og neiti henni ekki. Ef ekki hefði verið svo erfitt sem er, þá hefði ég látið að ósk héraðsbúa og haft till. hærri. En þar sem henni er nú svo mjög í hóf stillt, þá vona ég, að hún verði samþ.

Um einstakar brtt. mun ég ekki fjölyrða. Ég get þó ekki stillt mig um að víkja að því, sem hv. frsm. sagði um vegamálin. Hann hefir vitanlega haldið fram sinni skoðun í því efni. En ég get tekið undir það, sem þeir hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. S.-M. sögðu. Þegar eins lítið er lagt af mörkum til vegagerðar

eins og er í þessu frv., þá verður fyrst og fremst að leggja til grundvallar fyrir skiptingu þess, að það geri sem mest gagn, þegar miðað er við hagsmuni almennings. En það er flutningur á nauðsynjum frá og til heimila. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þeim till., sem vegamálastjóri hefir sent Alþingi nú, þar sem það er fyrirfram kunnugt, hvað litlum fjármunum er úr að spila til vegagerða á næsta ári. Og ég mótmæli því, þótt þessi maður hafi góðan kunnugleika á högum lands og þjóðar og láti sér annt um starf sitt, að hann kunni betur skil á þörfum manna á hverjum stað, að því er samgöngur snertir, heldur en einstakir þm., hver í sínu héraði. Því til sönnunar þarf ekki annað en líta á, hvernig hann leggur til, að notað sé það litla fé, sem gert er ráð fyrir að leggja í vegagerð á næsta ári. Megninu af því vill hann láta verja til umbóta á fjöllum uppi, þótt víða séu enn í byggðum hinar verstu torfærur, og menn verði sumstaðar að flytja nauðsynjar sínar á reiðingum, vegna þess að ekki er einu sinni hægt að koma hestvögnum við til flutninganna.

Að ég kem ekki fram með till. um aukin framlög til vegagerða í sveitum stafar ekki af því, að ekki sé hin brýnasta þörf á því, heldur af hinu, að ég býst ekki við, að fjárhagur ríkissjóðs leyfi það.

Ég vildi aðeins láta það koma fram, sem ég nú hefi sagt, vegna þess að mér fannst á ummælum hv. frsm., að þar kenna hins mesta misskilnings í þessum efnum.

Haraldur Guðmundsson: Við þennan hluta umr. hefi ég fátt að segja. Mér þykir þó rétt að endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir þingið af hæstv. ríkisstj., er hreint niðurskurðarfrv. Borið saman við framkvæmdir síðustu ára á sama og ekkert að veita til nýrra verklegra framkvæmda, einar 400 þús. kr. samkv. frv. stj. Ég hefi lýst því yfir áður, að einmitt af því, að árferðið er eins og það er nú, tel ég þetta alveg óverjandi. Þegar dregur úr atvinnu hjá einstaklingsfyrirtækjum, verður ríkissjóður með einhverjum ráðum að halda að minnsta kosti framkvæmdum sínum í horfinu, og helzt að auka þær. Ég játa að vísu, að á því eru nokkrir örðugleikar, sérstaklega þar sem ekki hefir verið í gildi á undanförnum árum löggjöf í þá átt, sem gert er ráð fyrir í frv. okkar jafnaðarmanna um jöfnunarsjóð ríkisins.

Ég hygg, að tekjuáætlun hæstv. fjmrh. hafi mátt telja varlega. Ég held, að áætlunin sé komin það langt niður, að hún hljóti að standast, svo framarlega að ekki fari allt í kalda kol. Fyrir þá, sem gera ráð fyrir, að allt falli í rústir, er ómögulegt að gera tekjuáætlun, sem nokkurt vit er í. Ef tekjur ríkissjóðs fara niður úr því, sem hæstv. fjmrh. áætlar, þá má eins búast við, að þær falli svo langt niður, að ómögulegt er að gera sér grein fyrir, hvar það mundi lenda. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir, að tekjuáætlun hv. fjvn. sé neitt nær sanni en áætlun hæstv. fjmrh., og sé ég því enga ástæðu til að samþ. brtt. hennar um lækkun tekjuliða. Ég álít, að reynsla undanfarinna ára hafi sýnt það, að ef Alþingi vill ekki sleppa fjárveitingavaldinu úr höndum sér, þá sé sjálfsagt fyrir það að gera ekki leik til þess að áætla tekjurnar svo lágt, að fyrirsjáanlega verði miklar umframtekjur, sem stj. svo getur ráðstafað eftir eigin geðþótta.

Um aðrar brtt. hv. fjvn. skal ég lítið segja. Ég skal þó taka það fram, að ég er n. sammála um, að rétt sé að fella niður gengisviðaukann á konungsmótunni. En mér þótti hv. frsm. fjvn. of konunghollur, þegar hann fór að tala á móti þessari brtt., sem hann þó átti að mæla fyrir af hálfu n. Og mér skildist hann vera að gefa í skyn, að það væri ekki meiningin að lækka konungsmótuna, heldur væri aðeins um að ræða, að færa gengismuninn á annan lið. Ef svo er, sé ég ekki, að þessi till. hafi neina þýðingu.

Annars þykir mér rétt að henda á það innilega bræðralag og þá góðu samvinnu, sem er hjá hinum tveimur mögnuðu andstöðuflokkum í fjvn.

Það er meira ósamkomulagið eða hitt þó heldur í þessari n. milli flokkanna, sem alltaf lýsa hvor öðrum sem stórhættulegum þjóðinni, þegar þeir eru að tala við kjósendur, og fjallar hún þó um þau mál, sem talin eru þýðingarmest af störfum löggjafarþinga, sem sé fjármál-

in; þar virðist ekki ganga hnífurinn á milli. N. er sammála um nál. og sammála um brtt. Íhaldsmenn, sem þykjast vilja kreppa að hæstv. stj. og neita henni um fé til þess að gera henni ómögulegt að sitja við völd og hefta framgang stjórnarskrármálsins, þeir leita nú að hverri hugsanlegri smugu til þess að spara fyrir hana. (JAJ: Það er gert fyrir kjósendurna). Ég hélt, að það væri aðallega gert fyrir hæstv. ríkisstj., svo að hún gæti þó hangið áfram. Að hjálpa stj. til að létta af sér lögboðnum gjöldum er alveg það sama og útvega henni tekjur, og verður því lítið úr skrafi hv. sjálfstæðismanna um að neita ríkisstj. um tekjur. Af till. fjvn. sé ég, að íhaldsmenn eru sammála framsóknarmönnum um að létta hálfrar millj. kr. gjöldum af ríkissjóði. Og til viðbótar flytur svo hv. fjvn. sérstakt frv., þar sem um er að ræða að auka beint tekjur ríkisins til óbundinna útgjalda. Samkv. því á að taka tekjur af tóbakseinkasölunni af verkamannabústöðunum og byggingar- og landnámssjóði og leggja þær í ríkissjóð, taka skemmtanaskattinn af þjóðleikhúsinu og leggja hann í ríkissjóð, láta byggingar á prestsetrum niður falla og einnig hið árlega framlag til Landsbankans. Það virðist talsvert ósamræmi í þessum aðgerðum sjálfstæðismanna í fjvn. við það, hvernig þeir tala hér í hv. d. Þeir hrækja ekki eins hraustlega, þegar til verkanna kemur, eins og þeir gerðu hér við eldhúsdagsumr. Ég sé ekki, að það væri auðvelt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að greiða atkv. á móti fjárlögunum, eins og þeir eru að gera ráð fyrir, þegar þeirra menn í fjvn. hafa skrifað undir sameiginlegt nál. um þau með framsóknarmönnum og eru þeim sammála um allar brtt. Með því hafa þeir sýnt, að þeir eru sammála Framsókn um framgang fjárlaganna á þeim grundvelli, sem nál. gerir ráð fyrir.

Mér þótti rétt að benda á, hversu mjög þetta háttalag skýtur skökku við ýms ummæli, sem fallið hafa hér í hv. d. af hálfu íhaldsmanna.

Um brtt. einstakra þm. hefi ég lítið að segja. Ég á nokkrar brtt., en þær eru flestar við seinni hluta fjárlagafrv., og verð ég því að láta bíða að geta þeirra. Eina brtt. á ég þó við brtt. n., sem tilheyrir þessum kafla. Er hún við tölulið 12, þess efnis, að þar komi nýr liður, framlag til Fjarðarheiðarvegar, 15 þús. kr.

Þessi vegur hefir ekki átt upp á pallborðið hjá hæstv. ríkisstj. Það eru ýmsir aðrir vegspottar, sem fundið hafa náð fyrir augum hennar og hennar flokks. Ef ég man rétt, fóru fram fjórar atkvgr. um mismunandi há framlög til Fjarðarheiðarvegar á sumarþinginu, tvær hér í hv. d. og tvær í hv. Ed. Við þær allar greiddu allir framsóknarþm. atkv. á móti því að leggja fé til þessa vegar.

Nú er rétt að geta þess, að fyrsta áætlunin, sem var gerð um kostnaðinn við að leggja veg yfir Fjarðarheiði, var gerð með það fyrir augum, að lagður væri vegur, sem stæði upp úr snjó mestan hluta ársins, frá Seyðisfirði upp að Egilsstöðum, og átti hann að kosta um eða yfir 300 þús. kr. Nú mun aftur vera skoðun allra, sem til þekkja þarna fyrir austan, og ég hygg líka vegamálastjóra eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf fjvn. á vetrarþinginu í fyrra, að ekki sé rétt að halda sér við þessa hugmynd, heldur eigi að ryðja bílfæran sumarveg yfir heiðina. Áætlar vegamálastjóri, að slíkur vegur mundi kosta 90 þús. kr. Ég hefi ástæðu til að ætla, að það sé óþarflega rífleg áætlun, því að aðrir kunnugir menn, sem þetta hafa athugað, álíta, að komast mætti af með 60 þús. kr. til að gera sæmilegan veg yfir heiðina þann tíma árs, sem snjór er ekki til fyrirstöðu.

Aðstaðan þarna eystra er sú, að Seyðisfjarðarkaupstaður hefir ekkert vegasamband við héraðið og er hann því algerlega skorinn frá bílveginum, sem liggur ofan við fjallgarðinn og niður á Reyðarfjörð og Eskifjörð. Í þessu sambandi má einnig benda á það, að Austfirðir eru ennþá ekki komnir í samband við aðalvegakerfi landsins. En eftir þeim till., sem fyrir lágu frá vegamálastjóra árið 1930, má telja víst, að fyrir 100—140 þús. kr. megi gera bílfært frá Húsavík við Skjálfanda yfir Reykjaheiði og Kelduhverfi, upp með Jökulsá, upp yfir Fjallasveit, austur yfir öræfin og niður Jökuldal að Jökulsárbrú og bílveginn þaðan. Væri svo ennfremur gerður vegur yfir Fjarðarheiði fyrir um 60 þús. kr., væri kominn nokkurn veginn óslitinn bílveg-

ur frá vötnunum í Rangárvallasýslu eða þaðan, sem bílar komast lengst austur, vestur og norður um land alla leið austur til Seyðisfjarðar. Og þegar litið er á þær feiknafjárhæðir, sem lagðar hafa verið í vegagerðir á undanförnum árum, þá er furðulegt, að ekki skuli hafa verið varið þessari tiltölulega litlu fjárhæð, sem til þarf, til þess að tengja heilan landsfjórðung við aðalvegakerfi landsins.

Verði þessi fjárveiting til Fjarðarheiðarvegarins tekin upp í fjárlög, ber á það að líta með tvennt fyrir augum. Annað er nauðsyn kaupstaðarins og hlutaðeigandi héraðs, sem er mjög mikilsvert atriði, þar sem kaupstaðarbúum og héraðsbúum er bægt frá að hafa viðskipti hvorum við aðra til hins mesta skaða fyrir hvoratveggju, meðan ekki er gert bílfært yfir heiðina. Hitt er það, að skoða verður þetta sem spor í áttina til þess að tengja Austfirði við vegakerfi landsins. Að þessu athuguðu vænti ég, að hv. þdm. líti sanngjarnlega á málið og greiði brtt. minni atkv. Hér er ekki farið fram á nema 15 þús. kr. Ég geri mér í hugarlund, að ekki þyrfti þó að dragast í 4 ár að ljúka þessu verki. Er upphæðin tiltekin í þeirri von, að meira fáist seinna. Ef til vill væri ekki vonlaust um, að hægt væri að fá til bráðabirgða eitthvað af fé þar eystra til að flýta verkinu, ef tekin væri upp fjárveiting til þess á fjárlög, sem teljast yrði sem loforð um áframhaldandi framlag.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína; vænti ég, að hv. d. taki henni hið bezta.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þdm., sem brtt. flytja við þennan hluta fjárlagafrv., hafa nú talað fyrir þeim. Fjvn. hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til hverrar einstakrar brtt. á þskj. 334. Það, sem ég segi um þær, get ég því ekki sagt fyrir hönd n., og verður að skrifa það á minn eigin reikning.

Ég skal fyrst víkja nokkrum orðum að þeim till., sem mestu máli skipta, en það eru brtt. um framlög til ýmissa sérstakra vega. Mér kom það ekki á óvart, þótt menn litu á það öðrum augum en vegamálastjóri og n., hvar helzt á að láta vinna fyrir það fé, sem til vegagerða er ætlað á næsta ári. Þar kemur svo margt til greina, og þá ekki sízt sérhagsmunir héraðanna. En vitanlega verður n. að líta á þetta mál með heildarhagsmunina fyrir augum. N. hafði líka óhagstæða aðstöðu að því leyti, að ekki lá fyrir henni erindi um framlag til neins af þessum vegum, sem um ræðir í brtt. einstakra þm. Þessir þm., sem till. flytja, hafa heldur ekki fundið n. að máli né mælzt til þess, að hún tæki þessa vegi upp í till. sínar. Og mér finnst það til of mikils mælzt af hv. þm., að ætlast til, að n. tæki þessa vegi upp í till. sínar á móti till. vegamálastjóra, án þess að fyrir lægju neinar upplýsingar um nauðsyn þeirra.

Sumir hv. þm., sem brtt. flytja, ætlast þó að vísu til þess, að fylgt sé að nokkru leyti till. n., nefnilega að því, er snertir þær heildarupphæðir, sem gert er ráð fyrir að verja til vegagerða. Hinsvegar leggja þeir til, að færðar séu til upphæðir, þannig, að tekið sé fé af einum vegi til að leggja í annan. Í þessu efni hafa þeir fundið einn verulegan tekjustofn, og það er Holtavörðuheiðarvegurinn. Hv. 1. þm. N.-M. ætlar að taka þaðan 20 þús. kr. og leggja þær í ýmsa vegi í sínu kjördæmi. Hv. 1. þm. S.-M. ætlar líka að taka þar 20 þús. kr. og verja þeim að nokkru leyti til vega í Suður-Múlasýslu, en að nokkru leyti ráðstafar hann þeim ekki. Og svo ætla loks hv. þm. Rang. að taka þarna 10 þús. kr. til Fjallbaksvegar í Landsveit. Það var bara hundaheppni, að það skyldi hrökkva til alls þessa, það sem eftir till. n. átti að verja til Holtavörðuheiðarvegar. Ég hefði eftir þetta ekki látið mér bilt við verða, þótt hv. jafnaðarmenn hefðu í brtt. sinni við 16. gr. lagt til, að upphæðin, sem þeir vilja fá til atvinnubóta, væri einnig tekin af tillaginu til Holtavörðuheiðarvegar. Þar er auðvitað ekki nema um eina milljón að ræða.

Hv. þm., sem brtt. flytja, halda því fram, að svo miklu hafi verið varið til Holtavörðuheiðarvegar undanfarið, að vel sé fært að klípa af fjárveitingunni til hans nú. Ef gert er ráð fyrir, að þessir hv. þm. hafi ekki vitað um till. hvors annars, virðast þeir ætlast til, að 30 þús. kr. verði veittar til þessa vegar, því að

enginn þeirra gengur lengra en það að taka 20 þús. kr. af þeim 50 þús. kr., sem n. ætlaði honum. Þótt það væri samþ., mundu þessar 20 þús. kr. hrökkva skammt til 20 þús. kr. vegar í Norður-Múlasýslu, 20 þús. kr. vegar í Suður-Múlasýslu og 10 þús. kr. vegar í Rangárvallasýslu. Það verður því, ef taka á brtt. hv. þm. til greina, annaðhvort að leggja allar upphæðirnar saman og fella alveg niður framlagið til Holtavörðuheiðarvegarins, eða þá að hækka heildarupphæð þá, sem ætluð er til vegagerða.

Um Holtavörðuheiðina er það að segja, að nýi vegurinn er nú að sunnan frá kominn upp undir heiðina, en langversti kaflinn á leiðinni yfir heiðina er á henni sunnanverðri. Á þessa árs fjárlögum eru ætlaðar 30 þús. kr. til þessa vegar, og fyrir þær býst vegamálastjóri við, að hægt sé að leggja 2½ km. Ef veittar eru 50 þús. kr. á næsta árs fjárlögum, býst hann við, að vegurinn komist niður fyrir Holtastein, en þangað þarf hann að komast, ef hann á að koma að notum, því þar kemur hann fyrst í samband við gamla veginn. Verði ekki lagt fram svo mikið, kemur það, sem búið er að leggja fram, engum að notum. Þetta býst ég ekki við, að hv. þdm. hafi gert sér grein fyrir, þegar þeir gerðu till. um að lækka framlagið til Holtavörðuheiðarvegar. Það verður að játa, að þessi fjárveiting er hlutfallslega nokkuð há, samanborið við það, sem lagt er til vega annarsstaðar eftir till. n., en þar sem um er að ræða að gera nothæfan talsvert dýran vegarkafla á þeim hluta leiðarinnar milli Suðurlands og Norðurlands, sem ógreiðastur er yfirferðar, sýnist ekki mega skera framlagið um of við neglur sér.

Ég skal fúslega viðurkenna, að fyrir hérað eins og Húnavatnssýslu er þessi vegur ekki bráðaðkallandi. Þeirra hluta vegna þarf ég því ekki að mæla með honum. En á síðasta þingi voru 30 þús. kr. veittar til þessa vegar. Þær koma ekki að neinu haldi, nema haldið sá áfram. Sporið var stigið á síðasta þingi, og það verður ekki aftur snúið. Hér er farið fram á hið minnsta, sem hægt er að komast af með til að koma nýja veginum í samband við þann gamla. Þegar það er gert, þá væri forsvaranlegt að láta frekari aðgerðir bíða; ef þörf er á í 1—2 ár. — Þeim, sem farið hafa norðurleiðina, kemur nokkurnveginn saman um, að næstversti kafli þeirrar leiðar sé í Húnavatnssýslunni, í út-Víðidalnum. Það væri því freistandi fyrir mig að slást í hópinn og klípa eitthvað af Holtavörðuheiði í þennan veg. Í allsherjaráætlunum landsverkfræðings frá 1907 og vegamálastjóra 1924 er það tekið fram, að þennan kafla sé nauðsynlegt að leggja á allra næstu árum. En hann er ókominn enn. Ég hefi áður kvartað yfir þessu, en samt fer ég ekki í fótspor þessara hv. þm., að mjólka Holtavörðuheiði til hagsbóta fyrir mitt kjördæmi.

Hv. þm. Skagf. hafa farið að kroppa í Vatnsskarðsveg, taka af honum 5000 kr. og leggja í Hofsósveg. Ég skal ekki mæla á móti þörfinni á þessum vegi. En á það er að líta, að vegurinn yfir Vatnsskarð komi að notum og nái á gamla veginn, en til þess að svo verði, verður að leggja 7 km., sem áætlað er að kosti 75 þús. kr. Það er því nauðsyn, að haldið verði vel áfram, eftir að byrjað er, svo að það, sem lagt er, verði ekki lengi ónothæft. Að vísu er að því leyti öðruvísi ásatt með þetta en Holtavörðuheiði, að enn er ekki byrjað á vegarlagningunni. En árlega er varið stórfé í viðhald gamla vegarins, og hafa farið í það undanfarin ár um 4000 kr. á ári. Viðhaldið í þrjú ár nemur því upp undir það eins miklu og þessi spotti kostar. Það eru því beinir hagsmunir ríkisins að koma þessum vegi áfram. — Ég álít nú samt, að þeir hv. þm. Skagf. hafi að því leyti betri málstað en þeir, sem eru að höggva í Holtavörðuheiði, að þarna er þó ekki búið að leggja í neitt, og því ekkert, sem liggur rentulaust, þótt fjárveitingin falli niður. Það hefði því mátt búast við, að einhverjir fleiri hefðu beint skeytum sínum í þessa átt, en það hrekkur náttúrlega ekki eins langt og Holtavörðuheiði, jafnvel þótt upphæðin sé tekin öll.

Það hefir ekki komið neitt fram hjá þeim, er talað hafa fyrir brtt. sínum, er sýni það, að þessir umræddu vegir séu nauðsynlegri en þeir, sem n. leggur til að lagðir verði. Hitt vita allir, að þörfin á vegum er mikil. Hv. 1. þm. S.-M. talaði um það, að það væri enn flutt á klökkum

í sínu héraði. Ég býst við, að svo sé víðar, og þetta sannar ekki, að nauðsyn nýrra vega sé ríkari þar en annarsstaðar. En það mun vera erfitt að fullyrða það, að n. hafi farið rangt að og lagt til, að veitt sé fé til vega, sem minni þörf er á en þeim, sem verða að bíða. Við höfum haft álit vegamálastjóra við að styðjast, og þótt hv. 1. þm. Árn. hafi kastað hnútum til okkar fyrir að hafa farið að tillögum hans, þá er þó þar með ekki sannað, að þær hafi verið óréttmætar.

Ég ætla nú samt ekki, þar sem n. hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til þessara brtt., að slást harðvítuglega móti þeim.

Út af því, sem rætt hefir verið um brtt. n. um borðfé konungs, vil ég taka það fram, að í fyrri ræðu minni var ég að skýra frá því, hvernig sú greiðsla hefði verið framkvæmd undanfarið. Upphæðin var færð í ísl. kr. á landsreikningi eins og í fjárlögum, en gengismunurinn settur á gengisreikning, og kom því á óviss útgjöld á landsreikningi. Ég hygg, að þetta sé mörgum þm. kunnugt. Það hefir aldrei komið fram aths. um þetta, og aldrei hefir verið leitað aukafjárveitingar sérstaklega. Úr því þetta hefir verið svona framkvæmt, þá lít ég svo á, að ekki komi til mála að hætta að greiða gengismuninn. Það kemur ekki af neinni sérstakri konungshollustu, en ég skoða þetta vera fyrir löngu viðurkennt af Alþingi, hvort sem það var réttmætt eða ekki. Þingið hefir samþykkt þetta óbeinlínis. Þessi greiðsla hefir áður verið margfalt hærri en hún er nú áætluð; árið 1924 nærri jafnhá hinu lögboðna borðfé. Það var ekki síður ástæða til að finna að því þá. Ég tel ekki hjá því verða komizt að greiða þetta, enda hefir hæstv. fjmrh. lýst yfir því, að hvað sem þessari till. liði, þá yrði þessi upphæð greidd sem mismunur á gengisreikningi. Ég er á móti þessari greiðslu, en ég álít hana þess eðlis, að ekki verði hjá því komizt að greiða hana eftir fyrri framkvæmdum þings og stj. (**EA**: Ef ísl. krónan kemst niður í 10 aura, þá verður þetta lagleg súpa!) Þetta var lagleg súpa 1924. En það eru fleiri upphæðir en þessi, sem eins er farið um. Sendiherra er þannig líka greitt í d. kr.

Um þessar smábrtt., sem eftir eru, hefi ég litið að segja. Þar er ein um styrk til Lúðvíks læknis Nordals á Eyrarbakka. Nú situr héraðslæknir á Eyrarbakka, og ég hefi ekki heyrt þau rök, er hafa sannfært mig um nauðsyn þess, að hafa tvo lækna þar. Um II. brtt. á þskj. 334 hefi ég fyrir mitt leyti lítið að segja. Mér skildist í fyrra, að sú fjárveiting, er þá var veitt, ætti að nægja, en ég hefi ekki skap í mér til að mæla gegn till.

Hv. þm. Seyðf. var með ýmsar áætlanir um kostnað við vegagerð yfir Fjarðarheiði. Það má vera, að þær áætlanir séu réttar, en þær eru á talsvert annan hátt en áætlanir vegamálastjóra. Hann álítur kostnaðinn um 360 þús. kr. Hv. þm. Seyðf. telur hann 200 þús. kr., og ódýrari leiðina 60 þús. kr., en hana telur vegamálastjóri 100 þús. kr. Auk þess, sem vegur þessi þarf sjálfsagt mikið viðhald, þá verður hann varla fær nema sumarmánuðina, júlí—okt., og þá raunar ekki færari en svo, að þurfa mun að moka snjó úr talsvert mörgum giljum. Hv. þm. geta því séð, að þetta er ekkert glæsilegt fyrirtæki.

Ég er ekki nægilega kunnugur Fjallbaksvegi í Landsveit, til þess að ég geti um hann rætt núna. Ég hefi beðið vegamálastjóra um upplýsingar, en ekki fengið þær enn. En hitt er víst, að vegamálastjóri telur vegagerð þarna ekki eins aðkallandi sem víða annarsstaðar.

Það er auðvitað ávallt álitamál, hvaða vegi eigi að leggja og hvaða vegi að láta bíða. Ég veit, að hv. flm. þessara brtt. er yfirleitt vorkunn, því alstaðar er þörfin mikil á auknum vegum og bættum samgöngum. Og um allar þessar brtt. má segja það, að um leið og þær fara fram á umbætur á vegakerfinu, þá fara þær líka fram á aukna atvinnu, og það er gott að henni sé dreift sem víðast yfir. En á það má þá líka benda, að heildarkostnaður við slíkar vegalagningar verður tiltölulega meiri, sé fénu dreift mjög mikið.

Pétur Ottesen: Af ummælum hv. frsm., er hann talaði um lækkun á borðfé konungs, mátti skilja, að þetta væri í fyrsta sinni, sem það kæmi til tals að færa þessa greiðslu niður. Áður en sambandslögin voru samþykkt, hafði stj. tekið upp í fjárl. 50 þús. kr. til konungs, en á sama

þingi var borið fram frv. til l. um greiðslu á borðfé konungs, og var þá upphæðin hækkuð upp í 60 þús. kr., og náði frv. samþykki þingsins. Mætti þessi hækkun talsverðri mótspyrnu, og hafa á síðari þingum komið fram till. um að lækka þetta, að greiða ekki gengismun, heldur greiða allt í íslenzkum krónum, eins og borgurum landsins eru greidd laun þeirra. Er það því ekkert nýtt, þótt till. komi fram um að færa þetta niður.

Það, sem sérstaklega kom mér til að taka hér til máls nú aftur, var það, að hv. frsm. gerði ráð fyrir því, að enda þótt þetta yrði samþ. hér á þingi, myndi hæstv. stj. samt hafa það að engu. Vil ég enn mótmæla því, að henni sé þannig gefið undir fótinn um það, að hún mætti ganga í berhögg við samþykktir Alþingis, ef henni sýndist svo. Finnst mér þingið hafa fulla ástæðu til að halda fast í vald sitt, meir en það hefir gert undanfarið, heldur en að vera að gefa stj. undir fótinn með að virða að vettugi samþykktir þess og lög. Vildi ég mótmæla þessu kröftuglega, því að það er síður en svo, að hv. frsm. hafi nokkra heimild til þess frá fjvn. að mæla svo, hvorki um þetta atriði né önnur fjárlagaatriði, heldur var það þvert á móti brýnt fyrir frsm. í n. að halda því fast að stj., að hún færi hvergi út fyrir ákvæði fjárlaganna, nema í þeim tilfellum, að áætlanir í lögbundnar greiðslur reyndust of lágar.

Sveinbjörn Högnason: Hv. samþm. minn gerði grein fyrir brtt. okkar við fjárl., svo að mér hefði verið óþarfi að tala sérstaklega fyrir þeim, ef hv. frsm. fjvn. hefði ekki gefið mér ástæðu til þess.

Fyrst er brtt. okkar á þskj. 334, um styrk til frú Sigríðar Kjartansdóttur í Holti. Veit ég, að allar styrkveitingar eru nú heldur illa séðar, eins og auðséð er af því, hvernig öllu er í hóf stillt á fjárl. Þess vegna höfum við þm. Rang. ekki farið fram á aðra styrki en þá, sem við höfum verið knúðir til að sækja um. Er ég sannfærður um það, að þótt styrkveitingar séu illa séðar nú, þá muni það ekki eiga við um þessa, því að það myndi einmitt vera illa séð af öllum, sem til þekkja, ef Alþingi synjaði um þennan styrk, enda bendir til þess sú eindregna ósk, sem hv. samþm. minn skýrði frá, að fram hefði komið í prestakalli sr. Jakobs Lárussonar um það, að skora á Alþingi að veita honum þennan styrk. Séra Jakob hefir nú verið veikur hátt á annað ár, en allar líkur benda til, að bati sé nú ekki langt undan. Er því mikils virði, að þessi styrkur fáist, að nú virðist vera að rofa til um það, að styrkurinn geti komið að gagni. Þekki ég góðan hug margra hv. þdm. til þessa máls og treysti ég svo skilningi þeirra og drengskap, að ég held mig ekki þurfa að ræða frekar um þetta mál.

Þá vil ég sérstaklega minnast á brtt. okkar, XI., þar sem við förum fram á 10 þús. kr. til Fjallbaksvegarins í Landsveit. Hefi ég orðið var við, að sumir hv. þdm. skilja þetta svo sem verið sé að fara fram á styrk til fjallvegar þess, sem liggur úr Landsveit austur í Skaftártungu, en svo er ekki. Vegur sá, sem liggur frá Suðurlandsvegi upp í Landsveit er einnig kallaður Fjallbaksvegur. Er hér farið fram á styrk, til þess að hægt sé að gera hann færan alla tíma árs, því að þessi sveit er svo stödd, að hún kemst ekki með afurðir sínar frá sér til markaðsstaðar oft og einatt að vetrinum, nema gert sé við hann. T. d. jafn-snjóléttan vetur og nú er, hefir vegurinn verið ófær lengi. Lítum við svo á, að þar sem í fjárl. eru veittar aðeins 150 þús. kr. til nýrra akvega, þá sé sjálfsagt að veita þetta fé til vega, þar sem það getur komið að fullum notum strax. Þykir okkur ekki rétt að taka mikinn hluta þess til vega, sem ekki koma strax að gagni um flutning afurða á markað. Höfum við því lagt til, að þessi fjárveiting til Fjallabaksvegar verði tekin sem lækkun á fénu til Holtavörðuheiðarvegar. Finnst okkur sem aðallega þurfi að gæta tvenns við úthlutun þessa fjár: Fyrst þess, að það, sem lagt er fram, komi að notum strax, þannig, að það létti undir um vöruflutninga og afurða, og svo hins, að það komi nokkurnveginn jafnt niður á héruðin. Þá tel ég þess beri að gæta, að jafnframt og þetta fé kæmi að notum sem samgöngubót, myndi verða að því talsverð atvinnubót á þessum erfiðu tímum. Er því ekki rétt að verja öllu akvegafé í einstöku landshlutum aðeins, þar sem það

kemur ekki heldur að fullu gagni. Hv. frsm. sagði, að ef teknar væru 20 þús. kr. af Holtavörðuheiðarvegi, þá kæmu þær 30 þús. kr., sem eftir væru, ekki að neinum notum. En ég verð að segja, að mér þykir það hart, að tekinn sé ⅓ hluti til eins vegar, þegar aðeins eru veittar 150 þús. kr. alls. Það er vitanlegt, að Holtavörðuheiðarvegur er fær á sumrum fyrir bíla, og er þar aðeins um fólksflutning að ræða. Er ekki hægt að sjá, að bjargráð séu í því á þessum erfiðu tímum að ráðstafa fénu svona, þar sem hér er ekki um vöruflutninga eða afurða að ræða þessa leið. Hitt sjá allir, að það er nauðsyn hverri sveit að komast í vegasamband við umheiminn á veturna, þegar hún getur með því skapað sér aðstöðu til afurðasölu, eins og Landsveit myndi geta, ef hún ætti þess kost að koma mjólk til markaðsstaða.

Þessar 10 þús. kr., sem við förum hér fram á til vegabóta, myndu koma því til leiðar, að hægt yrði að gera veginn færan allan veturinn, nema alveg sérstaklega illa stæði á. Vegamálastjóri hefir sagt mér, að til þess að gera veginn færan allan veturinn á þessu þriggja km. svæði, þurfi helminga hærri upphæð, en fyrir það fé væri þá líka hægt að gera veginn fullfæran alltaf. En þótt ekki fáist nú nema þessar 10 þús. kr., þá má ganga út frá því vísu, að fyrir þær má gera þá aðalbót á þessum stað, sem nægði í bráðina. Vona ég, að hv. þdm. sjái, hvílík nauðsyn þessari sveit ber til að fá þetta vegasamband til flutninga á afurðum sínum.

Guðbrandur Ísberg: Á þskj. 360 á ég brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 257, 13. tölul. Í fjárlagafrv. fyrir 1933 er gert ráð fyrir 100 þús. kr. skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta. Hefir hv. fjvn. lagt til, að þessi liður verði lækkaður niður í 90 þús. kr. Ég vil ekki fullyrða, að eigi kunni að vera hægt að lækka þennan lið eitthvað, en mér finnst n. ganga alltof langt í þessu. Hér verður að taka tillit til þess, að margskonar breytingar á löggjöfinni, sérstaklega með tilliti til innheimtu tolla og skatta, hefir aukið stórkostlega þau störf, er sýslumönnum, og þó sérstaklega bæjarfógetum í kaupstöðum, er ætlað að inna af höndum, og hefir það óhjákvæmilega leitt til þess, að þeir hafa orðið að fjölga starfsfólki sínu. Í þessu sambandi má benda á, hversu gífurlega skrifstofukostnaður í stjórnarráðinu, hjá tollstjóra, lögreglustjóra og lögmanni í Rvík hefir hækkað síðustu árin. Þessir embættismenn fá allir skrifstofufé greitt samkv. reikningi, og má því ætla, að reikningar þeirra sýni útgjöldin í réttu hlutfalli við aukningu starfanna, vegna vaxtar bæjarins og breyttrar löggjafar. En í hinum hraðvaxandi kaupstöðum utan Rvíkur hafa hlutaðeigandi embættismenn orðið að greiða hinn aukna embættiskostnað af aukatekjum sínum eða jafnvel launum, að mestu eða öllu leyti. Að því er snertir sýslumenn úti um land, í hreinum sveitahéruðum, kann það að vera, að ekki hafi aukizt til muna skrifstofukostnaður þeirra. T. d. vil ég geta þess, að fólki hefir fjölgað á Akureyri tvö síðustu árin sem svarar íbúatölu Akraneskaupstúns, og vil ég sérstaklega beina þeim upplýsingum til hv. þm. Borgf. Má af því ráða, hvort ekki muni slík fólksfjölgun kaupstaðarins ein saman hafa aukin störf í för með sér fyrir bæjarfógetann, sem þó ekki hefir fengið neina hækkun skrifstofukostnaðarins í mörg ár. Get ég í þessu sambandi upplýst það, að á Akureyri hefir skrifstofufé bæjarfógeta aðeins numið 10 þús. kr. á ári. Hefir bæjarfógetinn orðið að hafa 4 menn á skrifstofunni síðustu árin, og borgað þeim 1400—1500 kr. á ári, auk þess sem hann hefir orðið að kaupa ýmsar nauðsynjar til skrifstofunnar. Hefir hann þannig af aukatekjum sínum orðið að borga yfir 5000 kr. á ári í beinan skrifstofukostnað. Nú hafa aukatekjur þessara embættismanna lækkað, og munu gera það enn meira síðar vegna yfirstandandi kreppu. T. d. má benda á, að nú gefa uppboð í kaupstöðum ekki tekjur lengur, en oft skaða. Bæjarfógetinn á Akureyri mun t. d. hafa haft undanfarið 1500—2000 kr. aukatekjur af uppboðum. Eru þessar tekjur nokkurnveginn vissar í sveitahéruðum, en í kaupstöðum eru þær orðnar mjög vafasamar og geta horfið með öllu, og enda orðið neikvæðar, þegar illa árar vegna greiðslugetuleysis fólks þess, sem

kaupir á uppboðum og sumt freistast til að kaupa þar, af því að það getur ekki keypt nauðsynjar sínar annarsstaðar. T. d. varð nýlega á Akureyri 700 kr. tap á uppboði, er það var gert upp, og leit út fyrir, að embættismaðurinn yrði að greiða það að mestu eða öllu leyti. Kemur þetta af því, hve öll innheimta er erfið nú á tímum, og þá ekki síst þegar um dreifðar smáskuldir er að ræða.

Um aðrar aukatekjur bæjarfógeta í kaupstöðum er það að segja, að þær hljóta einnig að lækka mikið vegna innflutningshaftanna, án þess þó að hægt sé að gera ráð fyrir, að þeir geti þess vegna dregið úr skrifstofufólkshaldi. Að því er t. d. bæjarfógetann á Akureyri snertir, hefi ég áður bent á, að hann hefir orðið undanfarið að greiða ca. 5000 kr. af aukatekjum sínum í skrifstofukostnað. Nú má telja víst, að aukatekjurnar hrökkvi ekki til lengur, og verður hann þá að greiða það, sem á vantar, af sínum föstu launum. Og ef þar á ofan á að klípa af því skrifstofufé, sem hann nú fær greitt, sjá allir hvert stefnir.

Ég hefi hér sérstaklega bent á, hvernig viðhorfið er að því er bæjarfógetaembættið á Akureyri snertir, af því að þar er ég kunnugur, en ég geng út frá því, að sama eða svipað megi segja um bæjarfógetaembætti í öðrum kaupstöðum utan Reykjavíkur. Og menn ættu að geta sagt sér sjálfir, að þeir embættismenn, sem svo lítið skrifstofufé fá, að þeir verða að launa starfsfólk sitt að einum þriðja af aukatekjum sínum, eða jafnvel föstu launum, muni ekki greiða hærri laun en þeir minnst komast af með, og geta því illa lækkað þau laun frá því sem nú er.

Ég hefi því gert brtt. um það, að þessi liður verði hækkaður um 5000 kr. frá því, sem fjvn. leggur til, og er þá eftir till. minni 5000 kr. lækkun frá því, sem er í fjárl.frv. stj. Ég hefi ekki viljað ganga lengra en þetta, því að hugsanlegt er, að eitthvað megi klípa af skrifstofufé sýslumanna, sem litla eða jafnvel enga vinnu þurfa að kaupa til starfrækslu embættisins. Ég er þessu ekki nógu kunnugur, en mér virðist, að lækkunartillaga hv. fjvn. gefi tilefni til að ætla, að þetta kunni að vera hægt. En í kaupstöðum, þar sem fólkinu hefir fjölgað svo mjög síðustu árin og störfin farið sívaxandi ár frá ári, án þess að skrifstofufé hafi verið hækkað, þar veit ég, að ekki er hægt að lækka skrifstofufé, án þess beinlínis að hrekja hlutaðeigandi embættismenn úr embætti. Ég vil biðja hv. fjvn. að athuga þetta. Ég ætla, að henni hafi ekki verið það ljóst, hvernig afstaða bæjarfógetanna er í þessu efni.

Forseti (JörB): Þar sem brtt. á þskj. 352 og 360 eru of seint fram komnar, verður að leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að þær megi koma hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. samgmn. (Jón A. Jónsson): Samgmn. hefir gert till. til hækkunar á styrk til flóabátaferða fyrir árið 1933. Nál. er í prentun, en því mun verða útbýtt áður en til atkvgr. kemur. Samgmn. var á einu máli um það, að draga bæri sem mest úr útgjöldum ríkissjóðs, og taldi það skyldu sína og þingsins að stuðla að því. En það má segja, að n. átti þarna erfitt verkefni að leysa, því að þessir styrkir höfðu áður verið skornir mjög við neglur og ýms, einkum sum hin stærri bátafélög, svo illa stödd, að ekki er sjáanlegt, að þau geti haldið ferðum uppi næsta ár, ef verulega er dregið úr styrk frá ríkissjóði. En þörfin er hinsvegar brýn fyrir þessar ferðir, það eru svo að segja taflslok fyrir atvinnuvegi viðkomandi héraða, ef ferðunum verður ekki haldið uppi. Þessu til sönnunar skal það nefnt, að halli á rekstri þessara báta hefir orðið árið 1931, sem hér segir:

Djúpbátsins	..... kr.	18713.04
Flateyjarbátsins	..... —	5385.09
Skaftfellings	..... —	1615.43

Er þó eigi fyrning með talin. Fjárhagur þessara báta er svo þröngur, að þeir eiga langt frá því fyrir skuldum. Svo er það með Djúpbátinn. Þótt allt hans hlutafé sé afskrifað, sem sjálfsagt virðist, þar sem það er tapað, hvort sem er, þá vantar þó yfir 20 þús. kr. til þess, að það félag, sem að bátnum stendur, eigi fyrir skuldum.

Auk þess hafa Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður tekið að sér skuldir fyrir Djúpbátinn frá fyrri tíð, svo tugum þúsunda nemur. Flateyjarbáturinn er einnig búinn að tapa meiru en hlutafénu.

Samgmn. hefir nú ekki séð sér fært að lækka við þá báta, sem þannig eru staddir, hún leggur til, að lækkaður sé styrkurinn til ýmissa annara, svo sem til „Suðurlands", sem bezta aðstöðu hefir um fólk og flutning, og auk þess stutt svæði yfirferðar. Eftir afkomu síðasta árs virtist n. fært að lækka nokkuð á því. Samgmn. sá sér hinsvegar ekki fært að lækka svo, að þessar ferðir legðust niður og ekki yrði haldið uppi póstflutningi um þá staði, sem bátar hafa til yfirferðar. T. d. mundi póstflutningur um N.-Ísafjarðarsýslu ekki kosta minna en 10—12 þús. kr. Styrkur sá, sem nú er ætlaður til flóabátaferða í fjárl. yfirstandandi árs er 91 þús. kr. Samgmn. leggur til, að hann verði næsta ár 76600 kr., eða um 16% lækkun. Það er algerlega víst, að meiri lækkun er óvarleg, og mundi sýnilega leiða til þess, að ferðunum yrði ekki haldið uppi.

Samgmn. hefir viljað verða við óskum Grímseyinga um að veita þeim sérstakan styrk til að halda uppi ferðum milli eyjar og lands, en leggur hinsvegar til, að Eyjafjarðarbát sé ekki skylt að hafa fleiri en fimm áætlunarferðir til eyjarinnar. Viðskipti Grímseyinga eru nú mest við Húsavík, og er þeim því nauðsyn á samgöngum þangað.

Samgmn. hefir engar brtt. gert um tilhögun strandferðanna. Síðan ríkisstj. setti þau mál undir sérstaka stjórn, hefir ekkert til kasta samgmn. komið, hvorki um áætlun né tilhögun strandferðanna. Stj. hefir því ein öllu ráðið. Efast ég þó um, að það sé heppilegt fyrirkomulag, því að oft hafa einstakir nefndarmenn viljað koma þar á breytingum til hagsbóta fyrir einstök héruð, og n. hefir samræmt ferðir héraða á milli. Og venjulega hefir verið hægt að taka tillit til óska einstakra héraða, án þess að í bága kæmi fyrir áætlun skipanna.

Ég hefi þá ekki meira að segja. — Vona, að fjvn. standi ekki á móti þeirri hækkun, sem n. leggur til, að verði gerð frá frv. Minna verður að áliti n. ekki hægt að komast af með. Máske koma og brtt. frá einstökum hv. þm. um hækkun. En ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að samgmn. mun öll standa móti þeim.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég er hér meðflm. að tveimur till. Sú fyrri er á þskj. 352, 1. till. á því þskj. Er hún um það, að veita Gísla Andréssyni 1200 kr. sjúkrastyrk. Flyt ég hana ásamt hv. þm. Mýr. — Ég býst við því, að ég geti ekki upplýst þetta mál með öðru betur en því, að lesa kafla upp úr umsókninni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Veturinn 1928 varð ég fyrir þeirri óhamingju að fá heilablóðfall. Var áfall þetta svo mikið, að ég varð alveg lamaður á annari hlið. Þegar þetta skeði hafði ég, að nýloknu margra ára námi við verzlunarstörf, fyrst hér, en síðan á verzlunarskóla í Kaupmannahöfn, öðlazt mjög álitlega stöðu hér í bænum. Var ég þá nýgiftur og átti eitt barn, þá á fyrsta ári. En eftir áfallið hefi ég, eins og vænta má, verið ómegnugur þess að vinna fyrir konu minni og barni.

Ég hefi leitað mér allra þeirra lækninga, sem völ er á, en eins og kunnugt er, standa læknavísindin ráðþrota gegn þessum hörmulega sjúkdómi, og er mér því sennilega kveðinn sá skapadómur að vera um aldur og ævi að miklu leyti sviptur þeirri aðstöðu, sem flestir hafa til sjálfsbjargar.

Heilsu minni er þannig farið nú, að ég er máttlítill í vinstri hlið, en alveg máttlaus í vinstri handlegg. Ég get þó gengið um við staf. Að áliti annara mun ég hafa því nær óskerta sálarkrafta, en þreytist fljótt í höfðinu við aðra vinnu en afskriftir. Ég hefi brennandi löngun til að vinna og óska einskis framar en að nota þá krafta, sem mér hafa verið skildir eftir, mér og öðrum til gagns. En nú um langt skeið hafa mér verið allar bjargir bannaðar til slíks". — Ég þarf varla að rökstyðja þetta frekar. Konan vinnur eftir megni fyrir heimilinu, en hefir gengið erfiðlega með að fá atvinnu. Hv. þdm. munu sjá, að hér er mikil þörf á hjálp. Er líka heldur von um, að þessi maður verði færari um að vinna fyrir sér eftir því, sem frá líður, og geti þá ásamt konu

sinni bjargað heimili sínu. — Ég legg svo þetta mál undir meðferð velviljaðra dm.

Þá er ég einnig flm. að II. brtt. á þskj. 360, ásamt hv. þm. Dal. og hv. 3. þm. Reykv. Aðaltill. er um það, að veita Guðmundi Karli Péturssyni lækni styrk til framhaldsnáms í handlækningum erlendis, 2000 kr., en til vara 1500 kr. Þessi læknir, sem hér um ræðir, er nýlega útskrifaður, og gekk honum námið á þann veg, að hann hlaut hæstu einkunn, ágætiseinkunn, sem veitt hefir verið í háskólanum hér. Og ég held, að ekki hafi nema einn læknir áður hér fengið ágætiseinkunn. Hefir hann því sýnt, að hann hefir alveg óvenjulega miklar gáfur. Að vísu eru stundum annað góðar gáfur og miklir hæfileikar. En það sést ljóslega á ummælum þeirra, er veitt hafa honum meðmæli, að hjá honum fara saman góðar gáfur og miklir hæfileikar. Þessi ummæli eru frá yfirlæknum landsspítalans, þeim Guðmundi Thoroddsen, yfirlækni handlækningadeildar, og Jóni Hjaltalín, yfirlækni lyflækningadeildar. Þeir gefa honum hinn bezta vitnisburð um fyrirtaks hæfileika. Umsagnir þeirra, sérstaklega yfirlæknis handlækningadeildar, bera honum vitni um mikinn dugnað, mikla námshæfileika og góðar gáfur. Þá eru einnig meðmæli eins kennara hans, Guðm. Hannessonar prófessors. Ljúka þeir allir upp einum munni um það, hverjum hæfileikum hann sé búinn, og hvetja allir til þess, að honum verði gefinn kostur á því að stunda þetta framhaldsnám. Guðmundur Karl er fátækur og hefir engu úr að spila. Það mætti reyndar segja, að þar sem hann hefir nú lokið námi í læknisfræði, þá gæti hann starfað hér að því, og þannig unnið sér inn fé til framhaldsnáms. En því er til að svara, að það er gott fyrir alla að fara utan, sem vilja afla sér frekari menntunar, og þá ekki síst fyrir lækna. Það er erfitt að læra þá fræðigrein á bók. Það þarf að sjá hin ýmsu tilfelli með eigin augum, og það er hægast á hinum stóru sjúkrahúsum erlendis. Ég býst þó við, án þess að ég geti þó fyllilega um það dæmt, þar sem ég er ekki læknir sjálfur, að þetta eigi þó sérstaklega við um handlækningar, að þær sé erfitt að læra á bók. Í hinum stóru sjúkrahúsum sjá menn hundruð tilfella, er fyrir geta komið, og geta lært af þeim.

Ég þarf ekki að útskýra hvers virði góðir skurðlæknar eru. Í smáum þjóðfélögum, eins og okkar, er stór hætta á því, að þau tímabil geti komið, að við eigum engan góðan skurðlækni. Það orkar sízt tvímælis um aðgerðir slíkra góðlækna, að þeir bjarga lífi og heilsu fjölda manna. Ég held, að hv. fjvn., sem vitanlega vill spara, gæti varið það fyrir sjálfri sér og þjóðinni, þótt nokkru væri kostað af ríkisfé í tilraunir til þess að koma upp verulega góðum skurðlækni. Öllum þeim, sem bezt eru færir um það að dæma, ber saman um, að þarna sé frábært efni, sem með meira námi gæti orðið hjálparhella sjúkra og líðandi manna um langt árabil.

Þó kreppan sé mikil nú, þá trúi ég varla því, að neitað verði um þennan styrk. Ég skal til gamans geta þess, að auk ágætra andlegra hæfileika, er Guðmundur Karl líka ágætur íþróttamaður. Var hann fararstjóri íþróttaflokksins, sem fór til Kiel. Hann er og líka hinn mesti reglumaður, eins og íþróttamenn þurfa að vera. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég leggi mjög mikið upp úr því, en góðum skurðlækni er þó vissulega þörf á sterkum líkama, því að hinum miklu og margvíslegu störfum þeirra fylgir oft mikil áreynsla. Þótt okkur kunni að sýnast, að þeir gangi að verki sínu með köldu blóði, þá er þó enginn vafi á því, að starfi þeirra fylgir oft bæði mikil líkamleg og andleg áreynsla. Vona ég, að hv. deild taki þessari till. líka með velvild.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Það er ekkert skemmtiverk að standa hér upp og tala á móti öllum brtt. einstakra hv. þdm., sem hér eru fram komnar, og vita þó, að mikil þörf er að baki sumra þeirra, t. d. eins og er um sjúkrastyrki til einstakra manna. Enga slíka styrki hefir n. tekið upp í sínar brtt., og þó hafa margar slíkar beiðnir legið fyrir n., og henni ljóst, að mikil þörf liggur á bak við sumar þeirra. En þá menn, sem hér er farið fram á að styrkja, virðist ekki nauðsynlegra að styrkja en svo marga aðra, sem sent hafa beiðnir til þingsins í sama skyni og n. kynnt sér eftir því, sem kostur er.

Það er þá I. brtt. á þskj. 352, sem þeir bera fram saman, hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Mýra., um 1200 kr. sjúkrastyrk handa Gísla Andréssyni. N. hefir haft tækifæri til þess að kynna sér ástæður þessa manns og viðurkennir, að þær séu bágar, og ekki nema gott og æskilegt að geta hlaupið undir bagga hans og létt honum stríðið, eins og líka væri gaman að geta gert svo fjölda mörgum öðrum, og jafnvel sumum þeim, sem engar styrkbeiðnir hafa borizt frá. Það þekkja eflaust allir nokkra menn, sem svo eru á vegi staddir, að brýn þörf væri að styrkja þá og létta þeim lífsstríðið. Ég get t. d. nefnt sem dæmi, að í minu kjördæmi er maður, sem varð fyrir því óláni að missa hægri hönd og fót. Hann er bláfátækur, á fyrir 6—7 ungum börnum að sjá, svo geta má nærri, hvort hann á ekki við erfiðleika að stríða. Í slíkum tilfellum er leiðinlegt að geta ekki hjálpað, svo að um munar. En n. hefir ekki treyst sér til að ganga inn á þessa braut, þótt hún hinsvegar viðurkenni þörfina. Að vísu má segja, að það skipti ekki miklu máli, hvort 1 eða 2 menn séu teknir upp í fjárl. í þessu skyni og að ríkissjóð muni ekkert um það. En þetta gæti leitt til þess, að margir kæmu á eftir, því að sú hefir orðið reyndin hér á Alþ., að margar styrkveitingar hafa hlaðið utan um sig og ýmsir styrkir, eins og t. d. eftirlaunastyrkirnir, eru að verða lengsta gr. fjárl. Fyrir hönd fjvn. verð ég því að lýsa yfir, að hún getur ekki mælt með þessari brtt.

Sama er að segja um II. brtt. á þskj. 334, frá hv. þm. Rang., sem áður hefir verið minnzt á. N. getur ekki mælt með að samþ. hana. Þó er n. ekki einróma um það, og hafa því sumir nm. óbundin atkv. um till.

Um námsstyrkina er sama að segja og sjúkrastyrki. N. hefir ekki séð sér fært að taka neina slíka styrki upp í sínar brtt. Hér liggja fyrir till. um 2 námsstyrki, sín á hvoru þskj., 352 og 360. Önnur er um 2000 kr. styrk handa Jóni Gauta Jónatanssyni, til að lúka námi í rafmagnsfræði í Þýzkalandi, en hin fer fram á 2000 kr. styrk, eða 1500 kr. til vara, til Guðmundar Karls Péturssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis, og standa að þeirri till. þrír hv. þdm. Fyrir n. lágu margar slíkar umsóknir, en hún sá sér ekki fært, af sömu ástæðum og áður er tekið fram, að sinna neinni þeirra, og er því þarflaust að eyða fleiri orðum að því. Ef n. hefði ætlað sér að taka eitthvað af beiðnum þessum til greina, hefði hún að sjálfsögðu reynt að kynna sér til hlítar, hverjir væru maklegastir, því að venjan hefir verið sú, að það er algerlega happ, sem hlýtur, hverjir fá slíka styrki, og er sú aðferð óheppileg. N. getur því ekki mælt með slíkum fjárveitingum og er einhuga um að standa á móti þessum brtt., að undanteknum hv. þm. Dal., sem er meðflm. að síðari brtt.

Þá var ég búinn að minnast lítilsháttar á I. brtt. á þskj. 334, um 1 þús. kr. styrk til Lúðvíks Nordals læknis, til þess að sinna læknisstörfum í Árnessýslu. N. hefir óbundin atkv. um till., en meiri hl. telur ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni, af þeim ástæðum, sem ég hefi áður nefnt.

Þá eru það till. um fjárveitingar til vega. Eg hefi áður minnzt á starfsaðferð fjvn., að n. hafi farið eftir till. hæstv. stj. um fjárhag ríkisins en eftir till. vegamálastjóra um skiptingu vegafjárins. N. getur ekki breytt um skoðun á því, hvernig eigi að verja þessu fé. Þó er hún fús til þess að taka nánar til athugunar till. þessar fyrir 3 umr., ef samkomulag fæst um það að taka till. aftur að þessu sinni. Hv. flm. verða að skýra nokkuð nánar nauðsynina á öllum slíkum fjárveitingum, og ekki nema sanngjarnt, að n. fái tíma til að leita álits vegamálastjóra um þessi mál. Að því fengnu, má vel vera, að n. geti eitthvað vikið frá sínum till. Þó skal ég geta þess, að ég býst við, að n. gæti fallizt á að fella niður fjárveitingu til Vatnsskarðsvegar að þessu sinni vegna aðkallandi þarfa ýmissa héraða í þessum efnum. Af því að farið er að höggva í þessa upphæð, sýnist það geta beðið eitt árið enn, að byrjað sé á vegi þessum.

Ég býst við, að skoðanamunur verði um það, hvort fært muni vera að lækka fjárframlagið til Holtavörðuheiðar eða ekki. Hitt gæti komið til mála, sem ég býst þó ekki við, að fái góðan byr í n.,

að athuga, hvort gerlegt væri að auka enn við fjárveitingu í þessu skyni. Það gæti komið til mála einhver tilfærsla, þannig að lítilsháttar upphæð væri tekin af framlaginu til hvers vegar, til þess að hægt væri að taka upp einhverja af þeim vegum, sem hér hefir verið lagt til, að teknir yrðu upp.

Hv. þm. Borgf. hefir misskilið þau orð, sem ég mælti um borðfé konungs, ef hann hefir haldið, að ég væri þar að skýra frá áliti n. Ég skýrði aðeins frá gangi málsins til þessa, og hverja afstöðu stj. hefði haft um þessa greiðslu, og lýsti því yfir sem minni skoðun, að erfitt væri að breyta til, þar sem búið væri um langan tíma að greiða þessa upphæð í dönskum krónum.

Ég geri auðvitað ráð fyrir, að stj. skoði sig skylduga til að gera vilja þingsins, þar sem mögulegt er, en það getur verið ómögulegt að framfylgja því, sem þingið ætlast til, og verði að fara þar aðra leið og eyða meiru fé en ætlazt var til. Ég hygg, hvert sem álit n. er í þessu máli, að þá séu þó margir menn í n., sem líta svo á eftir nánari íhugun, að ómögulegt sé að færa þennan lið niður, svo að vanzalaust sé fyrir þjóðina.

Hv. þm. Ak. talaði nokkuð fyrir þeirri brtt., sem hann flytur við brtt. n. um styrk til skrifstofuhalds sýslumanna og bæjarfógeta. Hann talaði fyrir till. á þeim grundvelli, að kostnaður við skrifstofuhald bæjarfógetans á Akureyri væri svo mikill, að þar þyrfti fremur að hækka en lækka framlagið.

Ég skal játa það, að ég er ekki vel kunnugur þeim kostnaði, er fylgir því skrifstofuhaldi, en eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. gaf, þá er hann um 13500 kr., en þessi fógeti hefir fengið 10 þús. kr. í skrifstofufé. Ég geri ráð fyrir, að ýms þau störf, sem meiri háttar aukatekjur byggjast á, séu einmitt unnin af þessu skrifstofufólki, svo að það sýnist ekki óeðlilegt, að tekið sé tillit til þess. Ég held, að hér sé eingöngu um skrifstofufé að ræða, því að húsaleigustyrkur til skrifstofuhalds kemur á öðrum stað. Og þar sem það er gegnumgangandi, að nú verði launalækkun hjá opinberum starfsmönnum og fjölda mörgum öðrum, þá er ekki nema eðlilegt, að einnig lækki laun þessara manna frá því, sem verið hefir, og þó að lækkunin nemi 10%, þá er það minni lækkun heldur en orðið hefir sumstaðar annarsstaðar. Ef þessi kenning er rétt, að ekki megi lækka neitt laun þessara manna, þá liggur nærri að segja, að það megi ekki lækka dýrtíðaruppbótina eins og hún er samkv. útreikningi hagstofunnar.

Ég veit, að sumt af þessum störfum eru ábyrgðarmikil og vandasöm störf, en sumt hygg ég ekki vera meira en venjuleg skrifstofustörf, og ég veit, að þau eru fyllilega eins vel launuð og önnur skrifstofustörf á þessum stað.

Þá hélt hv. þm. því fram, að þessi embættismaður hefði tapað mjög miklu í sumum efnum, t. d. á uppboðum. En ég vil þá leyfa mér að benda á það, að verði hann fyrir töpum vegna uppboða, þá er ekkert annað fyrir hann en að taka upp þá reglu, sem nú hefir verið komið á hér í Reykjavík, að láta greiða allt við hamarshögg.

Þá benti hv. þm. á það sínu máli til stuðnings, að fólksfjölgun á Akureyri hefði verið svo mikil, að það samsvaraði öllu fólkinu á Akranesi. Þetta geta nú ekki talizt mikil rök í hans máli, því að ég veit ekki til, að Akranes fái nokkurt fé til slíkrar innheimtustarfsemi, eins og bæjarfógetinn á Akureyri hefir. Ef ætti að taka eitthvert mark á þessu dæmi, þá væri það frekar á móti hans málstað en með, því að ef ætti að setja Akureyri við sama borð og Akranes, þá ætti fógetinn á Akureyri ekki að fá neitt fyrir þessa innheimtustarfsemi.

Hæstv. fjmrh. talaði um það í ræðu sinni í dag, að honum þætti n. hafa gengið fulllangt í niðurfærslu á tekjuáætlunum. Það mætti gera ráð fyrir, að árið 1933 yrði svipað og 1931. Eins og ég hefi áður tekið fram, er þetta allt að meira og minna leyti í lausu lofti hjá n. N. hafði ekkert við að styðjast nema tekjuhalla þessa árs, sem hefir gefið miklu minni tekjur en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, og hún hafði einnig þá vissu frá árinu 1931, að þótt greiðslujöfnuður ríkisins virtist hagstæður á pappírunum, þá var hann óhagstæður samkv. útreikningi hagstofunnar, svo að munaði 3 milljónum. En þegar allt kemur til alls, þá er áreiðan-

legt, að greiðslujöfnuðurinn verður okkur miklu óhagstæðari en hagstofan hefir fengið út, og líklegt, að munurinn verði a. m. k. 5 millj. kr. Það er því áreiðanlegt, að árið 1933 verður að halda áfram í svipuðu kreppuástandi með innflutning, þar sem ekki er hægt að sjá, að nokkur verðhækkun verði á framleiðslu landsmanna. Og meðan innlendar vörur geta ekki hækkað í verði og útlitið er þannig, að atvinnureksturinn verður að takmarka sig enn meira en verið hefir, og framleiðslan þar af leiðandi minnkar, þá er ekki hægt að fá hagstæðan greiðslujöfnuð, nema þá helzt með því að takmarka eins og unnt er innflutning til landsins. Og þó að leyst yrðu öll viðskiptabönd, sem nú hvíla á, þá hljóta bankarnir af brýnni nauðsyn að takmarka þetta meira og minna, og ennfremur hlýtur ástand verzlunarfyrirtækjanna eftir síðasta ár og það ár, sem nú fer í hönd, að vera svo erfitt, að þau geta ekki flutt meira inn en það, sem brýn nauðsyn krefur.

Að öllu þessu athuguðu sýnist mér útlitið með okkar innflutning og útflutning ekki vera svo gott, að hægt sé að byggja þar á að neinu verulegu leyti. Ég vona auðvitað, að þetta ár verði ekki verra en árið 1931, enda þarf það að verða svo, ef áætlanir n. eiga að reynast réttar. Það verður líka að taka það með, að til þess að það geti orðið, þá verður að framlengja verðtollinn og gengisviðaukann, eða þá samþ. aðra skatta í þeirra stað, því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að þessir tollar verði í gildi næsta ár. Verði það ekki, þá lækka tekjurnar stórkostlega, eins og allir geta séð á því, hverjar tekjur eru áætlaðar af þessum tveimur tollum.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að Kristneshælið hefði ekki verið talið ríkisstofnun af því, að heimild hefði vantað fyrir að gera svo. Þetta mun vera rétt, en hinsvegar hefir n. fengið þær upplýsingar, að ekki muni verða undan því skorazt að líta svo á, að þetta sé ríkisstofnun eins og allir aðrir slíkir spítalar landsins og ríkið verði því að taka við starfrækslu þessa sjúkrahúss.

Hv. 1. þm. Árn. mótmælti mjög eindregið þeim ummælum mínum að taka tillit til till. vegamálastjóra í vegamálum. Það má náttúrlega segja svona lagað, en eins og ég tók áður fram, þá verða einhver rök að vera fyrir því. Það, sem vegamálastjóri hefir gert, er það, að hann hefir sent fjvn. till. sínar um vegamál, og voru þær betur undirbúnar heldur en frá flestum öðrum starfsmönnum ríkisins. Það er auðséð á öllu, sem komið hefir fyrir n. frá hans hendi, að þar er maður, sem hefir mikinn áhuga fyrir sínu starfi, enda allra manna fróðastur á sínu starfssviði og með brennandi áhuga fyrir því, að það verði unnið, sem hann telur mest áríðandi. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að halda því fram, að hann sé óskeikull frekar en aðrir menn. En ef bornar eru á hann sakir um hlutdrægni, þá verður að benda á einhver dæmi því til sönnunar, sem ekki er létt að hrekja.

Ég hefi áður talað um þær tvær stefnur, sem eru uppi um þessi mál, hagsmunir einstakra héraða og heildarvegakerfið. En svo vaknar auðvitað „interesse“ einstakra manna fyrir hagsmunum síns héraðs, og er það verkefni þingsins að líta á málin frá báðum þessum sjónarmiðum. Það getur verið, að vegamálastjóri líti of einhliða á þessi mál og hugsi ofmikið um heildarkerfið, en það má ekki heldur líta á málið eingöngu frá sjónarmiði einstaklinganna. Það verður hér eins og annarsstaðar að líta á málið frá öllum hliðum. Ég vona, að það geti orðið að samkomulagi um brtt. um framlög til vega, að þær verði teknar aftur til 3. umr., svo að unnt væri að fá samræmi í þetta með samstarfi við vegamálastjóra. Ég get ekki séð, að það mundi á neinn hátt verða til að spilla fyrir málum þeirra, sem þessar till. flytja, heldur miklu fremur til að greiða fyrir þeim, a. m. k. ættu þeir að vera fúsir til slíks, sem hafa trú á réttmæti till. sinna.

Guðbrandur Ísberg: Ég hefi ekki ástæðu til að þakka hv. frsm. fyrir undirtektir hans undir brtt. mína á þskj. 360.

Ég vil benda hv. frsm. á það, að á síðustu árum hefir skrifstofufé lögreglustjórans í Reykjavík, lögmanns, skattstjóra og tollstjóra hækkað stórkostlega, enda greitt eftir reikningi, og skrifstofufé stjórnarráðsins hækkaði á sama tíma

um tugi þúsunda. Orsök þessarar hækkunar eru vafalaust aukin störf, og hin sama orsök kemur að sjálfsögðu til greina að því er snertir hina hraðvaxandi kaupstaði utan Reykjavíkur, þó skrifstofufé hlutaðeigandi embættismanna þar hafi ekki verið aukið síðustu árin, a. m. k. ekki svo hægt sé að telja.

Það getur varla talizt sanngjarnt, að um leið og skrifstofufé embættismanna er hækkað um tugi þúsunda hér í Reykjavík, þá sé verið að lækka skrifstofufé annara samskonar embættismanna, þrátt fyrir aukningu á störfum þeirra, svo að þeir verða sjálfir að láta svo og svo mikinn hluta tekna sinna ganga í skrifstofukostnað.

Frsm. síðari kafla (Ingólfur Bjarnarson): Þær till. fjvn., sem ég þarf að mæla fyrir við þennan síðari kafla fjárl.-frv., hníga flestar á eina leið. Þær eru allar, svo að segja, mótaðar af þeirri nauðsyn, sem n. taldi vera á því að þrýsta niður útgjöldum ríkissjóðs. Sú nauðsyn hefir skapazt af yfirstandandi fjárhagskreppu. En af því, að hv. frsm. fyrri hl. frv. fór nokkuð inn á það efni í ræðu sinni, þá get ég sleppt því að mestu. En til þess þó að bregða nokkurri birtu yfir starf fjvn., vil ég benda á, að till. hennar til lækkunar á útgjöldum skv. fjárl.-frv. nema samtals 323 þús. kr., en till. til hækkunar aðeins 17 þús. kr., og meiri hl. af þeirri upphæð er einungis tilfærslur á liðum í frv. eða á milli útgjaldaliða. Ég skal þá víkja lítilsháttar að einstökum brtt. n., en get verið mjög fáorður, bæði af því, að rökin fyrir þeim eru mjög áþekk, og eins af hinu, að þeim hefir verið lýst í nál., sem ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé kunnugt, og leyfi ég mér því að vísa til þess.

Þá liggur hér fyrst fyrir 31. brtt. n. á þskj. 257, við 14. gr. Þar leggur n. til, að felldur verði niður úr frv. styrkur til fræðslumálarits, sem um nokkur undanfarin ár hefir verið í fjárl. Ég skal geta þess, að engin beiðni hefir legið fyrir um þennan styrk og engin skýrsla verið um það gefin, hvernig hann hafi verið notaður. Annars er það ekki sérstakt um þennan lið, því að það vantar yfirleitt algerlega skýrslur um, hvernig varið hafi verið því fé, sem veitt var til ýmissa fyrirtækja og framkvæmda. Hefði þó verið eðlilegt, að gerð væri grein fyrir því í hvert sinn. Till. n. er þó ekki byggð á þessu, heldur á almennri sparnaðarþörf.

Þá er 32. till. n., um að lækka fjárveitinguna til stundakennslu við menntaskólann úr 12 þús. kr. niður í 7 þús. Þess má geta til skýringar, að föstum kennurum hefir fjölgað þar til stórra muna undanfarið, en hinsvegar hefir kostnaður við stundakennslu mikið lækkað, og n. telur gerlegt að lækka hann enn meira, eða niður í 7000 kr., og byggir hún það fyrst og fremst á því, að aðsóknin að skólanum fari minnkandi vegna fjárhagsörðugleika fólksins, og í öðru lagi á því, að sjálfsagt er að gera ráð fyrir, að kaup fyrir stundakennslu lækki samfara lækkun á dýrtíðaruppbótinni og þeirri launalækkun starfsmanna ríkisins, er laun taka utan launalaganna, sem fyrirskipuð var um síðustu áramót. Ennfremur studdist n. við skýrslu frá rektor menntaskólans, sem leiddi það í ljós, að sumir kennarar kenna aðeins fáar stundir á viku, og mætti sýnilega breyta, þannig að stundakennslan minnkaði. Rektor taldi líklegt, að þessi till. n. gæti staðizt. Jafnframt þessu vil ég benda á, að n. ber fram nokkrar aðrar samskonar till. til lækkunar á styrk til stundakennslu við aðra ríkisskóla, og eru þær á sömu rökum byggðar; sé ég því ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þeim.

33. till. n. er fremur smávægileg, og þess efnis, að námsstyrkur til fátækra nemenda við menntaskólann sé ekki lækkaður frá því, sem hann er nú; er þar aðeins um 300 kr. að ræða til hækkunar frá því, sem er í frv., eða úr 2500 kr. upp í 2800 kr. Það er vitanlegt, að fjárhagserfiðleikarnir koma hart niður á fátækum nemendum, eigi síður nú en áður, en hinsvegar varðar þetta ekki svo miklu fyrir ríkissjóð. Þess vegna leggur n. til, að þessi liður verði hækkaður í sama horf og hann nú er.

Út af 34. till. skal ég geta þess, að n. hefir lagt til að lækka framlög til nokkurra skóla til bókakaupa og kennsluáhalda. Vitanlega skilur n., að nokkur nauðsyn muni ætíð vera á einhverju fé til endurnýjunar og viðbótar á kennslu-

tækjum í skólunum, en hún lítur svo á, að sæmilega hafi verið séð fyrir þessu undanfarin missiri, og þess vegna muni það ekki koma að sök, þó að framlög til þessa lækki að þessu sinni.

35. till. n. lýtur að því, að lækka liðinn um kostnað við skólastjórn við menntaskólann úr 1600 kr. niður í 1000 kr. Það mun hafa verið litið svo á, að þetta ætti að skoðast sem risnufé í sambandi við heimavistirnar í skólanum, en þær eru nú fremur fáar notaðar, og meðan svo er telur n. fært að lækka þennan lið. Get ég vísað til þess, sem um þetta er sagt í nál.

Þá vill n. með 39. till. sinni fella niður styrk til vornámsskeiða barnakennara að þessu sinni. Undanfarin ár hefir staðið í fjárl. lítilsháttar styrkur til þessara námsskeiða, en þess má geta, að stundum hefir ekkert orðið af þeim sökum lítillar þátttöku frá kennurum, enda er það ljóst, að því fylgir tiltölulega mikill kostnaður fyrir kennara að sækja þessi námsskeið, þar sem þeir þurfa að ferðast frá fjarliggjandi héruðum til Rvíkur. Eins og nú árar, sá n. því ekki ástæðu til að hvetja þá til slíks tilkostnaðar með því að leggja fram þetta fé, og þá sérstaklega af því, að þátttakan hefir ekki verið almenn. Má benda á, að fræðslumálastjóri mun líkrar skoðunar, því að í ráði mun að fella vornámsskeiðið niður komandi vor, þótt ríkisstyrkur sé þá fyrir hendi.

Þá kem ég að 42. till. n., um lækkun á launum kennara við fasta skóla, og nemur sú lækkun 10 þús. kr. Þessi till. er byggð á skýrslu fræðslumálastjóra, sem lá fyrir n., og sýnir hún, að heildaruppheð sú, sem hér er talin í þessari till., 360 þús. kr., nægir fyrir yfirstandandi vetur, þegar reiknað er með 25% dýrtíðaruppbót, eins og frv. gerir ráð fyrir. Telur n. því líklegt, að sama upphæð muni nægja fyrir árið 1933, vegna þess að nokkur samdráttur muni hljóta að eiga sér stað um rekstur skólanna sökum kreppunnar, og leggur því til, að upphæðin verði 360 þús. í stað 370 þús., sem er í frv.

Í 43. till. n. er ætlazt til, að kostnaðarliðurinn í frv. til skólahúsbygginga fyrir barnaskóla verði alveg felldur niður að þessu sinni. Það mun óhætt að fullyrða, að stöðvun verði á húsabyggingum víðasthvar á landinu í þessu árferði að mestu leyti og sumstaðar alveg. Ég býst við, að ýmsar verzlanir flytji t. d. alls ekki inn byggingarefni á þessu ári. Þar sem svo er ástatt taldi n. sjálfsagt að fresta, eftir því sem frekast væri unnt, öllum skólabyggingum, bæði vegna hins þrönga fjárhags ríkisins og héraðanna. Og í samb. við þessa till. vil ég geta þess, að eftir skýrslu fræðslumálastjóra er með upphæð þeirri, sem er í fjárl. þessa árs, fullkomlega séð fyrir útgjaldaþörf ríkissjóðs til þeirra skólahúsa, sem búið er að reisa. Sömu ástæður og þær, sem ég nú hefi nefnt, gilda um 45. till. n., að fella að þessu sinni niður styrk til gagnfræðaskólabygginga í kaupstöðum, enda er upphæðin svo lítil, að sýnilegt er, að hún kemur að sárlitlu gagni, þó að ráðizt yrði í slíkar byggingar. — Í 44. till. n. er ætlazt til, að liðurinn um utanfararstyrk til kennara verði felldur úr frv., og byggist það, eins og flestar aðrar till. n., á þeirri almennu reglu, að draga verður úr öllum kostnaði og bíða betri tíma, og auk þess er sérstök ástæða til að spara öll gjöld út úr landinu, eins og þau sem hér um ræðir.

Þá er 47. till. n., um að lækka byggingarstyrk til steinsteyptra sundlauga um helming, eða 5000 kr. Eftir öðrum till. n. mætti máske segja, að n. hefði líka átt að fella þennan lið alveg úr frv., en ástæðan til þess, að hún gerði það ekki, er sú, að hún óttaðist, að styrkur sá, sem veittur er í núgildandi fjárl., væri máske ekki nægilegur til þess að greiða hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaði þeirra sundlauga, sem nú eru fullgerðar, eða því sem næst. N. leggur því til, að áætlaðar verði 5000 kr. í því skyni.

Þá er 46. brtt. Hún fer fram á, að styrkur til iðnaðarnáms blindra manna verði hækkaður úr 500 kr. í 1000 kr. Verður styrkur þessi þó lægri en í núgildandi fjárlögum, því að þar er hann 1500 kr. N. þótti lækkunin í fjárl.frv. of mikil. Starfsemi þessi miðar að tvennu, að bæta kjör og líðan þessara olnbogabarna þjóðfélagsins, ef svo mætti að orði kveða, og efla innlendan iðnað, þótt í smáu sé, og er hvorttveggja stuðningsvert. N. hefir sannfært sig um, að kennsla þessi er rekin með góðum árangri. 8 manns hafa

stundað nám þetta undanfarið, og er ótrúlegt, hve langt sumir hafa komizt í því að búa til fallega muni. Gætu hv. þdm. gengið úr skugga um þetta með því að skoða munina sjálfir.

48. brtt., um að fella niður styrk til Sögufélagsins, er tekin aftur til 3. umr., en um 49. brtt., um að fella niður styrkinn til Fornritaútgáfunnar, er það að segja, að útgáfan hefir haft árlegan ríkisstyrk síðan 1929, og var ætlazt til, að fyrsta ritið kæmi út 1930 í sambandi við Alþingishátíðina. Enn sem komið er hefir ekkert verið gefið út, og af þeim sökum taldi n. gerlegt að fella niður styrkinn, því að þótt útgáfa kunni að vera í undirbúningi, hlýtur félagið að vera sæmilega statt eftir það, sem á undan er gengið.

50. brtt. er þess efnis að lækka styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar úr 2000 kr. í 1600 kr. Styrkur þessi er veittur til orðasöfnunar, en n. eða þinginu hefir engin skýrsla borizt um þessa starfsemi, hvorki síðasta ár né áður.

51. brtt. fer fram á að hækka styrk til Frímanns B. Arngrímssonar úr 800 í 1200 kr. N. ætlast til, að þetta sé viðurkenning til þessa gamla manns fyrir látlaust og óeigingjarnt starf í þágu alþjóðar til að breiða út þekkingu á hagnýtingu raforku, og einnig fyrir það, að hann hefir varið miklum tíma og fé á síðari árum í rannsóknir, til að sýna og sanna, að hér í landi megi fá nóg byggingarefni úr skeljasandi og leirtegundum, og spara þannig innflutning á sementi. Þessi gamli maður er alveg efnalaus, þar sem allar eigur hans hafa gengið til áhugamála hans, og nú heilsulaus — mjaðmarbrotnaði fyrir skömmu. Geta menn því séð, að hér fara verðleikar og þörf saman.

52. brtt. fer í þá átt, að lækka styrkinn til Búnaðarfélags Íslands um 10 þús. kr. Þó má fremur kalla þetta tilfærslu en lækkun, þar sem ætlazt er til, að styrkur til sandgræðslu hækki að sama skapi. Til sandgræðslu eru ætlaðar í núgildandi fjárl. 40 þús., en í fjárlfrv. aðeins 20 þús. N. áleit, að með þessari upphæð væri ekki hægt að reka sandgræðslustarfsemina, og eigi með minni upphæð en 30 þús. kr., ef ætti að vera unnt að annast nauðsynlegan starfsrekstur og viðhald stöðvanna, þótt engum nýjum væri bætt við. Þótt starf Bf. Ísl. sé margþætt og þurfi mikils fjár, bjóst þó n. við, að félagið gæti dregið sem því svaraði úr rekstrarkostnaði sínum, en treysti sér þó ekki til að gera till. um, hvar sú lækkun ætti helzt að koma niður. Skýrslur Bf. Ísl. þær, er lágu fyrir n., voru naumast nógu ljósar til þess, að slíkt væri hægt, enda leit n. svo á, að slíkt heyrði undir stjórn Bf. Ísl. fremur en sig. N. taldi þó víst, að kauplækkun myndi verða hjá starfsmönnum Bf. Ísl. eins og öðrum starfsmönnum hins opinbera.

Flokkunin byggist á því, að sandgræðslustöðvarnar eru nú orðnar ekki færri en 27, og þær krefja mikils fjár, ef hægt á að vera að halda girðingum og sáningu í sæmilegu horfi. Margar till. lágu fyrir um að bæta við nýjum stöðvum, en n. ætlast eigi til, að svo verði gert, þar sem 30 þús. mun, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, vera hið allra naumasta, sem hægt er að komast af með til að halda þeirri starfsemi við, sem þegar er byrjað á. En í sambandi við þessa brtt. ber n. fram till. um, að 3000 kr. af þessum 30 þús. kr. verði varið til framhalds áveitu í Meðallandi, sem veitt hefir verið til undanfarið. Skýrsla um áveitu þessa lá fyrir frá Sig. Sigurðssyni búnaðarmálastjóra og Pálma Einarssyni ráðunaut, og benti hún á góðan árangur.

53. brtt. leggur til, að niður falli styrkur til tilrauna um grasfræ- og hafrasáningu, sem veittur hefir verið undanfarið. Hefir verið leitast við að ná sem beztum árangri í þessu efni og fræða almenning um þessa hluti með skýrslum og leiðbeiningum. N. telur, að þekking almennings á þessum efnum sé nú orðin svo útbreidd og almenn, að fræðslu og kynningarstarfsemi þessi geti að skaðlausu fallið niður, enda lá nú engin skýrsla fyrir um árangur, né heldur beiðni frá Bf. Ísl. um að þessi liður yrði tekinn upp.

Þá kemur 55. brtt., um að tillagið til búfjártryggingasjóðs falli burt. Enn hefir eigi verið greitt ríkistillag í sjóðinn, og taldi n. því rétt að fresta því enn, vegna fjárhagsörðugleika. Er tilætlun n., að þetta gildi einnig fyrir yfirstandandi ár.

56. brtt. felur í sér, að aths. við framlagið til byggingar- og landnámssjóðs í

fjárlfrv. falli burt. N. byggir till. sína á því, að í fjárlfrv er ekki lagt meira en skyldugt er samkv. lögum til sjóðsins, og því eigi þessi aths. ekki við, og sé sjálfsagt að fella hana burtu. Framlagið er ákveðið í lögum, og getur því ekki komið tóbakseinkasölunni við.

Þá eru 57. og 58. brtt., um að liðirnir bústofnslánadeild og lánadeild smábýla falli burt. Hvorug þessara deilda hefir enn verið látin koma til framkvæmda. N. hefir athugað möguleika fyrir að koma þeim á fót nú með því að tala við aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og eftir þeim uppl. er hann gaf, taldi n. engar líkur til, að það gæti orðið á þessu né næsta ári, og taldi því rétt að fella framlagið niður, enda væri tilgangslítið að fara að starfrækja þessar deildir, meðan hinar starfandi deildir hafa ekki það fé, sem svarar til eftirspurnar.

59. brtt. leggur til að liðurinn: „Ráðstafanir um tilbúinn áburð" falli burt. Þetta er fjórða árið, sem ríkissjóður leggur fram styrk til bænda til flutnings áburðar á sjó og landi. Þessi styrkur var samþykktur sem tímabundinn, enda eru lögin í heimildarformi. Skyldu þau fyrst gilda til 1931, en voru síðar framlengd til 1934. Eftir skýrslum frá Bf. Ísl. og áburðareinkasölunni sést, að ríkið hefir lagt fram rúmar 300 þús. kr. í þessu skyni. Má því segja, að þegar hafi verið lögð fram eigi svo lítil hjálp til að styðja að framgangi þessa máls. En þó er hinn óbeini styrkur enn meira virði fyrir ræktunina, að nú skuli öllum vera kunnugt orðið, hve ómetanlega þýðingu tilbúinn áburður hefir fyrir ræktun landsins. Ráðstöfun þessi hefir því þegar unnið jarðræktinni stórgagn. En með tilliti til þess, hve útlitið er örðugt, vill n. leggja til, að heimild þessi verði ekki notuð lengur en þetta ár, og leggur því til, að upphæðin, sem ætluð er í þessu skyni í fjárlagafrumvarpinu, 60 þúsund krónur, sé niður felld.

60. brtt. er um að fella niður styrk til rannsókna um raforkuveitur utan kaupstaða. Hún er byggð á því, að n. er kunnugt um, að ríkið hefir sagt upp þeim manni, sem undanfarið hefir unnið að þessum málum og ferðast um og gert áætlanir. Á að leggja þetta starf undir vegamálaskrifstofuna. N. þótti því sjálfsagt að fella þennan lið niður.

61. brtt. er um að lækka skrifstofukostnað skipaskoðunarstjóra úr 8 þús. kr. í 6 þús. kr. N. þótti þetta hátt áætlað, og þegar borin er saman kostnaður við eftirlit báta 1930 og áætlun fjárlfrv. sést, að áætlun fjárlfrv. er næstum 3 þús. kr. hærri. N. taldi sjálfsagt, að laun starfsmanna á þessari skrifstofu lækkuðu nokkuð sem annarsstaðar, og taldi ólíklegt, að starfið hefði vaxið mjög síðan 1930. Verður þó áætlaður meiri kostnaður en 1930.

Þá er 62. brtt. Efni hennar er að veita Guðm. Einarssyni myndhöggvara fjárstyrk, að upphæð 2500 kr., til fullnaðarrannsókna á leirtegundum til postulínsgerðar o. fl. Þessi till. er byggð á því, að maður þessi hefir sýnt hinn mesta dugnað í því að koma hér upp innlendum leiriðnaði, bæði listiðnaði og hagnýtum iðnaði, svo sem postulínsgerð, veggflísagerð. o. fl. Þessi maður hefir að vísu áður fengið styrk til að kaupa leirbrennsluofn, en n. áleit, að hann hefði sýnt svo ljóslega, að hér er um merkilegt mál að ræða, og líkur til að hér megi koma á nýrri iðngrein, að hún vill eindregið mæla með því, að þessi upphæð sé veitt.

Þá er það 63. till. n., að tillagið til Slysavarnafélagsins verði hækkað úr 4000 kr. upp í 8000 kr. Til slysavarna er veitt í núgildandi fjárlögum 10000 kr., og samhliða hafði það 4000 kr. á þessu ári frá Fiskifélagi Íslands. En nú hefir styrkurinn í frv. verið lækkaður í 4000 kr., og það, sem verra er fyrir fél., að jafnframt hefir Fiskifélagið kippt að sér hendinni um fjárframlög; er það þó ekki af neinni vantrú á félaginu, heldur einungis fjárhagsörðugleikar, sem hamla. Það er sýnilegt, að ef tillagið lækkar jafnmikið og hér horfir við, verður starfsemi þessi sama sem að leggjast niður. Nú er það viðurkennt, að þessi slysavarnastarfsemi er mjög brýn hér á landi, þar sem sjóslys eru jafntíð og raun ber vitni um. Öllum er þetta kunnugt, og þarf þá naumast að nefna dæmi því til sönnunar, enda held ég, að það sé einnig almennt viðurkennt, að félaginu hafi þegar unnizt nokkuð á í starfi sínu, og að það sé mikil nauðsyn, að félaginu sé gert kleift að vinna að

þessum málum áfram, en það mundi tæpast geta orðið, að nokkru gagni, ef styrkurinn væri lækkaður eins og horfir við. Það er með það fyrir augum, að félagið geti starfað verulega áfram, að n. leyfir sér að bera fram þá till. að hækka þennan styrk upp í 8000 kr., og má þó taka það fram, að það er nær hálfu minni styrkur en það hefir nú, svo að vitanlega hljóta framkvæmdir þess að dragast saman. En mér hefir þó skilizt það á form. félagsins, að hann byggist við, að félagið gæti starfað sæmilega áfram, ef það fengi þetta framlag, og rétt er að geta þess, að ég hygg, að tillagið, sem félaginu er ætlað á þessu ári, muni ekki verða greitt því út til fulls, svo að ef till. n. yrðu samþ., er mismunurinn ekki eins mikill og hann sýnist á pappírnum. Þar sem ég veit, að þessi starfsemi er vinsæl og þakklát og talin mjög nauðsynleg af öllum almenningi, vænti ég, að till. verði samþ.

Þá eru hér liðir um eftirlaun til tveggja prestsekkna og eins prests. N. hefir tekið þetta hér upp eftir till. biskups og samkv. undanfarinni venju.

Þá er 67. till. n. um það, að rekstrarhagnaður ríkisvélsmiðjunnar og ríkisprentsmiðjunnar sé látinn renna í ríkissjóð árið 1933. Eftir þeim reikningum, sem fyrir n. lágu um hagnað og horfur þessara stofnana og af viðtali við forstjórana, þótti það sýnt, að sæmilega varlegt væri að áætla hagnað þessara fyrirtækja 65000 kr., eins og gert er í frv. Nú er gert ráð fyrir því í frv., að hagnaðinum af þessum stofnunum sé varið til þeirra sjálfra. En vegna erfiðleika á yfirstandandi tímum fannst n. gerlegt að leggja það til, að fé sé að þessu sinni látið renna í ríkissjóðinn, og þær till., sem hér liggja fyrir, miða í þá átt. Báðir forstjórarnir, sem n. átti tal við um þetta, ganga inn á, að svo yrði gert að þessu sinni, þótt þeir teldu æskilegt, að nota mætti rekstrarhagnaðinn stofnununum til endurbóta, en slíkt yrði að bíða betri tíma.

68. till. er um framlag til vitanna. N. hefir lagt til að lækka þetta framlag úr 65 þús. kr. niður í 50 þús. kr. Hv. frsm. fyrri hl. hefir þegar látið þess getið, að þessi lækkun er í rauninni aðeins tilfærsla, þar sem ætlazt er til, að hún gangi til nokkurs hluta byggingar bryggju á Akranesi. Það er vitanlega sjálfsagt að játa það, að þetta framlag til vitabygginga er mjög lítið, eins og þörfin er þó mikil fyrir þær, og gildir hið sama um þetta, hvort sem litið er á það, sem til þessa er ætlað í stjórnarfrv. eða till. n. Hvorttveggja er mjög lítið. Nú lágu engar upplýsingar fyrir n. um það, til hverra vitabygginga þetta fé myndi verða notað, en n. taldi líklegt, þar sem framlagið er svona lítið, að það yrði helzt notað til smærri innsiglingavita, sem víða er mikil þörf á. Býst því n. við, að það skipti ekki svo sérlega miklu máli, þótt þetta sé lækkað eins og lagt er til.

Þá kemur 69. till. n. Fyrir n. lá beiðni frá Jóni Guðmundssyni, eiganda Valhallar á Þingvöllum, um það, að honum væri veitt eftirgjöf af 9000 kr. láni, sem ríkið stendur í ábyrgð fyrir. Ástæður fyrir beiðninni telur hann í fyrsta lagi þær, að hann hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum við flutning Valhallar, sérstaklega við flutning ýmissa húsmuna sinna, og vill kenna það ráðstöfun Alþingishátíðarn. Fer hann fram á að fá 4000 kr. skaðabætur. Í öðru lagi kveðst hann hafa fyrir bein tilmæli Alþingishátíðarn. byggt veizluskála á Þingvöllum, sem komi sér að litlu eða engu liði við gistihúsrekstur inn þar. Þar sem n. var þetta ekki kunnugt, sendi hún erindið formanni Alþingishátíðarn. til umsagnar, og hans umsögn hljóðaði á þá leið, að hann teldi Alþingishátíðarn. alls enga ábyrgð geta borið á þeim skaða, sem þessi maður hefði orðið fyrir við flutning búslóðar sinnar, og gerði lítið úr því, en hinsvegar viðurkenndi hann, að bygging veizluskálans hefði orðið n. til mikils gagns við hátíðahöldin. Mælti hann með því og taldi sanngjarnt, að umsækjandanum yrði veittur 5000 kr. styrkur til endurgjalds fyrir það. Að þessu athuguðu leggur n. til, að Jóni Guðmundssyni verði greiddar 5000 kr. upp í þann halla, sem hann hefir orðið fyrir við byggingu veizluskálans á Þingvöllum, og verði það greitt af því fé, sem enn er óinnheimt vegna Alþingishátíðarinnar, svo sem frímerkjaverð og fleira.

Þá er 2. liður sömu till., um að Jóhann-

esi Jósefssyni hóteleiganda á Borg sé veittur nokkur greiðslufrestur á skuld hans við ríkissjóð. Það mun hafa verið árið 1930, sem gefin var heimild til þess í fjárl. að veita þessum manni gjaldfrest á tollgreiðslum af innanstokksmunum og áhöldum til gistihússins um 3 ár. Þetta var gert, og upphæðin, sem þessi greiðslufrestur var veittur fyrir, nam rúmum 40 þús. kr. Samkv. samningum, sem gerðir voru við hann um þetta efni, þá fellur þessi upphæð í gjalddaga á sumri komanda. Nú hefir þessi maður leitað til þingsins með ósk um, að sér væri gefinn kostur á að greiða þessa upphæð á 10 árum með jöfnum afborgunum, og þar sem n. er kunnugt um, að honum myndi verða örðugt, ef ekki um megn, að greiða þessa skuld nú þegar, þá taldi hún hyggilegra að leggja það til, að hann greiddi þetta á næstu 10 árum með jöfnum afborgunum og 6% vöxtum. Á þá fyrsta greiðsla að fara fram 1. júlí 1932. Ég hefi svo ekki meira um það að segja, en býst við því, að hv. alþm. geti fallizt á, að það kunni að vera eins hyggilegt að veita nú þennan gjaldfrest eins og að ganga mjög hart að, þegar greiðslan fellur nú í gjalddaga eftir samningunum.

Þá eru aðeins eftir prentvilluleiðréttingar, sem ekki hefir þýðingu að fara frekar út í.

Fyrir d. liggja nokkuð margar brtt. frá ýmsum hv. þm., en þó má taka það fram, að það muni vera með fæsta móti eftir undanfarandi venju. En ég mun ekki að þessu sinni ræða þær fyrr en hv. þdm. hafa gert grein fyrir þeim.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð, sem ég vil láta falla nú við byrjun umr. um þennan seinni kafla fjárl. Það leynir sér ekki af þeim brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. fjvn., hverskonar tímar það eru, sem nú ganga yfir og búizt er við framundan. Eins og hv. frsm. hafa tekið fram, þá eru brtt. n. þannig, að í viðbót við það, að hæstv. fjmrh. hafði fært allmikið niður útgjöldin frá því, sem er í núgildandi fjárl., þá hefir fjvn. stigið stórt spor til lækkunar útgjalda, sem einungis á þessum seinni kafla nema hundruðum þúsunda. Það kemur einnig fram í brtt. þeim, sem fyrir liggja frá einstökum þm., sem eru, eins og hv. frsm. gat um, mun færri en venjulega, að allmargar þeirra eru þannig, að jafnframt því, sem bornar eru fram till. til útgjalda, þá eru bornar fram till. um lækkanir annarsstaðar, til þess að sýna sinn vilja í því að vera samþykkir stefnu fjvn. Ég fyrir mitt leyti vil láta það í ljós, að ég er algerlega sammála þeirri stefnu, sem n. hefir tekið upp og lagt mikla vinnu í. Mun ég styðja það með mínu atkv. í sambandi við þessa afgreiðslu fjárl. Ætla ég að vona, að þetta, sem kemur nú svo greinilega í ljós í sambandi við flutning þessara till., þýði, að afgreiðsla fjárl. fái mjög sinn svip af þeim till., sem þegar eru komnar fram. Út frá því, að n. hefir stigið þetta spor svona myndarlega, einungis út frá því get ég fallizt á að stíga ýms þau spor, sem snerta ýmsa liði 16. gr. og heyra undir mitt ráðuneyti. N. hefir hnigið að því að fresta og sumpart draga úr fjárframlögum til landbúnaðarins, sem bein vissa er fyrir um, að komið hafa að miklu gagni og myndi koma framvegis, t. d. fresta stofnun bústofnslánadeildar og lánadeild smábýla í Búnaðarbankanum, fresta aðstoð hins opinbera í sambandi við kaup á tilbúnum áburði, lækka styrkinn til Búnaðarfél. Íslands og tilraunastarfsemi o. s. frv. Það kemur ekki til mála að stíga svona spor, nema undir svona kringumstæðum, þegar yfirleitt er farið á fremsta hlunn með að draga úr útgjöldunum. Ég vil einungis segja í því sambandi, að það, sem kom mér kynlega fyrir sjónir og ég hafði ekki heyrt um áður, var það, sem hv. frsm. sagði, að það væru teknar 10 þús. kr. af Búnaðarfélagi Íslands til þess að hækka annan lið, sandgræðsluna. Nú er ég mjög kunnugur þessu hvorutveggja og vil einungis segja það, að ég lít svo á, að rétt sé að láta jafnt ganga yfir hvorttveggja, annaðhvort að lækka hvorttveggja eða láta hvorttveggja haldast. Ég skil ekki þær upplýsingar, sem n. hefir fengið, um að ómögulegt sé að reka sandgræðsluna nema að styrkurinn sé hækkaður. Þá má eins segja, að ómögulegt sé að reka Búnaðarfélag Íslands nema styrkurinn haldist. **(MG:** En það lækkar svo mikið). Já, en það er þegar búið að gera ráðstafanir

til þess, að allir liðirnir verði ekki einu sinni notaðir. Hér er um nauðsynlega framkvæmd að ræða og maðurinn, Gunnlaugur Kristmundsson, sem hefir hana með höndum, er framúrskarandi duglegur og dyggur maður. En vitanlega er hægt að draga úr ýmsum tilkostnaði þar sem annarsstaðar, t. d. girðingum og öðru slíku. Það er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu að gera minni girðingar, þótt ánægjulegt væri að geta veitt sér það að hækka við sandgræðsluna frá því, sem er í frv., en ég verð að álita, að það, að taka til þess 10 þús. kr. frá Búnaðarfél. Íslands sé í sjálfu sér ekki rétt.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Vildi aðeins láta það koma í ljós, að einungis út frá þessu sjónarmiði, að lækka allan mögulegan tilkostnað, verður ekki hjá því komizt að samþykkja þessa miklu niðurfellingu til framkvæmda í 16. gr. Og skoða ég þessar lækkanir sem ráðstafanir til bráðabirgða, sem leiðréttist undir eins og fyrst er unnt.

Bernharð Stefánsson: Það er augljóst mál, að eins og nú standa sakir er ekki forsvaranlegt að gera till. um hækkun á útgjöldum ríkisins, a. m. k. ekki svo neinu nemi. Mér hefir verið þetta ljóst, eins og öllum ætti að vera. Sökum þess hefi ég ekki borið fram neinar verulegar hækkunartill., þótt mér sé það ljóst, að samanborið við ýms önnur héruð, er mitt kjördæmi frekar afskipt, t. d. hvað snertir framlag til vega. En þótt mér sé það ljóst, að ekki megi auka útgjöld ríkisins, svo að nokkru máli skipti, hefir það atvikast svo, að ég hefi leyft mér að bera fram tvær smátill. til hækkunar á þskj. 352. Auðvitað er þar aðeins um örsmáar fjárveitingar að ræða, og ég skal taka það fram, að ég hefði ekki borið þær fram, eins og nú standa sakir, ef ekki hefði staðið svo á, að í fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir, eru komnir liðir, sem ég get ekki séð, að séu á nokkurn hátt rétthærri en það, sem ég fer fram á. En um þessa liði, sem ég hér á við, hefir engin aths. komið fram, hvorki frá fjvn. né öðrum.

Fyrri till. mín á þskj. 352 undir IV. lið, er um 600 kr. styrk til Halldórs Kr. Jónssonar frá Brekku í Svarfaðardal til dýralækninga. Ég flutti þessa sömu till. á sumarþinginu og get eiginlega látið nægja að vísa til þeirra upplýsinga, sem þá komu fram um málið, bæði til þeirra skjala, sem þá lágu fyrir fjvn. og hún mun hafa kynnt sér, og eins þeirra upplýsinga, sem ég gaf hér í d. Í fjárl. þeim, sem nú liggja fyrir, er alveg hliðstæður liður, þar sem einstökum manni er veittur styrkur til dýralækninga. Af þeim upplýsingum, sem áður hafa komið fram, skal ég rifja það upp, að þessi maður hefir stundað dýralækningar frá 1913, og jafnan með góðum árangri. Hann hefir á seinustu árum fengið svo mikla aðsókn, vegna þessara lækninga sinna, að það er orðið erfitt fyrir hann að stunda búskap jafnhliða þessu starfi. Hann hefir á seinni árum verið sóttur 160—180 sinnum árlega í þessu skyni. Nú má búast við, að venjulega fari dagur í það, þegar hann er sóttur. Er því ekki lítill tími, sem eyðist frá bústörfunum til þessara hluta. Nú var hann búinn að ákveða að hætta dýralækningum og gefa sig eingöngu að búi sínu. Styrkbeiðni þessi er því fram komin vegna óska frá fjölda manna, um að hann haldi starfi þessu áfram, en það telur hann sig ekki geta, nema hætta búskap og gefa sig eingöngu við dýralækningum, en tekjur af þeim eru ekki svo miklar, að hann geti lifað eingöngu af þeim. Til þess að sýna áhuga manna norður frá fyrir því að fá manninn til þess að halda lækningunum áfram, má geta þess, að Svarfaðardalshreppur hefir þegar lofað að leggja fram í því skyni 400 kr. og hér er farið fram á 600 kr. Verður það samtals 1000 kr., og er það hið minnsta, sem hugsanlegt er, að maðurinn komist af með. Eins og kunnugt er frá sumarþinginu, þá hefir maður þessi meðmæli frá hreppstjóra, hreppsnefnd og héraðslækni. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta.

Þá á ég enn brtt. á þskj. 352, um 500 kr. eftirlaun til Guðrúnar Jóhannesdóttur frá Samkomugerði, fyrrv. ljósmóður, en til vara 300 kr. — Hv. fjvn. hefir átt kost á að kynna sér öll gögn þessa máls. Styrkbeiðni þessi er alveg hliðstæð mörgum liðum, er staðið hafa í undanförnum fjárl. og enn eru í fjárlagafrv. því, er fyrir liggur. Mér telst svo til, að í

fjárlagafrv. því, er við erum nú að ræða, séu ekki færri en 24 styrkir til fyrrv. ljósmæðra, fyrir utan styrki til fyrrv. hjúkrunarkvenna. Það hefir engin till. komið fram, hvorki frá fjvn. eða einstökum þm., um að fella þessa styrki niður. Er því ekki annað hægt að sjá en að það hafi ekki aðeins verið stefna undanfarinna þinga, heldur sé það einnig skoðun hv. fjvn. nú og þessarar hv. deildar, að ljósmæður, sem staðið hafa vel í stöðu sinni og komnar eru á háan aldur, eigi að fá eftirlaun. Og út frá þeirri hugsun er till. þessi fram borin, því að ég fæ ekki séð eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, annað en þessi gamla ljósmóðir sé eins rétthá og aðrar ljósmæður, sem samskonar styrks njóta. Hún hefir starfað milli 40—50 ár við ljósmóðurstörf með ágætum árangri og því eðlilega hjálpað fjölda af konum, og ég hygg, að það sé nær einsdæmi um ljósmóður, sem svo lengi hefir starfað, að engin kona hefir dáið af barnsförum hjá henni. Svo vel hefir hún leyst störf sín af hendi. Þá vil ég geta þess, að hún hefir eindregin meðmæli tveggja lækna, sem mest hafa starfað með henni, þeirra Guðmundar Hannessonar prófessors, er var læknir á Akureyri, og Steingríms Matthíassonar, sem nú er héraðslæknir þar. Mér virðist ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort að fella niður styrkinn til hinna 24 ljósmæðra, sem í fjárlagafrv. standa, og það gæti ég fallizt á, eða þá að samþykkja þennan styrk, því að hér er um tvennt alveg hliðstætt að ræða.

Þá á ég brtt. á þskj. 334, XXIII. lið, um að greiða til Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns í Hrísey vangoldna dýrtíðaruppbót frá árinu 1928, kr. 102. Satt að segja hefði aldrei átt að þurfa að bera þetta fram sem brtt. við fjárlögin, því að þessi litla upphæð hefði átt að vera fyrir löngu greidd af stj., án þess að til þingsins kasta kæmi. Maður þessi hefir haft 300 kr. styrk á ári frá því 1928, og eins og aðrir, sem standa í 18. gr. fjárlaganna, hefir hann fengið greidda dýrtíðaruppbót af upphæðinni, nema fyrsta árið. Af hvaða óhöppum eða misskilningi það hefir farizt fyrir, veit ég ekki. Það hefir verið farið fram á að fá þetta greitt, en eigi að síður hefir engin greiðsla fengizt ennþá, en nú hefi ég von um, að þetta verði loksins greitt; sé ég því ekki ástæðu til að láta þetta smáræði koma undir atkv. og tek því þessa till. aftur.

Ég hefi þá nefnt þær brtt., er ég flyt við þessa umr. fjárlaganna. Að vísu er ég meðflm. að einni brtt., en þar sem annar maður er fyrsti flm., ætla ég ekki að ræða hana nú.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á brtt. á þskj. 362 ásamt hv. þm. Borgf., um það, að heimila ríkisstj. að inna af höndum til Búnaðarbanka Íslands greiðslu á viðlagasjóðsláni mjólkurfélagsins „Mjallar“, ásamt ógreiddum vöxtum 17700 kr. Svo er mál með vexti, að undanfarin ár hafa Borgfirðingar starfrækt mjólkurniðursuðuverksmiðju, er Mjöll heitir. Var verksmiðja þessi stofnuð á stríðsárunum, og því byggð upp á mestu dýrtíðarárunum. Hún varð fljótlega fyrir ýmiskonar óhöppum. Þannig brunnu t. d. öll hús hennar eitt árið. Var hún þá flutt ofan í Borgarnes og reist þar af nýju. Kostaði það ærna peninga og mikla fyrirhöfn. Þar að auki varð hún fyrir ýmsum öðrum óhöppum, sem ekki þýðir að nefna hér. Í einu orði sagt: Hún mun hafa gengið í gegn um alla þá barnasjúkdóma, sem slík fyrirtæki geta hent.

Á síðastliðnu sumri hætti hún að starfa, og voru þá hús hennar og vélar seldar Kaupfélagi Borgfirðinga fyrir 60000 kr. Kaupfélagið endurreisti svo verksmiðjuna og gerði úr henni fullkomið mjólkurbú, sem nú er fimmta fullkomnasta mjólkurbúið, sem hér starfar. Þegar gamla „Mjöll“ var gerð upp, var svo komið, að allt hlutaféð var tapað, og skuldir hennar, sem ekkert var til fyrir, orðnar 30 þús. kr. Af þessari upphæð hvílir helmingurinn á ýmsum bændum í Borgarfirði, en hinn helmingurinn, sem nú er orðinn með vöxtum 17700 kr., hvílir aðallega á þremur bændum þar, sem eru í sjálfsskuldarábyrgð fyrir upphæðinni, og er það sú upphæð, sem hér er farið fram á að fá eftir gefna.

Það virðist nú ærið hart, að þessir menn, sem hafa lagt á sig mikið erfiði vegna fyrirtækisins, endurgjaldslaust með öllu og tapað hlutafé sínu með vöxtum, skuli nú þurfa að greiða fé þetta

líka, sem þeir eru í ábyrgð fyrir, en gengið hefir til almenningshagsmuna.

Nú hafa þeir aðiljar efra, sem standa undir hinum hl. upphæðarinnar, boðizt til að greiða sinn hluta, en það eru eins og ég gat um áðan ýmsir bændur auk Sparisjóðs Mýrasýslu. En þá er eftir viðlagasjóðslánið, sem hér er farið fram á, að ríkissjóður greiði. Ég vil nú minna á nokkur atriði, sem mæla með því, að þetta verði gert. Þetta nýja mjólkurbú, sem reist var síðastliðið vor í Borgarnesi, er vafalaust ódýrasta mjólkurbú landsins. Flóabúið kostaði t. d. 300 þús., og styrkur sá, sem því var veittur úr ríkissjóði, nam því 75 þús. kr. Mjólkurbú Ölfusinga kostaði um 200 þús., og styrkur ríkissjóðs til þess nam því 50 þús. En mjólkurbúið í Borgarnesi kostaði fullbúið með vélum ekki nema 130 þús. kr. Njóti það nú sama styrks úr ríkissjóði og hin búin, fer hann ekki yfir 30 þús. króna. Þó að ríkissjóður greiði einnig þessa upphæð, sem hér er farið fram á, verður framlag hans til þessa mjólkurbús þó tæplega eins og styrkur sá, sem greiddur var til Ölfusbúsins á sínum tíma.

Það sem liggur til grundvallar fyrir því, hve þetta nýja mjólkurbú Borgfirðinga varð ódýrt, er það, hversu lágt hinar dýru vélar frá gömlu Mjöll voru reiknaðar. Hefði mjólkurbú þetta verið reist á sama tíma og hin búin, er enginn vafi á því, að það hefði orðið miklu dýrara og styrkur ríkisins því mun hærri, en sökum þess, að það fær áhöld og hús gömlu „Mjallar", verður það svona ódýrt. Það mælir því allt með því, að héraðsbúar njóti þess, sem þeir lögðu á sig áður en styrkurinn til mjólkurbúanna var lögtekinn. Þessu nýja mjólkurbúi þeirra Borgfirðinganna yrði því ekkert ívilnað fram yfir hin mjólkurbúin, þó að ríkissjóður greiddi umfram 30 þús. kr. styrkinn þessar 17700 kr. — vegna þess, hve hús og vélar þess urðu ódýrar.

Auk þess má fullyrða, að ef Borgfirðingar hefðu ekki brotizt í að koma þessu fyrirtæki upp, væri engin verksmiðja starfandi hér, sem gæti soðið mjólk niður, en það hefir mikla þýðingu, þar sem með því sparast allur sá erlendi gjaldeyrir, sem annars færi út úr landinu fyrir niðursoðna mjólk.

Búið hefir þannig verið endurreist. Erlendur maður með fullkominni þekkingu á þessum hlutum hefir verið fenginn til þess að veita því forstöðu, enda gefa vörur þær, sem það framleiðir, á engan hátt eftir samskonar vörum erlendum. Afkoma fyrirtækis þessa í framtíðinni byggist að sjálfsögðu á því, hvort það nýtur þeirrar verndar hins opinbera, sem það þarf og á heimtingu á. Ég fyrir mitt leyti efast ekki um, að hv. þm. veiti því þá vernd, sem því ber, enda er annað ekki sæmilegt, því að það væri hart að hegna þeim mönnum, sem öðrum fremur hafa lagt á sig erfiði og fjárframlög, með því að láta þetta mjólkurbú ekki njóta sama styrks og önnur bú.

Ég vænti nú, að allir hv. þm., sem hlýtt hafa á mál mitt, sannfærist um réttmæti þessarar till. okkar hv. þm. Borgf., en því miður hafa þeir ekki verið nógu margir. Vona ég því, að þeir hvísli rökum þessa máls í eyru sessunauta sinna áður en til atkv. verður gengið.

Jónas Þorbergsson: Ég á hér brtt. á þskj. 334, sem ég vildi með nokkrum orðum gera grein fyrir. Er þá fyrst brtt. mín undir rómv. XII. á þessu þskj., þar sem ég fer fram á 3000 kr., en til vara 2000 kr., til Kvennabrekkusafnaðar í Dalasýslu, vegna sérstakra fjárhagsvandræða safnaðarins út af kirkjubyggingu. Ég hefi fengið tilmæli frá mörgum málsmetandi mönnum í þessum söfnuði um að bera fram till. í þessa átt. Tildrög málsins eru þau, að fyrir nokkrum árum síðan var kirkja þessa safnaðar flutt frá Sauðafelli að Kvennabrekku og endurreist þar mjög myndarlega. Út af þessum flutningi kirkjunnar reis ágreiningur innan safnaðarins, svo að nokkur hluti hans sagði sig úr þjóðkirkjunni. Ennfremur hafa nokkrir safnaðarmanna látið undir höfuð leggjast að greiða lögboðin gjöld til kirkjunnar, og þykir jafnvel við því búið, að þeir mundu einnig segja sig úr þjóðkirkjunni, ef hart væri gengið eftir gjöldum. Af þessum orsökum er byrði sú, sem hvílir á þeim, sem eftir eru í söfnuðinum og greiða gjöld sín til kirkjunnar, óeðlilega þung, og þyngri en þeir geta staðið undir. Hér er því farið fram á, að Alþingi hlaupi undir bagga með söfnuðin-

um og létti undir með honum, aðeins þó að litlu leyti. Mörgum kann nú að virðast, að hér sé farið inn á nýja leið, en við nánari athugun hljóta allir að sjá, að svo er ekki. Það hafa þrásinnis legið fyrir þinginu styrkbeiðnir frá hreppsfélögum, sem hafa verið nauðulega stödd sökum sveitarþyngsla. Beiðnum þessum hefir oft verið sinnt. Hér er alveg um hliðstætt dæmi að ræða, því að þar sem safnaðarkirkjur eru, er söfnuðunum ætlað að bera þær uppi. Ég fæ nú ekki séð muninn á því, hvort Alþingi hjálpar sveitarfélagi eða söknarfélagi. Vænti ég því, að hv. dm. fallist á till. þessa og greiði henni atkv. sitt.

Þá á ég brtt. þess efnis að veita Eggert Magnússyni í Fjarðarhorni örlitinn styrk til dýralækninga. Við hv. 1. þm. Eyf. höfum hér svipað mál að flytja. Hann mælti vel fyrir till. sinni, og get ég því að nokkru vísað til röksemda hans. Maður þessi hefir um nokkuð langan tíma stundað dýralækningar á Vesturlandi, og það með mjög góðum árangri. Beiðni um þennan styrk lá fyrir síðasta þingi, og get ég fyrir því vísað til þess, sem ég sagði þá um mann þennan, og sé því ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það nú.

Þá eru hér nokkrar fleiri brtt., sem ég er við riðinn, m. a. á þessu sama þskj., XXII,1. Þar er farið fram á, að fyrrv. pósti, Torfa Sæmundssyni, verði greiddar 300 kr., og til vara 200 kr., sem eftirlaun. Ég tek það fram, að fyrst þingið hefir einu sinni gengið inn á þá braut að veita póstum eftirlaun, tel ég, að það geti ekki kippt að sér hendinni með það nú. Þá yrðu allir þeir, sem enn hafa ekki fengið eftirlaun, útilokaðir frá þessum fríðindum, án þess að þeir hafi nokkuð til unnið. Ég bar þessa till. fram hér á Alþingi í sumar, og samþ. þessi hv. d. hana, en hv. Ed. sá sér ekki fært að leggja út í slíkan kostnað og felldi hana. Ég hefi nú tekið till. upp aftur og vona, að hún komist til hv. Ed., og þar hafi þau sinnaskipti orðið, að hún komist nú inn í fjárlögin.

Hér er á ferðinni önnur samskonar till., að ég held frá hv. þm. Ak., og get ég með góðri samvizku gefið henni mín beztu meðmæli. Ég þekki manninn, sem þar um ræðir, persónulega, og hefir hann fyllilega unnið til viðurkenningar fyrir sitt dygga starf.

Næsta till. mín, á þskj. 334. XXII,2, er þess efnis að veita Önnu H. Eiríksdóttur, ljósmóður, örlítil eftirlaun. Með tilvísun til þess, að hv. fjvn. tekur fram í áliti sínu, að flestar slíkar umsóknir séu svo úr garði gerðar, að með þeim vanti nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar, mun ég taka þessa brtt. aftur til 3. umr. og hafa þá útvegað allar þær skýrslur, sem þessari umsókn þurfa að fylgja.

Þó að umr. um fyrri kafla fjárlaganna sé nú lokið, vil ég fara fáum orðum um eina till. á þskj. 360, þar sem farið er fram á styrk til Guðmundar Karls Péturssonar til þess að halda áfram námi í skurðlækningafræði erlendis. Ég get gefið þessari till. mín beztu meðmæli. Öllum hv. dm. hlýtur að vera ljóst, hvílík nauðsyn það er, að við sendum úrvalsmenn utan til þess að fylgjast með í handlækningum og ala upp góða sérfræðinga í þeirri grein. Og ég þekki þennan mann ekki að öðru en frábærri reglusemi og dugnaði, enda kunnugt um, að hann hefir tekið hæst próf í sinni grein, sem tekið hefir verið við háskólann. Við eigum svo fáa lækna í þessari grein, að ef þeir fatlast eða falla skyndilega frá, gæti okkur borizt mikill vandi á hendur.

Þá kem ég að aðaltill. minni, en ég verð að segja, að mér er þvert um geð að tala um hana yfir tómum stólum, því að ég geri ráð fyrir, að þeir taki rök mín ekki til greina. Ég mun því taka þá till. aftur til 3. umr., og fresta framsögu þangað til.

Guðbrandur Ísberg: Ég á hér litla brtt. á þskj. 334, viðvíkjandi styrkveitingu til Guðmundar Ólafssonar, fyrrv. pósts á Akureyri. Guðmundur Ólafsson hefir gegnt póststarfi í 17 ár og er nú hálfsextugur að aldri. Fyrst var hann póstur milli Akureyrar og Siglufjarðar, en svo fékk hann leiðina frá Akureyri til Staðar í Hrútafirði. Ég vil taka það fram, að á fyrri leiðinni, sem ég nefndi, eru einhverjar þær verstu torfærur, sem póstar hafa þurft að stríða við. Þar er yfir þrjár háar heiðar að fara. Fyrst er Reykjaheiði, milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, og er það góður 8 tíma gangur fyrir lausan mann. Yfir þessa heiði er ekki hægt að koma

hestum nema stuttan tíma að sumarlagi; allan annan tíma árs varð að bera póstinn á bakinu yfir heiðina. Og þetta er ekki eina torfæran. Milli Ólafsfjarðar og Fljóta er önnur álíka heiði, og þá er Siglufjarðarskarð ekki auðveldasti spölurinn. Þeir, sem hafa hugmynd um erfiðleikana við að bera þunga bagga yfir erfiða fjallvegi, vita, að menn eru ekki óskemmdir af því. Hin leiðin, frá Akureyri að Stað, er ekki eins erfið; þar er oftastnær hægt að nota hesta, svo að ekki þarf að bera bréf og blöð á bakinu. Þó má benda á, að allt fram á síðustu ár hefir þessi leið ekki verið sem greiðfærust. Þar eru illfærar heiðar og óbrúuð stórvötn, svo sem Héraðsvötn, Víðidalsá, Vatnsdalsá og Miðfjarðará. Það lætur því að líkindum, að maður, sem hefir í mörg ár verið póstur á þessum leiðum, hafi mætt mörgu misjöfnu og jafnvel lent í lífsháska oftar en einu sinni.

Ég vil ennfremur benda á, að í 18. gr. fjárlaganna er tekinn upp styrkur til margra pósta, og það meira að segja manna, sem ekki hafa haft það sem sitt aðalstarf, og því ekki gengið frá eins skertir að þreki um aldur fram eins og þessi maður. Eins og þegar hefir verið minnzt á, er Guðmundur Ólafsson nú hálfsextugur og bláfátækur. Starf hans hefir með öllu verið óaðfinnanlegt, enda hefir hann beztu meðmæli frá póstmálastjórninni.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar, en vona, að hv. dm. sjái, hvað þetta er mikil sanngirniskrafa, og verði því vel við henni.

Steingrímur Steinþórsson: Ég á aðeins eina litla brtt. við þennan kafla fjárlaganna og þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. Það er till. XX. á þskj. 334, og er þar mælzt til, að Baldvin B. Bárðdal verði veittur 300 kr. styrkur sem eftirlaun. Þessi maður er nú hálfáttræður, og hefir stundað barnakennslu mestan hluta ævi sinnar. Hann stendur nú uppi févana, heilsan að þrotum komin, og án nokkurra ættingja, sem gætu séð fyrir honum. Þarna er því full þörf fjárhagsstuðnings, og gamlir barnakennarar eiga engu að síður rétt til örlitilla eftirlauna en ýmsir þeirra, sem taldir eru upp í 18. gr. fjárlaganna, enda er hér farið fram á lítilræði, 300 kr. — Ég vænti þess, að hv. dm. neiti ekki um þessa smávægilegu upphæð, þar sem maðurinn einnig er orðinn háaldraður, og mest líkindi til, að hann þurfi ekki styrksins lengi með. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að mæla meira með þessari litlu till.; þetta er ekkert fjárhagsmál fyrir ríkið, hvort sem það verður samþ. eða ekki.

Aðrar till. hefi ég ekki við þennan kafla fjárlaganna, sem mér ber að mæla fyrir, en ég er meðflm. að till. nr. III. á þskj. 352 ásamt hv. 4. þm. Reykv., um það, að tónlistarskólinn fái að halda þeirri upphæð, sem hann hafði í síðustu fjárlögum, en nú hefir verið færð niður. Ég ætla ekki að tala langt mál um þessa till.; hv. aðalflm. mun mæla svo með henni, að ekki þurfi við það að bæta. Ég vil þó benda á það, að viðleitni þeirra manna, sem komið hafa upp tónlistarskólanum, er mjög virðingarverð. Hún stefnir að því, að allt það mikla fé, sem nú fer árlega út úr landinu til erlendra hljómlistarmanna, geti orðið kyrrt í landinu sjálfu. Og það er bæði heilbrigt og sjálfsagt, að Alþingi stuðli að því, að hægt sé að nema þessa list til nokkurrar hlítar hérlendis. — Ég vil því eindregið mælast til, að fjárveitingin verði látin óhreyfð.

Þá held ég, að óþarfi sé að taka fleira fram viðvíkjandi þessum till., sem ég er riðinn við.

Sveinbjörn Högnason: Við þingmenn Rang. eigum hér brtt. saman, á þskj. 334, og er þar farið fram á, að Jóni Ág. Gissurarsyni verði veittur 1000 kr. styrkur til framhaldsnáms í Þýzkalandi. Af því að hv. fyrri flm. er hér ekki viðstaddur, mun ég víkja að henni nokkrum orðum. Þessi maður var í fyrra við nám á verzlunarháskóla í Þýzkalandi, og er þar nú. Hann er mjög efnilegur maður, og stundar nám sitt vel og samvizkusamlega, og liggja hér fyrir ágæt meðmæli frá kennurum hans þar ytra.

Þó að nú sé erfitt með allar styrkveitingar, lít ég svo á, að Alþ. verði að halda áfram að veita slíkan námsstyrk sem þennan. Þarna er efnalaus en efnilegur maður búinn að hefja ákveðið sérnám og

fá uppörvun Alþ. til þess, og það er mjög tilfinnanlegt, ef Alþ. kippir að sér hendinni með styrk, meðan námið er ekki nema hálfnað. Hér er ekki um upphæð að ræða, sem nokkru getur á ríðið fyrir ríkissjóðinn, en þetta er sérstaklega mikils virði fyrir þennan mann, þar sem hann hefir ekki getað komizt undir þann styrk, sem menntamálaráðið úthlutar. Sá styrkur helzt alveg óbreyttur, og æskilegt væri, að þessi maður fengi einnig að halda styrk sínum óskertum, svo að hann geti lokið námi.

Þá vildi ég minnast á ummæli hæstv. forsrh. út af sandgræðslunni. Ég er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún hefir séð sér fært að hækka þann styrk upp í 30 þús. kr. En þrátt fyrir það er þessi liður lækkaður frá því í fyrra. Í ræðu hæstv. forsrh. gætti þess misskilnings, að ef lækkaður væri styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands, ætti líka að lækka fjárveitinguna til sandgræðslunnar. En sú lækkun, sem farið hefir fram á þessum lið, er alls ekki sambærileg. Í fjárlögum í fyrra voru 40 þús. kr. veittar til sandgræðslu, en nú hafa aðeins 20 þús. verið teknar í fjárl. En Búnaðarfélagið fékk í fyrra 250 þús. kr., en nú er áætlað, að það fái 210 þús. kr. Af þessu er auðsætt, að sandgræðslan hefir sætt langtum meiri lækkun en Búnaðarfélagið. Ég er hæstv. forsrh. því ekki sammála um það, að sandgræðslan sæti samskonar kjörum og önnur búnaðar- og ræktunarmál. Þó að styrkurinn verði hækkaður upp í 30 þús. kr., eins og hv. fjvn. leggur til, yrði lækkunin samt ¼ af styrknum frá því í fyrra, en þó að styrkur Búnaðarfélagsins yrði lækkaður niður í 200 þús., væri það ekki nema ⅕ hluta lækkun frá síðustu fjárlögum. Ég tel alveg rétt, að eitt sé látið ganga yfir þessa liði báða, og bendi hv. dm. á það, að þótt sandgræðslustyrkurinn verði hækkaður upp í 30 þús. kr., er það þó verr farið en Búnaðarfélagið. Ég vænti þeirrar sanngirni af hv. þdm., að þeir sjái, að hv. n. hefir ekki gengið of langt með þessari till., og leggi henni því lið sitt.

Haraldur Guðmundsson: Ég hefði kosið, að fleiri þm. hefðu hlýtt á þessa ræðu mína, en ég þykist sjá, að hæstv. forseti muni vera ráðinn í því að beita þingsköpum til hins ýtrasta og slíta umr., ef ekki eru menn til að halda þeim áfram.

Hæstv. forsrh. bar fram þakkir til hv. fjvn. og þm. yfirleitt fyrir það, að hafa stillt mjög í hóf brtt. við fjárlögin, komið með fáar og smáar hækkunartill., en margar og stórar til lækkunar. Ég held nú raunar, að ekkert af þessu þakklæti hafi átt að fara til mín, enda kærði ég mig ekki um slíkt þakklæti.

Ég flyt nokkrar brtt., og þótt þær séu ekkert stórkostlegar, tel ég þó miklu skipta, að vel verði þeim tekið. Hæstv. forsrh. lét þau orð falla, að undirtektir hv. fjvn. undir fjárlagafrv. stj. bæri þess glögg merki, að n. væri sér meðvitandi um þá ábyrgðarmiklu tíma, sem nú standa yfir. Ég er fullkomlega sammála hæstv. forsrh. um það, að tímarnir séu alvarlegir, en ég er algerlega ósammála honum og hv. fjvn. um það, hvernig eigi að mæta þeim. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að verði fjárlögin samþ. með líku sniði og hv. fjvn. skilar þeim frá sér, þá verði það til þess að auka stórlega vandræðin í landinu. Frá þessu sjónarmiði ber ég fram brtt. mínar. Við jafnaðarmenn álítum, að skylda Alþingis sé sú, að reyna að bæta úr slíku ástandi sem nú er, en auka ekki á vandræðin. Ég mun þá sökum mannfæðar í d. víkja fyrst að hinum smærri brtt. mínum.

Ég flyt brtt. á þskj. 352, ásamt hv. þm. G.-K., um styrkveitingu til Jóns Gauta Jónatanssonar. Þessi ungi maður hefir nú stundað nám í tvö kennslumissiri úti í Þýzkalandi, og á eftir tvö kennslumissiri í viðbót. Jón Gauti hefir getið sér góðan orðstír í námsgrein sinni, og er álitinn hinn efnilegasti maður til starfa í þessari grein. Er hann og glöggskyggn maður, og ég hygg enda, að hann hafi með höndum uppfundningu á þessu sviði, sem megi koma að gagni hér hjá okkur og ef til vill líka annarsstaðar. Þarf ekki orðum um það að fara, hvílík nauðsyn það er fyrir þjóðina, að slíkum mönnum gefist kostur á að frama sig erlendis og njóta þeirrar beztu tilsagnar, sem þar er völ á, til þess að þeir síðar geti orðið að sem mestu gagni hér heima. Ég vil því mælast til þess, að hv. þdm. ljái þessari till. atkv. sitt, en skal þó jafnframt geta þess, að

þó að hér sé farið fram á 2000 kr., mundi þessum manni koma að gagni að fá þótt ekki væri nema 1000 kr. fyrir þetta ár, ef hann ætti það víst, að hann fengi 1000 kr. í fjárlögum næsta árs á eftir.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 334, XIV, við 14. gr., þess efnis, að veittar verði 1200 kr. til unglingaskóla á Seyðisfirði. Eins og frá fjárlögunum er gengið, er ekki séð fyrir neinum styrk til unglingakennslu í kaupstöðunum, þar sem ekki eru gagnfræðaskólar, en til þeirra er veitt fé og til héraðsskólanna í sveitunum. Nú er enginn gagnfræðaskóli á Seyðisfirði, en þar hefir þó stundum verið haldið uppi unglingakennslu með opinberum styrk, og verður sú kennsla að falla niður, ef ekki verður veittur styrkur til hennar eins og undanfarið. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. í þessa átt, og vænti þess, að hún verði samþ., enda geri ég ekki ráð fyrir, að það sé meining fræðslumálastj. að gera Seyðisfjörð svo afskiptan í þessum efnum.

Þá á ég aðra brtt. á þessu sama þskj., XIX, við 17. gr., sem fer fram á það, að styrkurinn til gamalmennahælisins á Seyðisfirði verði hækkaður upp í 1000 kr., úr 800, sem hann er áætlaður í frv. stj. Er það sú sama upphæð, sem hælið hefir haft í styrk undanfarið, og fæ ég ekki séð, þó að nú sé að vísu þröngt í búi fyrir ríkissjóði sem öðrum, að ástæða sé til að fara að lækka þennan litla styrk. Þetta hæli hefir starfað um mörg ár, og get ég borið um það af eigin sjón, að rekstur þess er með miklum fyrirmyndarbrag og að vel fer um þau gamalmenni, sem þarna dvelja. Þó að sparnaðarhugurinn sé nú að vísu mikill í hv. þdm., vona ég samt, að þeir fari ekki að klípa af þessum 1000 kr. styrk, enda fæ ég ekki séð, að hagur ríkissjóðs mundi batna nein ósköp, þó að þessi sparnaður næði fram að ganga, en hér er hinsvegar um gott fyrirtæki að ræða, sem vissulega er góðs maklegt.

Þá kem ég að þeirri till. á þessu þskj., sem við Alþýðuflokksmennirnir hér í deildinni flytjum allir samt, XVI, við 16. gr., þess efnis, að veitt verði 1 millj. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Þetta er veigamesta till., sem ég er við riðinn fjárlögin að þessu sinni. Skal ég þó ekki hafa mörg orð fyrir henni, því að það hlýtur að vera öllum ljóst, hvílíkt ástandið er í landinu, og hefir enda komið greinilega fram í þessum umr., að þm. ganga þess ekki duldir, að nú þarf sérstakra ráðstafana við, ef þá nokkuð er að marka, það sem menn segja í þessu efni. Ég hefi og vikið að þessu í ræðum mínum áður hér á þinginu, hvílík nauðsyn er á því, að ríkið hlaupi undir bagga með kaupstöðum og kauptúnum í þessu efni, og skal nú aðeins árétta þetta nokkuð með nýjustu tölum Hagtíðindanna um þessi efni. — Samkv. l. frá 1928 á að fara fram skráning atvinnulausra manna, og hefir þessu verið framfylgt á flestum stöðum, en þó að vísu fallið stundum niður skráning í einstökum kaupstöðum. Eftir skýrslunum hafa 114 menn verið atvinnulausir í 4 kaupstöðum landsins 1. nóv. 1930 — en í nóv. og febr. er atvinnuleysið mest eftir skýrslum að dæma — en 1. nóv. 1931 eru 1526 menn atvinnulausir í 7 kaupstöðum. 1. febr. í ár eru 1339 skráðir atvinnulausir í 6 kaupstöðum, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi getað aflað mér um þetta, munu nú vera um 2600 atvinnulausir menn í öllum helztu kaupstöðum og kauptúnum landsins. Skýrslur Hagtíðindanna skýra ennfremur frá því, að um helmingur atvinnuleysingjanna eru ómagamenn, og koma 2,4 ómagar á hvern þeirra að meðaltali. Sé gengið út frá því, að atvinnuleysingjarnir séu nú 2600, og að helmingurinn eigi fyrir 2,4 ómögum að sjá, svarar það til þess, að 4400—5000 manns hafi beint liðið atvinnuleysi eða fyrirvinnuna skort atvinnu. Liggur í augum uppi, hve geigvænlegt slíkt ástand er, ekki sízt í landi eins og hér, þar sem ekki er neinn minnsti vísir til opinberra tryggginga til að hjálpa mönnum, þegar svo stendur á. Og þó segja þessar tölur ekki nema að litlu leyti frá því, hve atvinnuleysið í raun og veru er víðtækt, því að margir láta það undir höfuð leggjast að skrá sig, þar sem engar atvinnuvonir eru bundnar við skráninguna. Það má því telja það víst, að atvinnuleysið sé miklu meira en fram kemur í þessum tölum, og því miður býst ég við því, að við eigum enn eftir ófarinn versta kaflann af kreppunni, og að svo erfiður sem þessi

vetur hefir verið, verði þó næsti vetur enn þyngri í skauti. Við jafnaðarmenn leggjum því til, að lagt verði úr ríkissjóði 1 millj. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum. En okkur er jafnframt ljóst, að þetta kemur ekki að gagni, nema sveitar- og bæjarfélögunum um leið sé gert það kleift að leggja fram sitt framlag á móti. Annað væri sýnd hjálp, en ekki veitt. Við leggjum því til, að sveitar- og bæjarfélögum sé gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði í þessu skyni. Í bjargráðasjóði mun nú vera upp undir millj. kr., og mikið af því fé mun handbært, þegar til þarf að taka, og geri ég ráð fyrir, að ef sveitar- og bæjarfélögin fengju þannig t. d. ¾ framlags síns í styrk eða að láni, myndu þau sjá sér fært að leggja fram sjálf þennan ¼, sem á vantar fullt framlag, á móti. Er ekki vafi á því, að þetta mundi verða mikill léttir fyrir bæjar- og sveitarfélög, því að aukning fátækraframfærslunnnar einnar saman hlyti að nema miklu meiru en þessum ¼, sem þeim er ætlað að leggja fram úr eigin sjóði, ef ekkert verður aðhafzt í þessum efnum. Ef þessi till. því verður samþ., verða þannig 2 millj. kr. í handbæru fé til þess að bæta úr vandræðunum, sem fram undan eru. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 300.000 kr. til atvinnubóta, sem eitthvað meira eða minna er nú þegar búið að eyða af, en ef þetta framlag verður veitt, ætlumst við til, þar sem gera má ráð fyrir, að það, sem eftir kann að vera af fjárveitingu þessa árs í þessu skyni, hrökkvi ekki til, að farið verði að nota þetta framlag strax á næsta hausti, eftir því sem þörf verður á.

Ég vildi annars í þessu sambandi skjóta því til hæstv. fjmrh., sem hér er einn staddur af ráðh., þó að slíkt að réttu heyri undir ráðuneyti hæstv. forsrh., hvort enn sé ekki búið að gefa út reglugerðina fyrir þessari atvinnubótavinnu og styrknum til hennar, því að mér er kunnugt um það, að mörgum kaupstöðum og kauptúnum hefir verið synjað um þennan styrk, þó að þeir væru í fullri þörf fyrir hann, með þeim forsendum, að þetta væri ekki hægt, þar sem reglugerðin væri ekki til. Er þetta óþolandi vanræksla af hlutaðeigandi ráðh., svo að ég hafi ekki harðari orð um.

Ég þykist vita, að andmælin gegn þessari till. verði þau venjulegu, að ekkert fé sé fyrir hendi. Vil ég því taka það fram, að við flm. erum reiðubúnir til að styrkja flokk stj. til þess að sjá fyrir auknum tekjum í þessu skyni, ef stj. um það vill fara þær leiðir, sem við getum fallizt á. Skal ég benda á eina leið í þessu efni, sem ekki verður neitað, að er vel fær, þótt hinsvegar ýmsum kunni að vera miður ljúft að fara hana. — Í fjárlagafrv. stj. er tekju- og eignarskatturinn áætlaður 850.000 kr., og sé ég, að hv. fjvn. gerir till. um, að þetta verði lækkað niður í 800.000 kr., og er þó þessi áætlun stj. mjög varleg að mínu áliti. Það mun nú láta nærri, að skattskyldar eignir nemi alls um 120 millj. kr., og nemur skatturinn af þessum eignum um 200.000 kr., — og eignarskatturinn breytist lítið eða ekkert vegna misærisins, sem kemur aðallega fram í tekjuskattinum —, og eftir þessu ætti tekjuskatturinn að gefa 600.000 kr. Væri nú eignaskatturinn hækkaður um 200% og tekjuskatturinn um 100%, — sem er miklu sanngjarnari og viturlegri leið en hæstv. stj. virðist vilja fara í þessum málum, sem er að taka ríkistekjurnar með óbeinum sköttum af nauðþurftum almennings —, fengist þarna inn 1 millj. kr. í hækkuðum tekju- og eignarskatti, eða jafnmikið og við jafnaðarmenn leggjum til, að varið verði til atvinnubóta á næsta ári. Getur engum blandazt hugur um það, að þeir, sem hafa svo skiptir tugum þús. skattskyldra tekna og eiga hundrað þúsund skattskyldra eigna, taka ekki út þjáningar vegna kreppunnar, og ef frá nokkrum er hægt að taka, er það frá mönnum, sem svo er ástatt um. — Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að allt krepputal manna hér í deildinni sé ekki innantóm orð og að menn sjái ástandið og vilji úr því bæta. Ég get jafnframt bætt því við, að þótt ég hafi bent á þessa leið öðrum fremur til tekjuöflunar í þessu skyni, er ekki útilokað, að við Alþýðuflokksmenn getum fallizt á aðrar, ef féð ekki er tekið frá þeim, sem verst eru settir.

Þá kem ég loks að síðustu brtt. minni

á þessu sama þskj., XXVII. Er sú brtt. í þremur liðum, og fjallar fyrsti liðurinn um það, að stj. heimilist að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskveiða, samtals allt að 100 þús. kr., gegn þeim skilyrðum, sem þar greinir. Er þetta endurveiting. Heimildin var veitt á sumarþinginu, og hefir hæstv. stj. veitt vilyrði um að nota þessa heimild, en þar sem ekki hefir getað orðið úr skipakaupunum til þessa, hefir heimildarinnar eðlilega ekki verið neytt ennþá, og eins og stendur er tvísýna á því, að félaginu lánist að festa kaup á skipum, sem því líkar, og því er hér farið fram á endurveitingu heimildarinnar. Um nauðsyn þessa máls get ég að mestu vísað til þess, sem ég sagði um það á sumarþinginu, en vil hér aðeins benda á það, að sá atvinnustofn, sem Seyðfirðingar byggja alla sína afkomu á, er 8—9 mótorbátar, auk nokkurra trillubáta. Um helmingur þessara báta er 25 ára, og flestir hinna eru keyptir notaðir frá öðrum verstöðvum, þar sem þeir þóttu ekki nothæfir. Á Seyðisfirði eru um 1000 manns, en allur aflinn á þessum bátum var um 2200 skp. síðastliðið sumar, og sjá allir, að ef svo fjölmennt bæjarfélag á að byggja alla sína atvinnu- og afkomuvon á þessum skipastól eingöngu, verður meira en helmingur bæjarbúa að fara burtu. Að menn hafa haldizt í bænum til þessa, stafar aðallega af tveim ástæðum. Bæði er það, að talsvert hefir verið keypt að af fiski, einkum af útlendingum, og svo var síðastliðið sumar all-mikið sent af fiski til Seyðisfjarðar annarsstaðar að til verkunar, og bætti það nokkuð út atvinnuleysinu í bænum. Á síðastl. sumri voru verkuð á Seyðisfirði til útflutnings liðug 7000 skp. af fiski; þar af voru 3500 skp. send að, 1500 skp. keypt af erlendum skipum og 2000 skp. eigin afli. Eins og stendur, eru engar líkur til þess, að fiskur fáist nú til verkunar annarsstaðar að, því að atvinnuleysið er svo mikið alstaðar á landinu, að við því er ekki að búast, að fiskur verði sendur til verkunar úr einni verstöð í aðra. Bankarnir hafa nú að vísu til þessa lánað fé til fiskkaupa af erlendum skipum, en nú neita þeir um hjálp og eins um allar yfirfærslur. Það er því sýnt, að Seyðfirðingar verða að byggja alla sína atvinnu- og afkomuvon á eigin skipastól eingöngu, en hann er svo lítill, eins og fyrr segir, að aflinn er ⅞ of lítill, til þess að atvinna ekki verði minni en síðastliðið sumar. Og má hún þó alls ekki minni vera. Ef þessi heimild hinsvegar fær að standa áfram, tel ég allar vonir til þess, að kaup geti tekizt á skipunum, ef ekki í ár, þá a. m. k. á næsta ári, og mundi þá atvinna Seyðfirðinga bætt og tryggð frá því sem er.

Þá er það annar liður till., sem gengur út á það, að stj. sé heimilað að leggja fram allt að 200 þús. kr. til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. — Mikið af því forspjalli, sem ég lét fylgja fyrsta lið till., get ég einnig látið fylgja þessum lið, því að þótt samvinnufélag sé stofnað til útgerðar og bátar keyptir, er það ekki nóg til að sjá Seyðfirðingum fyrir nægilegum atvinnustofni. Ef hinsvegar yrði reist þarna síldarbræðslustöð, mundu mörg skip sækja þangað að, og þetta hvorttveggja skapa mikla atvinnu. Ég veit það, að sumir álíta ekki heppilegt að reisa þarna síldarbræðslu, og færa það til, að svo lítið sé um síld fyrir Austfjörðum, að hún mundi ekki hafa nóg að starfa. En þetta er ekki á rökum reist. Eftir því, sem þeir segja, sem bezt þekkja til þessara mála og kunnugastir eru síldargöngum hér við land, er síldin hvergi eins viss né stendur eins lengi eins og beggja megin Langaness og þó einkum austanvert við það. Skýrslur, sem ég hefi safnað í þessu efni, sanna og þetta mál. En það segir sig sjálft, að ekki er fært smábátum að sækja síldina alla leið til Bakkafjarðar og Langaness, en línuveiðarar og togarar geta vel sótt síldina þessa leið, og standa enda um það vel að vígi. Auk þess segja svo kunnugir, að flest sumur sé allt fullt af síld beint út af Austfjörðum, en ýmsir telja þó vafasamt, að þar sé hægt að kasta herpinótum vegna strauma, t. d. út af eða sunnan við Gerpi, en ég hefi átt tal við nokkra togaramenn um þetta, og segja þeir mér, að þetta þurfi ekki að óttast, nema þá í allra stærstu straumum. — Til viðbótar þessu má svo benda á það, að Austfirðir voru á sínum tíma að-

alsíldveiðistöðvar hér á landi, og á síðustu árum bendir margt til þess, að hafsíldargöngur séu að hefjast þangað á ný, að ég nú ekki tali um vorsíldina, sem oft fyllir flesta firði á Austfjörðum á ári hverju. Seyðisfjörður fylltist af síld í haust og hefir þar allt verið fullt af síld allt fram á þann dag í dag. Hefi ég hvergi séð eins mikið af síld eins og í Seyðisfirði í haust og vetur. Sá ekki högg á vatni, þó að veiddar væru inn í firðinum um 4000 tunnur á skömmum tíma. Fitumagnið í síldinni var þetta 14—18%, og verður það að teljast mikið. Síldin var mjög innanfeit, eins og jafnan er um millisíld. — Ég hefi aflað mér upplýsinga um það, hvað slík síldarbræðslustöð mundi kosta mikið. Er áætlað, að hún muni kosta uppkomin ca. 700—750 þús. kr., þar af vélar og efni frá útlöndum fyrir ca. 350 þús. kr. samkv. tilboði frá síðastliðnu hausti. Að vísu er þetta tilboð ekki bindandi nú, en ég ætla þó, að það muni fást enn, því að verðlag á þessum hlutum hefir sáralítið breytzt frá því í haust. Maður frá einni af stærstu síldarbræðsluvélasmiðjum í Noregi var mér samtímis á Seyðisfirði í sumar, og fórum við saman yfir áætlanirnar, og taldi hann öruggt, að verksmiðjan mundi ekki þurfa að kosta meira en 750 þús. kr. með öllu tilheyrandi, og er þá gert ráð fyrir, að verksmiðjan geti brætt 1500—2000 mál á sólarhring. Ef tilboðið frá Noregi, sem ég nefndi áðan, stendur enn, eða er hægt að fá það endurnýjað, er hægt að fá efni og vélar til verksmiðjunnar að láni með góðum kjörum. Eru þarna þá komnar 350 þús. kr. Ef ríkið leggur fram að sínu leyti 200 þús. kr., og eignir, sem eru þarna eystra, verða lagðar í fyrirtækið, vantar ekki nema 50 þús. kr. til þess að reisa verksmiðjuna, sem taka verður annarsstaðar frá, ef ríkið jafnframt gefur eftir innflutningstolla af vélum og efni til verksmiðjunnar, eins og farið er fram á í till.

Ég verð að telja miklu álitlegra að fara þessa leið, að byggja stóra verksmiðju, en að byggja smærri verksmiðjur og ódýrari. Það þarf að vísu minna fé í upphafi til að byggja smærri verksmiðju, en vinnslan verður dýrari. Auk þess þyrfti þá að byggja stórar þrær til þess að geyma síldina í; kosta þær mikið fé, og auk þess er þess að gæta, að við geymsluna verður varan verri en ella. Mér er sagt, að flestir vilji hafa vélarnar stærri, svo að minna þurfi að geyma af síldinni, því að eftir því, sem þrærnar eru stærri og síldin geymist lengur, verður hún verri, og myndast þá sýra í lýsinu er gerir vöruna lakari.

Ég ætla þá að draga saman í höfuðdráttum það, sem mér finnst mæla með því, að komið sé upp síldarbræðslustöð á Seyðisfirði.

Það er þá fyrst, að aðstaðan á Seyðisfirði fyrir síldarbræðslustöð er eins góð og á Siglufirði, við Eyjafjörð eða vestur á Sólbakka. Auk þess má, þegar síldin gengur inn á firði, taka innan fjarðar ógrynni síldar, því sem nær án nokkurs kostnaðar, og veit ég ekki dæmi til þess annarsstaðar. Þau ár, sem vetrarsíld fæst, lengist starfstími verksmiðjunnar um helming, og þarf ekki að eyða orðum til að sýna, að bræðslustöð, sem getur starfað allt að 7 mánaða tíma á móts við 3—4 mánuði annarsstaðar, stendur svo langtum betur að vígi, að ekki er saman berandi. Aðstaðan til að fá hafsíld til stöðvar á Seyðisfirði er a. m. k. jafngóð og annarsstaðar, en til yfirburðar má telja vonina um innfjarðarsíld vor, sumar og jafnvel á vetrum.

Þá er þriðji liður till., um að leggja fram úr ríkissjóði allt að 75 þús. kr. til þess að koma á fót sögunarverksmiðju á Seyðisfirði í helmingafélagi við kaupstaðinn.

Ég býst við, að ég þurfi að skýra þetta dálítið, af því að ætlazt er til, að aðalsmiðið verði tunnustafir, og kann mönnum því að finnast skrítið að setja slíka tunnusmiði niður á stað, þar sem lítið er um síldarsöltun. Ég skal játa, að í byrjun sýnist þetta vera hálfgert öfugmæli, þegar litið er á það eitt, að undanfarið hefir verið sáralítið saltað af síld á Seyðisfirði. En þess er þá fyrst að gæta, að meðan þar er engin síldarbræðslustöð, hlýtur lítið að verða úr síldarsöltun, því að fáir treystast til að gera út á síld, ef þeir verða að fleygja í sjóinn allri síld, sem ekki telst söltunarhæf. Síldarútgerð og síldarsöltun myndi stórum aukast, ef bræðslustöð kæmist þar upp, sem tæki

við úrgangssíldinni. Ég geri þó ráð fyrir, að höfuðsöltunarstöðvarnar verði áfram a. m. k. fyrst um sinn á Siglufirði og við Eyjafjörð, og því kann að virðast fljótt á litið, að eðlilegast væri að tunnusmíðin væri bundin við annanhvorn þann stað. Tunnurnar yrðu og að sjálfsögðu settar saman á þessum stöðum, þótt tunnustafir og botnar væri smíðað á Seyðisfirði að einhverju eða öllu leyti.

Það mun láta nærri, að við flytjum inn á ári upp undir 200 þús. tunnur til síldarsöltunar, og mun verð þeirra nema um einni millj. króna, sem nú fer allt út úr landinu. Eftir upplýsingum, sem maður, er um skeið dvaldist erlendis að tilhlutun hæstv. stj., til að rannsaka þessi mál, hefir útvegað, er talið, að efni í 150 þús. tunnur kosti um 300—350 þús. kr. En það svarar til þess, að 400—450 þús. kr. verði greitt fyrir vinnulaun og kostnað við tunnusmíðið, ef miðað er við 5 kr. verð á hverri tunnu, en með 6 kr. verði verða það 550—600 þús. kr., er á þann hátt greiðast í vinnulaun og annað kostnað innanlands.

Enn hefir ekki verið gerð fullnægjandi áætlun um framtíðarrekstur slíkrar verksmiðju. Slíkt er naumast hægt fyrr en nokkur reynsla er fengin. Hugmynd mín með till. er að koma því til leiðar, að tilraun, sem á má byggja, verði gerð til að smíða hér á landi tunnur úr óunnum við. Hér er um svo mikinn innflutning að ræða, að sjálfsagt virðist að gera slíka tilraun nú þegar. Ætlazt er til, að teknir verði til að byrja með 500 standarðar af óunnum trjábolum, en úr því fást 200 standarðar af tunnuefni, sem er jafnt og 30 þús. síldartunnur, og ennfremur um 100 standarðar af borðum og battingum, en afgangurinn fer í niðursögun, og þó má sennilega fá talsvert af kassafjölum og þesshättar úr honum. Í því sambandi vil ég benda á, að ef áframhald verður á því, sem vænta má, að senda út ísvarinn fisk í kössum, þá má nota úrgangsefnið í slíka kassa. Sem sagt, úr þessum 500 standörðum af óunnum trjábolum fæst efni í 30 þús. síldartunnur, 100 standarðar af öðru gagntimbri, og auk þess sennilega talsvert af kassafjölum o. þ. h.

Eftir því sem ég veit bezt munu vélar til verksmiðjunnar kosta eitthvað á milli 75—80 þús. kr. En verksmiðjan þarf rúmgóð hús og geysistóra lóð, og þarf hvorttveggja að liggja nærri góðri hafskipabryggju. Og ég þekki engan stað, þar sem um síldveiði er á annað borð að ræða, er hefir slík skilyrði að bjóða, bæði hvað stóra og ódýra lóð snertir og jafnframt ódýr hús og hentugri upp- og útskipunartæki sem Seyðisfjörður. Til þess að reka vélarnar þarf allmikla orku, og þar sem ekki er hentugt vatnsafl nærri verður að notast við mótor, sem bæði kostar allmikið, og hlýtur að verða nokkuð dýr í rekstri. Á Seyðisfirði er rafmagnsstöð, sem framleiðir mun meiri orku en bærinn nú þarf að nota, og gætu því vélarnar fengið nóg afl og ódýrt handa sögunarverksmiðjunni.

Með því að gera þessa tilraun á Seyðisfirði mælir þá þetta: Þar má fá ódýr hús fyrir verksmiðjuna, stóra, hentuga og ódýra lóð með aðgengilegri hafskipabryggju, og loks nægilegt og ódýrt rafmagn. Þarf því hvorki að festa fé í lóðakaupum, húsum né orkuvélum, ef tilraunin er gerð þar og er það ekki lítilsvert atriði.

Ég geri ráð fyrir, að þegar á fyrsta ári mundi reynslan skera úr því, hvort það borgar sig að flytja inn óunninn við og smíða hér allar þær tunnur, sem við þurfum að nota, bæði undir síld og kjöt. En þótt nú svo illa færi, að það sýndi sig að svara ekki kostnaði að saga óunninn við í tunnustafi, þá mundi samt engan veginn því fé, sem lagt yrði til stofnunar verksmiðjunni, á glæ kastað. Þar mætti smíða tunnur úr óunnum en tilsöguðum tunnustöfum á sama hátt og gert hefir verið á Akureyri og Siglufirði undanfarna vetur. Auk þess mætti að sjálfsögðu saga þar ýmiskonar timbur. En ef það sýndi sig, sem er von mín, að smíða mætti hér á landi jafngóða tunnustafi og ekki dýrari en þá, sem inn eru fluttir, þá geri ég ráð fyrir, að settar verði bráðlega upp fullkomnar tunnuverksmiðjur Norðanlands. Gætu þær þá fengið óunninn staf frá Seyðisfirði, sem til þessa hefir verið keyptur frá Noregi. Og jafnvel þótt hentugra þætti, að þær fái sér einnig vélar til að saga staf úr óunnum viði, þá er það ekki stórvægilegt atriði, samanborið

við allt það fé, sem nú er greitt árlega út úr landinu fyrir tunnurnar.

Með þeim áætlunum, sem strandferðaskip ríkisins fara eftir, þá koma þau oftast syðri leiðina með vörur héðan til Austfjarða og tæmast þar. Gætu þau þá flutt tunnuefni frá Seyðisfirði og til þeirra hafna á Norður- og Vesturlandi, þar sem not eru fyrir síldartunnur. Tel ég engan vafa á, að hægt verði að komast að samningum við Ríkisskip um að fylla upp fyrir lágt farmgjald það rúm í skipunum, sem ekki er nú notað hafna milli vegna ónógra vöruflutninga.

Ég held að ég þurfi svo ekki að láta fleiri orð fylgja brtt. minum, enda mun þeim ljóst þessum fáu hv. þm., sem eftir eru í d., hvað fyrir mér vakir. En við hinu get ég búizt, að sumum þyki vera farið fram á of mikið í einu með þessum till. minum, þar sem í fyrsta lagi beðið er um ríkisábyrgð handa samvinnufélagi sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði, allt að 100 þús. kr., í öðru lagi, að ríkissjóður leggi fram 200 þús. kr. til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, og í þriðja lagi, að ríkissjóður leggi fram allt að 75 þúsund krónur til þess að koma á fót sögunarverksmiðju á Seyðisfirði. Þykist ég því vita, að þeim mönnum, sem sýnt er að horfa í sparnað um alla hluti, finnist hér í mikið ráðist fyrir eitt og sama bæjarfélagið. En mín skoðun er sú, að með þessu sé hinu opinbera alls ekki bökuð aukin áhætta frá því, sem nú er. Ég lít svo á, að ef ekki verður gert eitthvað verulegt af hálfu ríkisins til þess að glæða atvinnulíf austur þar og skapa betri afkomuskilyrði, þá muni á skömmum tíma tapast þar miklu meira fé en það, sem hér er um að ræða. Og þau töp hljóta að mestu að lenda á hinu opinbera, ríkinu, sem nú rekur alla bankastarfsemi í landinu.

Kunnugir menn telja, að síðustu 10—12 árin muni hafa tapazt á Austfjörðum a. m. k. 15 millj. kr. Fullur helmingur þessa er vitað tap bankaútibúanna tveggja. En það svarar til þess, að tapazt hafi upp og ofan hvert þessara ára 1—1½ millj. kr. Sjálfsagt er margt, sem þessum töpum veldur. Eitt atriði er án efa fiskveiðalöggjöfin frá 1922, sem komið hefir mjög óþyrmilega niður á Austfirðingum. Nú er svo komið, að tilfinnanlega skortir fjármagn þar eystra, einkum þó á Seyðisfirði, til þess að gera tilraun með fiskiveiðar á skipunum eftir því, sem kröfur tímans heimta. Sá skipastóll, sem til er eystra, er yfirleitt úr sér genginn, bátarnir flestir gamlir og margir voru keyptir þangað eftir að þeir þóttu lítt notandi í öðrum verstöðvum. Allir vita, hvaða þýðingu það hefir fyrir sjávarútveginn og fiskiveiðar að nota gömul og léleg skip, enda er ekki hægt að gera útgerðinni verra en að spara fé með því að kaupa ódýr og lítt nothæf skip. Ef ekkert verður gert til þess að bæta úr ástandinu þar eystra, er ekki annað sýnna en að útgerðin þar haldi áfram að velta upp á sig nýjum töpum í viðbót við þá skuldabagga, sem hún nú ber. Ef menn líta á, að á Austfjörðum hefir tapazt yfir milljón kr. á ári síðustu 10—12 árin, þá er ekki mikið í hættu lagt fyrir ríkið að leggja fram í eitt skipti fyrir öll milli 200—300 þús. kr. og ábyrgð fyrir 100 þús. kr., ef með því lánaðist að stöðva töpin og skapa skilyrði fyrir heilbrigðu atvinnulífi.

Þótt svo illa færi, gegn von minni, að engin síld veiddist á Seyðisfirði eða svo nærri, að fært þætti að flytja hana í síldarbræðslustöðina á Seyðisfirði, þá er ekki fé, sem lagt er í síldarbræðslustöð, allt tapað fyrir því. Vélar og hús má taka og flytja á annan heppilegri stað, því að gert er ráð fyrir, að húsin verði byggð úr járni, en eigi steini, enda eru slíkar verksmiðjur víðast í Noregi úr járnflekum á járngrind. Sama er að segja um sögunarvélarnar. Og skipin er auðvelt að flytja staða í milli. Fé er því til, verðmætin til.

Að lokum vil ég benda á, að ef till. minar ná fram að ganga og komið verður upp þeim fyrirtækjum á Seyðisfirði, sem þar er ráð fyrir gert, þá væri með því gerð merkileg tilraun til að koma á skipulagsbundnum atvinnubótum í kaupstöðum með því að sameina iðnrekstur og fiskveiðar á smáum bátum og stærri skipum og skapa samfellda atvinnu mestan hluta ársins. Ef bæjarfélag eins og Seyðisfjörður byggir afkomu sína á einhverri atvinnugrein eingöngu og hún bregzt, þá er um leið allt í voða. Ef byggja á afkomuna eingöngu á stórum skipum, þá

er allt í voða, er stórskipaútgerð bregzt, og ef byggja á á íþnaðinum einum, þá er líka allt í voða, ef þar bjátar alvarlega á. Með mínum till. er reynt að tryggja sem bezt afkomu bæjarfélagsins allt árið með því að skapa skilyrði fyrir meiri fjölbreytni í atvinnuháttum en nú er.

Á Seyðisfirði hefir verið lagt mikið kapp á jarðrækt nú síðasta árið, og hún aukizt stórum. Land er þar gott til ræktunar, liggur nærri bænum og allt innan bæjarlandsins, enda bæjareign. Eru þar því ágæt skilyrði til þess jöfnum höndum að stunda jarðrækt og smábátaútgerð. Smábátarnir eru til þess vel fallnir að stunda á þeim fiskveiðar vor og sumar, þegar fiskur gengur á grunnmið eða inn á fjörðinn, og gefa þá oft góðar tekjur um stuttan útgerðartíma. Sama fólkið, sem hefir atvinnu við báta þessa, getur oft gefið sig við jarðrækt og þess háttar jafnframt. En á þessa báta geta ekki valizt þeir menn, sem leggja eingöngu sjómennsku fyrir sig sem atvinnu; til þess er atvinnutíminn á smábátum of stuttur. Þeir eiginlegu sjómenn hljóta að vera bundnir við hin stærri skip, sem geta fært sig úr stað og stundað veiðar, hvar sem er í kringum land, eftir því sem fiskigöngurnar haga sér. Þannig er séð fyrir samfelldri vinnu fyrir bæjarbúa þegar stærri skip eru fengin, er sótt geta til fiskimiða alla tíma ársins. Venjulega byrjar vertíð þarna snemma á vorin, og verður þá hægt að stunda smábátaveiðar fram eftir sumri jafnframt ígripavinnu í landi. En þá tekur síldveiðin við og síldarbræðslustöðin fram á haust. Og þegar lokið er bræðslu síldarinnar, verður hægt að snúa sér að tunnusmíðinni. Á þennan hátt má skapa samfellda atvinnumöguleika fyrir bæjarbúa, svo að þótt eitt brigðist, þá sé ekki allt í voða. Af þessu öllu, er ég hefi nú sagt, vona ég, að það verði ljóst, að þótt vitaskuld sé ekki hægt að neita því, að áhætta fylgi ábyrgðarveitingum og framlögum eins og hér er ráð fyrir gert, þá er áhætta hins opinbera í engu aukin frá því, sem nú er. Hitt er meiri áhætta að láta það ógert, sem till. mínar fara fram á.

Mér þykir leitt, hvað fáir hafa verið áheyrendur að jafnþýðingarmiklu máli og þessu, sem ég hefi nú gert að umtalsefni. Þess vegna læt ég máli mínu lokið að sinni, þó að fleira mætti tína til. Að lokum vildi ég mega mælast til, að hv. frsm. fjvn. léti mig vita áður en umr. lýkur, hvort n. hafi tekið afstöðu til brtt. minna. Ef hún er á móti þeim, þá er ekki um það að fást. En vilji hv. n. við mig tala og óski frekari upplýsinga, þá er ég fús til að láta till. bíða til 3. umr., ef það kynni að geta haft áhrif á afstöðu hv. n.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú orðið mjög framorðið, og þeir hv. þdm., sem hér eru enn í sætum sínum, orðnir þreyttir; þess vegna skal ég vera mjög stuttorður.

Það eru aðeins tvær brtt., sem ég þarf lítilsháttar að gera grein fyrir, og er báðar að finna á sama þskj., 334. Sú fyrri er XVIII. brtt. í röðinni og er flutt af mér ásamt báðum hv. þm. Rang., og fer fram á 1000 króna styrk til dýralækninga með þeirri aths., að styrkurinn veitist mönnum, er dýralækningar stunda og dýralæknar mæla með, í þeim héruðum, sem erfitt eiga með að ná til dýralækna landsins. Ástæðan til þess, að við flytjum þessa brtt. er sú, að 5 menn, sem stundað hafa dýralækningar í héruðum hér sunnanlands hafa sótt til þingsins um 500 króna styrk handa hverjum þeirra á ári, til þess að þeir geti gefið sig áfram við þessum lækningum. En sakir erfiðleika ríkissjóðs sáum við okkur ekki fært að taka upp í brtt. upphæð í líkingu við það, sem þeir fara fram á. Þó að upphæðin sé lítil, þá er þó hægt með henni að sýna nokkrum þeim mönnum, er dýralækningar stunda, lítilsháttar viðurkenningu og greiða fyrir þeim að afla sér nauðsynlegustu verkfæra. Ég sé, að tveir hv. þm. flytja hér brtt. um að veita tveimur tilgreindum mönnum nokkuð hærri styrk í sama skyni, 500 og 600 krónur til hvors. Að þm. flytja slíkar till. nú, eins og illt er í ári, sýnir nauðsyn þessa máls, enda hygg ég, að þetta hafi meiri þýðingu fyrir bændur og búfjárrækt þeirra en þó að fjölgað væri dýralæknum, sem mikinn kostnað hlyti að hafa í för með sér, ef að gagni ætti að koma. Vænti ég því, að hv. deild taki málaleitun þessari vel og samþ. till. okkar. Ég skal geta þess, að 5 menn, sem til

þingsins hafa sótt um styrk í þessu skyni og ég drap á áðan, hafa tvívegis sótt námskeið, sem Hannes Jónsson dýralæknir hefir staðið fyrir. Í grg., sem styrkbeiðni þeirra fylgir, segjast þeir hafa haft frá 50—100 sjúkravitjana á ári. Fyrir einyrkjabændur er slíkt tímafrekt og hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sér, enda kvarta þeir um, að þeir geti ekki selt fyrirhöfn sína eins og hún kostar.

Þá kem ég að hinni brtt., sem er á þskj. 362 I. Hún fer fram á að heimila stj. að greiða Búnðarbanka Íslands eftirstöðvar af láni Áslækjarrjómabúsins við viðlagasjóð ásamt áföllnum vöxtum, kr. 6030.00.

Saga þessa máls er sú, að árið 1923 stofnaði Áslækjarrjómabú til smjörlíkisgerðar í sambandi við rjómabúið, og veitti Alþingi lán til þess að kaupa vélarnar. En á næsta ári setti Alþingi lög um að banna smjörlíkisgerð í sambandi við rjómabú. Á þinginu 1924 var þessu búi veitt undanþága frá banninu og ætlazt til, að það gæti starfað áfram. En í sambandi við fregnir, sem bárust frá búinu um samblöndun smjörs og smjörlíkis, gekk sala á smjöri mjög illa, og varð endirinn sá, að rjómabúið varð að leggjast niður og smjörlíkisgerðin líka. Situr hreppsfélagið því uppi með vélarnar og skuldirnar. Síðastliðið haust var skálinn rifinn og brakið úr honum selt fyrir 400 krónur. Þetta hreppsfélag er illa statt vegna ýmissa framkvæmda, sem það hefir ráðizt í á síðari árum. Árið 1929 kom það sér upp skólahúsbyggingu, sem kostaði 57 þús. kr., og lagði 8 þús. kr. í brú á Stóru-Laxá. Þarna eru samtals 65 þús. kr., sem hreppsfélagið hefir ráðizt í, svo að engan þarf að furða, þó að hagur þess sé erfiður. Till. mín er því flutt með það fyrir augum að hlaupa hér lítilsháttar undir bagga. Þess skal getið, að áhöld búsins eru enn til, en ekki hefir tekizt að selja þau, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ég vona því, hvað sem annars mætti um mál þetta segja, að hv. d. líti með sanngirni á málavexti og sjái sér fært að verða við till. minni, að ríkisstj. veitist heimild til að greiða Búnaðarbankanum þessa upphæð. Það er ekki hægt að fara fram á, að upphæðin sé gefin eftir, af því að bundið er með lögum, að bankanum skuli reiknast þetta sem tekjur úr viðlagasjóði.

Af því að svo fáir eru orðnir eftir hér í d., ætla ég ekki að orðlengja þetta frekar, en þakka þeim fáu, sem hlýtt hafa á þessi erindi mín.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 293, 257, 334, 352, 360, n. 361, 362).

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um brtt. n. og einstakra þm. Í þess stað læt ég nægja að vísa til þess, að í þessum hluta fjárl. eru nokkrar upphæðir, sem hv. n. hefir gert brtt. um lækkun á, er tæplega geta staðizt. Ég get látið nægja að benda á eitt dæmi um lækkun á starfslaunum til þeirra, er vinna á spítölum, því að hvað hjúkrunarkonurnar snertir, þá eru laun þeirra samningsbundin, og þótt eitthvað kunni að vera hægt að breyta launagreiðslum til annara starfsmanna spítalanna, þá verður ekki hægt að lækka þau sem svarar þeirri upphæð, sem n. leggur til. Þá vil ég vekja athygli á því, að á síðastliðnu hausti var kaup stundakennara við ríkisskólana lækkað úr 4 kr. niður í 3 kr. á klst., svo að ég álít, að laun þeirra sé tæplega hægt að lækka meira. Þetta kaup sýnist vera það lægsta, sem kalla má sómasamlegt fyrir menntaða og langskólagengna kennara. Það má vera, að óhætt kunni að vera að lækka tillag til menntaskólans vegna minnkandi aðsóknar að honum, en á kennaraskólanum hefi ég enga von um, að hægt verði að spara þær 1 þús. kr., sem hv. n. gerir till. um. Ég skal fúslega játa það, að 10 þús. kr. til bygginga gagnfræðaskóla hrekkur ekki langt til þeirra þarfa, en frá minni hendi er þetta tillag fremur sem viðurkenning um skyldu ríkisins til þess að styðja að byggingu betri skólahúsa fyrir þessa skóla. Að sjálfsögðu verður gert betur, þegar batnar í ári. Það er kunnugt, að þegar liðir falla niður af fjárlögum, er erfiðara að taka þá upp aftur, þótt kostur sé. Eins og hv. dm. er kunnugt, hefi ég alveg fellt niður úr fjár-

lögum tillag til héraðsskólanna. Á undanförnum árum hefir miklu fé verið varið til bygginga slíkra skóla, og það svo, að gera verður ráð fyrir, að ekki verði átt við að koma upp fleiri slíkum byggingum að sinni. Eins og allir vita eru hinsvegar gagnfræðaskólarnir í kaupstöðunum svo að kalla húsnæðislausir, svo að þá verður að byggja í næstu framtíð, en þegar til þess kemur, má ætla, að fari saman geta bæjarfélaga og geta ríkissjóðs til þess að hrinda því máli til framkvæmda með sameinuðum kröftum. Þessar 10 þús. kr. til gagnfræðaskólanna eru vitanlega aðeins til þess að minna á þessa þörf. Um niðurfærslu á tillagi til kennsluáhaldakaupa, sem hv. n. hefir lagt til, verð ég að segja, að þann lið hafði ég lækkað frá því, sem verið hefir, svo mikið sem mér fannst hægt. Sérstaklega er það Menntaskólinn, sem vart má við meiri lækkun. Þar verður að halda uppi kennslu bæði í stærðfræði, eðlisfræði og náttúrufræði. Við þá kennslu þarfnast góðra kennsluáhalda, ef vel á að vera. Ég hafði í fjárlagafrv. lagt til, að styrkurinn til blindrafræðslu lækkaði að miklum mun af þeim ástæðum, að sú fjárveiting, sem hefir undanfarið verið veitt, hefir ekki verið notuð nema að litlu leyti. En eftir nýfengnum upplýsingum um það, að kennsla þessi sé aukin á yfirstandandi vetri, þá get ég fallizt á till. n. um að hækka þennan styrk, og vona, að fenginni þessari skýringu, verði það afsakað, að ég lækkaði hann svo mjög.

Um brtt. n. við 16. gr. frv. hefir hæstv. forsrh. áður talað. Á þeirri gr. munar vitanlega mestu um sparnaðinn og get ég látið í ljós ánægju mína yfir því, að Búnaðarfélag Íslands hefir talið sig geta fallizt á þá lækkun, sem stungið hefir verið upp á. Hið sama get ég sagt um lækkun framlagsins til byggingar- og landnámssjóðs, sem bankastjórn Búnaðarbankans hefir fallizt á. Eftir ákvæðum tóbakseinkasölulaganna skiptist ágóðinn af einkasölunni milli byggingar- og landnámssjóðs og verkamannabústaða í kaupstöðum. Það er lagt til af n., að tillag þetta til byggingar- og landnámssjóðs falli niður eða komi upp í hið lögmælta tillag samkv. Búnaðarbankalögunum, og mun vera hægt að skilja einkasölulögin þannig, en aftur á móti verður tillagið til verkamannabústaðanna að standa, að lögunum óbreyttum. Það er að vísu eftir að minnast á ýmsar brtt. n., en ég mun láta þetta nægja, þótt ef til vill væri kannske ástæða til þess að ræða þær frekar. Yfirleitt fylgi ég brtt. n. og er henni þakklátur fyrir þær. Mér er ljóst, að þótt sá tónn sé nokkuð sár, sem í þeim er, þá byggist hann á hinni ríku nauðsyn til sparnaðar, sem ekki verður umflúinn. Tímarnir heimta þá fjármálastefnu.

Hv. þm. Seyðf. fer fram á það, að unglingaskólinn á Seyðisfirði skuli njóta sömu réttinda og unglingaskólar utan bæjanna. Það er rétt hjá hv. þm., að þessi skóli lenti milli þils og veggjar, þegar lög voru sett um gagnfræðaskólana, því að hann er nú sem stendur hvorki gagnfræðaskóli né skóli utan kaupstaða. Ég skal geta þess, að á Ísafirði starfaði unglingaskóli einn vetur eftir að lög þessi gengu í gildi, og var hann þá látinn njóta sömu réttinda og almennir alþýðuskólar utan kaupstaða. Ef hv. fjvn. getur fallizt á það, þá get ég lýst því yfir fyrir hönd stj., að hún lítur svo á, að skólinn á Seyðisfirði eigi að njóta styrks sem alþýðuskóli, af því að hann hefir þannig orðið á milli þils og veggjar, og ætti þá hv. þm. Seyðf. að geta tekið aftur sína till.

Útlitið um afgreiðslu fjárlaganna eftir till. fjvn. má teljast sæmilegt. Það eru, eins og kunnugt er, tvær till. n., sem mestu munar á. Ef frv. sætir nú ekki verulegum breytingum, hvorki hér í hv. d. eða í hv. Ed., þá sýnist afgreiðsla laganna muni verða í viðunandi samræmi við þá tíma, sem nú eru. Hinsvegar ætti hv. þd. að vera það ljóst, að ekki má auka útgjöldin, nema þá með því að finna tekjur á móti nýjum útgjöldum. Hv. þm. Dal. hefir flutt brtt. um allháa fjárveitingu til styrktar útvarpsnotendum í landinu. Ég tel till. óeðlilega, þar sem hinir sömu menn, sem styrkinn eiga að hljóta, verða einnig krafðir um gjöld af útvarpinu. Það sýnist vera réttara, ef það telst fært að veita þessum mönnum einhverja linkind, að það komi þá fram sem eftirgjöf á lögmæltum gjöldum, en ekki sem styrkur, sem greiddur verði út um borg

og bý. Þar fyrir utan sé ég mér ekki fært að styðja þessa till. vegna hins þrönga fjárkosts ríkisins nú. Það væri vitanlega gott að geta veitt þennan styrk, en það eru margar slíkar þarfir nú, sem ekki er hægt að sinna, og það engu síður ríkar þarfir.

Um till. hv. jafnaðarmanna um 1 millj. kr. framlag til atvinnubóta er líkt að segja. Ef ríkissjóðnum ætti að vera mögulegt að leggja fram það fé, þá þarf vitanlega að afla nýrra tekna til þess að standa straum af þeim útgjöldum. Hv. frsm. benti á leið til öflunar þessara tekna og bauð fram sína hjálp, til þess að fá þær samþ. hér á Alþingi, en ég verð að segja það, að mér lízt ekki á þær till. hans að hækka tekjuskattinn um 100% og eignarskattinn um 200%. Ég veit að tekju- og eignarskatturinn ásamt útsvörunum er það þungur skattur hér á landi, að gjaldþol manna leyfir það ekki, að hann verði þyngdur um 100—200%. (HG: Það er ekki farið fram á að hækka útsvörin). Nei, það er að vísu ekki beint farið fram á það, en þó er það vitanlegt, að útsvörin verða að hækka, hlutfallslega við tekjur, að stórum mun. Það er víst, að gjaldgetan er ekki eins mikil og hv. þm. Seyðf. virðist álíta. Ég hefi nefnt áður 25% hækkun á tekjuskatti, og ég hefi þá trú, að sú hækkun ætti að vera hættulítil, en slíkar stórbreytingar sem till. hv. jafnaðarmanna fela í sér verða vart til tekjuauka, því að þær mundu, ef þær næðu samþykki, draga stórlega úr athöfnum og arðsvon.

Það má náttúrlega segja sem svo, að peningamennirnir ættu að geta borgað. En það vill nú oft fara svo, að peningarnir eru ekki í handraða hjá þessum mönnum, og þá getur farið svo, að hinir þungu skattar lendi á þeim bankastofnunum, er mennirnir hafa viðskipti við. Ég þakka vitanlega boð hv. þm. um samstarf, en það þarf að vera eitthvert hóf í till., en í boði hv. þm. var ekkert hóf. Annars virðist vera nokkurt ósamræmi í því hjá hv. jafnaðarmönnum, ef þeir ætla að fella þá tekjuliði ríkissjóðs, sem gilt hafa og nema hátt á aðra millj. kr., samtímis og þeir fara fram á 1 millj. kr. nýtt framlag úr ríkissjóði. Það hjálpar lítið, þótt þeir bjóðist til að útvega ríkissjóði 1 millj. kr. aukið framlag jafnframt því, sem þeir vilja svipta ríkissjóðinn 2 millj. kr. af þeim tekjum, er hann hefir haft undanfarið.

Ríkið þarf að halda þeim tekjustofnum, er það hefir haft og fá nokkra í viðbót, ef það á að geta staðið straum af lögmæltum gjöldum, og þar að auki nýjar tekjur fyrir þeirri 1 millj. kr., sem lagt er til, að veitt verði til atvinnubóta.

Þar að auki verð ég að segja, að mér finnst í þessari till. vera tekið nokkuð djúpt í árinni um atvinnubætur. Á sumarþinginu var heimiluð allt að 300 þús. kr. lántaka til að styrkja með atvinnubætur, enda legðu viðkomandi héruð fram tvo hluti kostnaðar móti einum frá ríkinu. Búið mun vera að útvega eftir þessari heimild allt að 100 þús. kr. samtals. Þarna mun því vera eftir 200 þús. kr. heimild, sem að litlu leyti ætti að þurfa að nota fyrr en í haust. Nú mætti ætla eftir reynslu þessa vetrar, að þessar 200 þús. kr. ættu að hrökkva langt til næsta þings, þótt atvinnubótaþörfin yki st um helming frá því, sem hún hefir verið á yfirstandandi vetri. Áætlun um þetta efni er að vísu mjög tvísýn, en þó ætti að mega vænta þess eftir því, hvernig gengið hefir, það sem af er, að þessi heimild nægði a. m. k. fram að áramótum, og þá er skammt eftir til þings, svo að það gæti þá gert þær ráðstafanir, sem þá væri sjáanleg þörf fyrir. Ef ástandið yrði þá þannig, að það heimtaði stórlega auknar atvinnubætur á ríkiskostnað, þá býst ég við, að það mundi þurfa allra hluta vegna að kalla þingið saman ekki síðar en upp úr áramótunum.

Atvinnubótavinna, kostuð af hinu opinbera, er auðvitað nauðsynleg í einstökum tilfellum, til þess að fólk, sem annars mundi líða stórlega, komist hjá að líða nauð eða þiggja af sveit. En að öðru leyti er hún vitanlega engin lækning á þeim erfiðleikum, sem við er að stríða. Atvinnubótavinnan getur ekki komið í stað annarar vinnu, og við verðum að gæta þess, að ekki má leggja svo mikið fram til atvinnubóta, að það dragi úr möguleikunum fyrir því, að atvinnuvegirnir geti rétt sig við. Bótin á atvinnuleysinu er ekki fólgin í atvinnubótavinnu; eina

viðunandi bótin á því fyrir almenning, í hvaða landi sem er, er, að sjálfir atvinnuvegirnir rétti við og fari að bera sig, því þá vex atvinnan á heilbrigðum grundvelli, svo að hún verður innan skamms nægileg fyrir allt starfandi fólk í landinu. Það má á engan hátt draga úr því, að þetta geti orðið sem fyrst; þess vegna er það nú svo í öllum löndum, hvaða stjórnir sem sitja að völdum, að þær verða heldur að halda í við þessa þörf, þörfina á fjárframlögum til atvinnubóta. Og ég hygg, að heimildir um 300 þús. kr. framlag, sem samþykkt var á sumarþinginu og notuð hefir verið minna en búast mátti við að þyrfti, sé í hlutfalli við samskonar ráðstafanir í öðrum löndum, þar sem sömu vandræði er við að stríða, en till. um að leggja fram eina millj. af ríkisfé til atvinnubóta, auk tillaga annarsstaðar að, mun fara langt fram úr því, sem annarsstaðar tíðkast í þessu efni. Einnig má benda á það, að þótt atvinnuleysið kreppi nokkuð að hér og margir eigi erfitt, þá stöndum við betur að vígi en margar aðrar þjóðir, því að okkar atvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, stöðvast ekki að sama skapi og iðnaðurinn í iðnaðarlöndunum. Kreppan veldur langverstu ástandi, þar sem iðnaðurinn er einn af höfuðatvinnuvegunum, eins og er hjá mörgum af nágrannaþjóðum okkar. Af þessum tveimur ástæðum, að ekki er séð fyrir þeim sköttum, sem ríkið þarfnast, og þá ekki heldur fyrir þeirri tekjuviðbót, sem þyrfti vegna þessarar till., ef samþ. væri, og hinu, að hér mun vera gengið lengra en nauðsynlega þarf, eða a. m. k. lengra en þol okkar leyfir, þá sé ég mér ekki fært að fallast á þessa till. að svo komnu. Neita ég þó ekki þeim möguleika, að með breyttum ástæðum verði síðar nauðsynlegt að gera einhverja slíka ráðstöfun, en þá verður að stilla upphæðinni í hóf og gæta þess, að áður sé séð fyrir þeim þörfum ríkissjóðs, sem þegar eru lögbundnar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það eru tvær litlar brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., sem ég er meðflm. að, og ætla ég aðeins að fara um þær örfáum orðum.

Annað er 15. brtt. á þskj. 334, sem ég flyt með hv. þm. Dal., um að veita Karlakóri Reykjavíkur til söngnáms 1000 kr. styrk, og til vara 800 kr. Kór þessi hefir á undanförnum árum haft nokkurn styrk til að halda uppi söngkennslu, þ. e. a. s. einstakir menn úr kórnum hafa fengið kennslu í beitingu raddarinnar, og bæði söngstjóranum og þeim, sem á kórinn hafa hlýtt, kemur saman um, að það hafi borið hinn bezta árangur. Nú hefir þessi styrkur verið felldur niður úr fjárlfrv., og er þá ekki nema eðlilegt, að það sé borið undir þingið, hvort það vill ekki halda áfram að styrkja þetta félag. — Ég veit, að ég þarf ekki að fjölyrða um þetta. Hv. þm. eru kunnugir þessum kór, og ég geri ráð fyrir, að þeir hafi þegar tekið ákvörðun um, hvort þeir sjái sér fært að fylgja till. Ég vil aðeins benda á, að menn þurfa lengi að stunda söngnám, ef árangur á að nást, og söngfélögin yfirleitt verða auk þess að búa undir þeim erfiðleikum, sem leiða af meiri eða minni mannaskiptum. Einhverjir ganga úr leik öðru hvoru, og taka verður nýja menn í staðinn. Hafa þeir þá sérstaklega þörf á kennslu, ef þeir eiga að geta staðið hinum jafnfætis.

Hina brtt. flyt ég með hv. 1. þm. Skagf., og er hún um það, að framlagið til tónlistarskólans hækki úr 1800 kr. upp í 2500 kr. Stofnun þessi er á byrjunarstigi, en hefir þó starfað það lengi, að nokkur reynsla er af henni fengin, og hún er á þann veg, að nemendur skólans eru enn ákafari um það en áður, að hann þurfi ekki að leggjast niður, og meira að segja nú, þegar líður að skólalokum, vilja þeir framlengja námstímann um einn mánuð, til þess að njóta kennslunnar sem lengst. Ég get þessa aðeins til þess að sýna, að nemendur þessa skóla finna vel, hvaða gagn þeir hafa af náminu þar.

Það liggur hér fyrir skýrsla um fyrsta skólaárið, sem er skólaárið í fyrra. Hún sýnir, að nemendurnir hafa verið 36, og kennarar voru þrír auk skólastjórans, Páls Ísólfssonar; þeir voru allir Þjóðverjar og prýðilega að sér í sinni grein. Má í því sambandi geta þess, að eitt af þeim verkefnum, sem fyrir þessum skóla liggur, er að koma hér upp hæfum kennurum, til þess að þurfa ekki að sækja þá alla til útlanda.

Skýrsla skólans, sem er einnig um fjárhag hans, sýnir, að hann hefir til að byrja með mikið bjargað sér áfram fyrir tilstyrk einstaklinga. Hefir hann fengið 3000 kr. frá styrktarmönnum sínum, og 5000 kr. hefir hann fengið fyrir útvarpshljómleika. Nú hafa þessir tveir liðir fallið niður, og verður því framtíð skólans ekki byggð á þeim.

Í vetur gerði skólinn þá sparnaðarráðstöfun, að hann hafði ekki nema tvo kennara í stað þriggja, og lögðu þeir þá á sig þeim mun meiri kennslu. Þetta var gert af ugg um afkomu skólans, og af því leiddi, að skólahaldið varð heldur ódýrara þetta ár en í fyrra; þrátt fyrir það varð afkoma skólans mjög erfið, vegna þess að niður féllu tveir áðurnefndir tekjuliðir. Ég er því hræddur um, að það verði mjög erfitt, og sennilega ómögulegt, fyrir skólann að starfa áfram, ef ríkisstyrkurinn er færður eins langt niður og gert er í fjárlagafrv. Og þegar hér er ekki nema um 700 kr. mun að ræða, sem það sennilega veltur á, hvort skólinn getur starfað áfram eða ekki, þá held ég, að hv. þdm. verði að líta á það, hvað þessi skóli er ákaflega ódýr ríkinu, samanborið við aðra skóla, og verður hann þó að hafa sérfræðinga við kennsluna. Hann nýtur þess m. a. nú, hvað erfitt er fyrir listamenn að lifa í Þýzkalandi og víðar, og fær hann kennara þar af leiðandi fyrir minna kaup heldur en annars væri hægt að vænta.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Þessar tvær brtt. eru svo einfaldar, og hv. þm. munu eiga svo auðvelt með að átta sig á þeim, að ég vil ekki fara um þær fleiri orðum, en fel hv. þm. þær til góðrar fyrirgreiðslu.

Frsm. síðari kafla (Ingólfur Bjarnarson): Hæstv. forsrh. fór hér í gær nokkrum viðurkenningarorðum um starfsemi fjvn., er ég sem form. hennar vil hér með þakka. En hann kom þó að einu atriði, sem mér skildist hann telja misráðið hjá n., og var það till. hennar um að lækka styrkinn til Búnaðarfélagsins um 10 þús. kr., en hækka að sama skapi það, sem veitt er til sandgræðslu. Hæstv. ráðh. gat þess, að hér væri að vísu um hliðstæða starfsemi að ræða, og lauk hann lofsorði á sandgræðslustarfið. En mér skildist hann telja, að n. hafi sýnt Búnaðarfélaginu misrétti með till. um að lækka styrk þess sandgræðslunni í hag. Ég vil með örfáum orðum benda á, að þetta var a. m. k. alls ekki tilætlun n. Hún leit svo á, að eftir fjárlagafrv., eins og það lá fyrir, hefði sandgræðslan orðið sérstaklega hart úti. Í því sambandi vil ég taka fram, að tillagið til Búnaðarfélagsins hafði ekki í raun og veru lækkað nema um 10 þús. kr. frá því, sem er í núgildandi fjárlögum, og leiðrétta þar með ummæli hv. 2. þm. Rang. um þetta efni; hann hefir sjálfsagt ekki gætt þess, að í frv. er einn liður dreginn út úr tillaginu til Búnaðarfélagsins og færður á sérstakan lið: Til búfjárræktar.

Raunverulega var því styrkurinn til Búnaðarfélagsins ekki færður niður nema um 5%; hinsvegar hafði styrkurinn til sandgræðslunnar verið lækkaðar um 20 þús. kr. eða sem svarar 50%. Okkur í fjvn. fannst þarna misjafnt skipt milli þessara tveggja stofnana, og eftir því, sem fyrir lá, virtist okkur, að þótt við legðum til þessa 10 þús. kr. tilfærslu, þá væri hlutur sandgræðslunnar samt sem áður stórum lakari. Fyrir lá áætlun um kostnað við sandgræðsluna. Eftir henni virðist þurfa 40 þús. kr. til þess að reka þær stöðvar, sem þegar eru komnar. Auk þess er farið fram á 25 þús. kr. framlag til nýrra stöðva. Nú gerum við ráð fyrir, að eitthvað af þessu fé, sem hér er talið að þurfi til að reka hinar einstöku stöðvar, sé ætlað til nýrra framkvæmda í sambandi við þær, og þess vegna drögum við frá þeirri upphæð fjórða hlutann, svo að eftir okkar till. á sandgræðslan ekki að fá nema 30 þús. kr., og þó eiginlega ekki nema 27 þús., því að 3 þús. er ráðstafað sérstaklega. Þetta vildi ég taka fram til að sýna, hvað fyrir okkur vakti; að það var ekki meining okkar að rýra hlut Búnaðarfélagsins óhæfilega mikið, en við álítum, að þessi litla lækkun mundi ekki koma hart niður á því.

Hæstv. fjmrh., sem talaði hér fyrir skömmu, gerði nokkrar aths. við till. fjvn. Leit hann svo á, að sumar lækkanirnar, sem n. fer fram á að gerðar séu á útgjaldaliðum fjárlagfrv., mundu naumast vera framkvæmanlegar. Þar á meðal tal-

aði hann um laun við spítalana og sömuleiðis um stundakennslu við nokkra skóla, að þeir liðir mundu vera of lágt settir hjá n. Ég skal nú ekki segja mikið um þetta, en það, sem fyrir n. vakti, var það, að launagreiðslur við þessar stofnanir hlytu að lækka eins og gert er ráð fyrir annarsstaðar. Og mér þykir ótrúlegt, að fólkið, sem við þær vinnur, sé svo samningsbundið, að launakjörum þess verði ekki breytt í framtíðinni.

Hæstv. ráðh. talaði um, að stundakennslan væri orðin það ódýr, að hún mætti ekki lækka meira, og skal ég ekki dæma um það atriði.

En n. áleit, að kostnaður við stundakennslu mundi minnka af sjálfu sér vegna þess, að aðsókn að skólunum hlyti að minnka á þeim erfiðleikatímum, sem nú eru, enda bjóst hæstv. ráðh. við, að till. um lækkun stundakennslukostnaðar við menntaskólann mundi e. t. v. geta staðizt vegna minnkandi aðsóknar þar. Við þann skóla er þó um mesta lækkun að ræða eftir till. n., en ég get ekki skilið annað en að sú ástæða, sem gerir fært að lækka umræddan kostnaðarlið við menntaskólann, hljóti einnig að ná til kennaraskólans, sem hæstv. ráðh. tók þó sérstaklega fram, að ekki mundi mega lækka við. Ég get ekki hugsað mér annað en að aðsóknin að kennaraskólanum minnki engu síður en aðsóknin að menntaskólanum, því að þangað sækja, að ég hygg, fleiri menn utan af landi, og það vita allir, að skólaganga hér í Reykjavík er svo ákaflega dýr fyrir fólk utan af landi, að það ætti fyrst og fremst að koma fram á aðsókn þess, ef aðsókn að skólunum minnkar þar á annað borð vegna kreppunnar. Ég vil því halda fast við það, að þessi till. n. eigi einnig fullan rétt á sér.

Hæstv. ráðh. minntist á einn lítinn lið, sem við höfum lagt til að fella niður, og mæltist heldur undan því, að það væri gert. Var það tillag til byggingar fyrir gagnfræðaskóla í kaupstöðum. Hæstv. ráðh. gat þó um, að ekki væri meiningin að nota þessa upphæð, enda væri hún svo lítil, að hún kæmi ekki að verulegu liði. En hann vildi helzt láta liðinn standa þarna, til þess að hann gleymdist síður í framtíðinni, þegar um hægist aftur. Ég held nú, að fjárhagsástæður ríkisins séu þannig nú, að maður geti ekki verið að tylla á útgjaldahlið fjárlaganna upphæðum, sem ekki er búizt við, að þurfi að nota, og tel enga hættu á, að það kunni að gleymast að leggja fé til nauðsynlegra skólabygginga, þegar ástæður leyfa, þótt þessi liður sé nú látinn niður falla.

Um það, hvort n. hefir gengið of langt í því að fella niður eða lækka framlög til kennslubóka og áhaldakaupa í skólum, skal ég ekki mikið ræða; það getur auðvitað verið álitamál. En aðstaða n. eða meining var sú, að skólunum væri ekki neinn verulegur óleikur gerður, þótt till. hennar um að lækka styrk til þessara hluta í þetta sinn væru samþ., og er skoðun hennar alveg óbreytt um það atriði, þrátt fyrir andmæli hæstv. ráðh.

Þá ætla ég með örfáum orðum að minnast á afstöðu n. til hinna ýmsu brtt. frá hv. þm., og má búast við, að það verði ekkert þakklátt verk, því að ég get sagt það áður en ég vík sérstaklega að hverri till. fyrir sig, að meiri hl. n. leggur til, að þær verði allar felldar. Þetta þykir e. t. v. einkennileg afgreiðsla og aðstaða, en sé betur að gáð, er hún þó eðlileg og sjálfsögð eftir því, sem áður hefir komið fram um störf n. Aðalstarf hennar að þessu sinni hefir verið það, að ráðast á útgjaldaliðina og klípa af þeim eða fella þá niður, og hefir hún gengið það langt í því efni sem henni finnst frekast mögulegt að komast, þó að hún viðurkenni hinsvegar, að þeir hlutir, sem um er að ræða, séu í sjálfu sér góðir og gagnlegir. Er eðlilegt, að starf hennar gangi í sömu átt gagnvart þeim till., sem fram hafa komið frá hv. þm. um styrki til einstaklinga og einstakra stofnana.

Ég mun þá minnast lítillega á einstakar brtt., í sömu röð og mælt hefir verið fyrir þeim. Er þá fyrst till. frá hv. 1. þm. Eyf., um að veita ákveðnum manni norður í Svarfaðardal styrk til að stunda dýralækningar, og hefir sú beiðni legið fyrir þinginu áður. Svo hafa komið fram frá öðrum hv. þm. samskonar beiðnir, bæði frá hv. þm. Dal., hv. 1. þm. Rang. og fleirum. Það er um afstöðu n. til þessara mála að segja, að hún treystir sér ekki til að mæla með till. Skoðanir nm. um þetta atriði eru þó ekki alveg óskiptar, en meiri

hl. n. þykist verða að leggja á móti þessum till. Það má vitanlega margt segja þeim til meðmæla. En þótt ekki liggi fyrir nema fáar slíkar beiðnir nú, þá mundu margar koma á eftir, því að n. hefir ekki getað séð, að neitt sérstaklega stæði á á þeim stöðum, sem hér er um að ræða. T. d. situr dýralæknir í þeirri sýslu, sem Svarfaðardalur er í, og þó ég viti vel, að ekki er auðvelt að ná til hans þaðan, þá sjá allir, að ekki eiga menn hægra með að ná til dýralæknisins úr hinum sýslunum á Norðurlandi, sem fjær honum eru. Ég vil benda á það, að ef út á þessa braut er farið, þá yrði það víða, að slíkar beiðnir kæmu fram. Hinsvegar áleit n., að það væri miklu eðlilegra, að hin ýmsu héruð legðu eitthvað af mörkum til þessara mála, ef þau álitu þess þörf, eins og hv. flm. brtt. (BSt) benti á, að Svarfdælingar ætluðu sér að gera. N. er því á móti þessari brtt. eða meiri hl. hennar.

Hv. sami þm. á aðra brtt., um að greiða Guðrúnu Jóhannesdóttur, fyrv. ljósmóður, eftirlaun. Fyrir n. lágu allmargar beiðnir um eftirlaun til ljósmæðra. Í nál. er skýrt frá afstöðu n. til þeirra allra. Það er mála sannast, að það er komið í allmikið óefni með þessar konur. Upphaflega, er slík eftirlaun komust í fjárlög, þá var því slegið föstu, að þær skyldu hafa verið 50 ár að starfi. Í raun og veru hefir þeim skilningi ávallt verið haldið síðan, en því er þó alls ekki að neita, að fyrir harðfylgi ýmsra þm. hafa nokkrar komizt á fjárlög, sem ekki hafa náð þeim starfsaldri. Þetta sýnir það, að örðugt er að stöðvast, ef út af brautinni er farið, enda koma alltaf fleiri og fleiri beiðnir frá konum, sem segja má um, að gegnt hafi starfi sínu vel og séu þurfandi fyrir styrk. En það má segja svo um svo marga aðra þegna þjóðfélagsins, er vel hafa starfað, hver á sínu sviði. En ekki geta allir komizt á eftirlaun, nema löggjöfinni verði þá breytt í það horf. N. vill halda fast við hina upphaflegu stefnu í þessu máli og leggur því á móti þessari brtt. og öðrum slíkum. Meðfram er það af því, að þessum beiðnum fylgdu ekki þær upplýsingar, sem þurfti. Það er því till. n., að slíkar beiðnir verði framvegis sendar til stj., það tímanlega og með þeim upplýsingum, að hún geti lagt þær fyrir þingið, af henni þykir ástæða til.

Þá vil ég, af því að það er svipaðs eðlis, minnast á eftirlaun til nokkurra pósta, er till. hafa verið gerðar um. Sá flokkur manna er nú orðinn allfjölmennur á eftirlaunalistanum. Upphaflega komust aðeins þeir póstar inn í fjárlög, er höfðu gegnt störfum mjög langa hríð og á mjög erfiðum og löngum leiðum, erfiðari og lengri en nú eru til. Nú hefir það atvikast svo, að þessi regla hefir verið teygð lengra og lengra og fleiri og fleiri póstum hleypt inn í fjárlög, og er sama að segja um þá eins og um ljósmæðurnar, að þetta horfir til vandræða. Nú er alltaf verið að fjölga póstum, og póstleiðirnar jafnframt styttar, en svo lítur út fyrir, að jafnframt eigi að teygja þessa venju svo út, að hver og einn póstur komist á eftirlaun. Nú er það svo, að póststörf eru mjög eftirsóttar stöður, og ef eitthvert slíkt starf losnar, sækir jafnan fjöldi manns um það. En svo þegar sá, sem hnossið hefir hreppt, er búinn að gegna starfinu, lengri eða skemmri tíma, þá er komið annað hljóð í strokkinn; þá sækir hann um eftirlaun fyrir að hafa gegnt þessu „erfiða og lítt launaða starfi“ í mörg ár. Till. n. um þessar beiðnir er sú sama og um ljósmæðurnar. N. telur rétt, að þær séu sendar til stj. svo tímanlega, að hún geti rannsakað það til hlítar, hvort rétt sé að gera undantekningu frá aðalreglunni og veita eftirlaun.

Þá er enn ein till. frá hv. 1. þm. Eyf., um að veita Jóhannesi Jörundssyni dýrtíðaruppbót á eftirlaun sín frá 1928. Á þessu stendur svo, að á þingi 1928 var þessum manni veittur styrkur í fjárlögum 1929, og hefir hann haldið honum síðan. Að auki hefir honum verið veittur þessi sami styrkur fyrir árið 1928, en án dýrtíðaruppbótar. Svo var að skilja á hv. þm., að hann teldi þetta vera réttmæta kröfu á ríkissjóð, og ef svo er, þá þarf vitanlega ekki að leita til Alþingis með þetta mál, heldur ber að snúa sér til dómstólanna. En n. leit nú öðruvísi á þetta mál og taldi hér ekki vera um neina kröfu á ríkissjóðinn að ræða, og er eindregið á móti brtt. Eftirlaun þessa manns árið 1928 voru greidd í algerðu heimildarleysi, og

það er æðimikil frekja að heimta dýrtíðaruppbót í ofanálag.

Þá er brtt. á þskj. 362, um greiðslu úr ríkissjóði á viðlagasjóðsláni „Mjallar", að upphæð kr. 17700.00. Leggur n. á móti henni. Hv. þm. Mýr. flutti fyrir till. þessari langt og snjallt erindi, sem hans var von og vísa, og þótti honum slæmt að fáir þm. voru þá viðstaddir, því að hann bjóst augsýnilega við, að allir mundu sannfærast, er á hann hlýddu. Það fór nú öðruvísi með mig; ég hlýddi á ræðu hans frá upphafi til enda, en það var síður en svo að ég sannfærðist. Hann lýsti sögu „Mjallar" sem væri hún óslitinn hrakfallabálkur, og mér fannst það ekki liggja fjarri að hugsa sem svo, að þessi óheppni, er stöðugt elti fyrirtækið, hafi stafað, a. m. k. að nokkru leyti, af óheppilegum starfsaðferðum. Ég vil benda á, að ríkið veitti félaginu um býsna langt skeið styrk til framleiðslu sinnar, en þrátt fyrir það hefir útkoman orðið sú, sem hv. þm. nú lýsti. Ég verð að geta þess, að n. er ekki á einu máli um afgreiðslu till., en meiri hl. leggur á móti henni.

Ég vil minnast á það, sem hv. þm. skýrði frá, að þrír menn í héraði stæðu í ábyrgð fyrir um 30 þús. kr. af skuldum þessa félags, og sú ábyrgð mundi sennilega lenda á þeim, ef ríkið hlypi hér ekki undir bagga. Mér er torskilið, hverskonar félagsskapur þetta er, sem svo ætlar að haga sér, að láta forgöngumenn sína fyrst hjálpa sér með ábyrgðum og ætla síðan að nota sér af því og láta þá borga skuldirnar. Ég sé ekki, að það séu mikil meðmæli með því, að ríkið hlaupi hér undir bagga með svona löguðum félagsskap.

Hv. þm. Dal. flytur brtt. á þskj. 334, um að ríkið hjálpi Kvennabrekkusöfnuði um 3000 kr. vegna kirkjubyggingar. Hv. þm. lýsti því, hvaða ástæður lægju til þessarar beiðni. Auðvitað er undirrótin sú, að í söfuðinum hefir orðið ósamkomulag, sem hefir valdið því, að fólk hefir gengið úr kirkjunni. Þetta gerir það skiljanlegt, að söfnuðurinn á í erfiðleikum, en n. er það ljóst, að svona er víða ástatt, að þegar kirkjur eru reistar af nýju, þá á söfnuðurinn örðugt með að rísa undir því. N. álítur því ekki fært að verða við þessari beiðni og skapa með því fordæmi, og leggur því til að brtt. sé felld.

Þá flytur sami þm. aðra till., um styrk til dýralæknis, sem starfar þarna vestra. Um hana er það að segja, að n. getur ekki mælt með henni frekar en öðrum samskonar brtt. Enn eina till. flytur sami hv. þm., um styrk til Torfa pósts Sæmundssonar. N. treystist ekki til að mæla með henni, frekar en öðrum slíkum till., og vísa ég til þaraðlútandi ummæla í nál.

Hv. þm. Ak. flytur ásamt öðrum þm. till. um eftirlaun til Guðmundar pósts Ólafssonar á Akureyri. Skjöl þau, er að þessari beiðni lúta, hafa að vísu ekki legið fyrir n., en n. leggur á móti henni sem öðrum samskonar beiðnum.

Þá flytur hv. 1. þm. Skagf. brtt., um að veita Baldvin Bárðdal 300 kr. ellistyrk. Þetta er gamall barnakennari, sem stundað hefir kennslu lengst af æfinnar og er nú þrotinn að kröftum. Það er sjálfsagt ánægjulegt að geta leyst þessi vandræði sem önnur, en ég vil benda á það, að þó hér sé um mjög litla fjárhæð að ræða og það þess vegna skipti ríkissjóð engu, þá er varhugavert að fara út á þessa braut. Og ég sé ekki, að verði þessum manni veittur styrkur, að þá sé hægt að kippa að sér hendinni og neita öðrum, sem eins stendur á um. N. getur því ómögulega mælt með þessari brtt.

Sama er að segja um brtt., sem báðir hv. þm. Rang. flytja, um styrk til Jóns Ág. Gissurarsonar til verzlunarnáms í Þýzkalandi. Eins og ég hefi áður skýrt frá, þá lágu fyrir n. ótal beiðnir um námsstyrki til ýmsra manna. N. sá þess engan kost að sinna þeim, og þann kost vænstan að láta eitt yfir alla ganga og leggja á móti þeim. Það nær engri átt að taka þennan mann fram yfir. Nú er svo háttað hér, að við eigum góða verzlunarskóla, og eins og nú er ástatt, þá held ég, að það sé sæmileg úrlausn fyrir menn að ganga á þá og utanferðum megi sleppa í bili. Ég hygg, að það sé margt annað, sem er eins aðkallandi nú. N. leggur einhuga á móti þessari till.

Hv. þm. Seyðf. ber hér fram allmargar brtt. Fyrst er till. um að styrkja ákveðinn námsmann, Jón Gauta Jónatansson. Um þessa till. er sama að segja og

hina. N. telur sjálfsagt að láta eitt yfir alla ganga og leggur því á móti henni, enda finnst mér ekki vera neitt sérstaklega ástatt um þessa beiðni eftir framsögu hv. þm. að dæma.

Aðra brtt. á sami hv. þm., um fjárveitingu til unglingaskóla á Seyðisfirði. Hæstv. fjmrh. hefir upplýst, að hann gerði ráð fyrir, að þessi skóli gæti notið styrks af fjárveitingu þeirri, er veitt er til unglingaskóla utan kaupstaða, og vænti ég, að hv. þm. geti sætt sig við þá yfirlýsingu.

Þriðja brtt. hv. þm. er um hækkun á styrk til gamalmennahælis á Seyðisfirði. Sá styrkur er lækkaður í frv. frá því, sem verið hefir, en það er aðeins sú lækkun, sem nú gengur yfir svo marga, og er n. á móti brtt.

Þá er það XVI. brtt. á þskj. 334, um atvinnubótastyrkinn, þessi eina milljón. N. sá sér ekki fært að mæla með þessu. Ástæðan fyrst og fremst sú, að það hefir ekki þýðingu að samþykkja það, sem fé vantar til að framkvæma. Það er gert ráð fyrir, að kaupstaðirnir leggi fram aðra milljón á móti, og á að gefa þeim kost á láni úr bjargráðasjóði. Ég veit nú ekki fyrir víst, hvað bjargráðasjóður er stór. Hv. þm. gerði ráð fyrir, að ½ millj. kr. mundi þar vera tiltæk. Ég hygg, að það sé ekki með öllu rétt. Bjargráðasjóður allur mun ekki vera meira en um 800—900 þús. kr., og sameiginlegi sjóðurinn þá ekki meira en helmingur þess. Og ég fæ ekki séð, að hægt sé að taka séreignir sveitanna í þessu skyni, enda mun allmikið af sjóðnum fast. Og það, sem mestu máli skiptir, að Alþingi hefir ekkert ráðstöfunarvald yfir nokkru af sjóðnum. Annars skiptir þetta ekki miklu máli, því að þessi upphæð, sem farið er hér fram á frá ríkinu, er fjarri öllu því, sem hugsanlegt er í alvöru að það geti lagt fram nú. N. hefir líka aðra skoðun á því, hvaða leið eigi að fara, ef unnt er að veita fé til að bæta úr atvinnuskorti, sem sé þá, að veita meira fé til verklegra framkvæmda. En n. hefir því miður ekki treyst sér til að fara nema mjög skammt í því efni, eingöngu vegna þess, að fé er ekki til að hennar áliti. Þarf ég í því efni eigi annað en vísa til skýrslu frsm. fyrri kafla fjárlaganna.

Það er að vísu rétt, að hv. þm. vildi benda á færar leiðir til þess að fá tekjur til þessara hluta, en ég býst við, að flestir hafi skoðað það sem gaman, þar sem flokksbræður hans hafa lýst yfir því, að þeir myndu greiða atkv. á móti öllum tekjuaukafrv. og eins fjárl. Er dálítil andstæða milli þessara yfirlýsinga og till. hv. þm. Þá á sami þm. 3 till. á þskj. 334, XXVII. Sú fyrsta er um það, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum. Nú er það rétt, að heimild til að ganga í þessa ábyrgð var veitt á síðasta þingi, svo að hér er aðeins farið fram á endurveitingu heimildar. En fjvn. var á móti þessari ábyrgð og er enn. Held ég, að ekki sé nema einn staður, Ísafjörður, þar sem samskonar ábyrgð og þessi hefir komið til framkvæmda. Átti það að vera einskonar reynslupróf, þegar sú ábyrgð var veitt, á því, hvernig það mundi gefast. Voru þarna ágætar aðstæður til að gera tilraunina. Held ég þó, að svo sé komið, að augljóst sé, að það hefir ekki verið hættulaust fyrir ríkið að ganga í þessa ábyrgð þarna. Hvað mundi þá þar, sem skilyrðin eru vitanlega stórum verri, eins og á Seyðisfirði? Af þessum ástæðum getur n. ekki verið með því, að þessi ábyrgð sé veitt.

Þá eru 2 aðrar till., frá hv. sama þm. Um 275 þús. kr. framlag af ríkinu til að byggja síldarbræðslustöð og sögunarverksmiðju á Seyðisfirði og hafa engin gögn um þær legið fyrir n. Hv. þm. óskar eftir yfirlýsingu frá mér fyrir hönd n., hvort hún hafi tekið afstöðu til þeirra. Get ég upplýst það, að þessar till. komu fyrir n., eins og aðrar brtt., og þó að frekari upplýsingar lægju ekki fyrir, var n. ákveðin í því, að ekki væri fært að leggja með þessum till. Að vísu hefir hv. þm. upplýst þetta mál vel í ræðu sinni í gærkvöldi, en þá munu fáir fjvn.menn hafa verið viðstaddir. En þó að rök hans væru mörg góð og ræðan að ýmsu leyti góð, geri ég ekki ráð fyrir, að það hefði breytt niðurstöðu n., þó að þeir hefðu heyrt hana. Held ég því ekki, að það geti í nokkru breytt afstöðu n., þó að till. verði tekin aftur til 3. umr. Till. þessar krefjast svo mikils fjár af ríkinu, að n. taldi enga möguleika á að

ganga að þeim. Held ég líka, að ýmsir n.manna hafi litla trú á þessum fyrirtækjum, sem till. ræða um. Fer ég ekki lengra út í þetta mál, því að mér finnst það ekki geta komið til mála, eins og sakir standa.

Viðvíkjandi þeim rökum, sem hv. þm. lagði fram, að ef þetta væri ekki gert, yrði ríkið að borga margfalt hærri upphæðir en hér er farið fram á, verð ég að segja það, að ef til þess þyrfti að koma, að ríkið yrði að taka þessi héruð upp á arma sína, þá væri það vafasamur ábati að geyma það lengur. Myndi þetta framlag þá sennilega aðeins bætast við þau útgjöld, sem af því myndu leiða á sínum tíma.

Þá talaði hv. 1. þm. Árn. í gær fyrir 2 till., sem hann flytur. Önnur þessara till. er um 1000 kr. styrk til dýralækninga, er veitist mönnum, er dýralækningar stunda og dýralæknar mæla með, í þeim héruðum, sem erfitt eiga með að ná til dýralækna landsins. Játa ég, að þessi till. mun réttmætust af þeim, sem fram hafa komið í þessu efni, en þó sá n. sér ekki fært að mæla með henni. Hin till. sama þm. er um að greiða Búnaðarbanka Íslands 4250 kr. eftirstöðvar af láni Áslækjarrjómabúsins. Ástæðan fyrir beiðni þessari er sú sama og mörg rjómabú gætu fram borið; það á við erfiðan hag að búa og á örðugt með skuldagreiðslur. En n. leit svo á, sem hér væri ekki um neitt sérstakt fyrirbrigði að ræða. Hafa flest rjómabú átt erfitt og orðið að leggjast niður, misjafnlega fljótt. Í mínu héraði hafa t. d. 3 rjómabú verið starfandi um eitt skeið og hafa þau öll lagzt niður af ýmsum erfiðleikum. Eru þar sjálfsagt sumar skuldir óborgaðar enn, svo að um þetta rjómabú gegnir ekki sérstöku máli. Gat n. því ekki lagt til með því, að till. væri samþ.

Þá bar hv. 4. þm. Reykv. fram till. um styrk til Karlakórs Reykjavíkur til söngnáms, 1000 kr. Væri þetta sjálfsagt gott og æskilegt fyrir félagið, en n. fannst ekki gegna neinu sérstöku máli um þetta félag, umfram slík félög annarsstaðar, sem eflaust þætti gott að fá kennslu og myndu koma á eftir með samskonar beiðni. Telur hún, að þetta mundi fráleitt fordæmi og leggur því á móti till. Um till. sama þm. um það að hækka styrk til tónlistarskólans, er það að segja, að n. hefir þar óbundin atkvæði, en meiri hl. n. leggur þó á móti till., því að hún álítur, að þessi skóli verði að sætta sig við sömu erfiðleika og steðja að öðrum félögum og einstaklingum.

Býst ég við, að hv. flytjendur brtt. muni ekki þykjast þurfa að þakka n. undirtektir hennar, en þær stafa af þeirri stefnu, sem hún hefir séð sig neydda til að taka um afgr. fjárl.

Þorleifur Jónsson: Ég er svo heppinn að eiga ekki sjálfur neina brtt. við fjárl., en það er eitt atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, en það er skipting sú, sem samgmn. gerði um tillög til bátaferða í mínu héraði. **(Forseti:** Ég verð að minna hv. þm. á það, að umræðum um fyrri hluta fjárl. er lokið, og verður hann því að fresta þessu máli til 3. umr.) Þá verð ég að hlíta því. Játa, að þetta er rétt hjá hæstv. forseta.

Haraldur Guðmundsson: Það má nú telja ljóst orðið, sem fáum mun hafa komið á óvart, að allt skraf hv. íhalds- og framsóknarmanna, sem hér hefir fram farið um kreppu, atvinnuleysi og vandræði landsfólksins, hefir ekki verið annað en innantómt orðagjálfur. Sé þetta ekki gert vitandi vits, þá skortir þá aðilja, sem hér er um að ræða, a. m. k. skilning á því, sem fram er að fara og þeir sjálfir eru að gera. Till. hníga allar í þá átt að auka á vandræðin, gera ástandið hjá almenningi verra en það nú er. Og fyrir þessar skemmdartill. kjassar hv. n. og fjmrh. hvort annað á hinn ósmekklegasta og ámáttlegasta hátt. Fyrir að skera niður verklegar framkvæmdir og ýmislegt það, sem enginn ætti að geta haggað við kinnroðalaust, kjassa fjvn. og stj. hvor aðra endalaust. Og undirtektir við till. mínar og okkar Alþýðuflokksmanna eru sömu tegundar. Hv. n. og ráðh. leggjast móti þeim öllum, sem máli skipta og miða að því að bæta úr kreppunni og draga úr atvinnuleysinu. Ef þingið ætlar að taka þessum málum svona, verð ég að segja, að því væri skammarnær að láta nú kónginn senda þingið heim. Það gæti þá ekki samþ.

skemmdarlög eða eyðilagt gagnleg lög. (TrÞ: Á að skoða þetta sem áskorun frá hv. þm.?) Þykir mér þarfleysa á þessum tímum að vera að sitja hér undir málæði um skemmdar kartöflur, kosningu sáttanefnda og þvíumlíkt, sem engu máli skiptir.

Þá vil ég víkja að till. mínum og undirtektum hv. n. Er þá fyrst till. um 1200 kr. styrk til unglingaskóla á Seyðisfirði. Hæstv. ráðh. játaði, að í fjárl. væri ekkert fé áætlað til unglingafræðslu á Seyðisfirði, en kvað þetta fé, kr. 1200, mundu verða greitt af því fé, sem ætlað er til unglingafræðslu utan kaupstaða, en bætti því þó við, að þetta yrði því aðeins gert, að fjvn. féllist á. Heyrði ég reyndar enga yfirlýsingu þessa efnis frá hv. frsm. fjvn., en ég verð að taka orð hæstv. ráðh. trúanleg, og ætla, að reiða megi sig á þau, og tek ég till. aftur.

Þá minntust hv. frsm. n. og hæstv. ráðh. nokkrum orðum á till. okkar jafnaðarmanna um 1 millj. kr. ríkisframlag til atvinnubóta. Hæstv. ráðh. lét þess getið við mig, að hann hefði haldið, að eitt núll hefði fallið aftan af upphæðinni; hún myndi víst hafa átt að vera 10 millj. kr. Bendi ég á þetta, til þess að sýna, hver er alvara þessara hv. herra um þessi mál. Eftir skýrslum hagstofunnar eru nú hátt á þriðja þúsund atvinnulausir verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn hér á landi. Bendir þó flest til þess, að atvinnuleysið eigi eftir að aukast mikið enn. Helmingur þessara manna eru ómagamenn, svo að 6000—7000 búa nú við atvinnuleysi og afleiðingar þess. En hæstv. ráðh. krossar sig, veltir vöngum og telur ekkert kveða að atvinnuleysinu ennþá. Segir hann, að ekki sé enn búið að eyða nema tæpum 100 þús. kr. af þeim 300 þús., sem veittar voru til atvinnubóta, og telur þetta sönnun þess, að ekkert kveði að atvinnuleysinu. En af hverju stafar það? Af því, að ríkisstj. hefir ekki viljað verða við umsóknum nauðstaddra sveita og bæjarfélaga. Af því, að stj. hefir neitað að greiða fé af hendi. — Það, sem hér er farið fram á, er, að veitt verði 1. millj. kr. úr ríkissjóði til atvinnubóta. Ég hefi lýst yfir því, að við jafnaðarmenn værum reiðubúnir til samvinnu við stj. um öflun tekna. Ég benti á eina leið, og eins get ég fallizt á aðrar leiðir, sem á kann að verða bent, ef þær koma ekki í bág við skoðanir okkar. Hæstv. ráðh. telur ófært að tvöfalda tekjuskatt og þrefalda eignaskatt. En sú aðferð myndi nægja til að ná inn þessu fé á einu ári eftir áætlun ráðh. sjálfs. Hæstv. ráðh. sagði fyrir nokkru hér í d., þegar hann minntist á möguleikana til þess að hækka tekju- og eignaskatt um 20—25%, að slíkur tekjuskattur myndi lenda að mjög litlu leyti á atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum, því að þau gæfu nú ekki arð. Myndi hann því eingöngu lenda á hátekjumönnum. Þetta er sjálfsagt að miklu leyti rétt. Skatturinn myndi allur lenda á hálaunamönnum og þeim, sem græða fé þrátt fyrir kreppuna. En mér er spurn: Hvaða menn geta borgað skatt í þessu þjóðfélagi, ef ekki þessir? Sá, sem hefir t. d. 12500 kr. tekjur og 5 manna fjölskyldu, þarf nú að borga 460 kr. tekjuskatt. Þarf enginn að segja, að slíkum mönnum verði gert erfitt að lifa, þótt þessi skattur verði hækkaður um helming. Ef svo væri, hvað myndi þá um fólk, sem er atvinnulaust og auk þess mergsogið á marga lund með tollum og öðru slíku? Það er ekki einasta heimska, heldur jafnframt eitthvað verra að halda slíku fram.

Eins er um mann, sem á 100 þús. kr. skuldlausa eign, að hann á að borga af henni um 200 kr eignarskatt. Ætli hann gæti nú ekki alveg eins borgað 400 kr. af henni? Það er þó ekki nema ⅖%. Hæstv. ráðh. getur ekki fallizt á þetta. Hann vill bæta við verðtoll og vörutoll og láta á þann hátt þá, sem verst eru settir, bera þyngstu skattabyrðarnar. Skýrari sönnun þess, hver hugur fylgir öllu þessu kreppuskrafi og umhyggju fyrir atvinnuleysingjunum, er ekki hægt að kjósa. Og þetta, sem ég hefi hér sagt um hæstv. ráðh., gildir líka um fjvn. og formann hennar og það, sem hann át eftir ráðh.

Að því er snertir lánsheimildina úr bjargráðasjóði til sveitar- eða bæjarfélaga, fannst mér skjóta nokkuð skökku við hjá hv. frsm. Veit ég eigi betur en að bjargráðasjóður hafi nú um 1 millj. kr. til umráða, og er helmingurinn ríkiseign, en helmingurinn séreign sýslu- og bæjar-

félaga. Skildist mér á frsm., að óhugsandi væri, að ríkið gæti veitt nokkurt lán úr þessum sjóði. Þetta er vitanlega fjarstæða. Það er einmitt alveg sjálfsagt og eðlilegt, að sveitar- og bæjarfélögin geti fengið lánað sem svarar eign sinni í sjóðnum. Það væri einkennilegt, ef þau fengju ekki lánaða sína séreign, og í mörgum tilfellum mundi hún nægja fyrir þessu framlagi, en í öðrum tilfellum yrði þá að veita lán til viðbótar af hluta ríkissjóðs. Ég veit ekki með vissu, hve mikið fé bjargráðasjóður hefir handbært. Mig minnir, að hæstv. forsrh. segði á sumarþinginu, að það væru um 500 þús. kr. Og þótt sú upphæð öll væri ekki alveg handbær, þá ætti hún þó að vera í þeim pappírum, að auðseljanlegt væri, eða hægt að fá fé út á þá. Mér skildist á hæstv. fjmrh., að óþarft væri að leggja þetta fé fram. Það kæmi ekki til mála, að svona mikið þyrfti að nota til atvinnubóta, þótt hinsvegar kynni að vera ástæða til að verja einhverri upphæð í því skyni. Hann sagði, að svo mikið væri eftir af því, sem ætlað var í þessu skyni á sumarþinginu, að duga myndi til næstu áramóta. Hefði þá alþingi það, er saman kæmi upp úr áramótunum, nógan tíma til að athuga þörfina og taka ákvörðun um framlag til atvinnubóta fyrir árið 1933. — Þetta er vitanlega hin mesta fjarstæða. Ég hefi, með því að lesa upp úr hagtíðindunum, sýnt fram á, hve mikið atvinnuleysið þegar var orðið í haust. Ég veit því, að þær 2 millj., sem hér er lagt til, að verði ætlaðar til atvinnubóta alls frá ríki, héruðum og sem lán, hrökkva frekar of skammt heldur en of langt. Það er og eitt atriði í þessu, sem hvorki hæstv. stj. né hv. fjvn. virðist hafa skilið. Og það er, að ef ekkert er að gert til að bæta úr atvinnuleysinu, þá hlýtur fátækrastyrkurinn að aukast stórkostlega, þegar tala atvinnuleysingja eykst hröðum skrefum og lánstraust þeirra þrýtur með öllu. En slíkur aukinn fátækrastyrkur skilar þjóðinni engum verðmætum. En með till. okkar höfum við það hvorttveggja í huga, að bæta kjör fólksins og stofna til gagnlegra framkvæmda, sem annars mundu bíða. — Hæstv. fjmrh. finnst 1 milljón há upphæð. Jú, það er eðlilegt, að honum finnist það! Hún er h. u. b. jafnhá og tóbakstollurinn er áætlaður. Hún er svona ⅕ af því, sem kaffi- og sykurtollurinn hefir verið á ári. Og hún er talsvert minna en helmingur af því, sem lagt var til vegamála í eitt ár, og ekki svipað því eins há og það, sem stj. á einu ári hefir notað heimildarlaust til þeirra, umfram það, sem þingið hafði ákveðið. Það er helmingi minna, eða því sem næst, en Alþingishátíðin kostaði. Það er von að hæstv. ráðh. sé hræddur við svona upphæð.

Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, að ekki beri að halda þeim framkvæmdum uppi, sem til erfiðleika geta leitt fyrir atvinnuvegina. En væri það til erfiðleika fyrir atvinnuvegina að stofna til nytsamra framkvæmda? Væri það til erfiðleika fyrir þá, ef byggðar væru brýr, vegir lagðir, hafnir byggðar, götur gerðar o. s. frv.? Ég held, að það yrði ekki til neins niðurdreps fyrir atvinnuvegina, heldur til bóta fyrir þá. Fjármálaspeki hæstv. fjmrh. lýsir sér greinilega í þessu.

Hv. frsm. sagði, að einn þm. hefði lýst yfir því, fyrir hönd okkar jafnaðarmanna, að við mundum greiða atkv. gegn öllum tekjuaukum til stj. Þetta er ekki rétt eftir haft. Hann sagði, að við mundum greiða atkv. gegn öllum tekjuaukum til stj., nema því aðeins, að þeim tekjuaukum yrði varið til að bæta úr núverandi atvinnuleysi og kreppuástandi, enda hefi ég tvívegis áður í þessu sambandi boðið hæstv. stj. samvinnu um tekjuöflun í þessu skyni.

Þá vil ég minnast nokkuð á það, sem hv. frsm. fjvn. sagði um till. mínar á þskj. 334, XXVII. brtt. á því þskj. — Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi ekki minnzt á þær. Sú fyrsta er um, að ábyrgð sú, sem stj. var heimiluð á síðasta þingi og gildir fyrir þetta ár, verði framlengd. Ástæðan fyrir því er sú, að tvísýnt er um það, hvort hægt verði að kaupa þau skip til fiskiveiða, sem þar um getur, í sumar. Er því nauðsynlegt, að heimildin standi áfram, og vona ég, að hv. deild verði því samþykk, þótt hv. frsm. segðist mundu greiða atkv. gegn því. Færði hann engin önnur rök fyrir andstöðu sinni gegn því en þau, að ríkið hefði fengið skell af ábyrgð sinni fyrir Ísfirðinga. Það mun vera rétt, að ríkissjóður hefir lagt út í

bili 25—28 þús. kr. vegna þeirrar ábyrgðar. En á það ber að líta, að þau 4 ár, sem Samvinnufélag Ísfirðinga er búið að starfa, hefir það greitt í ríkissjóð meira en þrefalt hærri upphæð. Hér er því ekki um tap að ræða, heldur þvert á móti, þar sem beinlínis hefir runnið í ríkissjóð vegna starfsemi félagsins a. m. k. þreföld upphæð við það, sem ríkissjóður hefir nú orðið að hlaupa undir bagga með í bili. Ótalið er þá það, sem félagið hefir greitt til þarfa bæjarfélagsins. Það er eftir annari fjármálaspeki hv. fjvn. að álíta þetta tjón fyrir ríkissjóð. En þeir, sem þekkja ástandið á Ísafirði, eins og það var, þegar samvinnufélagið tók til starfa, og eins og það er nú, líta nokkuð öðruvísi á þetta mál. Sama og segja mátti um Ísafjörð þá, má segja um Seyðisfjörð nú, nema á Seyðisf. er þó ástandið enn verra og tímar nú lakari. Það er líka nokkuð einkennilegt, ef sömu þm. vilja nú fella það, sem þeir samþ. fyrir 6 mánuðum og ekki hefir enn verið notað. Um síðari tvo liðina í brtt. sagði hv. frsm. fjvn. það snjallræði, að þar sem engar upplýsingar hefðu legið fyrir n., þá hefði hún ákveðið að vera á móti till. En n. hefir ekki viljað fá neinar upplýsingar. Ég flutti fram ýmsar upplýsingar hér í hv. d. í ræðu minni í nótt. En n. skellir skolleyrum við þeim öllum. Hún vill ekki upplýsingar. Er ákveðin í að vera á móti málinu. Það er ekki við hæfi hv. fjvn. að leita að rökum fyrir ákvörðunum sínum.

Ég hirði ekki að taka það upp aftur, sem ég sagði í nótt og a. m. k. hv. form. fjvn. heyrði, þótt fáir aðrir nm. væru viðstaddir. En þótt hv. form. fjvn. heyrði þau rök, er ég flutti, hefir það engu breytt hjá honum. Hann er jafn ákveðinn í að vera á móti till. mínum, og þá mun það heldur varla breyta skoðunum annara hv. fjvn.manna. Það þýðir því víst lítið að vera að berja höfðinu við steininn. En viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um það, sem ég hefði sagt, að meira tap væri að neita þessu en samþ., skal ég segja fáein orð, og verð þá að endurtaka það, sem ég sagði í nótt.

Töp þau, sem Austurland hefir orðið fyrir nema ekki minna en 15 millj. kr. á síðustu 10—12 árum, eða á aðra millj. kr. á ári hverju til uppjafnaðar. Þetta er vitanlegt öllum, sem til þekkja. Skipin, sem notuð eru til veiða, eru yfirleitt orðin gömul og úrelt. Síldina, sem oft gengur þangað að mun, er ekki hægt að veiða, af því að þar er engin bræðsla til að taka á móti henni. Að ætla sér að salta í tunnur alla þá síld, sem hægt er að veiða, nær ekki nokkurri átt, Ekkert hefir verið gert þar til að létta og bæta samgöngur fyrir þennan landshluta. Þannig hefir komið fyrir, að engin skipsferð hefir verið á áætlun milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar í 2½ mánuð. Svona mætti lengi telja, enda sést afleiðingin í þeim stórtöpum í fjórðungnum, sem ég hefi drepið á. Engin skynsamleg ástæða er til að ætla, að á þessu ástandi verði breyting til batnaðar, ef ekkert er að gert. Allt bendir í þá átt, að töpin hljóti að halda áfram. En ef stofnað væri til þeirra framkvæmda, sem brtt. mínar fjalla um, þá gæti það tryggt sæmilega atvinnu og afkomu á Seyðisfirði og létt undir víðar eystra. Undir atvinnulífið rynnu þá fjórar stoðir og þótt ein brygðist, þá er þó ekki allt í voða eins og nú er.

Ég ætla svo ekki frekar að endurtaka það, sem ég sagði í nótt. Ég hefi boðið hv. fjvn. það, að ef hún vill taka till. mínar til umr. í n., þá muni ég og sé fús til þess að taka þær aftur til 3. umr. og ræða þær við n. En eftir þeirri yfirlýsingu, sem hv. frsm. n. gaf, um að fjvn. mundi verða á móti till., þá þýðir það víst ekki, fyrst hv. fjvn. er þegar ákveðin í því að leggja til að þær séu drepnar. Svo virðist sem n. vilji helzt taka — og tekur — afstöðu til málanna án allrar rannsóknar, vilji komast hjá að fá upplýsingar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Seyðf. hélt á síðasta þingi svipaðar ræður í atvinnubótamálum. Þá kom fram till. frá honum um að verja 11 millj. kr. til atvinnubóta á tveimur árum. Eftir því, sem hann lýsti ástandinu þá, á sumarþinginu, þá átti að þurfa 5—5½ millj. kr. til atvinnubóta til hausts. Þannig lýsti nú hv. þm. þessu þá, og ég efa ekki, að hann hafi trúað á það sjálfur, að þetta væri rétt. Nú er nokkur reynsla fengin um þetta. Sumarþingið gaf stj. heimild til

að verja 300 þús. kr. til atvinnubóta, og hefir síðan verið veitt af þessari heimild eitthvað lítið á annað hundrað þús. kr. Hérað hv. þm. var nú eitt af þeim fáu, er notaði sér þessa heimild um að fá fé til atvinnubóta, en atvinnuleysið þar var þá ekki meira en svo, að atvinnubótafé var aldrei notað, nema þá að litlu leyti, heldur lagt í sparisjóð, og veit ég ekki betur en að það sé þar enn. Nú er hv. þm. enn með till. er fara í sömu átt og í fyrra, en þar sem nú er nokkur reynsla fengin, þá þarf hann ekki að búast við því, að við þessum till. hans verði gleypt. En nú má vitanlega segja, að þörfin næsta ár geti orðið önnur og meiri. En þörfin verður þó að aukast um meira en helming áður en núgildandi heimild þrýtur. Ég hefi líka bent á það, að ríkið megi ekki hlaupa á undan í því að hrúga upp fé til atvinnubóta. Það fé, sem á þann hátt félli í stríðum straumum til óarðbærra hluta, mundi bara auka á kreppuna, þar sem það væri sogið frá lífvænlegum atvinnurekstri, og gæti orðið hættulegt fyrir þjóðarbúskapinn. Ég veit ekki, hvernig þeir hugsa sér viðskiptin við útlönd, sem vilja veita milljónum í slík óarðbær fyrirtæki, því að sannarlega höfum við ekkert ótakmarkað lánstraust í útlöndum. Það er því áríðandi að nota sjálfsbjargarhvötina til hins ýtrasta og beina henni að arðbærri framleiðslu, sem aftur skapar þjóðinni aukið gjaldþol. Að leggja stórfé í kreppuráðstafanir getur aukið mjög á hættuna gagnvart útlöndum. Þetta er ekkert dularfullt fyrirbrigði né torskilið. Það hlýtur að vera viðurkennt af öllum. Um fjárframlög í þessu skyni verður ríkið að vera heldur tregt, en þó ekki um of. Það þarf að fullnægja sanngjörnum kröfum um atvinnubætur. En það spillir bara fyrir, ef hlaðið er upp auknum kröfum við það, sem þörfin heimtar og ekki er hægt að fullnægja og heldur ekki á að fullnægja. Ég veit ekki nema að þeir, sem gera slíkar kröfur, sem þeir telja sig gera fyrir hönd verkalýðsins, auki það erfiðleika ástand, sem ríkir, og spilli fyrir afkomunni með því að draga úr sjálfsbjargarviðleitninni. Það er erfitt að skilja sauðina frá höfrunum. Ef hægt væri að skilja á milli þeirra, sem geta komizt af eða þá á einhvern hátt skapað sér atvinnu, og hinna, sem brýn nauðsyn ber til að hjálpa, þá væri þetta ekki mikill vandi. En vegna þess, hve þetta er erfitt, og vegna þess, að menn eru egndir upp í það að gera kröfur, þá getur jafnvel farið svo, að þeir, sem sárast eiga um að binda og mest þurfa hjálparinnar með, fari á mis við hana. Það er skylda ríkisins að veita nokkra atvinnubót, til þess að forða frá sulti. Og sú skylda hvílir líka á bæjarfélögunum, og þó mest á þeim eftir því, sem málum er nú skipað hjá okkur í því efni. — Hitt mun enginn telja, að ríkið eitt sé sá atvinnurekandi, sem skylt sé að fullnægja öllum kröfum, sem hverjum og einum dettur í hug að gera til þess. Ríkið ræður ekki yfir neinni gullnámu, sem geri því fært að svara öllum slíkum kröfum. Ég vil líka benda hv. þm. á, að það, sem hjá verkamönnum heitir lítil atvinna, heitir hjá bændum lágt afurðaverð og tap. Rótin að öllum þessum vandræðum er sú, að atvinnuvegirnir bera sig ekki. Og bótin við því öllu er sú, að þeir fari aftur að bera sig. Þegar atvinnutregða er og verkamenn gera kröfu á ríkið, þá eiga atvinnurekendur, a. m. k. bændur og aðrir smærri atvinnurekendur, einnig rétt á því að gera samskonar kröfur. Og þá hlaðast líka upp fleiri kröfur, sem allar til samans verða stærri en svo, að ríkið, sem er samnefnari þess ástands, sem ríkir, geti fullnægt þeim. — Hv. þm. Seyðf. mun að vísu segja, að ekki sé annað en fara í vasa stóreignamannanna og hátekjumannanna og sækja þangað það, sem þarf til þessa. Mér er kunnugt um það, að í Hafnarfirði var samþ. till. um að jafna atvinnuleysisstyrk niður á þá menn, sem hefðu litla atvinnu. En ég hefi líka heyrt, að fulltrúar jafnaðarmanna, sem hafa meiri hl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, hafi ekki treyst sér til að framkvæma þá samþykkt. Þeir höfðu boðizt til að segja af sér, svo að aðrir gætu tekið við vandanum. Og af hverju treystu þeir sér ekki? Af því að ekki fundust fleiri en 4 eða 5 slíkir stórlaxar í öllum Hafnarfirði, að nokkuð, sem um munaði, væri að taka af árstekjum þeirra. Ef því, sem fengizt hefði með því að leggja á þessa 4—5 menn, hefði svo verið dreift á alla hina, þá hefði orðið þunnt lagið á hverjum ein-

um. Það hefði orðið líkt og ef dreift væri einum potti af vatni yfir einn ferkílómetra. Svona fór nú þarna. Við getum einnig tekið Ísafjörð sem dæmi: Þar eru jafnaðarmenn líka í meiri hl. í bæjarstjórninni. Þar er því möguleiki fyrir hana að leggja, svo að nægi, á stórar eignir og háar tekjur. Það svarar til þess, að ríkið hækki tekju- og eignaskattinn, þegar árferði er erfitt. En hvers vegna er þetta ekki gert? Hvers vegna koma þeir og biðja ríkið um hjálp til að standa við skuldbindingar sínar? Hvers vegna leggja þeir ekki á tekjur og eignir, sem þeim þó er heimilt? Og þar hafa jafnaðarmenn undirtökin um að leggja nauðsynleg útsvör á. Já, hvers vegna gera þeir það ekki? — Tekju- og eignarskatturinn er mál, sem er skylt þessu. Hvorttveggja byggist á því, að einhver afgangur sé til, sem hægt er að taka. Og þegar ég hefi nefnt 25% hækkun á tekju- og eignarskattinn, þá hefi ég gengið lengra en jafnaðarmannastj. í Danmörku og Englandi hafa gert. — Og þegar Bramsnæs í Danmörku kom með sitt frv. um hækkaðan tekjuskatt, sem gilda átti aðeins einn ársfjórðung og miðast við þær tekjur einar, sem almennt eru háar hér, þá fór hann ekki hærra en 25% og varð þó skatturinn samanlagður ekki eins hár að tiltölu og tekju- og eignarskatturinn hjá okkur.

Það má nefna í þessu sambandi, að það er ekki alltaf hægt að fara eftir því í framkvæmdinni, þó að í blaðaskrifum sé mikið talað um hátekju- og stóreignamenn. Þó að hér sé margur maður, sem kallaður er stóreignamaður, þá hefir hann litlar sem engar tekjur í slíku árferði og nú er; skuldar kannske svo mikið, að hann er í raun og veru fátækari en þeir allra fátækustu. En það má kannske með nokkrum sanni segja, að þó að það sé slæmt að skulda, þá sé þó mesta örbirgðin sú að geta hvergi skuldað, hvorki í bönkum né annarsstaðar, þar sem lánað er.

Okkar land er ekki auðugt, og ekki á neinn hátt sambærilegir möguleikar hér á móts við það, sem er í öðrum löndum, t. d. í Svíþjóð, Englandi eða Danmörku. Þetta eru allt stórauðug lönd, og því er ekki ráðlegt, að okkar fátæka land skeri sig úr og fari lengra í skattaálögum en þessi auðugu lönd hafa treyst sér að fara undir forustu radikalra og socialista.

Eg ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En hv. þm. Seyðf. fór í kringum það, sem ég beindi til hans um nýja og hækkaða skatta. Ég beindi því til hans, hvernig ætti að ná þeim sköttum og skyldum, sem gilt hafa um langt skeið, en framlengja þarf, svo að fullnægja megi þeim skyldum, sem lagðar hafa verið á ríkissjóð. Það verður fyrst að tryggja þá og framlengingu þeirra tolla, sem fjárhagsáætlun ríkisins er reist á. Svo má á eftir tala um þessa hluti, sem hv. þm. Seyðf. var að bjóða upp á. Ég er fús til samtals við hann um þá. Ég veit, að þörf er á atvinnubótafé, en því er ekki hægt að fullnægja fyrr en séð er, að eitthvað sé hægt af mörkum að láta.

Frsm. síðari kafla (Ingólfur Bjarnarson): Mér finnst það koma úr hörðustu átt, að hv. þm. Seyðf. skuli vera að tala um innantóm orð við okkur fjvn. út af því, að við vildum ekki hoppa inn á eða taka alvarlega till. þeirra hv. jafnaðarmanna um einnar millj. kr. styrk til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, þegar, eins og ég drap á áðan, að flokkur hans hefir nýlega lýst því yfir í útvarpið, að hann mundi greiða atkv. á móti öllum tekjuöflunarfrv. hæstv. stj. Hv. þm. Seyðf. vildi ekki kannast við, að þetta hefði verið gert nema með einhverri sérstakri klásúlu. En hv. 3. þm. Rv. lýsti þessu yfir greinilega og skilyrðislaust í nafni flokksins, og þýðir ekki fyrir hv. þm. að neita því. Nú vil ég spyrja hv. þm. að öðru. Var ekki yfirlýst af þeirra hendi gegnum útvarpið, að þeir ætluðu sér að fella fjárl.? Ég býst varla við, að hann muni leggja út í að neita þessu, sem þúsundir manna hafa hlustað á.

En hvað eru innantóm orð ef ekki það, að bera fyrst fram till. um einnar millj. kr. atvinnubótastyrk í fjárl., en ætla sér svo að greiða atkv. á móti fjárl. í heild. Þetta lýsir mjög skýrt, hvað undir býr, að hér eru aðeins orðin ein og algerlega innantóm.

Um bjargráðasjóð ætla ég ekki að tala, enda skiptir engu máli, hvað í honum er. Ég hélt því fram, að það mundi vera innan við eina millj., sem mun rétt, en

tel enga ástæðu að deila um það. Hitt er aðalatriðið, að Alþingi hefir ekki ráðstöfunarrétt yfir þeim sjóði. Hann hefir sína yfirstjórn, sem ræður honum, enda er það lögbundið, hvernig fara skuli með sameignar- og séreignarsjóði þessa.

Þá vil ég víkja að öðru í ræðu hv. þm. Seyðf. Hann kvartaði um, að ég hefði engu svarað fyrir hönd n. þeim orðum, sem hæstv. fjmrh. beindi til hennar í sambandi við unglingaskólann á Seyðisfirði. Hann ætti nú að skilja, að það mundi ekki hafa verið auðvelt fyrir mig að svara fyrir n., þar sem ég talaði rétt á eftir hæstv. fjmrh. Annars get ég lýst því yfir fyrir mig persónulega, að ég hefi ekkert á móti skilningi hæstv. fjmrh. og get því fallizt á þá meðferð málsins.

Þá sagði hv. sami þm., að ég hefði haft sem ástæðu í móti ábyrgðartill. hans fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði, að ríkið hefði fengið skell af samskonar ábyrgð fyrir sjómenn og verkamenn á Ísafirði. **En þetta** er ekki rétt eftir mér haft; ég talaði ekki um neinn skell í því sambandi, heldur sagði ég, að reynslan á Ísafirði benti til, að óvarlegt væri fyrir ríkið að ganga í slíkar ábyrgðir, sérstaklega þó á þeim stöðum, þar sem lakari skilyrði eru fyrir hendi en á Ísafirði. En eftir upplýsingum hv. þm., sem ég minntist ekkert á, skilst mér, að ríkið hafi þurft að borga tugi þúsunda fyrir Ísfirðinga vegna ábyrgðarinnar. Og það sannar einmitt ummæli þau, er ég hafði, að það gæti verið varhugavert fyrir ríkið að ganga í svona lagaðar ábyrgðir, þar sem ekki eru góð skilyrði fyrir hendi.

Þá gerði hv. þm. mikið úr því, að ég í sakleysi leit svo á afstöðu n. til tveggja síðasttöldu stafliða brtt. hans, að það mundi naumast hafa mikið að segja, þó að þeir væru látnir bíða til 3. umr. og frekari gögn þá fyrir hendi en felast í sjálfum till. Um þetta fórust honum svo orð, að þarna sæist afgreiðsla n. á brtt. þeim, sem fram eru bornar. N. vildi ekki taka tillit til raka né afla sér upplýsinga um málin. Ég hélt, að till. þessar væru svo ljósar, að hægt væri að taka afstöðu til þeirra, þótt ekki fylgi frekari útlistun en felst í þeim sjálfum. Ég held og, að hv. þm. Seyðf. sé mér sammála um þetta. Hann sagðist ekki hirða um að taka upp þau rök, sem hann hefði borið fram fyrir till. í gærkveldi, þó að segja mætti, að hann talaði þá fyrir auðum stólunum, því að hann taldi líklegt, að það breytti engu. En úr því að hann viðurkennir, að það muni engin áhrif hafa á hv. þdm., þótt hann beri fram rökin, þá virðist óþarft að vera að geyma till. til 3. umr.

Ég vænti nú, að hv. þm. Seyðf. geti orðið mér sammála, er ég segi, að hann hafi höggvið fullnærri sjálfum sér um leið og hann brá fjvn. um innantóm orð í sambandi við afstöðu hennar til brtt. einstakra hv. þdm. Hefi ég með þessum fáu orðum mínum sýnt fram á, að það er hv. þm. Seyðf., sem öllum öðrum framar hefir notað innantóm orð í ræðum sínum og rökum við málflutning gersamlega andvana fæddra tillagna.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Seyðf. var allgustillur, er hann kom hér fram á leikvöllinn áðan. Hann fór rasandi mjög, grenjaði af miklum móði og beit í skjaldarrendur. Honum þótti flest fánýtt í störfum fjvn., og sömu skeytum beindi hann til hæstv. stj. fyrir undirbúning fjárlagafrv. Skildist mér helzt, að hann vænti svipaðra undirtekta í hv. þd. og teldi réttast að senda þm. heim til sín, þar sem ekki væri rætt um annað en skemmdar kartöflur og því um líkt. En ég verð þá að segja það, að sú ótútlegasta kartafla, sem sést hefir hér í deildinni, er komin frá jafnaðarmönnum, og hefir spírað þar í gróðurhúsi þeirra eigin óheilinda. Þeir hafa lýst því yfir áður, að þeir ætli ekki að fylgja neinum tekjuaukafrv. og ekki heldur styðja að framlengingu gengisviðauka og verðtolls, sem fjárhagsáætlunin meðal annars byggist á, vitandi þó, að með því fella þeir niður allar fjárhæðir, sem nota ætti til verklegra framkvæmda í landinu. En nú virðist samvizkan hafa slegið þá svo, að þeir óttast, að verk þeirra fari að tala, og það svo hátt, að koma muni þeim í koll. Þeir óttast, að fátækir verkamenn úti um land kunni því illa að missa af því fé, sem ætlað var til verklegra framkvæmda, þegar búið er að reyta úr ríkissjóði í eigin hít leiðtoganna þær fjár-

hæðir, sem átt hefðu að ganga til aukinnar atvinnu í landinu. (ÓTh: Heyr!) Þegar þeir sjá þetta, taka þeir það ráð að reyna að gylla sig í augum verkamanna og flytja brtt. við fjárl., þar sem þeir leggja til, að lagt skuli fram úr ríkissjóði 1 millj. kr. til þess að bæta úr því atvinnuleysi, er þeir sjálfir stuðla að, að haldist við, með því að standa á móti því, að kaupgjaldið fái að laga sig eftir getu atvinnuveganna. Slík eru nú heilindi þessara svokölluðu jafnaðarmannaforingja! Og svo kemur hv. 3. þm. Reykv. og lýsir því yfir, að hann vilji fella fjárlögin. (HV: Ekki geri ég það einn). Hv. þm. Seyðf. vildi mótmæla því, að hv. 3. þm. Reykv. hefði sagt þetta, en hann getur það ekki, og fyrir sjálfan sig tók hann það fram, að hann vildi að vísu afla ríkissjóði tekna, ef þeim yrði varið samkv. þessum atvinnubótatill. hans. En hvaðan á þá að koma fé til að halda uppi vegavinnu og símalagningu í hinum dreifðu byggðum landsins, og hvað verður um jarðræktarstyrkinn og aðrar verklegar framkvæmdir, ef tekjurnar hrökkva ekki fyrir lögboðnum gjöldum ríkissjóðs? Þegar búið er að tryggja, að hægt sé að framkvæma þær verklegu framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir, þá er fyrst tími til að ræða um nýja fjáröflun til aukinna framkvæmda í kaupstöðum og sveitum.

Hv. þm. Seyðf. varð tíðrætt um kjass og bliðmæli á milli fjvn. og hæstv. fjmrh. Áður hafði hann gefið í skyn, að sama ætti sér stað á milli þeirra tveggja flokka, sem sæti eiga í fjvn. Ég veit nú ekki, hversu mikill snillingur hv. þm. er í því að beita kjassi. En hitt er víst, að hann hefir undra gott lag á því að gera sér það arðberandi. (Hlátur).

Að lokum vil ég segja hv. þm., að fjvn. og báðir aðalflokkar þingsins skilja betur en hann þá ábyrgð, sem á þinginu hvílir um afgreiðslu fjárl. Á þessum grundvelli er starf fjvn. reist. Hvorugur flokkanna lætur sér detta í hug að segja eins og jafnaðarmenn hafa sagt hér í þessari hv. d., að þeir bæru á engan hátt ábyrgð á fjármálum ríkisins. Þegar menn hafa heyrt þetta og annað því um líkt af vörum þeirra, þarf engan að undra, þó að þeir komi með till., sem eru jafn glannalegar og sú um atvinnubótastyrkinn. Það er eftir öðru, sem vænta má frá þeirra hendi og í beinu sambandi við orð þeirra og athæfi.

En rökin hjá hv. þm. Seyðf. eru ekki veigamikil, ef taka á dæmi af því síðasta, sem hann sagði, að ríkið hefði orðið að hlaupa undir bagga með samvinnufélagi sjómanna á Ísafirði og greiða allmikla fjárhæð úr sínum sjóði félaginu til bjargar. Hann sagði, að ríkið hefði ekki orðið fyrir neinu tjóni af þessu, því að skattar og tollar, sem runnið hefðu í ríkissjóð vegna fél., mundu tvöfalt hærri en þeirri upphæð nemur, er ríkið varð að greiða vegna ábyrgðar þeirrar, er því hefir verið flækt í fyrir félagið. Skoðun hv. þm. virðist því vera sú, að ríkinu geri ekkert til, þó að það taki á sig skell af ábyrgðum, ef tjónið fer ekki fram úr því, sem ríkissjóði kann að hafa hlotnazt í sköttum og tollum af rekstri fyrirtækisins. Það gerir ekkert til, þótt ríkið bíði tjón af atvinnurekstri einstaklinga og félaga, ef það yfirstígur ekki það, sem ríkissjóður hefir fengið í sköttum og tollum.

Slík eru nú rökin hjá þessum fjármálaspeking alþýðunnar — bankaútibússtjóranum á Seyðisfirði. Má nærri geta, hvernig fer um afkomu banka hans, þegar hann fer að gefa eftir af lánum á þeim grundvelli að reikna út, hvað ríkið hefir grætt í tollum og sköttum. Það verður sennilega ekki góð útkoma hjá banka, sem stjórnað er á þann hátt. Annars verð ég að líta svo á, að það séu lítil meðmæli með brtt., er hv. flm. lýsir því yfir, að hann ætlist til, að ábyrgðin greiðist af ríkissjóði að því leyti, sem tekjur af starfseminni greiðast í ríkissjóð, m. ö. o. fyrirtækið á að vera skattfrjálst, en ríkið þó að hafa ánægjuna af því að standa í ábyrgðinni. Ef einhverjir hefðu viljað mæla á móti brtt. hv. þm. Seyðf., þá hefir sjálfur flm. tekið það ómak af þeim, því að hann hefir gert það svo rækilega, að enginn hv. þdm. mundi hafa gert það betur. Vænti ég, að hv. þingd. sýni hv. flm. þá kurteisi að taka rök hans til greina og felli till.

Haraldur Guðmundsson: Stutt aths. segir hæstv. forseti, en hún þarf að vera löng.

Fyrst þarf ég að víkja að því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan. Hans höfuðrök fyrir því, að ekki væri ástæða til að samþ. till. um atvinnubótastyrk voru þau, að í fyrra hefði því einnig verið haldið fram, að þörf væri á auknum framkvæmdum vegna yfirvofandi atvinnuleysis, en svo hefði raunin orðið sú, að hægt hafi verið að komast af til þessa án þess að grípa til slíkra framkvæmda, nema að mjög litlu leyti.

Þetta er öllu meiri óvífni og blygðunarleysi en ég hefði búizt við af hæstv. ráðh. Það er marg upplýst hér í hv. deild, að ástæðan til þess að ekki hefir verið meira fé eytt úr ríkissjóði til atvinnubóta er blátt áfram sú, að ríkisstj. hefir neitað að greiða féð af hendi, þrátt fyrir fjölda umsókna og ákveðnar tillögur atvinnunefndar. Fólk hefir komizt af, segir hæstv. ráðherra!

Þótt ekki verði vitað með vissu, að almenningur hafi beinlínis liðið sult á liðnu ári, þá leyfi ég mér að draga mjög í efa, að hæstv. fjmrh. hafi nokkra minnstu hugmynd um, hvernig fólkið hefir komizt af.

Ég man eftir því hér á árunum, þegar verið var að ræða hér á þinginu um undanþágu handa Hellyerútgerðinni í Hafnarfirði, að núv. hæstv. fjmrh. var því mjög fylgjandi, að undanþágan yrði veitt vegna atvinnuleysis í Hafnarfirði. En margir voru því andvígir, og spurði þá hæstv. fjmrh., hvaða sannanir menn vildu fá fyrir því, að þörf væri á að bæta úr atvinnuleysinu í Hafnarfirði, hvort menn vildu bíða eftir því, að komið væri með beinagrindur horaðra atvinnuleysingja úr Hafnarfirði. Ef ég hefði sagt þetta, býst ég við að mönnum hefði þótt þm. Seyðf. taka upp í sig. En nú spyr ég: Ætlar hæstv. ráðh. að bíða eftir slíkum sönnunargögnum. Ég efast um, að ástandið í Hafnarfirði þá hafi verið verra en á Seyðisfirði nú. — Það er náttúrlega auðvelt að segja þá sögu í fjórða sinn hér í hv. deild, að Seyðisfjörður hafi lagt í sparisjóð um 2 þús. kr. af því atvinnubótafé, sem hann fékk á öndverðum vetri og ef til vill röksemdafærsla við hæfi hæstv. ráðh. að draga þar af þá ályktun, að engin þörf sé fyrir atvinnubótafé neinstaðar á landinu. Ég hefi skýrt frá því áður, hvers vegna Seyðisfjörður eyddi ekki öllu atvinnubótafénu síðastliðið haust, en get vel endurtekið það enn, hæstv. ráðh. til uppbyggingar.

Síðastliðið haust var ástandið á Seyðisfirði svo afskaplegt, að ekki var annað fyrirsjáanlegt en að fólk myndi beinlínis líða skort, þegar fram á vetur kæmi. Peningar fengust engir lofaðir til atvinnubóta fyrr en komið var fram í nóvember, og var þá þegar byrjað á atvinnubótavinnu. En skömmu síðar sendi forsjónin síldina inn á fjörðinn, og það í svo ríkum mæli, að segja mátti, að fjörðurinn fylltist af síld. Var þegar byrjað að veiða og salta síld, og veitt og saltað að mestu um 400 tunnur. Bætti þetta svo úr atvinnuleysinu, að ákveðið var að hætta atvinnubótavinnunni meðan svo stæði. Var þá búið að vinna fyrir nálægt 5000 kr., en eftir af atvinnubótafénu um 2000, — sem lagt var í sparisjóð í bili, og er sú upphæð lægri en bæjarsjóður sjálfur áður hafði lagt til atvinnubótanna. Það var ekki meining bæjarfélagsins að fá atvinnubótafé til þess að eyða því nema í brýnni þörf. Þetta ætti því einmitt að vera sönnun þess, að atvinnubótafé verði ekki notað á Seyðisfirði, nema full og rík ástæða sé til, og því óhætt að trúa kaupstaðnum til að fara vel með slíkt fé framvegis. Þess vegna þykir mér hart, að mér sé legið á hálsi fyrir það, að hafa átt minn þátt í því, að þetta fé yrði geymt, en ekki eytt að þarflitlu. Ef hæstv. ríkisstj. hefði haldið jafnvel á umframtekjum sínum í góðærinu, væri ástand ríkissjóðs betra en nú er það. Hæstv. fjmrh. er velkomið að segja þessa sögu eins oft og hann vill, en hann skýtur aðeins fram hjá marki, þegar hann notar hana sem rök gegn því, að þörf sé á að hafa fjárhæð, sem um munar, í fjárl. til hjálpar gegn því atvinnuleysi, sem vofir yfir þjóðinni.

Hvað viðskiptajöfnuðinn við útlönd snertir, þá fæ ég ekki séð, að hann verði óhagstæður vegna þeirra fjárhæða, sem fara til atvinnubóta, nema að síður sé. Fólkið borðar jafnt, hvort sem það lifir á atvinnubótavinnu eða fátækrastyrk, nema tilætlunin sé að svelta þurfamenn.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að það hvíldi skylda á ríkinu að sjá þeim konum og

börnum farborða, sem líða skort eða svelta. Þetta er sagt í sjálfri stjskr., og er því ekki uppgötvun ráðh. En hvernig er svo þessi skylda rækt t. d. hérna í höfuðstaðnum? Nálægt 200 manns borða daglega, að því er blöðin segja, náðarbrauð hjá einstökum safnaðarmönnum hér í Rvík. Ég heyrði skýrt frá því í útvarpinu, skömmu áður en ég fór á þing, hvernig ástatt væri hjá sumu því fólki, sem þangað sótti, þegar matgjafir þessar byrjuðu. Það var sagt frá því, að matgjafir þessar væru mikið sóttar, að börn kæmu gangandi alla leið innan úr Laugaholti og sunnan frá Skerjafirði til að fá að borða og að þau gætu ekki keypt sér far með strætisvagninum. Frá því var einnig skýrt, að einn daginn hefðu komið þrír menn, sem ekki hefðu bragðað mat í 3—4 daga, og hefðu þeir skýrt frá því, að þeir lægju sem mest í rúminu, til þess að þola betur sultinn. Frá þessu og mörgu öðru í sambandi við matgjafir safnaðanna var skýrt í útvarpinu. Vill ráðh. enn bíða eftir beinagrindinni?

En svo að ég víki aftur að viðskiptajöfnuðinum, þá vil ég taka það fram, að ef þetta fólk á að lifa, þá verður að flytja inn jafnmikinn mat, hvort sem fólkinu er hjálpað með matgjöfum, sveitarstyrk eða atvinnubótum, en ef það er veitt sem ölmusa, þá kemur ekkert á móti, en sé veittur atvinnubótastyrkur, þá verða not af vinnu fólksins, en einmitt það virðist nú vera mesti þyrnir í augum hæstv. ráðh. og annara fjármálaspekinga flokks hans, eða flokkum hans báðum.

Ég veit ekki betur en að hæstv. ráðh. hafi það á valdi sínu að skammta innflutning til landsins. Gjaldeyririnn er skammtaður og miðaður við kaup á nauðsynlegum vörum. Hann hefir innflutningshöftin í valdi sínu og getur beitt þeim svo stranglega sem hann vill. Ef hæstv. ráðh. þykist ekki öruggur með þetta, þá get ég ekki skilið það öðruvísi en svo, að hann vantreysti sjálfum sér. Ekki er hætt við, að þessir menn fari til útlanda og eyði atvinnubótakaupinu í býlífi. A. m. k. fá þeir þá ekki atvinnubótavinnu á meðan.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að þjóðin getur ekki lifað á atvinnubótum einum saman. Þá mundi þessi eina milljón ná skammt og jafnvel þessar 11 milljónir, sem hæstv. ráðh. hefir talað svo mikið um. Sú eina varanlega bót er, að atvinnuvegirnir geti haldið áfram og skilað fólkinu lífvænlegu kaupi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Heldur hann, að það bæti afkomu atvinnuveganna, að í stað þess að láta fólkið vinna gagnleg verk, sé því haldið upp á ölmusugjöfum og af sveitarfélögunum? Ég er þeirrar skoðunar, að vinnu þeirra manna, sem atvinnulausir eru, megi mjög mikið nota til að koma á betri skilyrðum fyrir atvinnuvegina og þar með flýta fyrir, að þeir geti borið sig. (**Forseti:** Hv. þm. er búinn að halda tvær ræður, og þetta er orðin nokkuð löng aths.). Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti leyfi mér að segja nokkur orð ennþá, þar sem bornar hafa verið á mig sakir. (**Forseti:** Ég vona, að hv. þm. gæti þingskapanna). Hæstv. forseti tekur þá af mér orðið. (**Forseti:** Ég neyðist til þess, ef hv. þm. vill ekki hlýða þingsköpunum. — **HV:** Hæstv. forseti hefir leyft hér hálftíma aths. — **Forseti:** Það er ekki rétt hjá hv. þm. — **HV:** Jú, hann hefir leyft hv. þm. G.-K. að flytja hér aths., sem tók hálftíma. — **Forseti:** Það er alls ekki rétt. — **ÓTh:** Nei, það er nú eitthvað annað en að það sé rétt.). — Ég er líka sammála hæstv. ráðh. um það, að stuðningi til bænda og smáútgerðarmanna verði að vera nokkuð öðruvísi háttað en til verkamanna. Því verður ekki neitað, að þeir menn, sem hafa bú undir höndum, eru ekki jafnilla staddir, að því er snertir þarfir líðandi stundar, eins og þeir, sem ekkert hafa undir höndum eða fyrir sig að leggja nema kaup líðandi dags. Bændur búa að því í bili, að þeir geta flestir birgt sig upp að haustinu til næsta vors, svo að hjá þeim er ekki aðkallandi skortur, og flestir hafa þeir næga mjólk og ýmsan mat af búum sínum. Sú hjálp, sem þarf að veita þeim, er, að þeir þurfi ekki að flosna upp af jörðum sínum, og ég hefi fyrir mitt leyti bent á, hvernig ég vil láta létta undir með þeim og sömuleiðis smáútgerðarmönnum.

Um ástandið í Hafnarfirði og á Ísafirði sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ég veit, að ástandið er þar slæmt og gjaldgeta þar lítil. — Mér er ekki kunnugt um þessa

sögu, sem hæstv. ráðh. sagði um niðurjöfnunina í Hafnarfirði, sem ekkert varð úr. En jafnvel þótt hæstv. ráðh. skýrði þar rétt frá, þá afsannar það ekki það, sem ég sagði, að hægt væri að beita tekju- og eignarskattinum meira en gert er. Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um tekjuskatt í öðrum löndum og um þá „jafnaðarmannaforingjana“ Snowden og Mac Donald, þá vil ég benda honum á, að þeir eiga ekki miklum vinsældum að fagna meðal jafnaðarmanna í Englandi um þessar mundir. Þeir eru nú farnir úr jafnaðarmannaflokknum og hafa myndað þjóðstjórn með borgaraflokkunum, sem mér skilst, að hæstv. ráðh. haldi, að sé einhver sú fullkomnasta pólitíska fyrirmynd í þessum heimi, og get ég trúað, að hann hugsi sér að hafa það eitthvað svipað hér, ef færi gefst.

En svo að ég víki að tekjuskattinum í Englandi, þá er hann, samanlagður supertax og venjulegur tekjuskattur, þar hæstur 50%, að vísu af hærri tekjum en hér gerast, eða 600 þús. kr. og þar yfir, en almenni tekjuskatturinn er 20% og leggst ekki á nema nokkuð háar tekjur, því að skattfrjálsar tekjur eru þar miklu hærri en hér á landi. Auk þess er gerður nokkur frádráttur á lægstu skattskyldum tekjum frá hinum almenna 20% skatti.

[Fundarhlé.]

Forseti (JörB): Enda þótt aths. hv. þm. Seyðf. væri þegar orðin í lengra lagi, er fundi var frestað, þá tel ég, að hann eigi hér hendur sínar að verja, og leyfi honum því að bæta við nokkrum orðum.

Haraldur Guðmundsson: Ég þakka hæstv. forseta, og skal ekki misnota góðsemi hans. Ég hvarf frá því síðast í svari mínu til hæstv. fjmrh., að skýra frá tekjuskattslögunum í Englandi og framkvæmd þeirra. Verð ég að láta það nægja um það efni. — En hæstv. ráðh. vék til mín fyrirspurn um það, hvort við jafnaðarmenn mundum greiða atkv. með nýjum tekjuaukafrv. eða framlengingu gildandi tekjulaga, svo sem verðtolli og gengisviðauka. Þessi spurning er gersamlega óþörf að því er snertir framlengingu á verðtollinum. Við greiðum vitanlega atkv. á móti honum, eins og ég hefi oft áður gert grein fyrir, og meðal annars í nál. minni hl. í mþn. í skatta- og tollamálum, og get ég vísað til þess. Skattamálatillögur okkar jafnaðarmanna fara í öfuga átt við þessi tollalög, en tollarnir hvíla eins og kunnugt er þyngst á verkalýðnum, sem sízt má við slíkum álögum nú í kreppunni. Atvinnuútlitið er mjög slæmt, og því fer fjarri, að stj. hafi nokkrar till. gert um að greiða fram úr því. Vega- og símalagningavinna verður mjög lítil á þessu ári, byggingar nálega engar, tvísýnt um síldarútveginn, enda gerir stj. ekkert til þess að tryggja hann. Vertíð togaranna verður með styzta móti og nær lítið fram á vorið. En allt þetta lætur stj. afskiptalaust. Lætur sem þetta komi hvorki stj. né þingi við.

Hv. form. fjvn. vék að mér nokkrum orðum og lét svo sem ræða mín hefði verið innantóm slagorð. Ég mun nú láta hv. þdm. gera upp á milli okkar um það, og skal ekki um það metast hjá hvorum okkar hafi verið meira tómahljóð, en ég hygg, að hv. þm. þurfi ekki um að hælast. — Út af því, sem hv. þm. sagði um samvinnufélag Ísfirðinga í sambandi við þá till., sem ég flyt um ábyrgðarheimild fyrir samskonar félag á Seyðisfirði, verð ég að lýsa því yfir, að hann fór þar rangt með orð mín. Ég sagði ekki, að það hefði fallið á ríkissjóð greiðsla fyrir samvinnufélag Ísfirðinga, heldur að félagið hefði fengið bráðabirgðalán, 25—28 þús. kr., sem ég geri ráð fyrir, að ríkissjóður fái aftur greitt að fullu. En hitt sagði ég ennfremur, að þó að ríkissjóður fengi þetta ekki greitt, þá hefði hann fengið svo miklar tekjur vegna starfsemi þess félags, að þetta væri hverfandi. Í þau 4 ár, sem félagið hefir starfað, hefir það greitt um 150 þús. kr. í ríkissjóð. Ég veit með vissu, að þessar tekjur hefðu ekki komið í ríkissjóð, ef þessi 7 skip hefðu ekki verið keypt til landsins og þau gerð út. Ég veit, að hv. form. fjvn. skilur þetta mæta vel, að þegar litið er til þess, þá er ekki um halla að ræða fyrir ríkissjóð, heldur hagnað. Hitt er fjarri sanni, að ég ætlist til, að ríkissjóður greiði afborganir af láni félagsins, þó að hann hafi í bili hlaupið undir bagga með því um þetta bráðabirgðalán. En mér dettur ekki í hug að neita því, að þessum ábyrgðum

getur fylgt nokkur áhætta fyrir ríkissjóð.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði eins og hæstv. fjmrh., að það sæti illa á okkur jafnaðarmönnum að bera fram þessar brtt. við fjárlagafrv., fyrst við hefðum lýst því yfir, að við ætluðum að greiða atkv. á móti fjárl. Við höfum aldrei sagt, að við myndum greiða atkv. á móti fjárl., hvernig sem þau litu út. Ef þessi brtt. okkar um að veita 1 millj. kr. til atvinnubóta verður samþ. og kemst inn í fjárl., þá líta þau öðruvísi út en þegar hæstv. stj. og hv. fjvn. skilaði þeim til deildarinnar. En annars veit ég ekki betur en að það sé altítt, að þm. flytji brtt. við frv., sem þeir eru mótfallnir, svo að það er undarlegt, ef jafnaðarmenn mega ekki fylgja þeirri venju. Fjárl. fyrir árið 1932 slysuðust í gegn á síðasta þingi, þó að við jafnaðarmenn greiddum atkv. á móti þeim. Og mér skilst, að vonir hæstv. fjmrh. standi til, að þessi fjárl. verði samþ., þó að við verðum þeim mótfallnir. Hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að ég hefði bitið í skjaldarrendur og grenjað ógurlega. Læt ég hv. dm. um að dæma, hvor okkar hafi gengið meiri berserksgang hér í hv. deild. En ég átti örðugt með að skilja, hvað hv. þm. átti við með kartöflusamlíkingu sinni. Þó skildist mér, að kartaflan væri sú, að við vildum svipta verkalýðinn þeim atvinnubótum, sem felast í fjárlfrv. En þar er um engar atvinnubætur að ræða, heldur atvinnuspjöll, þar sem samkv. frv. á að reka úr vinnu 3 af hverjum 4 verkamönnum ríkissjóðs.

Hvað hann átti við, er hann var að tala um kjass og blíðmæli, er mér heldur ekki ljóst. Ef hann hefir átt við, að ég hafi orðið útibússtjóri vegna kjass og blíðmæla, þá skjátlast honum mjög. En það er víst, að hversu mörg og feit embætti, sem ég fengi hjá ríkisstj., þá myndi ég ekki láta það hafa áhrif á skoðanir mínar hér í deildinni. Annars hefir nú ríkisstj. ekki veitt mér þetta starf, sem hv. þm. sér svo miklum ofsjónum yfir.

Annars er vert að vekja athygli á þeim hugsunarhætti, sem oft kemur fram hjá framsóknarmönnum, að ef einhver hefir tekið við embætti af stj. sé hann skyldugur að þegja sem múlbundinn rakki við hvaða óhæfu, sem stj. gerir. Það sýnir bezt, hvað þessir menn myndu gera sjálfir í sporum hinna.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég kannast við það, að ég mun hafa farið um það hörðum orðum á sínum tíma, ef kröfum Hafnfirðinga hefði í engu verið sinnt. Vandræði og atvinnuleysi hefði orðið afleiðingin, ef það hefði ekki verið gert. Ég hefði að vísu kosið, að hjálpin hefði fremur verið veitt með öðrum hætti en raun varð á, og var það þá kleift að kostnaðar- og áhættulausu fyrir ríkissjóðinn. En það er með öllu óviðkomandi þessari gömlu viðureign, að ríkissjóði sé gert ókleift að veita nokkra hjálp, um leið og allt er af honum heimtað — en þetta er nú ráðlag ýmsra hv. dm.

Ég skal játa það, að ástandið er slæmt. En það er þó ekki svo slæmt sem till. jafnaðarmanna benda til. Þótt einstaka hörmuleg tilfelli hafi komið fram við matgjafirnar hér í bænum, þá er það ekki full sönnun. Á slík tilfelli má alltaf benda, og það jafnvel í góðæri, í svo stórum bæ sem Reykjavík er. Það má líka benda á það, að aðsóknin að matgjöfunum varð miklu minni en við var búizt. (**HG**: 200 á dag).

Þær framkvæmdir, sem kynni að verða ráðizt í til að bæta úr ástandinu, þurfa ekki aðeins að vera þarfleg verk, heldur framkvæmdir, sem gefa arð og því hægt að fá lán til. Svo væri t. d. um þurrkví, að sennilegt er, að fé mundi fást að láni til að byggja hana. Slíkir möguleikar eru til, en þeir eru dálítið annað en milljónin þeirra jafnaðarmanna.

Hv. þm. Seyðf. spurði, hvort ég vildi heldur sveitarstyrk en atvinnubætur. Spurningin er næsta óþörf. Sveitastjórnum er heimilt, þegar því verður við komið, að láta vinna atvinnubótavinnu, í stað þess að veita sveitarstyrkinn, eins og oftlega er gert hér í Reykjavík, og vonir um, að svo verði framvegis, minnka ekki við það, að ríkissjóður greiðir ⅓ af atvinnubótastyrknum eins og nú er.

Hv. þm. gaf nokkra mynd af tekjuskattinum í Englandi. Hann kvað tekjuskattinn þar vera 50% af 600 þús. kr. tekjum, en almenna tekjuskattinn 20%. En samkv. síðustu útgáfu af Encyclopædia Britannica er hann sem hér segir: Af

£ 600 hreinum tekjum er hinn „effectivi" skattur rúmlega 10%. Skatturinn verður ekki 25% fyrr en komið er upp í tekjur, sem nema £ 6000. Þá er „effectivi" skatturinn orðinn 4 sh. 10½₀ af hverju sterlingspundi eða tæplega 25%. Fyrst þá, er tekjurnar ná 20 þús. sterlingspundum, verður skatturinn 33%. Hinsvegar nær skatturinn því hvergi að verða full 50%.

Þetta hygg ég að nægi til að sanna, að hv. þm. fór ekki með allskostar rétt mál um þetta efni. Hv. þm. minnti mig á Mac Donald og þjóðstjórnina í Englandi, og sé ég ekki ástæðu til að amast við því. En samanburðurinn á ekki vel við, þegar að er gáð. Á Englandi sátu jafnaðarmenn við stjórn. Þeir þurftu að gera öflugar ráðstafanir til þess að verjast tekjuhalla. Þá koma báðir hinir flokkarnir og bjóða aðstoð sína til að rétta við fjárhaginn. Þótt ráðherrarnir, Mac Donald og nú Snowden, fengju ekki flokk sinn til að fylgjast með sér, nema að litlu leyti, tóku þeir höndum saman við hina flokkana um hinar nauðsynlegu ráðstafanir og bjarga þar með fjárhag og sóma landsins. Ég er þess fullviss, að ef hv. 2. landsk. hefði verið hér í sporum Mac Donalds og hv. 3. þm. Reykv. í sporum Snowdens, og hinir flokkarnir hefðu komið og rétt þeim höndina til samvinnu til að bjarga fjárhag landsins, að þeir hefðu tekið því boði. Hvort hv. þm. Seyðf. hefði tekið að sér hlutverk Hendersons eða ekki, skal ég láta ósagt.

Nú er að vonum talað mikið um kreppu. En hvað gera andstöðuflokkar stjórnarinnar af því, sem nauðsyn þjóðarinnar krefur? Svo er að sjá, sem þeir kæri sig ekki um að hafa önnur áhrif á ástandið en gera illt verra. Því að það kalla ég að gera illt verra, ef á að neita ríkissjóði um tekjustofna og loks að fella fjárlög, eins og jafnaðarmenn hóta. Ef svo reynist, að stjórnmálalegur og félagslegur þroski okkar væri ekki meira en þetta, er ekkert sennilegra en erlendir lánardrottnar gengju að okkur, a. m. k. um allar lausar skuldir, og hvað liði atvinnunni þá, ef bankar missa það fé, sem nauðsynlegt er til rekstursins? Þetta er stærsta atvinnuleysishættan.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að ekki kæmi til mála, að jafnaðarmenn léðu lið sitt til að samþykkja verðtollinn. Samt veit hann vel, að engin stjórn getur verið við völd án hans. Hvaða mannaskipti, sem verða í stjórninni, þarf hún á þeim tekjum að halda.

Ef þjóðstjórnarákæra hv. þm. Seyðf. er í því fólgin, að ég vilji bjarga þjóðinni frá þeim voða, sem yfir vofir, þá er hún réttmæt, en annars ekki. En sá er munurinn hér og í Englandi, að hér er það stjórnarflokkur, sem býður samvinnu til að bjarga þjóðinni út úr ógöngunum, en í Englandi voru það andstöðuflokkarnir, sem buðu sína hjálp. Ég lýsi yfir því, að ég er reiðubúinn til samstarfs við hvern þann flokk, sem er reiðubúinn til að forða frá vandræðum og fjárhagshruni.

Héðinn Valdimarsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að ófyrirgefanlegt væri að bera fram till. um fjárveitingar, án þess að sjá fyrir fé um leið. Því er til að svara, að hæstv. ráðh. og fjvn. hafa þegar séð fyrir fé í fjárlagafrv. og þeim brtt., er því fylgja. Það er ekki meira, þótt við berum fram okkar till. en hæstv. fjmrh. sínar, sem eru í öðru skyni.

Hæstv. fjmrh. gerði lítið úr neyðinni hér í Reykjavík sem annarsstaðar. Hann veit sjálfsagt betur en ég, hvernig ástandið er í hans kjördæmi, en mér finnst það bera vott um skort hér í Reykjavík, að um 200 manns skuli sækja daglega hinar óvinsælu matgjafir, sem hér hafa verið í vetur. Enda er það enginn furða þótt þröngt sé í búi hjá mörgum eftir allt atvinnuleysið í vetur.

Hæstv. ráðh. sagði, að hægt væri að verja fátækrastyrk til atvinnubóta. Þetta er rétt, en ég ætla, að hv. fjmrh. sé svo kunnugur hugsunarhætti sveitarstjórnanna í þessum efnum, að hann geri sér ekki í alvöru neina von um, að þetta „bjargráð" komi að miklu haldi. Þá svaraði hv. fjmrh. hv. þm. Seyðf. út af tekjuskattinum á Englandi. Ég vil benda honum á, að ....[1])

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla ekki að rekja þetta skattamál í sundur, en ég tek nýjustu útgáfuna af Encyclo-

1) Hér vantar endinn á ræðunni hjá þingskrifaranum. H. V.

pædia Britannica jafnvel fram yfir Alþt. um það, sem skattamálum Englands við kemur. (**HV:** Ég vil benda hv. ráðh. á að lesa um Ísland í Encyclopædia Britannica og sjá, hve rétt er greint þar frá). — **EA:** Já, þar er mörg vitleysan um Ísland). Þar fyrir býst ég ekki við, að þar sé vitlaust greint frá skattamálum Englendinga. Um slíkt þarf ekki að deila.

Viðvíkjandi þjóðstjórninni í Englandi, bar hv. 3. þm. Reykv. það á Mac Donald og Snowden, að þeir hefðu verið ófáanlegir til að lækka vexti af stríðsskuldunum. Ég tel rétt að geta þess, hvað þarna bar á milli. Nokkur hluti jafnaðarmanna vildi lögþvinga eigendur skuldabréfa til þess að taka ekki nema 4% vexti, en Mac Donald og Snowden vildu gefa öllum kost á að kaupa ný 4% bréf fyrir önnur, sem höfðu gefið 5%, og þeir, sem á endanum mynduðu þjóðstjórnina, sögðu, að slík verðbréfaeign væri sambærileg við sparisjóðsinnstæðu og að ótækt væri að taka ráðstöfunarréttinn á því fé af fólkinu. Um annað var ekki að ræða. Og flestir treysta ensku stjórninni til þess að geta komið þessu í lag með frjálsu móti, og sá kostur verður vitanlega tekinn.

Um verðtoll má segja það, að höfuðatriðið um hann, eins og marga aðra tolla, er, að það gengur auðveldlega að innheimta hann. Og einn er sá kostur við þann tekju- og eignarskatt, sem ekki er alltof hár, að sæmilegt er að innheimta hann. En stórkostleg hækkun tekju- og eignarskatts ofan á útsvör veldur óviðráðanlegum örðugleikum í innheimtu. Því er það, að hinir óbeinu skattar munu lengi haldast og hinir beinu skattar hljóta ávallt að hafa sín takmörk. Ég veit, að jafnaðarmenn vilja afgreiða fjárl., ef þeir fá að ráða stefnu þingsins, en þeir mega líka vita það, að sú krafa er fjarstæða. Meðan þeir eru ekki nema fjórir í þinginu, er ómögulegt, að þeir fái einir að ráða öllu. Og það er nokkuð sjálfbyrgingslegt að taka þá afstöðu, að annaðhvort verði þeir einir að ráða öllu eða að allt megi fara til fj.... fyrir þeim. Ég vil ráðleggja þeim, og tel heppilegra, að þeir sýni meiri samningalipurð í þessum efnum.

Héðinn Valdimarsson: Hæstv. fjmrh. hlýtur að sjá, að hver sá stjórnmálaflokkur, sem ekki kemur sínum málum fram, en sér aftur á móti þeim málum komið fram, sem honum eru þvert um geð, hlýtur að greiða atkv. eftir því gegn þeim málum, sem eru honum andstæð, en **með** sínum eigin. Og það er þetta, sem við jafnaðarmenn gerum auðvitað hér. Það er ekki hægt að skuldbinda okkur til þess á nokkurn hátt að greiða atkv. með þessu, þótt 22—24 framsóknarmenn greiði atkv. þannig. (**ÓTh:** En sá tuttugasti og fjórði — er það hv. þm. Ísaf.?) Ég veit ekki með vissu, hvort það er hv. þm. G.-K., sem genginn er í Framsóknarflokkinn eða hæstv. fjmrh., sem genginn er yfir í Íhaldið. (**ÓTh:** Jæja, hann stamar þó, þegar hann segir ósatt).

En það virðist vera einhver eignarréttartilfinning hjá hæstv. fjmrh. yfir okkur jafnaðarmönnum. Hann má ekki halda það, að þótt þessir 23 Framsóknarmenn hafi af tilviljun komizt inn í þingið, þá megi hinir ekki hreyfa sig öðruvísi en hann vill. Við jafnaðarmenn munum nota okkar vald til þess að koma fram okkar málum og til þess að berjast gegn því, sem við erum á móti.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi engan eignarrétt talið mér á jafnaðarmönnum, en ég vil þó, að þeir taki tillit til hins sameiginlega ástands, en ef þeir geta ekki lotið öðrum skilyrðum en að allt fari eftir þeirra höfði, þá vantar alveg skýringuna á því, hvernig þeir gátu stutt Framsóknarstjórn í svo sem þrjú ár. En skýringin er sú, að flokkar, sem ekki hafa meiri hluta, verða með ýmsu móti að semja um annað en það, sem þeir helzt vilja, og það er það, sem ég ráðlegg jafnaðarmönnum, til þess að fá sem bezta útkomu, en vera ekki eins harðir í kröfunum, eins og þeir hér hafa látið í ljós.

Héðinn Valdimarsson: Ég sé, að hæstv. fjmrh. muni vilja hafa síðast orðið og hann hefir enn tækifæri til þess. Ég vil aðeins mótmæla því, að við höfum stutt stj. í þrjú ár. Hæstv. fjmrh. veit, að þar var eingöngu um hlutleysi að ræða. Og ég fyrir mitt leyti hefi aldrei undirskrif-

að neitt hlutleysi við Framsóknarstj., hvorki fyrr né síðar. Það er svo fjarri sanni, að við höfum fengið allan okkar vilja fram, því að fjárlagafrv. stj. ganga í þveröfuga átt við stefnu okkar jafnaðarmanna. Það er ekki um neitt að tala, sem gert sé í okkar anda, og á kreppunni er alls ekki snert. En eftir skoðunum hæstv. fjmrh. er hún víst eins og vindurinn, sem enginn veit hvaðan kemur eða hvert fer og enginn fær við ráðið.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun nú verða nokkuð vindbarinn af þessum fullyrðingum hv. jafnaðarmanna, en ég læt mig það litlu skipta. Það fer um þessa kreppu eins og vindinn, að við getum ekki séð fyrir, hvenær hún hefst né hvenær henni lýkur, og ég hygg, að hv. jafnaðarmenn geti heldur ekki sagt neitt um það.

Viðvíkjandi því, að öll stefna fjárlaganna sé þvert ofan í stefnu jafnaðarmanna, verð ég að álita, að þeir hafi notað illa þann tíma, er þeir studdu Framsóknarstjórnina, því að þessi fjárl. bera greinilega vott margs þess, sem það samstarf leiddi til. Og ef það er nú allt einskisvirði, þá hefir þeim skjátlazt gífurlega.

Annars get ég vel sætt mig við það, að þessar umr. endi á þeirri yfirlýsingu hv. þm., að þeir jafnaðarmennirnir hafi aldrei stutt neina Framsóknarstj.!

Forseti (JörB): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

Það hafa komið fram óskir um það, að halda atkvgr. um frv. og brtt. áfram í einni lotu án fundarhlés. Vænti ég því, að hv. dm. geri sitt til þess, að atkvgr. megi ganga sem greiðast, sérstaklega með því að greiða svo rösklega atkv., að ekki þurfi að hafa nafnaköll nema sem allra sjaldnast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 257,1—5 samþ. með 18 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 257,6—8 samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 257,9 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 257,10 felld með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV,[2] PO, SvbH, VJ.

nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BKr,[1] GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JÓl, JónasÞ,[3] MJ, ÓTh, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, JörB.

EA, JAJ, MG greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, LH) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 257,11 samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 257,12 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 260,I. felld með 13 : 10 atkv.

— 257,13 samþ. með 14 : 8 atkv.

— 257,14 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 257,15 samþ. með 22 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 334,I samþ. með 14 : 9 atkv.

— 257,16 samþ. með 14 : 7 atkv.

— 257,17 samþ. með 16 : 3 atkv.

— 257,18 samþ. með 13 : 11 atkv.

— 360,II (aðaltill.) felld með 14 : 7 atkv.

— 360,II (varatill.) samþ. með 16 : 9 atkv.

— 257,19 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 257,20—23 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 257,24 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 352,I samþ. með 15 : 7 atkv.

— 334,II samþ. með 16 : 2 atkv.

12 gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 334,III—VIII teknar aftur.

— 334,X—XI teknar aftur.

— 334,IX felld með 13 : 5 atkv.

— 257,25.1—14 samþ. með 19 : 1 atkv.

— 257,26 samþ. með 16 : 8 atkv.

---

1) Ég var einn þeirra í fjvn., sem atkv. greiddu með till. þessari, en síðan hefi ég fengið það upplýst, að ekki er hægt að komast undan greiðslu þessari, þar sem mismunurinn færist á gengisreikning, verði brtt. þessi samþ. Ég segi því **nei**.

2) Ég vil geta þess, að ég tel stjórnina skylduga að greiða ekki meira en 60 þús. kr. til konungs, verði brtt. þessi samþykkt.

3) Ég get tekið undir það, sem hv. þm. N.-Þ. sagði. Eftir að atkvgr. fór fram í n., hefi ég fengið upplýsingar um það, að ekki verði komizt hjá að greiða þetta, og segi því **nei**.

Brtt. 257,27 samþ. með 19 : 4 atkv.
— 360,III samþ. með 17 shlj. atkv.
— 257,28 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 257,29 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 257,30 samþ. með 15 : 5 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 334,XII (aðaltill.) felld með 15 : 3 atkv.
— 334,XII (varatill.) felld með 13 : 5 atkv.
— 334,XIII felld með 13 : 12 atkv.
— 352,II felld með 14 : 10 atkv.
— 257,31 samþ. með 21 : 5 atkv.
— 257,32 samþ. með 17 : 4 atkv.
— 257,33 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 257,34 samþ. með 14 : 10 atkv.
— 257,35 samþ. með 15 : 9 atkv.
— 257,36 samþ. með 15 : 3 atkv.
— 257,37 samþ. með 15 : 6 atkv.
— 257,38 samþ. með 14 : 6 atkv.
— 257,39 samþ. með 22 : 3 atkv.
— 257,40 samþ. með 14 : 4 atkv.
— 257,41 samþ. með 15 : 5 atkv.
— 257,42 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 257,43 samþ. með 16 : 9 atkv.
— 257,44 samþ. með 15 : 7 atkv.
— 334,XIV tekin aftur.
— 257,45 samþ. með 17 : 3 atkv.
— 257,46 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 257,47 samþ. með 15 : 4 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 257,48 tekin aftur.
— 257,49 samþ. með 14 : 6 atkv.
— 352,III samþ. með 14 : 12 atkv.
— 334,XV (aðaltill.) felld með 15 : 9 atkv.
— 334,XV (varatill.) felld með 14 : 11 atkv.
— 257,50 samþ. með 15 : 6 atkv.
— 257,51 samþ. með 16 : 1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 334,XVI felld með 23 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, HG, HV.
nei: JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JörB.
Tveir þm. (LH, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 257,52 samþ. með 20 : 3 atkv.
— 257,53 samþ. með 18 : 2 atkv.
Brtt. 257,54.a—b samþ. með 15 : 6 atkv.
— 257,55 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 257,56 samþ. með 19 : 3 atkv.
— 257,57—60 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 352,IV.1 felld með 15 : 5 atkv.
— 334,XVII (aðaltill.) felld með 17 : 4 atkv.
Brtt. 334,XVII (varatill.) felld með 15 : 3 atkv.
Brtt. 257,61 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 334,XVIII felld með 14 : 8 atkv.
— 257,62 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 362,I felld með 13 : 12 atkv.
— 362,II felld með 14 : 11 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 257,63 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 334,XIX samþ. með 14 : 8 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 257,64 samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, MJ, ÓTh. PO, SvÓ, ÁÁ, EA, GÍ, HJ, HG, JJós, JAJ, JÓl, JörB.
nei: JónasÞ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HV, IngB.
Tveir þm. (LH, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 257,65a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 334,XX felld með 14 : 8 atkv.
— 334,XXI samþ. með 14 : 9 atkv.
— 334,XXII.1 (aðaltill.) felld með 14 : 10 atkv.
— 334,XXII.1 (varatill.) samþ. með 15 : 7 atkv.
— 334,XXII.2 (aðaltill. og varatill.) teknar aftur.
— 352,IV.2 (aðaltill.) felld með 13 : 8 atkv.
— 352,IV.2 (varatill.) tekin aftur.
— 334,XXIII tekin aftur.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 18 shlj. aths.
Brtt. 257,66—67 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 257,68 samþ. með 16 : 7 atkv.
20. gr., svo breytt, og með þeirri breyt., sem leiðir af atkvgr. um brtt. 257,24, samþ. með 17 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 257,69a samþ. án atkvgr.
— 257,69b, fyrri málsl., samþ. með 16 : 4 atkv.

Brtt. 257,69,b, síðari málsl., samþ. með 19 shlj. atkv.
— 334,XXIV—XXVI teknar aftur.
— 334,XXVII.a samþ. með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, JörB.
nei: PO, EA, HJ, IngB, JAJ, MG, MJ, ÓTh.
Einn þm. (LH) fjarstaddur.
Brtt. 334,XXVII.b—c teknar aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 257,70 samþ. án atkvgr.
24. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 367, 408, 418, 430, 440).

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Fyrir hönd n. hefi ég frekar lítið að segja. Hún ber fram nokkrar smábrtt. á þskj. 408, og skal ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er hækkun á gjöldum til símans. Þar eru nokkrir kostnaðarliðir, sem hafa verið of lágt áætlaðir, og er sýnilegt, að verður að hækka. Það eru aðallega vextir af skuld, sem á símanum hvílir, ennfremur vextir af húseign á Seyðisfirði, og lóðum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Sama er að segja um 2. brtt. Þar hefir n. bætt við aths.: „Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa, afborgun af húseign á Seyðisfirði o. s. frv.“. Þessi aths. hafði staðið þarna áður, en fallið niður af vangá, en er nú tekin upp aftur samkv. ósk landssímastjóra. Ennfremur er bætt aths. við kaflann um nýjar símalínur. Hún hefir einnig staðið áður í fjárlögum, og er þess efnis, að fjárveitingar til nýrra símalína skuli vera því skilyrði bundnar, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð. Þessu áleit n. að rétt væri að halda.

Næstu tvær brtt. eru leiðréttingar á því, sem n. áður hafði ákveðið, af því að hana vantaði nægar upplýsingar um þetta atriði, augnlækningastörf í Reykjavík. Búið var að lækka styrk til þessarar starfsemi niður í 500 kr., og til Ólafs læknis Þorsteinssonar úr 1000 kr. niður í 500. Nú leggur n. til, að báðir þessir liðir verði hækkaðir upp í 800 kr.

Næst koma till. um vegafé. Við 2. umr. komu fram allróttækar brtt. við brtt. n. Þær voru flestar teknar aftur þá, og hefir n. nú gefizt kostur á að athuga þær. Niðurstaðan af þeim athugunum hefir orðið sú, að n. leggur nú til, að 1500 kr. fjárveiting til Vatnsskarðsvegar verði felld niður, en þessu fé skipt niður til vega á 3 þeim stöðum, sem n. taldi mesta þörf á, að vegir kæmu sem fyrst. Þar af fær Hofsósvegur 5000 kr. Af þessum vegarspotta er búið að leggja 3 km., frá Kolku og norður eftir, en oftastnær er ófært frá þessum vegarspotta að Óslandi. Ef þessi litli vegarspotti væri lagður, væru stöðugar bílasamgöngur mögulegar við Hofsós og vegina þar um kring. N. leit svo á, að þarna væri um mjög brýna þörf að ræða, og leggur því til, að þessi fjárveiting verði lögð fram.

Þá hefir n. lagt til, að Bakkafjarðar og Geithellnavegur fái hvor sínar 5000 kr. N. áleit, að þessir vegir væru mest aðkallandi af þeim vegum, sem komu fram í brtt. við 2. umr. Má vera, að n. hafi þar yfirsézt, því að mjög er erfitt að skera úr, hvar þörfin er mest í þessum efnum. Að öðru leyti hefir n. ekki borið fram brtt. við vegal., og stendur því við það sama og n. hafði áður ákveðið. Ég mun ekki fara frekar út í þau mál fyrr en hv. þdm. hafa talað fyrir brtt. sínum viðvíkjandi fjárveitingum til vega.

Þá er í brtt. n. dálítil aths. við fjárveitinguna til ríkisskipanna, svohljóðandi: „— enda fari um launagreiðslu til yfirmanna skipanna eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928“.

Meining n. er sú, að launagreiðslur til þessara manna verði í samræmi við launagreiðslur yfirmanna á strandvarnarskipunum, því að eðlilegt virðist, að þessir yfirmenn hafi svipuð laun. Með þessu væri ríkissjóði sparaðar 20—30 þús. kr. á hverju ári.

Þá koma tvær smábrtt. við 18. gr. fjárl. Um fyrri liðinn er það að segja, að mað-

urinn, Sigurgarður Sturluson, er dáinn, og fellur því út af fjárlögum.

Seinni till. er nýr liður, 300 kr. styrkur til Álfheiðar Blöndal. Þessi till. er gerð samkv. venju, sem skapazt hefir undanfarin ár um póstmannaekkjur.

Þetta eru þá þær brtt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., og eins og hv. dm. sjá, eru þær hvorki margar eða miklar, en samt í þá átt að færa áætlanir fjárlaganna í réttlátara horf. Ég mun þá láta frekari umr. um þessar till. bíða, þar til hv. dm. hafa talað fyrir sínum brtt. En ég ætla að nota tækifærið til þess að tala fyrir lítilli brtt., sem ég flyt á þskj. 430. Á undanförnum þingum hafa verið færð inn á 18. gr. fjárl. eftirlaun handa ýmsum póstum. Við 2. umr. komst ein slík upphæð í fjárlögin, og helzt lítur út fyrir, að ýmsar séu á leiðinni þangað. Björn sá Jónsson, sem brtt. mín ræðir um, er búinn að vera póstur í 20—30 ár. Að vísu ekki á sérstaklega erfiðri leið, en þó hafa ýmsir póstar komizt á eftirlaun, sem enn hægari leið hafa haft. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessari beiðni. Hún lá fyrir á vetrarþinginu, en varð þá, sem fleira, ekki afgreitt. Við vissum allir, að á sumarþinginu var alvarlega verið að hugsa um að hætta að taka þessa liði upp, og því var hún ekki borin fram þá, enda hreinsaði Ed. allar slíkar fjárveitingar burt. Nú sýnist mér stefnan orðin önnur í þinginu, þar sem nú liggja fyrir margar beiðnir um eftirlaun handa póstum, og fyrst svo er, álít ég rétt að láta þennan fljóta með, svo að hann komist í fjárlögin eða sæti þá sömu meðferð og aðrir stéttarbræður, ef hv. Ed. tekur sömu afstöðu og í sumar.

Ég tel óþarft að fjölyrða um starf þessa manns. Á vetrarþinginu í fyrra lágu fyrir vottorð þau og allar þær upplýsingar, sem Alþingi er vant að krefjast í svona tilfellum. En ég álít sjálfsagt, að eitt sé látið ganga yfir alla þessa pósta, annaðhvort verði þeir allir viðurkenndir verðir eftirlauna eða þá að enginn fái þau. Ég mundi ekkert verða óánægður, þótt þessi brtt. mín yrði felld, ef þingið tæki upp þá stefnu að veita engin slík eftirlaun, en verði það upp tekið að veita einhverjum slíkan styrk, vona ég, að þessi fái að fylgja með.

Pétur Ottesen: Ég á ásamt hv. 2. þm. Skagf. fjórar brtt. við fjárlagafrv. nú við þessa umr. Við höfum ekki sett við þessar till., að þær væru frá minni hl. fjvn., en þær eru þó allar um atriði, sem ágreiningur varð um í n., þannig að meiri hl. var þeim andvígur. Allar þessar till. eru um niðurfærslu á gjaldaliðum, og mundi lækkunin nema, ef allar till. yrðu samþ., um 100 þús. kr., eða nánar tiltekið 103 þús. kr.

Fyrsta till., sem við flytjum, er niðurfærsla á gjöldum til toll- og löggæzlu. Samkv. lögum frá 1930 eru nú í fjárlfrv. áætluð 70 þús. kr. útgjöld í þessu augnamiði, og ég skal taka það fram, að þessi upphæð er að öllu leyti viðbót við það, sem veitt er til toll- og löggæzlu í landinu samkv. lögum frá 1917. Ég verð að segja það sem okkar skoðun, að þótt þessar 70 þús. kr. yrðu lækkaðar niður í 30 þús., eins og við förum fram á, þá er ekki annað hægt að sjá en að mjög sé sómasamlega séð fyrir þessum hlutum. Ég geri ráð fyrir því, að bent verði á, að af þessari lækkun leiði of mikla skerðingu á þeim starfskröftum, sem að þessu vinna, einkum hér í Reykjavík. Ég vil í því sambandi benda á það, að til skamms tíma, eða til ársins 1929, tóku lögregluþjónar Reykjavíkur drjúgan þátt í tolleftirlitinu hér, jafnframt lögregluefirliti á götum bæjarins. Þá munu lögregluþjónar bæjarins þó ekki hafa verið fleiri en 14, en síðan hefir þeim verið fjölgað um helming, eða upp í 28. Ég held að það sé hin mesta óhagsýni í því að nota ekki starfskrafta lögregluþjóna bæjarins að einhverju leyti við tolleftirlitið; þetta fellur að ýmsu leyti mjög vel saman við hið eiginlega starf þeirra, lögregluefirlitið. Það er því ærin ástæða til eins og nú er erfitt með allar greiðslur, og svo líka með hliðsjón af því, hvað lögreglulið bæjarins er nú fjölmennt orðið, að hagnýta nú starf þessara manna við tollgæzluna eins og áður var, og draga þar með verulega úr þeim útgjöldum, sem af tolleftirlitinu leiðir fyrir ríkissjóð. Það er með þetta fyrir augum, sem við álítum fært að lækka þessi útgjöld eins og brtt. okkar bendir til. Með þessu mætti spara allt að 40 þús. kr. á ári. Nú er ástandið svo, að fjvn. hefir orðið að grípa til ým-

issa ráða, til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, enda er sú nauðsyn nú svo brýn, að fram hjá henni verður ekki komizt, svo framarlega sem nokkur tiltök eiga að vera á því, að halda búskap ríkissjóðsins á réttum kili. Að öðrum kosti er stefnt að því, að ríkissjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þegar svona stendur á, verður að grípa til hinn ýtrustu ráða, eins og till fjvn. að ýmsu leyti ber með sér.

Þá er önnur brtt., sem við berum fram við 13. gr., og er um áætlaðan rekstrarhalla á strandferðaskipum ríkisins. Í frv. er gert ráð fyrir því, að hann verði 256600 kr., en þar af er fyrning 31600 kr. Eftir því, sem fyrir liggur, þá er ekki hægt annað að sjá en að gert sé ráð fyrir, að bæði skipin verði höfð í förum. Sé það tilætlunin, er það bert, að þessi áætlun er langt um of lág. Má í því sambandi benda á, að á síðastliðnu ári nam rekstrarhallinn á öðru strandferðaskipanna, því sem þó gaf stærri raun, þessari upphæð. Horfur ársins 1933 eru hinsvegar þær, að það eru litlar líkur til að rekstur skipanna beri sig betur en á síðastl. ári. Við höfum því gert till. um að lækka þennan lið um 25 þús. kr., og gerum jafnframt ráð fyrir því, að ekki sé haft nema eitt skip í förum. Er áætlunin miðuð við það, að minni rekstrarhalli verði hlutfallslega í þessari útgerð, þegar ríkið hefir ekki nema eitt skip í förum. Það má í þessu sambandi benda á það, að þegar litið er til þess gífurlega mikla rekstrarhalla, sem hefir orðið á strandferðum ríkisins og líka í strandsiglingum Eimskipafélags Íslands, sem stafar af því, hvað skipin hafa haft lítið að flytja, að það var ekki heppileg ráðstöfun, þegar ríkisstjórnin keypti annað skip til strandferðanna fyrir nokkrum árum. Það hefir sýnt sig, að andmæli þau, sem þá komu gegn því, voru á fullum rökum byggð. Ég hygg, að þetta, sem við leggjum til, sé forsvaranleg áætlun um rekstrarhalla eins skips, en heldur ekki meira, ef miðað er við rekstrarhalla síðari ára.

Þriðja brtt. okkar er við 15. gr., um að ferðastyrkur til útlanda falli niður. Það er nú svo, að ef reyna á að jafna fjárl., þá verður margt að skera við neglur sér. Ég get ekki séð, að það sé neitt stór skaði skeður, þótt liður þessi falli niður í bili, eða meðan jafn erfitt árferði er og nú. Og það er alveg í samræmi við það, sem d. hefir gert, að fella niður styrk til utanferða héraðslækna. Það má kannske segja, að utanferðir þessar séu þarfar og rétt sé að veita fé til þeirra, þegar hægt er um vik. En þegar skera þarf niður fjárframlög til þarflegra hluta, svo mjög sem nú er gert, þá hygg ég, að alveg sé forsvaranlegt að spara þennan lið.

Fjórða brtt., sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Skagf., er við 14. lið 16. gr. frv. Sá liður hljóðar um, að veittar verði 35 þús. kr. til landmælinga. Við leggjum til, að liðurinn falli niður. Áður en sambandslögin gengu í gildi höfðu Danir fengizt við landmælingar hér um nokkur ár. Þessi starfsemi þeirra féll svo niður, eins og eðlilegt var, þegar sambandslögin gengu í gildi. Nú var fyrir nokkru samið svo um, að þessi starfsemi var hafin aftur, og hefir, að ég hygg, staðið 2—3 sumur, og hefir til þess verið veitt fé í fjárlögum. Er og upphæð veitt í þessu augnamiði í fjárl. þessa árs. Er svo til ætlazt eftir þeim samningum, sem gerðir hafa verið um framkvæmd mælinganna við flotamálaráðið danska, að þessum mælingum verði haldið áfram. En þó mun það ekki vera bindandi, að þessari starfsemi sé haldið áfram óslitið. Mun því ekki vera nein hætta á, að gerð verði skaðabótakrafa, þótt þessi starfsemi verði felld niður um stund. Og með tilliti til ýmissa annara ráða til sparnaðar á fjárframlögum ríkissjóðs, sem grípa verður til á þessu þingi, þá teljum við alveg forsvaranlegt að láta þessa mælingastarfsemi falla niður um stund. Við þá skoðun er þessi till. miðuð.

Ég mun svo ekki segja fleira, nema andmæli, sem ég þarf að svara, komi fram. En að því leyti, sem ég er meðflm. að 3—4 öðrum till., þá mun ég ekki ræða þær sérstaklega, a. m. k. ekki að svo stöddu; það gera 1. flm. þeirra. Ég get því látið máli mínu lokið.

Haraldur Guðmundsson: Ég var ekki við, er hv. frsm. fyrri hl. flutti tölu sína. Ég heyrði því ekki það, sem hann kann að hafa sagt um brtt. einstakra þm., og þá heldur ekki, hversu hv. þm. tók í þær

till., er ég hefi borið fram. En ég þekki nú svo vel mannvit og sanngirni hv. frsm., að ég þykist vita, að hann hafi ekki nema gott eitt um þær sagt (HJ: Ég talaði ekkert um þær.) Hv. frsm. á þá vonandi eftir að mæla með því, að þær verði samþ. Skal ég svo víkja að till. nokkrum orðum.

Við 2. umr. fjárl. fluttum við Alþýðuflokksmenn till. um framlag úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda, að upphæð 1 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá sveitar- og bæjarfélögum, enda skyldi ríkisstj. sjá héruðunum fyrir láni, er næmi hálfu framlagi þeirra. Samkv. þeirri till. hefði verið hægt að verja til atvinnubóta 2 millj. kr. á árinu 1933. Þessi till. var nú felld. Greiddu víst íhalds- og framsóknarmenn þessarar d. allir með tölu atkv. gegn henni. Er því þýðingarlaust að taka upp till. aftur í þessu formi. Höfum við því farið aðra leið nú og lagt til, að teknar væru upp ýmsar verklegar framkvæmdir og atvinnubótafé lækkað. Hv. þdm. til hægðarauka hefi ég tekið þessar till. saman í eina heild. Sé ég ekki, að ástæða sé til að vitna til númera á þskj., en tek liðina fyrir í einu lagi og set hér skýrslu um þá:

A. Framlög ríkissjóðs.

	Frumv. kr.	Till. okkar kr.	Hækkun kr.
1. Nýir símar	60000	100000	40000
2. Akvegir	150000	335000	185000
3. Brýr	60000	100000	40000
4. Bryggjugerðir og lendingarbætur	20000	70000	50000
5. Nýir vitar	50000	90000	40000
6. Skipasmíðastöð í Reykjavík ...		130000	130000
7. Atvinnubætur .		500000	500000
Samtals kr.	340000	1325000	985000

B. Framlög sveitar- og bæjarfélaga.

1. Sýsluvegir (110+110) ..	220000 kr.
2. Bryggjugerðir og lendingarbætur (⅔)	140000 —
3. Einkasímar (25+50)	75000 —
4. Skipasmíðastöð (⅔)	260000 —
5. Atvinnubætur:	
a. Lán viðlagasjóðs	500000 kr.
b. Framlög sveitar- og bæjarfélaga	500000 —
	1000000 kr.
Samt.	1695000 kr.

Eins og af skýrslunni sést, eru það 3020 þús. kr. alls, sem kæmu til verklegra fyrirtækja, ef till. okkar jafnaðarmanna, verða samþ. Er sú upphæð þó 1400 þús. kr. lægri en meðaltal síðustu ára. Í þeirri von, að samkomulag fáist við hv. þdm. um þessar höglegu kröfur, höfum við ekki gengið lengra en þetta.

Ég skal þá stuttlega minnast á nokkrar einstakar brtt. Sú fyrsta er, að til Breiðdalsheiðarvegar verði veittar 16 þús. kr., í stað þess, að nú eru ætlaðar 5000 kr. til hans, eða að liðurinn hækki um 11 þús. kr. Eins og allir vita, þá hafa tveir landsfjórðungar, Vestfirðir og Austurland orðið mest afskiptir við lagningu akvega. Ef vegur yfir Breiðdalsheiði á að koma að notum áður en mjög langt um líður, þá er 5000 kr. fjárveiting allt of lág. Ef til þessarar brautar væru veittar 16 þús. kr., þá er mikil von um, að með líku áframhaldi verði þessi vegur orðinn akfær 1935. Er það og þýðingarmikið fyrir þann kaupstað, sem að heiðinni liggur, að fá þetta vegarsamband sem fyrst, og ekki síður fyrir sveitina vestan heiðar. — Þá eru Snæfellingabraut, 10000 kr., og Fjarðarheiðarvegur, 14000 kr. Hefir það tillag verið lækkað nokkuð frá því, sem við gerðum till. um við 2. umr. Vil ég því vænta þess, að till. þessi verði nú samþ. Þá eru 5000 kr. til Jökuldalsvegar. Vegamálastjóri telur, að fyrir þessa upphæð megi gera slarkfært fyrir bíla frá Jökulsárbrú og upp fyrir Skjöldólfsstaði. En talið er, að kosta muni 90 þús. kr. að gera á þessari leið góðan bílveg, því að sumir kaflarnir verða alldýrir. Þegar búið er að leggja veg eftir Jökuldalnum, má með örlitlum kostnaði gera bílfært um Möðrudalssveit og Fjallasveit allt niður í Axarfjörð, og verður þá bílfært milli Norður- og Austurlands. Nokkra viðgerð mun þó þurfa á

Reykjaheiði, en hún var þó farin í sumar af 3—4 bílum a. m. k. Hefir vegamálastjóri áætlað, að kosta muni 15 þús. kr. að ryðja Reykjaheiði. Er því ekki nema herzlumunurinn eftir, til þess að Austurland, sem hingað til hefir verið einangrað, komist inn í aðalvegakerfi landsins.

Þá leggjum við til, að tillag til brúagerða verði hækkað um 40 þús. kr., úr 60 í 100 þús. — Þegar hrúgað er saman lögum um nýbyggingar brúa, þá getur það varla verið tilætlunin að leggja fram svo lítið fé árlega, að taki heilan mannsaldur eða meira að koma þeim brúargerðum í framkvæmd, sem þegar eru lögteknar.

Um bryggjugerðir og lendingabætur er ekki margt að segja. Í fjárl. síðasta árs voru 90 þús. kr. veittar til þessa, og var af þeirri upphæð lofað til ýmissa staða. Hvort þetta hefir allt verið greitt út, veit ég ekki. En hafi það verið gert, sem ég býst við, þá er ekki síður þörf fyrir því, að þessari vinnu sé haldið áfram. Þau héruð, sem líkleg eru til að njóta þessa fjár, eru einmitt þau, sem mestra atvinnubóta þarfnast, og það fé, sem þegar hefir verið lagt fram, kemur oftast að engum notum fyrr en verkinu er lokið. Einkum er þetta hentug vinna vegna þess, að við hana má fást nærri því á hvaða tíma árs sem er, og auk þess er tiltölulega lítlu til þessara framkvæmda varið af útlendu efni.

Um þá till. okkar að hækka tillag til nýrra síma upp úr 60 þús. í 100 þús. kr. er ekki ástæða til að segja mikið. Það liggja fjölmargar beiðnir fyrir, frá héruðunum um nýjar línur til viðbótar þeim, sem komnar eru. Fyrir fjvn. lágu margar slíkar beiðnir, sem hafa verið skornar niður eða slegið á frest. Og þeim mönnum, sem að símalagningu vinna, er sagt upp þegar verst gegnir, ef svo mjög er dregið úr símalagningum sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá vil ég minnast á eina brtt. á þskj. 418, til byggingar skipasmíðastöðvar í Reykjavík ⅓ kostnaðar, allt að 130 þús. kr., gegn tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ og Reykjavíkurhöfn. — Ég ætla, að það hafi verið eftir þáltill. frá síðasta þingi, að skipuð var n. til að rannsaka og undirbúa þetta mál. Í n. þessa voru skipaðir þeir Pálmi Loftsson, Þórarinn Kristjánsson og Ásgeir Þorsteinsson. Hafa þeir lokið störfum fyrir allöngu og sent Alþingi álit sitt. Eru þeir allir á einu máli um það, að þetta sé nauðsynlegt fyrirtæki. Telur n., að byggja þurfi fyrst tvær dráttarbrautir, aðra fyrir stór skip, 900 smál., en hina fyrir smærri skip. Áætla þeir, að þessar brautir muni kosta 390 þús. kr., með vélum, byggingum og húsum. Vill n., að þessar dráttarbrautir verði sameign ríkissjóðs, Reykjavíkurbæjar og Reykjavíkurhafnar, og rekið af þeim á þann hátt, að einstaklingar önnuðust aðgerðina, en skipin borguðu uppsátursgjald til stöðvarinnar. Eins og nú er ástatt, þá verða öll hin íslenzku skip, togaraflotinn, strandferðaskipin, varðskipin og fleiri, að fara til útlanda til viðgerðar og „klössunar". Ef þetta verk væri unnið allt í landinu, þá mundi það skapa atvinnu fyrir hátt á annað hundrað manns. Og stofnkostnaður er aðeins 390 þús. Talsvert af því fé er áreiðanlega hægt að fá að láni. Með tilboði um byggingu stöðvarinnar mun og fylgja tilboð um lán, að miklu leyti. Ég geri ráð fyrir því, að þeir aðiljar, sem ætlazt er til að byggi, taki lánið sameiginlega. Lækkaði þá peningaframlag ríkissjóðs í hlutfalli við part þess af láninu.

Ég er hissa á því, að ríkisstj. skuli ekki hafa komið fram með till. um þetta þarfa mál. — En úr því að svo er eigi, höfum við Alþýðuflokksmenn talið sjálfsagt að flytja tillögu í þessa átt.

Þá kem ég að stærstu till., sem ég flyt ásamt flokksbræðrum mínum hér í hv. d., um ½ millj. kr. styrk til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, og verð ég að fara um hana nokkrum orðum.

Þó að sumum kunni að koma það undarlega fyrir sjónir, þá er hér starfandi n., sem heitir atvinnunefnd ríkisins og skipuð var síðastliðið haust samkv. ákvæðum í sambandi við fjárlagaheimild þá, er stj. var veitt, til þess að verja 300 þús. kr. til aðstoðar sveitar- og bæjarfélögum um atvinnubætur. Í n. þessari hefi ég mætt og setið þar á nokkrum fundum sem fulltrúi fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og fleiri kauptún í Austfjörðum. Ég hefi fengið frá formanni atvinnun. frum-

drætti að skýrslu, sem n. hefir sent ríkisstj. Og betur get ég ekki sýnt fram á nauðsyn þá, að koma á atvinnubótum, en að lesa upp nokkur atriði úr þessari skýrslu. Fyrst vil ég þá í framhaldi af fyrirspurn minni til hæstv. stj., um hvað liði reglugerð um tilhögun atvinnubóta, leyfa mér að lesa upp það, sem um þetta atriði er sagt í skýrslu atvinnun. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Uppkast að reglugerð var fyrsta verk n. Það var sent til atvmrh. með bréfi dags. 7. okt. 1931. Reglugerðin er þó eigi tilbúin enn frá atvinnumálaráðuneytinu".

Þarna segir, að n. hafi samið uppkast að reglugerð og afgreitt frv. til stj. 7. okt. síðastliðinn. Nú er hálfnaður aprílmánuður, og ríkisstj. hefir ekki enn gengið frá reglugerðinni, og er mér þó kunnugt um, að synjað hefir verið um styrk til atvinnubóta og því borið við, að ekki væri búið að ganga frá reglugerðinni. Þetta ber vott um dæmafáa vanrækslu og frámunalegt tómlæti hæstv. stj., sem ber að átelja mjög sterklega.

Þá skýrir n. frá, hvaðan komið hafi beiðnir um atvinnubótastyrk, og skal ég hv. þdm. til fróðleiks lesa þá skrá upp.

Beiðnir hafa borizt frá þessum stöðum, með leyfi hæstv. forseta:

Frá Reykjavík, Hafnarfirði, Vatnsleysustrandarhr., Grindavíkurhr., Ólafsvík, Stykkishólmi, Patreksfirði, Þingeyrarhr., Flateyri, Suðureyrarhr, Hólshr., Eyrarhr., Ísafirði, Sauðárkrók, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Vopnafjarðarhr., Borgarfirði eystra, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Vestmannaeyjum, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Samtals hafa þá n. borizt beiðnir um atvinnubótastyrk frá 8 kaupstöðum og 18 kauptúnum og sveitarfélögum. Af þessum 26 umsækjendum hefir stjórnarráðið samkv. þessari skýrslu veitt styrk sem hér segir:

Reykjavík	kr.	65000.00
Hafnarfirði	—	10000.00
Ísafirði	—	7000.00
Seyðisfirði	—	1500 00
Samt. kr.		83500.00

Af 8 kaupstöðum hafa 4 fengið atvinnubótastyrk, en enginn af þeim 18 kauptúnum og sveitarfélögum, sem sótt hafa um styrk. Aftur á móti hafa lán úr bjargráðasjóði verið veitt þremur af þessum sömu kauptúnum og tveimur sveitarfélögum, en það eru:

Hafnarfjörður	kr.	10000.00
Ísafjörður	—	4000.00
Seyðisfjörður	—	3000.00
Ólafsvík	—	9000.00
Vopnafjörður	—	5000.00
Samt. kr.		31000.00

En engum hinna, sem um atvinnubótastyrk hafa sótt, hefir verið sinnt á nokkurn hátt, hvorki hjálpað um styrk til atvinnubóta né veitt lán í sama skyni.

Eins og ég sagði áðan, hefir viðbára ríkisstj. tíðast verið sú, að ekki væri hægt að veita styrk eða lán á meðan reglugerð þar að lútandi væri ósamin. En það stafar eingöngu af vanrækslu stj. sjálfrar, að reglugerðin enn er ókomin, eins og ég drap á áðan.

Þau 26 bæjar- og sveitarfélög, sem sótt hafa um atvinnubótastyrk, hafa látið fylgja umsókn sinni mjög glöggar og skýrar skýrslur um ástandið á hverjum stað. Atvinnun. tekur upp í skýrslu sína tölu atvinnulausra manna á hverjum stað og hvað marga menn fjölskyldufeður hafa á sínu framfæri. Er skýrslan miðuð við 1. nóvember 1931 og er frá 26 bæjar- og sveitarfélögum, sem ég las upp áðan. Niðurstaðan er sú, að á þessum stöðum eru samtals 2536 atvinnulausir menn, þar af ca. 1700 fjölskyldufeður, sem hafa á framfæri sínu um 3500 manns. Íbúatala í þessum sömu kaupstöðum og bæjarfélögum samtals 51779, og verða þá 5—6% af öllu þessu fólki atvinnuleysingjar, en ef tekið er tillit til allra þeirra, sem eru á framfæri hinna atvinnulausu, hækkar það prósentutöluna upp í 12% eða rúmlega það.

Eins og áður segir eru þá í þessum 26 bæjar- og sveitarfélögum yfir 2500 atvinnulausir menn, sem hafa á framfæri sínu um 3500 ómaga, og allur sá styrkur, sem þessum mönnum hefir verið veittur, er þá fólginn í þeim 83 þús. kr., sem 4 kaupstaðir hafa fengið til atvinnubóta, og 31 þús. kr., sem 3 af þessum sömu kaupstöðum og tvö sveitarfélög hafa fengið lánað úr bjargráðasjóði. En hvað margir kaupstaðir, kauptún og

sveitarfélög hafa haldið uppi atvinnu til að bæta úr atvinnuleysinu? Þessu verður bezt svarað með því, að taka upp úr skýrslu formanns atvinnun. Hún sýnir a. m. k. vilja og viðleitni bæjar- og sveitarfélaga í þessu efni, og að sá vilji er nokkuð annar og meiri en hæstv. ríkisstj. Ég ætla þá að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, þá kaupstaði og hreppa, sem haldið hafa uppi atvinnubótum, og jafnframt geta um styrk þann og lán, sem veitt hefir verið í þessu skyni:

Það er þá fyrst Reykjavík; henni hefir verið veittur styrkur, Hafnarfjörður hefir fengið bæði styrk og lán, Vatnsleysuströnd, Grindavík, Borgarnes, Ólafsvík, hefir fengið lán, Stykkishólmur, Ísafjörður fengið bæði styrk og lán, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörður, hefir fengið styrk og lán, Neskaupstaður, Eskifjörður og Vestmanneyjar.

Samtals hafa þá 8 kaupstaðir og 9 hreppsfélög haldið uppi atvinnubótavinnu. Af þeim hefir 4 kaupstöðum verið veittur styrkur og lán og 2 hreppsfélög fengið lán, en allir hinir, eða um ⅔, hafa enga hjálp fengið á neinn hátt, og er þó tekið fram í skýrslunni, að atvinnu þessari hafi verið haldið uppi í von um einhverskonar atvinnubótastyrk úr ríkissjóði.

Um útlitið og atvinnuhorfurnar segir svo í skýrslunni:

„Af upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, er ljóst, að atvinnuleysi er yfirvofandi með því kaupgjaldi, er nú tíðkast, og vegna hins lága verðs á afurðum landsmanna. Allt þetta o. fl. gerir atvinnulíf þjóðarinnar ótryggt, sem til vandræða getur leitt, ef eigi er vel á haldið. Sem sakir standa lítur út fyrir, að sjávarútvegurinn takmarki sína framleiðslu. Byggingar minnka að stórum mun. Verzlanir segja upp sínum mönnum vegna innflutningahaftanna. Ríkið sér sig nauðbeygt til að fækka sínum mönnum vegna innflutningshaftanna. Bændur sjá sér eigi fært að kaupa vinnuafl með því kaupgjaldi, er nú tíðkast".

Þetta, sem ég hefi lesið upp úr skýrslu atvinnun. sýnir, að alvarlegir tímar eru framundan, og þarf ekki að draga í efa, að nærri sanni sé komizt um atvinnuhorfur og ástand landsmanna í skýrslu n., sem byggð er á þeim upplýsingum, sem hún hefir aflað sér.

Nú munu ýmsir segja, að ekkert sé að marka tölu þessara atvinnuleysingja, sem miðuð er við 1. nóv. síðastliðinn, eða fyrir hálfu ári síðan. Þetta hafi getað breytzt síðan, og um tekjur atvinnulausra í heild á árinu sé ekkert sagt, þótt þeir hafi ekki haft vinnu 1. nóv. s. l. Ég hefi því fengið n. til þess að gefa mér upp tekjur atvinnuleysingjanna á nokkrum stöðum síðastliðið ár. Og hefi ég hér í höndum skrá, er sýnir meðaltal atvinnuleysisdaga og tekna verkamanna í kaupstað og kauptúnum í landinu árið 1931. Er sú skýrsla tekin frá mismunandi stöðum á landinu og alls ekki með það fyrir augum, að hún sýni ástandið á einum stað fremur en öðrum.

Efst á blaði er Ólafsvík sem fengið hefir lán til atvinnubóta. Þar er tala atvinnulausra árið 1931 56, atvinnuleysisdagar 152,5 að meðaltali, eða meira en hálfs árs atvinnuleysi, og meðaltekjur 1215 kr. allt árið. Næstur er Stykkishólmur. Þar er tala atvinnulausra 51, meðaltal atvinnuleysisdaga 175 og tekjur 1040 kr. að meðaltali yfir árið. Þá kemur Akureyri. Þar er tala atvinnuleysingja 179, atvinnuleysisdagar svipaðir og í Stykkishólmi, eða 175 að meðaltali, en meðalárstekjur dálítið hærri, eða 1196 krónur. Í Húsavík eru atvinnuleysingjar taldir 93, atvinnuleysisdagar færri en á Akureyri eða 158 að meðaltali, en þar er kaupgjaldið að mun lægra, svo að meðalárstekjur þar eru ekki nema 968 kr. Að lokum kemur svo Eskifjörður. Þar er tala atvinnulausra 101, meðaltal atvinnuleysisdaga 170 og meðal árstekjur 1126 kr.

Ég ætla nú, að þessir skýrslupúnktar nægi til að sýna fram á, að þörfin til atvinnubóta er brýn og aðkallandi og að á engu ríður meir en að þingið bregðist ekki skyldu sinni um að veita þá hjálp í þessu skyni, sem það sér sér framast unnt að gera. Það er vitanlega þægilegast að leiða þetta hjá sér, skella við skolleyrunum og segja, að þetta slampist einhvernveginn. En það er bara engin leið fyrir löggjafarvaldið að svara svo og engin afsökun að daufheyrast við þessu, er það veit hið rétta um ástandið,

— veit hver knýjandi nauðsyn það er að bæta úr atvinnuleysinu.

Þá á ég ennfremur á þskj. 418 brtt. við 22. gr., þá sömu er ég flutti við 2. umr., en tók þá aftur. Þó er sú breyting gerð á till. frá því síðast, að nú er hún í tveimur liðum, en var áður í þremur. Ábyrgðarheimildin fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði var samþ. við 2. umr. Hinir 2 liðirnir eru nú bornir fram óbreyttir. Í fyrsta lagi er hér farið fram á, að ríkið leggi fram allt að 200 þús. kr. til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði með þeim skilyrðum, er liðurinn hermir. Og í öðru lagi, að ríkissjóður leggi fram allt að 75 þús. kr. til þess að koma á fót sögunarverksmiðju á Seyðisfirði í helmingafélagi við kaupstaðinn.

Ég skal nú ekki rekja allt, sem ég sagði við 2. umr. um þessa málaleitun, en vil aðeins taka fram, að ef þetta framlag fæst til síldarbræðslustöðvarinnar, þá eru nokkrar líkur til þess, að unnt verði að fá annarsstaðar framlög og lán, sem nægi til þess að koma verksmiðjunni upp. Ég vil enn á ný minna hv. þdm. og hæstv. stj. á, að Seyðisfjörður hefir verið fullur af síld í allan vetur, og er það enn, eftir því sem ég bezt veit. Þegar svo ber við, má segja, að engin takmörk séu fyrir því, hvað mikið má veiða þarna. Þessi vetrarsíld, millisíld eða ístrusíld, er góð til bræðslu; fitumagn hennar 14—18%. Þessa miklu og góðu björg hefir ekki verið hægt að notfæra sér á annan hátt en til söltunar. Saltað hefir verið í um 4000 tn., og er allmikið af því óselt enn. Annað hefir ekki notazt af þessum kynstrum síldar. Ef þarna hefði verið bræðslustöð, hefði mátt grípa upp mikið verðmæti til stórra hagsmuna fyrir héraðið, einstaklinga og ríkissjóð. Með þessu er ég þó ekki að segja, að hægt sé að byggja afkomu bræðslustöðvarinnar á innfjarðarsíld eingöngu. En þau árin, sem innfjarðarsíld veiðist að mun, hlýtur það að bæta afkomuskilyrði verksmiðjunnar stórkostlega, þótt rekstur hennar vitaskuld aðallega hljóti að byggjast á veiði sumarsíldar utan fjarða. En sem stendur vantar þarna tilfinnanlega verksmiðju, svo að hagnýta megi þá síld, sem hægt er að ausa á land með litlum kostnaði.

Í sambandi við síðari lið till. minnar vil ég leiða athygli að XLVII. brtt. á þskj. 418, þar sem farið er fram á, að þingið heimili stj. að ábyrgjast lán til handa Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, til þess að koma upp tunnugerð þar á staðnum, og er ætlunin að smíða úr unnum tunnustöfum, sem innfluttir eru. Ég benti á við 2. umr., hvað mikið færi út úr landinu í verkalaun, þegar ekki væri sögunarverksmiðja í landinu sjálfu. Mín till. lýtur að því, að komið sé á fót í landinu sjálfu sögunarverksmiðju, er vinni úr ó-unnum við tunnustafi, borð, planka o. fl. Og ég hefi fært rök fyrir því, að hvergi muni betri skilyrði til að koma slíkri verksmiðju á fót en á Seyðisfirði. Það er ekki einungis eitt, heldur margt, sem bendir til að svo sé: Þar er landrými nóg og ódýrt og bryggjukostur nærri, stór hús, sem ónotuð eru og má því setja vélarnar niður í, og ódýrt og nægilegt rafmagn til þess að reka þær með. Auk þess er þó sú ástæðan ótalin, sem teljast verður mikilsvirði: að með þessu er reynt að koma í veg fyrir, að hin stóru bankatöp haldi áfram eins og að undanförnu, ekki aðeins á Seyðisfirði, heldur og víðar á Austfjörðum.

Ég get þá látið mér þetta nægja um brtt. mínar, og sleppt að ræða um þær till., sem ég er meðflm. að og aðrir hafa talað fyrir. Um brtt. hv. fjvn. og einstakra þdm. ætla ég ekki að segja margt. En þó eru þar tvær till., sem ég get ekki látið vera að drepa lítilsháttar á.

Fyrri till. er frá hv. fjvn. og er sú áttunda í röðinni á þskj. 408, um að aftan við liðinn: Ríkisskip bætist svohljóðandi aths.: „enda fari um launagreiðslu til yfirmanna skipanna eftir lögum nr. 63, 7. maí 1928“, þ. e. varðskipalögin.

Mér finnst það í mesta máta hlálegt hjá hv. fjvn. að ætla að setja skilyrði fyrir því, að ríkissjóður greiði hallann af rekstri sinna eigin skipa. Þá er skilyrðið sjálft, að laun yfirmanna skipanna megi ekki fara eftir samningum samkv. almennum lögum, heldur eftir sérstökum lögum, sem gilda um allt annað efni. Þetta er ekkert annað en gerræði og kúgun í garð starfsmanna á strandferðaskipunum. Hvaða ástæða er til, að önnur lög skuli eiga að gilda um þessa menn en

aðra sambærilega starfsmenn á öðrum skipum eins og t. d. hjá Eimskip? Og það er áreiðanlegt, að varðskipalögin verða ekki þokkasælli fyrir það, þó að reynt sé að teygja þau út yfir strandferðaskip ríkisins líka. Þess vegna leyfi ég mér að vara hv. þdm. við að greiða þessari till. atkv.

Hin till., sem ég vildi minnast á, er frá hv. þm. Vestm., — XLIV. till. á þskj. 418 —, og er við IV. lið 22. gr., þar sem um er að ræða ábyrgðarheimild fyrir Samvinnufélag Seyðisfjarðar til fiskiskipakaupa. Aftan við ábyrgðarheimildina vill hv. þm. bæta svohljóðandi klausu: „enda séu þau fiskiskip, sem smíðuð kunna að verða samkv. þessari heimild, smíðuð hér í landi".

Ég vildi nú mega mælast til, að hv. þm. taki þessa till. aftur. Þegar þetta var til umr. á sumarþinginu, þá var því lýst yfir af hæstv. stj., að ábyrgðarheimildina mundi hún ekki nota til þess að tekið yrði lán erlendis. Þegar stj. er búin að gefa slíka yfirlýsingu, þá er óþarft að bæta þessu við. Hinsvegar veit ég ekki, ef hægt væri að fá aðgengilegri kauptilboð erlendis en innanlands, hvort stj. þætti fært að veita ábyrgðina. En ef þar væri um stórum betri kaup að ræða en von er um innanlands, þá er fyrir girt með því að samþ. till. að notfæra sér það. Ég skil ekki annað en að hv. þm. geti látið sér nægja yfirlýsingu hæstv. stj.; hún ætti að gilda undir öllum kringumstæðum — nema ríkisstj. sjái sér fært að veita ábyrgð til kaupa á erlendum skipum, vegna þess, að um alveg sérstök kjarakaup væri að ræða. Ef smíða á ný skip, þá óttast ég að þau myndu verða dýrari innanlands en erlendis. Ég hefi þó ekki rannsakað, hvernig þessu muni varið nú á síðustu árum, en þegar Ísfirðingar keyptu sína báta, þá var ómögulegt að fá báta smíðaða hér innanlands eins ódýrt og þeir fengust utanlands.

Fleira ætla ég ekki um þetta að segja, en vil endurtaka, að mér væri kært, að háttvirtur þingmaður vildi taka tillöguna aftur.

Af þeim till., sem ég er riðinn við, þá vil ég minna á till. um smástyrki til ýmissa góðra manna, en sé ekki ástæðu til að bæta við það, sem áður er sagt.

Jón A. Jónsson: Ég hefi leyft mér að bera fram 4 brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 418 og 430. Fyrsta till. er um byggingu á nýrri símalínu. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er engin símalína komin ennþá í 2 nyrztu hreppa Norður-Ísafjarðarsýslu, og þó hafa þær línur staðið í símalögunum allt frá 1913, og eru þær einu símalínurnar, sem ekki er búið að leggja af þeim línum, sem teknar hafa verið upp í lög frá þeim tíma. Ég get ekki verið að endurtaka fyrir hv. þm. ástæðurnar fyrir nauðsyn þessarar símalínu, þar sem ég hefi á 5 síðustu þingum gert skýra grein fyrir þörfinni. Ég veit, að hv. þdm. er það kunnugt, hve nauðsynlegt það er fyrir héruðin að fá síma, sérstaklega fyrir þau héruð, sem eru fjarri alfaraleið og hafa erfiðar samgöngur, og eins og allir vita, þá eru samgöngur mjög örðugar í þessu héraði, sem hér er um að ræða, engar á landi og litlar á sjó.

Þá flyt ég ásamt hv. þm. Ísaf. brtt. á þskj. 418, þess efnis, að aths. við læknisvitjunarstyrkinn til Nauteyrarhrepps, — „sé héraðið læknislaust" —, falli niður. Nú er héraðið ekki læknislaust, en læknirinn situr úti á öðrum enda héraðsins, og er því mjög örðugt fyrir hreppsbúa að vitja hans. Styrkurinn, sem stendur í frv. stj., er sambærilegur við styrk til annara hreppa. Það er vegna erfiðleika að vitja læknis, að hann er veittur. Ég vænti því, að hv. fjvn. og hv. þd. sjái sér fært að samþ., að þessi aths., að styrkinn skuli aðeins veita, ef héraðið er læknislaust, sé látin falla niður.

Þá hefi ég ásamt hv. þm. Seyðf., hv. þm. Barð. og hv. þm. Mýr. borið fram till. um það, að Guðrúnu Böðvarsdóttur verði á 17. gr. áætlaður berklasjúkrastyrkur að upphæð 1200 kr. Svo stendur á með þessa stúlku, að hún var fyrst í þjónustu ríkisins, starfsmaður við Landssímann, en veiktist, og var síðan um hríð á Vífilsstöðum. Síðar varð hún að fara þaðan, ekki af því, að hún væri orðin heilbrigð, heldur af því, að álitið var, að engin smitunarhætta stafaði af henni. Eins og allir vita, er svo þröngt á þessu sjúkrahúsi, að fólk verður oft að fara þaðan áður en það er orðið heilbrigt, svo að aðrir geti komizt þar að. Ríkissjóði hefir þannig sparazt sá styrkur, sem

þessi stúlka hefði fengið undanfarin ár, ef hún hefði verið á Vífilsstöðum, því að hún hefir verið heima hjá móður sinni, sem er fátæk ekkja, og hefir hún engan styrk fengið fyrir dvöl hennar þar. Þessi styrkur, sem hér er farið fram á, er alveg sambærilegur við þann styrk, sem Elínu Sigurðardóttur er veittur í 17. gr., og vænti ég því, þar sem stúlkan mun ekki fara á sjúkrahús, en er hinsvegar styrkþurfi, að móðir þessarar stúlku fái þennan styrk sem meðlag með henni.

Loks flyt ég brtt. við 22. gr., að ríkissjóður ábyrgist allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa. Þessi heimild er í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, en ég býst við, að vegna fjárhagsörðugleika verði ekki hægt að nota þessa heimild á yfirstandandi ári, og fer ég því fram á, að hún verði færð yfir á árið 1933. Það er öllum kunnugt, hve mikil fjárhagsvandræði það eru, sem þetta félag á við að stríða, og hve miklu tapi það hefir orðið fyrir við að halda uppi mann-, póst- og vöruflutningi innan Norður-Ísafjarðarsýslu. Samkv. síðustu reikningum á félagið mikið minna en ekkert. Norður-Ísafjarðarsýsla hefir létt undir með félaginu með því að létta af því skuldum, og sömuleiðis Ísafjarðarkaupstaður. T. d. hafa Ísafjarðarsýslubúar lagt fram 40 þús. kr. hlutafé fyrir félagið nú fyrir nokkrum árum. Gamli báturinn, sem notaður er nú, var upphaflega ekki ætlaður til þessa starfa. Hann var keyptur, þegar fyrri báturinn strandaði, af því að þá var ekki hægt að ná í góðan bát, en nauðsynlegt að hafa þó einhverja fleytu. Hann var ætlaður til vöruflutninga, en ekki mannflutninga, þó að það hafi orðið að flytja fólk á honum undanfarin ár, af því að ekki var á öðru völ.

Það verður ekki um það deilt, að það er mjög brýn þörf að fá nýjan bát til þessara ferða, þar sem þetta eru einu samgöngurnar, sem Norður-Ísafjarðarsýsla hefir. Mann-, vöru- og póstflutningar eru allir á sjó, því að ekki er um neina vegi að tala, og vegalengdir eru einnig svo miklar, að engum dettur í hug, sem þarf að fara út úr sveitinni sinni, að ferðast öðruvísi en á sjó. Þess má og geta, að þessi bátur hefir einnig annazt nokkuð flutninga í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þegar alls þessa er gætt, þá hljóta menn að viðurkenna, að þarna er meiri nauðsyn en nálega alstaðar annarsstaðar að hafa sæmilegan bát.

Bernharð Stefánsson: Ég flyt 3 brtt. á þskj. 418. Sú fyrsta er VI. brtt. á þessu þskj. Þar er lagt til, að tillag til Öxnadalsvegarins verði hækkað úr 5000 kr. upp í 10000 kr., og til vara, að það verði hækkað upp í 8000 kr. Þetta er það eina, sem ætlað er til vega í mínu kjördæmi samkv. þessu frv. Ég skal taka það fram, að ég hefði með ánægju sætt mig við þessa upphæð, sem stendur í frv., þó að hún sé að vísu ekki mikil, ef aðrir hv. þdm. hefðu viljað láta sér nægja þær till. um skiptingu vegafjárins, sem hv. fjvn. hefir gert. En nú hafa ýmsir hv. þdm. borið fram till. um framlög til vega í þeirra kjördæmum, sem ég lít svo á, að séu engu réttmætari en þessi till. mín. Mér virðist, m. a. af því, að margir af þessum hv. þm. hafa tekið sig saman um að flytja í einu lagi till., að líkindi séu til, að a. m. k. sumar þeirra verði samþ., og þá finnst mér í alla staði rétt, að mín till. verði einnig samþ.

Það, sem sérstaklega mælir með því, að framlagið til Öxnadalsvegarins verði hækkað, er í fyrsta lagi það, að frá Akureyri liggur akvegur inn að Öxnadalsmynni, en nokkru innar í dalnum er akvegarspotti. Milli þessara akvega er versti kaflinn á allri leiðinni frá Reykjavík og norður á Akureyri, a. m. k. fyrir bifreiðar. Það er því mesta nauðsyn að tengja þessa vegarkafla saman, ekki einungis fyrir sveitina, heldur og fyrir umferð almennt.

Ég býst þó ekki við, jafnvel þótt aðaltill. mín yrði samþ., að mögulegt væri að tengja þessa vegarkafla saman árið 1933, en ég vona, ef önnur hvor till. verður samþ., þó að það væri ekki nema varatill., að þá yrði hægt að tengja vegina saman árið 1934.

Þá er annað, sem einnig mælir mjög með þessari till. Eins og allir vita, er þessi vegur mjög nærri aðalkaupstað Norðurlands, og þó er enn nær talsvert stórt þorp, Glerárþorp, sem aðallega er byggt af verkamönnum. Það er því enginn efi, að vegavinna getur óvíða fremur

skoðazt sem atvinnubótavinna heldur en einmitt þarna. Það skal að vísu játað, að tæplega er hægt að gera ráð fyrir því, að mjög margir verkamenn frá Akureyri fari fram í Öxnadal til þess að fá var vegavinnu, en hitt má telja víst, að margir verkamenn úr Glerárþorpi mundu njóta vegavinnu á þessum stað.

Ég vona því, ef hv. þm. fara á annað borð að breyta út af því, sem fjvn. hefir lagt til um skiptingu vegafjárins, að þá verði annaðhvort aðaltill. mín eða þá varatill. samþ.

Þá er önnur brtt. mín á þessu sama þskj. Það er XLI. brtt., og er þar farið fram á styrk til Guðrúnar Jóhannesdóttur frá Samkomugerði, fyrrv. ljósmóður, 400 kr. Ég flutti till. um þetta efni við 2. umr. fjárl. Var þar farið fram á nokkru hærri upphæð, en sú till. var felld. Ég hefi áður talað um þetta mál, og sé því ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég vil þó halda því fram, að þessi ljósmóðir eigi að vera jafnrétthá eins og fjöldi annara ljósmæðra, sem nú þegar hafa verið styrktar. Ég man eftir því, að við 2. umr. fjárl. í þessari d. minntist hv. frsm. fjvn. sérstaklega á þetta atriði, sem ég hefi hér borið fram till. um. Hann lagði á móti því, að þessi kona fengi styrk. Hann gerði samt enga tilraun til að hrekja það, sem ég hafði sagt, að þessi kona væri eins rétthá til að njóta styrks og aðrar ljósmæður, sem styrks eiga að njóta samkv. frv. Hann sagði bara, að það væru orðin vandræði með þessa styrki og eftirlaun til pósta og fyrrv. ljósmæðra. Ég get verið honum sammála um það, út af fyrir sig, en enn sem komið er hefir engin till. komið fram í þá átt, að fella styrki þessa niður, hvorki frá fjvn. né öðrum. Ef slík till. kæmi fram gæti ég samþ. hana, en ef á að samþ. frv. eins og það er nú, þannig, að 24 fyrrv. ljósmæður njóti styrks samkv. því, en þessi kona á engan styrk að fá, þá vil ég spyrja hv. fjvn. og hv. þd.: Hvers á þessi kona að gjalda?

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þessa till, því að eins og ég tók fram áðan, þá gerði ég nægilega grein fyrir henni við 2. umr.

Þá er 3. till., sem ég hefi leyft mér að bera fram. Það er XLVII. till. á þessu sama þskj. Það er heimild fyrir stj. til að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, í fyrsta lagi til stofnkostnaðar allt að 24 þús. kr. lán, er endurgreiðist á ekki skemmri tíma en 15 árum, og í öðru lagi allt að 50 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp á hverju ári, hvorttveggja þetta gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar.

Þó að þetta mál, sem ég nefndi nú, sé að mínu áliti þýðingarmikið, a. m. k. fyrir hlutaðeigandi bæjarfélag, þá sé ég ekki ástæðu til að tala um það langt mál, enda hefir það áður verið skýrt rækilega fyrir hv. fjvn. Ég var sjálfur viðstaddur, þegar þetta mál var rætt og skýrt fyrir n. Mér er því vel kunnugt um, að hv. fjvn. fékk **að minnsta kosti** eins miklar upplýsingar um málið og hún óskaði eftir. Auk þess hafa öðrum hv. þm. verið gefnar upplýsingar um málið, því að þeim hefir verið skrifað bréf, þar sem gerð er grein fyrir því og þar gefnar þær upplýsingar, sem kostur er á. Var það að nokkru leyti gert vegna minnar ráðstöfunar. Þegar á þetta er litið samanlagt, að hv. fjvn. hefir fengið hinar rækilegustu upplýsingar og einnig allir hv. þdm., þá sparar það mér ómakið að ræða málið mjög ýtarlega hér í þd. Ég skal þó benda á eitt, sem öllum hv. þdm. er líklega kunnugt, að árlega eru notaðar hér á landi um 200 þús. síldartunnur. Það skal játað, að nokkurn hl. af þessum tunnum verða að flytja tilbúnar inn í landið, en hitt er víst, að mikinn meiri hl. af þessum tunnum er hægt að smíða hér á landi. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið og fyrir liggja í þessu máli, þá borgar íslenzka þjóðin a. m. k. 1 millj. kr. árlega fyrir tilbúnar, innfluttar síldartunnur, og samkv. sömu upplýsingum mundu fyrir hverjar 50 þús. tunnur, sem smíðaðar yrðu hér á landi, sparast 125 þús. kr., sem ella rynnu út úr landinu, og af þeirri upphæð væri a. m. k. 60 þús. kr. fyrir vinnulaun. Hinn hluti upphæðarinnar, sem ekki eru vinnulaun, fer fyrir ýmislegan annan innlendan kostnað, flutningsgjöld og annað þesshättar. Eftir áætluðum upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá getur þjóðin sparað í greiðslum til útlanda 4 kr. fyrir hverja kettunnu, ef þær væru smíðaðar hér heima. Þar af væru 2 kr. vinnulaun, eða helm-

ingurinn, en hitt færi fyrir annan kostnað. Ég vona, að allir geti séð á þessu, að hér er um mikilsvert fjárhagsmál að ræða fyrir þjóðina, ef tunnugerðin yrði innlendur iðnaður að svo miklu leyti, sem tunnuþörf landsmanna nemur. Undanfarin ár hefir nokkuð verið unnið hér að tunnusmíði bæði á Akureyri og Siglufirði. Þessi starfsemi hefir óneitanlega gert mikið gagn og aukið atvinnu í þessum kaupstöðum, en hitt skal játað, að afkoman og árangurinn af þessari starfsemi hefir verið dálítið misjafn. En í sambandi við það má taka fram, að kunnugir menn telja, að það hafi mest á skort, að efni það, sem notað hefir verið í tunnurnar, hafi ekki verið nægilega gott og hentugt. Í öðru lagi, að eigi var kostur á því, að nota til hlítar þær vinnusparandi vélar, sem nú eru þekktar erlendis og notaðar á þessu sviði.

Nú get ég skýrt frá því, að þetta samvinnufélag á Siglufirði, sem hugsar sér að reka tunnuverksmiðju, hefir gert ráðstafanir til þess að tryggja sér gott efni í tunnur, og ennfremur til þess að útvega sér nýtízkuvélar, sem að öllu leyti svara kröfum tímans. Það efni, sem undanfarið hefir verið notað við innlenda tunnugerð, hefir, eftir því sem mér er sagt, að mestu leyti verið úrgangsviður, keyptur frá Noregi og tæplega talinn nothæfur þar. En nú hafa verið opnuð sambönd fyrir þetta nýja fyrirtæki til efnispantana, svo að ég má fullyrða, að það hugsar ekki til að nota annað en ágætt efni. Það hefir farið fram allrækileg rannsókn og athugun á því, með hvaða hætti hægt væri að tryggja sér gott tunnuefni. Á þeirri rannsókn mun samvinnufélagið á Siglufirði byggja, og verð ég því að líta svo á, að það sé sæmilega tryggt, að þetta fyrirtæki strandi ekki á sama skeri og hin fyrri, og þess vegna eru miklar líkur til, að því gangi betur en samskonar starfsemi áður.

Ég hygg, að engum muni blandast hugur um það, að ef hægt er að smíða hér á landi flestallar þær tunnur, sem notaðar eru undir síld og kjöt, þá væri það ákaflega mikill sparnaður fyrir þjóðarheildina á greiðslum út úr landinu, auk þess, sem allir hljóta að sjá, hver hagur það er líka fyrir þjóðarheildina að veita landsbúum þessa atvinnu og þar með sjálfsbjargarmöguleika, sem eru engu minna virði en hitt, sem heildin sparar út á við. Ég þykist því hafa rétt til að líta á þessa till. mína sem atvinnubótamál. Það er enginn efi á því, að ef þessi iðngrein gæti þrifizt á Siglufirði, þá bætir hún ákaflega mikið úr þeim atvinnuskorti, sem þar er á hverjum vetri, meiri og minni. Og þessi iðngrein er sérstaklega hagkvæm vegna þess, að unnið er að henni á vetrum, þegar önnur störf kalla ekki að. Á Siglufirði er þannig háttað um atvinnu, að hún er venjulega mjög lítil nema 3—4 sumarmánuðina. Og það þarf ekki mikla skarpskyggni til þess að sjá, að ef sú atvinna, sem stendur aðeins 3—4 mánuði á ári hverju, fyrir heimilisföðurinn, á að nægja til þess að fæða og klæða hann og fjölskyldu hans allt árið, þá þarf atvinnan að vera sérstaklega uppgripamikil þennan stutta tíma. Þess vegna eru nú kaupkröfurnar orðnar svo háar, að engar líkur eru til, að atvinnufyrirtækin beri það kaup, sem nú er heimtað. Hinsvegar komast verkamennirnir alls ekki af með minna, ef þeir hafa ekki atvinnu nema hluta úr árinu. Eina ráðið er því að lengja atvinnutímann eftir því, sem hægt er.

Í þessari till. minni er fyrst og fremst farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist allt að 24 þús. kr. lán til stofnkostnaðar fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar. Þessi stofnkostnaðarupphæð, sem eg fer fram á, að ríkið ábyrgist, er ekki nema tæpur ⅓ hl. af öllum stofnkostnaðinum, en hann er áætlaður 75 þús. kr. Mér finnst því, satt að segja, að samanborið við ýmislegt annað, sem kemur til umr. hér á Alþingi og er jafnvel samþ., að því er snertir styrki, lánveitingar og ábyrgðir til einstakra fyrirtækja, þá sé ekki farið fram á mjög mikið með þessari till. Hvað hina ⅔ hluta stofnkostnaðarins snertir, þá er ráðgert, að sú upphæð fáist á annan hátt en með lántöku, sem ríkissjóður ábyrgist. Og skal ég þá aðeins t. d. nefna það, að Siglufjarðarbær hefir lofað að leggja þessu fyrirtæki til hús og lóð með aðgengilegum kjörum, og er sú eign metin á 18 þús. kr. Einnig hefir það komið til orða, að Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði gæti, án þess að þrengja um of

að sér, lánað geymslurúm að vetrinum undir vörur tunnuverksmiðjunnnar, sem gæti sparað um 20 þús. kr. í stofnkostnaði. En það, sem ég tel þó veigamest í undirbúningi þessa máls, er það, að félagsmenn ætla sjálfir að leggja fram alla vinnu við að koma fyrir vélum og öllum öðrum útbúnaði þar á staðnum. Þessa vinnu má í minnsta lagi meta á 5000 kr. Það, sem þetta fyrirtæki vantar sérstaklega, eru peningar fyrir vélar frá útlöndum og annað þess háttar. Auk þess sem ég fer fram á, að ríkissj. ábyrgist allt að 24 þús. kr. af stofnkostnaðinum, flyt ég einnig aðra till., um að ríkið ábyrgist allt að 50 þús. kr. rekstrarlán til fyrirtækisins, er greiðist upp á hverju ári. Það kann nú að vera, að ýmsum hv. þdm. virðist öllu meiri áhætta fylgja þessari till.. a. m. k. er upphæðin hærri. En ég lít svo á, að í skipulagi þessa félags sé ákaflega mikil trygging fyrir ríkið, þannig, að þessi ábyrgð verði tæplega hættuleg. Eins og ég gat um í upphafi þessa máls munu allir hv. þdm. hafa fengið, auk annara skýringa á þessu máli, útdrátt úr lögum félagsins, sem stendur að þessu fyrirtæki, og verð ég því að gera ráð fyrir, að þeir viti með hvaða skipulagi félagið ætlar sér að starfa. En þó vil ég aðeins benda á það, að allir þeir, sem ætla sér að vinna að þessu fyrirtæki, eru félagsmenn, og hafa gengizt undir persónulega ábyrgð á rekstri félagsins, þó þannig, að þar er ekki um ótakmarkaða ábyrgð að ræða, heldur ábyrgist hver félagsmaður 1000 kr. En einmitt þetta, að ábyrgðarupphæðin er ákveðin, hlýtur að leiða til þess, að styrkja ábyrgðartilfinningu hvers félagsmanns. Þegar ábyrgðarupphæðin er ekki hærri en svo, að allsterkar líkur eru til, að hana megi innheimta hjá hverjum einstakling fyrir sig, þá er það a. m. k. ábyrgð, sem þeir skilja ákaflega vel og gera sér fulla grein fyrir.

Ég tel það öruggt, að allir félagsmenn hafi hinn mesta áhuga á þessu fyrirtæki og vinni kappsamlega að því, að það beri sig vel. Ég held, að allir hljóti að skilja, að það er hinn mesti munur á því fyrir rekstur eins fyrirtækis, hvort starfsmennirnir, sem við það vinna, taka aðeins kaup sitt hjá því, eða hvort þeir eiga allan sinn hag og afkomu undir því, hvernig fer um hag fyrirtækisins og hvernig það ber sig. Þá er hagur og afkoma þess sama og þeirra eigin hagur og afkoma.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að í lögum félagsins er gert ráð fyrir, að fullnaðargreiðsla á verkakaupi fari ekki fram fyrr en eftir að ársreikningar fyrirtækisins hafa verið gerðir upp og samþ., og að aldrei skuli greitt nema 50% af kaupinu mánaðarlega, og þá því aðeins, að ástæður leyfi. Það, sem félagsmennirnir, er starfa við hina fyrirhuguðu tunnugerð, eiga á hættu, er ekki einasta það að tapa kaupi sínu, a. m. k. að hálfu leyti, og jafnvel öllu, heldur geta þeir þar að auki tapað 1000 kr. hver. Ég sé því ekki betur en að hér sé hin ýtrasta trygging veitt fyrir því, að félagsmenn geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að fyrirtækið gangi vel og geti borið sig sem bezt. En það er yfirleitt svo um allan atvinnurekstur, að ef hver og einn, sem við hann vinnur, gerir allt sitt bezta til þess, að hann verði rekinn á heilbrigðan hátt, þá er með því fengin sú öruggasta trygging, sem hægt er að fá fyrir því, að atvinnureksturinn gangi vel.

Ég mun nú ekki ræða öllu meira um þetta þýðingarmikla mál, enda veit ég að langar ræður hafa litla þýðingu. En ég treysti því, að þær upplýsingar, sem hv. þm. hafa fengið um málið á annan hátt, tryggi því velvild þeirra. Vænti ég því að þessar till. minar verði samþ. — En það vil ég enn á ný brýna fyrir hv. þdm., sem ég vék að í upphafi, að ef þessar till. minar verða samþ. og þetta fyrirtæki tekur þar af leiðandi til starfa, þá mun það ekki aðeins spara þjóðinni mikil útgjöld út úr landinu, heldur auka að miklum mun atvinnu í landinu sjálfu og koma þannig að tvöföldu gagni fyrir þjóðina.

Nú kynni svo að fara, að hv. þm. segðu sem svo: „Það er gott og blessað, að þessi verksmiðja verði stofnuð“, — enda geri ég ráð fyrir, að enginn treysti sér til að neita því, — en samt sem áður telji þeir, að ríkinu beri engin skylda til að styrkja þetta með ábyrgð; en gagnvart því vil ég aðeins taka það fram, að eftir því, sem ég hefi kynnt mér málið, þá tel ég engar líkur til, að þetta fyrirtæki komist í framkvæmd án þess stuðnings, sem hér er farið fram á, að Alþingi veiti. Ég

vil því biðja hv. þdm. að hafa þetta hugfast, þegar þeir greiða atkv. um málið.

Í till. minni er svo tilskilið, að ábyrgðin sé veitt gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Mér er nú ókunnugt um, hvaða tryggingar þessi félagsskapur hefir að bjóða, en þó er augljóst, að nýkeyptar vélar og 1000 kr. ábyrgð hvers félagsmanns, auk væntanlegrar framleiðslu, er mikil trygging. En þótt ég geti ekki gefið fullkomnar upplýsingar um þær tryggingar, sem fyrir hendi eru, er engu að síður óhætt að samþykkja till. mína, því að stj. mun tæplega veita þessa ábyrgð, án þess að ganga úr skugga um, að tryggingarnar séu fullnægjandi.

Ég vil enn einu sinni brýna fyrir hv. deild, að hér er ekkert hégómamál á ferð. Hér eru nú við þessa umr. bornar fram till. um ½ millj. kr. til atvinnubóta. Ég geri nú ráð fyrir, að sú till. nái ekki samþ. d. Engu að síður er mér ljóst, að þörf er á aukinni vinnu í kaupstöðum landsins. Fólk hefir nú einu sinni safnazt þar saman, og afkoma þess er erfið eins og stendur. En ég fer hér fram á atvinnubætur, sem ekki eru líkur til, að hafi útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, því að verði till. mín samþ., eykur hún atvinnu til muna í einum kaupstað, a. m. k. á þeim tíma, þegar ekki er annað að gera. Ég vona því, að hv. þdm. hugsi sig um tvisvar, áður en þeir greiða atkv. á móti henni.

Ég er ekki vanur að gera brtt. annara þm. að umtalsefni í fjárlagaumr. Þó vil ég geta að nokkru brtt. á þskj. 430, er þeir hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. S.-M. flytja. Hún er um styrk til Stefáns Árnasonar frá Steinsstöðum, til ritstarfa, 400 kr., og til vara 300 kr. Ég þekki þennan mann og get borið vitni um, að hann hefir lagt töluverða stund á íslenzkan fróðleik, einkum ættfræði. Það kemur að vísu ekki beint þessu máli við, en má þó geta þess, að hann er dóttursonur og uppeldissonur þingskörungsins Stefáns Jónssonar á Steinsstöðum. Mun hann því meðal annars geta sagt margt merkilegt frá æskuárum sínum. Það má að vísu líta misjafnlega á það, hvaða rétt slíkir styrkir eigi á sér, en ég held, að styrkur til þessa manns eigi ekki minni rétt á sér, en sumir aðrir styrkir, sem samþ. hafa verið.

Halldór Stefánsson: Ég vil gera grein fyrir nokkrum brtt., sem ég er við riðinn. Þær eru allar á þskj. 418.

Kem ég þá fyrst að IV. brtt., sem ég flyt ásamt þrem hv. þm. öðrum, um að lækka framlag til Holtavörðuheiðarvegar úr 50 þús. kr. í 20 þús. kr. Þessi brtt. stendur svo í sambandi við aðra till. á sama þskj., þar sem gert er ráð fyrir, að því sem lækkunin nemur, eða 30 þús., verði varið til fimm vega annarsstaðar. Till. mætast að því leyti, að þær valda engri hækkun á fjárl.frv., þótt samþ. yrðu. Þessar brtt. voru bornar fram við 2. umr., en voru þá teknar aftur eftir ósk fjvn., sem nú hefir tekið upp sumt af þeim.

Aðalástæðan fyrir þessum tveim brtt. er sú, að við flm. álítum, að þar sem svo litlu fé er varið til vegamála nú, beri fremur að verja því til vega, sem liggja eftir byggðum og menn þurfa að flytja nauðsynjar sínar eftir, en til heiðavega, sem þó eru þegar orðnir bílfærir. Þessi skoðanamismunur var ræddur allýtarlega við 2. umr., og mun ég því ekki fara nánar út í hann. Ég sé, að hv. þm. N.-Þ. hefir borið fram brtt., um að 30 þús. kr. verði varið til Holtavörðuheiðarvegar. Ef sú till. yrði samþ. og till. okkar líka, leiddi það til 10 þús. kr. hækkunar á vegafénu, og má segja, að slíkt væri ekki frágangssök, ekki meira fé en veitt er til vega nú. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um Holtavörðuheiðarveg, má ætla, að með 30 þús. kr. væri hægt á næsta sumri að ljúka þar vegagerð yfir þann kafla, sem nú er verstur. Því er brtt. hv. þm. N.-Þ. skynsamleg, ef taka á svo mikið tillit til heiðarvega á þessum tímum, sem ýmsir vilja.

Þá flyt ég ásamt hv. 1. þm. S.-M. brtt. um 2000 kr. viðbótarstyrk til laxastiga í Lagarfljót, eða 1000 kr. til vara. Þingið hefir veitt styrk til þessa fyrirtækis, og var stiginn gerður síðastl. sumar. Hann er stærsta mannvirki af þeirri tegund á landi hér og kostaði nál. 2 þús. kr. meira en ætlað var. Þessi viðbót, sem hér er farið fram á, er ætluð til að jafna þann mismun. Fyrirtækið er stórfelld tilraun um það, hvort hægt sé að koma upp laxveiði í þessu stóra héraði. Er álit fróðra manna í þeim efnum, að slíkt megi takast, jafnvel í stórum stíl, en þó er það enn von,

en ekki vissa. En hvernig sem fer, verða engar tekjur af þessu fyrir héraðsbúa um langan aldur, en kostnaðurinn hinsvegar allþungbær, einkum ef það fæst eigi greitt úr ríkissjóði, a. m. k. hlutfallslega, sem fór fram yfir áætlun. Liggur fyrir erindi frá Búnaðarsambandi Austurlands, þar sem farið er fram á viðbótar styrk þennan, og vænti ég, að þm. hafi kynnt sér málið og að hv. d. taki vel og sanngjarnlega í þessa till.

Loks flyt ég LII. brtt. á sama þskj., þess efnis að kaupa jörðina Miðhús í Gnúpverjahreppi af dr. Helga Péturss fyrir sjö þús. kr. Till. hefi ég borið fram samkv. erindi til þingsins frá Dr. Helga, sem fyrir liggur. Hann segir þetta fjárhagslega nauðsyn fyrir sig, en styður ekki beiðni sína með því, að þetta séu hagsýnileg kaup fyrir ríkissjóð, en bendir þó á, að þessi jörð geti af sérstökum ástæðum orðið verðmætari síðar en nú er hún. Um þær sérstöku ástæður get ég ekki dæmt vegna ókunnugleika. En vitanlega vex hún að gildi eins og aðrar jarðir fyrir almenna framþróun. Ég ætla ekki að mæla frekar fyrir þessari till., en vil aðeins vekja athygli á því, að hér á í hlut stórmerkur fræði- og vísindamaður, og má vel vera, að hann eigi eftir frekar en enn er orðið að auka hróður vorn meðal fjölmennari þjóða. Væri þá vel farið, að við þyrftum ekki að naga okkur í handarbökin fyrir að hafa ekki nægilega sinnt þörf hans í lifanda lífi, eins og orðið hefir um suma afbragðsmenn okkar fyrr á tímum.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 367, 408, 418, 430, 440, 452).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 452. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Lárus Helgason: Á þskj. 418, XII á ég eina brtt. við fjárl., þess efnis, að styrkurinn til Skaftfellings verði færður í sama horf og hann hefir verið undanfarin ár. Í frv. stj. var styrkurinn lækkaður um 4000 kr. frá því, sem hann er í núgildandi fjárlögum, en eins og reikningar þessa báts bezt sýna, er óumflýjanlegt að færa styrkinn í það sama, sem hann er nú — 24000 kr. — Það er ekkert óeðlilegt, þó að rekstur þessa báts útheimti mikinn styrk frá ríkinu, ef gætt er að þeim erfiðleikum, sem við er að búa — hafnleysið, heldur kemur þetta alveg heim við þá reynslu, sem fengizt hefir um strandferðirnar kringum landið. Þannig hefir tekjuhallinn orðið 400 þús. kr. af þessum 2 strandferðaskipum, sem ríkið starfrækti s. l. ár. — Þessi bátur, sem hér er um að ræða, hefir mörg ár haldið uppi ferðum á stórum kafla af strönd landsins, þar sem hafnleysið er mest, og er ætlað að fullnægja þörfum þeirra manna í þessu efni, sem á þessu hafnleysissvæði búa, og er þegar af þeim ástæðum erfiðara um að lækka styrkinn til þessa báts en til bátanna í hinum ýmsu héruðum öðrum, sem jafnframt njóta góðs af ferðum hinna stærri strandferðaskipa. Hinsvegar kemur auðvitað ekki til mála, að sú leið verði hér farin að synja öllum þeim, sem á þessum slóðum búa, um að nota strandferðaskipin að meira eða minna leyti, ef þessa báts missir við, eins og allt bendir til að verði, ef styrkurinn verður ekki hækkaður, og slíkt mundi verða ríkissjóði miklum mun dýrara heldur en styrkja bátinn, svo að hann geti haldið uppi nauðsynlegum ferðum á umræddu svæði, auk þess sem strandferðum á þessa staði verður ekki haldið uppi, nema til þeirra séu hafðir hentugir bátar, sem geta beðið eftir tækifærunum, þegar sjórinn er dauður. Undanfarið hefir verið vaxandi rekstrarhalli á þessum bát, ár frá ári, og ef styrkurinn til hans verður nú lækkaður, er ekki gott í efni, og vona ég því, að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja þessa brtt. mína. Báturinn hefir verið til hjálpar undanfarin ár að meira og minna leyti á svæðinu frá Eyrarbakka allt austur í Öræfi, svo að ég vænti þess, að hv. þdm. sé það ljóst, hve hér er um mikla sanngirniskröfu að ræða. Styrkurinn má ekki vera minni en hann hefir verið undanfarið, og þyrfti miklu fremur að hækka. Hlutafé þessa félags, sem heldur bátnum á floti, er um 40 þús. kr., og aðrar skuldir um 30 þús. kr. Þó að 4000 kr. séu reyndar ekki mikil upphæð, miðað við þær þarfir, sem hér er um að ræða, þá breytir það ástandinu mikið niður á við, ef upphæð-

inni yrði kippt burtu. Ég vænti þess því, að hv. d. taki þessari sanngjörnu till. minni vel, og vil aðeins að lokum minna þm. á það jafnframt að hafa það í huga við atkvgr. um till., að hér er um þá ódýrustu lausn að ræða á þessum málum, sem hægt er að fá.

Jóhann Jósefsson: Ég hafði sent hv. fjvn. erindi, þar sem farið var fram á lítilsháttar styrk til framhaldslagningar ræktunarvegarins í Vestmanneyjum, og sé ég nú, að n. hefir ekki tekið þennan styrk upp í till. sínar, og verð af því að leiða þá ályktun, að n. treysti sér ekki til að sinna málinu. — Eins og þm. mun kunnugt, hefir þingið nú um nokkur ár stutt þessa vegalagningu, sem miðar að aukinni ræktun í Eyjunum, og hefir styrkurinn borið mikinn og góðan árangur. Í erindi því, sem ég gat um, var sýnt fram á það samkv. skýrslu frá búnaðarfélaginu í Vestmannaeyjum, að túnasléttun og grjótnám hefir aukizt stórkostlega síðan þingið fór að styðja ræktunina á þessum stað með því að hlaupa undir bagga með styrk til þessarar vegarlagningar, þar sem hægt er að rækta, og reynslan hefir sýnt, að svo er víðast í Eyjum. Árin 1923—1926 var lítið unnið að jarðabótum í Vestmannaeyjum, en síðan 1927, sem er fyrsta árið, sem styrkur var veittur til ræktunarvegarins, hafa framkvæmdirnar í þessum efnum verið stórkostlegar, bæði túnasléttur og grjótnám, til þess að gera landið ræktanlegra. Hvað heyaflann snertir, þá hefir um hann orðið lítil breyting á árunum frá 1922—1926 samkv. skýrslu búnaðarfélagsins. 1922 nemur heyfengurinn 4175 h., en 1926 4530 h. Heyfengurinn hefir þannig aðeins aukizt um nokkur hundruð h. á þessu tímabili, en 1930 er heyaflinn orðinn helmingi meiri eða allt að því 7072 h., svo að því fé, sem þingið hefir veitt til að styðja ræktunina í Eyjum, hefir ekki verið á glæ kastað, og er þetta því ánægjulegra fyrir hv. Alþingi þar sem ríkið á þetta land. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 418, XXV, sem fer í þá átt, að þingið veiti styrk til ræktunarvegarins áfram, og hefi ég stillt styrknum svo mjög í hóf, að ég leyfi mér að vona, að hv. fjvn. sjái sér fært að mæla með þessari till. minni. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að Vestmanneyingar hafa ekki til þessa verið kröfufrekir við ríkissjóð, en á hverju ári rennur um og yfir ½ millj. kr. til ríkisgjaldkerans úr þessu byggðarlagi, og mætti vel á þetta líta í sambandi við þessa málaleitan. Ég vil og ennfremur láta þess getið í sambandi við þetta mál, að það voru hreinar álygar, þegar hæstv. dómsmrh. staðhæfði það í eldhúsumr., að í Vestmannaeyjum væru allir á hausnum. Er illt til þess að vita, að menn í hinum ábyrgðarmestu stöðum þjóðfélagsins skuli ganga svo langt í pólitiskum ofsóknum að sverta svo heil byggðarlög með tilhæfulausum álygum. Það hafa að vísu komið fyrir nokkur gjaldþrot í Vestmannaeyjum, sem víðar, en það er þó mitt álit, að sum þau gjaldþrot, sem Útvegsbankinn hefir staðið að í Vestmannaeyjum, hefðu betur verið óframkvæmd, a. m. k. hefði svo verið fyrir verkalýðinn, sem liðið hefir atvinnutjón af þessum ástæðum.

Við 2. umr. fjárl. var hér samþ. till. þess efnis, að stj. var heimilað að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 100 þús. kr. til handa samvinnufélagi sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði til að koma upp fiskibátum, og var þessi till. rökstudd með því, að það stæði útgerðinni á þessum stað fyrir þrifum, að þar eru ekki til neinir bátar. Þetta sama og hér er um að ræða var á sínum tíma gert fyrir Ísfirðinga, og er sennilegt, að þessi samþykkt leiði til þess, að kröfur um samskonar hjálp berist að víðar frá. En ef ríkið á annað borð á að fara að skipta sér af slíkum framkvæmdum, þarf jafnframt að sjá svo til, að innlendir menn fái þau verkalaun, sem goldin verða fyrir smíði þessara báta. Skipasmiðir okkar hafa sem aðrir orðið varir við kreppuna, því að nú er lítið um vinnu fyrir þá, og er alveg ófært, að ríkið taki á sig þessa ábyrgð, ef smíðin á þessum bátum verður framkvæmd erlendis, samtímis því, sem okkar eigin skipasmiðir og hjálparmenn þeirra ganga atvinnulausir, af því að ekkert fellur til fyrir þá að gera. Ég hefi því leyft mér að bera fram svo hljóðandi viðaukatill. við þessa till., sem samþ. var við 2. umr.: „enda séu þau

fiskiskip, er smíðuð kunna að verða samkv. þessari heimild, smíðuð hér á landi". Þessi viðaukatill. mín er á þskj. 418, XLIV. — Hv. þm. Seyðf. drap á þessa till. mína í ræðu sinni hér fyrr við þessa umr. og taldi hann varhugavert að samþykkja hana, og fór fram á það, að ég tæki till. aftur. Veit ég ekki, hvað þeim getur gengið til, hv. þm. Seyðf. og flokksbræðrum hans, sem svo oft hafa bent á það hér í þinginu með fullum rökum, hve mjög skortir á það nú, að næg atvinna sé til í landinu fyrir landsins börn, þar sem hv. þm. leggst á móti þessari till. minni, því að það vita allir, sem fengizt hafa við bátaútveg, að innlendir bátar eru ekki eftirbátar erlendra báta, nema ef síður sé, því að þeir eru traustari, og enda meir miðaðir við staðhætti okkar lands. Kemur það hér meðal annars til, að þeir, sem bátanna eiga að njóta, eru í verki með um smíði bátanna og ráða því, hvernig smíðinni er hagað, en slíku verður ekki við komið, þegar bátarnir eru smíðaðir á erlendum skipasmíðastöðvum, enda þótt reynt sé skriflega að gefa forskriftir um það, hvernig bátarnir eiga að vera. Það getur verið, að innlendir bátar séu eitthvað dýrari en bátar smíðaðir hjá erlendum skipasmíðastöðvum, en þetta munar þó aldrei mjög miklu, auk þess sem á það ber að líta, að alltaf leggst einhver meiri eða minni kostnaður á hina erlendu báta við það, að þeim þarf að koma heim, og enda oft að breyta þeim og endurbæta, þegar þeir eru hingað komnir, vegna hinna ólíku staðhátta og atvinnuhátta. Þennan kostnað virðast menn oft ekki sjá, þegar þeir eru að leggja það niður fyrir sér, hvort þeir heldur eigi að láta smíða báta sína erlendis eða hér heima, hjá t. d. Magnúsi Guðmundssyni eða Pétri Ottasyni. Í Vestmannaeyjum höfum við sennilega mesta reynslu í þessum efnum, og sú reynsla bendir ekki í þá átt, að dýrara sé að láta smíða bátana hér heima en erlendis, einkum þegar tilllit er tekið til þess, hvernig verkið er af hendi leyst, því að ísl. bátarnir eru yfirleitt betri og traustari, eins og ég áður sagði. Ég álít því sjálfsagt á slíkum tímum sem þessum, ef ríkið á annað borð fer að styrkja samvinnufélag þeirra Seyðfirðinga til að láta smíða sér báta, að það sé tilskilið, að bátarnir séu smíðaðir hér heima. Hitt kemur á annan veg út, ef keyptir verða gamlir bátar, enda rekur það sig ekki á þessa till. mína, því að hún er eingöngu miðuð við það, að bátarnir séu byggðir að nýju. Ég get því ekki, vegna þeirrar kreppu og atvinnuleysis, sem ríkir í landinu, og vegna þeirra miklu vandkvæða, sem nú eru á öllum peningayfirfærslum, orðið við tilmælum hv. þm. Seyðf. um að taka þessa till. mína aftur. Það er skylda þingsins á þessum vandræðatímum að sjá svo til, að sem mest atvinna falli til hér innanlands og að sem minnst sé goldið til útlanda fyrir vinnu, sem við Íslendingar sjálfir erum færir um að leysa af hendi.

Þá flyt ég till. á þskj. 430, VII, þess efnis, að stj. sé heimilað að láta niður falla áskilið framlag til varðskipsins Þórs fyrir árin 1930 og 1932. — Með samningunum 1926 var Vestmannaeyingum gert að greiða 15000 kr. á ári fyrir eftirlit Þórs með bátum eyjarskeggja, og hefir bærinn að jafnaði staðið í skilum með þessa greiðslu til þessa. En það er hvorttveggja, að nú eru erfiðir tímar, og á bæjarfélagið því erfitt með að leysa þessa greiðslu af höndum, því að bærinn hefir auk þess orðið að taka nærri sér til að skapa vinnu í atvinnubótaskyni, enda er þetta eina héraðið á landinu, sem krafið er sérstakrar peningaupphæðar vegna björgunarstarfseminnar, sem ríkið heldur þar uppi, því að ýms önnur héruð fá varðskipið til sín um tíma og tíma til eftirlits án nokkurs endurgjalds. Ég hefi því leyft mér að fara fram á það, að Alþingi heimili stj., ef hún sæi sér fært, að sýna Vestmanneyingum nokkra linkind í þessum efnum, og vænti ég þess, að þm. taki vel í þessa sanngjörnu till. Vil ég í þessu sambandi ennfremur benda á það, að til Vestmannaeyja sækja sjómenn alstaðar að af landinu, og sýnist ekki nema sjálfsagt, að þeir njóti sömu verndar, meðan þeir eru þar við róðra, eins og þeir ella njóta sem sjómenn í öðrum héruðum landsins. Ég býst reyndar við því, að mér verði svarað svo um þetta, að við Vestmanneyingar höfum sérstakan aðgang að varðskipinu umfram önnur héruð á landinu, enda er svo samkv. samningnum, en því

miður hefir starf Þórs 2—3 síðustu árin verið öðruvísi af hendi leyst en frá 1923—27. Skipið hefir verið lausara við gæzluna og Vestmannaeyingar notið þess skemur en vera skyldi. Skal ég engan dóm á það leggja, af hverju þetta stafar, en ég vil þó benda á það, að 2 hin síðustu ár hefir Þór haft ýms aukaverk með höndum, svo sem fiskveiðarnar, og væri þetta eitt út af fyrir sig nóg til þess, að munur væri á framkvæmd björgunarstarfseminnar frá því, sem áður var, meðan skipið var ekki bundið við önnur störf jafnframt. Í fyrra vetur auðnaðist Þór þannig ekki að koma neinum bát til hjálpar, en hinsvegar man ég til þess, að brezkur togari varð til slíks í eitt skipti, og Ægir í annað skipti, ef ég man rétt. Hefir Þór verið þetta lausari við starf sitt en áður og vera ætti samkv. samningnum, og finnst mér ekki nema hin fyllsta sanngirniskrafa, að tillit sé tekið til þessara staðreynda við innheimtu gjaldsins, sem Vestmanneyingum umfram aðra landsmenn hefir verið gert að greiða vegna björgunarstarfseminnar.

Þá flyt ég till. á þskj. 418, XX, ásamt þeim hv. þm. Barð. og hv. þm. Seyðf., þess efnis, að Jóni Leifs sé veittur 1500 kr. viðurkenningarstyrkur. Skal ég fúslega játa það, að ég er ekki vel að mér í þeim fræðum, sem hér um ræðir og Jón Leifs hefir lagt fyrir sig, og get því ekki úr flokki um þau talað, enda ætla ég, að fáir alþýðumenn hafi þekkingu á tónritstörfum. Ég veit hinsvegar af eigin reynslu, að þessi ungi Íslendingur hefir vakið meiri eftirtekt í Þýzkalandi vegna tónverka sinna en líklegt væri af manni á hans aldri og heldur en almenningi er ljóst hér heima. Þó virðist svo sem honum hafi ekki auðnast að koma ár sinni fyrir borð svo sem skyldi meðal áhrifamanna hér á landi, slíkur atkvæða- og hæfileikamaður sem Jón Leifs er á þessu sviði. Er það eftirtektarvert, að á Þýzkalandi hefir það vakið meiri athygli, hve þjóðlegur Jón Leifs er í list sinni en hér heima, enda leggur hann stund á að vinna úr þeim efnum, sem íslensk eru, í verkum sínum.

Nú hefir nýskeð verið stofnað félag hér heima í þeim tilgangi að stuðla að því, að koma einhverju af verkum Jóns Leifs á prent, og er það vottur þess, að farinn sé að vakna skilningur manna hér heima á hinum afarmiklu hæfileikum Jóns og á því, hverja þýðing það hefir fyrir íslenzka menningu, að hin stærri verk hans geti orðið prentuð. Hann hefir m. a. samið lög við erindi úr Hávamálum, og hefir í undirbúningi „óratoríum“ mikið við Edduljóð og margt fleira, sem ég skal ekki tefja hv. þd. með að telja upp, því að til þess færi of langur tími. En ég þori að fullyrða, að það er margur styrktur af Alþ., sem miklu síður skyldi en Jón Leifs. Og það er sennilegt, að jafnvel núverandi kynslóð eigi eftir að sjá það, að hann hefir meira til brunns að bera sem tónskáld en nokkur annar Íslendingur hefir hingað til haft. Fyrir tveimur árum kom út eftir hann þjóðlagahefti, sem náði töluverðri útbreiðslu erlendis. En það, sem er sérkennilegt við Jón Leifs sem tónskáld, er það, að hann byggir tónsmíðar sínar á íslenzkum grundvelli. Hann trúir á það, að í þjóðlögunum og jafnvel í rímunum séu geymdir fjársjóðir, sem þýðingu hafi fyrir norræna tónlist. Og það er sannfæring mín, að sá grundvöllur, sem hann byggir á, sé réttur. Hér er ekki farið fram á, að miklu sé fórnað þessum ötula, þjóðlega manni, heldur að Alþingi vilji sýna honum viðurkenningu, sem er meira siðferðilegur styrkur en peningastyrkur. Ég vona því, að hv. þd. geti fylgt okkur flm. í því að styrkja Jón Leifs lítilsháttar með þessum fjárstyrk.

Ég þarf svo ekki að orðlengja meira í þetta skipti. Það er ekki vert að eyða tíma í að ræða einstakar till. annara hv. þm., sem ég er ekkert við riðinn, en ég býst við, að till. frá sjútvn. verði rædd af form. n., svo að ég skal ekki fara langt út í hana, en aðeins benda á, að þetta er eina till., sem sjútvn. flytur, og hún lítil; ég vona því, að henni verði sá sómi sýndur, að hún verði samþykkt.

Héðinn Valdimarsson: Það eru 3 smábreytingatill., sem ég þarf að mæla með, auk þeirra, sem við höfum borið fram saman, af hálfu flokksins, Alþýðuflokksmennirnir, og hv. þm. Seyðf. hefir talað fyrir. — Þetta er fyrir námsmenn, tvær af þeim till., sem ég flyt. Önnur er um

að veita Ingólfi Þorsteinssyni 1200 kr. styrk til þess að nema vélaverkfræði við háskóla erlendis. Hann mundi hafa fengið styrk úr menningarsjóði í fyrra, ef ekki hefði verið minna veitt úr þeim sjóði en áður, vegna þverrandi tekna. Hann hefir beztu vottorð frá kennurum sínum. Það eru fáir, ef það eru nokkrir aðrir, sem stunda vélaverkfræði erlendis, en það eru einmitt þeir menn, sem líklegt er, að geti orðið að gagni síðar, landi sínu og þjóð.

Hinn maðurinn, sem ég legg til að veita styrk, er Trausti Einarsson, sem er að ljúka námi í stjörnufræði, stærðfræði og eðlisfræði við háskólann í Göttingen. Hann hefir beztu meðmæli frá kennurum sínum, þar á meðal dr. Ólafi Daníelssyni og dr. Eckmann, prófessor við þýzka háskólann. Þessi efnilegi stúdent hefir stuðzt undanfarin 4 ár við styrk úr menningarsjóði, en hann er nú horfinn á enda, og pilturinn á ekki eftir nema 1 ár til að ljúka náminu. Og það er von, að þennan iðna efnismann langi til, að ekki verði allt ónýtt, sem hann hefir kostað upp á sig, en efnahagur hans er svo bágur, að hann getur ekki haldið áfram, nema hann fái styrk, og foreldranna ekki betri. Það er leiðinlegt fyrir hann að verða að hætta, þegar svo langt er komið. Það er því allt, sem mælir með þessum lokastyrk.

Ég hefi svo eina till. að auki, ásamt hv. 1. þm. S.-M., um styrk til Stefáns Árnasonar frá Steinsstöðum til ritstarfa. Þessi maður er mjög hneigður fyrir ættfræði og hefir safnað ýmsu um það efni, en ekki getað vegna fátæktar gefið neitt út um það. Ég vil mæla með, að honum verði veittur sá styrkur, sem farið er fram á, en að öðru leyti mun hv. 1. þm. S.-M. mæla með styrkveitingu til þessa manns.

Ég gleymdi till. fyrir Soffíu. Eins og kunnugt er, er frú Soffía Guðlaugsd. einhver bezta leikkona hér á landi, en hefir ekki haft tækifæri til að beita sér á leiksviði nú um nokkurt skeið, vegna þess að hún hefir ekki getað komizt að samningum við Leikfélag Reykjavíkur. En hún óskar að halda áfram við leiklistina, sem hún hefir áður stundað og hv. Alþingi hefir áður viðurkennt með því að veita henni styrk til að fullnuma sig erlendis, þar sem hún lærði margt. Það munu flestir hv. þm. hafa séð hana á leiksviði og vita því, hvernig hún rækir sín hlutverk. Hún hefir reynt að koma upp sérstökum leikflokki og tekizt það, og sækir nú um styrk til að taka upp leiksýningar með þessum flokki, og er tilætlunin að halda uppi leiksýningum í Reykjavík og víðar, þannig, að hún færi út um landið með leikflokk sinn og sýndi list sína a. m. k. í helztu kaupstöðunum. En þess vil ég geta, að ef það tækjust samningar milli hennar og Leikfélagsins, um að hún tæki þátt í starfsemi þess, sem ég aðallega vildi óska, þá er svo ætlazt til, að þessi styrkur skuli niður falla. En á annan hátt sé ég ekki, að við getum hjálpað henni og þeim, sem ánægju hafa af list hennar, en annaðhvort með því, að henni verði veittur sérstakur styrkur til leiksýninga, eða þá að hún kæmist í samstarf við Leikfélagið, sem væri það æskilegasta, og mun ekki standa á henni til þeirra samninga, eins og bréf þau sýna, sem legið hafa fyrir fjvn. þessu máli viðkomandi.

Ólafur Thors: Ég flyt 3 smábrtt. við frv. að þessu sinni. Fyrir einni mun hv. þm. Seyðf. mæla; við fluttum hana við 2. umr., og þó ég væri fyrsti flm., mælti hann fyrir henni þá, og mun nú einnig gera það, svo að ég sé ekki ástæðu til að tala neitt um hana.

Ég vil þá drepa á smábrtt. undir XIV. á þskj. 418, sem ég hefi flutt með hv. þm. Mýr., um að veita Jóni Blöndal styrk til lokanáms í hagfræði. Þessi ungi maður, sem þar er farið fram á að veita styrk, lauk prófi fyrir 4 árum, með ágætum vitnisburði. Síðan hefir hann notið styrks frá menntamálaráðinu, en getur nú ekki vegna lagafyrirmæla um, hve lengi menn megi njóta þess styrks, fengið hann lengur. Hann á eftir 1 ár þar til hann er fullnuma og hefir tekið próf, og ég sé ekki, að honum séu aðrir vegir færir til að afla sér fjár til að standast þann kostnað en að leita til Alþingis og vita, hvort það vill hlaupa undir bagga.

Þessi ungi maður er heilsulítill; hann hefir haft berkla, og er búinn að liggja eitt ár í berklahæli. Hann hefir því ekki haft aðstöðu til að afla sér fjár á þann

hátt, sem margir námsmenn bjarga sér áfram með, að vinna fyrir sér á sumrin eða annan tíma með því að fórna náminu. En þrátt fyrir þetta heilsuleysi hefir hann stundað námið af dugnaði, svo að þrátt fyrir það, að hann hefir legið eitt ár af námstímanum rúmfastur, eru allar líkur til, að hann muni taka þetta vandasama próf á talsvert styttri tíma en venja er til. Hann hefir ekki notið neins styrks annars en frá menntamálaráðinu, og þar fyrir utan ekki haft neitt annað en það, sem stjúpmóðir hans, sem vinnur baki brotnu og er þó heilsulaus, hefir getað lagt af mörkum við hann. En nú hafa verið lækkuð laun kennara, eins og annara opinberra starfsmanna, en móðir hans hefir haft kennslu að aðalstarfi, svo að nú er það sund líka lokað fyrir honum, að hún geti miðlað honum nokkru. Það er þannig margt, sem mælir með því, að hv. Alþingi vildi veita þennan lokastyrk, svo að þessi ungi, heilsulausi, gáfaði maður geti lokið námi. Ég vona því, að hv. d. taki nú till. vel og láti sér nægja þá lækkun, sem orðið hefir á styrknum við það, að hann var felldur við 2. umr.

Þá á ég aðra till. undir LI. á sama þskj. um að láta niður falla áskilið framlag Kjósarsýslu og tveggja hreppa í sýslunni á móti ríkissjóðstillaginu til vegar á Kjalarnesi árin 1930 og 1931, svo nefnds Kjósarvegar.

Eins og hv. þdm. vita, var það til skilið í fjárl., að gegn framlagi ríkissjóðs til þessa vegar kæmi framlag sýslunnar og þessara tveggja hreppa. Þessir aðiljar hafa innt af hendi til vegarins á árunum 1926—31 kr. 16901.36, en eftir því, sem vegamálastjóri segir, eiga þeir ógoldið framlag, sem nemur kr. 7282.78. Upprunalega er framlag þetta svo komið til, að sýslubúum var það svo mikill hagur, að byrjað væri á þessum vegi, að þeir vildu vinna það til, að gangast undir þessar kvaðir, til þess að fá hann sem fyrst. En á síðari árum hefir þetta breyzt svo, að vegurinn er nú ekki eingöngu til þeirra þarfa, heldur er hann orðinn alger þjóðvegur, eftir að ferðir kringum Hvalfjörð hafa færzt í aukana. Og hæstv. stj. hefir sýnt, að hún hefir þennan skilning á þessu með því að fella niður þetta skilyrði fyrir fjárveiting til vegarins í fjárlfrv. fyrir árið 1932, og hv. Alþingi gekk inn á þann skilning. Það er því ákaflega sanngjarnt, að þessi till. verði samþ. Úr því að það er viðurkennt, að það sé ekki réttlátt, að framlag komi frá þessum aðiljum til vegarins lengur, þá er það sannleikur, sem ekki verður hrakinn, að það hefir heldur ekki áður verið sanngjarnt. Ég hefi orðað þetta, bæði við hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., og þeir telja báðir sanngjarnt, að framlagið falli niður. Einkum hefi ég oftar en einu sinni orðað þetta við hæstv. forsrh., af því að það heyrir nú undir hann sem atvmrh. Ég vænti því, að einnig þessari till. muni hv. d. taka vel og gjalda henni jákvæði. Og þar sem meðmæli tveggja ráðh. styðja till., þykist ég vita, að hún eigi tryggt fylgi í d.

Sveinn Ólafsson: Nafn mitt er bundið við nokkrar brtt. við fjárl. að þessu sinni, en aðalflm. er ég aðeins að einni brtt. Ég verð þó að víkja nokkrum orðum að öllum þeim till., sem ég er við riðinn, jafnvel þeim, sem búið er að minnast á.

Ég kem fyrst að IV. brtt. á þskj. 418, sem borin er fram af hv. 2. þm. Rang. ásamt mér og hv. 1. þm. Rang. og hv. 1. þm. N.-M.; hefir að vísu verið minnzt á hana áður, bæði af aðalflm. og mér, þar sem hún lá einnig fyrir við 2. umr. fjárl., skal því aðeins stuttlega að henni vikið. Hún lýtur að því, að færa vegafjárveitingu frá Holtavörðuheiðarvegi til annara vega, þannig að framlagið til Holtavörðuheiðarvegar lækki um 30 þús. kr., sem veittar verði til vega annarsstaðar á landinu. Það hefir áður ljóslega verið á það bent, að eins og ástatt er, væri það nærri sjálfsagt að verja því fé, sem veitt er til vega, í vegi um sveitir, þar sem þjóðvegir eiga að liggja og þar sem það getur komið að notum þegar í stað. Óviðeigandi er að verja því til fjallvega, sem — eins og Holtavörðuheiði — nánast eru skemmtivegir fyrir fólk, sem léttir sér upp í sumarleyfi og alstaðar getur eytt tómstundum sínum í óbyggðum, ef vill. Ég skal ekki eyða tíma í að ræða þetta frekar, en víkja að VII. till. á sama þskj., þar sem vér sömu menn gerum till. um skiptingu á þeim 30 þús. kr., sem eftir IV. till. á að flytja til vegagerða í

sveitum, og ætlumst vér til, að ⅓ þeirrar upphæðar gangi til vegagerðar í Rangárvallasýslu, á svo kölluðum Fjallbaksvegi, en hinar 20 þús. kr. skiptist milli héraðavega á Austurlandi, þannig, að Jökulsárhlíðarvegur, Unaóssvegur, Breiðdalsvegur og Vopnafjarðarvegur hljóti sínar 5 þús. kr. hver. Það er vitaskuld, að þessar upphæðir eru litlar og að ekki verður mikið gert fyrir þær. En ég fullyrði þó, að þær muni undireins koma að nokkru liði, af því að aðrir vegir liggja að þessum vegum — vegir, sem fyrst geta orðið að verulegum notum, þegar þeir eru komnir í samband við þessa aðalvegi. Og flutningarnir vor og haust liggja um þessar leiðir, til og frá kaupstöðunum og kauptúnunum austanlands. Á þetta var minnzt af hv. meðflm. mínum, svo að ég þarf ekki að tefja tímann með því, að tala frekar um það.

Ég kem þá að þriðju till., sem er XXVI. liður á sama þskj., það er till. frá sjútv. Nd. Þar er farið fram á 1200 króna styrk til Árna Friðrikssonar, fiskifræðings, vegna útgáfu á riti einu, sem hann nefnir Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin. Hefir hann nýlega gefið út ritið, en því ekki ennþá verið dreift út til almennings eða til sölu haft. Höfundur hefir skýrt n. svo frá, að útgáfa ritsins, sem er 8 arkir að stærð, í fremur litlu broti, hafi kostað 1500 kr., og er ekki í því falin fyrirhöfn hans eða ritlaun, heldur er þetta aðeins útlagður útgáfukostnaður. Af bókinni eru prentuð 1000 eintök, og áður en hún er seld eða boðin almenningi til kaups, vill hann fá að vita, hvort Alþingi vill veita honum þennan útgáfustyrk. Ætlar hann, ef svo fer, að færa niður verð bókarinnar, en hann telur, að hann geti ekki selt hana svo lágu verði sem þarf, til þess að almenningur kaupi hana, án þess að hann fái þennan styrk. Með þessum styrk, sem sjútvn. fer fram á, gerir hann ráð fyrir að geta selt bókina fyrir kr. 1.00 til kr. 1.25, í stað kr. 3.00, sem ella myndi söluverð, og mundi hún þá fljótlega geta breiðzt út um landið og orðið aðgengileg fyrir allan almenning. Hefi ég fyrir 3 dögum átt tal við Árna Friðriksson og litið yfir bók hans, og finnst mér hún þess verð, að hún kæmist inn á hvert heimili í landinu, a. m. k. þau, sem við sjávarsíðuna eru. Þótt ritið sé í aðaldráttum um skarkolaveiðar, kemur það víða við og fjallar um margt annað, sem lýtur að veiðiskap. Það er alveg víst, að rit þetta getur komið almenningi að miklu liði, og tel ég því sjálfsagt að veita styrk til þess, að það geti orðið selt vægu verði. Með því móti kemst það fyrst í hendur margra manna og verður að tilætluðum notum. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, því að ég vona, að flestir hv. þdm. hafi kynnt sér ritið og muni veita þessari litlu till. stuðning. Ég fullyrði, að mörg upphæð hefir verið ómaklegar veitt en þessi, og hér er aðeins farið fram á að gefa almenningi kost á að eignast þarft rit og fróðlegt með vægu verði.

Skal ég þá koma snöggvast að XXIX. lið á sama þskj., sem er till frá hv. 1. þm. N.-M. og mér, um að veita dálítinn viðbótarstyrk til lúkningar á skuld félags þess, sem lét gera laxastiga í Lagarfljótsfossi næstl. sumar. Það er ekki til mikils mælzt með þessu, hvort sem um 2000 eða 1600 kr. er að ræða, þegar tekið er tillit til þess, að á þessu svæði ofan við fossinn liggur víðlent, fjölmennt hérað með miklum möguleikum til fiskiræktar, hérað, sem vænta má, að byggist meira eftirleiðis og líkur benda til, að innan tíðar taki e. t. v. við talsverðum hluta af íbúum sjávarþorpanna mörgum, sem komnir eru að því að gefast upp í sívaxandi atvinnukreppu. Það eru 5 eða 6 hreppar, sem liggja að Fljótinu ofan stigans, og fyrir ofan fossinn falla margar og stórar bergvatnsár í fljótið, sem líklegar eru til fiskiræktar, þegar leiðin öll frá sjónum er orðin fiskgeng.

Hv. 1. flm. hefir þegar mælt fyrir þessari till. af meiri kunnugleika en ég get gert, og skal ég því ekki tefja tímann með því að fjölyrða um hana frekar. Ég vík þá að brtt. á þskj. 430. Þar hefi ég gerzt meðflm. að lítilli till., þar sem hv. 3. þm. Reykv. er aðalflm. Till. lýtur að því, að veita manni norðanlands, Stefáni Árnasyni, dálitla upphæð, sumpart til ritstarfa og uppörvunar, og sumpart í viðurkenningarskyni fyrir það starf, sem hann hefir þegar unnið. Ég kynntist þessum manni og var honum samtíða á æskuárunum og hefi lítillega kynnzt honum á

seinni árum, en þekki þó lítið störf hans nema gegnum frásögn annara fróðra manna. Hann hefir látið sér mjög annt um að safna ýmsum sagnafróðleik og ættvísi. Á hann nú í fórum sínum allgott safn af þessum fræðum. Nú er það ósk okkar flm., að honum verði veittar á 16. gr. fjárl. 400 kr. eða til vara 300 kr. Vitanlega verður fyrir þessa litlu upphæð ekki mikið afrekað, en hugmynd okkar flm. er að gefa honum hvöt til að halda þessu starfi áfram og auka það. Hann er nú kominn á gamalsaldur, en mundi telja það viðurkenningu, sem nokkurs væri virði, af hann fengi þessa litlu fjárhæð eitt skipti fyrir öll. Hún er svo lítil, að engu skiptir, þegar litið er til fjárveitinga, hliðstæðra, sem þegar eru komnar í fjárlög, og hún mundi aðeins í þetta eina skipti veitt af því, að miðað er við 16. gr.

Fleiri till. er ég ekki riðinn við á þeim þskj., sem fram eru komin. En hér verður bráðlega útbýtt þskj. 452 með brtt. frá ýmsum hv. þm. og þar er ég með hv. þm. Seyðf. flm. að lítilli brtt. við 22. gr. fjárl. Við förum þar fram á, að ríkissjóður taki að sér ábyrgð á 40 þús. kr. láni, sem Fisksölusamlag Austfjarða þarf að taka og tekur að öllu sjálfráðu vegna tekjuhalla, sem það beið á síðasta hausti við að senda út með áætlunarskipum kaldan og ísvarinn fisk í kössum. Eins og kunnugt er var með lögum nr. 37 frá sumarþinginu 1931 gerð ráðstöfun til þess að hefja útflutning á kælifiski frá veiðistöðvum, þar sem bátar stunduðu veiði, með skipum, sem skipaútgerð ríkisins útvegaði og fara skyldu áætlunarferðir til Bretlands. Fyrsta tilraun í þessa átt var gerð austanlands og lítillega norðanlands. Var það aðallega Fisksölusamband Austfjarða, sem réðist í þetta og gerði þessa fyrstu tilraun, sem að ýmsu má segja, að tækist sæmilega að því, er kom til sölu fiskjarins, en varð samlaginu þó að byrði vegna óhappa. Óhöppin voru einkum þau, að skipin, sem leigð voru til þriggja mánaða, gátu eigi farm fengið, er fram á vetur kom og ógæftir bönnuðu róðra. Í öðru lagi brást með öllu kolaveiði vegna þess, að veiðitæki, sem sambandið pantaði fyrir félagsmenn í byrjun haustvertíðar, komu eigi fyrr en að loknum veiðitíma.

Margt annað, svo sem óhaganleg stærð skipanna, varð til að spilla árangri, og komst samlagið því í skuld, sem nú er leitað láns til að greiða, jafnframt og ný tilraun verður hafin til kælifisksölu með betri viðbúnaði og frekari reynslu en fyrra sinn, en lán þetta, sem von er um, að bankarnir veiti, óskar sambandið að ríkið ábyrgist gagnvart bönkunum, með því að fé þess er ennþá fast í ónotuðum veiðarfærum og umbúðum fiskjar, sem samtals nemur ca. 74000 kr.

Við flm. þykjumst mega fullyrða, að ef þessi ábyrgð ríkisins fengist, þá yrði fljótlega hægt að lagfæra hag sambandsins, og enginn efi er á því, að framhald um þessa flutninga verður miðað við þá reynslu, sem fengin er, því að í annað sinn mun sambandið ekki brenna sig á því að leigja skip á þennan hátt. Yfirleitt má segja það, að sala á þessum útflutta bátafiski hafi reynzt eftir öllum vonum. Til skýringar fyrir hv. þm er rétt að geta þess, að af þeim 12870 kössum, sem sendir voru út frá Austfjörðum, seldist hver til jafnaðar á 16,10 kr., þótt megin fiskjarins væri ódýr tegund. Og þegar athugað er, að í hverjum kassa er ekki nema um 60 kg. af fiski upp úr sjó, má þetta álítast góð sala. Ef stýrt er fram hjá óhöppum þeim, sem raunar mátti alltaf búast við við fyrstu tilraun, þá virðist vonin vera góð um það, að framhald af þessu geti orðið í öllum verstöðvum, þar sem smábátar stunda veiði, að miklu liði. Hér er spurningin aðeins um það að sigrast á fyrstu erfiðleikunum, svo að ekki þurfi að gefast upp á miðri leið til stórtjóns fyrir alla þá, sem stunda smábátaútgerð, eins og víðast er austan- og norðanlands.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum til skýringar á þessu, en ef hv. þm. óska eftir frekari upplýsingum um þessa fyrstu tilraun með ísfiskisölu með áætlunarferðum, þá er hægt að útvega þær og hafa til taks, aukheldur þegar í dag, hjá mönnum þeim, sem hér eru staddir og störfuðu í umræddu fisksölusambandi.

Sveinbjörn Högnason: Við 2. umr. fjárl. flutti ég og hv. samþm. minn brtt., sem fer fram á 10 þús. kr. til vegarins upp í Landsveit, og verði það tekið af upphæð þeirri, sem í fjárl. er áætluð til

vegarins yfir Holtavörðuheiði. En vegna þess að margir hv. þm. hafa farið fram á, að lækkað yrði það fé, sem ætlað er til vegarins yfir Holtavörðuheiði, þá hefir fjvn. farið fram á það, að við tækjum till. aftur til 3. umr., svo að hægt væri að athuga hana nánar. Nú hefir fjvn. ekki séð fært að taka þetta til greina hjá okkur, og þess vegna flytjum við nú aftur brtt., en nú í félagi með hv. 1. þm. S.-M., um að lækka fé til Holtavörðuheiði, en veita smærri upphæðir til vega annarsstaðar í sveitum landsins. Við viljum sjá, hversu margir og hverjir hv. þm. það eru, sem vilja verja ⅓ hluta af öllu vegarfé þessa árs, sem ætlað er til nýbyggingu vega, til vegar yfir eyðiheiði, sem ekki léttir beinlínis undir framleiðslu og afkomuskilyrði manna, en neita jafnframt að láta smáupphæðir ganga þangað, sem gæti komið heilum sveitum að miklum notum og létt stórkostlega undir lífsskilyrði hjá þeim. Ég held, að þeir hv. þm., sem vilja láta ⅓ hl. vegarfjárins ganga eins og til er ætlazt eftir till. fjvn., sem komnar eru frá vegamálastjóra, skilji ekki hvaða tímar það eru, sem við höfum við að stríða, ef ekki á fyrst og fremst að taka tillit til þess, hvar þörfin er mest aðkallandi. Ég get skilið aðstöðu vegamálastjóra, því að auðvitað er það hans till, sem fjvn. ber fram. Hann lítur auðvitað á það, sem verða á í framtíðinni, lítur á vegakerfi landsins í heild sinni. En hann er ekki eins kunnugur og einstakir þm., hvar þörfin er mest í svipinn, og hvar smáupphæðir geta komið að fullu gagni. Það er því einmitt þm. að benda á það. Ég held þess vegna, að það sé fullkomlega sanngjarnt, þegar við förum fram á það, að ⅗ þessa fjár til Holtavörðuheiðarvegarins verði teknir og varið til þess að bæta úr brýnustu þörfum, þar sem hægt er með smáupphæðum, eins og við förum fram á í brtt. á þskj. 418,VII. — Ég er ennfremur riðinn við brtt. á sama þskj. undir X, með 1. þm. Árn. og hv. samþm. mínum (JÓI), þar sem farið er fram á 20 þús. kr. sem vöruflutningastyrk til hafnleysishéraðanna á Suðurlandi, ef frv., sem nú liggur fyrir um bifreiðaskatt og benzínskatt, verður afgreitt sem lög frá þinginu. Við umr. um þetta frv. héldum við því fram, að nokkur hl. þessa skatts ætti í raun og veru að koma sem styrkur til þessara héraða aftur, því að hann myndi leggjast þyngst á þau héruð, sem einungis verða að nota bílaflutninga. En þá var það einmitt vegna tilmæla hæstv. forsrh. og annara hv. þm., að við tókum þær brtt. aftur við það frv., þar sem talið var réttara, að þessi styrkur væri tekinn beint upp í fjárl., en ekki tekinn af skattinum sjálfum. Þess vegna er það, að við flytjum nú þessa till., svo framarlega sem þetta skattafrv. verður afgreitt frá þessu þingi.

Þá er ég meðflm. að till. á sama þskj. undir XV með samþm. mínum (JÓI) um styrk til Jóns Gissurarsonar til framhaldsnáms í Þýzkalandi, 800 kr. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir þessari styrkbeiðni, sem þá var 1000 kr., en var felld með litlum atkvæðamun. Ég ber því fram nú 800 kr., og þar sem svo lítill atkvæðamunur var um þessar 1000 kr. við 2. umr. fjárl., þá tel ég víst, að ekki þurfi að fara mörgum orðum aftur um þessa brtt. okkar, þar sem hún er færð niður um 200 kr. Ég skal taka það fram um þennan styrk og alla persónulega styrki, sem hér eru komnir fram, að það er í rauninni ákaflega erfitt fyrir hv. þm. að gera sér ljóst í hverju tilfelli, hvar þörfin er mest. Æskilegast væri, að þingið hefði aðeins eina upphæð, sem varið væri svo eftir umsóknum, án þess að þingið greiddi atkv. um það. En ef persónulegir styrkir eiga nokkurn rétt á sér, þá vil ég halda því fram, að það séu helzt styrkir til manna, sem stundað hafa nám erlendis í allmörk ár og eiga ekki nema lítið eftir af námi sínu, en myndu verða að hætta, ef þeim væri ekki veitt hjálp.

Þá kem ég loks að brtt. á þskj. 440,II, sem við þm. Rang. flytjum. Þessi brtt. fer í þá átt að veita 7 þús. kr., til vara 5 þús. kr., til að ljúka við uppdrætti og áætlanir af mælingum þeim, sem framkvæmdar hafa verið á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Þessar mælingar hafa verið framkvæmdar á árunum 1929—31, og mælingunum sjálfum er nú lokið. Tilgangurinn með þessum mælingum er sá að áætla eftir þeim, hvernig megi verjast ágangi vatnanna, hvernig framræslu verði fyrirkomið á þessum svæðum og hvar eigi að

leggja í brýr og vegi, sem sagt að finna undirstöðu undir hin miklu mannvirki, sem þarna eru nauðsynleg, bæði til að koma samgöngunum í öruggara horf og til þess að verjast ágangi vatnanna betur en verið hefir undanfarin ár. Eins og ég hefi tekið fram, þá er nú þessum mælingum lokið. En eftir er að vinna úr þeim, gera áætlanir og teikningar. Að vísu hefir verið unnið að þessu af Búnaðarfélagi Íslands í von um, að framhald fjárveitinga þingsins komi til síðar. En til þess að geta lokið við það að fullu, mundi þurfa 10 þús. kr., en við höfum þó ekki farið fram á meira en 7 þús. kr. í þessu skyni og til vara aðeins 5 þús. kr. En þess ber að gæta í þessu sambandi, að þegar byrjað verður á framkvæmdum á vatnasvæðinu og það er nú sem betur fer brátt að því komið, því að byrjað verður á brúnum að vori komanda, þá er nauðsynlegt að þessar áætlanir liggi fyrir til afnota. Það verður því að telja það hina mestu nauðsyn, að fé verði veitt til þessa nú, svo að hægt sé að byrja á framkvæmdum.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér nokkrar brtt., ýmist einn eða með öðrum. Sú fyrsta er á þskj. 418,XVII, um 1000 kr. styrk til Ágústs Sigurðssonar frá Lundi til háskólanáms í Norðurlandamálum. Hann hefir lesið við háskólann í Kaupmannahöfn undanfarin 3—4 ár og lagt aðaláherzluna á dönsku og sænsku. Hann hefir sótt um styrk áður bæði til þingsins og menntamálaráðsins, en aldrei fengið neina aðstoð, og hefir því sérstaklega verið borið við, að hann læsi dönsku og gamla orðtakið segir, að auðlærð sé ill danska. En það vill nú svo til, að hér á landi er ekki nokkur maður, sem hefir vísindalega menntun í nútíma Norðurlandamálum, og væri þess þó full þörf, að einum slíkum manni væri hér á að skipa, því að svo margt þurfum við til þessara þjóða að sækja. Þessi piltur hefir brotizt áfram styrklaus af hinu opinbera. Hann missti föður sinn núna í vetur, Sigurð Jónsson prófast á Lundi. Hann verður því að hætta við nám sitt, ef hann verður ekki þessa styrks aðnjótandi.

Þá eigum við hv. þm. Borgf. brtt. á þskj. 418, XXXIII. Það er nýr liður, til Búnaðarbanka Íslands til greiðslu upp í viðlagasjóðslán mjólkurfélagsins Mjallar, 12 þús. kr.

Við bárum fram við 2. umr. samskonar brtt. nokkuð hærri, en hún var þá felld. Hv. frsm. síðari kafla fjárl. (IngB) andmælti þessari brtt. mikið við þá umr. Ég svaraði honum ekki þá, en mun gera það nú. Hann sagði, að saga þessa fyrirtækis væri óslitin hrakfallasaga. Ég skal játa, að margir örðugleikar hafa orðið fyrir þessu fyrirtæki, eins og fyrir flestum nýjum iðnaðarfyrirtækjum, sem við Íslendingar höfum tekið upp. Það er ekkert undarlegt, við erum börn í þessum málum ennþá og verðum að þreifa okkur áfram. Það er eðlilegt, að þeim, sem eru að byrja á þessu sviði, verði ýmislegt á, sem menn komast fram hjá, þar sem meiri reynsla er fyrir. Þess ber líka að gæta, að þetta fyrirtæki var stofnað á mjög erfiðum tímum, mestu verðsveiflutímunum. En þó að það sé rétt, að sumt af því, sem miður hefir farið, sé sjálfskaparvíti, þá vil ég segja það, að þeir, sem hófu þetta nýja starf með góðum hug, til þess að styðja íslenzka framleiðslu, hafa fengið fullkomna hefnd fyrir það, sem þeim kann að hafa orðið miður um þetta starf, þar sem þeir eru búnir að tapa öllu, sem þeir lögðu í það. Þeir eru búnir að tapa öllum höfuðstól fyrirtækisins, að upphæð 60 þús. kr., og auk þess vöxtum af höfuðstólnum, fyrir utan alla fyrirhöfn, sem þeir hafa haft og ekkert fengið fyrir. Auk þess er mikið ógreitt af mjólkurverði til bændanna í héraðinu, sem sömuleiðis er tapað fé, og skiptir þúsundum. Það er ekki hægt annað að segja en að þessir menn hafi þegar lagt fyllilega sinn skerf til þess að ryðja þessu nauðsynjafyrirtæki braut. Það sýnist því koma úr hörðustu átt, ef Alþingi neitar að gera sitt til að rétta þessum mönnum hjálparhönd. Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, þá er það svo, jafnvel þótt ríkissjóður veitti þennan styrk, að þá fengi þetta bú mikið lægri styrk hlutfallslega heldur en nokkurt annað mjólkurbú, sem stofnað hefir verið á síðustu árum og notið hefir opinbers styrks. Ég ætla því að treysta því, að hv. þd. sýni þá viðsýni og sanngirni að vilja létta þessu félagi þær byrðar, sem

það hefir orðið á sig að leggja við að koma á laggir þessu nauðsynjafyrirtæki. Það er enginn vafi á því, að ef félagið hefði ekki ráðizt í þessa starfsemi, þá hefði hún engin verið til nú og því engin reynsla verið til fyrir hendi í þessu nauðsynjamáli. Hinsvegar er það víst, að ef fyrirtækið réttir við nú, þá væri það landinu ávinningur, sem væri margfalt meira virði heldur en sá styrkur, sem hér er farið fram á, að veittur verði, og það margfalt, margfalt meira virði.

Þá á ég hér ásamt hv. þm. Borgf. brtt. XL á þskj. 418, um tvær smáar styrkveitingar til tveggja pósta. Annar þeirra er Jón Jónsson á Galtarholti. Hann hefir nú verið póstur í 26 ár milli Borgarness og Staðar, sem, eins og kunnugt er, er ein af erfiðustu póstleiðum þessa lands, enda hefir Jón oft átt við erfiðleika að stríða í því starfi og lent í miklum hrakningum, svo að oft hefir litlu munað um líf hans. Nú hefir aðstaðan breyzt svo frá hálfu hins opinbera, að þessi atvinna er nú eyðilögð fyrir honum að mestu; þessi atvinna, sem hann er lengi búinn að slíta sér fyrir, hún er a. m. k. töpuð yfir sumartímann. Hann hefir lagt í mikinn kostnað bæði með hestaeign o. fl., til þess að geta stundað þessa atvinnu, en sá kostnaður verður honum nú að sjálfsögðu til mikils skaða, þar sem hann hefir ekkert í aðra hönd. Hann hefir nú sótt um 1000—1500 kr. eftirlaun, og af því að við hv. þm. Borgf. teljum, að hann hafi ekki síður en þeir aðrir póstar, er njóta nú eftirlauna í fjárlögum, aðstöðu til þess að eiga rétt til slíkra eftirlauna, þá höfum við nú flutt þessa brtt., þótt við hinsvegar vildum ekki fara hærra en í 300 kr., og ég verð að fullyrða það, að sú styrkbeiðni er ekki síður sanngjörn en þau eftirlaun pósta, sem í fjárl. eru. Hinn pósturinn, sem við hv. þm. Borgf. sækjum um 200 kr. eftirlaun handa, er Guðjón Kjartansson. Hann hefir að vísu ekki verið eins lengi póstur og hinn, en á það er sérstaklega að líta, að hann varð fyrir miklum meiðslum við þetta starf, datt af hestbaki og laskaðist svo í hægri síðunni, að hann er að mestu leyti farlama síðan. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þessar brtt.; ég treysti því, að hv. d. sjái, að þær eru á sanngirni byggðar og þessir póstar eiga ekki síður en aðrir rétt til hluta af því fé, sem varið verður til eftirlauna handa póstunum.

Þá eigum við hv. þm. Borgf. brtt. á þskj. 418,LIII, við 22. gr. frv., um að stj. heimilist „að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að ¼ kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu". Þessi styrkur er í samræmi við samskonar styrki, sem veittir hafa verið í fjárlögum undanfarið til þeirra 4 mjólkurbúa, er stofnuð hafa verið, sem eru: Mjólkursamlag Eyfirðinga, Mjólkurbú Flóamanna, Mjólkurbú Ölfusinga og Mjólkurfélag Reykjavíkur. Þessi bú hafa öll hlotið slíka styrki og hér er farið fram á og miklu hærri. Nú hefir þessi heimild fallið niður úr frv., en vegna þess, að það Mjólkurbú, sem áður hefir starfað í Borgarfirðinum, hefir lítils styrks notið samanborið þið þau mjólkurbú, er nefnd hafa verið, þá höfum við hv. þm. Borgf. með góðu samkomulagi við hæstv. stj. borið fram þessa brtt. Ég tel það víst, að hv. d. sjái, að þessi till. er í samræmi við samskonar ákvæði í fjárl. undanfarið um styrk til stofnunar mjólkurbúa.

Þá á ég enn brtt. á sama þskj., XLIX, við sömu gr., um að stj. heimilist „að lána Eiríki Leifssyni allt að 20 þús. kr. eða ábyrgjast fyrir hann lán allt að jafnhárri upphæð, til starfrækslu innlendrar skógerðar, gegn þeirri tryggingu, er stj. metur gilda". Þessi ungi maður hefir sýnt mikinn dugnað og áhuga með því að hefja skógerð af innlendri framleiðslu, og hér er að ræða um innlenda sjálfbjargarviðleitni, sem ekki síður en annað af sama tagi á það skilið, að því sé gaumur gefinn. Hann hefir sýnt, að það er hægt að búa til úr íslenzku skinni svo að segja allar þær skótegundir, bæði grófar og fínar, sem notaðar eru hér á landi, með þeim tækjum, sem erlendis eru notuð, og hvað verð og gæði snertir samkeppnisfæra vöru við hið erlenda skótau, sem nú er flutt inn í landið. En nú lítur út fyrir, að fyrirtæki hans ætli að stranda á samskonar erfiðleikum og mörg önnur fyrirtæki nú á tímum, sem sé skorti

á veltufé. Nú hefir þessi maður gert tilraun með að gera skó úr selskinni og selja til Englands og með þeim árangri, að eftirspurnin hefir orðið svo mikil, að hann hefir engin ráð haft með að sinna henni sökum veltufjárskorts. Er enginn vafi á því, að öll okkar selskinn gætu á þennan hátt fengið markað í Englandi og Danmörku. Ég verð nú að segja það, að ef þetta fyrirtæki á ekki skilið stuðning Alþingis, þá veit ég ekki, hver fyrirtæki eiga hann skilið. Þó hinn útlendi markaður fyrir okkar hrávöru sé alltaf jafnt og þétt að rýrna og eyðileggjast, svo að það svarar nú alls ekki kostnaði lengur að berjast við að framleiða margar tegundir hennar, þá sýnist Alþingi engu að síður loka augunum fyrir þeim möguleikum, sem eru til þess að nota þessa vöru handa innlendum markaði með því að stuðla til þess, að hinar mörgu auðu hendur vinni að því að gera hana nothæfa. Hv. þm. sýnast hafa raunalega litinn skilning á því, að hinu opinbera sé skylt að veita sína beztu aðstoð í þeim efnum. Það hefir verið reynt í þessari hv. d. með frv., sem stuðlaði að því að auka innlenda framleiðslu á kartöflum, til þess að fullnægja innlendum markaði, en d. kom því frv. fyrir. Og sömuleiðis hefir hv. Ed. nýlega látið sér sæma að drepa annað frv. um kartöflukjallara og markaðsskála í Reykjavík, sem hefði haft áhrif í sömu átt. Sama má segja um undirtektir þingsins við ýmis önnur skyld mál, er fyrir það hafa verið lögð. En ég verð að segja það, að svo framarlega, sem allt á ekki að fljóta sofandi að feigðarósi, þá verður á þessu þingi, þótt seint sé, að gera alvarlegar ráðstafanir til þess að tryggja innlendri framleiðslu þann markað, sem fáanlegur er í landinu sjálfu. Skógerð Eiríks Leifssonar er álitlegt spor í rétta átt með því að framleiða þá vöru, sem áður hefir verið sótt til útlanda, og með því að skapa atvinnu í landinu sjálfu.

Að síðustu skal ég geta till., er við hv. þm. Borgf. flytjum á þskj. 440,5, um heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að taka kjallara á leigu til geymslu á kartöflum. Þetta er flutt af því, að hv. Ed. bar vist hag ríkissjóðs svo fyrir brjósti, að hún sá sér ekki fært að samþ. frv. um þetta efni, eins og áður er getið, þrátt fyrir einróma meðmæli búnaðarþings og samþykki þessarar hv. d., og sömuleiðis þrátt fyrir það, þótt í frv. væri bráðabirgðaákvæði einmitt um það að leysa þetta mál í bili með því að leigja húsrúm fyrir þessa geymslu. En úr því að hv. Ed. hefir nú drepið frv. með rökst. dagskrá, þá höfum við tekið þetta ráð, til þess að reyna að bjarga málinu, að bera fram heimild í fjárlögum, til þess að verja nokkru fé í þessu skyni. Og það er sannfæring mín, að þótt þetta kosti ríkissjóð nokkur þúsund í útborgun, þá mun það borgast með tugum og hundruðum þúsunda á spöruðum greiðslum út úr landinu. Og það er sannarlega að spara eyrinn og kasta krónunni að sjá í það, að leggja úr ríkissjóði litla upphæð til þessara hluta. Hv. Nd. hefir sýnt skilning í þessu máli, og býst ég við, að hún samþykki því þessa till., svo að hv. Ed. fái tækifæri til þess að hafa heiðurinn af því að fella þetta mál með sínum þráa í annað sinn, sem bæði búnaðarþing og þessi hv. d. hafa veitt fylgi, og vitanlegt er að meiri hl. þingsins er meðmæltur.

Ég á nokkrar fleiri brtt. við þetta frv., sem ég hefi flutt ásamt öðrum hv. þm., en þar sem þeir hafa nú talað fyrir þeim, læt ég hér staðar numið.

Bergur Jónsson: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 418, sem ég skal nú gera nokkra grein fyrir. — Sú fyrsta er um hækkun á tillagi til fjallveganna úr 10 í 15 þús., og jafnframt bætt við þeirri aths., að þessar 5 þús. eigi að veitast til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi. Ég fór fram á samskonar tillag til þessa vegar á sumarþinginu, en hv. fjvn. tók þá sjálf hækkunina inn í sínar till. og var talað um, að hún kæmi þessum vegi til góða. Býst ég við, að þessi vegur fái að njóta þess í sumar, svo framarlega sem eitthvað verður lagt til fjallveganna. Vegamálastjóri hefir látið gera áætlun um kostnað við þennan veg, og er sú áætlun 20 þús. kr., sem hann lagði til að reynt yrði að afla af fjallvegafé, því að þetta er ekki þjóðvegur.

Aðstaðan þarna er sérstaklega erfið. Rauðisandur er einhver bezta sveitin á Vestfjörðum, en hann er umluktur á alla

vegu, að sunnanverðu af Breiðafirðinum og á 3 vegu af háum fjöllum og klöppum. Samgöngur við þessa frjósömu sveit er ekki hægt að bæta nema með vegi. Hún liggur fyrir opnu hafi, og er því erfitt um lending, löng sjóleið til Patreksfjarðar og auk þess yfir Látraröst að fara. Hinsvegar er sveit þessi frjósöm, og mikil skilyrði þar til ræktunar og til þess að reka þar kúabú, ef sæmilegur akvegur kæmi yfir Skersheiði. Væri þá hægt að flytja mjólk frá Rauðasandi til Patreksfjarðar. Þetta ætti nú einmitt að koma sér vel fyrir þorpið, sem stendur á svo hrjóstugum stað, að mjög dýrt og erfitt er fyrir íbúana að hafa kúahald. En ef vegur yrði akfær yfir Skersheiði, þá má eins og ég hefi tekið fram, bæta úr þessu, því að daglega yrði hægt að flytja mjólk frá Rauðasandi að Hvalskeri, en þar er lending góð og hæg leið til Patreksfjarðar. Ég vona svo að þessari till. verði vel tekið, þótt hv. fjvn. hafi lagt til að lækka þennan lið, og hv. dm. sjái, að það er meiri ástæða að hækka þessa fjárveiting heldur en lækka hana, því að það er alveg ófullnægjandi að ætla einar 10 þús. kr. til fjallvega á öllu landinu.

Þá flyt ég á sama þskj. XXII. brtt., um styrk handa Helga Guðmundssyni til þjóðsagnasöfnunar, að upphæð 500 kr., en til vara 300 kr. Þessi maður hefir sjálfur tekið það fyrir sig að safna þjóðsögum, sérstaklega í Arnarfirði og á Barðaströnd, en á þessum slóðum er mikið til af því tagi. Þessi maður á nú mikið safn af sögnum, sem þarft verk er að varðveita frá gleymsku; hefi ég litið yfir safn hans, og er það skýrt og vel skrifað. Þessi fjárveiting er mjög lítil, og vil ég því vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að fallast á hana.

Á þskj. 418 á ég ennþá brtt., auðkennda XXXVIII, um að hækka lífeyri Guðmundar Björnssonar kennara upp í 200 kr. Þessi maður hefir starfað sem barnakennari í 31 ár og hefir staðið ágætlega í stöðu sinni. Vona ég að hv. d. taki þessu vel, þar sem aðeins er um 50 kr. árlega hækkun að ræða.

Loks flyt ég á þessu sama þskj. brtt. um heimild handa hæstv. ríkisstj. til að lána 2 læknishéruðum fé, til þess að standa straum af skuldum, er myndast hafa vegna byggingar læknisbústaða, er nýlega hafa verið reistir. Annað lánið á að veita Reykhóla- og Gufudalshreppum, kr. 12 þús. að upphæð, til 20 ára gegn 6% vöxtum. Hitt lánið veitist Flateyjarhéraði, kr. 4000, til 10 ára með 6% vöxtum.

Reykhólahérað mun vera eitthvert minnsta læknishéraðið hér á landi, og þar við bætist, að einn hreppurinn í því héraði er mjög illa staddur fjárhagslega og getur því engan þátt tekið í byggingarkostnaði læknisbústaðarins. Læknisbústaðurinn varð auk þess mikið dýrari en áætlað hafði verið, eða ekki minna en 40 þús. kr. Og það liggur í augum uppi, að 400 manns hafa ekki bolmagn til þess að standa undir slíkum kostnaði. Ég verð að álíta það beint skyldu ríkisins í slíkum tilfellum að hlaupa undir bagga. Þetta hérað var neytt til að byggja læknisbústað: læknirinn setti héraðsbúum stólinn fyrir dyrnar og sagðist fara, ef ekki yrði byggt. Einn hreppurinn í héraðinu gat greitt sinn hluta, en tveir hreppar standa undir um 20 þús. kr. þunga, sem tekið hefir verið að láni með vondum kjörum. Ef ríkissjóður sæi sér fært að lána Reykhóla- og Gufudalshreppum með hagkvæmum kjörum þær 12 þús. kr., sem brtt. leggur til, þá mundu þessir hreppar geta staðið straum af lánunum.

Um læknisbústaðinn í Flatey er það að segja, að hann er gamall, og keypti héraðið hann nýlega. En nú er svo ástatt þar, að héraðið getur ekki staðið í skilum, og ef þeir bogna, þá kemur skellurinn á Austur-Barðastrandarsýslu, sem er í ábyrgð fyrir láninu. Í raun og veru ætti ríkið sjálft að sjá um bústaði handa héraðslæknum, a. m. k. í þeim héruðum, þar sem íbúarnir eru ekki fleiri en 300—400 manns. Það sjá allir heilvita menn, hvort svo fámenn héruð geta staðið straum af dýrum byggingum, sem kosta kannske fleiri tugi þúsunda, án þess að fá verulegan styrk, ef það á ekki að verða til að eyðileggja um lengri tíma fjárhag héraðanna og getu.

Jónas Þorbergsson: Að þessu sinni er nafn mitt ekki bundið við neinar ásetningssyndir í sambandi við fjárlögin, hvað svo sem kann að verða um breyskleikasyndirnar, þegar til atkvgr. kemur.

Ég á hér brtt. á þskj. 452, sem nýlega hefir verið útbýtt. Sú till. er ekki til þess að hækka útgjöld ríkisins, heldur er það aths. við aðra brtt., og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp, en hún hljóðar svo: „Aftan við liðinn bætist svohljóðandi aths.: Af þessari fjárveitingu ganga 1000 kr. til frú Soffíu Guðlaugsdóttur til sjálfstæðra leiksýninga, ef ekki næst samkomulag um samstarf milli hennar og Leikfélagsins". Till. þessa verður að athuga í sambandi við XIX. brtt. á þskj. 418, frá hv. 3. þm. Reykv., þar sem farið er fram á, að frú Soffíu Guðlaugsdóttur verði veittar 1500 kr., en til vara 1200 kr.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er frú Soffía Guðlaugsdóttir talin ein með allra beztu leikkonum hér á landi. Hefir þingið einnig viðurkennt það með því að veita henni styrk til leiknáms erlendis. Frá því 1916 hefir hún leikið hér í ýmsum leikritum og oft vandasömustu hlutverkin, þar til fyrir tveimur árum, að Leikfélag Reykjavíkur var endurreist og fékk nýja stj., að samningar tókust ekki milli hennar og leikfélagsins um áframhaldandi störf hennar þar. Ég hefi hér í höndum bréf frá frú Soffíu til leikfélagsins, sem sýnir skilmála hennar um samstarf við félagið. Skal ég, með leyfi hæstv. fors. lesa kafla úr bréfinu. Þar segir svo:

„Ég vil því enn, með skírskotun til bréfs míns í gær, endurtaka þá ósk mína: Að ég fái framvegis að koma til greina, þegar félagið velur sér leikendur í aðalhlutverk í sjónleikjum sínum, og að ég fái jafnframt að vera með í ráðum, þegar valin kynnu að verða þau hlutverk, sem mér væri ætlað að leika".

Með öðrum orðum: Skilmálarnir eru þeir, að hún geti komið til greina, þegar valið er í hlutverk, og að hún fái að vera með í ráðum um val þeirra hlutverka, sem henni væri ætlað að leika. — Þetta virðist sanngjörn krafa, og skilst mér, að hún hljóti að vera í samræmi við þær starfsaðferðir, sem leikfélög muni beita, þegar valið er í hlutverk. En leikfélagið hefir þó ekki viljað verða við þessum sanngjörnu tilmælum frúarinnar. Virðist sem lítil sanngirni komi þarna fram af hálfu leikfélagsins, án þess þó að ég ætli frekar að leggja dóm á það. — Þetta, sem ég hefi sagt eru líka rök með till. frá hv. 3. þm. Reykv. En með því að ég geri ráð fyrir því, að þingið verði ekki fúst til að veita frekari upphæðir til leiklistar, þá hefi ég flutt þessa brtt., fer ekki fram á hækkun, heldur fram á það, að frú Soffía Guðlaugsdóttir fái hluta af styrknum, ef ekki næst samningur milli hennar og leikfélagsins. Ég vona svo, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessa till.

Þá á ég aðra brtt. á þskj. 418, sem ég bar fram við 2. umr., en tók þá aftur til 3. umr. vegna þess, að gögn þótti skorta í málinu. Þar er farið fram á, að veita Önnu H. Sigurðardóttur ljósmóður 300 kr., og til vara 200 kr., eftirlaun á 18. gr. fjárlaganna, svo sem mörgum fleiri ljósmæðrum er veitt. Fjvn. getur þess í nál. sínu, að með beiðnum um eftirlaun handa póstum og ljósmæðrum hafi skort gögn s. s. um efnahag og starfstíma umsækjenda, og taldi sig þess vegna ekki geta mælt með því, að umgetnum beiðnum væri sinnt. Til þess að afla upplýsinga, vegna beiðni þeirrar er ég flyt, fékk ég símskeyti frá sýslumanninum í Dalasýslu, sem upplýsir um starfstíma þessarar ljósmóður og það, að hún er algerleg eignalaus. Ég vænti því, að fjvn. geti verið með þessu, þar sem ekki skortir nú lengur gögn í málinu.

Annars þykir mér það kynlegt hjá fjvn. og ég get eins sagt það, þótt ég eigi sæti í n., því að öllu er ég ekki sammála, sem frá henni kemur, að hún tekur allar prestsekkjur umtalslaust og athugasemdalaust á eftirlaun. En þegar beðið er um lítilfjörlegan styrk handa ljósmæðrum, sem oft hafa unnið miklu meira og merkilegra starf í þágu þjóðarinnar, að prestskonunum alveg ólöstuðum, þá verður að heimta hin fyllstu rök fyrir því, að þær séu styrksins verðar.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta. — Vona aðeins, að hv. d. sjái sér fært að veita þessari ljósmóður þennan litla styrk, þar sem margar aðrar ljósmæður hafa fengið samskonar eftirlaun. Þá er síðasta brtt. mín, sem ég þó legg ekki hvað minnsta áherzlu á. En till. fer fram á, að veittar verði 65 þús. kr. til þátttöku í rekstrarkostnaði útvarpsviðtækja þeirra útvarpsnotenda, sem ekki eiga kost á raforku. Þetta er fram borið vegna

kvartana, sem borizt hafa um það, að þeir útvarpsnotendur, sem ekki eiga kost á rafmagni, geti ekki notað útvarpstækin vegna kostnaðar. Nú munu vera um 4500 útvarpsnotendur alls á landinu. Hefir þeim nokkuð farið fjölgandi síðan á nýjári, þrátt fyrir kreppuna, og sýnir það, að útvarpið er eitt af því fáa, sem heldur áfram að vaxa á þessu landi, og er það vottur þess, að landsmenn vilja ekki án þess vera eða missa það.

Af útvarpsnotendum munu vera aðeins 12 til 13 hundruð í sveitum landsins. Þar er þó yfirleitt ekki minni þörf fyrir það en í kaupstöðunum, heldur þvert á móti. Eitt af hlutverkum útvarpsins er að færa byggðirnar saman, færa þær inn í straum menningarinnar. En þar sem ekki er kostur á raforku, geta þær ekki nema að litlu leyti notið þessa menningartækis. — Nú eru horfurnar þær, að margir, sem þó hafa klifið þrítugan hamarinn til að eignast tæki, verði að gefast upp við að nota þau vegna rekstrarkostnaðar.

Við afgreiðslu fjárlfrv. hefir bæði fjvn. og þessi hv. d. gengið langt í því að klípa af fjárveitingum, sem hingað til hafa verið veittar til að hjálpa sveitum landsins. Og það er almennt álit, að því fé, sem varið er til jarðræktar og húsabóta í sveitum, sé vel varið, enda þótt nú verði að takmarka það um stund. En ég vil benda á, að þótt útvarpið megi kannske fyrst og fremst teljast menningartæki, þá hefir það líka hagnýta þýðingu fyrir byggðir landsins og hana ekki svo litla. Veðurfarsfréttirnar einar út af fyrir sig, koma ekki eingöngu að gagni fyrir sjómannastéttina, heldur og líka fyrir bændurna. Annálar okkar Íslendinga hafa margar sögur að segja um skyndiáhlaup veðra, sem grandað hafa fé og mönnum, unnvörpum. Verði útvarpið nægjanlega útbreytt, getur það alveg komið í veg fyrir slíkt tjón, sem alstaðar getur verið hætta á, einkum þó á Norður- og Austurlandi, þar sem slíkra drápsveðra er mest von. Veðurstofan getur nægilega fljótt sagt fyrir um slík veður, og þeir menn, sem útvarps njóta, hagað sér eftir því. Einnig kemur útvarpið að hagnýtu gagni um sláttinn. Maður úr Eyjafirði hefir sagt mér það, að bændur inn í héraðinu hafi mjög mikið gagn af veðurfregnunum í sambandi við heyvinnuna. Og ég veit, að svo er víða um land. Ég hefi viljað benda þeim á þetta, sem máske telja ekki mikils virði fræðandi fyrirlestra, upplestur, músik, almennar fréttir, bæði innlendar og útlendar o. fl. Það má segja, að komast megi af án alls þessa á krepputímum. En án veðurfregna hygg ég, að menn telji sig illa geta verið, þegar þeir hafa lært og vanið sig á að nota þær til hjálpar í starfi sínu.

Ég hefi borið fram þessa till. af ótta við það, að bændur yrðu að hætta við útvarpið vegna hins háa rekstrarkostnaðar. Við það myndi og útvarpið tapa ársgjöldum. En mér hefir þótt réttara að fara þessa leið að jafna aðstöðumismuninn heldur en að fella niður ársgjaldið. Sá skattur er hér ekki hár, miðað við það, sem tíðkast annarsstaðar. Í Þýzkalandi t. d. er útvarpsskatturinn eins hár og hér, og eru þar þó 5 millj. útvarpsnotenda. Þar sem rekstrarútgjöld sumra útvarpsnotenda, þeirra er eigi hafa rafmagn, er um 80—100 kr. á ári, en sama sem enginn hjá þeim, sem hafa rafmagn, þá tel ég það skyldu þingsins að jafna þennan aðstöðumun. Hitt er svo rétt, að allir borgi jafnan skatt.

Ég sé eigi þörf á að fjölyrða meira um þetta. Ég veit, að hv. deildarmenn viðurkenna þörfina. Hitt er annað mál, hversu langt þeir treysta sér að ganga í þessu efni sem öðrum við afgreiðslu fjárlaganna.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefi leyft mér ásamt hv. þm. Rang. að flytja hér brtt. á þskj. 418, X., um að veita vöruflutningsstyrk til hafnleysishéraðanna á Suðurlandi, ef frv. það um bifreiða- og benzínskatt, sem nú liggur fyrir þinginu og komið er til Ed., verður að lögum. Eins og kunnugt er, er á Suðurlandsundirlendinu mesta hafnleysissvæði landsins. Þar er sjaldan hægt að koma vörum á land, og verða því allir aðalflutningarnir að fara fram landleiðina frá Reykjavík. Sú leið er bæði löng og erfið og flutningarnir mjög kostnaðarsamir, því að nú er svo komið, að bændur geta ekki flutt vörur sínar til og frá öðruvísi en á bifreiðum. Bæði er leiðin seinsótt á annan hátt, og svo er bílaumferðin orðin það mikil

um þjóðveginn, að ókleift má telja að fara um hann með hestvagna. Verði frv. um bifreiðaskatt samþ., verður því afleiðingin sú, að allmikill skattur leggst á flutninga héraðanna austanfjalls, og ekki sízt á þeim tímum, sem nú eru, má það heita óbærilegt, ef ekki koma einhverjar ívilnanir á móti. Það má vera að vísu, að þessi skattur komi illa við einstakar sveitir annarsstaðar á landinu, en ég hygg þó, að því verði ekki móti mælt, að þyngst kemur hann niður á Árness- og Rangárvallasýslum. Þar eru 20 til 30 hreppar, sem þurfa að flytja vörur sínar frá fimmtíu upp í talsvert á annað hundrað km. leið með bílum, og má nærri geta, að eftir frv. eins og það nú er gert úr garði leggst mjög þungur skattur á flutninga þeirra. Við höfum því stílað þessa brtt. okkar svo, að hún á aðeins við hafnleysishéruðin á Suðurlandi. En ég viðurkenni, að sanngjarnt væri að taka tillit til einstakra héraða víðar á landinu, sem erfitt eiga um flutninga, og mundi ég fyrir mitt leyti ekki hafa á móti brtt. eða viðaukatill. í þá átt.

Ég get svo látið útrætt um þetta efni. Væntanlega er hv. þdm. það ljóst, að það er ekki að ástæðulausu, að við flytjum þessa till. Ég fyrir mitt leyti fylgdi frv. um bifreiðaskatt vegna þeirrar nauðsynar, sem er á því að leggja meira fé til viðhalds og nýbygginga vega heldur en maður getur búizt við að hægt sé nú, að skattalöggjöfinni óbreyttri. Og það er ljóst, að sú greiðsla eða ívilnun, sem við förum fram á í brtt., er ekki nema sem svarar nokkrum hluta af því, sem greiða þarf af flutningum jafnvíðlends og fjölmenns héraðs eins og hér er um að ræða eftir frv. um bifreiða og benzinskatt. Verður maður að beygja sig þar fyrir nauðsyninni á að fá aukna fjármuni til veganna.

Þá hefi ég enn á ný leyft mér að flytja brtt., sem er XXXII. á sama þskj., um að greidd verði til Búnaðarbankans skuld, sem Áslækjarrjómabúið stendur í við viðlagasjóð. Ég gerði nokkra grein fyrir þessu máli við 2. umr. fjárl., og skal ég ekki þreyta hv. þdm. með endurtekningu á því, sem ég sagði þá, en mun aðeins drepa á höfuðatriðin. Í upphafi var stofnað til þessarar skuldar, til þess að kaupa áhöld til smjörlíkisgerðar. En þegar þessi áhöld höfðu verið keypt, komu fram upplýsingar um það frá fróðum mönnum í þessu efni, að það gæti stafað hætta af því að hafa smjörlíkisgerð í sambandi við rjómabú, að smjörið kynni að taka í sig keim af þeirri iðju. Voru þá samþ. lög um, að þessi starfsemi mætti ekki fara saman. Nú fékk að vísu þetta rjómabú undanþágu frá þeim lögum, en vegna þeirra umr., sem urðu um málið, sýndi það sig, að neytendurnir óttuðust, að smjörið kynni að vera gallað frá þessu rjómabúi, svo að þeir, sem starfræktu það, sáu sér þann kost vænstan að hætta algerlega smjörlíkisgerðinni, til þess engin tortryggni gæti komizt að. Þeir sátu þá uppi með áhöldin verðlaus, og sökum ýmiskonar annara framkvæmda, sem ráðizt hefir verið í í þessu hreppsfélagi, og sökum hins almenna ástands atvinnuveganna, geri ég ráð fyrir, að bændunum þarna verði um megn að standa straum af umræddu láni til að greiða það. En nú hefir verið kallað allmjög eftir greiðslu þess, sem von er til.

Ég vænti að hv. þd. sýni þessari till. minni fulla sanngirni, og skal ekki fjölyrða um hana frekar.

Þá á ég enn brtt. á sama þskj., nr. XLV., um að stj. skuli heimilt að skipa þriggja manna n., til að athuga ástand Flóaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum við ríkissjóð vegna áveitunnar og mjólkurbús Flóamanna, og að stj. skuli svo að fengnu áliti þeirrar n. leggja till. fyrir næsta þing um lausn þessara mála. Eins og kunnugt er, er áveitu þessari nú lokið og byggingu mjólkurbúsins einnig. Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir hefir orðið mikið meiri en gert var upphaflega ráð fyrir. Er ekki að undra, þótt þannig tækist til, þar sem slík mannvirki sem þessi voru áður svo að segja óþekkt hér á landi. Samkv. Flóaáveitulögunum eiga þeir, sem á áveitusvæðinu búa, að greiða kostnaðinn af áveitunni að undanskildum þeim ríkisstyrk, sem þar er ákveðinn. En tilskilið er, að eigendur jarðanna þar megi greiða kostnaðinn að meira eða minna leyti með landi, eftir því sem um semst, eins og ég tel líka sjálfsagt, þar sem landrými er nægilegt

og því verður við komið. En þegar fara á að framkvæma þessi ákvæði og ráða þessum málum til lykta, þarf til þess náinn kunnugleika og mikla athugun, ef allt á ekki að verða af handahófi gert. Það þarf eitthvert samræmi að vera í slíkum aðgerðum, og ég hygg, að ekki verði fengin niðurstaða í þessu máli með öðru móti en því, að ýtarleg rannsókn sé látin fram fara fyrst. Finnst mér því vel til fallið, að nú séu fengnir til þrír góðir menn til að framkvæma þá rannsókn og að hæstv. stj. geri svo í samráði við þá till. um málið og leggi þær fyrir næsta þing. Ég tel í alla staði nauðsynlegt, að fengin verði einhver niðurstaða um það, með hverju móti leyst verður úr þessu máli; óvissa og aðgerðaleysi ár eftir ár er alveg óviðunandi fyrir alla hlutaðeigendur, bæði ríkissjóð og bændurna á áveitusvæðinu. Ég vænti, að hv. d. sjái nauðsyn þessa máls og geti fallizt á þá uppástungu, sem ég leyfi mér að bera fram með þessari brtt. til undirbúnings. Seinna gefst svo þinginu kostur á að segja álit sitt um þær till., sem fram yrðu bornar samkv. áliti n., hvort það getur fallizt á þær eða hvort það telur einhverja aðra lausn heppilegri.

Um aðrar brtt. við fjárlagafrv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ég mun með atkv. mínu sýna, hvaða augum ég lít á þær hverja fyrir sig.

Einar Arnórsson: Ég á fáeinar brtt. við fjárlfrv. við þessa umr. og mun gera nokkrar aths. viðvíkjandi þeim.

Í sambandi við brtt. I. á þskj. 418 vil ég segja þetta:

Þegar sambandslögin voru sett árið 1918, var svo um samið, að Danir skyldu fara með íslenzk utanríkismálefni áfram. Það var ein höfuðkrafa Dana, að svo skyldi vera, og urðum við að ganga að því þá, til þess að við gætum fengið ýmislegt annað, sem við máttum ekki án vera.

Það var frá upphafi víst, að meðferð Dana á íslenzkum utanríkismálum gat ekki orðið okkur Íslendingum fullnægjandi. Til þess bar margt. Fyrst og fremst ókunnugleiki þeirra manna, sem Danir setja til þessara starfa, á íslenzkum efnum. Þeir bera ekki nægileg kennsl á íslenzka tungu né íslenzka landshætti. Og í öðru lagi er hætt við, að þeir geti ekki yfirleitt haft mikinn áhuga á íslenzkum málum. Þetta vissu menn, þegar sambandslögin voru sett, og það hefir sannazt í framkvæmdinni síðan. Það er ekki mín ætlun að segja, að embættismenn Dana vilji ekki vinna vel það, sem þeir eiga að vinna fyrir hönd íslenzka ríkisins; þeir gera sjálfsagt sitt hið bezta í því efni. En af fyrrnefndum ástæðum hafa þeir ekki aðstöðu til þess að fara með utanríkismál okkar, svo að fullnægjandi sé. Það er því gert ráð fyrir í 7. gr. sambandslaganna, að Íslendingar taki sjálfir á ýmsan hátt þátt í meðferð utanríkismálanna, m. a. á þann hátt að koma fyrir mönnum með þekkingu á íslenzkum efnum í utanríkisskrifstofum Danmerkur. Það var ennfremur auðsætt, að danska utanríkisstj. gæti ekki gætt hagsmuna Íslands gagnvart sjálfri sér, enda er gert ráð fyrir því í sambandslögunum, að Ísland komi sér upp sérstöku fyrirsvari í Danmörku.

Það hefir oftast farið svo, er semja hefir þurft við stj. einhvers ríkis um íslenzk mál, að þá hefir stj. Íslands sent menn til aðstoðar þeim dönsku embættismönnum, er á staðnum voru og áttu að vinna verkið. Ég skal nefna nokkur dæmi. Þegar samningarnir við Spán voru á döfinni, þá voru sendir héðan menn þangað, og var þó hinn danski fyrirsvarsmaður okkar þar sérstaklega velviljaður Íslandi og ágætur maður. Samt þótti ekki annað henta en senda íslenzka menn honum til aðstoðar. Þegar um kjöttollinn var samið við Norðmenn, þótti heldur ekki annað henta en hafa íslenzka menn við þá samningagerð. Síðast í vetur gerðust tvö dæmi þessa. Það þótti ekki fært annað en að senda mann til Þýzkalands með sérþekkingu á málum vorum til aðstoðar danska sendiherranum í Berlín, sem þó líka er ágætur maður. Sama var um England; þegar tollar og viðskiptahömlur voru væntanlegar þar í vetur, þótti ekki annað hlýða en senda þangað mann, til að fylgjast með málunum og gefa skýrslur. Þetta sýnir, hvernig ástandið er í raun og veru, þrátt fyrir góðan vilja danskra utanríkisráðherra og hinna dönsku manna. Þeir vinna náttúr-

lega óaðfinnanlega hin alvanalegu dagstörf, svo sem að árita vegabréf, sjá um heimsendingu sjómanna o. fl. En ávallt þegar um eitthvað sérstakt og mikilsvarðandi er að tefla, þá verður að senda íslenzka menn til að vinna að lausn málanna.

Þegar eftir að sambandslögin voru sett, kom að því að gera ráðstafanir um það, hvernig fara skyldi með mál Íslands í Danmörku. Það voru óskir ýmissa góðra Íslendinga, að sendiherra yrði settur í Kaupmannahöfn, og var svo ákveðið með fjárlögum þeim, er sett voru á þingi 1919 fyrir árið 1920. Það var ekki hærra risið á okkur þá en svo, að laun sendiherra voru ákveðin kr. 12000, húsaleiga kr. 2000, risna kr. 2000 og skrifstofukostnaður kr. 12000, eða kostnaður samtals kr. 28000. Síðan hefir upphæð þessi alltaf farið smáhækkandi, og í fjárlögum þeim, er sett voru 1922 fyrir árið 1923, var hún komin upp í 44000 kr. samtals; þar af voru laun sendiherra kr. 20000, húsaleiga kr. 3000, risna kr. 5000 og skrifstofukostnaður kr. 16000.

Þegar þessi ráðabreytni — stofnun sendiherraembættis — var tekin upp, var henni tekið kuldalega af andstæðingum þáv. stj. Það var talið tildur eitt og hégómi og með öllu ónauðsynlegt að hafa mann í Kaupmannahöfn með sendiherranafnbót. Þó voru árið 1921 sett lög um embættið, án þess þó, að þar væru launakjörin ákveðin. Þau voru sett með fjárlögum.

En með fjárlögum þeim, sem sett voru 1924 var þessu — sendiherrastöðunni — breytt. Þá var mikill sparnaðarhugur ríkjandi á þingi. Laun sendiherra, húsnæði og risna hvarf þá af fjárlögum, og í staðinn var settur einn liður til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn kr. 17000. Þessi breyting varð í framkvæmdinni sú, að sendiherraembættið var lagt niður um stund, en í staðinn var settur maður með embættisnafninu chargé d'affaires, og svo mun hafa verið í 2 ár. Mér er nú ekki kunnugt annað en málum landsins hafi verið fullvel borgið í Danmörku á þessum árum, enda gegndi starfinu ágætur maður, Jón Krabbe. Nú skyldi maður ætla, að er reynsla var fengin fyrir því, að þetta skipulag gafst vel — og ég hefi aldrei heyrt annað, en það hafi gefizt vel — þá hefði því verið haldið áfram. Það veldur minni kostnaði, því að þessari nafnbót fylgir ekki diplomatisk skylda til risnu. Í raun og veru var Ísland litlu ríkara 1927, þegar gamla skipunin var aftur tekin upp, en það var 1924, þegar hún var lögð niður. Það var vafalaust margt þarfara hægt að gera við féð þá en verja því til að auka kostnaðinn við þetta. En hvað sem þessu líður, þá var samþ. á þingi 1926 í fjárlögum fyrir 1927 62000 kr. til sendiherra í Kaupmannahöfn. Launin voru þá ákveðin kr. 20000, húsaleiga kr. 5000, skrifstofukostnaður kr. 17000 og kostnaður við embættið kr. 20000. Þessi síðasti liður, kostnaður við embættið, er það, sem áður var kallað umbúðalaust risna. Ég veit ekki hvers vegna þessi orðabreyting var tekin upp. Ef til vill hefir það verið gert til að láta fólk síður undra sig á þessum háa lið.

Ég býst við, að það gildi enn sömu rök gegn þessum mikla kostnaði, sem stjórnarandstæðingar færðu fram á árunum 1921—1924. Ég geri ráð fyrir, að þau séu góð og gild enn þann dag í dag. Höfuðástæðan var þá sú, gegn þessari eyðslu, að landið væri fátækt og mætti ekki eyða fé í óþarfa. Mér hefir heyrzt svo stundum hér á þingi, að þessi ástæða sé ekki veigaminni í dag en hún var fyrir 10 árum. Það hefir áþreifanlega komið fram í sumum þskj. T. d. skal ég nefna þskj. 438, þar sem sagt er, að nú verði mikill hluti þjóðarinnar að neita sér um annað en allra brýnustu lífsnauðsynjar. Ef þetta er rétt — og ég ber engar brigður á það — þá verður að ætla, að vel mætti lækka nokkuð kostnaðinn við þetta embætti. Þar sem landið er þannig statt, að mikill hluti skattþegnanna verður að neita sér jafnvel um lífsnauðsynjar, mun ýmsum finnast það réttlætanlegt, þótt kúfurinn sé tekinn af risnufé sendiherrans í Kaupmannahöfn.

Í fjárlögum er ein fjárveiting, sem er sambærileg við þessa. Það er risnufé forsrh. Það er nú kr. 6000. Nú getur það varla kallazt ósanngjarnt, þótt manni detti í hug, að risna annara embættismanna þurfi ekki að vera stórum meiri en risna forsætisráðherrans. Sérstaklega

verður þetta ljóst með sendiherrann í Kaupmannahöfn, þegar þess er gætt, að þar situr konungsvaldið og konungi eru greiddar yfir kr. 70000, vitanlega í því skyni m. a., að hann haldi uppi risnu. Mismunurinn á risnufé forsrh. og sendiherra er hvorki meiri né minni en kr. 19000. Mín tillaga er sú, að þessir menn fái jafnt risnufé. Þeir eru ekki jafnir að öðru leyti. Báðir hafa að vísu ókeypis húsnæði. En laun sendiherra eru kr. 20000, en ráðherra kr. 10000 ásamt dýrtíðaruppbót, sem nú er eitthvað um kr. 1000. Þar að auki hefir sendiherra notið gengisuppbótar undanfarið, en mér er skýrt svo frá, að svo muni ekki verða nú. Annar munur er líka á þessum tveim mönnum, ráðherra mjög í óhag. Forsrh. verður að gjalda skatta og skyldur af tekjum sínum, eins og aðrir borgarar. Tekjuskattur hans og útsvar nemur sennilega eitthvað um kr. 2000. Þar á móti eru sendiherrar undanþegnir öllum beinum sköttum í landi því, sem þeir dveljast í. Þótt laun þeirra væru að krónutölu jöfn launum annara, þá eru launakjör þeirra samt raunverulega miklu betri.

Eftir síðasta landsreikningi, 1930, hafa laun sendiherra numið kr. 24400, húsaleiga hans kr. 6100 og kostnaður við embættið eða risnufé kr. 24400 eða samtals kr. 54900. Þetta eru hérumbil tvöföld laun allra hæstaréttardómaranna þriggja og meira en helmingur af launum allra kennaranna við Háskólann. Skrifstofuhaldið er aftur á móti ekki dýrara en við er að búast. Það varð kr. 23778. — Alls hefir kostnaðurinn við sendiráðið svonefnda í Kaupmannahöfn numið þetta ár. kr.78678. Mér þykir það mikils til of hátt að eyða þessu í þetta eina embætti.

Þá flyt ég brtt. I.2 á sama þskj. um lækkun á kostnaði af meðferð utanríkismála.

Þegar sambandslögin voru sett, var svo tilskilið, að stjórnir landanna semdu það með sér, hversu mikið Ísland greiddi fyrir meðferð utanríkismála sinna. Samningar urðu þeir, að í raun og veru greiðir Ísland Dönum ekkert fyrir þetta. Það kemur til af því, að Dönum er þetta enginn kostnaðarauki. Þann eina kostnaðarauka, sem af þessu varð í byrjun — útvegun fána og skjaldmerkja — mun Ísland hafa greitt sérstaklega. Annars hafa Danir ekki þurft að auka neitt mannahald sitt fyrir þetta, og ef það þarf að auka, þá er í sambandslögunum heimild til að gera það á kostnað Íslands. En á einum stað í sambandslögunum er talað um, að Ísland hafi trúnaðarmann — Kommiteret — í utanríkisráðuneytinu danska. Það mun hafa verið samið um það á árunum 1918—1919, að þessi trúnaðarmaður hefði kr. 12000 í laun, og þá upphæð hefir Ísland borgað.

Það starf er svo vaxið, að ekki þarf sérstakan mann til að gegna því, því svo lengi sem Ísland hefir fyrirsvarsmann í Kaupmannhöfn, má trúa honum fyrir því. Hinsvegar er sá, sem nú gegnir starfinu ágætur maður og vel trúandi fyrir því. En starfið er mjög lítið. Eftir því, sem ég veit bezt, þá lítur trúnaðarmaðurinn inn í utanríkisráðuneytið 1 tíma á dag — kl. 11—12 að ég ætla — og gætir að, hvort nokkurt mál sé þar, sem Ísland varðar. Þegar þessa er gætt og ennfremur þess, að þessi maður er jafnframt sendiherraritari og hefir þar sæmileg laun, þá virðist ekki ástæða til að veita gengisuppbót á þessa upphæð. Þegar miðað er við laun annara starfsmanna ríkisins, þá eru kr. 12000 fyrir þetta verk tiltölulega há borgun.

Þá er það 3. liðurinn í þessari brtt. minni, ríkisráðskostnaðurinn.

Um þetta er það að segja, að í fjárlögum þeim, er sett voru fyrst eftir að sambandslögin gengu í gildi, er ekkert fé veitt til þessa. Kostnaður af ríkisráðinu er vitanlega ekki í öðru fólginn en því, að það þarf að kaupa bók og rita í hana það, sem gerist á fundum ríkisráðsins. Það, sem þar gerist, eru ósköp einfaldir hlutir. Konungur situr fundinn ásamt einum ráðherra eða fleiri, og þar eru lögð fram lagafrv. og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Ég ætla, að fundir séu haldnir einu sinni til tvisvar á ári. Það er tíðast, að einhver ráðherranna bregður sér utan á konungsfund litlu fyrir Alþingi og leggur fyrir hann í ríkisráði frv. þau, sem stj. ætlar að bera fram á Alþingi. Konungur skrifar þar á frv., að hann fallist á, að þau verði lögð fyrir Alþingi.

Þetta er sú athöfn, er þá fer fram. Síðan, að þingi loknu, fer einhver ráðherranna utan aftur og leggur fyrir konunginn til undirskriftar þau lagafrv., er þingið hefir samþ. Þessi athöfn tekur ekki nema ½ til 1 klst. Það er ekki nema sanngjarnt að manni þeim, sem heldur á pennanum og skrifar í bókina, sé greidd einhver þóknun fyrir þetta verk, þótt ekki hafi verið séð fyrir því í fjárlögum fyrst í stað. En svo er líka eins og fjárveitingavaldið taki sig á, því að bráðlega eru veittar kr. 4000 fyrir þetta verk. Og í fjárlögum fyrir 1925 er það hækkað upp í kr. 6000. Það er ekki smávegis höfðingsskapur þetta, að veita kr. 6000 fyrir að mæta á 2 fundum, þótt fínir séu. Það eru kr. 3000 fyrir hvern fund. Geri aðrir betur! Síðan var þetta að vísu lækkað aftur ofan í kr. 4000, en af því að þetta hefir þótt nokkuð ó-örlætisleg borgun, þá var lögð ofan á gengisuppbót, og á landsreikningnum 1930 nam kostnaðurinn kr. 4800. Eftir því, sem svipuð störf eru goldin annars, mætti ætla, að kr. 200—300 væri mjög góð borgun fyrir þetta verk. Bókin sjálf þarf sjálfsagt ekki að vera mjög dýr og hana þarf ekki að endurnýja nema á nokkru árabili, svo að kostnaðurinn af henni getur aldrei orðið tilfinnanlegur.

Af því að hér á í hlut maður, sem að ýmsu leyti er góðs verður og lengi hefir starfað í þjónustu landsins, þá hefi ég ekki farið lengra niður í brtt. en í kr. 1000, og er það mjög heiðarleg borgun fyrir ekki meira starf.

Mér verður ef til vill svarað svo, að ekki sé mögulegt að lækka þessar upphæðir, því að mönnunum hafi verið lofað svona miklu. Ég vil svara þeirri aths. svo, að það eru ýmsir, sem hefir verið lofað svo og svo miklum launum, er þó hafa síðar verið færð niður. Ríkisráðsritara hefir sýnilega einhvern tíma verið lofað kr. 6000, en þó hefir þóknun hans verið færð niður í kr. 4000. Ef það hefir ekki verið réttarbrot, þá er það með sama hætti löglegt að færa hana úr kr. 4000 niður í kr. 1000. Það er enginn principmunur á því.

Þess er annars að geta, að sumir þessara manna hafa ýmislegt annað fyrir stafni. Ríkisráðsritari er jafnframt konungsritari og tekur laun fyrir það af fé því, sem veitt er konungi. Ég heyri sagt, að þessi maður fáist líka töluvert við fjármál. Það hefir verið sagt frá því, að hann hafi verið hafður með í ráðum, þegar enska lánið var tekið 1921, og tekið fyrir það all-álitlega fjárhæð. Sendiherra er mikill hæfileikamaður að ýmsu leyti og dugnaðarmaður, og skal ég sízt lasta frammistöðu hans. Hann var t. d. dómari í ullarmálinu sænska. Hver dómaranna í því mun hafa fengið um kr. 10000, að því er ætla má af landsreikningum.

Þá kem ég að síðari brtt. minum, og held ég, að ég minnist fyrst á brtt. 418,XXX, af því að hinar eru minni. Hún er í 2 liðum, og mun ég fyrst tala um aliðinn, sem er um laun erindreka í Miðjarðarhafslöndunum. Ég ætla, að það hafi verið 1920, að fyrst var sendur erindreki þangað suðureftir, og átti hann að hafa fast aðsetur í Genua. Þetta mætti miklum andblæstri frá mótstöðumönnum þáv. stj., eins og líka sendiherraembættið í Kaupmannahöfn.

Upphaflega mun hafa verið til ætlazt, að bankarnir greiddu nokkuð af launum erindrekans og ríkissjóður nokkuð. Þessi staða studdist fyrst aðeins við fjárlögin; það var ekki fyrr en 1924, að sett voru sérstök lög um erindreka í Miðjarðarhafslöndum. Það var löngum svo með launagreiðslur til þessa erindreka, að bankarnir greiddu 20 þús., en ríkissjóður 10 þús. kr. Þessu starfi hafa ýmsir gegnt, Gunnar Egilson, Helgi Guðmundsson og nú síðast Helgi Briem. — Í fjárl. núna eru 8 þús. kr. veittar til þessa embættis, og er ætlazt til, að bankarnir borgi sínar 8 þús. kr. hvor; verða launin 24 þús. kr. á ári. Ég held nú, að þetta ár ætti að láta sér nægja að greiða 18 þús. kr. fyrir þetta starf, svo að ríkissjóður greiði 6 þús., og bankarnir hvor sín 6 þús. kr. Um þetta hljóðar brtt mín. Annars held ég, að nokkuð orki tvímælis, hvort þessi erindreki sé til nokkurs gagns; ég hefi heyrt merka kaupsýslumenn gera mjög lítið úr starfi hans þar. Ég skal svo ekki fara nánar út í þennan lið, en mælist eindregið til þess, að hann verði samþ.

Þá kem ég að b-liðnum. Þar er farið fram á, að veittar séu 24 þús. kr. til erindreka í Stóra-Bretlandi, sem hafi að-

setur sitt í London. Það ræður að líkindum, að við verðum að hafa mikil og margvísleg skipti við Bretland, og vera því háð á margan hátt. Hnattstaða landsins okkar veldur því, og kunnugt er, að lendi Bretland í stríði, þá er Ísland alveg ofurselt brezku valdi. Það sást glöggt í heimsstyrjöldinni á árunum frá 1915—18. Það var svo komið í árslok 1915, að í ráði var að hamla öllum skipaferðum frá Íslandi til Skandinavíu, hvað þá Þýzkalands, nema strangar öryggisráðstafanir væru gerðar. Einnig var í ráði að banna alla vöruflutninga frá Íslandi til Norðurlanda, til þess að hindra með því flutning til Þýzkalands.

Þá var tekið það ráð að senda mann héðan til Bretlands til samninga við brezku stj., og tókst það sæmilega. Þessi samningur var svo endurnýjaður á ári hverju með atbeina sendimannsins héðan, og var þá oft tilfinnanlegt, að hafa ekki aðra aðstoð en þá, sem danska sendisveitin gat látið í té. Enda mun það oftast svo, að málum, sem sérstaklega snerta Ísland, verður ekki ráðið almennilega til lykta af dönsku sendiherrunum.

Þá var tekið upp það ráð, að senda mann til dvalar í London til þess að gæta íslenzkra hagsmuna. Þáv. stj. var að allra dómi mjög heppin í vali sínu á þeim sendimanni. Björn Sigurðsson bankastjóri gengdi þeirri stöðu með mikilli prýði, dugnaði og samvizkusemi, enda kom öllum kaupsýslumönnum saman um að lofa starf hans þar. Því miður var þetta starf lagt niður aftur strax eftir stríð, og síðan höfum við ekki átt fastan erindreka á Englandi, enda var þess ekki svo mikil þörf, meðan öll okkar aðalviðskipti voru bundin við Danmörku, eins og var fram að 1920. Fyrir þann tíma voru flest íslenzk lán tekin í Danmörku, en eftir 1920 verður breyting á þessu. Nú má svo heita, að eini staðurinn, þar sem við höfum verulegt lánstraust, sé London. Ef taldar eru saman skuldir Íslands við brezka lánveitendur síðan 1921, þá eru þær í árslok 1931 samkv. skýrslum landsreikninganna nær 24 millj. kr., en við Danmörku er skuldin aðeins 9⅔ millj. kr., og það eru flest afborgunarlán, er einskis þarf annars að gæta um en að borga afborganirnar reglulega. — Sama er að segja um bankana. Þeir hafa að vísu nokkur viðskipti við Danmörku, en langmest viðskipti hafa þeir þó við Hambros-Bank og aðra enska banka. Ég hefi ekki talið saman skuldir þeirra við hvort landið um sig, en ég hygg þó, að skuldirnar við ensku bankana séu mun hærri.

Ef við athugum lántökur bæjar- og sveitarfélaga, þá mun ekkert bæjar- og sveitarfélag hafa fengið lán í Englandi nema Reykjavík. Reykjavíkurbær skuldar nú ensku tryggingarfélagi hátt upp í eina millj. króna, og hann fékk þetta lán á þeim tíma, sem ómögulegt var að fá slíkt lán í Danmörku. Lánstraust okkar hjá Bretum hefir alveg komið í stað lánstrausts okkar hjá Dönum.

Þá er vert að líta á verzlunarviðskiptin við þessi lönd. Við kaupum nú árlega vörur frá Bretlandi fyrir 20½ millj. kr., og er það 20—30% af öllum okkar innflutningi. Næsta land er svo Danmörk, þar næst kemur Þýzkaland, sem er um það að verða hálfdrættingur á við þessi lönd. Útflutningur okkar til Bretlands var árin 1928—29 12,7 millj. kr. að meðaltali eða um 16—17% af öllum okkar útflutningi. Danmörk hefir þar ekki nema 5½ millj. eða 7% útflutningsins. Þar er Spánn auðvitað langhæstur, með 27 millj. eða 35% alls útflutnings okkar. Svo það er augljóst, á hvað sem litið er, lánstraust, skuldir eða verzlunarviðskipti, að Bretland er alstaðar að verða nr. 1, enda eru nú þær raddir, sem krefjast þess, að við eigum þar sérstakan fulltrúa, orðnar talsvert almennar. Það gæti samkv. sambandslögunum ekki verið „official" sendiherra, en gæti hann gert landinu eins mikið gagn nú og Björn Sigurðsson gerði á stríðsárunum, þá mætti vel við una.

Yrði þetta samþ., yrði val manns í þessa stöðu mjög mikilsvert atriði. Ég geri ráð fyrir því, að stj. mundi um það atriði leita álits utanríkismálanefnar þingsins og félaga atvinnurekenda í landinu. En ég geri ekki ráð fyrir því, að nokkur beri brigður á það í alvöru, að þörf sé á slíkum föstum fulltrúa í Bretlandi. Sú mótbára er hugsanleg, að ekki sé rétt að setja þarna embætti á stofn bara með ákvæði í fjárlögunum, en ég

vil benda á það til samanburðar, að embætti erindrekans í Miðjarðarhafslöndunum var upphaflega stofnað með fjárlagaákvæði. En auðvitað væri bezt að setja sérstök lög um slíkt.

Þá vil ég minnast á aðra brtt., sem ég á, en það er till. nr. XVIII á þskj. 418, viðvíkjandi styrk til Bókmenntafélagsins. Í fjárlagafrv. er þessu félagi ætlaðar 2800 kr. styrkur með því skilyrði, að það haldi áfram að gefa út fornbréfasafnið. Sú ákvörðun var gerð fyrir nokkru af fulltrúaráði Bókmenntafélagsins, að hætt yrði við þessa útgáfu, þar sem fyrirsjáanlegt var, að útgáfu þessa verks mundi miða svo seint. Eftir að komið væri að bréfum yngri en frá 1550, þá fer skjalagrúinn að verða svo mikill, að með núv. fyrirkomulagi yrði mjög lengi verið að gefa út öll þau skjöl, sem til eru, þar til Alþingisbækurnar fara að koma.

Svo er það líka, að hjá meiri hluta félagsmanna hefir alltaf verið óánægja með þetta verk; ég get trúað því, að af 1800—1900 félögum séu ekki meira en 50—100, sem nota það. Það er því mjög illa til fallið, að Bókmenntafélagið gefi þetta verk út í eins stóru upplagi og það hefir gert. Ég teldi heppilegra, að annaðhvort ríkið sjálft eða þá Fornmenjafélagið, sem hefir fáa meðlimi, tæki þessa útgáfu að sér, og gæfi fornbréfasafnið út í fáum eintökum.

Í stað þessarar útgáfu hefir Bókmenntafélagið samþ. að undirbúa útgáfu æva íslenzkra merkismanna frá öllum tímum. Þetta þarf mikinn undirbúning, og getur tæpast komið til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár. Til þess þarf mikið fé, og Bókmenntafélagið hefir því farið fram á það, að fá að halda styrk þeim, er það hefir, 2800 kr., án þess að kvöðin um útgáfu fornbréfasafnsins fylgi. En ef það er ekki mögulegt, þá fer félagið fram á það, að því séu veittar 1500 kr. athugasemdalausar. Af þeim 3400 kr., sem félagið hefir haft, hafa 1600 kr. verið sérstaklega ætlaðar sem styrkur til útgáfu fornbréfasafns, en hitt til annarar útgáfu. Þegar styrkurinn var svo lækkaður niður í 2800 kr., virðist ekki ósanngjarnt að fá af þeirri upphæð 1500 kr. til þessarar „annarar útgáfu". Bókmenntafélagið er gamalt félag, og er búið að vera landinu til mikils sóma, svo að ég býst ekki við því, að ég þurfi að eyða mörgum orðum til þess að mæla með því við hv. þdm. Vænti ég því, að hv. þdm. fallist á það, að veita þessar 1500 kr., a. m. k., ef þeir vilja ekki fella niður aths. við aðalstyrkinn.

Þá kem ég að brtt. nr. XXI á þskj. 418, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Eyf., og er það um 1500 kr. styrk til Skáksambands Íslands. Það var samþ. árið, sem leið, að veita Skáksambandinu 2000 kr. Þótt ég hefði heldur kosið, að stj. hefði tekið upp í frv. aftur einhvern styrk til þessa sambands, þá ber ég nú fram þessa brtt. samkv. ósk sambandsins. Ég vil geta þess, að skák er „international" íþrótt, og ber því að styrkja hana ekki síður en t. d. líkamsíþróttir. Þessi íþrótt er líka vel til þess fallin að vekja eftirtekt á okkur erlendis, t. d. sendi Skáksambandið 4 menn á skákþing í Hamborg árið 1930, og þótt þeir yrðu ekki sérstaklega háir í röðinni, vöktu þeir ekki svo litla eftirtekt á sér þar fyrir falleg töfl, sem þeir tefldu. Við Íslendingar eigum einmitt núna margar upprennandi skákstjörnur, t. d. Ásmund Ásgeirsson, fyrrv. Íslandsmeistara, sem hefir leikið sér að því að tefla blindskák við 8 allsterka skákmenn samtímis, og Jón Guðmundsson, læknanema, sem eftir mjög frækilega frammistöðu varð íslenzkur skákmeistari í vetur. Svo eru eldri skákmeistarar líka landinu til sóma. Skáksambandið hefir nú á síðustu árum fengið tvo nafnfræga erlenda skákmeistara hingað til lands, sem hafa báðir borið íslenzkum skákmönnum hið bezta orð. Annar var hvorki meira né minna en heimsmeistarinn sjálfur, dr. Aljechin, hitt var sænskur skákmeistari, Carl Berndtson.

Ég þykist viss um, að þm. muni ekki frekar veigra sér við því að veita þennan styrk en aðra styrki til íþrótta. Ég held því, að ég þurfi ekki að tala lengur fyrir till., og vona, að hv. dm. taki vel í hana.

Björn Kristjánsson: Ég ber fram brtt. á þskj. 440, og ætla að gera grein fyrir henni með fáeinum orðum.

Á þskj. 418 hafa 4 þm. í þessari hv. d. borið fram brtt. við fjárveitingu til veg-

ar á Holtavörðuheiði, og vilja lækka þessa fjárveitingu niður í 20 þús. kr. Og á sama þskj. eru bornar fram aðrar till. um fjárveitingu til nýrra vega, sem svarar þessari lækkun. Það hefir verið deilt nokkuð um það á þessu Alþingi, hvort væri réttara að leggja áherzluna á það að tengja saman landsfjórðungana, eins og t. d. með Holtavörðuheiðarvegi, eða að leggja skyldi aðaláherzluna á vegi í byggðum landsins, t. d. frá kauptúnum upp í sveitir. Ég segi fyrir mig, að ég hallast eindregið að því, að meiri áherzla verði lögð á vegi í byggðum en fjallvegi. Þetta á sérstaklega við, þegar er svo erfitt í ári, að ekki er hægt að veita nema lítið til vega yfirleitt.

Þörfin fyrir vegi er alstaðar mikil, en ekki mun hún sízt vera fyrir hendi á Austurlandi; þar eru heil sveitarfélög, sem ennþá hafa ekkert að segja af þeirri miklu samgöngubót, sem bílarnir eru, af því að vegina vantar. Get ég því fallizt á að færa til fjárveitingarnar, þannig, að Holtavörðuheiði verði lækkuð, en þeirri fjárhæð, sem við það sparast, verði varið til annara vega, þar sem þörfin er mest. Hinsvegar þykir mér of langt gengið í þessari tilfærslu með brtt. hv. þm., sem ég gat um í upphafi ræðu minnar. Brtt. mín er því á þá leið, að draga úr þessari lækkun, þannig, að í stað 20 þús. kr. komi 30 þús. kr. til Holtavörðuheiðarvegar. Þessi till. er miðuð við það álit vegamálastjóra, að hægt sé að leggja veg norður að Hæðarsteini fyrir 60 þús. kr. Nú er það ákvörðunin, að á þessu ári verði unnið þarna fyrir 30 þús. kr. Ef brtt. mín verður samþ., þá ætti því vegurinn að komast alla leið að Hæðarsteini á sumrinu 1933. Á þessari leið, sunnantil í heiðinni, færist vegurinn til, svo að hann kemur ekki að neinu gagni í sambandi við gamla veginn, fyrr en hann kemur aftur í hann við Hæðarstein. Verður því að teljast nauðsynlegt, að lagningu þessa kafla verði lokið á næstu tveimur sumrum, svo að ekki dragist lengur, að hann komi að notum. Er því of mikið lækkað tillagið, ef farið er niður í 20 þús. Geri ég því þessa till. um að hækka liðinn um 10 þús. kr., er eftir framansögðu ætti að nægja til að ljúka þessum vegarkafla á tilsettum tíma. Ég hefi svo hugsað mér að greiða atkv. um aðrar vegatill. með hliðsjón af þessari till.

Þá skal ég rétt minnast á styrkinn til gamalmennahælanna á Seyðisfirði og Ísafirði. Í frv. stj. voru 800 kr. ætlaðar til hvors þeirra. Kom fram ósk til fjvn. um að hækka þessa liði, en var ekki sinnt. En við 2 umr. var styrkurinn til gamalmennahælisins á Seyðisfirði hækkaður um 200 kr. En nú hefir það verið upplýst, að á gamalmennahælinu á Ísafirði eru fjórum sinnum fleiri gamalmenni. Fer þá að verða einkennilegt, að Seyðisfjörður fái hærri styrk. Höfum við hv. þm. Dal. því lagt það til í brtt., að nafnaskipti verði, þannig, að Ísafjörður fái hærri styrkinn. Er þetta að vísu lítil, en þó réttmæt viðurkenning til Ísafjarðar, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru.

Þorleifur Jónsson: Ég á enga brtt. nú, fremur en áður, sem ég þarf að mæla fyrir. Ég vil þó leyfa mér að minnast á eitt atriði, viðvíkjandi samgöngumálunum á sjó, aðallega nál. samgmn. viðvíkjandi flóaferðum.

Ég var lasinn og því fjarverandi, er þessu nál. var útbýtt hér í d. og var fyrri hl. 2 umr. fjárlfrv. lokið, er ég gat mætt. Gafst mér því ekki tækifæri til að taka til máls um þetta við 2. umr.

Ég verð að segja, að ég gat ekki búizt við því, að samgmn. skipti styrknum til flóaferða svo sem hún hefir lagt til, að gert verði. Ég hafði talað við n., og virtist mér hún fallast á till. mínar, þær sem ég hafði fram að færa. En þetta hefir þó snúizt á annan hátt. Og þegar ég sá nál. prentað, sá ég, að ég gat ekki fallizt á till. hennar að öllu leyti. Það er skiptingin á styrknum til Hornafjarðarbátsins, sem n. ætlar 7000 kr., og til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu, sem n. ætlar 400 kr. til, eða alls 7400 kr. Í fjárl. þessa árs, eftir till. samgmn., eru ætlaðar 9500 kr. til þessara ferða. Til Hornafjarðarbátsins 7000 kr. og til bátaferðanna innan sýslu 2500 kr. Þetta er því stórfelld lækkun. En ég mun þó ekki gera það að kappsmáli að fá þennan styrk hækkaðan í heild. En ég álít, að þessi lækkun hefði átt að koma líkt niður á öllum ferðun-

um, bæði Hornafjarðarbátsins og flutningaferðunum innan sýslu. En eins og þegar er sagt, þá ætlast samgmn. til þess, að Hornafjarðarbáturinn haldi sama styrk og áður, 7000 kr., en öll lækkunin kemur fram á bátaferðunum um sýsluna. Hann á að lækka úr 2500 kr. niður í aðeins 400 kr. Ég skal nú að vísu taka það fram, að stj. er ekki beinlínis skylt að fara eftir till. samgmn. um úthlutun þessa styrks. Ég vil því vænta þess, að stj. sjái sér fært að lagfæra þetta eftir tillögum kunnugra manna innan sýslunnar. Það er afar mikilsvert, að hægt sé að halda uppi ferðum meðfram ströndum Austur-Skaftafellssýslu, sem er býsna löng strandlengja, en landflutningar langir og erfiðir, og mörg stórvötn, öll óbrúuð. Þar verður en víða að viðhafa klakkaflutning úr kaupstað, s. s. er um Öræfi, Suðursveit, Mýrar og Lón. Undanfarin ár hafa því bátaferðirnar gert mjög mikið gagn um þungavöruflutning, og m. a. gert bændum kleift að draga að sér áburð og byggingarefni o. fl. En þetta hefðu þeir ekki getað gert, ef þeir hefðu ekki notið styrks. Ég tel því mikilsvert, að styrkurinn til þessara ferða yrði nokkuð hærri. Þegar mér varð það ljóst, að samgmn. hafði lagt til að lækka þessa samgöngumálastyrki til A.-Skaftafellssýslu, úr 9500 ofan í 7400 kr., þá gerði ég till. um það, að Hornafjarðarbátur fengi 6000 kr. og flutningaferðir innan sýslu 1400. En þetta fór samt öðruvísi en ég óskaði. Ég vildi því láta þessa óánægju mína koma fram við till. á þskj. 361. Og ég vildi líka láta það koma fram, að óskað hefði verið eftir því, að styrknum næsta ár verði skipt svo, að ferðirnar með ströndum fram geti haldið áfram. Bátur þessi hefir flutt á 3 staði, í Lónið, á Papós, Bæjarós, Hvalneskrók og að Söndunum í Suðursveit, og farið ferðir í Öræfin. Væri það því mikil viðbrigði, ef þessum ferðum væri kippt í burt. Og þess vegna mælist ég til þess, að ríkisstj., þótt till. liggi svona fyrir, taki tillit til óska og þarfa sýslubúa að þessu leyti. Ég hefði að vísu getað komið fram með brtt. um að hækka bátastyrkinn í heild sinni, en bæði var það, að ég bjóst ekki við, að slík brtt. fengi fylgi, enda hafði ég einsett mér að gera enga brtt. til hækkunar á fjárlfrv. Mér þykir sem ástæður séu eigi svo góðar, að rétt sé að gera till. til hækkunar á útgjöldum ríkisins. Og ég get líka gert mig sæmilega ánægðan með 7400 kr. til þessara ferða. Aðeins að þessum styrk verði skipt á annan hátt en samgmn. leggur til. Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira um þetta, og mun heldur ekki teygja tímann með því að minnast á brtt. þær, er hér liggja fyrir. Læt ég því máli mínu lokið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]. Ég skal þá stuttlega mæla fyrir þeim tveim brtt., sem ég á hér, aðra á ég einn, en hina með hv. þm. Borgf. Fyrri till. er á þskj. 418, sú XXXI. í röðinni. Hún fer fram á, að 2000 kr. verði veittar Sigrúnu Kjartansdóttur, til þess að setja á stofn innlenda hanzkagerð.

Það hefir verið mikið talað, bæði utan þings og innan, um að búa að sínu, og hvað Íslendingum væri nauðsynlegt að vera sjálfum sér nógir. Bæði íslenzka vikan og margt í sambandi við hana hefir því talað nógsamlega fyrir þessari till. minni, svo að ég ætti ekki að þurfa miklu við að bæta. Það vill nú líka svo til, að ég er minna hrifinn af ýmsu þessu skrafi en margir aðrir og tel okkur meiri þörf á sumu öðru en því, að vera sjálfum okkur nógir. Þó er tvímælalaust bezt fyrir hvaða þjóð, sem er, að geta unnið flest verk sín sjálf. Að vísu er hér ekki um verkefni að ræða í stórum stíl, en hér er þó um eina grein í iðnaði okkar að ræða, sem vert er að gefa gaum, því að óþarft virðist að kaupa þessa vöru að, úr því að sýnt er, að framleiða má hana í landinu sjálfu. Ég hefi reynt að afla mér upplýsinga um, hvað mikið við höfum greitt á ári fyrir skinnhanzka. Í verzlunarskýrslum fyrir árið 1928 er talið, að fluttir hafi verið til landsins skinnhanzkar fyrir 43600 kr. og árið 1929 fyrir 55300 kr. Yngri skýrslur hefi ég ekki náð í, en sennilega hefir innflutningur þessi hækkað að krónutali fremur en lækkað. Hér er því um þá upphæð að ræða, sem árlega er greidd úr landi fyrir þessa vöru, og heppilegra sýnist að vinna að framleiðslu hennar í landinu sjálfu, úr því að þess er kostur. Með till. minni er því ætlast til, að komið sé hér á fót saumastofu í

hanzkagerð, þar sem allt sé unnið úr innlendu efni og með innlendum höndum. Nú sem stendur eru skinnhanzkar algerlega útlend vara; ekkert af henni búið til í landinu. Hér er um að ræða að gera þessa vöru algerlega innlenda, svo að ekki þurfi framar að sækja hana til útlanda.

Kona sú, sem till. er bundin við, hefir spurzt fyrir um það hjá sútunarverksmiðjum hér og skinnasölum, og þeir fært henni heim sanninn um það, að hægt sé að búa til ágætt efni í hanzka úr íslenzkum skinnum. Hún hefir líka nokkuð kynnt sér þetta mál og aflað sér margra nauðsynlegra upplýsinga, en hefir ekki efni á því að fara utan, til þess að fullkomna sig. En það er henni nauðsynlegt að gera, því að ekki er til neins að byrja á þessu, nema tryggt sé áður, að varan standist alla samkeppni. En til þess að fara utan og fá sér ýmislegt af smáverkfærum, segir hún í umsókn sinni, að hún muni þurfa um 4000 þús. kr., og það treystir hún sér ekki til að kljúfa af eigin ramleik. Hún hefir líka þegar keypt sér vélar, sem kostað hafa um 1000 kr., og greitt þær að fullu. En þær verða henni að litlum eða engum notum, ef hún getur ekki haldið áfram og fullkomnað sig. Mér er persónulega kunnugt um, að kona þessi er mjög listfeng, og er því vel gert að styrkja hana til meiri fullkomnunar í iðn sinni. En eins og nú hagar til, veit ég, að menn horfa í 2000 kr., en ef þessi iðnaður lánast, sem ég efast ekki um, þá skilar hann þessum kr. margfaldlega aftur fyrir þjóðarbúskapinn, ef að með þessu gæti þannig tekizt að spara algerlega þá upphæð, sem nú fer út úr landinu fyrir kaup á skinnhönzkum.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till. mína, en ég er hissa á, að hv. fjvn. skuli ekki á neinn hátt hafa sinnt erindi þessu, því að hér er þó ekki um persónulegan styrk að ræða, heldur er hér verið að efla innlenda framleiðslu. En hv. n. hefir þótzt hafa sínar ástæður að fara varlega hér sem annarsstaðar.

Hin till., sem við flytjum saman, hv. þm. Borgf. og ég, er einnig á þessu sama þskj., 418, undir XXXV., og fer fram á að hækka styrkinn til Stórstúku Íslands um 4000 krónur. En um leið og ég geri grein fyrir þessari till. verð ég jafnframt að minnast á næstu brtt. á sama þskj., frá hæstv. dómsmrh., um 3000 kr. styrk til sambands bindindisfélaga í skólum landsins.

Af þeim umr., sem fram hafa farið að undanförnu um bannmálið, bæði hér á þingi og í útvarpinu, má ráða, að drykkjuskapur er mikill í landinu og fer stöðugt vaxandi. Hvar sem menn eru annars staddir í bann- og bindindismálum, þá kemur öllum saman um, að drykkjuskapurinn sé, þjóðfélagslega séð, til stórskaða og mikils virði sé allt, sem gert er til að draga úr þessari plágu. Hér er heldur ekki um neitt smámál að ræða, að því er áfengisnotkun landsmanna snertir, því að talið er í hundruðum þúsunda eða milljónum það fé, sem velt er til áfengiskaupa; þess vegna má undarlegt heita, að á Alþingi skuli finnast menn, sem telja eftir það smáfé, sem veitt hefir verið til þess að standa svolítið á móti áfengisflóðinu og reyna að draga eitthvað úr því böli, sem drykkjuskapnum fylgir. Annars er ég hissa á, án þess þó að ég sé nokkur áhugamaður um þessi mál, hvað naumt styrkurinn til Stórstúku Íslands er skorinn, og oft hefir mig furðað á tilhneigingu hv. þm. um að færa þennan styrk niður. Mér finnst, án tillits til þess, hvort menn eru miklir vinir templara eða ekki, að þm. eigi að hugsa um, að templarar hafi nóg fé til umráða, svo að þeir geti rækt starfsemi sína eins og þarf. Það er alveg óhugsandi að rækja það starf að nokkru gagni fyrir einar 6 þús. kr. á ári, — óhugsandi, að sú starfsemi beri nokkurn verulegan árangur, nema með því að senda menn út um land til þess að flytja bindindisfyrirlestra, auk þess sem stórstúkan verður að hafa skrifstofu hér í bænum og gefa út málgagn. Þetta hefir stórstúkan líka gert eftir því, sem henni hefir verið unnt. Hún hefir sent menn í fyrirlestraferðir út um land, hún heldur uppi skrifstofu í bænum, og hún hefir gefið út blað, og nú nýlega bætt öðru við. Ég sé ekki, að það sé neinn vegur að skera þessa fjárveitingu svo við neglur, að þessi starfsemi stórstúkunnar geti ekki notið sín; þess vegna hefi ég ár eftir ár í þessari hv. deild verið með að hækka styrkinn og flutt brtt. í þá átt, að stór-

stúkan fengi þann styrk, sem nauðsynlegt verður að teljast, til þess að þetta starf hennar megi fara sæmilega úr hendi. Nú hefir það orðið að samkomulagi, að hæstv. dómsmrh. tæki sína till. aftur, en að við hv. þm. Borgf. flyttum brtt. við okkar till. á þskj. 418. Þessa síðari brtt. okkar er að finna á þskj. 452 og hljóðar svo: „Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi 10000 kr. Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.“

Það stendur svo á þessu, að nú fyrir skemmstu gengust nokkrir áhugamenn fyrir því að stofna bindindisfélög í skólunum hér í Reykjavík. Sá, sem hefir mest og bezt starfað að þessu, er stórtemplar Sigfús Sigurhjartarson, auk Friðriks Brekkan rithöfundar. Það hefir ekki verið áður um neinn bindindisfélagsskap að ræða í skólunum, enda þótti ekki hentugt að byrja með að stofna þar goodtemplarastúkur. Skólafólkið kærir sig ekki um slíkan bindindisfélagsskap, en til þess að laða æskuna til fylgis við þetta góða málefni var að því ráði horfið að stofna til frjálslyndra bindindisfélaga, enda er sjálfsagt að hafa þetta eins og bezt hentar á hverjum stað. Nú hafa þessi félög gengið í samband, sem nær yfir skóla landsins, og er það þannig myndað, að félögin kjósa sér fulltrúa, sem koma á sambandsþing, en það kýs sambandsstjórnina. Það er ekki nema sjálfsagt að ætla þessum félögum styrk, svo að þau þurfi ekki undir aðra að sækja með hann. Þau kæra sig ekki um að starfa í sambandi við stórstúkuna, en vilja heldur reka sitt starf í þessa átt sjálfstætt, og er ekki nema rétt og sjálfsagt að lofa þeim það. Það var í sambandi við þessa starfsemi, að hæstv. dómsmrh. bar fram till. sína, sem hann hefir nú tekið aftur, eins og ég gat um áðan, af því að samkomulag hefir orðið um að bera till. fram eins og hún er á þskj. 452. Þó að þessi félög hugsi sér að starfa sjálfstætt, þá er þó ekki um svo algerlega sjálfstæða starfsemi að ræða að kljúfa eigi þessa krafta sundur, heldur er ætlunin, að reglan og samband skólabindindisfélaganna vinni óbeinlínis saman að þessu sama áhugamáli beggja. Menn í stórstúkunni hafa komið þessari starfsemi á fót, sem getur um tíma orðið mikill kraftur í þessu starfi; en hitt er ofur eðlilegt, að templurum geti fallið illa, ef þessi nýja stofnun verður sett samhliða stórstúkunni. Þess vegna hefir orðið samkomulagstill. um það, að styrkurinn sé veittur stórstúkunni, sem forgöngu á að hafa um þessi mál, en svo er tilskilið í fjárl., að samband bindindisfélaga skólanna hafi beinan rétt til þess að fá styrk, án þess að sækja um það til annara, sem það geti notað til þess að senda menn á milli skólanna og styrkja sambandið.

Ég veit, að hér í deildinni er nokkur skoðanamunur, sem komið hefir fram í atkvgr., um það, hvort veita eigi Stórstúku Íslands lægri eða hærri upphæð til starfsemi sinnar. Ég vona nú samt, að till. okkar hv. þm. Borgf. á þskj. 452 finni náð fyrir augum hv. þdm. og að þeir viðurkenni, að ekki megi draga af því fé, sem stórstúkunni er veitt til sinnar miklu og góðu starfsemi.

Fleiri till. eru það ekki, sem ég er við riðinn í þetta sinn, en ég vil nota tækifærið að lýsa yfir, að ég er algerlega andstæður þeirri till. samþm. míns, hv. 2. þm. Reykv., að fella niður aths. um að bókmenntafélagið haldi áfram að gefa út fornbréfasafnið. Mér þótti mjög leiðinlegt, er ég frétti, að stjórn bókmenntafélagsins hefði afráðið að hætta við útgáfuna. Hinsvegar vonaði ég, að ef styrkurinn fengi að standa með aths., þá mundi félagið ekki skorast undan því að halda útgáfunni áfram. Það skal að vísu játað, að fornbréfasafnið er enginn skemmtilestur fyrir allan fjölda manna, og eflaust margir menn, sem leggja það á hilluna eða henda því frá sér ólesnu. En samt sem áður er fornbréfasafnið langmerkilegasta heimildin um sögu Íslands og hjálpar mjög til um alla söguþekkingu. Þó að menn lesi ekki fornbréfasafnið, lesa menn þó þau verk, sem á því byggjast. Og svo merkilegt er það, að þegar er um einhver vafaatriði að ræða, þá er jafnan haft það sem þar stendur, og á þann hátt hefir tekizt að leiðrétta margvíslegan misskilning, sem komizt hefir inn í sögu lands og þjóðar. Fornbréfasafnið er því nauðsynlegt og ómissandi þeim, sem öðlast vilja stað-

góða þekkingu á sögunni. En hitt er líka vitanlegt, að það er enginn vegur að gefa þetta safn út, nema að félag, sem tekur það að sér, njóti til þess styrks af almannafé. Bókmenntafélagið hefir nú haft með höndum þessa útgáfu um langan tíma og þokað henni áfram smátt og smátt, svo að nú eru komin út 11 bindi, og þannig vildi ég að væri haldið áfram. Það þýðir ekki að tala um, að það sé svo mikill sægur af þessum bréfum, að þau muni seint þrjóta; því meiri þolinmæði þarf til þess að koma þeim út.

Mín skoðun — að svo komnu — á útgáfu fornbréfasafnsins er sú, að aldrei eigi að hætta henni; það á alltaf að halda áfram að gefa út, stundum kannske lítið hefti, en aldrei að gefast upp. Á þann hátt hefir verið komið út stórum verkum; það hefir tekið 100 og jafnvel 200 ár annarsstaðar, en bara að halda áfram, gefast ekki upp; það er fyrir öllu. Mér finnst, að stj. bókmenntafélagsins sýni þolleysi, er hún vill henda frá sér þessu verki. Ég vil, að félagið sjái sig um hönd og haldi útgáfunni áfram, eins og það hefir byrjað á. Og engum stendur heldur nær að gera það en Bókmenntafélagi Íslands. En það er satt, að það má taka upp aðra aðferð um útgáfu fornbréfasafnsins en verið hefir, t. d. að prenta ekki eins stórt upplag af því eins og tíðkazt hefir að undanförnu, auk þess að ekkert væri á móti, að þeir félagsmenn, sem vildu sérstaklega fá það, borguðu eitthvað örlítið meira fyrir það, og á ég þá við, að í stað þess að prenta kannske 2000 eintök væri aðeins lagt upp með 400—500 handa þeim, sem leggja stund á þessi fræði. Ég vil, að Alþingi verði á engan hátt þess valdandi, að útgáfa fornbréfasafnsins falli niður, enda er það að öllu leyti ósæmilegt fyrir Bókmenntafélag Íslands, að láta slíka hluti frá sér. Mesta sómastrik, sem bókmenntafélagið hefir gert, er að hafa gefið út af fornbréfasafninu það, sem komið er, en ég vil líka, að því sómastriki verði ekki lokið, heldur að haldið verði áfram útgáfunni, og ekki mun vegur félagsins minnka við það. Þau andmæli, sem ég hefi hér borið fram gegn því, að hætt verði við að halda áfram útgáfu fornbréfasafnsins, vil ég ekki, að verði til þess að draga úr því, að við eignumst nýjar ævisögur. Að vísu veit ég, að hér er undir högg að sækja, en við verðum að finna upp eitthvert annað ráð til þess að gefa ævisögurnar út en að fella niður annað verk, sem er nauðsynlegt, að haldið sé áfram með þeirri þrautseigju, sem þjóðin á. Þess vegna mælist ég til, að till. hv. 2. þm. Reykv. verði felld og að reynt verði að finna einhver ráð til þess að koma á legg þessu nýja verki, án þess að leggja niður við trogið eitthvert merkilegasta verk, sem bókmenntafélagið hefir unnið að.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Mér virðist ekki ástæðulaust að rifja nokkuð upp nú þegar, hvernig útlit er um fjárhagsafkomu þjóðarinnar, bæði fyrir yfirstandandi ár og svo fyrir næsta ár.

Eins og hv. þdm. er kunnugt út af ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann lagði fjárlagafrv. fyrir d., þá hefir afkoma síðasta árs orðið sú, að það vantar um 2½ millj. á greiðslujöfnuð þess árs, sem hefir þær afleiðingar, að sjóðeign ríkisins hefir lækkað um sömu upphæð, svo að eftir er í sjóði aðeins rúm ½ milljón kr. Yfirstandandi ár byrjar svo þannig, að fyrirsjáanlegt er, að tekjur verða stórkostlega minni en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Það minnsta, sem hægt er að hugsa sér, að þessi lækkun nemi, er a. m. k. 2¼ millj. kr. Auk þess er í fjárl. þessa árs greiðslujöfnuðurinn óhagstæður, svo að nemur 30 þús. kr. Það er því talsvert mikið, sem á vantar, þegar þess er líka gætt, að ekki eru ýmsar stórar upphæðir, sem greiðsluheimild hefir verið veitt fyrir, t. d. 150 þús. kr. framlag til Eimskipafélagsins, sem áreiðanlega verður að greiða, og sömuleiðis atvinnubótastyrkur, sem talsvert mikið hefir verið greitt af, eða um 300 þús. kr. Þá verður einnig að líta á það, að ekkert er áætlað fyrir ýmsum greiðslum samkv. l., sem sett voru á síðasta þingi og eins greiðslum samkv. eldri l. T. d. má taka verkamannabústaðina. Með þeim breyt., sem gerðar voru á þeirri löggjöf á síðasta þingi, hefir þar orðið að greiða 33 þús. kr. á þeim eina lið.

Þá má búast við minnkun tekna vegna lækkunar á útflutningsgjaldi af síld. Það

var ekki tekið með, þegar tekjulækkunin var áætluð, en telja má líklegt, að sú tekjurýrnun nemi 50—100 þús. kr. Það er því áreiðanlegt, að mikill halli verður á niðurstöðu þessa árs, og má telja víst, að á þessu ári getur ekki farið betur en svo, að það vanti um 3 millj. kr. til þess að tekjur og gjöld standist á. Það verður því ekki hægt að komast af þetta ár nema með því að taka 2½ millj. kr. skyndilán, og mun þó varla duga til, því að sjálfsagt þarf ríkissjóður að fá um 3 millj. til þess að standast útgjöld, vegna þess að tekjur koma svo miklu seinna inn í ríkissjóðinn en gjöld falla á. Af þessu öllu er það sjáanlegt, að það eru ekki glæsilegar horfur með fjármálin á næsta ári, og því verður Alþingi að fara eins gætilega og unnt er.

Af þessu hafa svo störf fjvn. mótazt. Hún hefir reynt að færa gjöldin niður eins og hún frekast sá sér fært. Og þar sem um lögboðin útgjöld var að ræða og n. fannst tiltækilegt að spara, þá hefir hún flutt frv. um bráðabirgðafrestun á framkvæmd þessara laga. Á þennan hátt hefir n. nokkurnveginn tekizt að fá jöfnuð á fjárlagafrv. En nú við 3. umr. fjárl. liggja fyrir brtt. frá ýmsum hv. þdm., og nema þær rúmlega 1½ millj. kr. hækkun. Þar má að vísu draga frá nokkuð á 2. hundrað þús. kr., svo að hækkunin verður þá samkv. brtt. tæp 1½ millj. kr. Þar við bætist svo það, að við samningu fjárlagafrv. hefir verið byggt á þeim tekjustofnum, sem gilda fyrir yfirstandandi ár, svo sem áður hefir verið tekið fram, en eins og allir vita, falla sumir þeirra niður við næstu áramót. Við samningu fjárlagafrv. var gert ráð fyrir, að þessi tekjulög yrðu framlengd, en sú framlenging skiptir mjög miklu máli fyrir ríkissjóð, því að þar er um á 2. millj. kr. að ræða. En jafnvel þótt sú framlenging næði fram að ganga, eða þá einhverjir aðrir tekjustofnar kæmu í staðinn, sem gæfu jafnmikið fé, þá mundi þó algerlega vanta fé í ríkissjóðinn til þess að standa undir þeim gjöldum, sem leiða mundi af samþ. þessara brtt. Þetta verða hv. þdm. að gera sér ljóst áður en til atkv. verður gengið.

Þar sem n. lítur svo á, að ekki megi hækka útgjöld frá því, sem nú er í fjárlagafrv., þá gefur það að skilja, að hún mælir ekki með þeim brtt., sem hér liggja fyrir, og þarf ég því ekki að hafa mörg orð um hverja einstaka brtt. Ég verð þó að fara nokkrum orðum um nokkrar af þessum brtt., sérstaklega þar sem um tilfærslu er að ræða.

Er þar fyrst að minnast á brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. um sendiherraembættið í Kaupmannahöfn og fulltrúa í Englandi. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þetta embætti í Kaupmannahöfn hefir orðið dýrt, talsvert dýrara en ræða hans gaf tilefni til að ætla, því að yfirleitt tók hann aðeins þær upphæðir, sem áætlaðar eru í stjfrv., en eins og landsreikningarnir sýna, þá hafa greiðslurnar orðið talsvert hærri, og ennfremur hafa þær orðið því hærri, sem nemur gengismuninum, sem hvergi kemur fram nema sem falin upphæð á gengisreikningi eða óvissum útgjöldum. Svo er það, að þessi kostnaður við utanríkismálin hefir orðið meiri en það, sem heimfært er á þessum liðum, því að ýmsar sendinefndir og sendimenn, sem hafa farið utan til þess að vinna eitthvað að þessum málum, hafa orðið talsvert kostnaðarsöm fyrir ríkið. M. a. var kostnaður við sendimann, sem var um tíma í London, 36600 kr. Það var árið 1920. Kostnaðurinn varð nú samt nokkru meiri en þetta, því að seinna, árið 1923, var greiddur vegna starfs þessa manns símakostnaður og fleira, 1700 kr. Það hefir varla komið fyrir á nokkru þessara ára, að þessi kostnaður hafi orðið undir 70—80 þús. kr., þegar allt er talið, sem fallið hefir til útborgunar til þessarar starfsemi.

Þetta sendiherraembætti, sem hv. þm. minntist á, hefir orðið þannig, að það hefir ekki blásið byrlega fyrir þeirri stefnu, sem hann talaði fyrir. Að vísu leit helzt út fyrir það á þingi 1924, að það hefði nokkurn árangur, og var þá flutt frv. um það í Ed. Ég er persónulega þeirrar skoðunar í þessu máli, að við eigum að vinna að því sem allra bráðast að ala upp menn, sem verði vel færir um að taka við þessum störfum, þegar við verðum sjálfir að sjá fyrir okkar utanríkismálum, og þarf það helzt að vera á þann hátt, að starfið verði praktiskt, en ekki með neinu tildri.

Ég álít erfitt að breyta um starfsemi þessa sendiherra okkar í danska ríkinu, nema þá með því að breyta lögunum um sendiherrann. Að því leyti hygg ég, að sú stefna, sem tekin var upp árið 1924, sé rétt. Það virðist líka eðlilegt og sjálfsagt, að þetta mál væri rækilega undirbúið af utanríkismálanefndinni, sem hv. þm. á sæti í. Þetta ætti að vera eitt af hennar sjálfsögðustu störfum, þó að hún hafi ekki unnið að því ennþá.

Ég hygg, að kostnaður af þessari breyttu tilhögun verði miklu meiri en hv. þm. samkv. þessum brtt. virðist gera sér grein fyrir. Hann ætlar aðeins 24 þús. kr. til þessa sendimanns í Englandi, en eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir um það, hvað störf þessara manna kosta, jafnvel þó að það hafi ekki verið opinberir sendimenn, þá hygg ég, að það sé allt of lítið. Það verður að athugast vel og vandlega, hvað hægt er að komast af með minnst í þessu skyni. Þá yrði að taka mjög tillit til þess, hvaða tildurskostnað væri hægt að komast hjá að greiða og hvernig ætti að koma embættinu þannig fyrir, að það yrði þjóðinni að sem mestu gagni. Um það hljóta allir að vera sammála, að þótt mikil prakt sé og dýrð um þetta embætti, þá er það ekki til neinna hagsbóta fyrir þjóðina. Þegar að því kemur, að við tökum utanríkismálin í okkar hendur, verðum við að hafa erindreka á tiltölulega mörgum stöðum, svo að útlit er fyrir, að það verði nokkuð dýrt fyrir svo litla þjóð. Þess vegna verður að stefna að því, að það kæmi að sem allra mestum notum, sem á hverjum stað er varið til þessa starfa. En allt þetta sýnist mér eftir till. hv. þm. vera á huldu, bæði það, hvernig embættið eigi að reka, og líka hitt, sem líka verður að gera sér ljóst, hve mikill kostnaður mundi verða af þessu embætti. Þessi embættismaður verður að hafa skrifstofu, sjálfsagt 2—4 herbergi. Hann verður að hafa skrifstofufólk, ég veit ekki hvað margt, svo að hann geti sýnt allt í röð og reglu. Þetta þarf allt að rannsaka vel og nákvæmlega áður en ráðist er í framkvæmdir. Mér þykir mjög líklegt, að þessi mikli kostnaður vegna sendiherrans í Danmörku hafi dregið úr því, að slík embætti væru stofnuð annarsstaðar, jafnvel þótt þörfin hafi engu síður verið þar heldur en í Danmörku. Þar hefir kostnaðurinn verið 80 þús., og er því óliklegt, að hægt sé að komast af með 24 þús. í Englandi.

Um þennan ríkisráðskostnað vil ég segja það, að mér er ekki vel kunnugt, hvernig hann er til kominn. Hann kemur fyrst til útborgunar árið 1922 og var þá talsvert lægri en nú. 1923 hækkar hann svo nærri því upp í 6 þús., 1924 er hann 6 þús. Á því þingi var borið fram frv. af stj., að þessi kostnaður yrði 8 þús. kr., en Alþingi lækkaði það niður í 6 þús. Ástæðan fyrir þessari hækkun á ríkisráðskostnaðinum var talin sú, að Jón Sveinbjörnsson konungsritari hefði orðið að vinna svo mikið í orðunefndinni, að orðið hefði að greiða honum sérstaklega fyrir það. Það er að vísu tekið fram, að nefndarmenn skuli vinna kauplaust, en það er dálítið hæpið að segja einhverjum mönnum að vinna ákveðin störf í n. og ekkert fá fyrir það starf. Annars virðist mér um þennan kostnað, að það megi margt á milli vera, hvort þessi kostnaður er 4—6 þús. eða 1 þús., eins og hv. 2. þm. Reykv. vill vera láta. Ég veit ekkert um það, hvort Jón Sveinbjörnsson hefir fengið laun fyrir þetta starf síðan 1926, en væri svo, þá er ekki nema eðlilegt nú á þessum tímum, að þessi þóknun til hans lækkaði nokkuð.

Hv. þm. hefir fellt niður gengismun á gjöldum vegna utanríkismála, og má vel vera, að rétt sé að gera það, en óviðkunnanlegt væri að gera það, þar sem það hefir aldrei verið gert, síðan þetta var sett í lög.

Þá skal ég minna á brtt. frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Þeir bera fram till. um það, að færa niður fjárveitingu til toll- og löggæzlu úr 70 þús. niður í 30 þús. Það er þýðingarlaust að vera að færa þessa áætlun niður, ef gert er ráð fyrir svipuðu mannahaldi á þessu sviði og verið hefir. En ef frv. það, sem flutt hefir verið um niðurfærslu á þessu sviði, verður samþ., þá kemur þetta af sjálfu sér og þá verður minna útborgað á þessum lið heldur en áætlunin gerir ráð fyrir.

Þá vil ég fara örfáum orðum um þær brtt., þar sem farið er fram á fjárveit-

ingar til vega. Það er þá fyrst Holtavörðuheiðarvegurinn, sem svo mjög óx mönnum í augum við 2. umr. Nú eru komnar till. um að lækka framlag til hans úr 50 þús. niður í 20 þús., og svo að hækka þessar 20 þús. upp í 30 þús. kr. Fjvn. hefir tekið þá afstöðu til þessara brtt. að standa á móti þeim, en fylgja sínum till. Ég skal þó geta þess um brtt., sem fer fram á að hækka framlagið úr 20 þús. upp í 30 þús., að það framlag er nær sanni en þessar 20 þús. Fyrir 30 þús. mætti gera svo mikið, að það kæmi að notum, en ef það er aðeins 20 þús., þá verða engin not af því, sem gert er.

Um alla hina vegina er hægt að segja það sama, — þeir eru allir meira og minna nauðsynlegir, eins og yfirleitt er um vegi hvar sem er. En nauðsyn á þessum vegum er þó ekkert meiri en annarsstaðar. Þess má geta um Fjallabaksveginn, sem er einn af þeim hæstu, — það er ætlazt til, að til hans séu lagðar 10 þús. kr. —, að vegamálastjóri hefir upplýst, að hægt muni að verja svo miklu fé til hans á næsta ári af því fé, sem ætlað er til viðhalds vega, að það ætti að geta komið að fullum notum. Það virðist því vera ráðið, að þessi vegur verði lagður fyrir viðhaldsfé, og er því ástæðulaust fyrir þessa hv. þm. að flytja brtt. um sérstaka fjárveitingu til þessa vegar.

Um hinar stóru brtt. jafnaðarmanna um framlög til vega þarf ekki að segja annað en það, að þar er farið fram á svo stóra aukningu á framlögum til verklegra framkvæmda, að það getur ekki komið til mála að sinna því, að ríkið hafi þær tekjur, sem geta staðizt þessi útgjöld. Það þarf a. m. k., áður en talað er um svo mikla aukningu til framkvæmda, að hafa tryggingu fyrir því, að nægilegt fé sé til að inna af hendi þær framkvæmdir, sem nú þegar er gert ráð fyrir í frv. Hv. þm. Seyðf. segir, að ef stj. vilji fallast á þessar till. þeirra, þá séu þeir reiðubúnir til að sjá henni fyrir nægum tekjum til þessara framkvæmda. Það hefir nú samt ekki bólað ennþá á neinu, sem bendir í þá átt, að þeir geti staðið við það loforð sitt, og meðan svo er, þá álítur n. ekki viðlit að taka svo stóra gjaldaliði upp í frv.

Sama er að segja um fjallvegaféð. Það er dálítil mótsögn við það, sem haldið hefir verið fram við þessa umr., að það ætti sízt að leggja fé í vegagerðir á fjöllum uppi, ef nú á að fara að bæta við fjallvegaféð frá því, sem í frv. stendur. N. hefir ekki borið fram neinar brtt. við þessa liði, en virðist, að vel megi una við það, sem í frv. stendur, ekki sízt þegar uppi eru svo háværar raddir um það, að ekki megi leggja mikið fé til vega á heiðum uppi. Hv. þm. Barð. hefir flutt brtt. við þennan lið, að verja skuli 5 þús. kr. af fjallvegafé til vegar frá Hvalskeri við Patreksfjörð yfir Skersheiði að Saurbæ á Rauðasandi. N. vill ekki, að þessu fé verði ráðstafað öðruvísi en í samráði við vegamálastjóra.

Þá er ein brtt. frá hv. 1. þm. Árn. og hv. þingmönnum Rang., X. á þskj. 418, um vöruflutningastyrk til hafnleysishéraðanna á Suðurlandi. Styrkurinn greiðist því aðeins, ef frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu um skatt af bifreiðum o. fl., verður að lögum. Ég er yfirleitt mótfallinn slíkri endurgreiðslu á skatti. Bifreiða- og benzínskatturinn á að greiða fyrir umferð og flutningum um landið, þegar honum er varið til þess að bæta vegina, því að þá verður flutningskostnaðurinn um leið minni. Það virðist liggja miklu nær að auka og bæta vegakerfið austur um láglendið með þeim benzínskatti, sem til fellst á því svæði, heldur en að veita þangað styrk til vöru- og mannflutninga. Það væri mjög eðlilegt, að þm. þessara héraða gerðu ríflegar kröfur um viðhaldsfé, sem varið yrði til vegakerfisins í þessum héruðum; það væru vel forsvaranlegar kröfur, og virðist sjálfsagt, að þingið tæki tillit til þeirra. Á þann hátt er heppilegast að gera vöruflutningana ódýrari.

Það hefir verið fært sem ástæða fyrir þessari kröfu um flutningastyrk, að menn í þessum héruðum væru verr settir en aðrir vegna vegalengdar frá hafnarstað; en ég vil benda á, að það er ekki sama, hvort bændur eru með vegasambandi tengdir við höfuðstað landsins eða útkjálkakauptún. Þeir hafa miklu betri aðstöðu til að koma búsafurðum sínum í gott verð í höfuðstaðnum, í stað þess, að hinir verða að sætta sig við miklu verri markaðskjör í smáþorpunum, og

þessi mismunur kemur mjög greinilega í ljós á þessum verðfalls- og krepputímum. Verðfallið á afurðum sauðfjárins er líka miklu meira en á mjólkurafurðum kúabúa. Og sauðfjárræktin er líka tiltölulega miklu meiri í þeim héruðum, sem ekki geta notað Reykjavíkurmarkaðinn. Af þessum ástæðum er það eðlilegt, að þó að flutningskostnaðurinn sé nokkru meiri í héruðunum austur frá Reykjavík, þar sem meira er um kúabúin, þá þoli bændur hann betur þar heldur en í afskekktum héruðum.

Þá kem ég að XI. brtt. á þskj. 418, frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Fjvn. hefir óbundin atkv. um þessa till. Þessi brtt. fer fram á lækkun á kostnaði og framlagi til strandferðaskipa ríkisins, en mér þykir ekki líklegt, að raunveruleikinn verði sá, sem flm. gera ráð fyrir. Að vísu hafa nú þegar verið gerðar tilraunir til að draga mikið úr strandferðakostnaðinum, en ekki eru líkur til, að unnt verði að ganga svo langt sem brtt. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. V.Sk. flytur XII. brtt. á þskj. 418, um hækkun á styrk til „Skaftfellings", að fyrir 20 þús. komi 24 þús. kr. Í frv. var ætlazt til, að þessi liður lækkaði, eins og til flóabáta. En ég verð að játa, að hér stendur nokkuð öðruvísi á en um flótabáta. „Skaftfellingur" er öllu fremur strandferðaskip og ætti því að heyra undir strandferðastyrk. Ég var í samgmn., þegar hann var skilinn frá flóabátunum og færður undir annan lið, strandferðirnar. En þegar ástæður ríkissjóðs eru svo sem nú er kunnugt, þá þarf alstaðar að klípa af útgjaldaliðum, og þess vegna getur n. ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ.

Ég ætla ekki að tala um brtt. frá jafnaðarm., XIII. á þskj. 418. um 50 þús. kr. hækkun á styrk til bryggjugerða og lendingarbóta, af því ég lít svo á, að hún sé flutt aðeins til málamynda; hv. flm. vita fyrirfram, að hún verður ekki samþ., vegna þess að peninga vantar til þeirra framkvæmda, og sama má segja um aðrar brtt. þeirra um hækkun á fjárframlögum til ýmissa verklegra framkvæmda. Að því er snertir styrkinn til bryggjugerða og lendingarbóta, vil ég benda á, að gegn þessu framlagi úr ríkissjóði verður að koma tvöfalt fjárframlag frá hlutaðeigandi héruðum. Nú er það kunnugt, að á 2—3 stöðum hefir staðið til, að unnið yrði að lendingarbótum, en það hefir ekki verið hægt, af þeirri ástæðu, að héruðin hefir skort fé til framlags á móti ríkissjóði. Og sýnilegt er, að í þessu árferði verður ekki hægt að hugsa til þess nema á einum stað. Það eru því augljós látalæti að áætla fé í fjárl. til þessara framkvæmda, þegar héruðin geta ekki svarað út sínum hluta af framlögunum, þó að ríkissjóður gæti lagt fram sinn hluta.

Ég get svo einnig vitnað til þessara ummæla minna að því er snertir aðra brtt. frá jafnaðarm. á þskj. 430, um fjárframlög til nýrra símalína, sem þeir ætlast til að verði hækkuð um 40 þús. kr. Á sama þskj. er líka brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. um að hækka framlög til nýrra símalína um 40 þús. kr., og varatill. um 12500 kr. hækkun á þeim lið. Fjvn. hefir tekið ákveðna afstöðu um það, hvað mikið fé hún ætlast til, að lagt verði til nýrra símalína, og sér ekki ástæðu til að hvika frá því, ekki sízt vegna þess, að mikið af því fé, sem varið er til símalína, fer út úr landinu fyrir efni. Fjvn. getur gjarnan fallizt á, að þörf sé fyrir þessa símalínu frá Sandeyri til Hesteyrar, en þar sem nú verður að slá á frest mörgum framkvæmdum, sem þegar eru lögbundnar, og búið er að ákveða, hvaða símalínur skuli lagðar fyrir það fé, sem n. hefir lagt til að veitt yrði, þá sér n. ekki fært að bæta þessari fjárveitingu þar við. Ég skal svo láta útrætt um þessar brtt. og get vísað til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, að fjvn. treystir sér ekki til að mæla með útgjaldatill. fram yfir það, sem hún þegar hefir tekið til greina, vegna þess að tekjurnar hrökkva ekki einu sinni fyrir þeim útgjöldum, sem þegar eru komin inn í frv. Það eru því miður engar ástæður til þess, að búast megi við betra árferði, og þess vegna er ekki hægt að byggja á því, að tekjurnar verði eins miklar og þær eru áætlaðar í frv. Engar leiðir virðast færar á þessu þingi til þess að afla ríkissjóði nýrra tekna, og má því búast við, eftir þeim horfum, sem nú eru, að rýrni í ríkissjóðnum meira en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Frsm. síðari kafla (Ingólfur Bjarnarson): Það liggja nú fyrir 40—50 brtt. við þann kafla fjárlfrv., sem ég á að lýsa afstöðu fjvn. til. Það er liðið á kvöldið, og hefi ég því hugsað mér að sýna hv. þdm. þá nærgætni að vera sem stuttorðastur. Enda er í raun og veru mjög auðvelt að lýsa afstöðu fjvn. í fáum orðum til þessara brtt., sem flestar miða til þess að hækka útgjöldin í fjárl. Eins og hv. frsm. fyrri hl. tók skýrt og greinilega fram í síðustu ræðu, þá eru horfur á því, að tekjuhalli verði á fjárlfrv., sem nemi um ⅓ millj. kr. Þannig er þá útkoman, sem fengizt hefir með þeirri ákveðnu stefnu n. og starfi að draga meira eða minna úr útgjöldum til nauðsynlegustu framkvæmda ríkisins, til þess að koma fram jöfnuði í fjárlfrv. Og þegar frv. liggur nú þannig fyrir, þá gat n. ekki komið auga á, hvar taka ætti peninga til viðbótarútgjalda úr ríkissjóði. Þeir liggja ekki fyrir í fjárlfrv., og n. fann engin ráð til þess að afgreiða það með jöfnuði, hvað þá að bæta inn á það nýjum útgjöldum. Þess vegna sá n. ekki annað en að það væri alveg óhjákvæmilegt að leggja á móti svo að segja öllum útgjaldabrtt., sem hér liggja fyrir. Það eru aðeins einstöku till., —— tvær eða þrjár —, sem sumir nm. hafa óbundin atkvæði um eða vilja mæla með, en yfirleitt stendur n. fast saman á móti nálega öllum hækkunartill.

Flestar af þessum brtt. fara fram á styrki úr ríkissjóði til einstakra manna eða stofnana, sem veita á í viðurkenningarskyni og því um líkt. Ég ætla ekki að taka til umr. hvern þessara liða fyrir sig, en get í einu lagi lýst afstöðu n. til þessara till. þannig, að hún er þeim mótfallin. Vil ég sem dæmi minnast á till. um námsstyrki, sem fyrir liggja til 6 manna í ýmsum námsgreinum. N. áleit, að ekki gæti komið til mála að gera upp á milli þessara námsstyrkja, og leggur á móti þeim öllum. Skal ég geta þess, að fyrir fjvn. lágu margar samskonar beiðnir um styrki til frekara náms, sem ekki hafa verið bornar fram till. um. Því er ekki þannig varið, að n. viti ekki, að þessir námsmenn þurfi hjálpar við, en hún gat bara ekki séð, að það væri á neina peninga að vísa. Og þá þótti henni ekki rétt að taka einn fram yfir annan, þó að e. t. v. megi segja, að ríkið munaði litlu, þótt veittir væru 1—2 námsstyrkir. Vil ég benda hv. þm. á, að um leið og þeir greiða atkv. með 1—2 af þessum styrkbeiðnum, þá sýna þeir öðrum styrkbeiðendum ranglæti, sem eins stendur á um og eiga skilið að fá samskonar svör frá þinginu. Það er ekki rétt af þdm. að gera hér upp á milli.

Auk þessa eru margar brtt. um að veita einstökum mönnum styrki til ýmissa hluta. N. er þeim öllum mótfallin. Og ég sé ekki ástæðu til að taka til athugunar meðmæli þau, sem hv. flm. hafa látið fylgja þessum till., verð þó að segja um sum þeirra meðmæla, að þau eru svo frek og ósanngjörn, að erfitt er að láta þeim ómótmælt. Ég ætla þó að sneiða hjá því að mestu, enda er það leiðinlegt að taka einstaka menn fyrir og mæla með þeim eða móti, meta kosti þeirra og galla. Sem dæmi vil ég þó minnast á eina brtt., IV. lið á þskj. 430, sem hv. flm., hv. 1. þm. S.-M., fór þeim orðum um, að þann styrk, sem þar um ræðir, ætti að veita þeim ákveðna manni sem viðurkenning fyrir unnið æfistarf. (**SvÓ:** Og til hvatningar). Já, og náttúrlega til hvatningar og áframhalds í sömu átt. Um þetta vil ég aðeins segja það, að heima í héraði þessa manns mundu þeir, sem kunnugastir eru, skoða þessi ummæli sem hin sterkustu öfugmæli, er hugsazt gætu. En ég fer ekki lengra út í þetta.

Það er ef til vill rétt að líta nokkru nánar yfir þessar brtt. Margar þeirra voru bornar fram við 2. umr., og lýsti ég þá afstöðu n. gagnvart þeim. Hún hefir ekki breyzt, og get ég vísað til þess, sem þá var fram tekið þeim viðvíkjandi. Ég get þó aðeins minnzt á XXIV. brtt. á þskj. 418, um styrk til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, frá jafnaðarmönnum. Að vísu hefir þessi styrkbeiðni verið lækkuð um helming frá því, sem hún var flutt við 2. umr., því að nú er farið fram á 500 þús. kr. í þessu skyni, en það breytir ekki afstöðu n. til þessarar till., hún er till. mótfallin. Þá er XXXV. brtt. á sama þskj. frá hv. þm. Vestm., um styrk til ræktunarvegar í Vestm.-eyjum; n. hefir óbundin atkv. um hana. Tveir nefndarmenn vildu hafa þar óbundnar hendur, en meiri hl. n. leit

svo á, að þótt þetta væri gott mál og þess vert að fá styrk, ef fé væri fyrir hendi, þá yrði það að hlíta sömu meðferð og önnur þörf fyrirtæki, þegar fé er ekki til, og bíða betri tíma. Ennfremur vil ég benda á, að þetta ræktunarfyrirtæki í Vestm.eyjum hefir hlotið mikinn styrk úr ríkissjóði, eins og hv. flm. till. viðurkenndi, enda lýsti hann því, hvað sá styrkur hefði borið góðan árangur, og þótt það væri gott fyrir hlutaðeigendur að geta fengið meiri styrk til þessa ræktunarvegar, þá vil ég segja það, að þeim sé þó ólíku léttara að halda nú áfram upp á eigin býti, þar sem svo vel hefir verið greitt fyrir þeim áður í þessu efni.

Þá vil ég aðeins fara örfáum orðum um XXVII. brtt. á þskj. 418, sem borin er fram af tveimur fjvnm., hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf., og miðar til lækkunar á útgjöldum, sem er að vísu nýstárlegt í þessum till.bálkum, sem fyrir liggja frá einstökum þm. Þó að stefna fjvn. hafi í öllu farið í þá átt að lækka útgjöld ríkissjóðs sem mest, þá gat meiri hl. n. ekki séð sér fært að fella niður þennan lið, sem brtt. fer fram á. Hv. flm. till. gat um, að það væri að vísu gerður samningur um þetta starf, landmælingarnar, við þá stofnun, Geologisk Institut, sem hefði haft þær með höndum síðan byrjað var á þeim, en mundi eigi lögbindandi, og því fært að fresta framkvæmdum í bráð. Ég er nú hv. þm. sammála um, að ekki mundi hægt að sækja ríkisstj. til lagalegrar ábyrgðar eða sekta fyrir það, að fresta þessum framkvæmdum um stund. En ég vil hinsvegar benda hv. þd. á, að eftir þeim skjölum, sem fyrir fjvn. lágu, og eftir upplýsingum þeim, sem vegamálastjóri gaf n., en hann hefir staðið fyrir þessum málum frá hálfu stj. gagnvart herforingjaráðinu danska, þá eru samningarnir byggðir á því trausti til íslenzkra stjórnarvalda, að orð þeirra séu nægileg trygging fyrir því, að þessi störf verði ekki látin falla niður aftur fyrr en mælingunum er lokið, og því eigi þótt þörf á að hafa þá í lögbindandi formi. Herforingjaráðið hefir gert ráð fyrir, að starfað yrði óslitið að mælingunum samkv. samningunum og lagt mikið í kostnað til undirbúnings þeirra framkvæmda um útvegun á nýtízku mælingatækjum o. fl. — Ástæðan til þess, að n. gat ekki öll fylgzt að um að fella niður þennan lið, var sú, að meiri hl. n. taldi ríkið bundið við þennan samning siðferðislega, auk þess sem honum var ljóst, hvílík nauðsyn er á þessu starfi fyrir þjóðina. Á yfirstandandi ári eru ætlaðar 55 þús. kr. til þessara landmælinga, en fjmrh. samdi þannig um í utanför sinni síðastliðið haust, að eigi yrði varið nema 35 þús. kr. til þeirra í sumar, og skyldi herforingjaráðið miða ráðstafanir sínar við það. Þegar það svo gekk inn á, að við það mætti una má segja, að þessi áætlaða upphæð í fjárlfrv. fyrir árið 1933, sé að sumu leyti einungis tilfærsla á milli ára. Þetta er að vísu ekkert höfuðatriði í málinu, en ég vildi gera grein fyrir því, hvers vegna n. gat ekki öll staðið saman um það.

Hér eru 2 till., sem líka komu fram við 2. umr., og voru þá felldar. Nú eru þær nokkru lægri. Þær eru um greiðslu á skuldum Áslækjarbúsins og Mjallar til viðlagasjóðs. Um þetta er ekkert að segja annað en það, að afstaða n. til þessa er óbreytt frá því, sem hún var þá. Þá er 34. brtt. Er það allstór útgjaldaliður, 65 þús. kr., til þeirra útvarpsnotenda, sem ekki eiga kost á rafmagni. Um þessa till. skal ég taka fram, að n. gat ekki aðhyllzt hana. Ég verð líka að segja, að þótt þarna sé um talsverðan aðstöðumun að ræða, eftir því hvort menn hafa rafmagn eða ekki, þá verður ekki bætt úr öllum aðstöðumun, þótt till. þessi væri samþ. Þegar útvarpið var sett á stofn, þá var einkum mælt með því á þeim grundvelli, hve nauðsynlegt það væri hinum afskekktu sveitum landsins. Er það vitanlega rétt. En nú er þó sá misbrestur að koma í ljós, að þessar afskekktu sveitir geta ekki notfært sér útvarpið kostnaðarins vegna. Vil ég í því sambandi benda á, hve mismunandi þessi kostnaður er, eftir því í hvaða fjarlægð menn búa frá útvarpsstöðinni. Stofnkostnaðurinn er sem sé 2—3var sinnum meiri í fjarlægari sveitunum. Ef því ætti að jafna aðstöðuna, þá yrði fleira að taka til greina en aðgang manna til raforku. — En aðalatriðið gegn þessu er þó það, að ekki er hægt fjárhagsins vegna að sinna þessu, eins og nú

standa sakir, þótt margt kynni að mæla með því að öðru leyti.

Ég hleyp hér yfir ýmsar smábrtt., styrki til einstakra manna. Till. lágu hér fyrir við síðustu umr. og liggja enn fyrir við þessa umr., um eftirlaunastyrki til pósta og ljósmæðra. Því var lýst yfir þá, að fjvn. vill, að allar slíkar umsóknir sendist til stjórnarráðsins svo snemma og með þeim gögnum, að það geti gert rökstuddar till. um, ef því virðist ástæða til, að einhverjum umsækjenda sé veittur styrkur. Heldur n. fast við þá till. sína. Þá er hér XLIII brtt. Þar er farið fram á, að tillag til vitabygginga sé hækkað um 40 þús. kr. — Kemur þá hið sama fram og áður hefir verið lýst, að hér er það í vegi fyrir því, að hægt sé að verða við þessari ósk, að peningana vantar. Fjvn. hefir, eins og hv. frsm. fyrri hl. lýsti greinilega, gengið svo langt sem hún sá sér fært. Lengra getur því n. ekki gengið og verður því að vera á móti þessari till., sem svo mörgum öðrum.

Þá er XLV. brtt., frá hv. 1. þm. Árn., um það, að stj. sé heimilað að skipa 3 menn í n. til þess að athuga ástand Flóaáveitunnar og leggja till. um það fyrir næsta þing. Get ég lýst yfir því, að n. taldi rétt að styðja þessa till.

XLVI. brtt. er frá hv. þm. Seyðf. og fer fram á, að settar verði á stofn síldarbræðslustöð og sögunarverksmiðja á Seyðisfirði. Samskonar till. lágu fyrir við 2. umr. Var þá lýst þeirri aðstöðu n., að hún gæti ekki mælt með því, sem enn er óbreytt.

Þá koma nýjar brtt., sem eru um, að ríkið ábyrgist lán til stofnkostnaðar og líka rekstrarlán til tunnuverksmiðju á Siglufirði, ábyrgist lán til kaupa á nýjum bát á Ísafjarðardjúp, láni Eiríki Leifssyni 20 þús. kr. til skógerðar, og svo lán til tveggja læknishéraða í Barðastrandarsýslu til að standast straum af byggingu læknisbústaða. Um þetta allt get ég sagt það í einu lagi, að fjvn. hefir ekki séð fært að mæla með því, að þessir liðir séu samþ. — Hvað fyrsta liðinn snertir, tunnuverksmiðjuna á Siglufirði, að ábyrgjast lán að upphæð 24 þús. kr. vegna stofnkostnaðar við hana og 50 þús. kr. rekstrarlán, þá var það svo að sjá eftir því, sem lá fyrir fjvn., að þessir tveir liðir fylgdust að, þannig, að þýðingarlaust mundi vera að samþykkja annan liðinn, nema báðir séu samþ. Ég get varla annað séð en brtt. stefni að því að koma á ríkisrekstri um þessa starfsgrein, án þess þó að ríkið eigi að taka nokkurn þátt í stjórn fyrirtækisins. Ríkið ber aðeins ábyrgð á öllu saman. Get ég varla séð, að til nokkurra mála geti komið að ganga inn á þá braut, sem hér er farið fram á, enda alger nýjung að fara fram á slíkt. Svipað og nú var sagt má og segja um næstu till., Djúpbátinn. Þau félög, sem hingað til hafa fengið rekstrarstyrk frá ríkinu, hafa sjálf keypt bátana, séð að öllu um stofnkostnaðinn. Hér er því lagt til, að gengið verði inn á nýja braut, að láta ríkið líka sjá um kaup á bátnum (**Rödd af þingbekkjum:** Það eru til fordæmi fyrir því!) Já, það er rétt, að ákvæði mun vera um þetta í þessa árs fjárl., en það var ekki sett þar að vilja fjvn., og er því aðstaða hennar óbreytt frá því, sem var.

Á þskj. 440 er brtt. frá hæstv. fjmrh. Hann hefir að vísu ekki enn mælt fyrir þessari till., en ég get þó fyrir hönd fjvn. lýst yfir því, að hún vill veita meðmæli sín með því, að brtt. verði samþ.

Á þessu sama þskj. eru 3 aðrar brtt. Til þeirra hefir n. ekki tekið afstöðu, enda eru brtt. þessar nýkomnar fram. Ég get því ekkert um þær sagt fyrir n. hönd. Sama er um þær brtt. að segja, sem eru á þskj. 452. N. hefir enga afstöðu tekið til þeirra, þar sem þær hafa ekki legið fyrir n. Ég sé þá ekki ástæðu til að eyða lengri tíma í að ræða þær brtt., er fyrir liggja. Ég vil undirstrika það, sem hv. frsm. fyrri hl. sagði um afgreiðslu fjárlfrv., og beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir athugi vel fjárhagsástandið og möguleika þá, sem til þess liggja að auka við útgjaldahlið fjárl. Ég vænti þess líka, að hæstv. fjmrh., sem enn hefir ekki tekið til máls, muni styðja n. í þeirri stefnu, er hún hefir þótzt þurfa að taka í þessu máli, að lækka sem mest útgjöldin, og standa á móti öllum útgjaldahækkunum, og reyna þannig að fá þann jöfnuð á fjárlfrv., sem unnt væri.

Þá vil ég minnast á eitt atriði enn í sambandi við þetta mál: Þótt engin till. hafi komið fram um það hér í d., þá hefir

það þó legið til álita fyrir n. Það er beiðni, sem komið hefir frá tveimur hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Gerðahreppi og Bessastaðahreppi, um 20 þús. kr. lán frá ríkinu til hvors þeirra. Samskonar beiðnir hafa legið fyrir áður, og er því mörgum hv. þdm. kunnugt um þetta. Lánbeiðnir þessar eru fram komnar vegna ógurlegs þunga af fátækraframfæri, sem hvílir á þessum hreppum. Gerðahreppur hefir áður fengið 40 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, sem síðar var gefið eftir að mestu. Ég held kannske að af því hafi verið endurgreiddar 3000 kr. — Þetta hefir þó ekki reynzt nægileg hjálp. Þá hefir og Auðkúluhreppur í V.-Ísafjarðarsýslu sent, að vísu ekki beinlínis beiðni um lán, en yfirlýsingu um það, að hann geti ekki risið undir þeim þunga, er á honum hvílir vegna fátækraframfæris. Fer hann fram á, að fátækralögunum verði þannig breytt, að létt verði á þeim hreppum, sem mest sveitaþyngsli eiga við að búa. Fjvn. sá nú ekki, að ríkið hefði handbært fé til þess að lána þessum hreppum, né rétt væri að ganga inn á þá braut. Hitt kom fram í n., að eðlilegast væri, að þeir sneru sér til bjargráðasjóðs. Samkv. l. frá 1925 er gert ráð fyrir því, að lána megi úr bjargráðasjóði þeim hreppum, er komast í öngþveiti, lán til 20 ára gegn ábyrgð sýslun. Fannst því fjvn. rétt, að þessir hreppar sneru sér þangað. Ég vildi lýsa þessu hér í d., þótt fjvn. treysti sér ekki til að verða við fram komnum beiðnum þessara hreppa. Ég sé svo ekki þörf að tala frekar um hinar einstöku brtt. og læt því staðar numið.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil fyrst lýsa IV. brtt., frá mér, á þskj. 440. Hún er um það, að fela Búnaðarbankanum að selja hin dönsku ríkisskuldabréf, sem viðlagasjóður á og eru nú að tryggingu fyrir veðdeild Landsbankans, enda greiðist skuld viðlagasjóðs við ríkissjóð af andvirði hinna seldu bréfa. Þessi ríkisskuldabréf munu vera 300 þús. kr. danskar að nafnverði, en raunverulega, við sölu, mun fást fyrir þau um 250 þús. kr. Skiptist sú upphæð jafnt milli ríkissjóðs og Búnaðarbankans. Má segja, að gagnlegt sé nú að losa þetta fé og fyrir ríkið að fá endurgreidda þá skuld, sem viðlagasjóður stendur í við það. En sá hængur er þó á, að ekki er hægt að gera þetta án samþ. Alþingis, vegna þess að skuldabréf þessi eru að veði fyrir, að ég ætla, 1. og 2. flokki veðdeildarinnar í Landsbankanum. Af þeim flokkum er nú lítið eftir, og áhætta því engin fyrir ríkissjóð að gefa út tryggingarbréf í staðinn. Er og til ætlazt, að viðlagasjóður verði í bakábyrgð, svo að ekki er um neina aukna áhættu að ræða. Hér er því ekki um neitt að gera annað en það, að koma hagkvæmari skipun á þessa hluti sem allra fyrst. Er og ekki heldur þýðingarlaust á erfiðum tímum að fá til ráðstöfunar erlenda mynt, sem hægt er að nota í utanríkisviðskiptum. Ég hefi rætt þetta við hv. fjvn. og fengið vilyrði hennar um samþ. þessarar till., eins og líka hv. frsm. lýsti. Vænti ég heldur ekki andmæla gegn þessu frá hv. d.

Þá vil ég nokkuð minnast á þá till., sem fram hefir komið um að fella niður fjárveitingu á næsta ári til landmælinga. — Þegar ég var ytra í vetur, átti ég tal við forstöðumann þeirrar stofnunar, er sér um þessar mælingar. Fékk ég þá upphæð þá, sem nota átti í sumar og er í þessa árs fjárl. lækkaða um 20 þús. kr. Krafa hans eða þeirra var nú samt sú, að haldið væri áfram mælingunum í 10 ár án stöðvunar. En þeir sættu sig þó við, að þessi upphæð væri lækkuð niður í 35 þús. kr. á þessu ári. Ég ræddi að vísu ekki frekar við þá um framhald þessa verks. En af samtalinu varð ég þess vís, að þeir telja, að við séum bundnir þeim samningi við þá, að verki þessu verði lokið á svo sem 10 árum. Hafa þeir og bréf atvinnumálaráðuneytisins, frá 21. maí 1930, er staðfestir þessa skoðun þeirra. Er í því bréfi tekið fram, að það skuli gilda sem samningur. Nú er þeim það vitanlega enginn ágóði, að samningar þessir séu haldnir. En það er annað, sem kemur til greina í þessu sambandi. Þessir menn hafa þegar gert mikið að þessum mælingum hér. Hafa þeir því sett heiður sinn í það að halda þeim áfram. Foringi þeirra litur á þetta sem lífsstarf sitt, og þar sem hann er nú orðinn eldri maður, þá vill hann ekki, að framkvæmdin stöðvist, því að eftir því,

sem það dregst, minnka líkurnar fyrir því, að hann fái lokið verkinu. Fyrir ísl. ríkið er og þessi samningur heppilegur. Þarna fæst mjög ódýr vinna, og mikil ómök sparast um útvegun áhalda og annan viðbúnað. Og þegar þess er gætt, að enn er mikið ómælt á Norður- og Austurlandi sérstaklega, þá er nokkuð til þess vinnandi, að verk þetta haldi áfram og að því verði ekki unnið minna árlega en ætlazt er til, að gert verði á þessu ári. Hér er því um samning að ræða, sem leitt er að þurfa að brjóta, enda þótt það leiddi ekki af sér sektir eða málaferli. Mér finnst því ófært að halda ekki samninginn, ef annars er nokkur kostur. Þess ber líka að gæta, að við fáum verk þetta unnið fyrir svo sem ⅓ þess, sem það mundi annars kosta okkur. Og þeir, sem hófu starf þetta, meðan samband okkar við Dani var fastara en það er nú, setja metnað sinn í að ljúka því. Er því allra hluta vegna illt, ef það þarf að falla niður.

Ég vil þá minnast á till. um 20 þús. kr. fjárveitingu til styrktar vöruflutningum til hafnleysishéraða á Suðurlandi, ef frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu um skatt á bifreiðum, verður samþ. í Ed. Það er vitanlegt, að þessi skattur lendir þyngst á vörubílum, sem til þessa hafa komizt frekar létt út af þessum skatti. Í sambandi við þessa till. má líta á það, að þar sem strandferðir eru ekki til að annast flutninga í héruðin, er mjög heppilegt, að regla sé upp tekin með flutninga, þar sem hægt er vegna aðstöðu að skipuleggja þá. Er slíku helzt hægt við að koma í héruðunum austan heiðar. Væri aðstaða fengin fyrir bændur í þeim héruðum að skipuleggja flutninga sína, ef þeir nytu til þeirra nokkurs styrks. Gæti þeim þá orðið tvöfaldur hagur að þessu. Styrkurinn mundi létta þeim flutningskostnað, og með skipulagningunni mundu þeir spara fé, sem ekki væri hægt með öðrum hætti. — Ég vil fyrir mitt leyti mælast til, að till. verði samþ., en þó með því fororði, að frv. um bifreiðaskattinn verði samþ. í Ed. Getur maður þá litið svo á, að hér sé ekki um nema lítinn herkostnað að ræða, ef ríkið fær þær auknu tekjur, sem það frv. gerir ráð fyrir.

Yfirleitt vil ég taka undir ræður hv. frsm. fjárlaganna. Ég býst að vísu við, að einhverjar af hinum smærri till. verði samþ., og er ekkert við því að segja; bara að þær verði þá ekki of margar. En það er ekki hægt að hafa aðra stefnu fyrir þá, sem einhverja ábyrgð hafa á afgreiðslu fjárl., en þá, að felldar verði allar till., sem fara fram á mikil útgjöld úr ríkissjóði, og meginið af þeim till., sem heimta lítil útgjöld og ekki er því meiri nauðsyn að ýta á eftir. Það er fyrirsjáanlegur stór tekjuhalli á þessu ári. Ég hefi nefnt það oft áður hér í d. Það getur aldrei farið svo vel, að hallinn verði minni en svo sem 2 milljónir. Hann getur líka auðveldlega farið yfir 3 millj., ef ekki greiðist eitthvað úr, þegar líður á árið. Ég hefi einnig nefnt það, að ósk fjármálaráðuneytisins í þessu efni væri, að teknir yrðu í lög tekjuaukar, sem nema 1 millj. og 200 þús. kr. á ári, og látnir gilda í 1½ ár. Með því móti mundu fást upp undir 2 millj. kr. á þessu 1½ ári upp í hinn fyrirsjáanlega tekjuhalla. Verður annað hvort, að seinni hl. ársins verður skárri en á horfist, eða batinn kemur áþreifanlega á næsta ári. En því mun fylgja það, að tollar verða ríflegri, því að strax og léttir mun þess gæta, að orðinn er vöruskortur; og þetta vöruhungur mun valda meiri innflutningi en venja er til. Ég hefi því talið, að í bezta tilfelli mundu tekjuaukar, sem næmu um 2 millj. kr. á 1½ ári, geta jafnað tekjuhalla þessa árs. Og til þess að þessi tvö ár verði tekjuhallalaus, þegar saman kemur, þurfa fjárlög næsta árs að vera í jafnvægi. Hjá því verður ekki komizt, enda óforsvaranlegt af Alþingi að ganga ekki svo frá fjárl. næsta árs, sem við enn höfum vald á, að þau verði tekjuhallalaus. Það nægir, að fjárl. fyrir yfirstandandi ár voru afgreidd með nokkru öðru hugarfari en myndi, ef þau hefðu verið síðar afgreidd. Hv. fjvn. hefir lagt mikla áherzlu á, að fjárl. næsta árs yrðu afgreidd svo, að hægt væri að hafa sæmilega von, að ekki leiddi tekjuhalla af þeim, hvað sem líður yfirstandandi ári. Þetta er þakkarvert, þótt n. hafi fengið fyrir það ýmis ámæli. N. hefir sýnt þarna lofsverða sjálfsafneitun, því að vitanlega er freisting fyrir hana, engu síður en þá þm., sem eru fyrir utan n., að sinna ýms-

um þeim kröfum, sem eru fram bornar. En það kæmi að litlu gagni, þótt fjvn. sýndi þetta hugarfar, ef aðrir þm. ætluðu sér að lifa hátt, rétt eins og ekkert hefði í skorizt. Það hefði þá verið lítið gagn í því að lækka útgjöldin, fyrst við undirbúning fjárlagafrv., og svo aftur við 2. umr., ef þau ættu að hækka nú við þessa 3. umr., sem veldur úrslitunum um fjárl. frá þessu þingi, og sá blær, sem kemst á þau nú, mun að líkindum haldast þar til þau fá fullnaðarafgreiðslu. Ég vil þakka það, hvað fjvn. hefir verið samtaka í þessu, og tek það sem vott þess, að n. muni vinna í líka átt, þótt margar till. hafi komið fram og sumar háar. Ég vil taka undir það með hv. þm. S.-Þ., að slíkar till. megi í mörgum tilfellum skilja sem auglýsingu án vonar um árangur. Með þessu er ég ekki að segja, að þær óskir, sem fram eru bornar í tillöguformi, séu ástæðulausar. Það er eitthvað annað. Þarfirnar eru margar í þessu landi og framfaralöngun þjóðarinnar á annað skilið en að menn fari um hana illum orðum, en hitt er það, að þegar kemur önnur nauðsyn í veginn, verða þarfirnar að bíða um stund. Það er engin hjálp í framsóknarbaráttu þjóðarinnar, að lifað sé um efni fram visst áraskeið. Það er þvert á móti til tafar og truflunar. Jöfn framþróun mun hollust, og liggur það í augum uppi, að bezt er að sníða sér stakk eftir vexti. Og á yfirstandandi og næsta ári er stakkurinn þröngur og litlu fé yfir að ráða. Ég hefi áður sagt það, að núv. tekjulöggjöf muni ekki hrökkva til að standa straum af yfirstandandi og komandi ári. Eins og útlitið er nú og undirtektir undir frekari tekjuöflun í þinginu, mega fjárl. ekki hækka frá því, sem orðið er. Það væri fyrst þegar séð væri fyrir, að allir núgildandi skattar væru framlengdir og séð yrði fyrir fyrirsjáanlegum tekjuhalla, að hugsa mætti til þess að hækka útgjaldaliðina. En þar sem slíkt virðist ekki fyrir hendi, er skylt við þessa umr. að fella allt, sem skiptir verulegu máli um gjaldahækkunina. Það er svart útlit að þurfa að bíta af skornum skammti þetta hálfa annað ár, sem er framundan, en hjá því verður ekki komizt. Kreppan þjappar nú svo að landslýðnum, að það má ekki minna vera en að það komi greinilega fram í afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár. Og þótt næsta ár sé líklega ekki það versta, sem yfir kemur, því að vonandi er yfirstandandi ár það versta, og meina ég ekki með því, að það verði verra en nú lítur út fyrir, því að það er fyrirsjáanlegt, að það hlýtur að verða mjög slæmt, þá ætti þetta hugarfar í afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár að geta hjálpað því, að fjárl. yfirstandandi árs eru hærri en gjaldþol ríkisins má við. Til þess að fá jöfnuð á þetta allt þarf að taka saman þessi tvenn fjárl., og ef næsta árs fjárl. eru gætileg, mun von um tekju- og gjaldajöfnuð með því að nokkur tekjuauki komi til viðbótar. Ég þykist vita, að afgreiðslan verði gætileg, en það má ekki samþykkja nema fátt af því, sem hér er farið fram á, og mun verða að neita sér um að fullnægja mörgum þeim þörfum, sem kunna að vera knýjandi. Það kemur sú tíð, að hægt verður að sinna þeim, og við vonum, að það verði fyrr en seinna, en það er bara ekki hægt í ár.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.] Ég heyrði, að hv. frsm. andæfði till. minni um 60 þús. kr. ábyrgðarheimild fyrir stj. til bátakaupa á Ísafjarðardjúpi. Þetta er endurveiting, því að það var samþ. á seinasta þingi og gildir á þessu ári. En forstjórnarmenn þessa fyrirtækis sjá engin ráð til þess að ráðast í framkvæmdirnar, meðan fjárhagurinn er eins erfiður og nú er, og óska því, að þessari ábyrgð verði frestað til ársins 1933. Ég verð að segja það, að þessir flóabátar hafa átt örðugast uppdráttar allra samgangna hér á landi frá því fyrsta, og þó er það vitanlegt, að a. m. k. átta til níu sýslur á landinu njóta þessara ferða og sumar engra annara, hvorki á sjó né landi. Til þessa hafa verið veittar frá 70—100 þús. kr. á ári, en í fjárlfrv. 1933 er gert ráð fyrir 76 þús. kr., og samtímis því er varið hundruðum þúsunda til strandferða úr ríkissjóði með áreiðanlega minni þarfir landsmanna fyrir augum, og kemur a. m. k. færri mönnum að gagni. Strandferðakostnaðurinn var á síðasta ári ½ millj. kr. Ég vænti þess, að d. geti samþ. það að færa þessa ábyrgðarheimild yfir á næsta ár. Til þess að ekki sé neinn vafi á því, að hér sé um

endurveitingu að ræða, vil ég bera fram till. þar að lútandi, sem ég mun afhenda hæstv. forseta, þegar ég hefi lokið máli mínu.

Hvað símalagningarnar í N.-Ísafjarðarsýslu snertir, þá býst ég ekki við miklum árangri í því réttlætismáli á meðan þingið er svo skipað sem nú er. Og jafnvel þótt það yrði samþ. í fjárl., þá myndi geta farið svo eftir fordæmum, sem hér hafa verið gefin, að þær símalínur, sem samþ. hafa verið af þinginu, yrðu ekki lagðar, en aftur á móti símalínur, sem engum hefir dottið í hug að leggja, og til þeirra kostað miklu meira fé en í fjárl. er veitt til símalagninga.

Hæstv. fjmrh. gat þess réttilega, að þótt lifað væri um efni fram nokkurra ára skeið, þá væru það engar framfarir. Ég sé á þessu, að hæstv. fjmrh. er orðinn sannfærður um, að sú óhófseyðsla, sem hefir átt sér stað undanfarin ár, hefir engar framfarir í för með sér fyrir þjóðina, heldur kreppir frekar að henni. Mér þykir vænt um þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og vænti þess, að hann stuðli að því, að sá óhæfilegi „herkostnaður", sem Framsóknarflokkurinn hefir haft á undanförnum árum og ríkissjóður greitt, verði færður nokkuð niður. Hann gat hér um „herkostnað" í sambandi við samgöngur á Suðurlandsundirlendinu. Það eru smámunir einir samanborið við þann „herkostnað", sem Framsóknarstj. hefir tekið af landsmönnum, til þess að lafa í valdasætinu, og mun ég því ekki andmæla þeim litla styrk, og enda fúslega samþykkja tvöfalda þá upphæð, ef hægt væri að vona, að Framsóknarstj. tæki ekki þann „herkostnað" af þjóðinni, sem hún hefir tekið á undanförnum árum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 458) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 408,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 408,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 430,I felld með 17 : 5 atkv.
— 430,II.a—b (aðaltill.) felld með 14 : 10 atkv.
— 340,II.a—b (varatill.) felld með 17 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, VJ.
nei: BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.

MG greiddi ekki atkv.

Brtt. 408,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 418,I.1 felld með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JJós, JAJ, PO, VJ, EA, HG.
nei: IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

GÍ, HJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 418,I.2 felld með 14 : 11 atkv.
— 418,I.3 felld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, PO, VJ, EA, GÍ.
nei: IngB, JónasÞ, LH, MG, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

HJ greiddi ekki atkv.

Brtt. 418,II felld með 17 : 9 atkv.
— 418,III samþ. með 18 : 5 atkv.
— 408,4—5 samþ. með 18 : 2 atkv.
— 418,IV felld með 18 : 4 atkv.
— 440,I samþ. með 15 : 9 atkv.
— 418,V felld með 17 : 6 atkv.
— 408,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 418,VI (aðaltill.) felld með 17 : 5 atkv.
— 418,VI (varatill.) felld með 14 : 11 atkv.
— 408,7.a—b samþ. með 18 : 2 atkv.
— 418,VII.a samþ. með 15 : 9 atkv.
— 418,VII.b samþ. með 15 : 11 atkv.
— 418,VII.c felld með 14 : 12 atkv.
— 418,VII.d samþ. með 15 : 12 atkv.
— 418,VII.e felld með 16 : 9 atkv.
— 418,VIII.1.a felld með 19 : 5 atkv.
— 418,VIII.1.b felld með 18 : 4 atkv.
— 418,VIII.1.c felld með 14 : 3 atkv.
— 418,VIII.1.d felld með 24 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, VJ.
nei: HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, JörB.

EA greiddi ekki atkv.

Brtt. 418,VIII.2 felld með 17 : 3 atkv.
— 418,IX.a—b samþ. með 15 : 11 atkv.
— 418,X samþ. með 15 : 10 atkv.

Brtt. 418,XI felld með 19 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO.
nei: SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, JörB.
Brtt. 408,8 samþ. með 15 : 6 atkv.
— 418,XII samþ. með 15 : 10 atkv.
— 418,XIII felld með 18 : 5 atkv.
— 418,XIV samþ. með 15 : 13 atkv.
— 418,XV felld með 14 : 11 atkv.
— 418,XVI.a (aðaltill.) felld með 15 : 7 atkv.
— 418,XVI.a (varatill.) felld með 15:7 atkv.
— 418,XVI.b (aðaltill.) felld með 15:8 atkv.
— 418.XVI.b (varatill.) felld með 15:11 atkv.
— 418,XVII felld með 18 : 6 atkv.
— 430,III samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓTh, StgrS, SvÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JörB.
nei: LH, MG, PO, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BK, HStef, IngB, JÓl, JónasÞ.
HJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 418,XVIII (aðaltill.) felld með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, EA, GÍ, HStef, JAJ, JónasÞ, MG, ÓTh, PO.
nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, LH, MJ, JörB.
JJós greiddi ekki atkv.
Brtt. 418,XVIII (varatill.) felld með 16 : 9 atkv.
— 418,XIX (aðaltill.) felld með 14:9 atkv.
— 418,XIX (varatill.) felld með 14 : 11 atkv.
— 452,I samþ. með 23 : 1 atkv.
— 418,XX samþ. með 15 : 10 atkv.
— 418,XXI samþ. með 15 : 10 atkv.
— 418,XXII (aðaltill.) felld með 15 : 6 atkv.
— 418,XXII (varatill.) felld með 15 : 6 atkv.
— 430,IV (aðaltill.) felld með 15 : 4 atkv.
— 430,IV (varatill.) felld með 16 : 3 atkv.
Brtt. 418,XXIII felld með 18 : 5 atkv.
— 418,XXIV felld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, EA, HG, HV, JJós.
nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt. BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS. SvbH, JörB.
Brtt. 418,XXV samþ. með 15 : 12 atkv.
— 418,XXVI (aðaltill.) felld með 17 : 7 atkv.
— 418,XXVI (varatill.) felld með 15 : 10 atkv.
— 418,XXVII felld með 15 : 5 atkv.
— 418,XXVIII felld með 18 : 4 atkv.
— 418,XXIX (aðaltill.) felld með 18 : 4 atkv.
— 418,XXIX (varatill.) felld með 14 : 7 atkv.
— 418,XXX.a samþ. með 19 : 4 atkv.
— 418,XXX.b felld með 19 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, EA, HG, HV, JJós, JAJ, VJ, JörB.
nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
GÍ greiddi ekki atkv.
Brtt. 418,XXXI felld með 14 : 11 atkv.
— 440,II (aðaltill.) felld með 15 : 5 atkv.
— 440,II (varatill.) felld með 16 : 7 atkv.
— 418,XXXII samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JÓl, LH, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BÁ, EA, HStef, JörB.
nei: JAJ, JónasÞ, MG, SvÓ, VJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ, HJ, HG, HV, IngB.
Brtt. 418,XXXIII samþ. með 15 : 6 atkv.
— 430,V samþ. með 15 : 12 atkv.
— 418,XXXIV felld með 25 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JónasÞ, BJ.
nei: HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, JörB.
Brtt. 452,II samþ. með 16 : 8 atkv.
— 418,XXXV þar með ákveðin.
— 418,XXXVI tekin aftur.
— 440,III.1—2 felld með 10 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Fjárlög 1933 (3. umr. í Nd. og 1. umr. í Ed.).

já: HJ, JónasÞ, LH, SvbH, TrÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr.
nei: GÍ, HStef, HG, JÓl, MJ, PO, StgrS, SvÓ, ÞorlJ, JörB.
HV, IngB,[1]) JJós, JAJ, MG, ÓTh, VJ, BSt, EA greiddu ekki atkv.

Brtt. 418,XXXVII samþ. með 18 : 4 atkv.
— 418,XXXVIII samþ. með 16 : 9 atkv.
— 408,9 samþ. án atkvgr.
— 418,XXXIX felld með 14 : 7 atkv.
— 408,10 samþ. með 16 : 2 atkv.
— 430,6 felld með 14 : 11 aktv.
— 418,XL.a felld með 14 : 9 atkv.
— 418,XL.b felld með 14 : 9 atkv.
— 418,XLI felld með 15 : 10 atkv.
— 418,XLII (aðaltill.) felld með 14 : 6 atkv.
— 418,XLII (varatill.) felld með 15 : 8 atkv.
— 418,XLIII felld með 17 : 5 atkv.
— 418,XLIV samþ. með 15 : 6 atkv.
— 418,XLV samþ. með 17 : 2 atkv.
— 418,XLVI.a felld með 21 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, BSt, HG, HV, JJós, JÓl.
nei: MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, EA, HStef, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, LH, MG, JörB.
GÍ greiddi ekki atkv.

Brtt. 418,XLVI.b felld með 16 : 5 atkv.
— 418,XLVII.a samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍ, HJ, HG, HV, JJós, LH, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.
nei: BKr, EA, HStef, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

Brtt. 418.XLVII.b. felld með 22 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, VJ, BSt, GÍ, HG, HV.
nei: JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, EA, HStef, HJ, IngB, JörB.
— 458 samþ. með 16 : 1 atkv.
— 418,XLVIII, svo breytt, samþ. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, VJ, ÁÁ, BÁ, EA, GÍ, HG, JörB.
nei: IngB, JónasÞ, LH, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HJ.
— 418,XLIX felld með 14 : 3 atkv.
— 418,L.a felld með 16 : 4 atkv.
— 418,L.b felld með 15 : 2 atkv.
— 418,LI samþ. með 15 : 9 atkv.
— 418,LII felld með 14 : 10 atkv.
— 418,LIII samþ. með 16 : 5 atkv.
— 430,VII felld með 14 : 8 atkv.
— 440,IV samþ. með 22 shlj. atkv.
— 440,V samþ. með 15 : 4 atkv.
— 452,III felld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, StgrS, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, HStef, HG, HV.
nei: JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SvbH, BSt, EA, GÍ, HJ, JörB.
JAJ, BÁ greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.
nei: HG, HV, VJ.
EA, GÍ, JJós, JAJ, MG, MJ, ÓTh greiddu ekki atkv.
Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 460).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Ég hefi stundum orðið til þess áður að hefja hér eldhúsumr., en þar sem umr. um aðalmál þessa þings, stjórnarskrármálið, var útvarpað, og það mál vafalaust hefði meira og minna blandazt inn í eldhúsumr., mun ég láta eldhúsumr. falla niður frá minni hálfu að þessu sinni. Er þetta að vísu ekki svo að skilja, að ég hafi ekki bæði margar og miklar aðfinnslur fram að bera við stj., og má því vel vera, að ég fari í eldhúsið við síðari umr. fjárl. hér í deildinni, en það hefir stundum verið gert, að hefja slíkar umr. við 3. umr. fjárl.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég vil ekki flytja Ísafjörð austur á Seyðisfjörð og Seyðisfjörð vestur á Ísafjörð, og greiði því ekki atkv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjvn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 460, 597, n. 609 og 601, 612).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 609 og 601. — Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 4 :6 atkv.

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 460, 597, n. 609 og 601, 612, 627, 637, 647)
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 637 og 647. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Þegar fjárl-frv. kom hingað að þessu sinni frá Nd., mun tekjuhallinn á því hafa verið um 425 þús. kr. Slík var niðurstaðan þrátt fyrir það, þótt fjvn. Nd. hafi verið sammála um og lagt mikla vinnu í að reyna að spara útgjöldin, svo sem hægt væri, enda ætla ég, að sá svipur, sem nú er á fjárlagafrv., hafi aðallega verið settur á það af fjvn. En vegna þessa tekjuhalla, sem n. sá fram á, að mundi verða á frv., hefir hún flutt sérstakt frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., og er efni þess frv. að fella niður nokkra útgjaldaliði, sem bundnir eru með sérstökum lögum. Er gert ráð fyrir því, að ef þetta frv. verði samþ., muni útgjöldin á fjárlagafrv. lækka um 400 þús. kr. Sé þetta tekið með í reikninginn, er hægt að segja, að fjárlagafrv. sé skilað að mestu leyti tekjuhallalausu, en þess er þó að gæta, að í frv. vantar einn stóran útgjaldalið, sem ekki verður komizt hjá að greiða, því að nauðsynlegt er að hækka framlagið til Eimskipafél. allverulega frá því, sem er í frv. Þá hefir og ekki verið ætlað í frv. fyrir nauðsynlegum umframgreiðslum samkv. sérstökum l. og þáltill., en þessar umframgreiðslur geta hlaupið á allstórum upphæðum. Má að vísu gera ráð fyrir því í venjulegu árferði, að þessum umframgreiðslum geti mætt auknar tekjur ríkissjóðs, ef tekjuhliðin er varlega áætluð, en eins og fjárhagsútlitið er nú og afkoma atvinnuveganna, er ekki hægt að gera sér vonir um auknar tekjur til handa ríkissjóði frá því, sem áætlað er í frv., og er þess vegna meiri ástæða til að gera allt, sem hægt er, til að halda útgjöldunum niðri. — Um meðferð n. á frv. og till. hennar er það að segja, að þær eru að mestu leyti mótaðar af því ástandi, sem er, og hljóta þannig að nokkru leyti að falla í sama farveg og till. fjvn. Nd. N. hefir neyðzt til að bera fram nokkrar hækkunartill., sem flestar leika á lágum upphæðum, en tvær þeirra eru þó allstórar upphæðir, og geri ég ráð fyrir því, að n. muni óska eftir, að atkvgr. um þær bíði til 3. umr., og vík ég nánar að því síðar. Jafnframt hefir n. reynt að gera tilraun til að draga úr útgjöldunum. Nemur þetta að vísu ekki miklum upphæðum, því að svo er nú búið að ganga nærri flestum útgjaldaliðum frv., en n. vildi þó sýna deildinni þessar brtt., ekki af því, að n. sé ekki ljóst, að þessar till. kunna að orka meira og minna tvímælis, né heldur af því, að n. sé það nokkur sérstök gleði að leggja til niðurfellingar á ýmsum liðum, en það er nú svo, að gera verður fleira en það eitt, sem gott þykir, þegar fjárhagsvandræðin eru annars vegar. Hækkunartill. n. nema samtals um 190000 kr., en lækkunartill. um 120000 kr., og er því hækkunin umfram lækkun um 70000 kr. samkv. till. n., og tekjuhallinn á frv. samkv. því um 495000 kr. alls. — Ég hefi áður drepið á frv. fjvn. Nd. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., og verði það samþ., má gera ráð fyrir, að við það lækki útgjöldin um 400000 kr., en eins og ég áður sagði, er sjáanlegt, að þegar fjárl. verða afgreidd héðan úr d., getur hallinn ekki orðið minni en ½ millj., og verður þó sennilega meiri, og verður því afgreiðsla fjárlaganna að þessu sinni sú, að skilizt er við þau með töluverðum tekjuhalla. Í slíku árferði sem þessu er þetta óglæsileg afgreiðsla á fjárlögum, en að mínu áliti má rétta þetta við með því að samþ. einhver þau tekjuaukafrv., sem fyrir þinginu liggja. Lít ég svo á, að þetta megi verða, án þess að það komi tilfinnanlega niður á þjóðinni, og væri þá þannig hægt að jafna halla, sem útlit er fyrir, að verði á fjárlagafrv.

Þá vil ég fyrir f. h. n. minnast nokkrum orðum á þær brtt., sem hún flytur, en meginið af þeim eru þannig vaxnar, að þær skýra sig sjálfar, og þarf ég því ekki að vera langorður. N. lítur svo á, að þær till., sem hún gerir um niðurfellingu á útgjöldum ríkisins, séu í alla staði forsvaranlegar, en auðvitað er það í sjálfsvaldi d., hvort hún vill ganga inn á að fella niður þessi útgjöld, sem n. gerir till. um og ríkissjóður getur komizt hjá að greiða. Ég vil þó aðeins minna hv. d. á það, að að því verður óumflýjanlega að gæta, þegar verið er að samþ. útgjöld fyrir ríkissjóð, að peningar séu fyrir hendi til þess að greiða þessi útgjöld.

Brtt. n. eru á þskj. 597, og fjallar sú fyrsta þeirra um það, að framlagið til landhelgisgæzlunnar sé hækkað um 50000 kr. — Svo er ráð fyrir gert í frv., að landhelgisgæzlan kosti um 500000 kr., og greiðist það að $^3/_5$ úr ríkissjóði, en $^2/_5$ úr landhelgissjóði. Reynslan um landhelgisgæzluna hefir hinsvegar sýnt það, að þessi upphæð muni vera of lágt áætluð, og af þeim ástæðum leggur n. til, að hún verði hækkuð um 50000 kr., og komi sú hækkun á landhelgissjóð, þannig að úr honum greiðist 250000 kr. í þessu skyni í stað 200000 kr. í frv. Hefir n. fengið upplýsingar um það, að landhelgissjóði muni ekki vera um megn að greiða þetta, og því hefir hún kosið að fara þessa leið. Má frekar gera sér vonir um það, að þessi upphæð, sem veitt er til landhelgisgæzlunnar, hrökkvi langt í því skyni, ef þessi hækkun nær fram að ganga.

Næsta brtt. n. er á þskj. 612, II, og er ástæðan til þess sú, að þessi till. hafði í ógáti fallið niður, er n. skilaði till. sínum í skrifstofuna. Fjalla till. um það, að utanfararstyrkur héraðslækna sé aftur tekinn upp í fjárlögin, en styrkurinn var felldur niður í Nd., því að hann var upphaflega í frv., eins og það var frá hendi stj. Eftir till. n. fylgja styrknum sömu aths. og við hann eru í gildandi fjárlögum. Kom landlæknir á fund n. og mæltist eindregið til þess, að styrkurinn væri tekinn aftur upp í frv. og féllst n. á að verða við þeim tilmælum. — N. flytur og aðra till. samkv. eindregnum tilmælum landlæknis, 597,2b, þess efnis, að veittar verði 3500 kr. til þess að kaupa ferða-röntgentæki. Svo sem öllum er kunnugt, er berklaveikin sá vágestur, sem við eigum mjög erfiða aðstöðu gegn. Þrátt fyrir allt það fé, sem þjóðin hefir lagt á sig til þess að vinna bug á þessum skæða óvin, þá virðist það hafa gengið hægt í áttina. Það eru staðir hér á landi, þar sem berklaveikin hefir grafið alvarlega um sig, og landlæknir telur nauðsynlegt að gera einhverjar tilraunir til nákvæmari athugana en hægt hefir verið að gera hingað til og þarf til þess sérstaklega færa lækna. En hann telur, að þeir geti ekki notið sín, nema með því að þeir fái þau tæki, sem nauðsynleg eru til slíkra rannsókna, og þá verða það að vera tæki, sem læknar geta flutt með sér og sem brtt. kallar ferða-röntgentæki. N. vonar, að d. geti fallizt á þessa till.

Þá hefir n. lagt til, að styrkur til læknisbústaða verði lækkaður úr 15 þús. kr. niður í 8 þús. kr. Það er vitanlega gert til að spara og líka til að benda á, að í slíku árferði sem þessu sé ekki gerlegt að leggja út í nýjar byggingar af þessu tagi. Þess vegna telur n., að vel megi lækka þennan lið, en vill þó ekki fella hann niður, ef einhverjir læknisbústaðir kynnu að vera ófullgerðir.

Hjúkrunarfélagið „Líkn", sem starfað hefir hér um langan tíma í Rvík, hefir haft í undanförnum fjárl. 4 þús. kr., en nú hefir sá styrkur verið lækkaður niður í 3 þús. kr. Félagið hefir mjög merkilegt starf með höndum og mun gera mikið gagn. N. vill viðurkenna félagið með því að hækka fjárveitinguna aftur upp í 4 þús. kr. eins og hún er í gildandi fjárl. og hefir verið undanfarið.

Þá hefir n. lagt til við 13. gr., að liðurinn til sýsluvega verði lækkaður um 5 þús. kr. Um þetta er ekkert að segja annað en það, að þetta er sparnaðartill. frá n. hálfu, og d. getur auðvitað hagað sér gagnvart henni eins og hún telur réttast.

Þá er hér 5. brtt., um að breyta aths., sem sett hefir verið við styrkinn til strandferða, um launagreiðslur yfirmanna strandferðaskipanna. N. fannst aths. vera full-þröng og að það gæti valdið vandræðum að framfylgja henni bókstaflega, og þess vegna opnar n. með brtt. leið til þess, að samkomulag geti náðst, jafnvel þó ekki séu eins ströng fyr-

irmælin eins og er í aths. eins og hún er nú orðuð. Þá kem ég að 6. brtt. Það er styrkur til Eimskipafél. Ísl. N. hefir lagt til, að hann sé hækkaður mikið frá því, sem er í frv., en hún tekur brtt. aftur til 3. umr. til nánari athugunar.

Þá er hér 7. brtt., við 4. gr., um kostnað af skólastjórn Menntaskólans. N. telur, að þessi liður hafi verið lækkaður ósanngjarnlega mikið, þar sem hann hefir verið lækkaður úr 2 þús. kr. niður í 1 þús. kr. og vill fara þar mitt á milli og leggur til, að liðurinn verði lækkaður um 500 kr. Það eru færð nánari rök fyrir þessum lið í nál., og sleppi ég því nú.

Næsta brtt. er um að taka upp 1500 kr. til utanfara barnakennara. N. hefir tekið þennan lið upp samkv. eindreginni ósk hæstv. fjmrh.

Þá er hér brtt. frá n. við 14. gr., um blindrakennslu. Að vísu hefir n. ekki breytt neitt fjárveitingunni frá því, sem er í frv., en hún leggur til, að liðurinn allur verði sameinaður í eitt og upphæðin, 2600 kr., gangi til Blindravinafél. Ísl. Þetta félag mun hafa verið stofnað fyrir skömmu í Rvík. Það hefir sent fjvn. erindi þess efnis að fá 1500 kr. styrk til starfsemi sinnar og einnig, að félagið fái umráð yfir því fé, sem veitt hefir verið í fjárl. til blindrakennslu. Þetta félag er þegar orðið mannmargt, um 800 félagar, og tilgangurinn að reyna að hjálpa og hlynna að blindum mönnum hér á landi. Félagsmenn greiða í ársgjald 2 kr., en svo geta menn orðið æfifélagar með 30 kr. framlagi. Í stj. félagsins eru: Sig. Sívertsen prófessor, forstöðumaður málleysingjaskólans, skólastjóri nýja barnaskólans, Halldóra Bjarnadóttir og Þórsteinn Bjarnason í Körfugerðinni, sem hefir með höndum kennslu blindra manna. N. telur rétt að láta þennan styrk, sem er í frv., ganga til Blindravinafél. og telur, að þá sé fjárveitingin í góðum höndum.

Þá hefir n. lagt til að hækka um 300 kr. við aðstoðarmanninn við Landsbókasafnið frá því, sem er í frv. Í gildandi fjárl. munu hafa verið ætlaðar 4500 kr. til aðstoðarmannsins, en þetta hefir verið lækkað niður í 3500 kr. N. þykir þetta of mikil lækkun. Hér er um fátækan mann að ræða, sem hefir fyrir mörgum að sjá. N. virðist ósanngjarnt samanborið við aðra starfsmenn að lækka hér svo mikið og vill færa þetta í samræmi við aðrar lækkanir hjá öðrum starfsmönnum og leggur því til, að í staðinn fyrir 3500 kr. komi 3800.

Þá er hér 11. brtt., um að inn í 15. gr. komi nýr liður til Snorrabókasafns í Reykholti, 500 kr. Fyrir n. lá umsókn um styrk til þessa bókasafns. Þetta er nýtt fyrirtæki og er hugsað á þann veg, að á þessum fornfræga stað verði í sambandi við skólann safnað öllum þeim bókum og verkum, sem að einhverju leyti snerta Snorra Sturluson, bæði utan lands og innan. Það hafa ýmsir tekið að sér að safna til þessa safns og styðja það, bæði á Norðurlöndum og víðar, auk þess sem menn gangast fyrir þessu innanlands. Nú hefir verið sótt um 500 kr. styrk til þessa safns. Fjvn. hefir með því að setja liðinn á þennan stað í frv. viljað sýna, að hún setur ekki þetta safn í sömu röð og önnur bókasöfn á landinu, heldur ætlast hún til, að ríkið viðurkenni í eitt skipti fyrir öll þessa stofnun, sem verið er að koma upp, og telur hana að miklu leyti heyra til sögulegra minninga og setur hana þess vegna á eftir styrknum, sem veittur er til Sögufélagsins, þó þetta komi Sögufélaginu vitanlega ekkert við. — Þá hefir n. lagt til, að sú aths., sem sett var í Nd. við styrkinn til Leikfélagsins, falli burt, og sú kona, sem þar um ræðir, Soffía Guðlaugsdóttir, fái sinn styrk alveg sérstaklega. N. taldi ekki rétt að rýra frekar þennan styrk, sem Leikfélagið átti að fá, þar sem hann hefir verið lækkaður úr 6 þús. kr. niður í 4 þús. kr.

Þá eru hér þrjár brtt., sem ýmist eru til lækkunar eða niðurfellingar. Það er lagt til, að styrkur til Halldórs Kiljans Laxness sé lækkaður úr 1600 kr. niður í 1000 kr. og að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar falli burt, af þeirri ástæðu, að n. var ekki kunnugt um starf hans, hvort hann heldur áfram þeirri orðasöfnun, sem hann upphaflega fékk styrkinn fyrir. — Þá er einnig lagt til, að fella niður styrkinn til Skáksambands Íslands.

Þá kem ég að 16. brtt., sem er gjald samkv. jarðræktarlögum, þar sem n. leggur til, að útgjöld samkv. þeim verði lækkuð úr 540 þús. kr. niður í 450 þús.

kr. Þessi upphæð er vitanlega áætlunarupphæð. Það er ekki hægt að fullyrða neitt um það, hvað mikla upphæð þurfi til þess að fullnægja l. En n. telur líkur til þess, að á þessum erfiðu tímum, sem nú eru fyrir landbúnaðinn, hljóti það að minnka, sem bændur geta framkvæmt af nýjum jarðabótum, og þess vegna hljóti þessi styrkur að lækka talsvert frá því, sem hefir verið undanfarin ár. En til frekara öryggis, að þessi lækkun sé forsvaranleg, hefir n. gert ráð fyrir að bera fram brtt. við það frv., sem ég hefi áður minnzt á, um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, að hámarksupphæðir til einstakra jarðabótamanna samkv. jarðræktarl. verði lækkaðar. Hinsvegar telur n. nauðsynlegt að taka upp aftur nokkra upphæð vegna ráðstafana um tilbúinn áburð. Það mun vera nauðsynlegt að reyna að létta undir með flutninga til ýmsra erfiðra hafna á landinu, og vill n. þess vegna taka upp fasta upphæð, sem verði hámark þess, sem notað verður.

Þá eru hér 2 brtt. mjög smáar. Fyrri brtt. er um það, að veita veiði- og loðdýrafél. Ísl. 500 kr., en hin síðari um að veita Ársæli Árnasyni 500 kr. til innflutnings á grænlenzkum hérum. N. vill ekki neita því, að loðdýrarækt geti komið að einhverju liði hér á landi, þegar fram líða stundir. Jafnframt telur n., að það sé vel gerlegt að veita svolitla upphæð til að gera tilraun til að gera dýralífið fjölskrúðugra hér á landi en nú er. Þessar upphæðir eru svo smávægilegar, að það munar ekki mikið um þær, en þær geta vel gert mikið gagn og ánægju.

Þá hefir n. lagt til, að styrkurinn til skrifstofukostnaðar skipaskoðunarstjóra hækki úr 6000 kr. upp í 7000 kr. Eftir þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið, eru engar líkur til, að 6 þús. kr. nægi, geti jafnvel þurft 8 þús. kr.

Þá leggur n. til, að liðurinn um markaðsleit falli niður. Það er álit n., að miklu af því fé, sem ætlað hefir verið til markaðsleita, hafi verið varið til lítils gagns.

Þá hefir n. lagt til, að aths. við styrkinn til Samb. ísl. heimilisiðnaðarfél. falli burt. Þessi aths. er um það, að Geir Þormar séu veittar 800 kr. af styrk félagsins. N. telur sjálfsagt að binda ekki styrkinn þessari kvöð, heldur að félagið hafi full umráð yfir honum og veiti þessum manni styrk, ef því finnst það nauðsynlegt. Fjvn. getur ekkert sagt um það, hvað mikið gagn er af starfsemi þessa manns.

Þá koma hér liðir, þar sem felldar eru niður styrkveitingar, sem lengi hafa staðið í fjárl. til ýmsra kvenfélaga. Ég get farið hér fljótt yfir sögu og tekið alla þessa liði í einu. Það hlýtur eitt og sama að ganga yfir þá alla. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé svo ýkja mikil upphæð, sem hér er um að ræða fyrir ríkissjóð. En ég held, að þessi upphæð í heild komi að litlum notum, þegar hún er bituð í jafn smáar upphæðir sem gert er í frv. Ég vil taka það fram, að það virðist vera orðin tízka hér á landi að setja á stofn allskonar félög til allskonar starfsemi og svo þurfa þau undireins að koma til ríkissjóðs og fá styrk, án þess að hægt sé um það að vita, hvort nokkuð gagn sé að þessum félögum eða ekki. Ég geri ráð fyrir, að þessum félögum geti fjölgað mjög mikið ennþá og þess vegna geti þessum liðum í fjárl. fjölgað í framtíðinni. Þess vegna vill n. nú í eitt skipti fyrir öll leggja það fyrir d., hvort hún telur rétt, að þessu sé haldið áfram eða ekki.

Þá leggur n. til, að fjárframlag til Þórðar Flóventssonar falli niður. Þessi styrkur hefir staðið undanfarin ár í fjárl. og það fylgt, að hann ætti að leiðbeina um lax- og silungaklak. N. álítur, að þessu starfi sé nú lokið og leggur því til, að ekki sé lagt fé til þess lengur í fjárl.

Þá kem ég að brtt. við 17. gr. N. leggur þar til, að allur síðari hl. gr. falli niður. Þetta eru margir liðir, og ég ætla ekki að fara út í þá, hvern einasta fyrir sig. Ég vil taka það fram, að hér er ekki um miklu fjárhæð að ræða, nokkur þús. kr. samtals, veittar í marga staði, frá 200 kr. upp í 500 kr. í stað. Þetta eru veitingar til ýmsra sjúkra- og styrktarfélaga í landinu. En sá er gallinn á þessu, að jafnvel þó að þessi félög kunni að eiga einhvern rétt á að fá styrk, þá er ekki hægt að neita því, að það eru miklu fleiri félög í landinu, sem þá eiga rétt á því, en fá ekkert. Þess vegna lítur n. svo á, að ef þessi félög eiga að standa áfram í fjárl., þá sé óhjákvæmilegt að sinna þeim beiðn-

um, sem hafa komið frá öðrum félögum og munu koma fram. N. getur ekki séð, að þessi félög eigi nein forréttindi fram yfir önnur félög í landinu, og þess vegna leggur hún til, að þessir liðir verði felldir niður. Ég veit ekki til, að þessi félög hafi nokkurn tíma sent ríkissjóði skýrslur um starfsemi sína og þess vegna hefir þingið veitt þetta út í bláinn án þess að hafa nokkra hugmynd um, hvernig fénu hefir verið varið. Í gildandi fjárlögum eru sett þau skilyrði fyrir ríkissjóðsstyrknum, að jafnmikið fé komi á móti annarsstaðar að og að skýrsla um starfið væri send stjórninni. Ég held, að þetta hafi hvergi verið gert.

Þá er brtt. frá n., um að niður falli 23. og 24. liður 17. gr.; er það styrkur til gamalmennahæla á Ísafirði og Seyðisfirði, 1000 kr. til hvors. En nú er vitanlegt, að til er þriðja og langstærsta stofnunin af þessu tagi, sem er gamalmennahælið í Rvík og að í frv. er því enginn styrkur ætlaður. N. lítur svo á, að annaðhvort sé rétt að styrkja þessi hæli öll eða ekkert. Það getur verið, að aðrir líti öðruvísi á það mál, en þetta er skoðun n., og samræmis vegna leggur hún til, að þessi styrkveiting verði felld niður.

Um brtt. n. við 18. gr. get ég verið fáorður. Ég skal aðeins geta þess, að við 28. brtt. á þskj. 597 er brtt. frá hv. 3. landsk. N. öll eða meiri hl. hennar getur fallizt á þá brtt. og þarf því eigi meira um hana að ræða.

Þá eru 2 brtt., sem n. á við 22. gr. frv. Eru þær um það, að fella niður heimildir er staðið hafa í þessari gr. í fjárl. áður og eru nú í frv. Sú fyrri er heimild til að greiða S. Í. S. halla, er verða kann af tilraunum með útflutning á frystu kjöti. N. lítur svo á, að tilraun þessari sé nú lokið og þessi útflutningur kominn í svo fast horf, að rétt sé að fella þessa styrkheimild niður. — N. vill líka fella niður 4. liðinn í 22. gr. Er það heimild fyrir ríkisstj. til að takast á hendur ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna á Seyðisfirði. Með till. sinni um þetta vill n. undirstrika þann skilning sinn, að ekki sé rétt, að ríkið taki ábyrgð á sjávarútgerð, hvort heldur um hlutafélög, einstaka menn eða samvinnufélög er að ræða. N. lítur svo á, að þó félagið heiti samvinnufélag, þá veiti það engan forgangsrétt að ábyrgð frá ríkinu. Vill n. afmarka þá stefnu sína með þessari brtt.

Ég hefi þá minnzt á allar brtt. n. nema eina, sem er á þskj. 627. Er hún um styrk, sem Jóni Blöndal og Jóni Gauta Jónatanssyni er ætlaður í 14. gr. frv. — Í frv. er gert ráð fyrir því, að veittar séu til menntamálaráðs 8 þús. kr., sem það svo ráðstafar í utanfararstyrki. En í Nd. var þessum 2 mönnum bætt við sérstökum. N. lítur svo á, að þessir menn geti eins vel fallið undir þann styrk, sem menntamálaráðið úthlutar, og aðrir, og leggur því til, að menntamálaráðið veiti þann styrk, sem þessum 2 mönnum var ætlaður, af þeim 8 þús. kr., er það fær.

Ég skal svo eigi fjölyrða meira um þetta. En um þær brtt. aðrar, er fram hafa komið, mun ég geyma mér að tala, þar til hv. flm. þeirra hafa skýrt þær betur.

Jón Baldvinsson: Ég vil ekki láta slíta umr. svona strax, þó ekki sé skemmtilegt að tala um till., sem framkvæmdir eru bundnar við, þegar öll hæstv. stj. er bundin við stjórnarskrármálið í Nd. Það mál er vitanlega mikilsvert líka og verðum við að sætta okkur við það.

Ég á nokkrar till. á þskj. 612, sem ég vil víkja að, auk þess sem ég á brtt. á þskj. 627. Má og vera, að ég beri fram nokkrar fleiri brtt. við 3. umr.

1. till. mín er að hækka framlag ríkissjóðs til lendingabóta úr 20 þús. kr. upp í 70 þús. kr., eða 50 þús. kr. hækkun. Ég get sagt það strax, að þetta er einn liður í þeim till. að auka atvinnu, sem er sýnt, að brýn þörf er á. Er þá rétt að veita til þess fé í fjárl. og þá til þeirra hluta, er koma að sem mestu gagni. En það gera bryggjugerðir og lendingarbætur mest, því auk þess sem atvinna er við að byggja þær, þá skapa þær möguleika til aukinnar atvinnu í framtíðinni. Þá auka og þær aðgerðir öryggi á eignum, atvinnu og lífi manna. 50 þús. kr. þykja nú máske stór upphæð. En á þessu sviði þarf líka mikilla umbóta. Ég ætla ekki með till. minni að binda hendur stj. um það, hvar hún lætur vinna fyrir þetta fé og hefði það þó máske verið rétt. Ég vil þó geta um einn stað, sem stendur framarlega

um að fá fjárveitingu til lendingarbóta. Það er Sandur — Hellissandur — í Snæfellsnessýslu. Þar hefir nokkuð verið gert, en þarf þó miklar umbætur. Það er aflasæl verstöð meginhluta ársins. — Ég geri ráð fyrir, að einhverjum blöskri þessar 50 þús. kr. En það ætti þó ekki að vera svo, þegar litið er á aðrar fjárhæðir, sem veittar eru í öðrum tilgangi.

Næst vil ég nefna XII. brtt., seinni liðinn. — Er hún samhlj. brtt., er flutt var í Nd. af Alþýðuflokksmönnunum þar, en féll við talsverðan atkv.mun.

Það er nú víst ekkert deilumál, að verja þurfi talsverðu fé til atvinnubóta. Spurningin er bara sú, hvort þingið vill sjálft veita það í fjárl., eða að stj. neyðist til að veita það án heimildar í lögum. Mér virðist nú ýmsir hv. þm. að vonum gramir yfir því, er stj. veitir fé fram yfir það, sem hún hefir heimild til samkv. l. En hér verður um þá nauðsyn að ræða, að halda lífi í fjölda fólks. Ég slæ því þess vegna föstu, að veita þurfi mikla fjárhæð til atvinnubóta. Vil ég því, að þetta standi í fjárl. Ekki sem heimild, heldur sem bein útgjaldaskipun.

Ég hefi hér fyrir mér skýrslu, sem nýkomin er frá atvinnunefnd ríkisins, sem skipuð var samkv. ákvæðum núg. fjárl. og er skipuð 3 mönnum. Er þar lýst starfi n., og sýnir skýrslan atvinnuleysi það, sem átt hefir sér stað, síðan farið var að safna skýrslum um það, eða árin 1929—1931 og til febr. þ. á. Eftir skýrslunni voru í Rvík 1. febr. 1931 525 atvinnulausir menn. En 1. febr. síðastl. voru þeir 550. Og 1. febr. voru alls í kaupstöðum 1339 atvinnulausir menn, en bak við þá er svo fjöldi fólks, er þeir hafa á framfæri. Einnig er það að athuga, að fjöldi sjómanna og verkamanna, sem þó hafa enga atvinnu, láta ekki skrá sig. Þeir telja það ekki til neins, þar sem það leiðir ekki til neinnar atvinnu fyrir þá. Þetta er að vísu mesti misskilningur, enda sést það, að því oftar sem skýrslur þessar eru teknar, því fleiri gefa sig fram. Það er víst, að atvinnuleysið er miklu meira en skýrsla þessi sýnir, enda verða fátækran. varar við það. Þær vita, að atvinnuleysið hefir verið mikið undanfarandi ár. Jafnvel heilar sveitir hafa verið svo, að þar hefir ekki verið um neina atvinnu að ræða. Þessi n. skýrir hér frá störfum sínum. Er ekki þörf að ræða það frekar, þar sem hv. þm. hafa fengið þessa skýrslu. Ég vil þó láta koma fram setningar úr henni. Nm. hafa kynnt sér þessi mál vel. Þeir segja svo, á bls. 7: „Sem sakir standa, er útlit fyrir, að sjávarútvegurinn takmarki sína framleiðslu. Byggingar minnka að stórum mun. Verzlanir segja upp sínum starfsmönnum vegna innflutningshaftanna. Ríkið sér sig nauðbeygt til að fækka sínum starfsmönnum vegna fjárskorts". — Þetta er það, sem þeir álíta að sé framundan. Þeir telja undirbúning atvinnuframkvæmda ónógan, og þeir efast um, að sá atvinnuleysisstyrkur, sem veittur er í fjárl. þessa árs, sé byggður á réttum grundvelli. Þeir segja: „Heppilegra teldum vér, að grundvallaratriði þess stuðnings væri: 1. Að ríkið útvegaði bæjar- og sveitarfélögum lán, eða ábyrgðist lán til atvinnurekstrar, gegn þeim tryggingum, er stjórnarráðið tæki gildar. 2. Að ríkið veiti bæjar- og sveitarfélögum styrki til framkvæmda ýmsra verka, er auka atvinnu í hlutaðeigandi stöðum í bráð og lengd. Styrkurinn mætti nema ⅓ kostnaðar (matsverðs) umbótanna". — Og síðasta málsgr. hljóðar svo:

„Sem sakir standa kemur styrkur sá, sem veittur er til atvinnubóta, vart að tilætluðum notum. Undirbúningur til atvinnubótaframkvæmda er ónógur og oft er gripið til ýmsra verka, sem á engan hátt styðja að aukinni atvinnu til frambúðar. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði eru því hin framkvæmdu verk lítils virði, en vinnan bætir að nokkru úr brýnni þörf atvinnuleysingja. En vér hyggjum, að styrkur vegna atvinnuleysis ætti aðallega að veitast þannig, að hann yki atvinnu í bráð og lengd, svo komið yrði í veg fyrir atvinnuleysi". — Þetta eru þá ályktunarorð þessarar atvinnunefndar. Það er einmitt einkenni ríkisins og sumra eða flestra bæjarfélaga, að hlaupa í einhverjar framkvæmdir undirbúningslaust, þegar sulturinn ber að dyrum og ekki er lengur hægt að komast undan því að gera eitthvað. Er þá hlaupið í grjótvinnu eða eitthvað álíka, sem gefur lítinn eða stundum engan arð. Þessi vinna þarf helzt að vera undirbúin að vori og sumri,

og vinnan framkvæmd að haustinu, þegar aðalatvinna er hætt, svo sem síldveiði o. fl. Ef hægt væri að veita góða atvinnu yfir haustmánuðina, þá er frekar, að fólkið geti þraukað yfir svartasta skammdegið. En síðari hluta vetrar, vor og sumar, er helzt atvinnu að fá í venjulegu árferði. Ég vil því, að stj. athugi, hvort hér sé ekki stungið upp á heppilegri leið. Hér var fyrir deildinni nýlega frv. frá hv. þm. Hafn., um nýjan veg milli Hafnf. og Rvíkur. Þetta frv. var felt. En ég álít, að stj. geti einmitt látið framkvæma slíka hluti sem atvinnubætur. Slík vinna kemur fljótt eða strax að gagni og er ólíkt þarfari en að vera að rífa upp grjót, sem eru eingöngu útgjöld, en engar tekjur fyrir bæjarsjóð og ríkissjóð, þótt þeim mönnum, sem að því vinna, sé nauðsyn á að fá kaupið. Ég skal engu spá um það, hvaða undirtektir þessi till. mín fær. En því vil ég slá föstu, að ekki verður komizt hjá því að veita fé úr ríkissjóði til atvinnubóta á árinu 1933. Er þá betra, að ákveðið sé um það í fjárl. heldur en það sé veitt fyrir utan landslög og rétt. Ég ætlast til, að sveitar- og bæjarfélögin leggi fram tvöfalda upphæð við ríkið. En þar sem ég veit, að ekki verður fé fyrir hendi hjá þeim, þá ætlast ég til, að þeim sé lánaður helmingur framlags þeirra úr bjargráðasjóði.

Ég legg svo þessa till. undir atkv. hv. þdm. Þeir dæma það sjálfir, hvort rétt sé að samþ. hana eða ekki. En geri þeir það ekki, þá mega þeir búast við því, að stj. verði að leggja fram fé á árinu 1933 í þessu skyni, nema því meir breytist til bata frá því, sem nú verður séð.

Þriðja atvinnubótatill. mín er einnig um nauðsynlega framkvæmd. Er hún um að leggja 14 þús. kr. til vegar yfir Fjarðarheiði. Þetta hefir nú verið nokkuð umþráttað mál á undanförnum þingum. En nú virðist mér vera fengin föst niðurstaða um það, hvernig beri að leggja þennan veg. Fyrst var hugmyndin sú, að leggja mjög dýran veg þarna yfir, sem áætlaður var af verkfræðingum nokkur hundruð þús. kr. En nú er sýnt, að komast má af með miklu minna fé með því að ryðja leiðina. Með því mætti gera bílfært upp á Fljótsdalshérað að sumarlagi. Upphæð sú, sem hér er lagt til, að veitt verði, er því ekki miðuð við fullkominn akveg, heldur er hún miðuð við uppástungu, sem vegamálastjóri hefir gert, að gera sumarveg yfir heiðina, sem nota mætti 3—4 mán. á ári. Þetta gæti orðið mjög mikil bót fyrir Seyðfirðinga og sömuleiðis fyrir héraðsbúa. Á Seyðisfirði er t. d. ein bezta höfn landsins. Við bættar samgöngur við Héraðið myndi því siglingar aukast þangað og verzlun og atvinna í sambandi við þær. Þá gæti og starfið við ruðning vegarins orðið mikil bót, hvað atvinnu snertir fyrir hina aðþrengdu Seyðisfjarðarbúa. Kæmi þetta þannig að margvíslegu gagni þegar í stað.

Þar sem nú ganga má út frá því sem vísu, að fyrr eða síðar verði gerður vegur yfir þessa leið, þá verður það að álítast mjög hentug aðferð að koma á þennan hátt til stuðnings fólkinu þarna austur frá, þar sem fullvíst má telja, að ríkissjóður verði á einn eða annan hátt að hlaupa undir bagga með því, til þess að það geti dregið fram lífið. Eins og kunnugt er, hafa verið nær óslitin harðindi á Austurlandi nú síðastl. 10—12 ár, og með hverju ári, sem liðið hefir, hefir atvinnan minnkað, og er grunur minn sá, að breyt. þær, sem gerðar voru á fiskiveiðalöggjöfinni 1922 valdi nokkru um hina þverrandi atvinnu, því að þá skipti mjög um. Til þess tíma höfðu allmörg erlend skip stundað veiðar við Austurland og lagt þar upp afla sinn. Af því leiddi aftur töluverða atvinnu og verzlun fyrir landsmenn.

Skal ég þá ekki hafa fleiri orð um brtt. mínar, þær, er ég tel mestu máli skipta, en bæta við nokkrum orðum um brtt. hv. fjvn. Er þá fyrst, að ég tel mjög misráðið að fella niður heimild þá, er felst í 22. gr. fjárlfrv., um ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir lánum til kaupa á fiskiskipum. Það er einmitt einn liðurinn í því að styðja menn til sjálfsbjargar. Þó að útlitið sé yfirleitt ekki glæsilegt, þá virðist ekki hjá því komizt að hjálpa því fólki, sem litla eða enga lífsbjörg hefir, og þá verður að sjálfsögðu heppilegast að fara þá leið, að styrkja það til aukinnar atvinnu og framleiðslu og þá m. a. með því að styðja það að öflun betri atvinnutækja, en það hefir átt kost á. Eins

og nú standa sakir eru margir mótorbátar á Seyðisfirði úrelt skrifli, mestu manndrápsbollar, flestir 20—30 ára gamlir.

Ég álít nú, að mikill stuðningur geti verið í ábyrgð þessari fyrir Austfirðinga og þá sérstaklega Seyðisfjörð. Það dettur engum í hug að þetta bjargi öllu, en dálítið spor er það í áttina. Ég tel því mjög misráðið hjá fjvn. að vilja fella þetta niður, því að það kemur að því, fyrr eða síðar, að ríkið verður að bjarga atvinnulífi Austfirðinga, nema þá að einhverjir óvæntir hlutir komi fyrir.

Þá kem ég að því, sem á venjulegu máli meðal þingmanna er kallað bitlingar. Ég skal játa, að þar hefi ég syndgað með 2 brtt. á þskj. 612, um styrki handa einstökum mönnum. Ég þykist nú vita, að slíkar till. eigi erfitt uppdráttar á öðru eins sparnaðarþingi og þetta virðist vera, eftir þeim sparnaðarhug, sem sýnist hafa gripið ýmsa hv. þm. Það skal fúslega viðurkennt, að tímarnir eru erfiðir, en ég fæ þó ekki séð, að við fáum þrátt fyrir það fellt niður alla styrki til fátækra námsmanna.

Fyrri till. mín er um það að veita Ingólfi Þorsteinssyni 1200 kr. styrk til vélaverkfræðináms erlendis. Að ég ber till. þessa fram, er sökum þess, að ég þekki pilt þennan og veit, að hann yrði nýtur maður í iðn sinni, ef hann gæti lokið námi. Það er nú svo, að við höfum sett á stofn sérstakt menntamálaráð til þess að úthluta fé því, sem veitt er til styrktar námsmönnum erlendis, en þingið hefir alltaf verið að klípa af því fé, sem það hefir átt að fá til úthlutunar, eða þá verið að grípa inn í og ráðstafa því sérstaklega. Þessa aðferð kann ég illa við. Og úr því, sem komið er, þá sé ég ekki annað fært en grípa til þess ráðs að veita sérstakan styrk námsmönnum þeim, er ekki komast að hjá menntamálaráði, en eru efnilegir námsmenn. Það er beinlínis metnaðarmál fyrir þjóðina að styrkja efnilega menn til náms. Þegar þeir koma heim gera þeir þekkingu sína arðberandi fyrir þjóðfélagið, kenna nýjar aðferðir og ný hagnýt fræði hver í sinni grein. Það er ekki heldur í annað hús að venda fyrir námsmenn okkar en til ríkissjóðs, hann er sá eini sjóður hér, sem veitt getur fátækum námsmönnum styrk. Er því hér mjög á annan veg í þessum efnum en t. d. erlendis, þar sem eru fjöldi sjóða, sem námsmönnum er auðvelt að fá styrki úr. Þess vegna verður að gera þetta leiðinlega verk hér, að jagast þing eftir þing um smánámsstyrki handa einstökum mönnum.

Þá á ég aðra brtt. um 1800 kr. styrk til Guðbrands Jónssonar til þess að semja íslenzka miðaldamenningarsögu. Ég hefi oft flutt brtt. um þetta áður hér á þingi og hefir dr. Guðbrandur haft styrk þennan á undanförnum árum, þar til hann var felldur niður á síðasta þingi. Hverju það hefir sætt veit ég ekki. Hann hefir alltaf sent skýrslu um starf sitt, og er það meira en hægt er að segja um ýmsa aðra, er styrks hafa notið. Annars er dr. Guðbrandur alls góðs maklegur fyrir starf sitt á Landsskjalasafninu, og hann hefir beinlínis verið svikinn um stöðu við það, sem honum var ætluð. Af þeim ástæðum hefir þessi styrkur handa honum komizt inn í fjárlög, sem ekki getur því talizt forsvaranlegt að fella niður. Hitt er annað mál, hvort ekki megi lækka hann eitthvað, t. d. úr 1800 kr. niður í 1500 kr. Um verk dr. Guðbrands þarf ekki að ræða, skýrsla um þau hefir legið fyrir fjvn., enda er flestum kunn fræðimennska hans og ritstörf.

Þá vildi ég minnast örfáum orðum á nokkrar brtt. hv. fjvn. Eitt af því, sem hún leggur til, er að lækka styrkinn til Halldórs Kiljans Laxness úr 1600 kr niður í 1000 kr. og fella algerlega niður styrk þann, er Þórbergur Þórðarson hefir haft, sem hefir verið 1600 kr. Það má nú e. t. v. segja, að við það sé ekki svo mikið að athuga, þó að slíkir styrkir sem þessir séu lækkaðir eitthvað, ef ástæða þætti til, en að fella þá alveg niður, er hreinasta óhæfa, eins og gert er með styrkinn til Þórbergs. Og það er engin ástæða til þess að lækka styrk til rithöf. eins og H. K. L., sem skrifað hefir hverja ágætis bókina á fætur annari. Ég veit vel, að fyrir frsm. fjvn. vakir ekki sú sama ástæða fyrir þessu og maður hefir heyrt út undan sér nú að undanförnu. Eins og kunnugt er, hafa komið fram mjög snarpar ádeilur á H. K. L. í hinum íhaldssamari blöðum. Því hefir verið haldið

fram, að hann réðist á það, sem mönnum væri helgast. Út af því get ég ekki stilt mig um að bera þetta saman við það, sem sagt var um Þorstein heit. Erlingsson á þingunum 1895 og 1896, þegar rætt var um styrk handa honum. Það sem ég hefi heyrt haft á móti H. K. L. og Þórbergi er sérstaklega það, að þeir ráðist á það, sem mönnum sé viðkvæmast og helgast, að þeir ráðist á trúarbrögðin. Þó er það almennt viðurkennt, að þeir séu afburða ritsnillingar. Ummælin um Þorstein, 1895—97 voru mjög í sama anda og árásirnar á H. K. L. og Þorberg í íhaldsblöðunum. Þó býst ég ekki við, að nú séu margir menn í landinu, sem eru þakklátir þeim, er fyrir því börðust, að styrkurinn til Þorsteins Erlingssonar væri feldur. Ég ætla aðeins að drepa niður á nokkrum stöðum í Alþt. frá þessum tíma, en skal taka það fram, að ég bið skrifarana að fella það niður úr ræðu minni, sem ég les upp, því að ég tel nægilegt, að þau ummæli standi í einum Alþt.

(2. landsk. þm. las því næst upp ýmsa kafla úr umræðum um styrk til Þorsteins Erlingssonar í Alþt. 1895—1897).

Ég hefi nú lesið þetta upp, til þess að sýna skoðanir þröngsýnna manna á Þorsteini Erlingssyni og skáldskap hans á þessum árum. Það fór nú svo, að þessar skoðanir urðu ekki lengi ofan á. Hitt ruddi sér til rúms, að Þorsteinn væri stórskáld, sem landinu væri sómi að styrkja, og nú hygg ég, að þeir séu fáir, sem vildu standa í sporum þeirra, er harðast börðust á móti Þorsteini og töldu hann leirskáld eitt o. s. frv. Mér finnst nú nokkuð svipað ástatt um þá Þórberg og H. K. L. og var með Þorstein. Þeir eru báðir viðurkenndir ágætis rithöf. Þeir hafa sagt margt, sem hneykslað hefir þröngsýna menn og konur, ráðist á ýmsar kreddur í þjóðlífinu, og það af svo mikilli snild, að flestir þeir, sem bókmenntum unna, jafnt pólitiskir andstæðingar þeirra sem aðrir, hafa farið um þá lofsamlegum orðum. Fari þingið nú inn á þá braut að svipta þessa menn styrk þeim, er þeir hafa haft, held ég, að það geri sig sekt í því sama og þegar það vildi ekki greiða Þorst. Erlingssyni styrkinn. Þá býst ég við, að menn vildu vinna talsvert til þess nú, að eitt okkar ágætustu skálda, Sig. Breiðfjörð, sem dó í hinni mestu eymd og fátækt, hefði fengið í lifanda lífi viðurkenningu fyrir vísur sínar og kveðskap, en samtíðin kunni ekki að meta hann, og því fór sem fór.

Ég leyfi mér nú að vænta þess, að hv. þm. fari ekki eftir árásum þeim, sem H. K. L. sérstaklega hefir orðið fyrir nú á þessum síðustu tímum og láti þær engin áhrif hafa á atkvgr. sína.

Þá eru það styrkir í 17. gr., sem hv. fjvn. leggur til, að verði felldir niður. Eru það styrkir til nokkurra sjúkrasjóða. Eru það þessir sjóðir:

Slysatryggingarsjóður Dagsbrúnar 400 kr.

Sjúkrasjóður Fellshrepps 300 kr.

Sjúkrasjóður Hofshrepps 300 kr.

Styrktar- og sjúkrasjóður Verkakvennafél. Framsóknar í Reykjav. 400 kr.

Sjúkrasjóðsfél. járnsmíðanema í Reykjav. 200 kr.

Styrktarsjóður Sjómannafél. Vestm. 400 kr.

Sjúkrasjóður verkamannafél. Drífandi Vestm. 400 kr.

Sjúkrasjóður Verkamfél. Akureyrar 300 kr.

Sjúkrasjóður Verkakvennafél. Einingar á Akureyri 200 kr.

Sjúkrasjóður Verkmfél. á Þingeyri 300 kr.

Þetta eru samtals rúmar þrjú þús. kr. Hér er því, eins og hv. frsm. sagði réttilega, ekki um stóra fjárupphæð fyrir ríkissjóð að ræða, og fyrir hann gerir hún hvorki til né frá. En fyrir þessa sjóði hefir þessi styrkur, þótt lítill sé, talsverða þýðingu. Mér er kunn starfsemi sumra þessara félaga og veit ég, að þau leggja mikið fé á móti. Sjóðirnir eru svo notaðir til styrktar, þegar slys eða veikindi ber að höndum meðal félagsmanna. Hygg ég, að þeir komi ýmsum að liði og verði í ýmsum tilfellum til að forða mönnum frá sveit. Ég hygg því, að það sé misráðið af n. að fella þetta niður. Það dregur ríkissjóð lítið, en kemur sjóðunum að þó nokkru gagni, vegna þess að það hvetur til framlags annarsstaðar frá, og gerir sjóðina þar með starfhæfari.

Þá leggur n. til, að felldur verði niður styrkur til gamalmennahælanna á Seyðisfirði og Ísafirði, sem í frv. er á-

kveðinn 1000 kr. til hvors. Færði hv. frsm. þá eina ástæðu fyrir því, að Rvík fengi ekkert til síns elliheimilis. Mig minnir nú samt, að það hafi verið styrkt af ríkinu og það með miklu meiri fjárhæð en hér ræðir um. Auk þess er það styrkt allríflega af bæjarfél. Má því á það líta, að það er styrkt af sterkasta bæjarfél. hér á landi.

Það var Ísafjarðarkaupstaður, sem fyrstur stofnaði og starfrækti myndarlegt gamalmennahæli, og ber því fullkomlega að muna það og veita viðurkenningu fyrir. Ég lít svo á, að ekki megi draga úr eða fella niður neinn lið á 17. gr. Þegar erfiðleikar steðja að, má ekki úr neinu því draga, sem orðið getur til hjálpar eða líknar. — Er ég þá víst búinn að ljúka við það allt, sem ég ætlaði að tala um að sinni.

Guðrún Lárusdóttir: Ég á hér fáeinar brtt., og er bezt að nota tímann til að minnast á þær, meðan aðrir eru ekki tilbúnir að taka til máls.

Fyrsta brtt. mín er við 10. gr. Er hún um risnufé ráðh. Ég bar samskonar brtt. fram á síðasta þingi, en hún var þá felld. Ég sé nú mér til mikillar gleði, að þessi risna hefir verið lækkuð í fjárlfrv. úr 8 þús. kr. niður í 6 þús. kr. En mér þykir þetta ekki nóg lækkun. Mér finnst ekki, að við höfum ráð á að halda stórveizlur, þegar fjöldi fólks sveltur. Ég vona því, að hv. þdm. verði svo sparsamir, að þeir taki þessa till. mína til greina og spari þarna 2000 kr. á 10. gr., en færi þær yfir á 12. gr. og aðrar gr., þar sem nóg er þörfin fyrir þær.

Við 12. gr. á ég brtt. um styrk til veikrar stúlku, Unnar Vilhjálmsdóttur. Hún hefir áður fengið 1200 kr. styrk í fjárl., og þó það væri ekki mikil upphæð, þá kom hún sér vel. Þessi stúlka hefir verið veik í 6 ár og mikið af þeim tíma legið rúmföst. Hún var kennari, og áður en hún veiktist hafði hún safnað nokkurri upphæð, sem nú er til þurrðar gengin. Er hún nú algerlega eignalaus og styrks þurfi og ber því niður hér um fjárbeiðni í þeirri von, að sér verði líknað, svo hún þurfi ekki að leita sveitarinnar. Er nú í ráði, að hún leggist í landsspítalann, og hefir hún von um styrk úr sjóði þar, en sá styrkur er bundinn því skilyrði, að hún fái styrk annarsstaðar frá. Leitar hún því hingað. Hún hefir beðið um 2500 kr., en ég hefi ekki árætt að fara fram á meira en 2000 kr., og til vara 1500 kr. — Ég vil láta þess getið, að þetta verður í síðasta sinn, sem hún leitar til Alþ. Þótt bréf hennar beri vott um erfiðar ástæður og fátækt, þá ber það hinsvegar vott um von hennar um, að sjúkleikinn verði yfirstiginn að miklu leyti eftir 2—3 ár.

Næsta brtt., sem ég flyt, er við 14. gr. B. XV.4, til frú Bjargar C. Þorlákssson, til þess að leiðbeina íslenzkum konum í næringarefnafræði og blöndun matvæla, 3000 kr., og til vara 2000 kr. Hv. fjvn. hefir átt kost á að kynna sér bréf frá frú Björgu, og hún hefir auk þess sjálf komið til viðtals við n. og skýrt henni frá, hvað fyrir sér vaki. Það er ljóst, eða ætti að vera öllum ljóst, hversu hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem snertir hvert heimili, en húsmæður okkar hafa þó ekki átt kost á að kynna sér sem vera ætti, og ber margt til þess. En nú ber svo vel við, að við eigum hámenntaða hæfileikakonu, sem um mörg ár hefir teygað úr lindum Mímisbrunns. Hún hefir sífellt verið að mennta sig síðan hún var ung, og er að því enn. Hún er eina íslenzka konan, sem tekið hefir doktorsgráðu. Nú býðst þessi kona til að kenna húsmæðrunum þau fræði, sem skipta miklu máli fyrir þær og þjóðarheildina alla, því um hendur húsmæðranna fer stór hluti af framleiðslu þjóðarinnar. Skiptir því miklu máli, hvernig með er farið, ekki einungis frá fjárhagslegu, heldur og frá heilsufræðilegu sjónarmiði. Konum er það hin mesta nauðsyn að fá þá menntun, sem gerir þær starfi sínu vaxnar og færar til að standa í því stríði, sem af þeim er krafizt. — Það væri raunalegt, ef hæfileikar þessarar konu fengju ekki notið sín, því hún hefir sýnt það, að hún er fær um að miðla af þekkingu sinni í þeim búningi, sem allir geta skilið. Hefir það komið skýrt fram í fyrirlestrum þeim, er hún hefir haldið, bæði í útvarp og annarsstaðar, og einnig í bók, er hún hefir gefið út um þetta efni og er í senn fróðleg og skemmtileg aflestrar. Já, ég endurtek,

að það væri raunalegt, ef Alþ. treysti sér ekki til að veita þessa upphæð. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á, að það veiti ekki þennan styrk, og komi þar með í veg fyrir, að frú Björg geti farið að sinna þessum mikilvægu störfum.

Næsta brtt. mín er við 16. gr., XIII. brtt. á þskj. 612. Er hún um það, að hækka styrk til Halldóru Bjarnadóttur um 200 kr. Hún er ráðunautur heimilanna um iðnað. Hefir hún starfað að því í mörg ár og af miklum áhuga. Ég verð að segja, að það er leiðinlegt að vera að knappa af þeim styrk, sem hún hefir haft í mörg ár. Ég hygg, að ekki muni svo mikið um 300 kr. Ég hefi þó ekki farið lengra en það að leggja til, að styrkurinn verði hækkaður úr 1500 kr. upp í 1700 kr.

Þá hefi ég í sömu brtt., í b-lið 1, lagt það til, að Sigrúnu Kjartansdóttur væru veittar 2000 kr. til þess að koma á fót hanzkagerð, og til vara 1500 kr. Sigrún Kjartansdóttir er nú ein af þessum atorkumiklu og framtakssömu konum, sem vinna vilja landi sínu það gagn, er þær geta. Hún hefir trú á því, að hún geti gert hanzka úr íslenzku efni, en vantar fé til þess að koma því í framkvæmd. Hún hefir þó undirbúið þetta nokkuð og lagt sín litlu efni í það. Það, sem hana sérstaklega vantar, er vél til að sníða í efnið í hanzkana, og sérstaklega þó styrk til að fara utan til að fullkomna sig í þessum iðnaði. Og ef hún fær þennan styrk, 2000 kr., þá ætlar hún að sigla til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og þeirra véla, er hana vantar. — Hér er um nýja grein iðnaðar að ræða hér á landi. Mér er sagt, að hanzkar séu fluttir inn fyrir 50 þús. kr. árlega. Ég veit reyndar, svo ég snúi máli mínu til þeirra bænda, sem sæti eiga hér, að íslenzkir bændur nota lítið hanzka. En hitt munu þeir skilja, að hér er mikill og góður kostur skinna, sem talin eru nothæf til þessa. Er því ekki lítill hagur að því að nota íslenzk skinn, sem nú eru mjög verðlítil, heldur en að flytja inn rándýra hanzka úr útlendum skinnum. Hér eru líka til sútarar, sem eru færir um að verka skinnin svo, að úr þeim megi gera góða og smekklega hanzka. Sigrún hefir einnig gert tilraun með að búa til smátöskur, þær tegundir, sem nú eru taldar hverri stúlku ómissandi, sem sýnir sig á götu. Einnig hefir hún gert fleiri slíka smámuni og heppnazt vel. — Hér er um íslenzkt framtak að ræða, um það að gera verðmæta muni úr verðlítilli íslenzkri skinnavöru og fá þá unna af íslenzkum höndum. Hér er því um þjóðþrifamál að ræða og spor í þá átt að búa að sínu. Ég vænti þess, að þessi till. njóti stuðnings hv. þm. ekki sízt bændanna. Hér er um einar 2000 kr. að ræða eða minna. En hinsvegar eru líkur fyrir, að takast muni að gera vöru úr innlendu efni, sem festa mundi þá peninga í landinu, sem nú eru greiddir út úr því fyrir þessa vöru. Vona ég því, að nægilega margir verði til þess að styrkja þetta góða mál.

Þá er á sama lið til Guðrúnar Finnsdóttur 500 kr., og til vara 300 kr. Ég veit ekki, hvort hv. þdm. þekkja þessa konu. Ég hefði haft tilhneigingu til að lýsa henni nákvæmlega, en vil þó eigi tefja þingfund með því, enda er ég ekki viss um, að ég geti lýst henni eins vel og hún á skilið. — Á landssýningunni síðustu var sérstök deild, sem vakti mikla athygli. Og það var hún, þessi heilsulitla gamla kona, sem lagði til efnið í þá sérstöku sýningu. Sýning þessi var okkur til hins mesta sóma og lýsti í einu góðum smekk, listrænum hæfileika, iðjusemi og nýtni á því stigi, sem fágætt er vor á meðal. Þetta allt eru vissulega kostir, sem vert er að hlúa að með þjóð vorri. Nú biður þessi kona um litla viðurkenningu fyrir störf sín, 300—500 kr. Umsókninni fylgdi bréf frá Ríkarði Jónssyni, og ber það vott um álit hans á henni. Þetta er í fyrsta sinn, er hún biður um styrk. En þótt Guðrún Finnsdóttir hafi þegið þessa góðu hæfileika í vöggugjöf, þá hefir hún aldrei getað notið þeirra til fulls. Sjúkleiki, liðagigt, ásamt fátækt, einstæðingsskap og raunum, er hún hefir orðið að bera, hefir dregið úr því, að hún fengi að njóta sín. Er nú rétt að neita þessari raunamæddu góðu hagleikskonu um þennan litla styrk?

Þá er Margrét Lárusdóttir læknisekkja. Ég hefi farið þess á leit, að bætt verði við eftirlaun hennar, sem nú eru 15 kr. á mánuði. Þessi læknisekkja er einstæð-

ingur, fátæk og heilsulítil. Annars mundi hún ekki koma fram með slíka styrkbeiðni. 15 kr. er lítill styrkur, og ég veit það, ef sveitarstjórnirnar skömmtuðu svo smátt, þá mundi verða kvartað yfir því. Ég hefi leyft mér að bera fram till. um, að henni séu veittar 500 kr., og til vara 400 kr. Vona ég, að þingið taki vel í þetta.

Þá er brtt. við 18. gr. II., h. 7, nýr liður, um að veita ekkju Jónasar Guðlaugssonar skálds nokkurn styrk. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. muni kannast við hinn unga, skemmtilega skáldmælta pilt, er stundaði hér nám í menntaskólanum og vann sér hylli allra þeirra, er honum kynntust. Hann fluttist svo héðan burt og bar bein sín fjarri föðurlandi sínu. Hann var ávallt mikill Íslandsvinur, þótt örlögin höguðu því svo til, að hann yrði að vinna fyrir sér annarsstaðar. Hann kvæntist þýzkri konu, og eignuðust þau einn dreng, sem er sagður mjög vel gefinn og góður piltur, og er nú 16 ára gamall. Þar sem erlendar konur, sem giftar hafa verið Íslendingum, hafa notið héðan styrks, þá ætti líka að vera rétt að taka til greina beiðni þessarar konu. Er hún nú að berjast við að setja þennan son sinn til mennta, en er ekki einfær um það fjárhagsins vegna. Hefir hún því beðið mág sinn, Kristján Guðlaugsson, um að leita styrks frá Alþingi fyrir sína hönd. Ég vona, að þessi kona verði látin njóta manns síns, Jónasar Guðlaugssonar, sem var landi okkar til sóma, þótt hann félli fyrir örlög fram. Ég held, að allt, sem hann orti og ritaði, hafi verið landi okkar til góðs. Ég vil endurtaka það, sem ég áður sagði, að fyrst aðrar konur, sem líkt hefir verið ástatt um, hafa notið styrks frá íslenzka ríkinu, þá ætti ekki að skilja þessa ekkju eftir. Hefi ég aðeins farið fram á 1200 kr., og þó ekki þorað annað en tiltaka 1000 kr. sem varatill.

Læt ég þá útrætt um brtt. mínar. En áður en ég sezt niður, langar mig til að fara nokkrum orðum um brtt. hv. fjvn. og gera aths. við þær. Fjvn. vill fella niður styrki til allmargra kvennfél. hér og hvar á landinu. Eins og hv. frsm. tók fram, hafa þessi félög í allmörg ár notið nokkurs styrks. Þau hafa ekki gert háar kröfur, enda hefir styrkurinn til þeirra ekki verið hár, 400—500 kr. Það er óhætt að segja, að þessi félög hafa þrátt fyrir smæð sína gert sitt gagn. Þau hafa barizt fyrir menningu kvenna víðsvegar um landið og þau hafa barizt fyrir menningu heimilanna í heild sinni og þar með unnið að því, sem er undirstaða að menningu sérhverrar þjóðar. Ég veit það, eins og hv. frsm, að fjvn. hefir ekki komið með þessa till. að gamni sínu. En hér er í rauninni ráðizt á garðinn þar, sem hann er lægstur. Mér finnst með öllu óverjandi, að þessi litli styrkur sé tekinn af þeim félögum, sem hafa aðallega unnið að því að mennta íslenzkar konur og stuðla að aukinni fegurð heimilanna. Ég vil því mælast til þess, að hv. þdm. hugsi sig tvisvar um, áður en þeir greiða atkv. með því, að þessir styrkir verði algerlega felldir burt.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég á hér aðeins 2 brtt. á þskj. 612, báðar við 15. gr.

Fyrri brtt. er um það, að veittar verði 1000 kr. til bókasafns Hafnarfjarðar. Ég bar fram á sumarþinginu till. í þá átt, að þetta bókasafn skyldi njóta jafnmikils styrks og bókasafnið á Akureyri og Ísafirði, svo að unnt væri að halda þar opinni lesstofu, en sú till. náði ekki fram að ganga. Nú fer ég fram á 1000 kr. fjárveitingu, svo að safnið gæti þó verið opið dálítið lengur en verið hefir, eða þá eignazt fleiri bækur en annars gæti orðið. Mér finnst þessi till. vera borin fram af fullri sanngirni, því að þar er farið fram á minni upphæð en ætla mætti, að fjárveitingavaldið vildi láta af hendi rakna. Ég hefi samt ekki viljað fara lengra en þetta, því að undirtektirnar undir þetta mál voru svo daufar á síðasta þingi. Til samanburðar má geta þess, að bókasafnið á Seyðisfirði, sem er miklu minni kaupstaður en Hafnarfjörður, fær 8000 kr. styrk, svo að það er fullkomlega rétt, að bókasafn Hafnarfjarðar fái 1000 kr. — Í síðari liðnum, sem ég hefi borið fram, er farið fram á 1200 kr. styrk til útgáfu 20 arka af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá. Svo er mál með vexti, að félag nokkurt tók að sér að gefa

út þetta safn, en varð að hætta því vegna fjárhagsörðugleika. Í fjárlögum fyrir 1931 var veittur 1500 kr. styrkur til að gefa út eitt hefti af þessu riti. Þess vegna var það, að maður í Hafnarfirði, Þorvaldur Bjarnason kaupmaður, tók að sér að gefa þetta rit út í þeirri von, að styrkurinn yrði veittur áfram, a. m. k. að einhverju leyti. Hann hefir nú gefið út eitt bindi fyrir þennan 1500 kr. styrk, sem veittur var í fjárl. fyrir 1931, en útgáfan kostaði um 4500 kr. Sú styrkveiting var bundin því skilyrði, að jafnmikill styrkur kæmi annarsstaðar að, en eins og hv. þdm. sjá, þá hefir það framlag verið tvöfalt á við það, sem ríkissjóður lagði til. — Þetta safn er mjög merkilegt eftir því sem Matthías Þórðarson segir. Hann segir, að það muni vera eitt hið allra merkasta þjóðsagnasafn á Norðurlöndum. Og þegar sá maður, sem jafnmikið skyn ber á þessa hluti og þjóðminjavörður Íslands, lætur þannig um mælt, þá vænti ég þess, að Alþingi sjái, að því ber að styrkja þessa tilraun, sem gerð hefir verið til að gefa út þetta safn, og því fremur sem það hefir ýtt undir þennan mann að byrja á útgáfunni. Það er því siðferðisleg skylda Alþingis að veita nokkurn styrk í þessu skyni, svo að útgáfan geti haldið áfram og maðurinn þurfi ekki að bíða fjárhagslegt tjón. Útgefandinn hefir farið fram á að fá 1500 kr. styrk, jafnháa upphæð og áður var veitt í þessu skyni, en þar sem ég hefi séð, að hv. fjvn. hefir verið að klípa af ýmsum fjárveitingum, jafnvel til þess, sem gott er og nauðsynlegt, þá hefi ég ekki farið fram á hærri upphæð en þetta, því til frekari tryggingar, að hv. d. fallist á till. Ég vona því, að hv. d. taki vel í þetta mál, þar sem þessi maður byrjaði á útgáfunni eingöngu í því trausti, að styrkveitingin væri ekki látin falla niður, og þar sem Alþingi hefir líka með styrkveitingunni frá 1931 viðurkennt þessa starfsemi.

Jón Jónsson: Ég hefi sem betur fer ekki mikið að segja við þessa umr. fjárl. Ég flyt aðeins 2 brtt., sem er að finna á þskj. 627. Fyrri till. er um það, að í 18. gr. komi nýr liður, til Baldvins B. Bárðdals, 200 kr. Þetta er gamall maður, sem hefir verið barnakennari í 40 ár. Hann er nú kominn um áttrætt og er farlama maður og á enga þá vandamenn, sem geta styrkt hann. Hann hefir vitanlega eins og aðrir barnakennarar fengið mjög litla borgun fyrir starf sitt. Nú eru ýmsir slíkir menn styrktir í 18. gr., og er því ekki ósanngjarnt, að þessum manni sé bætt við.

Ég skal geta þess, að þessi till. er flutt samkv. beiðni hv. þm. Skagf. og eindregnum meðmælum fræðslumálastjóra. Þessi maður starfaði aðallega í Þingeyjarsýslu, en er nú til heimilis á Sauðárkróki.

Um hina till. þarf ég ekkert að tala. Hún er, eins og hv. frsm. minntist á, flutt í samráði við hv. fjvn. Till., sem hún er brtt. við, hefir af einhverjum ástæðum orðazt öðruvísi en vera átti, og brtt. mín er aðeins leiðrétting á því.

Þarf ég svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

Magnús Torfason: Ég er við riðinn 2 brtt. á þskj. 612. Í annari till., sem er sú VI. á þessu þskj., er farið fram á að veita Guðmundi Jónssyni frá Stokkseyri 1000 kr. til að ljúka vélfræðinámi í Þýzkalandi. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till., en vil aðeins geta þess, að fyrir Alþingi hafa legið skjöl snertandi þennan mann, sem sýna, að hann fær þau beztu meðmæli, sem hægt er að hugsa sér frá kennurum sínum, þýzkum prófessorum í vélfræði. Ennfremur vil ég benda á, að hann hefir tekið 2 próf í þessari vélfræði, en þessir góðu kennarar skora fast á hann að auka enn á nám sitt og taka fullnaðarpróf, svo að hann geti staðið hverjum manni á sporði í þessari grein.

Það nám, sem þessi maður hefir stundað, er aðallega um dieselvélar. Menn vita, að þær vélar eru sparneytnari en aðrar vélar, sérstaklega að því leyti, að til þeirra má nota lakari olíu en til annara véla. Þetta eru þau fræði, sem fáir menn hér á landi hafa numið til þessa til fullnustu. Ég verð því að líta svo á, að nú, þegar menn vilja efla innlenda iðju, og sérstaklega þegar ástæður sjávarútvegsins eru ekki betri en nú er, þá sé þörf á, að allt, sem til hans þarf, sé sem ódýrast og hagkvæmast. Þessi styrkur,

ef hann væri veittur, mundi því margborga sig.

Þá vil ég og geta þess, að faðir Guðmundar, Jón Sturlaugsson, hefir kostað hann að nokkru. En hann hefir átt við mikla erfiðleika að stríða. Börn hans hafa verið veik, þó ekki eins mörg nú og í fyrra. Afli hans á vertíðinni varð lítill í verði eins og hjá flestum öðrum. Af þessum ástæðum sér hann sér ekki fært að styrkja son sinn eins og með þarf, þar sem það er líka nú mjög dýrt að stunda nám í Þýzkalandi. Það má líka vel minna á það, að þessi maður hefir bjargað flestum mannslífum af öllum þeim mönnum, sem nú eru uppi á Íslandi. Ég vænti því, að hv. þd. líti með sömu velvild á þessa till. og hún gerði í fyrra.

Þá er hin till., sem er síðasta till. á þessu þskj. Þar er ekki farið fram á neitt fjárframlag, heldur er það aðeins viðbót við till. um athugun Flóaáveitunnar, þar sem á að koma því til leiðar, að gjöldum verði jafnað niður á menn á áveitusvæðinu, svo að ríkissjóður geti fengið þar það fé, sem hann á rétt á. Í þessari till. er ætlazt til, að sömu menn og þetta starf eiga að vinna, athugi einnig fjárhagsástæður Mjólkurbús Ölfusinga og sendi stj. skýrslu þar um. Annað er ekki farið fram á. Ég skal bæta því við, að hvorugur ráðherranna, sem um þetta eiga að fjalla, hafa neitt við þessa till. að athuga. og annar þeirra, hæstv. atvmrh., er henni meðmæltur. Ástæðan til þess, að þessi till. er fram komin, er sú, að Mjólkurbú Ölfusinga varð fyrir talsverðum hnekki vegna þess, hve óheppið það var með þann mann, sem stjórnaði búinu í fyrstu, jafnóheppið eins og Flóabúið var heppið með sinn mann. Þetta hefir haft þær eðlilegu afleiðingar í för með sér, að ýmsir, sem áður sendu mjólk sína til Ölfusbúsins, eru nú farnir að senda hana til Flóabúsins. Þess vegna kemur sú spurning upp, hvort Ölfusbúið geti lifað til lengdar. Þetta er það, sem þessi n. kæmi fyrst og fremst til með að athuga. Ef hún kemst svo að þeirri niðurstöðu, að fyrirtækið sé lífvænlegt, þá er það tilætlunin, að hún hjálpi til þess, að búið fái sömu lánskjör og Flóabúið eða Mjólkurbú Eyfirðinga. Vandræði Ölfusbúsins stafa m. a. af því, að það fékk minna af sínum lánum með eins góðum kjörum og hin búin og með styttri afborgunartíma, en aftur á móti hefir það orðið að taka allmikið af víxlum, og allir vita, hversu erfitt er að velta þeim.

Þetta allt gerir það að verkum, að búið á örðugt með að standa Flóabúinu á sporði. Er því nauðsynlegt að hjálpa því til að fá betri lánskjör. — Ég skal lýsa yfir því í þessu sambandi, að það er alls ekki meiningin hjá þeim, sem að búinu standa, að það fái neitt eftirgefið af sínum skuldum. Hinsvegar vil ég geta þess, að komist n. að þeirri niðurstöðu, að búið verði að hætta, þá er ætlazt til, að hún komi með till. um það, hvað gera eigi við þetta fyrirtæki. Þarna eru mikil hús og miklar vélar. Get ég drepið á það, að komið hefir til mála, að þarna verði sett upp sútunarverksmiðja, sem er einkar þarft fyrirtæki, sem okkur tilfinnanlega vanhagar um hér í landi.

Ég vænti þá, að ég hafi með þessum fáu orðum skýrt tilgang þessarar till. svo greinilega, að menn villist ekki þar um, og sjái líka, að hér á ekki á neinn hátt að fara ofan í vasa ríkissjóðs.

Pétur Magnússon: Ég vona, að ekki verði hægt að segja um mig með réttu, að ég hafi með till. mínum í þessu máli stofnað ríkissjóði í stórhættu. Ég flyt að vísu eina brtt., en þar er aðeins farið fram á að auka útgjöld ríkissjóðs um 250 kr. Ég hefi leyft mér að leggja til, að Guðjóni Kjartanssyni pósti verði veitt þessi upphæð sem ellistyrkur.

Þessi maður hefir verið póstur í meira en 20 ár. Ég ætla, að hann hafi fyrstu árin annazt póstflutninga milli Borgarness og Stykkishólms. Síðar var hann aukapóstur úr Borgarnesi um Reykholtsdal, Hálsasveit og Hvítársíðu. Þetta er mjög erfið leið og löng. Mun hún vera milli 60 og 70 km. aðra leiðina, svo að í hverri ferð hefir þessi póstur farið um 130 km.

Það atvikaðist svo rétt áður en Guðjón ætlaði að láta af póstferðum, að hestur datt með hann í póstferð, og við þá byltu slasaðist Guðjón svo, að hann hefir orðið að liggja rúmfastur síðan. Nú er hann kominn undir sjötugt og er bláfátækur. Mér virðist því, að eftir þeim reglum,

sem fylgt hefir verið um styrk handa þeim mönnum, sem þennan starfa hafa haft, sé ósanngjarnt að setja þennan mann hjá, ekki sízt vegna þess slyss, sem hann varð fyrir beinlínis vegna starfs síns.

Ég hefi ekki þorað að nefna hærri upphæð en 250 kr. Það mun hafa verið venja að láta þá menn sem farið hafa aðalpóstferðir, fá 300 kr. styrk. Þetta, sem hér er farið fram á, er ekki stór upphæð, en hún ætti samt að geta orðið til þess, að Guðjón gæti bjargazt á eigin spýtur. Vona ég því, að hv. þdm. líti með velþóknun á þessa litlu fjárveitingu.

Jakob Möller [óyfirl.]: Áður en ég tala um brtt. mínar, verð ég að víkja örfáum orðum til hv. 2. landsk. út frá því, sem hann sagði um brtt. hv. fjvn., þótt það sé reyndar óþarfi fyrir mig að hlaupa þar fram fyrir skjöldu. En mér þykir þó rétt að vekja athygli á því, þegar hv. þm. brýnir þá menn svo mjög, er halda því fram, að rétt sé að lækka styrk til rithöf., eða fella hann niður, að hann gerir sér ómak að grafa upp í gömlum Alþt. gömul ummæli og lesa þau upp. — Hv. fjvn. getur vitanlega ekki farið eftir neinu öðru en því, hvað henni sjálfri finnst vert að vera styrkt. Svo hefir það verið fyrr og síðar. Ég verð að segja, að ég get ekki fellt mig við þann samanburð, sem hv. þm. gerði á Þorsteini Erlingssyni og þeim tveim mönnum, sem hér um ræðir. Ég fyrir mitt leyti get ekki borið hann saman við slíka menn sem Halldór Kiljan Laxness og Þórberg Þórðarson, án þess ég vilji dæma þá. En þegar um ákvörðun skáldastyrks er að ræða, þá verður hver að fara eftir sínu áliti. Það er of há krafa, sem hv. 2. landsk. gerir, að ætlazt til þess, að allir fari eftir áliti hans, þó hann telji það gott og blessað. — Ef þessir menn skrifa og skálda svo, að ég vil helzt ekki sjá það, þá hlýt ég fyrir mitt leyti að mótmæla slíkri bókaútgáfu.

Áður en ég minnist á brtt. mínar á þskj. 612, vil ég stuttlega minnast á þá till. hv. fjvn. á þskj. 627, sem er þess efnis, að námsstyrkur til tveggja stúdenta, sem nú eru með sérstaka fjárveitingu í fjárlfrv., verði fluttur til og tekinn af fjárhæð þeirri, 8 þús. kr., sem menntamálaráði er ætlaður til ákvörðunar. — Það stendur nú svipað á með þessa styrki og þá, sem ég geri till. um á þskj. 612. Ég get búizt við því, að hv. fjvn. vilji fara eins með þá og þessa styrki, að taka þá af því fé, er menntamálaráðið fær til úthlutunar. En inn á þá breyt. er ekki hægt að ganga. Svo er nú ástatt með Jón Blöndal, að hann hefir notið styrks frá menntamálaráði tilsettan tíma, eða 4 ár. Það er því fyrir það byggt, að hann geti, eftir reglum þeim, er gilda um styrk frá menntamálaráði, fengið þar áfram styrk, enda mundi slíkt útiloka nýja menn frá slíkum styrk. — Ég veit ekki, hvort hinn stúdentinn, Jón Gauti Jónatansson, hefir notið styrks. Þótt ég viðurkenni, að það sé rétt stefna að láta menntamálaráðið úthluta þeim styrk, sem veittur er í þessu skyni, þá getur þó svo staðið á, að nauðsynlegt sé að veita efnilegum mönnum styrk til að ljúka námi, þegar þeir hafa notið styrks frá menntamálaráði tilsettan tíma, en eigi getað lokið námi af einhverjum gildum ástæðum, enda er þá rangt að taka bitann frá munni nýrra stúdenta til að bæta við hina. Er þá sjálfsagt að veita sérstakan styrk til að ljúka námi. Sama er og að segja, þegar svo er ástatt, að menntamálaráðið getur ekki fallizt á að veita styrk í vissu augnamiði, svo sem nú er ástatt um Jón Gizurarson. Menntamálaráðið hefir ekki getað fallizt á, að það nám, er hann stundar, væri þess vert, að honum væri veittur styrkur til að stunda það. Það er vitanlegt, að hann fær þar ekki styrk. En það getur þó eigi verið fyrir það, að of mikið sé til af mönnum, sem notið hafa slíkrar menntunar á þessu sviði. Þetta verður eini maðurinn á landinu, sem stundað hefir verzlunarfræði við háskóla. Hér er nú svo ástatt, að enginn þeirra kennara, er starfa við verzlunarskólann, hefir þessa þekkingu eða nám að baki sér. Því er nauðsynlegt að fá slíkan menntamann, þótt menntamálaráðið hafi ekki skilið það. Þessi hv. d. féllst á það á sumarþinginu að veita þennan styrk til verzlunarnáms Jóns Gizurarsonar. Vænti ég þess, að hún fallist á að halda honum áfram, þar til hann hefir lokið námi.

Líkt þessu er því farið með næstu till. mína. Yngvi Pálsson sótti um styrk til menntamálaráðs, en fékk hann ekki.

Styrkurinn er ætlaður til vélfræðináms í Þýzkalandi. Yngvi er stúdent og er að upplagi svo hneigður fyrir þetta nám, að slíks munu fá dæmi. Það er sagt um hann, að hann hafi mjög snemma verið svo hneigður að þessu námi, að hann hafi sem unglingur eða barn gert líkan af rafvél og fleira þesshättar. Ef hann fær ekki að ganga þessa sérstöku námsbraut, þá er líklegt, að hann muni aldrei fá notið hæfileika sinna, eða hæfileikar hans fengið að njóta sín. Þetta verður afleiðing þess, ef hann fær ekki að njóta sama styrks áfram og hann hefir nú haft á annað ár. Hann hefir mjög lofsamleg ummæli kennara sinna, og telja þeir hann efni í afbragðsmann, ef hann fær tækifæri til að njóta sín.

Þriðji styrkurinn, er ég geri till. um, er til tannlæknisnáms. Ég verð að játa, að þar er nokkuð öðru máli að gegna, vegna þess að nokkuð margir ungir tannlæknar eru til. En það er vafasamt, að hann fái lokið námi vegna fátæktar, ef hann fær ekki þennan styrk. Hér hafa og útlendingar haft atvinnu við tannlækningar, af því ekki hafa verið til nógu margir innlendir menn með því námi til að fullnægja eftirspurninni. Er því æskilegt, að ástæðurnar verði hér sem fyrst þær, að eingöngu íslenzkir tannlæknar verði hér starfandi.

Þá hefi ég á sama lið gert till. um að styrkurinn til kvennaskólans í Rvík verði látinn halda sér. Er ekki mikið um það að segja, meðan ekki hafa heyrzt ástæður fyrir því, að þessi styrkur er lækkaður. Líklega er þó ástæðan almennur samdráttur á útgjöldum. En þessi skóli hefir farið sívaxandi og er því að sama skapi í sívaxandi þörf. Í raun og veru er það því samdráttur á útgjöldum það eitt, að láta styrkinn halda sér óbreyttan.

Kem ég þá að XI. brtt. á sama þskj. — En þar hefir mér orðið sama á og karlinum, sem sagði „fokka“, þegar hann ætlaði að segja „klýfir“. Ég hefi þar farið fram á styrk til útgáfu orðabókar, en ætlaði að segja kennslubókar. Þetta getur nú varla verið prentvilla, þar sem orðin eru svo ólík. Eina skýringin á þessu er því það, að ég hafi skrifað þetta skakkt, þó mér sé það í raun og veru líka óskiljanlegt, þar sem fyrir mér vakti kennslubók í ítölsku, en hreint ekki orðabók. Ég vil nú spyrja hæstv. forseta hvort hann treysti sér ekki til að bera þessa till. upp með þessari breyt., að hér sé um kennslubók að ræða og láta síðan lagfæra það í prentun. Þetta er bara lapsus og ég vil leyfa mér að mæla með brtt. á þeim grundvelli, að hér sé um kennslubók að ræða. — Þeim manni, sem hér um ræðir, hafa áður verið veittar 1500 kr. til að gefa út kennslubók í spönsku. Var mikil þörf á kennslubók í því máli, vegna þeirra miklu viðskipta, er við höfðum við Spánverja. Hinsvegar hefir það reynzt svo, að eftirspurnin eftir slíkri bók er ekki svo mikil, að útgáfan borgi sig styrklaust. M. a. hygg ég, að útgefandinn muni tapa á útgáfunni, þrátt fyrir þennan styrk. Sú kennslubók, sem í ráði er að gefa út á ítölsku, verður líka nokkru stærri, því það hefir komið í ljós, að hin var helzt til lítil. Það segir sig sjálft, að þegar 1500 kr. hafa ekki nægt til þeirrar útgáfu, þá muni sama upphæð því síður standa undir útgáfu stærri bókar. Að vísu má segja, að hækka mætti verðið, en það þýðir þá bara minni sölu og verður það því lítill ávinningur. Höf. hefir ekki hugsað sér neinn ábata af þessari útgáfu og vill gjarnan afsala sér slíku til þess, er kann að fást til að kosta útgáfuna. Ég geri því ráð fyrir, að ef þingið fellir þennan styrk, geti það fengið handritið að gjöf, ef það vill kosta útgáfuna. Hann mun frekar kjósa það heldur en að bera áhættu af útgáfu bókarinnar. En ég vil ekki taka ábyrgð á, að það kosti þingið ekki meira.

Þá er XV. brtt., styrkur til Elliheimilisins Grundar í Rvík. En þótt ég hafi borið hana fram, þá hygg ég þó, að ég muni taka þann kost að taka hana aftur til 3. umr., vegna þeirra ummæla hv. frsm. fjvn., að hann teldi rétt, að þetta Elliheimili fengi styrk, ef hin héldu sínum styrk áfram. En nú ber hv. fjvn. fram till. um það að fella niður styrk til hinna gamalmennahælanna, og verður úr skorið, hvort svo skuli gert með atkvgr. við þessa umr. En nú kemur mín brtt. á undan brtt. n. Þykir mér því rétt að taka brtt. aftur til 3. umr. og sjá hvað setur um hinar. Þó ég geri þetta, þá tel ég það enganveginn rétt, að eitt gangi yfir öll hælin.

Hér stendur allt öðruvísi á en á Seyðisfirði og Ísafirði. Þar munu þessi næli vera eingöngu fyrir viðkomandi kaupstaði og máske nærliggjandi sveitir. En heita má, að Elliheimilið hér sé notað af mönnum úr öllum landsfjórðungum. Það er því miklu frekar stofnun fyrir allt landið en hin, og ætti því enn frekar að njóta styrks af sameiginlegum sjóði landsmanna. Eftir forminu er það svona. Þetta er rekið hér af félagi, sem ekki skoðar þetta sem gróðafélag, heldur líknarstofnun, enda er fjárhagur þess erfiður. Er eigi annað sýnilegt en að félagið verða að gefast upp og mundi þá verða á því opinber rekstur á einhvern hátt. Er svo um mælt í stofnskrá félagsins, að ef félagið hættir að starfrækja Elliheimilið einhverra hluta vegna, þá skuli það afhendast bæjarfél. eða ríkinu. Verður það og varla látið standa autt til lengdar, svo vel sem það er úr garði gert fyrir þessa starfsemi.

Ég tek till. aftur til 3. umræðu af framangreindum ástæðum, en ber hana þá líka upp aftur undir öllum kringumstæðum, hvernig sem fer um tillögu nefndarinnar.

Ingvar Pálmason: Ég á tvær brtt. að þessu sinni, báðar við 22. gr. frv. Miða þær báðar að því, að Alþ. veiti stuðning til að bæta afkomu þeirra, er sjávarútgerð stunda á Austfjörðum.

Fyrri till. er um það, að þingið veiti ríkisstj. heimild til að ábyrgjast allt að 40 þús. kr. lán, vegna tekjuhalla af tilraunum til útflutnings á kældum fiski 1931. — Það er ástæða til að skýra þetta dálítið nánar, því í raun og veru er hér ekki um tekjuhalla að ræða, heldur hitt, að sambandsfélög útgerðarm. á Austfjörðum, sem fyrir þessum útflutningi stóðu, hafa fengið eignir fyrir andvirði fiskjarins, sem ekki er hægt að fá breytt í peninga.

Málið er svo vaxið, að þegar um það samdist, að stj. leigði 2 skip til að flytja ísfisk frá Austfjörðum, þá fékk fjöldi fiskimanna hug á að afla þeirrar teg. fiskjar, er verðmætust er, kolans. Olli þar nokkru um, að árið 1930 höfðu kolaveiðar verið stundaðar fyrir Austfjörðum af fáum bátum og gefizt vel. Til að geta stundað kolaveiðar þurfti sérstök veiðarfæri, en ekki var hægt að fá lán í bönkum til kaupa á þeim. En svo stóð á, að maður sá, er annaðist sölu fiskjarins í Englandi, bauðst til að lána veiðarfærin gegn því, að þau væru greidd af andvirði fiskjarins. Um þetta var samið með símskeytum og kom upp á eftir misskilningur um greiðslumátann. Stj. sambandsins skildi það svo, að veiðarfærin ættu að greiðast af 15% af þeim afla, sem í þau veiddust og keyptu þau í þeirri trú. En þetta reyndist á annan veg. Það kom í ljós, að þau áttu að greiðast með andvirði fiskjarins, áður en nokkuð var af því greitt annað en flutningskostnaður. Nú kostuðu veiðarfærin alls um 70 þús. kr., og þegar þessi misskilningur kom í ljós, leiddi það til þess, að nokkrir þeirra, sem pantað höfðu tækin, vildu ekki taka við þeim. Þó voru ekki mikil brögð að því; það munu hafa verið 4—5 nætur, sem ekki voru teknar.

Í annan máta fór flutningur fiskjarins fram í kössum, og fékk sambandið 10 þús. kassa frá sölumanni sínum í Englandi. Þessi tala kassanna var miðuð við það, að ferðir yrðu greiðar og því þyrfti að hafa tvær „setningar" af kössum. Auk þess var búizt við, að þeir mundu endast nokkru lakar en raun varð á. Þessir kassar kostuðu um 30 þús. kr. Nú er það svo, að um 4 þús. kassar eru enn ósnertir og ósamsettir eins og þeir komu, því vegna aflatregðu, sem var mikil fyrir Austurlandi, kom aldrei til þess, að þeir væru allir notaðir. Auk þess á sambandið 4 þús. notaða, en nothæfa kassa, því reynsla fékkst fyrir því, að þeir endast a. m. k. 5—6 ferðir. Fisksölusambandið varð nú að standa skil á þessum kaupum, sem gerð voru í upphafi. Þar við bættist svo fiskitregða, svo flutningsskipin fóru hálfu færri ferðir en til var ætlazt í upphafi. Sambandið gat að vísu staðið við skuldbindingar sínar erlendis, en það gat ekkert greitt fiskimönnunum nema veiðarfærin. Þegar svo fór, þá sá sambandið sér þann kost nauðugan að taka veiðarfærin í sína varðveizlu, og varð það að samkomulagi. Með því móti, að sambandið fái 40 þús. kr. lán, sem reikna má að sé sem næst hálfvirði eigna þess í veiðarfærum og kössum, þá verður hægt að greiða þeim, er lagt hafa fiskinn inn,

nokkurn hluta andvirðisins, 5—6 aura á kg. að ég ætla.

Nú er þess að gæta, að þeir, er mestan fiskinn lögðu inn, voru þeir, sem ekki fengu veiðarfærin, því kolaveiðarnar brugðust, og veiðarfærakaupin urðu því harmabrauð. Mér er tjáð, að ein ástæðan til þess að veiðin brást hafi verið sú, að á miðin sótti svo mikill fjöldi skipa, að þau urðu uppurin á skömmu bragði.

Búizt get ég við því, að menn dragi þá ályktun af þessari tilraun, að ekki sé álitlegt að halda áfram slíkum sölutilraunum. En ég hygg þvert á móti, að reynslan hafi sýnt, að sé hyggilega að farið, geti þetta orðið líklegt til sæmilegrar afkomu, ef það er þá ekki einmitt hið eina bjargráð Austfjarða að flytja út kældan fisk síðari hl. sumars. Reynslan varð sú, að fiskurinn líkaði vel og seldist vel. En hinu er ekki að neita, að eftir á má sjá ýms mistök á þessari tilraun. Svo er með flestar tilraunir. Í byrjun fylgja þeim ýmsir barnasjúkdómar, sem með reynslunni er hægt að fyrirbyggja.

Ég vil því vænta þess, að hv. d. ljái þessari till. fylgi. Hættan af ábyrgðinni virðist ekki þurfa að vera svo mjög mikil. En þannig stendur málið nú, að bankarnir lána nú ekki gegn öðrum tryggingum en þeim, sem umsetja má í peninga á árinu. Það er kunnugt, að bankarnir hafa tekið upp þá reglu, og hún er eðlileg. Hinsvegar má fullyrða, að lánið fæst, ef ríkisábyrgð er fyrir því. En það veltur á miklu, að sambandið fái nokkuð af handbæru fé til að greiða eitthvað upp í andvirði aflans, því hætt er við, ef ekkert fæst greitt, að menn fái lakari trú á að halda þessum tilraunum áfram.

Þá verð ég að fara nokkrum orðum um b-lið till. minnar. Hún fer fram á að heimila ríkisstj. að leggja fram 200 þús. kr. til að reisa síldarbræðslustöð á Austurlandi.

Að þessi till. er flutt bæði í Nd. og Ed. stafar af því, að nú á þessum nýliðna vetri kom það fyrir, að ausa mátti síldinni upp fyrir Austfjörðum allt frá nóv.-byrjun og til þessa tíma. En þótt firðirnir væru svo fullir af síld, að það mætti heita, að það væri eyðilegging á veiðarfærum að leggja þau í sjó, þá varð þetta þó að sáralitlum notum. Um 5000 tunnur munu hafa verið saltaðar, og ég hygg, að nokkur hl. þeirra sé ennþá óseldur. Þó er þetta svonefnd millisíld, sem salan er talin að vera einna öruggust á.

Nú er það svo, að Austfirðingar eiga ákaflega erfitt með að skilja það, að ómögulegt sé að reisa bræðslustöð á Austfjörðum, þar sem síldina er hægt að veiða á mjög auðveldan hátt, og með litlum tilkostnaði nema vinnu, en hinsvegar eru margar stöðvar starfandi eða hafa verið á Norðurlandi, þar sem síldveiðin er aðeins stunduð á sumrum og með alldýrum skipum.

Enn er það ein stoð, sem rennur undir þetta mál. Í Neskaupstað hefir undanfarið starfað fiskimjölsverksmiðja, sem útlendir menn hafa átt. Á síðastl. hausti buðust bænum kaup á henni. Að vísu hafði bænum boðizt hún áður, en þá átti hún að kosta 250 þús. kr. Nú í vetur var tilboðið komið niður í 100 þús. kr. og þá afréð bærinn að kaupa hana. Hér í hv. d. á sæti einn maður, sem máli þessu er kunnugur, og ég þori óhikað að skjóta þessu undir hans dóm, hvort kaupin hafi verið hagstæð bænum, ef á annað borð verður hægt að reka verksmiðjuna. Ég skal geta þess, að auk verksmiðjunnar og húsa hennar fylgdu með í kaupunum íbúðarhús, virt á 15 þús. kr., 30 tn. vélbátur tryggður fyrir 30 þús. kr. og lítill vélbátur, sem mun hæfilega metinn á 2000 kr. Það má því sjá, að verksmiðjan sjálf var ekki sérlega dýr. Nú hefir bæjarstj. látið rannsaka, hvað mundi kosta að bæta við verksmiðjuna nauðsynlegum áhöldum, sem til þess þarf, að hún geti líka unnið að síld. Mér er tjáð, að sú rannsókn hafi leitt í ljós — ég hefi ekki niðurstöðutölurnar í höndum, — að slíkar vélar og áhöld og viðbótarbygging mundi kosta um 150 þús. kr. En þá ætti hún að geta tekið á móti 1000 málum síldar á sólarhring. Þó ég hafi minnzt á þetta, vil ég ekki miða till. mína við það, að ríkissj. leggi fram fé til að koma upp síldarbræðslu í sambandi við þessa verksmiðju, þó ég af ýmsum ástæðum teldi það heppilegustu lausn þessa máls. Ég fer aðeins fram á, að ábyrgðin sé veitt til að reisa síldarbræðslu einhversstaðar á Austurlandi, en læt það komið undir því,

hvar rannsókn leiddi í ljós, að heppilegast væri að hafa hana. Sjálfur er ég ekki í vafa um, að tiltækilegast er að reisa hana þarna.

Eitt af því, sem líklegast er til að bæta hag Austurlands, er síldarbræðsla. Það er hörmulegt, þegar fjöldi fólks gengur iðjulaus og bjargarlítill, en firðirnir fullir af síld, að geta að engu notfært sér það, þótt það megi ná henni með litlum kostnaði. En svo hefir alltaf verið, að síldin hefir veiðzt innfjarða á Austurlandi.

Ég get svo látið útrætt um þessa till. og vil treysta því, að jafnvel þótt hv. þdm. sjái sér ekki fært að samþ. hana, þá hafi þeir samt opin augun fyrir því, að eitthvað þarf að gera til að rétta hlut Austfirðinga.

Áður en ég sezt niður, tel ég rétt að leiðrétta missögn, sem hv. 2. landsk. fór með, þegar hann var að mæla fyrir till. sinni um Fjarðarheiðarveg. Hann lét þá svo um mælt, að svo væri ástatt hjá Austfirðingum, að bátar þeirra væru manndrápsbollar. Ég skal sízt draga úr þeim erfiðleikum, sem nú ríkja á Austurlandi, en ég tel vafamál, hvort rétt sé að fara út í slíkar öfgar í lýsingum þaðan. Ég skal játa það, að floti Seyðfirðinga mun hafa gengið úr sér á síðustu árum. En þó er þess gætandi, að einhver fleyta mun vera þar, sem hann ekki telur manndrápsbolla, því mér er kunnugt um, að Útvegsbankinn hefir haft á boðstólum þar 2 báta í vetur, og þess vænti ég, að hann hafi ekki á boðstólum slíka vöru. Á Mjóafirði eru 2 vélbátar; þeir eru báðir nýuppbyggðir og með nýjum vélum. Af 27 bátum á Norðfirði, sem stærri eru en 8 smál., eru 7 byggðir og keyptir á síðustu 3 árunum. Þessir bátar hafa kostað allmikið fé, að því er ég bezt veit hátt á annað hundrað þús. kr. En auk þessa hafa verið keyptar nýjar vélar síðustu árin fyrir um 50 þús. kr. Þessi ummæli hv. 2. landsk. eru því ekki rétt og með öllu ómakleg hvað Norðfjörð snertir. Á Eskifirði og Reyðarfirði mun vera minna um nýja báta. Þó veit ég til, að þar eru tveir nýsmíðaðir bátar. Ég taldi ekki rétt að láta þessa fullyrðingu hv. þm. standa án þess að henni væri mótmælt. Að því er Norðfjörð snertir, þá hefir útvegurinn einmitt ekki þolað það, að flotinn væri endurnýjaður, þó að framtíðin hinsvegar krefjist þess.

Hv. 2. landsk. skaut því fram, að það ætti yfirleitt við bátana á Austfjörðum að þeir væru gamlir og lélegir, að undanteknum einum, sem nýkeyptur væri þangað og Útvegsbankinn hefði haft milligöngu með. Það er rétt, að þessi bátur var keyptur. En hann er ekki eini báturinn, sem er nýr. Ég vildi leiðrétta þetta, því þó ég kannist við, að ástæðurnar séu erfiðar, þá er þó ekki ástæða til að vera að mála fjandann á vegginn gagnvart hv. þdm. Ég hygg, að Austfirðir standi ekki mjög að baki öðrum landshlutum að því er dugnað og framtak snertir og að þeir muni, er í ári batnar, ná sér aftur og leggja þá sem áður drjúgan hluta í ríkissjóðinn; hefir löngum svo verið á undanförnum tímum.

Ég bið svo hv. þdm. velvirðingar á þessum útúrdúr, sem var gerður að gefnu tilefni.

Guðmundur Ólafsson: Ég á hér eina brtt. og verð því sem aðrir að segja fáein orð. Ég býst við, að umr. hér þyki ekki neitt skemmtilegar, ef miðað er við tölu áheyrenda, og mun það þó varla batna, er ég tek til máls.

Annars er það nú ekkert skemmtiverk að mæla fyrir sömu till. ár eftir ár. Það er vitanlega nokkuð skemmtilegra að koma fram með eitthvað nýtt, sem enginn kannast við og enginn hefir neitt talað um áður. En þó er sú bót í máli, að þegar um gamalkunnugt mál er að ræða, þá getur maður vitnað í sjálfan sig frá fyrri þingum og stytt mál sitt á þann hátt.

Þessi till. mín er þá um það, að fiskiræktarfél. Blöndu verði veittur ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að 500 kr. — Hér er um félag að ræða, sem nær yfir nokkuð marga bæi. Hefir talsvert verið lagt í kostnað við klak og flutning á laxaseiðum. Hafa þau verið keypt á Suðurlandi og flutt norður þangað. Hefir þetta haft allmikinn kostnað í för með sér, og því hefir verið beðið um þennan styrk. Félag þetta hefir nú starfað í 3 ár og verið veittur styrkur tvisvar, í fjárl. nú og síðasta árs, 700 kr. og 500 kr., eða samtals 1200 kr. á tveimur árum. Ég hefi sagt

það áður, og það er enn mín skoðun, að sanngjarnt sé, að þessi styrkur sé veittur, meðan enginn er arður af fyrirtæki þessu. Þeir, er til þekkja, búast við, að von sé um arð síðar. Þeir fullyrða, að fjöldinn af þeim síl um, sem flutt hafa verið, hafi komizt lifandi í ána, og ætti þá að vera von um, að þar fáist fullvaxnir laxar síðar. Í þeirri trú er haldið áfram ár eftir ár að flytja klak í ána. — Það er nú ekki um auðugan garð að gresja, ef leitað er í fjárl. um framlög til míns kjördæmis. Hefir þess líka verið getið í blaðagreinum, að ég væri ónýtur til þeirra hluta. Það sér líka á, því ekkert framlag er nú í fjárl. til míns kjördæmis, nema 700 kr. til þessa fiskiræktarfél. og svo til Blönduósskólans. Annars finnst víst hæstv. fjmrh. kreppa að — og það finnst víst flestum, nema hv. 2. landsk. — því hæstv. ráðh. hefir nú lækkað styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi um ⅛. En ég er nú talsvert þolinmóður og hefi því ekki gert till. um, að þessi upphæð verði færð upp, svo sem áður var. Ég mun því bíða átekta um það, hvernig hækkunartill. um kvennaskólann hér reiðir af. En verði sú till. samþ., þá mun ég við 3. umr. gera till. um, að Blönduósskólinn verði hækkaður líka. — Þetta var nú innskot, þótt nokkuð væri á annan hátt en hjá hv. 2. þm. S.-M., enda er það fjarri mér að biðja forláts á því.

En svo að ég víki þá aftur að till., þá vil ég segja, að þó ríkissjóður kunni að vera illa staddur, þá finnst mér það þó illa viðeigandi að svipta þetta félag styrk nú, meðan ekki er annað en kostnað að hafa af þessum tilraunum. Hinsvegar er þessi starfsemi spor í þá átt að bæta efnahag þeirra, er hlut eiga að máli, þegar stundir líða. Er og betra og skemmtilegra að veita nokkurn styrk til slíkra fyrirtækja heldur en lán eða ábyrgð á lánum, eins og við þekkjum að oft hafa verið veitt og það stundum stórar upphæðir, en sem svo hafa verið gefnar eftir að tveim eða þrem árum liðnum.

Mér gæti nú dottið það í hug, þar sem ég þykist þekkja sparnaðarhug hv. þdm., að þeir einmitt létu sér nú detta það í hug að taka fyrir þennan styrk, enda hefi ég ekki verið eins heppinn og maðurinn með loðdýrin og hérana, að fjvn. tæki upp þennan styrk. Ég vona þó, að hv. fjvn. verði ekki á móti þessu. — Hv. frsm. fjvn. sagði, að n. vildi ekki neita því, að loðdýrin gætu komið hér að nokkru liði. Ég er því viss um, að hún er þá ekki heldur á móti því, að laxveiði geti orðið til hagnaðar. Ég hefi ekki lagt það í vana minn að minnast á brtt. annara. Ég veit þó ekki, hvað ég hefði gert nú, ef hv. 2. landsk. hefði verið hér viðstaddur. En fyrst svo er ekki, þá sleppi ég því. Ég komst þó ekki hjá því að minnast á till. til hækkunar á framlagi til kvennaskólans hér og láta vita, að ef sú till. verður samþ., þá mun ég einnig bera fram slíka till. vegna Blönduósskólans. — Ég hlakka svo til að heyra hv. frsm. fjvn. mæla með till. minni f. h. fjvn.

Páll Hermannsson: Ég á að þessu sinni aðeins eina brtt. við fjárlfrv. Er það X. brtt. á þskj. 612 við 21. lið 15. gr. og gerir ráð fyrir, að sá styrkur, sem Jóni Leifs er ætlaður í fjárlfrv., 1500 kr., falli niður.

Það er nú margkunnugt, frá báðum deildum Alþ., að fáir liðir eru jafn viðkvæmir og þeir, sem bundnir eru við ákveðin nöfn og getur þetta verið mjög eðlilegt. Það kemur líka í ljós, að farið er fram á ýmsar upphæðir og í ýmsu augnamiði. Það eru námsstyrkir, sjúkrastyrkir, verðlaun fyrir eitthvað, sem talið er að vel hafi verið gert, listir, bókmenntir, skáldskapur eða verkleg störf, og þá stundum til að vinna ákveðin verk. Sem sagt ýmsar teg., andlegs og verklegs eðlis. Til alls þessa er sótt um styrk, og til alls þessa o. fl. er veittur styrkur. — Venjulega er þó aðeins um lága upphæð að ræða til hvers eins. En þó kemur það og fyrir, að um verulega háar upphæðir er að ræða og þær veittar. Þá er og ekki heldur dæmalaust, að fyrir þetta fé hafi ekkert komið eða skapazt, hvorki andleg né verkleg verðmæti.

Mér hefir fundizt rétt hvað þennan lið snertir, sem ég hefi gert till. um, að tekinn verði út, að gefa hv. d. tækifæri til að taka það til athugunar, hvort þessi liður á að standa í fjárl. Ég vil þá geta þess, að Jón Leifs hefir ritað Alþ. frá Berlín og farið fram á að fá styrk, en þó ekki í þessu formi, eða ég a. m. k. tel

annað augnamið vera í umsókn hans en hér um ræðir. Hann segir svo í bréfinu: „Hér með leyfi ég mér virðingarfyllst að fara þess á leit, að Alþingi Íslendinga veiti mér föst tónskáldalaun". — Hann fer því fram á föst laun til að lifa og starfa í framandi landi. Síðar í þessu sama bréfi segir hann:

„Æðsta takmark listar minnar er endurreisn íslenzkra þjóðlaga og listþroskun fornislenzkra tónlistarefna, en sökum fjárskorts hefi ég nú í eitt ár lítið eða ekkert getað unnið að meiriháttar tónsmíðum". — —

Af þessu er það því sjáanlegt, að það, sem Jón Leifs fer fram á, eru föst og há starfslaun, svo að hann geti unnið að starfi, sem er nokkuð kostnaðarsamt og sem getur verið að gefi engar tekjur, a. m. k. ekki í svip. Hinsvegar lít ég svo á, að 1500 kr. sé svo lítill styrkur í þessu augnamiði, að það sé kák eitt að veita hann og að hann geti ekki leitt að því takmarki, sem í umsókninni getur. Þá er það og rangt og leiðinlegt að deila um sama mann þing eftir þing. Það er því rétt, þegar þingið ræðst í að veita fé til ákveðinna manna og í ákveðnu augnamiði, að þá sé það gert í því formi, að það haldist og þurfi ekki að þrátta um það árlega. Þessi styrkur marðist nú inn í Nd. með 15 atkv., sem er hið minnsta, er þar kemur til greina. — Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Ég veit, að hv. þdm. hafa skilið hvað fyrir mér vakir, og hafa það í huga, er þeir greiða atkv., en ekki neitt annað.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er ekki ástæða til að segja margt um þær till., sem fram eru komnar. Ég vænti þó að meginhlutinn af hækkunartill. verði ekki samþ. Hinsvegar sézt það á mörgum þeim till., sem eru bornar fram til niðurfellingar á liðum. að það er skorið nálægt kvikunni. Þar er sumt smátt að vöxtum og á takmörkum þess, sem frambærilegt verður að teljast. Ég vil geta þess, að mér þykir það leitt, ef allir sjúkrastyrkir 17. gr. verða niður skornir. Ég hafði látið þá standa í fjárlfrv., en lækkað þá nokkuð. Þar sem ríkið annars gerir svo lítið til styrktar sjúkrasamlögum og vænta má, að engin breyt. verði á því um sinn, þá er ekki allskostar viðfeldið að fella niður þessar smáfjárveitingar. Sama er að segja um rithöf. Halldór Kiljan Laxness og Þorberg Þórðarson. Þessir liðir höfðu verið lækkaðir um 20% sem aðrir líkir liðir. Ég álít, að þeir eigi ekki neins að gjalda frekar en aðrir lausamenn fjárl. Þeir hafa nú staðið þar alllengi, og hefir hvor þeirra nokkuð til síns ágætis. Er og réttara að halda styrkveitingum til þeirra áfram, því telja má víst, þó þeir verði teknir út nú, að þeir myndu koma inn aftur síðar. Er illt, ef slíkir styrkir eru veittir með kippum, en fá ekki að vera stöðugir. — Um Laxness er það að segja, að þó ég vilji ekki forsvara allt, sem hann hefir ritað, þá er hann þó þeirra mestur og efnilegastur, sem nú rita skáldsögur á íslenzku. Er það bæði þegar tekið er tillit til kosta og líka máske galla. Er ekki rétt að svipta öllum styrk svo afkastamikinn rithöf. sem H. K. L. er.

Þá er till. um að fella risnu forsrh. úr 6 þús. kr. niður í 4 þús. kr. Ég hefði lagt til, að þessi liður væri lækkaður úr 8 þús. kr. niður í 6 þús. kr. Ég nefni þetta vegna þess, að skyldur þær, sem hvíla á ríkisstj., sérstaklega forsrh., eru svo miklar og margvíslegar, að enginn ráðh. getur til fulls lifað á sínum ráðherralaunum. Þetta þekkja allir Rvíkingar. Hinsvegar verður það að teljast rétt á slíkum tímum að lækka þennan lið um 2000 kr. Forsrh. er þó vissulega ekki ofhaldinn af því, þó að slíkt sé þráfaldlega talið eftir í stjórnmálaumr.

Ég hygg, að í till. n. sé nokkuð langt gengið um niðurfærslu. Það er vafasamt, þó nú sé hart í ári, að útgjöld samkv. jarðræktarlögunum lækki svo stórkostlega sem n. gerir ráð fyrir. Á þessu ári verða þau miðuð við ræktun síðasta árs, um 630 þús. kr. 30 þús. kr. til tilbúins áburðar hafði Nd. fellt, vegna þess að styrkur til flutninga var þar talinn aðeins hafa verið byrjunarstyrkur, sem veita skyldi meðan notkun áburðarins væri að ryðja sér til rúms, og væri æskilegt, að hann héldist ekki allt of lengi. Að öðru leyti skal ég ekki veitast að einstökum till. Ég þykist sjá, að þó þær hafi ýmsar nokkuð til síns máls, þá muni þær ekki allar ná fram að ganga. — Ég

vildi þó mæla með till. hv. þm. A.-Húnv. um styrk til fiskiræktarfél. Blöndu, sem ég feldi niður, en skal játa, að hafi verið af misskilningi. Ég bið hv. d., að láta ekki félagið gjalda þessa misskilnings.

Það er ekki glæsilegur greiðslujöfnuður á frv., eins og það er nú, en þó er sú huggun, að tekjuáætlanir eru varlegar, og sparnaðarfrv. á góðri leið í þinginu. Er það aðalatriðið um sæmilega afgreiðslu fjárlagafrv. á þessu þingi, að afgreiða sparnaðarfrv. og tekjuaukafrv., sem flest bíða hér í Ed. Fjárl. hafa nú verið skorin niður svo sem unnt er, eins og till., sem nú koma fram sýna, og sæmilegt samstarf þingflokkanna a. m. k. aðalflokkanna, er um þennan niðurskurð. En eftir er að vinna saman um sparnaðar- og tekjuaukafrv., og veldur það úrslitunum um það, hvort talið verður, að þetta þing hafi gengið forsvaranlega frá fjármálum ríkisins.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég á hér brtt. á þskj. 637, sem ég vildi segja um nokkur orð. Svo er mál með vexti, að á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd hefir um 30 ára skeið verið prestur, sem heitir Einar Thorlacius. Hann er nú orðinn gamall maður. Fyrir 2 árum var sjón hans farið að hnigna svo, að ekki var líklegt, að hann gæti haldið áfram prestsskap. Hann fluttist þá til Rvíkur og lagði stund á að bæta sjón sína, og það tókst, svo hann hefir nú tiltölulega góða sjón á við það, sem áður var. Hann fékk í staðinn fyrir sig ungan prest, sem þjónaði brauðinu á hans ábyrgð. Eins og málinu var háttað, þó ekki hefðu beinlínis verið gerðir samningar, þá gekk ungi presturinn út frá því, að gamli maðurinn væri endanlega farinn og hann hefði mikla möguleika til að verða hans eftirmaður, þar sem sóknarfólkinu féll vel við hann. Og ég þykist vita, að gamli presturinn hafi tæplega búizt við, að hann mundi verða svo hraustur, að hann gæti komið aftur. En þetta breyttist svo, að hann náði tiltölulega góðri sjón og frá því sjónarmiði var ekkert því til fyrirstöðu, að hann stundaði prestskapinn lengur. En þegar að því kom, að síra Einar tilkynnti aðstoðarprestinum, að hann mundi taka brauðið aftur, þá kviknaði talsverð óánægja hjá söfnuðinum, sem hefir vaxið eftir því sem lengra leið, af því að söfnuðurinn vildi ekki missa unga prestinn.

Hafði þá jafnvel komið til orða, að sóknarbörnin stofnuðu fríkirkju, einkanlega ef þeir gætu haldið hinum vinsæla unga presti. — Það hafa einstöku sóknarbörn stungið upp á því við kirkjumálastj., hvort ekki væri ástæða til að hún fengi síra Einar til að hætta við þetta áform sitt, þar sem yfirgnæfandi meiri hl. safnaðarins vildi í raun og veru skipta. Að því leyti sem þetta hefir komið til mín, þá hefi ég sagt við þessa menn — ég vil ekki segja, að það hafi verið beinlínis fulltrúar alls safnaðarins, en leiðandi menn úr prestakallinu — að ekki væri hægt lögum samkv. að segja gamla prestinum að hætta, jafnvel þó að söfnuðurinn óskaði eftir skiptum. Gamli presturinn hefir lagaréttinn með sér, og ekki er hægt, þó mikill meiri hl. safnaðarins óski eftir öðrum presti, að hindra hann frá að taka aftur við sínu prestakalli. Aftur á móti er ekki hægt að neita því, að söfnuðurinn hefir líka sinn rétt. Mætti kannske orða þetta þannig, að gamli presturinn hefði lagaréttinn, en ungi presturinn og söfnuðurinn siðferðislega réttinn. Nú hefir mér fundizt það vera ómaksins vert að spyrja þingið, hvort það vilji ekki reyna með lagi að hjálpa til að jafna þessa deilu á þann hátt, að báðir aðiljar mættu vel við una. Mér hefir þótt það vel til fallið að gera síra Einari kleift að vinna að verki, sem hann hefir nú í fleiri ár unnið að, sem sé fjársöfnun til nýrrar þjóðlegrar Hallgrímskirkju í Saurbæ. Ég hefi þess vegna lagt til, að stj. verði heimilað að veita síra Einari þessa þóknun, ef hann léti af prestskap í vor. Ég hefi borið fram þessa till. í því skyni að koma á meiri ánægju milli hlutaðeiganda.

Þá hefir komið fram önnur till., sem ég vildi minnast á, um að ávísa til 2ja námsmanna af því fé, sem menntamálaráðið á að skipta. Ég veit, að þetta er gert út úr vandræðum af þeim, sem leggja þetta til. Þeir vilja hjálpa þessum mönnum, en ekki auka framlag þingsins. Annan þessara manna þekki ég sjálfur að góðu, og hann hefir verið styrkt-

ur af menntamálaráðinu undanfarin ár. Ég vil vara hv. þd. við því, að þetta er ekki heppilegt, því það, sem vakir fyrir þinginu, er að reyna að losna við atkvgr. um styrki til óþekktra manna, en fela það heldur nefnd, sem hefir á þessu meiri kunnugleika. Ef þessi till. er samþ., að ávísa af fé menntamálaráðs, þá er búið að brjóta það fyrirkomulag, sem nú er og horfir til bóta.

Frsm. samgmn. (Halldór Steinsson): Samgmn. þessarar d. á hér litla brtt. á þskj. 612, þar sem farið er fram á, að styrkur til flóabátaferða verði hækkaður úr 76600 kr. upp í 78 þús. kr. Nd. gerði talsverðar breyt. á styrknum til flóabátaferða, aðeins 3 bátar halda sama styrknum, Djúpbáturinn, Flateyjarbáturinn og Skaftfellingur. Styrki til allra annara báta lækkaði Nd. meira og minna. Þó var tiltölulega mest lækkaður styrkur til Hornafjarðarbátsins og Stykkishólmsbátsins. Hornafjarðarbáturinn hefir nú í fjárl. um 2500 kr. styrk, en hann hefir verið lækkaður niður í 400 kr. Stykkishólmsbáturinn hefir 3 þús. kr., en hann var lækkaður í Nd. niður í 2 þús. kr. Samgmn. þessarar d. þótti hér of langt farið í að lækka þessa styrki með tilliti til lækkana á öðrum styrkveitingum báta og leggur því til, að þessi styrkur hækki um 1400 kr., 800 kr. til Hornafjarðarbátsins og 600 kr. til Stykkishólmsbátsins. Það er talsvert stórt svæði, sem Stykkishólmsbáturinn fer yfir. Undanfarin ár hefir hann haft 30 áætlunarferðir, og virðist því ekki til of mikils mælst, þó hann fái 2600 kr.

Um Hornafjarðarbátinn er það að segja, að þó hann fari yfir minna svæði, þá eru það afskekktar sveitir, sem hann fer til, og það liggur í hlutarins eðli, að þessar 400 kr. segja lítið til þess að halda þessum ferðum uppi. N. væntir því, að tekið verði vel í þessar brtt.

Fyrst ég er staðinn upp, vil ég minnast á eina brtt. frá hv. 2. landsk., þessa stærstu brtt., sem liggur fyrir þessari hv. d., til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, 500 þús. kr. Ég skal taka það fram, að mér þykir leitt að geta ekki verið með þessari brtt., því ég finn, að það er mjög brýn þörf á slíkum atvinnubótum á þessum tímum, en hinsvegar þykir mér það ekkert þýða að samþ. slíka till. vitandi vits, að ómögulegt er að koma henni í framkvæmd. Hv. þm. benti ekki á nokkra leið til tekjuöflunar móts við þennan útgjaldalið fyrir ríkissjóð, sem nemur ½ millj. kr. Og hitt er líka vitanlegt, að þegar ætti að fara að biðja um 500 þús. kr. úr bjargráðasjóði, mundi einnig verða tregða á því. Það hafa á þessum árum legið fyrir beiðnir frá mörgum kaupstöðum um styrk úr bjargráðasjóði, en ekki nema 2—3 kauptún hafa orðið þessa styrks aðnjótandi. Þar sem ekki liggur nein till. fyrir til tekjuöflunar finnst mér ekki koma til mála að samþ. þessa till., þó ég á annað borð sé henni hlynntur.

Frsm. (Einar Árnason): Mér láðist í dag í fyrri ræðu minni að vekja athygli hv. d. á einu atr. í nál. fjvn., vegna þess að það er ekki eiginleg brtt., heldur einskonar yfirlýsing, sem n. vill gera í sambandi við 13. gr., liðinn til lendingarbóta. N. vill taka það fram, að hún ætlast til, að af þeim lið gangi 3500 kr. til bryggjugerðar á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Þetta er að nokkru leyti gert til þess að efna loforð, sem gefið var á síðasta þingi gegnum þau fjárl. sem þá voru afgreidd. N. hefir verið tjáð af hv. þm. Snæf., að þetta mundi ekki verða notað í ár, en hann óskar, að slík yfirlýsing fái að standa við þennan lið fjárlaganna nú, ef hlutaðeigendur kynnu að geta notað sér það á næsta ári.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að brtt. hv. dm. En ég ætla fyrirfram að taka það fram, að ég býst ekki við að stofna til þess, að neinar deilur verði um þær, heldur mun ég aðeins í fáum orðum lýsa afstöðu n. til þeirra.

Þá er það fyrsta brtt. á þskj. 612, frá hv. 6. landsk., um það, að risnufé ráðh. lækki úr 6 þús. kr. niður í 4 þús. kr. Í gildandi fjárlögum ætla ég að þessi liður sé 8 þús. kr., svo í fjárlagafrv. hefir hann verið lækkaður um fjórðung. Um þessa brtt. hefir n. óbundin atkv.

Þá er næst brtt. frá sama hv. þm. um það, að veita Unni Vilhjálmsdóttur 2 þús. kr. sjúkrastyrk og til vara 1500 kr. N. er á móti þessari till. Það hafa komizt inn

í fjárl. einir tveir slíkir sjúkrastyrkir í hv. Nd., og fyrir n. lágu nokkrar beiðnir um samskonar styrki. N. var næst skapi að taka út það, sem inn komst í hv. Nd. af þessu tægi, en við nánari íhugun virtist henni heppilegra að vera ekki að stofna til óánægju með því. En hún telur hinsvegar varhugavert að fara út á þá braut, að ríkið taki að sér framfærslu ýmsra sjúklinga, sem til þess kunna að leita. Það er öllum vitanlegt, að á landinu er fjöldi fólks, sem hefir við meira og minna heilsuleysi að stríða og á ákaflega örðugt uppdráttar. Það er því aðeins ranglæti að taka suma af þeim, sem þannig er ástatt fyrir, upp á arma ríkisins, en neita öðrum um hjálp. N. mælir ekki móti þessari till. vegna þess, að henni sé á nokkurn hátt í nöp við þann umsækjanda, sem hér er um að ræða. Held ég líka, að þingið hafi áður veitt þessari konu sjúkrastyrk og þannig gert heldur vel við hana. Vitanlega leggur n. það á vald hv. d., hvað hún gerir í þessu efni nú, og mun ég ekki fara út í neinar deilur út af því. Það er ekki ánægjulegt að þurfa að neita fólki um hjálp, sem svo illa er ástatt fyrir, að það þjáist af heilsuleysi, og er því bezt að hafa um það sem fæst orð.

4. brtt. á sama þskj., sem er frá hv. samgmn., lætur n. að sjálfsögðu afskiptalausa.

Þá flytur hv. 2. landsk. brtt., þar sem hann leggur til, að tillag til bryggjugerða og lendingarbóta sé hækkað úr 20 þús. kr. upp í 70 þús. kr. N. er á móti þeirri till., fyrst og fremst vegna þess, að þar sem alstaðar er verið að skera niður verklegar framkvæmdir, þá sér hún ekki að mögulegt sé fjárhagsins vegna að samþ. þessa hækkun. Hér er líka þess að gæta, að þau héruð, sem vilja verða aðnjótandi styrks til lendingarbóta, eiga að leggja tvöfalda upphæð fram á móti. Ég hygg, að svo sé nú ástatt í flestum héruðum, að þau geti ekki lagt fram stórfé til verklegra framkvæmda, hvorki lendingarbóta né annars, og þess vegna yrði þetta hækkaða framlag ríkissjóðs aðeins pappírsgagn og annað ekki.

Þá koma næst 5 nýir liðir, sem ég tek í einu, frá þrem hv. þdm. Það eru styrkir til 5 einstakra manna til þess að stunda nám í útlöndum. Þrír af þessum mönnum stunda, að því er mér skilst, vélfræðinám, einn þeirra stundar verzlunarfræði og einn tannlækningar. Ég segi fyrir mig, að ég þekki engan þessara manna. Það má vel vera, að það séu allt góðir og efnilegir menn. Það getur líka vel verið, að eitthvað væri hægt að gera upp á milli þeirra. En meiri hl. n. leggur á móti þeim öllum. Ég verð að telja, að varla geti verið svo aðkallandi þörf fyrir menn með sérþekkingu á þeim efnum, sem hér er um að ræða, vélfræði, verzlunarfræði og tannlækningum, að það þurfi í þeim fjárhagsörðugleikum, sem nú standa yfir, að veita fé til þessa náms. Ég held, að það verði að telja margt engu síður aðkallandi, sem þó er ekki hægt að veita neina fjárhagslega hjálp til.

Þá kem ég að till. hv. 1. þm. Reykv. um að hækka styrkinn til kvennaskólans hér í Rvík úr 18 þús. kr. upp í 21 þús. kr. Ef ég man rétt, mun þessi styrkur vera 21 þús. kr. í núg. fjárl., en hefir verið lækkaður niður í 18 þús. kr. í fjárlfrv. Nú er það svo, að við alla skóla hefir verið lækkað eftir því sem álitið hefir verið mögulegt. Um þetta gildir vitanlega það sama og um alla aðra hluti nú, að alstaðar verður að reyna að spara eins og mögulegt er. Hv. þm. sagði, að kvennaskólinn í Rvík væri sívaxandi. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en hitt veit ég, að það er ekki vaxandi aðsókn að honum utan af landi. Og þegar tekið er tillit til þess, að þessum skóla eru veittar alls 28 þús. kr. úr ríkissjóði gegn aðeins 1800 kr. framlagi frá Rvíkurbæ, þá virðist sannarlega ekki standa upp á ríkissjóð. Meiri hl. n. er því á móti þessari tillögu.

Þá er 8. brtt. á þskj. 612, frá hv. 6. landsk. Um hana hefi ég það eitt að segja, að n. hefir um hana óbundin atkv.

Næst kemur brtt. frá hv. þm. Hafnf. um að veita 1000 kr. til bókasafns Hafnarfjarðar. Þeirri till. er n. meðmælt. En um hina brtt. hv. þm., um að veita 1200 kr. til að gefa út þjóðsagnasafn Sigfúsar Sigfússonar, hefir n. óbundin atkv.

Þá er brtt. hv. 2. þm. N.-M. um að styrkurinn til Jóns Leifs falli burt. Þessi styrkur mun hafa verið settur inn í frv. í hv.

Nd., og hefir fjvn. þessarar d. óbundin atkv. um hann; þó mun meiri hl. hennar vera á móti brtt.

Þá kem ég að brtt. hv. 1. þm. Reykv. um styrk handa Þórhalli Þorgilssyni, til þess að gefa út kennslubók í ítölsku. Ég held nú sannast að segja, að það liggi áreiðanlega meira á ýmsu öðru heldur en kennslubók í þessu máli. Ég hygg, að ef til eru einhverjir menn í þessu landi, sem vilja leggja stund á ítölsku, þá muni þeir vera svo vel að sér í norðurlandamálunum, að þeir geti notað danska kennslubók. Það væri áreiðanlega ekki síður nauðsynlegt fyrir skóla okkar að fá kennslubækur í ýmsum öðrum greinum, sem ekki eru til kennslubækur í á íslenzku. Meiri hl. n. verður því að leggja á móti þessari till.

Um brtt. hv. 2. landsk. um styrk til Guðbrands Jónssonar hefi ég það eitt að segja, að meiri hl. n. leggur á móti henni.

Þá kem ég að stærstu brtt. á þessu þskj., sem er frá hv. 2. landsk., um að ríkissjóður leggi fram 500 þús. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóðum, og að þeir skuli hafa aðgang að lánum úr bjargráðasjóði, sem nemi helmingi þeirra framlags. N., eða a. m. k. mestur hluti hennar, er á móti þessari till., m. a. vegna þess, að það er ekki sjáanlegt, að með þeim tekjum, sem líklegt er, að ríkisjóður hafi yfir að ráða á næsta ári, geti hann lagt fram fé svo nokkru nemi í þessu skyni. Auk þess mundi bæjar- og sveitarfélögum verða fullörðugt að leggja fram sinn hluta á móti. Um lán úr bjargráðasjóði er það að segja, að um þann sjóð gilda sérstök lög og ákvæðum þeirra geta fjárlagaákvæði vitanlega ekki breytt; mundi því örðugt að geta notað hann verulega í þessu skyni.

Þá er enn brtt. frá hv. 6. landsk., um að liðurinn til Halldóru Bjarnadóttur hækki úr 1500 kr. upp í 1700 kr. Ég ætla, að þessi liður sé 1800 kr. í núg. fjárlögum, en hann var í fjárlagafrv. lækkaður niður í 1500 kr. Þetta er í samræmi við aðrar lækkanir, bæði á liðum til einstaklinga og einstakra stofnana. N. telur því, að við það verði að sitja, sem í frv. er, og leggur á móti þessari brtt.

Sama er að segja um næstu brtt. frá sama hv. þm., um að veita 2000 kr. til Sigrúnar Kjartansdóttur, til þess að koma á fót hanzkagerð. Nú skal ég ekki mæla á móti því, að til mála geti komið að koma upp slíkri hanzkagerð. En ég held, að engin reynsla sé til fyrir því enn, hvort við getum búið út hanzka hér úr íslenzku efni, sem gætu orðið samkeppnisfærir við þá útlendu hanzka, sem hér eru hafðir á boðstólum. Það skyldi gleðja mig, ef þetta væri hægt. En meðan ekki er hægt að færa fram neitt því til sönnunar, telur n. varhugavert fyrir ríkissjóð að kasta út fé í slíkar tilraunir, eins og nú standa sakir, jafnvel þó hugsanlegt sé, að þær heppnuðust. Ef hinsvegar menn hafa almennt trú á, að þetta geti gengið, þá ætti ekki að vera ómögulegt að fá einstaka menn, sem á þetta trúa, til að leggja eitthvert fé úr eigin vasa til þess að koma hanzkagerðinni á fót, því ef þetta gæti gengið á annað borð, þá mætti búast við, að það gæfi eitthvað í aðra hönd. N. leggur móti því, að ríkissjóður leggi fram fé í þessu skyni, meðan jafn lítill undirbúningur er fyrir hendi og nú er.

Næst er till. um að veita 500 kr. til Guðrúnar Finnsdóttur; um hana hefir n. óbundin atkv.

Þá kem ég að brtt. frá hv. þm. A.-Húnv., um að lagðar verði fram 500 kr. til fiskiræktarfél. Blöndu.

Hv. þm. tók það fram, að sér þætti leiðinlegt að þurfa að tala fyrir þessari till. á hverju þingi, og satt að segja get ég skilið það, ef hann hefði alltaf talað um hana fyrir daufum eyrum og aldrei fengið hana samþ. En nú kom fram hjá honum, að hann hefir aldrei talað um þessa till. fyrir daufum eyrum, því hún hefir alltaf verið samþ., svo ég held, að það hljóti að vera honum aðeins til skemmtunar að flytja hana. Um afstöðu n. til þessarar brtt. er það að segja, að hún hefir um hana óbundin atkv.

Mér virtist hv. þm. vilja í sambandi við þessa till. sína nota tækifærið til þess að gera gys að till. n. um loðdýrin. Ég get ekki annað en látið í ljósi þá skoðun mína, að ef bera á saman loðdýr og lax, þá hafi ég meiri trú á því, að loðdýr lifi, þó að þau séu flutt frá Grænlandi til Ís-

lands, heldur en laxaseiði, sem flutt eru af Suðurlandi norður í Blöndu. Enda skildi ég hv. þm. svo, að enn væri ekki fengin sönnun fyrir því, hvort nokkuð af seiðum þessum, sem norður hafa verið flutt, hefðu lifað.

Um brtt. hv. 6. landsk., styrk handa Margrétu Lárusdóttur læknisekkju, hefir n. óbundin atkv. Sama er að segja um brtt. hv. 4. landsk., um eftirlaun handa Guðjóni Kjartanssyni pósti. Aftur er n. mótfallin till. hv. 6. landsk., um að veita ekkju Jónasar Guðlaugssonar 1200 kr. í 18. gr. N. telur, að ef till. verði samþ., þá verði eftirlaun þessarar ekkju ekki í samræmi við aðra styrki, sem veittir eru til ekkna í 18. gr. Þá hefir n. óbundin atkv. um till. hv. 2. þm. S.-M., um að ríkið taki ábyrgð á 40 þús. kr. láni fyrir fisksölusamlag Austfirðinga. Aftur leggur hún á móti næstu till. hans, að ríkið leggi fram fé til þess að reisa síldarbræðslustöð á Austfjörðum. Eins og kunnugt er, hefir ríkið lagt fram mikið fé til þess að reisa síldarbræðslustöð á Siglufirði, og virðist því rétt, að reynsla fáist um hana áður en ríkið fer að taka á sig áhættu af fleiri slíkum fyrirtækjum. Hv. þm. taldi, að þetta mundi verða sérstakt bjargráð fyrir Austurland, því að mikla síld væri þar að fá, jafnvel á fjörðum inni. Væri þar því nóg verkefni fyrir stóra verksmiðju, og nauðsyn bæri til að rétta Austfirðingum hjálparhönd vegna þeirra miklu örðugleika, sem þeir hefðu átt og ættu ennþá við að stríða. Ég verð nú að segja það, að jafnvel þó að ríkissjóður reisti verksmiðju þarna, þá væru ekki allir erfiðleikar Austfirðinga þar með yfirstignir, því eins og kunnugt er, eru allar síldarafurðir nú stórfallnar í verði, og því mjög illt með alla sölu síldar og síldarafurða. Mun því ganga mjög illa að fá nokkra síldarbræðsluverksmiðju til þess að bera sig. Ég held því, að það erfiðasta væri eftir, þó að verksmiðjan væri byggð, en það er rekstur hennar. Það er því skoðun mín, að Austfirðingar leggi of mikið upp úr síldarbræðslustöð sem bjargráði og mun það stafa af ókunnugleika þeirra á þeim málum.

Á þskj. 622 er brtt.frá hv. 2. landsk. um veg yfir Fjarðarheiði. Ég hefi heyrt, að hann muni taka hana aftur við þessa umr. Er því ekki ástæða til þess að tala frekar um hana.

Um brtt. frá hv. 3. landsk., kr. 200 til B. Bárðdals kennara, hefir n. enga afstöðu tekið.

Þá er brtt. á þskj. 637 frá dómsmrh. N. hefir engan tíma haft til þess að taka afstöðu til hennar, eftir að hún kom fram, get ég því ekkert um hana sagt fyrir hönd nefndarinnar.

Þá vil ég taka það fram, að n. tekur aftur til 3. umr. 13.—14. brtt. sínar á þskj. 597.

Mér skildist á hæstv. fjmrh., að hann væri fremur andvígur ýmsum till. fjvn. Hann mælti beinlínis á móti niðurfellingu styrkjanna í 17. gr., og það hafa ýmsir hv. dm. gert líka. Ég ætla ekki að deila neitt um það. N. leggur ekkert sérstakt kapp á brtt. sínar. Lætur deildarmenn sjálfráða, hvernig þeir snúast við þeim. — Mér skildist hæstv. ráðh. telja óvarlegt að lækka jarðræktarstyrkinn eins og n. hefir gert. Áður en hún gerði þessa brtt. átti hún tal um þetta við búnaðarmálastjóra, og taldi hann ekki óvarlegt að lækka styrkinn eins og n. hefir gert. En eins og tekið hefir verið fram, þá hefir n. samt hugsað sér að bera fram till. um lækkun hámarks styrksins, og væntir hún, að hv. d. geti fallizt á hana á sínum tíma.

Guðmundur Ólafsson: Það er hvorttveggja, að ég tala ekki oft í deildinni nú orðið, enda er það víst bezt, eftir því sem hv. frsm. segist frá. Annars veit ég ekki til, að ég hafi nokkru sinni leikið deildarmenn jafn grátt og hann, ef taka á alvarlega ummæli hans um mig. Hann sagði, hv. frsm., að ég hefði kvartað um það í dag, að mér leiddist að tala fyrir till. þessari árlega og hann hélt, að það væri af því, að ég hefði aldrei fengið styrkinn. Þetta er alls ekki rétt hjá hv. frsm. Þegar ég talaði fyrst fyrir till. um þennan styrk, tók ég það fram, að hlutaðeigendur þyrftu að fá hann í 4—5 ár, og nú hafa þeir fengið hann í tvö ár.

Þá fór ekki betur fyrir hv. frsm., þegar hann fór að tala um laxinn og loðdýrin. Hann fullyrti, að hægara væri að flytja lifandi loðdýr frá Grænlandi held-

ur en lifandi laxaseiði af Suðurlandi norður í Húnavatnssýslu. Jafnframt tók hann fram, að ég vissi hreint ekki, hvort þessi tilraun með seiðaflutninginn gengi vel eða illa, m. a. s. vissi ég ekki með vissu, að hann sagði, hvort nokkuð af seiðum þeim, sem norður hafa verið flutt, væru lifandi eða ekki. En ég benti hv. þd. einmitt á, að fyrir þessu klakmáli væri mikill áhugi norður frá, og hv. frsm. hlýtur að geta skilið það, að svo myndi ekki vera, ef seiðin dræpust alltaf jafnóðum og þau væru flutt norður, enda er mönnum kunnugt um, að margt af laxseiðunum lifir þar enn. Ég vona nú, að hv. frsm. skilji þetta nú og átti sig á því.

Frsm. (Einar Árnason): Það var enginn furða, þó að ég misskildi hv. þm. A.-Húnv., eftir því sem honum fórust orð.

Að því er snertir laxaseiðin og styrkinn til þessa fiskiræktarfélags, þá er það tekið fram, að hann eigi að vera ⅓ rekstrarkostnaðar. Nú er mér ekki kunnugt um, hvað þessum rekstrarkostnaði líður. Hvort þessi upphæð, sem ríkissjóður hefir greitt undanfarið hafi nægt sem ⅓ rekstrarkostnaðar, eða hvort allur kostnaðurinn hafi ekki numið meiru en tillag ríkissjóðs. Þetta vildi ég fá upplýst. Og ennfremur, hvort svo beri að skilja, að styrkurinn sé að fullu greiddur, þegar liðin eru 4—5 ár frá því að hann var fyrst greiddur. Jafnframt vil ég spyrja, hvenær hafi verið byrjað að greiða hann til þessa fiskræktarfélags. Nú er það alls ekki svo, að ég sé á móti þessum styrk, þvert á móti býst ég við að hjálpa hv. þm. til þess að ná honum, ef á þarf að halda. En ég vil bara fá botn í það, hvenær greiðsla hans muni taka enda, því nú má búast við, að fiskiræktarfélögunum fjölgi, sem ríkissjóður þarf að styrkja. Er því ekki úr vegi, að settar séu reglur um það, hve lengi ríkið á að styrkja hvert félag. Annars held ég, að ég skilji hv. þm., og ég býst við, að hann skilji mig, a. m. k. nú orðið. Það er ekki svo mikið, sem okkur ber á milli. Ég ætla að hjálpa honum að koma till. í gegn, ef með þarf. Læt ég svo útrætt um þetta. Vænti aðeins, að hv. þm. svari spurningum þeim, sem ég hefi til hans beint.

Guðmundur Ólafsson: Það er óneitanlega dálítill bati hjá hv. frsm. Þó virðist mér hann ekki úr allri hættu enn með skilningsleysið. Hann spurðist fyrir um það, hvenær styrkur þessi hefði fyrst verið greiddur til fiskiræktarfél. Blöndu og hve miklu hann hefði numið. Ég tók það fram í dag, að félagið hefði fengið í allt 1200 kr. í 2 ár. Fyrra árið 500 kr. og síðara árið 700 kr., og að lagðir hefðu verið á móti ⅔ hlutar eins og tilskilið er. Af þessu getur hv. þm. séð, hvað kostnaðurinn hafi verið mikill alls. Jafnframt tók ég fram, að byrjað hefði verið að flytja seiðin norður fyrir 3 árum, og að styrkurinn hefði alltaf verið greiddur eftir á. Er því búið að greiða hann tvisvar sinnum og þetta er í þriðja sinn, sem farið er fram á, að styrkur verði greiddur. Þá vissi hann heldur ekki, hvenær í ósköpunum þetta myndi taka enda, og vildi fá það upplýst. Það er von, að bóndi furði sig á þeirri ógnar upphæð, þessum kr 500 á ári, sem búið er að snara í þessa menn norður frá. Þetta tók ég greinilega fram í dag. Ég sagðist vona, að það myndi nægja að veita styrkinn í 4—5 ár. Annars veit ég ekki, hvar í ósköpunum hv. frsm. hefir verið í dag, þegar ég talaði. Hann man tæplega nokkurn hlut af því, sem ég sagði, og rangfærir það litla, sem hann man. Þakka ég honum svo fyrir, að hann ætlar að vera með till., ef með þarf.

Jón Baldvinsson: Það er alltaf dálítill vandi að tala á eftir jafn skemmtilegum ræðumönnum og hér hafa um skeið leitt hesta sína saman. Ég ætla ekki að fara út í neinn galsa, því að ég er hér með alvarlegt mál.

Hv. frsm. hefir tekið illa í þá till. mína, að ríkið leggi fram 500 þús. til atvinnubóta. Hann lýsti yfir því, að ríkið gæti ekki lagt þetta fé fram, því að hinum fjárhagslegu högum þess væri þannig háttað. En ég vil segja hv. frsm. það, að því miður eru líkur til, að ástandið verði þannig, að ríkissjóður verði nauðugur viljugur að leggja þetta fé fram. Er því betra fyrir stj. að hafa til þess heimild í fjárl. Það er alveg rétt hjá hv. frsm., að sum bæjarfélög munu eiga erfitt með að leggja fram ⅔ á móti framlagi ríkissjóðs, en ég býst nú við, að þau treysti á fremsta

hlunn og gangi eins nærri skattþegnum sínum og frekast er unnt til þess að afla fjárins á móti tillagi ríkissjóðs, þar sem féð á ekkert að fara út fyrir bæjarfélagið sjálft, en með því fæst þó aukið fé frá ríkinu til hjálpar hinum atvinnulausa og aðþrengda verkalýð. Þetta ætti því ekki að fæla menn frá að samþ. till. mína. Og ég býst við, að allir geti verið á einu máli um það, að úr því að leggja þarf féð fram, þá sé betra, að það sé gert með heimild en í heimildarleysi. — Þá skal ég taka það fram, að till. um fé til vegar yfir Fjarðarheiði er tekin aftur til 3. umr.

Mér láðist í dag að geta um 5. og 6. brtt. fjvn. á þskj. 597. Þar er tekin upp sú nýlunda, sem ég hefi ekki séð áður í fjárlögum, að setja reglur um launagreiðslur hjá ríkisstofnunum og einkafyrirtækjum. Aths. þessi hljóðar svo: „enda verði launagreiðslur til yfirmanna skipanna í samræmi við launagreiðslur eftir l. nr. 63, 7. maí 1928, að því leyti sem við verður komið og við á". Ég minnist ekki að hafa séð slík ákvæði í fjárl. áður, þar sem gripið er inn í starf og rekstur fyrirtækja. Ég get skilið, þó að settar séu inn sérstakar reglur um ríkisskipin, en ekki að því er snertir Eimskipafél. (**JónJ:** Till. um Eimskipafél. er tekin aftur). Ég álít þessar og þvílíkar aths. í fjárl. alveg óviðeigandi og mun því greiða atkv. á móti þeim.

Þá er ekki fleira, sem ég vildi minnast á út af till. mínum, en mig langar til að segja nokkur orð út af hugleiðingum hv. 1. þm. Reykv. í dag um skáldastyrki. Mér skildist hann alls ekki tala út frá sínu eigin brjósti, heldur vera með hugleiðingar fyrir aðra, nema þá því aðeins, að skoðanir hans séu mjög breyttar frá því, sem þær voru áður. Það, sem hv. þm. (JakM) dró inn í umr., var samanburður á ummælum um Þorstein Erlingsson fyrir nokkrum árum og ummælum um önnur ung og efnileg skáld og rith. nú, sem sýna, að þröngsýnir menn eru að spilla fyrir því, að þeim sé veittur styrkur. Þessir menn gátu ekki þolað, að komið væri við kaunin í þjóðfélaginu, jafnvel þótt það væri gert af snilld, eins og hjá Halldóri Laxness og Þórbergi Þórðarsyni, þar sem bæði stíll, mál og efni er í bezta lagi. Höfum við átt mörg góð ljóðskáld, en tiltölulega fáa góða rithöf. á óbundið mál. Þeir Þórbergur og H. K L. standa þar í fremstu röð. Og þótt þeir í ritum sínum rífi niður eitt og annað, sem þeim finnst feyskið og rotið í þjóðfélaginu, og baki sér óvild hinna þröngsýnni, þá ætti slíkt ekki að hafa áhrif hér á Alþingi, því hv. þm. eiga einmitt að hafa hærra sjónarmið en ofstækisfullir þröngsýnismenn. Annars sagði hv. 1. þm. Reykv. ýmislegt í ræðu sinni, sem hægt er að sýna fram á, að ekki er rétt. Sagði hann, að ég hefði haldið því fram, að allt væri til uppbyggingar fyrir þjóðfélagið, sem þessir tveir menn hafa skrifað. Hefi ég ekki sagt það, en hitt fullyrði ég, að ýmislegt hjá þeim er gróði fyrir bókmenntir vorar.

Jónas Hallgrímsson er talinn eitt af beztu skáldum okkar, ásamt Matthíasi, en þó er sjálfsagt til fjöldi manna, sem getur ekki sagt, að allt, sem þeir hafa ritað, sé gott og fullkomið. Vildi ég aðeins segja þessi fáu orð út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. Um till. þær, er ég hefi flutt, sker atkvgr. úr, og verð ég að sætta mig við þau úrslit, hver sem þau verða.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég held, að okkur hv. 2. landsk. gangi ekki betur að skilja hvor annan en hv. þm. A.-Húnv. og hv. frsm. n. Hv. 2. landsk. las það upp úr gömlum Alþt., að skáldskapur Þorsteins Erlingssonar hafi hneykslað þá. Ég taldi, að ekki væri hægt fyrir þm. að fara eftir öðru en sannfæringu sinni og eigin áliti. Ef menn eiga að fara eftir einhverju öðru og hækka sjónarmið sín út yfir sinn smekk, skilst mér, að sjónarmiðin myndu verða nokkuð í lausu lofti. Getur það ekki verið meining hv. þm., að menn eigi að breyta atkvgr. sinni í einhverju máli, af því að einhver segi, að sjónarmið manns sé lágt. Er mér það óskiljanlegt, ef hv. þm. getur ekki skilið svo einfalda hugsun, sem hér er um að ræða.

Guðrún Lárusdóttir: Hæstv. dómsmrh. hefir borið fram till. á þskj. 637, sem ég geri tilkall til að geta komið fram með brtt. við. Hæstv. ráðh. lýsti því, hvernig málum væri komið í Saurbæjarsókn, og kvað nauðsyn að ráða þar bót á. Veit ég

að það er satt, að full þörf er á því að ráða bót á þessu erfiða máli. Söfnuður Saurbæjarsóknar er meðmæltur till. á þessu þskj., m. ö. o. því, að söfnuðinum sé tryggt, að prestakallið haldist óbreytt. Hann býr að prestakalli, sem tengt er við hróður um bezta andlega ljóðagerð hér á landi. Er það skiljanlegt, að hann vilji halda prestakallinu óbreyttu. Held ég því, að það væri í fullu samræmi við vilja safnaðarins, ef þessi brtt. næði samþykki.

Þá vil ég bæta fáum orðum við það, sem hér hefir verið sagt um risnufé ráðh. Hæstv. fjmrh. virtist halda, að till. mín um lækkun á risnufénu væri borin fram af pólitískum ástæðum. Get ég ekki kannast við, að svo sé, en hinsvegar er mér kunnugt um, að þessi styrkur hefir verið gerður að umtalsefni hér á þingi fyrr en nú, og varð ekkert lítill úlfaþytur út af því, þegar Jón heit. Magnússon forsrh. hækkaði hann úr 2000 kr. í 4000 kr. Það þótti andstæðingum þáv. stj. óhæfa hin mesta, enda þótt þá væri mikil dýrtíð í landinu, meiri en nú er, þótt dýrt þyki að lifa á þessum tímum.

Annars gat mér ekki skilizt það á ræðu hæstv. ráðh., að hann teldi till. mína óréttmæta, þó að hann áliti laun forsrh. of lág til að lækkaður verði þessi veizlustyrkur, sem honum er ætlaður. Um það vil ég ekki deila, má vera, að svo sé, en ég held því einungis fram, að tímarnir leyfi alls ekki, að fé ríkissjóðs sé varið til veizluhalda eða annars óþarfa.

Út af skáldunum okkar langar mig til að leggja orð í belg. Ég kann illa við að nefna þá í sama orðinu, Þorstein Erlingsson og Halldór Laxness. Ég tel mig ekki lasta Halldór neitt, þótt ég segi, að Þorsteini Erlingssyni er lítill sómi sýndur með því að bera hann saman við Laxness. Það æðra og meira skáld tel ég Þorstein, manninn, sem manna mest vandaði til málsins, sem aldrei misbauð móðurmálinu með ljótu orðalagi, en það hefir Laxness gert sig talsvert sekan um.

Mér finnst hv. fjvn. hafa gert einkennilega mikið upp á milli þeirra kollega, Halldórs og Þórbergs Þórðarsonar. Þessir tveir menn sýnist mér að ættu öllu fremur að standa eða falla hvor við annars hlið. Það hefir verið fundið Þórbergi til foráttu, að svo lítið liggi eftir hann af ritverkum; sumt af því, sem hann hefir látið á prykk út ganga, er reyndar þannig úr garði gert, að lítil eftirsjá er að, þótt ekki sé við það bætt. Öðru máli er að gegna um Halldór Laxness. Það getur víst enginn borið honum það á brýn, að lítið liggi eftir hann. Annað mál er hitt, hvernig það er að innihaldi.

Það er annars leiðinlegt, að ég skuli ekki hafa hér við hendina ljóðmæli þessa skálds, svo ég geti eins og hv. 2. landsk. haft hér yfir ljóð. Því miður er ég ekki svo vel að mér í ljóðagerð Laxness, að ég kunni svo mikið í þeim utanbókar, að ég geti skemmt hv. þdm. með sýnishorni af kveðskap hans En ég efast ekki um, að hv þdm. hafi kynnt sér kvæði hans og viti sjálfir, hve ágæt þau eru.

Mér heyrðist á hv. 2. landsk., að honum þætti hafa verið farið illa með Halldór Laxness, og að hann hafi orðið fyrir ómaklegum árásum. Ég álít þvert á móti, að það hafi verið farið sérstaklega vel með þennan unga rithöf., e. t. v. of vel; of mikið dálæti og hól er engum holt, allra sízt ungum rithöf. Þessum unga manni hefir verið hossað mikið sem stórskáldi, og hann hefir líklega ekki þolað það. Rithöf. hafa gott af réttmætri kritik. Kritik hefir þessi ungi maður auðvitað fengið, ekki einungis hjá „íhaldsblöðum", heldur jafnvel hjá sjálfu stjórnarblaðinu og stuðningsblaði þess. Það væri nógu gaman að rifja upp ummæli Tímans um rithátt þessa manns, en þau hefði tæpast orðið harðari, þótt þau hefðu staðið í einhverju „íhaldsblaðinu". Og mig minnir ekki betur en að stuðningsblað Tímans, Alþýðublaðið, hafi líka haft ýmislegt að athuga við rit hans. Annars finnst mér mjög vel farið með þennan rithöf. Hann hefir ár eftir ár verið í fjárl., og þjóðin hefir beðið eftir því árum saman, að hann „slípaðist" eitthvað og færi að vanda sig ofurlítið, því það var vitað, að hann hefir hæfileika til ritstarfa. Ekki virðist mér það heldur ill meðferð á ungum rith. óþroskuðum, að Menningarsjóður gefur út hverja bókina eftir hann af annari og að ríkisútvarpið útvarpar hverjum bókarkaflanum eftir annan, áður en bækurnar komast á prent. Það er ekki hægt að kalla slíkt illa meðferð, þó að hann hafi

orðið, eins og allir, sem rita bækur, að þola kritik. Enda mætti það undarlegt heita, ef fólkið í landinu, sem lítur öðruvísi á málin en þessir ungu ritandi menn, mættu ekki andmæla skoðunum þeirra. Mér þykir harla óréttmætt að vera dæmdur þröngsýnn og ofstækisfullur fyrir þá sök eina.

Ég held því fram, að þjóðin eigi fulla heimtingu á, að rithöfundarnir vandi sig og láti ekkert af hendi, sem spillt getur eða skemmt lesendurna. Þjóðin á að gera þær kröfur til rithöfunda, að þeir misþyrmi ekki móðurmáli voru, hvorki með orðskrípum né ljótu efni, og þjóðin á ekki að þola neinum rithöfundi það, að hann fylli eyru landsmanna með ósæmilegu hjali eða orðagjálfri. Því miður gæta ekki allir ritandi menn sín svo sem vera bæri í þessu efni, ekki heldur rithöf. þeir, sem hér hefir verið minnzt á.

Rithöf. ber mikla ábyrgð með penna sínum. Skrifað orð fer lengra en talað orð og lifir lengur. Því er það aldrei of brýnt fyrir þeim, sem á penna heldur, að gæta sín að vanda sig, að muna sífellt eftir því, hvílíkur ábyrgðarhluti það er að senda frá sér óvandað lesmál, sem e. t. v. smeygir fyrsta eitrinu inn í einhverja barnssálina.

Jón Baldvinsson: Það er nú ekki orðið eins mikið tilefni til umr., þar sem búið er að taka tillögurnar aftur, en ég hefi talað hér, af því að það var lagt til að fella niður þessa 2 rithöf.

Hv. 1. þm. Reykv. getur afsakað með persónulegri sannfæringu manna öll hermdarverk, sem unnin hafa verið., t. d. trúarbragðaofsóknirnar, en eftirtiminn lítur nú samt öðruvísi á það.

Hv. 6. landsk. fór nokkrum orðum um það, sem ég sagði um H. K. L. og Þórberg Þórðarson, og talaði í vandlætingartón. Vildi hún láta H. K. L. vanda sig betur. En skáldin verða helzt að fá að ganga sínar eigin götur. Verður það þá venjulega frumlegra, er frá þeim kemur. Það finnst mér þröngsýni hjá hv. 6. landsk., sem sjálf er gott skáld, að vilja setja skáldunum reglur. Held ég, að bezt sé, að skáldin láti það fljúgja, sem þeim gott þykir. Hafa bókmenntirnar margt gott misst fyrir censurinn.

Það er rétt, að H. K. L. hefir verið kritiseraður. Hefir mikið verið skrifað um hann í blöðunum upp á síðkastið, en sú kritik hefir ekki snúizt um það, hvort hann skrifaði illa, heldur hefir hún snert skoðanir hans. En því meiri styrr, sem stendur um ung skáld, því meira er venjulega varið í þau. Hv. þm. sagði, að ekki væri slæm meðferðin á H. K. L. Það sagði ég heldur ekki. En hún endaði ræðu sína með því, að H. K. L. fyllti eyru landsmanna með því, sem þeir vildu ekki heyra. Hvaðan kemur henni réttur til að segja það? Það mun vera satt, að einhverjir vilji ekki heyra það, sem H. K. L. skrifar, en það á ekki við um alla. Nú er svo komið, að menn viðurkenna H. K. L. sem mjög snjallan rithöfund, þótt ekki séu allir sammála um skoðanir hans.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af viðbótartill. hv. 6. landsk. við mína till. vil ég taka það fram, að enda þótt þessi viðbótartill. sé ekki nauðsynleg, sé ég ekki ástæðu til annars en að samþ. hana, því að tilgangurinn með henni er að koma á friði í þessu prestakalli. Greiði ég því atkv. með henni.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. 2. landsk. skildi orð mín svo, sem ég væri að tala um H. K. L. persónulega. Ég talaði fyrst og fremst um rithöfunda yfirleitt. Þótt það sé leiðinlegt að tala um mann, sem ekki er viðstaddur, gaf hv. 2. landsk. mér ástæðu til að segja, að mjög mikið af því, sem H. K. L. hefir skrifað, er gersamlega fjarri því að geta heitið vandað eða gott lesmál.

Það er auðvitað fallega sagt, að ekki megi hefta frelsi skáldanna. En ég held, að hinn frjálsborni andi stórskáldsins svífi ofar öllu grómi, og að það sé því engin hætta á, að hann verði heftur. Það eru einungis þeir, sem vaða í sorpinu, sem hætt er við að verði heftir, en þeir eru heldur ekki stórskáld; við skulum líta á ljóð Mattíasar Jochumsonar, svo ég taki dæmi af verulegu skáldi. Hvar verður bent á lúalegan eða ljótan kveðskap í ljóðum hans? Er ekki skáldandi hans hafinn yfir allt slíkt? Verður þesshátt andi heftur? Nei, hann fer sinna ferða í svimháu flugi í fegurð og tign. Eða Jón-

as Hallgrímsson? Ætli það verði auðfundin lýti á ljóðum hans? Er ekki málið gullhreint? Er ekki efnið fagurt? Mat hann ekki móðurmálið of mikils til þess að nota það illa? Misbauð hann nokkru sinni íslenzkri tungu eða hinni tíginbornu skáldgyðju? Og hvað verður svo sagt t.d. um Halldór Laxness í þessu sambandi? Hvað finnst mönnum? Mundu foreldrar gjarnan velja skáldrit hans, Vefarann mikla, Þú vínviður hreini, Alþýðubókina o. s. frv. börnum sínum til andlegrar uppbyggingar, eða sem dæmi upp á fegurð íslenzkrar tungu og göfuga hugsun? Mér er nær að halda, að þeir yrðu færri, heimilisfeður, sem veldu yfirhöfuð bækur hans til upplestrar að heimilisfólki sínu áheyrandi. Þar fyrir kemur mér ekki til hugar, að segja allt einskisvirði, sem hann hefir ritað, en ég teldi betur farið, að hann hefði valið sér önnur yrkisefni en sumstaðar eru í ritum hans, því tæplega getur það heitið vinningur fyrir þjóðina þótt sýnt sé það ljótasta í fari manna.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl]: Það eru aðeins örfá orð. Ekki þó beinlínis út af brtt. mínum, því mér hefir heyrzt á hv. frsm., að fjvn. ætlaði að vera svo væn að samþ. þær. — En það, sem ég vildi segja, var út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. vék að persónustyrkjum frá sjónarmiði sínu, þar sem hann talaði um till. sína um að fella niður styrk til Jóns Leifs. Það getur nú máske verið, að hjá mér kenni sama misskilnings og komið hefir fram hér í hv. d. í öðrum atriðum. En ég skildi ekki, hvert hv. þm. stefndi, hvort heldur að hann vildi fella niður styrk til þessa manns, eða þá að veita honum öruggari styrk t. d. í 18. gr., þannig að vissu megi telja, að styrkurinn verði stöðugur. Ef maðurinn, sem styrkinn fær, uppfyllir þau skilyrði, sem réttlætir styrkinn, og búast má við, að þau skilyrði haldi áfram, þá er eðlilegt, að styrkurinn sé veittur á þeim stað í fjárl., sem öruggan má telja frá ári til árs. En þá mega menn ekki heldur sofna í starfi sínu eins og stundum mun þó hafa átt sér stað. Sem fjvn.maður get ég sagt það, að sumir standa ár frá ári með styrkveitingu, án þess að vinna positivt fyrir þessum styrk.

Þá er það annað, þegar ungir og máske efnilegir menn sækja um námsstyrk, þá er varhugavert að veita hann, nema með þeirri ákveðnu hugsun, að þeir njóti áfram styrks, þar til þeir hafa lokið námi. Þeim er lítill og vafasamur greiði gerður með því að veita þeim styrk til eins árs eða tveggja, narra þá til að byrja á námi, sem þeim er um megn að ljúka við án styrks, en taka svo af þeim styrkinn, þegar þeir eru varla hálfnaðir við nám sitt. Ég fyrir mitt leyti teldi bezt að þessum námsstyrkjum væri svo fyrir komið, að ríflegri styrkur væri fenginn menntamálaráðinu til úthlutunar, og svo kæmu slíkir styrkir ekki til þingsins kasta, og þau leiðindi öll, er þeim styrkjum og „agitationum" fyrir þeim fylgja. Menntamálaráðið mundi þá fylgjast með, hvernig styrkurinn væri notaður og veita þeim námsmönnum, er sýndu sig þess verðuga, styrk til að ljúka námi.

Ég vil víkja að þeim manni, sem hv. 2. þm. N.-M. vill fella niður styrk til. Hann hefir reynst þjóðinni til hins mesta sóma út á við.

Það hefir verið nokkuð deilt um till. fjvn. um að fella niður styrk til tveggja manna. En þar sem þær till. eru nú teknar aftur, þarf ekki meira um það að tala. En í sambandi við þær till. vil ég þó segja það, að ég fyrir mitt leyti er því mótfallinn, að ungum skáldum sé veittur slíkur styrkur. Það er öllum betra, að þeim sé komið svo fyrir, að þeir fái starf að vinna, sem er þó eigi meira en það, að skáldgáfa þeirra geti notið sín. Ég tel það heppilega leið, sem þingið fór, er það setti upp lesstofur á Akureyri og Ísafirði og gerði þar ung skáld að bókavörðum. Er það í öllu betra og heppilegra fyrir þessa ungu menn heldur en að þeir hefðu fengið persónustyrk. Ég skal ekki blanda mér inn í deilur um það, hversu góðir þeir rithöf. eru, sem hér er um deilt. — Hæstv. ráðh. talaði með Halldóri Kiljan Laxness, að því er mér skildist. Hann sagði að vísu, að hann hefði galla, en líka góð tilþrif. En þá er það mest undir því komið, hvort meira ber á kostunum eða göllunum. En sennilegast er að þeir upphefji þá hvorir aðra.

Vegna þess hvernig mennt Jóns Leifs er varið, eru lítil skilyrði fyrir því að

þroska hana hér á landi. Í útlöndum er betri aðstaða til að þroska þessa list, enda eigum við ekkert tónskáld annað á þessu sviði. — Það hefir sýnt sig, að hann hefir orðið landinu til sóma, og þó aldrei notið styrks frá ríkinu, enda þótt hann væri þess miklu maklegri en margir þeir, sem í fjárl. hafa komizt og staðið þar árum saman, án þess að nokkuð verðmætt hafi frá þeim komið.

Páll Hermannsson: Ég hefi hingað til staðið í þeirri meiningu, að það gæti flýtt fyrir umr., að taka brtt. aftur. En nú um hríð hefir mestur tíminn gengið í það að ræða till., sem svo er ástatt um. En við þær umr. skal ég ekki bæta.

Hv. þm. Hafnf. taldi sig ekki hafa skilið, við hvað ég ætti, með því að gera brtt. um að taka styrk til Jóns Leifs út úr fjárl. — Ég átti nú vitanlega við það, að þessi styrkur félli niður og ekkert annað. Og fyrir þessari till. hafði ég þrjár ástæður. Í fyrsta lagi þá, að þessi styrkveiting er allt annað en Jón Leifs bað um. Hann óskaði eftir því, að sér væru veitt starfslaun. En í stað þess er honum veittur lítilfjörlegur styrkur, sem ég veit ekki, hver þægð honum er í að fá. — Í öðru lagi hefir liður þessi að lítt athuguðu máli slampazt inn í Nd. með örlitlum meiri hl. Og í þriðja lagi er ég samdóma hv. þm. Hafnf. um það, að persónustyrkjum sé betur fyrirkomið á annan hátt en þann, að þingið fjalli um og ákveði þá. Ég er samþ. því, að ef Alþ. ætlar að úthluta meira fé í persónustyrki en menntamálaráðinu er fengið til umráða, þá sé betra að hækka tillag til þess, ef það yrði til þess, og trygging væri fyrir því, að þingið losnaði þá við allt þref um persónustyrki. — Hv. þm. sagði, að Jón Leifs hefði orðið okkur til sóma með starfi sínu erlendis. Ég skal taka hann trúanlegan um það. En það hafa margir fleiri landar okkar gert og hafa þó eigi leitað styrks eða neinum hér dottið í hug að veita þeim hann. Ég efa t. d., að nokkur Íslendingur hafi orðið okkur meira til sæmdar en skáldið Stephan G. Stephansson, og hlaut hann þó aldrei styrk frá Alþ., enda ætlaðist ekki til þess.

Ég er sammála um, að það er betri leið, sem farin hefir verið á Akureyri og Ísafirði, að veita bókasöfnunum á þeim stöðum ríflegan styrk, sem svo hefir orðið til stuðnings fyrir ung skáld, sem hafa fengið þar heppilegri lífsskilyrði en annars. Ég gæti vel unnt Hafnfirðingum hins sama, ef þeir þá vildu taka hið efnilega, unga skáld, Halldór Kiljan Laxness, að sér og tryggja framtíð hans.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Það er aðeins ofurlítil aths. Ég vil þakka hv. 2. þm. N.-M. fyrir góðar undirtektir hans. Ég er til með að koma við 3. umr. með brtt. um svo og svo mikinn styrk til bókasafns í Hafnarfirði — og fá H. K. L. með. Ég segi fyrir mig og ég veit, að við Hafnfirðingar yrðum mjög ánægðir, ef við fengjum styrkinn og manninn með. Við höfum ekkert á móti honum, þótt hann sé af sumum máske álitinn illur. Við skulum vona, að hann batni. Ég hygg, að margt af því, er vakið hefir andúð gegn honum, sé gert af ungæðishætti, eða þá að hann gerir það til að láta á sér bera og vera öðruvísi en aðrir menn.

ATKVGR.

1.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 612,I felld með 9 : 4 atkv.

10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 597,I samþ. með 11 : 1 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 612,II samþ. með 9 : 1 atkv.

— 597,2.a samþ. með 10 : 1 atkv.

— 597,2.b samþ. með 13 : 1 atkv.

— 597,3 samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 612,III (aðaltill.) felld með 9 : 3 atkv.

— 612,III (varatill.) samþ. með 9 : 5 atkv, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JBald, JónÞ, JónasJ, MT, PM, BSn, GL, IP, JakM.

nei: JónJ, PH, EÁrna, HSteins, GÓ.

12. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 627,I tekin aftur.

— 597,4 samþ. með 8 : 5 atkv.

— 597,5 samþ. með 9 : 2 atkv.

— 597,6.a—b tekin aftur.

— 612,IV samþ. með 9 shlj. atkv.

— 612,IV.1 felld með 8 : 2 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 647 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 637,a—b, svo breytt, samþ. með11:1 atkv.
— 627,II.1—2 felld með 7 : 5 atkv.
— 612,VI samþ. með 8 : 1 atkv.
— 612,VII.1.a felld með 7 : 6 atkv.
— 612,VII.1.b samþ. með 8 : 3 atkv.
— 612,VII.1.c felld með 7 : 4 atkv.
— 597,7 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 612,VII.2 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn.
nei: EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.
Brtt. 597,8 samþ. með 9 : 1 atkv.
— 612,VIII (aðaltill.) felld með 7 : 6 atkv.
— 612,VIII (varatill.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 597,9 samþ. með 11 : 1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 597,10 samþ. með 12 : 1 atkv.
— 612,IX.1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 597,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 612,IX.2 felld með 7 : 5 atkv.
— 597,12.a—b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 597,13 tekin aftur.
— 612,X felld með 10 : 3 atkv.
— 597,14 tekin aftur.
— 612,XI (aðaltill.) felld með 8:4 atkv.
— 612,XI (varatill.) felld með 7:5 atkv.
— 597,15 felld með 7 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, IP, JónJ, JónasJ, PH, EÁrna.
nei: JakM, JBald, JónÞ, MT, PM, BSn, GÓ.
Brtt. 612,XII.1 felld með 8 : 3 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 612,XII.2 felld með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, BSn, GL.
nei: HSteins, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.
Brtt. 597,16 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 597,17 samþ. með 10 : 1 atkv.
— 597,18.a samþ. með 8 : 2 atkv.
— 597,18.b samþ. með 8 : 3 atkv.
— 597,19 samþ. með 10 : 1 atkv.
Brtt. 597,20 samþ. með 12 : 2 atkv.
— 597,21 samþ. með 9 : 2 atkv.
— 612,XIII.a felld með 7 : 3 atkv.
— 612,XIII.b.1 (aðaltill.) felld með 8:1 atkv.
— 612,XIII.b.1 (varatill.) felld með 8 : 5 atkv.
— 612,XIII.b.2 (aðaltill.) felld með 7:2 atkv.
— 612,XIII.b.2 (varatill.) samþ. með 10 : 1 atkv.
— 597,22 felld með 7 : 5 atkv.
— 597,23 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, BSn, EÁrna, HSteins.
nei: IP, JakM, JBald, PH, PM, GL, GÓ.
Brtt. 612,XIV samþ. með 10 shlj. atkv.
— 597,24 samþ. með 8 : 4 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 597,25 felld með 7 : 4 atkv.
— 612,XV tekin aftur.
— 597,26 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, HSteins, JónJ, JónasJ, MT, PM, GÓ.
nei: GL, IP, JakM, JBald, JónÞ, PH, BSn.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 612,XVI (aðaltill.) felld með 8 : 2 atkv.
— 612,XVI (varatill.) samþ. með 8 : 3 atkv.
— 597,27 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 627,III.1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 627,III.2.a—b tekin aftur.
— 597,28 tekin aftur.
— 612,XVII samþ. með 11 shlj. atkv.
— 612,XVIII (aðaltill.) felld með 9 : 3 atkv.
— 612,XVIII (varatill.) felld með 9 : 3 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 8 : 1 atkv.
Brtt. 597,29 samþ. með 9 : 1 atkv.
— 597,30 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 612,XIX.a samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.

nei: GL, HSteins, JakM, BSn.
Brtt. 612,XIX.b felld með 8 : 2 atkv.
— 612,XX samþ. með 8 : 3 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1 atkv.

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 654,788, 795).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 795. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Ég hefi ekki mikið að segja f. h. fjvn. Hún flytur aðeins 3 brtt. við frv. að þessu sinni. Fyrsta brtt. er um það, að inn í frv. komi nýr liður til ríkisskattanefndar. N. flytur þessa till. fyrir tilmæli hæstv. fjmrh., og er ástæðan til þess sú, að þetta þing hefir þegar afgreitt l. um ríkisskattanefnd, og það er vitað, að af slíkri n. verður einhver kostnaður. Hversu mikill hann verður, er ekki hægt að segja um að svo stöddu. En hinsvegar má vænta þess, að af störfum ríkisskattanefndar leiði það, að tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti verði talsvert drýgri en annars hefði verið. — Önnur brtt. n. er um að hækka styrkinn til Eimskipafél. Ísl. Fyrir n. lá erindi frá Eimskipafél., þar sem farið var fram á, að ríkissjóður veitti því á árinu 1933 300 þús. kr. styrk. Í þessu frv. eru félaginu ætlaðar 60 þús. kr., og er það allmikið minna en í gildandi fjárlögum, að meðtaldri þeirri heimild, sem er í 22. gr. í gildandi fjárl. Þegar sú heimild er talin með þeim fasta styrk, þá er styrkurinn 210 þús. kr. N. hefir ekki séð sér fært að veita allan þennan styrk, sem Eimskipafél. biður um, en leggur til, að veittar séu félaginu 250 þús. kr. Það er nokkurnveginn vissa fyrir því, að tekjur félagsins verða rýrar á yfirstandandi ári og þar af leiðir, að fjárhagsafkoman verður erfið og má gera ráð fyrir, að eins verði á næsta ári. En um leið og n. vill leggja til, að slíkur styrkur sé veittur, sem er allmikill, þá vill hún leggja áherzlu á það, að Eimskipafél. viðhafi allan sparnað við rekstur félagsins, sem unnt er að framfylgja. N. gerir ráð fyrir, að hv. dm. sé ljós þessi nauðsyn Eimskipafél., að ríkissjóður hlaupi undir bagga eftir því sem fært er, og þess vegna gerir hún ráð fyrir, að d. samþ. þessa till. — Þá er þriðja till., sem er smávægileg, um að veita gömlum pósti eftirlaun í 18. gr., 200 kr. Þetta er svo smávægileg upphæð, að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um hana. — En ég vil nota tækifærið úr því ég er staðinn upp og segja örfá orð um brtt., sem ég flyt sjálfur við þessa umr. fjárl.

Fyrsta brtt. er á þskj. 788 og er um það, að einni gamalli ljósmóður verði veitt eftirlaun eins og gert hefir verið nú undanfarið á ýmsum þingum, að veittur hefir verið lítilfjörlegur eftirlaunastyrkur til ljósmæðra, sem búnar eru að gegna ljósmæðrastarfi í tugi ára. Þessi ljósmóðir, Guðrún Jóhannsdóttir, hefir starfað sem ljósmóðir milli 40—50 ár. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að lýsa þessu nánar. Hún er orðin gömul kona og farin að heilsu, en verður hinsvegar að sjá fyrir sér sjálf. Ég fer aðeins fram á 300 kr. styrk og er það eitt af því lægsta, sem veitt er sem eftirlaun ljósmæðra í 18. gr. fjárl. Ég þykist þess fullviss, að d. láti þessa gömlu konu njóta sömu velvildar og aðrar slíkar konur, sem fengið hafa eftirlaunastyrk hjá þinginu í 18. gr.

Þá er næsta brtt. mín, við 22. gr. frv., þar sem er viðbót við 3. lið 22. gr. Þar er stj. heimilt að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar til stofnkostnaðar 24 þús. kr. lán. Aftan við þetta legg ég til að komi allt að 50 þús. kr. rekstrarlán, sem greiðist upp árlega. Það er alllangt síðan menn fundu til þess, að það væri nokkurt öfugstreymi í því að flytja til landsins allar þær tunnur, sem þarf að nota undir síld, samsettar, og öll vinna, sem til þess fer, væri borguð út úr landinu, þar sem vitanlega er nógur vinnukraftur til þess að starfrækja tunnuverksmiðju yfir vetrartímann, þegar atvinnuleysið er. Hér á landi hafa verið notaðar undanfarin ár um 200 þús. síldartunnur, en meginhlutann af þessum tunnum mætti smíða hér á landi. Við mundum aldrei þurfa að flytja inn meira en 25 þús. tunnur sem umbúðir um krydd og

ýmislegt, sem notað er til síldarframleiðslu. Þá mundi það verða um 175 þús. tunnur, sem landsmenn gætu sjálfir smíðað. Fyrir allar þessar síldartunnur, sem fluttar eru inn í landið, mun þurfa að greiða út úr landinu fulla 1 milljón kr. En hinsvegar mundi sparast peningagreiðsla út úr landinu sem svaraði 125 þús. kr. fyrir hverjar 50 þús. síldartunnur, sem smíðaðar eru hér á landi. Af þessum 125 þús. kr. mundi vera um 60 þús. vinnulaun. Á seinni árum hefir verið gert nokkuð að því á Norðurlandi að búa til tunnur, en það hefir verið ýmsum agnúum bundið, sérstaklega af því að efni hefir verði slæmt, og jafnvel líka hitt, að áhöld og tæki hafa ekki verið af nýtízku gerð. En þrátt fyrir það, að þetta hefir ekki reynzt upp á það ákjósanlegasta, þá hefir þó með þessari starfsemi unnizt það, að menn hafa lært aðferðina og í því efni er fengin töluverð reynsla, og kunnáttu vantar ekki, ef efni og önnur aðstaða er í sæmilegu lagi. Að sjálfsögðu er eðlilegast, að smiði á þessum tunnum fari fram á þeim stöðum, þar sem síldarútgerðin er mest og þá er það vitanlega á Siglufirði. Þar hefir nú nýverið verið stofnað félag með 40 meðlimum til þess að koma upp verksmiðju til þess að búa til síldartunnur og kjöttunnur og aðrar tunnur, sem nauðsynlegt er að nota í landinu. Þetta félag er þannig uppbyggt, að félagsmenn bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsins, allt að 1000 kr. hver. Félagsmenn leggja fram vinnu við verksmiðjuna, og vinnulaun þeirra eru lögð í stofnsjóð. Með þessu móti leggja þeir fram allt að ⅔ stofnkostnaðar. Þá er líka ákveðið, að af óskiptum brúttótekjum félagsins eigi að greiða kostnað við rekstur verksmiðjunnar. En vinnulaun koma fyrst til útborgunar að fullu, þegar allar skuldbindingar verksmiðjunnar eru greiddar. Ef reksturinn hefir ekki borið sig, þá verða félagsmenn að taka það á sig. Þá er líka ákveðið, að það verði lagðar vissar prósentur af tekjuafgangi í varasjóð, stofnsjóð og verkfærasjóð. Nú er það svo, að þeir menn, sem að þessu standa, eru aðallega verkamenn, sem ætla sjálfir að vinna að þessu og bera ábyrgðina á því, hversu mikið þeir bera úr býtum að lokum, þegar útkoman er fengin. En það, sem þetta nýja félag skortir, er fé til rekstrar og til efniskaupa, þar til hægt er að koma tunnunum í verð. Þess vegna fara þeir fram á, að ríkissjóður ábyrgist 50 þús. kr. rekstrarlán. Er til þess ætlazt, að það verði greitt upp árlega. Ég vil því vænta, að hv. d. taki vel í þessa brtt. mína, sem gengur í þá átt að auka atvinnu í landinu nú á þessum atvinnuleysistímum og þá um leið að koma í veg fyrir það, að fé fari út úr landinu fyrir vinnu til annara þjóða, þá vinnu, sem landsmenn sjálfir geta afkastað.

Þá hefi ég flutt brtt. við 22. gr. frv., þar sem stj. er heimilað að veita Ingólfi Espólín 20 þús. kr. til að koma upp verksmiðju til frystingar á skyri til útflutnings. Í raun og veru væri hægt að tala langt mál um þetta, en ég skal að þessu sinni aðeins taka fram nokkur atr. til stuðnings því, að ég tel brtt. eiga rétt á sér. Ef ríkissjóður er þess megnugur að lyfta undir það, sem hér er farið fram á, þá gæti það orðið til ómetanlegs stuðnings fyrir annan aðalatvinnuveg landsmanna. Það hefir verið brýnt fyrir mönnum nú undanfarið að rækta landið og þá jafnframt að auka framleiðsluna og þá einkum mjólkurframleiðsluna. Ríkissjóður hefir lagt fram fé til þess að hjálpa mönnum til þess. Það hefir mikið verið gert að því að rækta landið og það hefir verið komið upp mjólkurbúum, sem hafa kostað mikið fé. Og það er enginn vafi á því, að menn hafa hugsað um það í ýmsum sveitum á landinu að koma upp fleiri mjólkurbúum, og margar sveitir hafa beinlínis sett von sína á það, að mjólkurframleiðslan gæti orðið til þess að hjálpa landbúnaðinum mest áfram. En þegar mjólkurbúin eru orðin mörg, þá liggur fyrir spurningin um það, hvað eigi að gera við framleiðsluna. Það er alveg víst, að hægt er að framleiða hér svo mikið af mjólk, að óhugsandi er, að landsmenn geti sjálfir notað þá framleiðslu, og því er nauðsynlegt að reyna einhverja leið til þess að hægt sé að selja mjólkurframleiðslu að einhverju leyti til annara landa. Það er dálítil reynsla fyrir því, að það megi selja út smjör og e. t. v. osta, en á þessu eru nokkrir erfiðleikar.

En þá er eftir ein teg. enn, sem ekki hefir verið hægt að setja í það ásigkomulag, að hægt væri að selja hana til útlanda, og það er íslenzka skyrið. Það er svo þekkt hér innanlands, að það þarf ekki að lýsa því, en það er líka vitað, að útlendingar, sem hingað hafa komið og smakkað það hafa látið vel af því, talið það hið mesta lostæti. En menn hafa ekki haft neina von um það, að hægt væri að flytja þessa vöru til útlanda, þar sem hún tekur þeim breyt. við geymslu, að hún verður ekki seljanleg. Það hefir einn maður hér á landi starfað að þessu atriði í 10 ár. Hann hefir haft áhuga á því að reyna að finna leið til þess að gera skyrið að útflutningsvöru og hefir gert ýmsar tilraunir, sem hafa misheppnazt eins og eðlilegt er. En nú er talið, að hann sé kominn svo langt í rannsókn sinni, að það sé ábyggilegt, að nú sé hægt að koma okkar íslenzka skyri í það ástand, að það gæti orðið verzlunarvara til útlanda. Honum hefir tekizt að geyma skyrið með frosti, svo það helzt óskemmt í margar vikur og breytist ekki að neinu leyti. Þetta hefir vakið athygli bæði í mjólkurbúasambandinu og Búnaðarfél. Ísl., og síðasta búnaðarþing skrifaði Alþingi og mælti eindregið með því, að þingið veitti styrk til þess að gera tilraunir með útflutning á þessu frysta skyri. Þinginu hefir verið send mjög nákvæm skýrsla um það, sem búið er að gera í þessu máli. Hefði verið gott, að hv. þm. hefðu kynnt sér hana vel. Hún er mjög fróðleg og mundi veita hv. þm. fullan skilning á þessu máli.

Ég hefi hér í höndunum skýrslu frá efnarannsóknarstofu ríkisins og aðra frá Níels P. Dungal, um rannsókn, er gerð hefir verið á skyrinu 6 vikna gömlu, þegar það hefir verið geymt með þessari aðferð Espólíns. Ber þeim báðum saman um, að skyrið sé gott eftir þá geymslu. Ég vil leyfa mér að lesa upp umsögn þessara manna. Trausti Ólafsson segir svo: „Eins og tölur þessar bera með sér, hefir ekki verið um neina súraukningu að ræða í skyrinu í h. u. b. 6 vikur, sem tilraunin stóð yfir. Á bragði eða útliti skyrsins gat ég heldur ekki orðið var við neina breytingu". — Og í skýrslu þeirri, er fyrir liggur frá N. P. Dungal, segir svo: „Samanborið við það, sem vant er að finnast í nýju skyri, er sýnilegt, að enginn gerlavöxtur hefir átt sér stað í þessum tveim sýnishornum, sem bæði virðast eins og ný. — — Eftir þessari bráðabirgða rannsókn að dæma virðist óhætt að fullyrða, að með þessu móti megi geyma skyr í a. m. k. 6 vikur án þess að það skemmist". Þetta segja þá þessir menn og virðist það benda til þess, að hægt sé að framleiða vöruna á þennan hátt. Nú get ég vitanlega ekkert fullyrt um það, hvað miklar vonir maður má gera sér um það, að hægt sé að fá öruggan markað fyrir skyr í útlöndum. En ef það nú heppnast, þá mundi það verða svo óendanlega mikils virði fyrir þjóðfél., að mér finnst, að ekki megi neita um tiltölulega lítinn styrk til að fá það rannsakað. Ég hygg, að sumir muni álíta, að hægt sé að nota frystihúsin hér til þessarar framleiðslu. En það er hinn mesti misskilningur. Í sambandi við það tekur Ingólfur Espólín þetta fram: „Það skal tekið fram, að hér á landi, samkvæmt athugunum mínum, eru engar frostframleiðsluvélar, sem geta framleitt þann kulda, sem þarf". Sá maður, sem mest hefir að þessu starfað, hefir gert kostnaðaráætlun um að koma upp húsi og vélum vegna þessarar framleiðslu. Er sú áætlun í þrennu lagi, eftir því magni, sem verksmiðjunni er ætlað að framleiða á dag. Sú minnsta framleiðir 300 kg. á sólarhring og kostar 37,500 kr. Ég hefi nú farið fram á það í brtt., að ríkissjóður legði fram til þessa 20 þús. kr. Ef þessi styrkur fæst handa þessum manni, þá er vissa fengin fyrir því, að það, sem til vantar, fæst annarsstaðar. Og loforð um efni í framleiðsluna hefir fengizt frá mjólkurbúunum, sem vitanlega vilja leggja hér nokkuð í sölurnar, til þess að þessi tilraun verði gerð. — Ég vil því vona, að hv. d. sýni skilning sinn á mikilvægi þessa máls með því að veita þennan styrk, svo hægt verði að ganga úr skugga um það, hvort ekki er hér um leið að ræða, sem gæti orðið þjóðinni til hins mesta gagns að farin yrði.

Ég á hér á þskj. 795,VI. brtt., til Halldórs Kr. Jónssonar, til dýralækninga, kr. 300. Það, sem gerði það, að ég flutti þessa brtt., var það, að hv. 1. landsk. hefir flutt

till. um sama efni, en til annars manns. Vona ég, að hv. d. láti hið sama yfir báðar brtt. ganga. Ég hefi flutt brtt. um þetta sama efni áður, en þá var hún felld. — Þessi maður, sem hér um ræðir, hefir gert sveit sinni og umhverfi ómetanlegt gagn með lækningum sínum, og á því þessa viðurkenningu fyrir starf sitt fyllilega skilið.

Jón Þorláksson: Ég á hér 4 smábrtt. á þskj. 788, sem ég vil leyfa mér að gera ofurlitla grein fyrir. Vona ég, að hv. d. líti velvildaraugum á þessar brtt. og samþ. þær, ef svo giftusamlega skyldi til takast, að frv. þetta verði einhverntíma gert að lögum. Fyrsta brtt. mín er sú, að Sigurði Sigurðssyni frá Húnstöðum verði veittar 2000 kr. til þess að ljúka framhaldsnámi í læknisfræði. Hér liggur nú fyrir umsögn um þennan mann. Hann lauk prófi við læknadeild háskólans hér sumarið 1929, með mjög hárri 1. eink. eða fjórðu hæstu eink., sem þá hafði verið tekin í læknisfræði við háskólann hér. Samsumars fór hann til útlanda og hefir stundað framhaldsnám við þrjá spítala í Danmörku. Hefir hann ágæt meðmæli frá þeim öllum, er honum hafa kennt, fyrir kunnáttu, áhuga og prýðilega framgöngu. Enda ber öllum saman um það, sem til hans þekkja, að hann muni ekki koma fram öðruvísi en landinu til sóma, hvar sem hann fer. Hann hefir ekki notið opinbers styrks annars en lítilsháttar úr sáttmálasjóði 1930. Þá fékk hann 2000 kr. — Nú sækir hann um 2000 kr. styrk til þingsins. Vil ég til meðmæla því, að honum verði af hálfu Íslands veittur þessi atbeini, geta þess, að hann stundar þá lækningagrein, sem beinist gegn þeim sjúkdómi, sem mestum usla hefir valdið hér á landi hin síðari ár, en það er berklaveikin. Sá sjúkdómur er svo alvarlegs eðlis og til varnar honum er veitt svo mikið fé, að það ætti öllum að vera ljóst, að nauðsynlegt er, að á hverjum tíma séu hér þeir menn, sem hafi sem fyllsta og nýjasta þekkingu í þeirri grein. Ég þykist vita, að um árlegar framfarir sé að ræða í meðferð lækna á þeim sjúkdómi og lækningu hans. Er því nauðsynlegt, að völ sé á vel hæfum mönnum, sem haft hafa tækifæri til að fylgjast vel með á öllum sviðum. En slík tækifæri veita spítalar hinna stærri þjóða, þar sem mannfjöldinn er nógur til þess, að fyrir komi öll þau viðfangsefni, sem þessum sjúkdómi eru samfara. Hér er um að ræða sanngirniskröfu frá hans hálfu. Og ég held, að þessari upphæð væri vel varið honum til handa, frá sjónarmiði okkar lands og þarfa þess.

Þá er næst VI. brtt. á þskj. 788, en það er nýr liður til Ágústs Sigurðssonar, til tungumálanáms, 1200 kr. —

Þessi maður er stúdent frá menntaskólanum hér, en stundar nú tungumálanám við háskólann í Kaupmannahöfn. Ætla ég, að það sé danska og sænska, er hann stundar sem vísindagrein. — Hann hefir góð meðmæli, en hefir einskis styrks notið hér heiman að. En nokkurs styrks hefir hann notið frá þeirri deild sáttmálasjóðs, sem úthlutað er styrkjum úr í Kaupmannahöfn. Nú er svo ástatt, að faðir þessa manns er nýlega látinn, en það var séra Sigurður Jónsson á Lundi. En við fráfall föður síns hefir hann misst þá einu fjárhagsstoð, er hann hafði. En nú ber svo til, að Lundarprestakall er lagt niður og sameinað Hestþingum. Sparast því landinu greiðslu á einum prestslaunum við fráfall hans. Móðir Ágústs er fátæk eins og venja er um prestsekkjur. Mér finnst því sanngjarnt, að hann fái þennan styrk vegna aðstöðu sinnar og vegna þess, að honum hefir enginn styrkur verið veittur áður. Að því er þá fræðigrein snertir, er hann leggur fyrir sig, þá er hann víst sá eini íslenzki námsmaður, er leggur fyrir sig mál Norðurlanda sem vísindagrein. Og í því efni er hér áreiðanlega svigrúm fyrir framfarir frá því sem er og áður hefir verið. Hér ætti því að vera nóg verkefni fyrir kennara í þessari grein. Mér er kunnugt um, að hann hefir haft ofan af fyrir sér með kennslu og hefir fengið afburðagóðan vitnisburð hjá nemendum sínum. Hér ætti því að vera að ræða um álitlegan kennara, ef hann fær fjárhagslega aðstoð til að ljúka námi.

Þá er næsta till., er ég flyt, XIV. brtt. á sama þskj. Er hún í tveimur liðum. Sá fyrri leggur til, að veittar séu 5000 kr. til að ljúka við uppdrætti og áætlanir af mælingum þeim, sem framkvæmdar hafa

verið á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, sem liggur alla leið ofan frá fjalli og niður að Landeyjasandi og nær yfir Landeyjarnar, stærsta láglendið, sem til er hér á landi, stærra en Flóinn, sem er hið næststærsta. Á síðari árum hefir miklu fé verið varið til þess að mæla þetta landsvæði upp. Er það gert í tvennskonar tilgangi. Annarsvegar til þess að fá ábyggilega undirstöðu um það, á hvern hátt hægt sé að hindra skemmdarrennsli þessara vatnsfalla og fullnægja samgönguþörfinni með brúargerðum yfir vötnin. Hinsvegar eiga þessar mælingar að leiða það í ljós, hvor leiðin sé tiltækilegri til ræktunar fyrir hvert svæði fyrir sig, sú að ræsa jörðina fram með túnrækt fyrir augum, eða að ræsa fram að nokkru leyti og veita á landið úr jökulám þeim, er þarna falla. Og að því er þann hluta Landeyja snertir, þar sem byggðin er, þá er talið mjög vafasamt, hvor leiðin sé heppilegri. Að þessum mælingum hefir verið unnið í 3 ár og er framkvæmd þeirra svo langt komið, að ekki er eftir nema eins árs vinna til að ljúka við mælingar og uppdrætti þessa svæðis. Nú hefir burtfelling þessarar fjárveitingar orðið eitt af því marga, sem lent hefir í niðurskurði þeim, sem nauðsynlegur hefir þótt og þola verður vegna hins örðuga fjárhagsástands, sem nú ríkir. En mér finnst þó, þar sem hér er um ræktunarskilyrði að ræða á stærsta láglendi landsins, að þá megi ekki svo hart að ganga að láta slíka rannsókn niður falla, eða að henni sé frestað. Mér finnst því rétt, að þessari rannsókn sé lokið, svo réttar ákvarðanir sé hægt að taka, þegar um hægist, þó litið verði máske hægt að gera um sinn, og hefi ég því borið þetta fram. — Síðari liðurinn er smávægileg upphæð, 300 kr., til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga. — Þeir, sem kunnugir eru, vita það, að þessi maður hefir stundað dýralækningar með góðum árangri í Dalasýslu. Ég þarf ekki mörgum orðum að þessu að eyða. Aðeins mæla hið bezta með því, að þingið veiti þennan litla styrk til viðbótar eða uppfyllingar því, sem annars er ætlað til dýralækninga, en það eru 16575 kr. Verður þá upphæð sú, ef brtt. mín verður samþ., 16875 kr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég á hér 4 brtt. á þskj. 788. Hefi ég ekki mikið um þær að segja nú, því 3 þeirra voru bornar fram við 2. umr. og voru þá í líku formi og þær eru nú. Ég vildi með því að bera þær fram gefa hv. d. betra tækifæri til að átta sig á þessum tillögum. Fyrst er VII. brtt., um námsstyrk til Jóns Gizurarsonar. Ég vil aðeins minna hv. þd. á, að síðasta þing veitti þessum manni nokkurn styrk. Hljóta allir að sjá, að ófært er með öllu að þingið kippi alveg að sér hendinni eftir 1 ár og geri þar með námið ónýtt fyrir þessum manni. Er mér með öllu óskiljanlegt, hvers vegna þessi till. mín var ekki samþ. við 2. umr., og vona ég, að bætt verði úr því nú.

Næst er XII. brtt., útgáfa kennslubókar í ítölsku. Ég færði rök fyrir því við 2. umr., hvers vegna rétt væri að veita þennan styrk. Ég hefi nú breytt þessari till. svo, að styrkurinn greiðist á tveim árum, 1000 kr. hvort árið. Ég þarf ekki að lýsa þeirri nauðsyn, sem á því er, að mönnum hér sé gert sem hægast að nema Suðurlandamál. Og því er ekki hægt að neita, að þægilegra og auðveldara er að nota til þess náms kennslubækur á sínu eigin móðurmáli.

Þá er 3. brtt. mín, sem ég flutti einnig við 2. umr., en tók þá aftur af ástæðum, er ég tók fram þá. Það er XVII. brtt. og er um, að elliheimilinu Grund séu veittar kr. 5000. Nú hafa verið samþ. hér 1000 kr. fjárv. til hvors elliheimilanna á Seyðisfirði og Ísafirði. Og þar sem hv. fjvn. lét þá skoðun sína í ljós við 2. umr., að ef það yrði gert, þá væri einnig sjálfsagt að láta elliheimilið Grund fá tilsvarandi fjárv., þá vona ég, að ekki standi neitt á því, að þessi brtt. verði samþ. Þess ber að gæta, að elliheimilið hér er fyrir allt landið, en hin munu frekar vera takmörkuð við bæjarfélögin þar sem þau eru. Og þegar þess er líka gætt, að elliheimilið hér er miklu stærra en hin, þá er ekki of frekt farið í sakirnar, þó beðið sé um fimmfalt hærri styrk en veittur er til smáhælanna. — Vænti ég, að hv. fjvn. mæli með því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá á ég eftir eina brtt. undir rómv. XIX, um að hækka eftirlaun Böðvars Jónssonar pósts úr 300 kr. upp í 400 kr. Maður sá, sem hér er um að ræða, er

farlama gamalmenni, en þessi 100 kr. hækkun á eftirlaunum hans hefir þá þýðingu, að þá er von um, að hann geti komizt af án hjálpar annarra, en annars ekki. Þegar því þannig stendur á er það samvizkuspursmál fyrir þingið að neita þessu aldurhnigna gamalmenni um þessa litlu fjárhæð, þegar líka þess er ennfremur gætt, að maður þessi hefir slitið kröftum sínum út í þjónustu landsins. Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, enda fátt manna viðstatt til þess að hlýða á mál mitt.

Jón Baldvinsson: Ég á nokkrar brtt. við þessa umr. fjárl. Sumar þeirra eru endurflutningur frá 2. umr. Þannig er t. d. V. brtt. á þskj. 788, um 10 þús. kr. framlag til vegar yfir Fjarðarheiði. Við 2. umr. hljóðaði till. þessi upp á 14 þús., en mér skildist á sumum hv. dm., að þeim þætti upphæðin helzt til há, en létu jafnframt í ljós, að þeir myndu ekki ófúsir að fylgja till., sem væri nokkru lægri, og fyrir því hefi ég fært upphæðina niður um 4 þús. kr. Ég get að mestu vísað til þess, sem ég sagði um mál þetta við 2. umr. Það er ný stefna, sem komin er upp í þessu vegamáli, að ryðja sæmilega leið yfir heiðina, í stað þess að leggja yfir hana akbraut. Myndi sú leið verða fær bifreiðum nokkurn hluta sumarsins og því til ómetanlegs gagns fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og Héraðið. Að vísu yrði ekki hægt að ryðja yfir alla heiðina fyrir þetta fé, en nokkuð myndi þó mega komazt áleiðis. Jafnframt myndi þetta skapa dálitla atvinnu í þeim hluta landsins, sem nú mun langþjáðastur og aðþrengdastur af atvinnuskorti og allskonar óáran. Ég vona því, að hv. d. taki till. þessari vel.

Næst á ég till. um 1200 kr. styrk til bókmenntafélags jafnaðarmanna. Félag þetta var stofnað fyrir 3—4 árum og hefir gefið út á hverju ári nokkrar fræðibækur og telur sig því eiga rétt til þess að fá styrk eins og önnur félög, sem slíka bókaútgáfu annast, eins og t. d. Bókmenntafélagið og Sögufélagið. Það sótti upphaflega um 2 þús. kr. í þessu skyni, en ég færði upphæðina niður í 1200 kr.

Þá á ég brtt. um að veita dr. Guðbrandi Jónssyni 1500 kr. styrk til þess að semja miðaldarmenningarsögu. Styrkur til þessa manns hefir staðið í fjárl. undanfarið, allt þar til í fyrra, og það má segja, að honum hafi verið gefin von um, að þetta yrði fastur styrkur, bæði vegna starfs hans við þjóðmenjasafnið áður og vegna framkomu veitingarvaldsins gagnvart honum á sínum tíma. Ég vænti því, að hv. Ed. geti fallizt á, að styrkur þessi haldist áfram, enda þótt hann hafi fallið niður í fyrra, þegar líka að hann hefir verið lækkaður að töluverðum mun. Við 2. umr. talaði ég rækilega um verðleika dr. Guðbrands til þessa styrks og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar nú.

Þá flyt ég ásamt hv. 4. landsk. brtt. undir rómv. XV, á þskj. 788, um 2000 kr. styrk til ráðningarstofu kvenna. Er brtt. þessi flutt fyrir kvenréttindafélögin hér í Rvík, þau hafa komið upp ráðningarstofu fyrir konur, sem nefnd hefir verið „Vinnumiðstöð kvenna". Stofnun þessi tók til starfa í des. síðastl. og fékk þegar það traust hjá bæjarstjórn Rvíkur, að hún veitti henni 1500 kr. styrk, sem aðallega mun hafa gengið til þess að kaupa ýmsan útbúnað á skrifstofuna, svo sem húsgögn o. fl. Það hefir þegar sýnt sig, að ekki var vanþörf að stofna þessa skrifstofu, því að aðsókn að henni hefir verið mjög mikil, og þó er það svo, að fólk er yfirleitt ófúst á að snúa sér til slíkra stofnana, meðan það á ekki fulla von um að geta fengið vinnu. Frá því að skrifstofa þessi var opnuð 4. des. síðastl. og þar til 1. apríl höfðu komið 408 umsóknir um hjálp við heimilisvinnu og 351 umsókn um atvinnu. 270 ráðningar höfðu farið fram á sama tíma og höfðu 50 af þeim verið fyrir heimili, þar sem veikindi voru og bráð þörf á hjálp. Í umsókn kvenréttindafélags Íslands segir m. a.: „Er auðséð á þessum tölum, hve mikil þörf hefir verið á þessu fyrirtæki og að það hefir þegar orðið til mikils hægðarauka fyrir húsmæður og til atvinnubóta fyrir verkakonur". Þá má geta þess sem meðmæla með styrk til þessarar skrifstofu, að hún hefir ekkert gjald tekið fyrir ráðningar, en það er mjög títt erlendis um slíkar skrifstofur, og það held ég að hafi verið alveg rétt ráðið að byrja ekki á því hér, þar sem jafn mikil þörf er á að dreifa fólkinu sem víðast til atvinnu út um landið. Þá segir og í umsókninni,

að skrifstofa þessi starfi ekki eingöngu fyrir Rvík, heldur fyrir allt landið. Hún leiðbeini ókunnugum aðkomustúlkum, er hingað koma, gefi þeim upplýsingar um atvinnu. Ennfremur útvegi hún stúlkur út á land, ef óskað er. Er því full ástæða til, að Alþ. styrki stofnun þessa.

Eins og af líkum ræður, þurfa kvenréttindafélögin töluvert fé til þess að halda skrifstofu þessari uppi, greiða vinnulaun til stúlku þeirrar, sem á henni starfar, því að enginn vinnur slíkt starf kauplaust o. fl. o. fl.

Ég vænti nú, að till. þessi fái góðan byr hér í d., því að beiðnum kvenréttindafélaganna hefir jafnan verið vel tekið hér á Alþingi, enda hafa þau oftast farið fram á það, sem horft hefir til nytsemda fyrir þjóðfélagið á einn eða annan hátt. Hér er t. d. m. a. verið að vinna að því þýðingarmikla starfi að útvega fólk í sveitirnar, og segir í umsókninni „að ekki hafi svo fáar slíkar ráðningar tekizt fyrir milligöngu stofunnar nú um hávetur". Þegar nú þess er gætt, að aðeins er liðinn stuttur tími frá því að skrifstofa þessi tók til starfa, og að hún hefir þegar unnið mikið og þarft verk og á eðlilega eftir að sýna sig ennþá betur, þá hljóta allir hv. dm. að viðurkenna það, að hún er sannarlega þessa styrks makleg.

Þá á ég næst brtt. undir rómv. XVI, um 3500 kr. styrk til gesta- og sjómannahæla Hjálpræðishersins. Eins og kunnugt er hefir Hjálpræðisherinn haldið uppi gesta- og sjómannahælum í öllum helztu kaupstöðum landsins nú um nokkurt skeið, og hvort sem menn annars eru sammála um starfsemi Hersins á öðrum sviðum eða ekki, þá er þó víst, að þessi gestahæli hans hafa verið til mikilla þæginda fyrir fátækt verkafólk og sjómenn. Menn hafa átt kost á að dvelja á þeim um lengri og skemmri tíma á meðan þeir voru í atvinnuleit, og það fyrir tiltölulega mjög lágt gjald. Mér finnst því, að Hjálpræðisherinn sé þess fyllilega maklegur að fá dálítinn styrk af almannafé til þess að halda uppi þessum þörfu stofnunum, er koma mjög að notum hinum fátækasta hluta almennings.

Í brtt. minni hefi ég stungið upp á, að upphæð þessi, 3500 kr., skiptist á milli gesta- og sjómannahælanna þannig:

Í Reykjavík	1000.00
Í Hafnarfirði	500.00
Á Ísafirði	500.00
Á Siglufirði	500.00
Á Akureyri	500.00
Á Seyðisfirði	500.00

Það sem Hjálpræðisherinn fór fram á að fá voru 6000 kr., en ég sá mér alls ekki fært að taka upp svo háa fjárveitingu. Legg ég till. þessa undir atkv. hv. dm. í trausti þess, að þeir líti á hana með sanngirni.

Næst á ég brtt. við 18. gr., þar sem ég fer fram á, að Arndísi Sigurðardóttur þvottakonu á Laugarnesspítala verði veittur 300 kr. styrkur á ári. Kona þessi hefir starfað sem þvottakona við spítalann í 20 ár, og 1 ár við spítalann á Kleppi. Hún er nú orðin fjörgömul og farin að heilsu og treystir sér því ekki til að hafa starf þetta á hendi lengur. Eftir því sem bezt verður séð af gögnum þeim, sem fyrir liggja, hefir kona þessi verið trúr þjónn í starfi sínu og á því rétt til viðurkenningar í ellinni, sem ég hefi stungið upp á að yrðu 300 kr. á ári. Með umsókninni fylgja vottorð frá yfirhjúkrunarkonunni á Kleppi og Sæm. Bjarnhéðinssyni prófessor. Bæði vottorðin bera það með sér, að hún hafi unnið starf sitt af trúmennsku og dyggð og slitið þannig starfskröftum sínum út í þjónustu landsins.

Ég hefi með vilja hlaupið yfir stærstu brtt. mína, 400 þús. kr. til atvinnubóta, með sama skilyrði og fylgdi brtt. þeirri, er ég flutti við 2. umr. fjárl. um daginn, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög legðu fram tvöfalt framlag á móti, og að þeim væri gefinn kostur á láni úr bjargráðasjóði, er nemi helmingi framlags þeirra. Ég vék nokkuð að því við 2. umr., að það yrði óhjákvæmilegt fyrir hvaða stj. sem væri að hafa fé til atvinnubóta í fjárl. fyrir næsta ár. Í núg. fjárlögum hefir stj. heimild til þess að leggja fram til atvinnubóta 300 þús. kr., en mér skilst, að ekki sé nema litlu eytt af því ennþá, En hitt er víst, að þegar er fyrir hendi þörf til þess að nota það. Ég lít svo á, að eins og nú standa sakir, þá sé stj. skylt að hefja undirbúning undir nytsama vinnu og það er mikið verk. Áður hefi ég bent á ýms verk, sem nauðsynlegt er að

láta vinna, en jafnframt gefa mikla atvinnu fyrir hið vinnandi fólk. Má þar til nefna t. d. veg milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, sem mér skilst að sé alveg tilvalið að láta vinna að í þessu atvinnuleysi. Þá má benda á sem eitt af mörgu, að víða kringum land þarf að vinna að hafnar- og lendingarbótum, sem myndi létta undir með framleiðslunni, auka hana og gera hana ódýrari.

Þá vil ég taka það fram í þessu sambandi, að ég tel ekki, að skilja beri fjárveitingar til atvinnubóta þannig, að það sé lagt fram aðeins til þess að láta fólk fá **eitthvað** að gera. Ég vil, að það tvennt sé sameinað, að auka atvinnu fólksins, og að þau verk séu unnin, sem koma landi og lýð að sem mestu gagni. Má þar t. d. nefna ræktun í stórum stíl. En skilyrði fyrir því, að það megi skipulega fara fram, er, að stj. láti rannsaka og mæla landið áður en byrjað er að vinna. Það þarf að gerast á sumrin, meðan tíðarfar er gott, en geymast ekki langt fram á vetur eins og átt hefir sér stað um undirbúning þeirra litlu atvinnubóta, sem hingað til hafa átt sér stað.

Ég hefi nú flutt þessar áminningar svo að segja ár eftir ár, en því miður með litlum árangri, því að öll sú atvinnubótavinna, sem framkvæmd hefir verið, bæði af núv. og fyrrv. stj., hefir verið framkvæmd í hreinustu vitleysu, og því komið að miklu minna gagni fyrir þjóðfélagið en hún hefði getað komið, ef undirbúningur hefði verið betri. Að ég hefi ekki þreytzt á að flytja þessar áminningar mínar svo að segja umræðu eftir umræðu og þing eftir þing, er sökum þess, að ég er sannfærður um, að þá leið á að fara í þessum atvinnubótamálum, sem ég hefi bent á.

Læt ég svo skeika að sköpuðu, hvernig fer um brtt. þessa. Ég hefi breytt fjárhæðinni í von um, að hún mætti þá frekar finna náð fyrir augum þdm., og þó að hún sé lækkuð, vænti ég, að hún geti komið að töluverðu gagni, ef skynsamlega er með farið.

Guðrún Lárusdóttir: Áður en ég mæli fyrir brtt. mínum á þskj. 788, langar mig til að víkja örfáum orðum að brtt. hv. 2. og 4. landsk. um styrk til ráðningarskrifstofu kvenna í Rvík. Það var gerð glögg grein fyrir starfi þessarar skrifstofu af hv. 2. landsk.; vil ég þó bæta nokkrum orðum við um það, hvernig þessari starfsemi er hagað í einstökum atriðum.

Slík starfsemi sem þetta er algeng í öðrum löndum og er þeim mun meiri og víðtækari sem landið eða borgin er stærri, og þykir hún yfirleitt orðin ómissandi.

Þó að þetta land sé ekki mannmargt, þá er það svo, að margar húsmæður eiga erfitt með að fá stúlkur til nauðsynlegustu heimilisþarfa. Um gagnsemi skrifstofu þeirrar, sem hér er um að ræða, er mér þegar töluvert kunnugt, bæði í gegnum starf mitt sem fátækrafulltrúi o. fl. Starf hennar er alltaf að aukast, og hefir aukizt töluvert síðan umsóknin um styrkinn var rituð. Annars er það einn liður í starfsemi skrifstofunnar, sem ég tel mjög þýðingarmikinn, en það er, hve oft henni hefir tekizt að útvega einstæðingsmæðrum, sem fyrir börnum hafa átt að sjá, vist uppi í sveit. Það vita ekki nema þeir, sem kunnugir eru, hve bágborin kjör þessir einstæðingar eiga við að búa hér. Þær verða margar hverjar að vinna fyrir sér og barni sínu, með það á handleggnum. Þegar barnið kemst á legg, verður það oft að hafast við á götunni nær umhirðulaust, því að móðirin hefir ekki tíma til þess að sinna því. Á þessu er ráðin mikil bót með því að útvega stúlkunum góða staði í sveit. Þær fá þá venjulega betra tækifæri til þess að hlynna að börnum sínum, og börnin betri skilyrði til þess að þroskast heldur en í götusollinum hér. Að þessu leyti vinnur stofnun þessi því m. a. mikið gagn. Er því illa farið, ef hún þarf að leggjast niður, en vel má vera, að svo fari, ef ekki verður hlaupið undir bagga með henni um fjárframlag, því að hún er nú, eins og tekið hefir verið fram, í mikilli fjárþröng.

Það kann nú að vera, að sumir hv. þdm. líti á starfsemi þessa sem aðeins sniðna fyrir Rvíkurbæ. En svo er alls ekki. Hér er um að ræða starfsemi, sem kemur víðar að gagni en hér í bæ eingöngu, enda hafa komið til skrifstofunnar umsóknir úr öllum áttum, austan úr Vopnafirði, Skaftafellssýslum og jafnvel norðan af Siglunesi og víðar að. Ég vænti

því þess, að hv. d. líti með velvildaraugum á umsókn þessa félags, sem hefir með höndum þá starfsemi, sem talin er nauðsynleg og óumflýjanleg í öllum öðrum löndum, enda er atvinnuspursmálið brennipunkturinn í tímanlegri tilveru mannanna.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að mínum eigin till., en þær eru hvorki margar né margbrotnar að þessu sinni.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 788,III, fjallar um það, að Guðbjarti Sigurjónssyni verði veittar 1500 kr. til dvalar á fávitahæli. Þessi vesalings piltur, sem hér er um að ræða, er 14 ára gamall, en hann varð fyrir þeirri óhamingju að veikjast af heilabólgu, þegar hann var á öðru eða þriðja ári, og hefir hann ekki verið með heilum sönsum síðan. Foreldrar þessa vesalings pilts hafa skrifað Alþingi bréf, sem má skoða eins og neyðaróp frá þessum aðþrengdu hjónum, þar sem þau fara fram á nokkurn styrk til þess að geta komið þessum dreng sínum fyrir á fávitahæli, en þau hafa von um það, að ef hann fær þá umönnun, sem ástand hans krefst, muni ef til vill takast að kenna honum t. d. að tala, en eins og er vantar mikið á, að hann kunni það til fulls.

Því miður verðum við að viðurkenna það, að við höfum ekkert upp á að bjóða þeim hl. þjóðarinnar, sem fæðist til þeirra þungu örlaga að eiga ekki það vopnið, sem bezt er og nauðsynlegast í lífsbaráttunni, en það er skynsemin. Við eigum enn ekkert hæli handa þessum aumingjum, og sú tilraun, sem hér kom fram til að leysa þetta vandamál á þinginu í vetur, var að engu gerð með þeirri afgreiðslu, sem það mál endanlega fékk hér. Það mætti því vera bending til Alþingis, að styrkbeiðni þessara aðþrengdu foreldra kemur fram einmitt nú. Hafa þau víða leitað fyrir sér með að koma þessum vesalings pilti sínum fyrir, en allar þær tilraunir þeirra hafa verið árangurslausar. M. a. hafa þau reynt að koma honum fyrir á Kleppi, en Kleppur er ekki fávitahæli, eins og við vitum, og hefir pilturinn ekki heldur getað fengið inni þar. Hinsvegar hafa þessi hjón ekki fjárhagslega getu til að kosta þennan dreng sinn á fávitahæli erlendis af eigin rammleik, og fara þau nú fram á, að Alþingi veiti þeim 1500 kr. styrk í þessu skyni. Þau hafa hugsað sér að koma drengnum fyrir á fávitahæli í Danmörku, og að vísu er framlagið með þeim aumingjum, sem á slíkum hælum dveljast, allmiklu meira en þessari upphæð nemur, en foreldrar drengsins hafa von um að geta lagt það af mörkum sjálf. Allt veltur því á því, hvort Alþingi sér ástæðu til að sinna þessari beiðni eða ekki, og þar sem 1500 kr. eru ekki stór upphæð í öllum búsreikningi þjóðarinnar, verð ég að mega vona það, að Alþingi láti ekki þessi aðþrengdu hjón synjandi frá sér fara, og því þarf ekki að lýsa, hvílík byrði slíkir aumingjar eru á fátækum heimilum, þar sem öll störf hvíla á hinni þreyttu og ofþjökuðu húsmóður einni.

Næsta brtt. mín á þessu sama þskj., VIII, fjallar um það, að styrkurinn til kvenfél. „Óskar“ á Ísafirði verði hækkaður úr 4500 kr. upp í 6000 kr., eins og hann er í gildandi fjárl. Þetta kvenfélag hefir undanfarið haldið uppi húsmæðrafræðslu á Ísafirði, og vænti ég, að hv. þdm. sé það ljóst, hversu nauðsynlegt það er, að ísl. húsmæðrum gefist kostur á að mennta sig og búa sig sem allra bezt undir sitt þýðingarmikla og vandasama hlutverk í lífinu. Það er og á allra vitorði, að sá skóli, sem kvenfélagið „Ósk“ hefir haldið uppi, hefir á sér hið bezta orð og þykir hin mesta fyrirmynd í hvívetna, en nú er skólinn í fjárþröng vegna yfirstandandi árferðis, og leyfi ég mér því að vænta þess, að hv. þdm. hafi svo mikinn skilning á mikilvægi húsmæðrafræðslunnar fyrir þjóðina, að þeir greiði þessari till. minni atkv., sem fer fram á að hækka styrkinn til kvenfélagsins um 1500 kr., eða færa hann í sama horf og hann undanfarið hefir verið.

Þá á ég enn 3 brtt. á þessu sama þskj., og fer að mörgu leyti vel á því, að ég taki þær hér saman. Fer sú fyrsta þeirra í sömu átt og ein af till. fjvn. við 2. umr. fjárl., en n. þá tók aftur, sem sé að lækka skáldastyrkinn til Halldórs K. Laxness ofan í 1000 kr. Ég skýrði hér frá skoðun minni á þessum rithöf. við 2. umr. og skal ekki endurtaka það nú, en vil aðeins segja það, að ég lít svo á, að þessi rithöf. sé vel sæmdur af því að fá 1000 kr. á ári fyrir það, sem hann skrifar, ekki

sízt þegar litið er til þess, að menningarsjóður hefir nú tekið að sér að gefa út bækur hans, og ég verð að bæta því við, að sú bók, sem menningarsjóður gaf út í fyrra eftir þennan rithöf., var honum sízt til sóma. Eins og ég tók fram við 2. umr. út af því, að fjvn. hafði þá lagt til, að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar yrði felldur niður með öllu — og tók n. að vísu þá till. aftur eins og hina — vil ég leggja þessa tvo rithöf. að jöfnu, því að þeir sverja sig greinilega í ættina hvor til annars með rithætti sínum og því tillagi, sem þeir hafa lagt til ísl. bókmennta. Ég ber því fram till. um það, að skáldastyrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar verði einnig lækkaður ofan í 1000 kr. Ég tel rétt, að þessir tveir rithöf. beri jafnt frá borði, úr því að fulltrúum þjóðarinnar á annað borð sýnist rétt að styrkja þá áfram, því að þjóðin hefir að vísu aldrei verið spurð um álit sitt í því efni — Loks geri ég það svo að till. minni, að styrkurinn til Guðmundar Kambans verði líka lækkaður ofan í 1000 kr. Sú var tíðin, að margir gerðu sér glæstar vonir um, að Guðmundur Kamban mundi leggja gott til málanna í skáldskap sínum, en ég held, að flestum hafi brugðizt þær vonir nú upp á síðkastið. Þykist ég vita, að hv. þdm. viti, hvað ég á við, og ég veit það, að fleirum en mér hefir sárnað það, að sjá Ragnheiði Brynjólfsdóttur dregna fram úr gröf sinni og svívirta frammi fyrir alþjóð manna. Slíkri meðferð á þessari mætu konu, sem til þessa hefir verið óskabarn íslenzkrar þjóðar, get ég fyrir mitt leyti ekki svarað með öðru en því að leggja til, að skáldastyrkurinn til Guðmundar Kambans verði lækkaður úr 2000 kr., eins og hann er nú, ofan í 1000 krónur.

Læt ég svo útrætt um þessar brtt. mínar að sinni.

Jón Jónsson: Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni og skal nú skýra þær með örfáum orðum. Eru þessar brtt. mínar á þskj. 795.

1. brtt. mín, II, er í tveim liðum, og fjallar fyrri liðurinn um það, að 5. liður 12. gr. frv. falli niður, en sá liður hefir að geyma 1000 kr. styrkveitingu til Lúðvígs Nordals læknis á Eyrarbakka, til að sinna læknisstörfum í Árnessýslu. Hefi ég satt að segja ekki orðið var við nein gild rök fyrir þessari fjárveitingu. Mér er ekki kunnugt um það, að Eyrarbakkahérað sé sérstaklega stórt eða erfitt, og sízt mun það fólksfleira en ýms önnur læknishéruð á landinu. Það er og vitanlegt, að á þessu láglendissvæði, Ölfusinu og Flóanum, eru samgöngur orðnar mjög greiðar, og jafnvel bílfært um mestallt þetta svæði. Ég sé því enga ástæðu til að fara að styrkja sérstakan lækni til lækninga í þessu héraði auk sjálfs héraðslæknisins, enda mundi það draga þann dilk á eftir sér, að aðrir praktiserandi læknar færu fram á það sama. Vil ég t. d. benda á það, að hér í d. á sæti einn praktiserandi læknir í fjölmennu héraði og mundi ekki vera ástæða til að synja honum um slíkan styrk, ef hann færi fram á það og inn á þessa braut væri farið á annað borð. Ég tel því sjálfsagt, að þessi liður verði felldur niður, enda geri ég ráð fyrir, að hann hafi komizt inn í frv. í Nd. af fljótfærni.

Síðari liður þessarar till. minnar er þessum óskyldur, þess efnis, að felldur verði niður sá námsstyrkur, sem menntamálaráðinu er ætlað að úthluta. Þessi liður var settur inn í fjárl. 1929, að því er mig minnir, og átti hann að vera heildarupphæð til styrktar þeim einstaklingum, sem nám stunda erlendis yfir stuttan tíma, og var meiningin þannig að losa þingið við þann vanda að gera upp á milli þeirra mörgu, sem árlega sækja um styrk í þessu skyni, enda komið í ljós, að veiting þessara styrkja var meira komin undir því, að viðkomandi ætti öfluga fylgismenn í þinginu heldur en þetta færi eingöngu eftir verðleikum, eins og vera ætti. Þess er og heldur varla að vænta, að þingið hafi aðstöðu til að dæma um verðleika manna í þessum efnum, og því var þessi leið tekin, eins og ég áður sagði, að fela menntamálaráðinu úthlutun þessara styrkja, svo að þingið þannig mætti losna við allt kvabb út af þessu. En reynslan hefir þó hinsvegar orðið sú, að þinginu berast árlega fleiri eða færri slíkar umsóknir um námsstyrk erlendis, og alltaf fer svo, að fleiri eða færri einstakir persónustyrkir í þessu skyni kom-

ast inn í fjárl. auk aðalstyrksins. Fæ ég ekki séð, að við höfum ráð á því nú á þessum erfiðu tímum að veita hærri upphæð til utanfara en undanfarið, og þar sem allmargir utanfararstyrkir eru nú þegar komnir í fjárl. og búast má við, að eitthvað bætist hér við enn, eftir brtt. að dæma, legg ég til, að sá námsstyrkur, sem ætlaður hefir verið menntamálaráðinu til úthlutunar, verði felldur niður. Eins og ég áður sagði, hefir tilgangurinn með þessari ráðstöfun ekki náðst, sem ég verð að telja mjög illa farið, en hinsvegar sparast 8000 kr. með þessu móti og vil ég því eindregið skora á hv. d. að samþ. þessa brtt. mína.

3. brtt. mín fjallar um það, að Jóni Ófeigssyni yfirkennara verði veittar 2500 kr. (til vara 2000 kr.), til útgáfu þýzk-íslenzkrar orðabókar. Ætlast ég til, að þetta sé fyrri greiðsla af tveim. Stóðst ég ekki freistinguna til að flytja þessa till. Hefi ég svo að segja í 30 ár, síðan ég fyrst byrjaði á þýzkunámi, haft mikla löngun til að leggja því lið, að slík bók sem þessi kæmist út. Þýzkar bókmenntir eru mjög auðugar, bæði af frumsömdum verkum og þýðingum á helztu verkum heimsbókmenntanna, og auk þessa hafa þeir, sem þýzku kunna, aðgang að þessum verkum í ódýrum útgáfum. Þýzkunám hefir og farið hér mjög í vöxt í seinni tíð, sem ég tel mjög vel farið, og er okkur það í senn metnaðar- og nauðsynjamál að eignast vandaða þýzka orðabók. Vill og líka svo vel til, að við eigum mann, sem sérstaklega hefir lagt stund á þýzka tungu og þýzk fræði, þar sem er Jón Ófeigsson yfirkennari. Hefir hann kennt þýzku við menntaskólann hér um langan aldur og jafnframt unnið að samningu slíkrar orðabókar, eftir því, sem honum hefir unnizt tími til. Ætla ég, að það hafi verið fyrir 20 árum, að Jóni Ófeigssyni fyrst var veittur styrkur til að vinna að þessu verki, en hann tafðist frá því vegna starfs síns við aðra orðabók, sem komin er út fyrir nokkrum árum. Var það hin mikla orðabók Sigfúsar Blöndals, sem er eitt með mestu bókmenntaafrekum íslenzkum, en Jón Ófeigsson var einn af aðalhjálparmönnum Sigfúsar Blöndals við samningu þessarar orðabókar, og hefir e. t. v. ekki lagt hvað minnstan skerf til hennar. Við þetta starf sitt við hina miklu íslenzk-dönsku orðabók hefir Jón Ófeigsson fengið sérstaka æfingu og þekkingu á orðabókargerð, e. t. v. meiri en nokkur annar núlifandi maður, íslenzkur, og hefir hann því hin beztu skilyrði til að leysa þetta verk vel af hendi, og teldi ég því illa farið, ef þessir miklu kraftar færu forgörðum. Jón Ófeigsson sótti um styrk til þingsins í þessu skyni fyrir nokkrum árum. Taldi hann sig þá þurfa allmikið fé til að koma þessu verki áleiðis, en nú hefir svo um skipazt, jafnvel á þessum síðustu dögum, að bókaverzlun ein hér í bænum hefir dregizt á að kosta útgáfuna, ef lítilsháttar styrkur fengist til hennar eða sem svarar 5000 kr. Gerir Jón Ófeigsson ráð fyrir því, að hann muni geta haft handritið til að sumri, og væri þá hægt að byrja á prentun bókarinnar, og þar sem ekki þarf að efast um, að þetta verður merkilegt rit, þegar það kemur út, vona ég, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. mína.

Loks flyt ég till. um það, að stj. verði heimilað að endurgreiða Boga Brynjólfssyni sýslumanni úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, ef hann lætur af embætti og afsalar sér rétti til eftirlauna. Það stendur svo á um þennan mann, að hann hefir gegnt sýslumannsstörfum í 20 ár með mestu prýði, en er nú orðinn svo heilsulítill, að læknar telja honum nauðsynlegt að láta af embætti, a. m. k. um nokkurn tíma, og hefir hann því sótt um lausn frá embætti með eftirlaunum, en stj. hefir þó ekki séð sér fært að taka ákvörðun í þessu efni enn, meðan ekki er útséð um, að hann fái heilsu aftur og geti gegnt starfi sínu áfram. Mun hann því að líkindum segja af sér, hvort sem hann fær eftirlaun eða ekki, en hinsvegar er ekki ósanngjarnt, að hann fái endurgreitt það, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna, auðvitað þó án vaxta, ef hann afsalar sér eftirlaununum, og því hefi ég borið þessa till. fram. Eru nokkur fordæmi fyrir þessu, og tel ég vel sloppið fyrir ríkissjóð, ef þetta er gert, enda býst ég við, að þessi sýslumaður eigi ekki síður rétt til eftirlauna en aðrir. Ég vona því, að d. taki þessari till. vel.

Forseti (GÓ): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 800. Mun ég leita afbrigða frá þingsköpum um það, hvort till. þessar megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Guðmundur Ólafsson [óyfirl.]: Ég flyt hér eina lítilsháttar brtt. á þskj. 788, sem hv. þdm. hafa sennilega tekið eftir, en hún er um hækkun á eftirlaunastyrk til frú Margrétar Sigurðardóttur prófastsekkju á Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu, úr 300 kr. upp í 500 kr. Mér þykir styrkurinn lítill, eins og hann er ákveðinn í frv. handa fátækri ekkju á sjötugsaldri. Hún nýtur engrar aðstoðar frá sínum nánustu, og þó að hægt sé að segja, að sumar prestsekkjur fái ekki hærri eftirlaunastyrk en þetta, sem í frv. stendur, þá eru þó til fordæmi fyrir jafnháum styrk og þetta yrði, ef hv. þdm. vildu vera svo góðir að samþ. brtt. mína. Ég álít tilgangslítið að hafa mörg orð um þetta; en ég vil þó geta þess, sem mörgum þdm. mun vera kunnugt, að maður hennar, síra Jón Pálsson á Höskuldsstöðum dó úr krabbameini eftir að hann var búinn að liggja mánuðum saman í sjúkrahúsi. Og það síðasta af efnum þeirra hjóna fór til þess að standa straum af þeim legukostnaði. Þessi hjón voru mjög vel liðin af þeim, sem þekktu þau, og heimili þeirra var í þjóðbraut. Hygg ég, að það sé ekki ofmælt, að þau hafi veitt með rausn og sæmd hverjum, sem að garði þeirra bar. Þau áttu ekki nema 2 börn. Son sinn kostuðu þau í skóla og dvelur hann nú erlendis, án þess að hann hafi þar nokkurt embætti; en dóttir þeirra hefir verið heilsulítil. Efni þeirra gengu, eins og venjulegt er, til þess að mennta börnin, og svo urðu þau á síðustu búskaparárum sínum fyrir því slysi, að bæjarhúsin á Höskuldsstöðum brunnu til kaldra kola, og misstu þau þar alla dauða húsmuni í brunanum, óvátryggða. Litlu þar á eftir bar þeim að höndum hinn langvarandi sjúkdómur síra Jóns heit., sem leiddi hann til bana, og fór með það sem eftir var af eignum þeirra. Ég býst ekki við, að hægt sé að segja, að hv. þd. sýni of mikil flottheit, þó hún samþ. þessa till. Ég hygg, að hv. þdm. sé svo kunnugt um starfsferil þessara sæmdarhjóna af orðspori því, sem af þeim hefir farið, að ég þurfi ekki að bæta hér fleiru við, en þó vil ég minna á, að umsókn ekkjunnar um viðbótarstyrk, þar sem farið er fram á 1000 kr. árl., fylgir meðmælabréf frá nágrönnum hennar. En það er ekki nema helmingur af þeirri upphæð, sem ég hefi leyft mér að fara fram á, að þd. veiti. Þó hefir biskup ekki treyst sér til að vera eins ríflegur og ég, enda þótt hann mæli hið bezta með því í bréfi sínu, að styrkur verði veittur. Ég get nefnt það sem fordæmi, að önnur ekkja, eftir húnvetnskan prófast hefir í mörg ár haft sömu eftirlaun og þau, sem hér er farið fram á, enda þótt ástæður hennar séu miklu betri. Hún hefir átt og á enn aðstandendur, sem gátu liðsinnt henni, þó að hún sjálf væri efnalaus. Ég kann ekki við, að hafa fleiri orð um þessa brtt., enda er hún svo augljós. — Það hefir gengið heldur stirt með umr. hér í d. í dag. Ég varð að fresta fundi hálftíma fyrr en venjulegt er, af því að þdm. hurfu út úr d., en ég vona, að þeir sitji nú fastar en áður. Það hafa þó komið fram eftirtektarverð orð og till. frá þeim þdm., sem vafasamt er að greiði atkv. með fjárlagafrv. út úr d., og bendir það til þess, að þeir geri ráð fyrir, að það verði að lögum. En ég skil ekki, hvernig þessir þdm. geta búizt við, að frv. verði að lögum, ef helmingur þeirra ætlar að greiða atkv. á móti því, hvort heldur sem það verður í kvöld eða fyrramálið.

Páll Hermannsson: Hæstv. forseti gat þess nú um leið og hann settist, að það hefði verið los á þdm. hér við umr. í dag, og óvenjulega lítill áhugi í þeim að tala fyrir brtt. sínum. En ég verð nú að segja, að mér finnst það eftir atvikum vorkunnarmál, eins og útlitið er nú um afgreiðslu fjárlaga. Ég á hér 2 brtt. á þskj. 795 ásamt hv. 2. þm. S.-M. Fyrri brtt. er undir stafl. IV, við 14. gr., og er um að hækka styrkinn til húsmæðraskólans á Hallormsstað um 1500 kr. Eins og hv. þdm. er kunnugt tók húsmæðraskólinn til starfa haustið 1930. Skólahúsið var þá ekki fullgert að öllu leyti, en þó svo, að

skólinn starfaði þá um veturinn. Annars er honum ætlað að starfa í tveimur deildum, þannig að hann verði 2ja vetra skóli. Í skólanum er húsrúm fyrir rösklega 30 nemendur, en ekki hafa þeir enn náð þeirri tölu. Fyrri veturinn, 1930 og 1931, voru þeir fullir 20, en síðastl. vetur voru nemendur neðan við 20 að tölu. Í yngri deildinni — fyrri veturinn — er námsmeyjum einkum ætlað að stunda bóklegar fræðigreinar, en síðara veturinn meira verkleg efni, einkum þær greinar, sem eru nauðsynlegar fyrir húsmæður í sveitum. Ég held, að þeir sem til þekkja, viti það vel, að verklega kennslan krefst fjölbreyttra kennslukrafta. Það er ekki auðvelt fyrir sömu kennslukonu að kenna í gerólíkum greinum, svo sem matargerð, saumum og vefnaði og öðru, sem húsmæðraefni þurfa að nema. Af þessu leiðir, að kennslan hlýtur að verða dýr.

Í fjárl. fyrir 1931 voru veittar 5000 kr. til rekstrar skólans það ár. En af því að skólinn hóf starf sitt á árinu 1930 veitti stj. sérstaka upphæð til viðbótar, 3000 kr., sem skólinn fékk fyrir 2½ mán. starf á árinu 1930. Árin 1930 og 1931 fékk skólinn samtals 8000 kr. til rekstrar úr ríkissjóði. Á síðasta þingi — sumarþinginu — voru veittar í fjárl. yfirstandandi árs 7000 kr. í rekstrarstyrk. Þar sem skólinn er nú svo að segja í byrjun, og engin reynsla fengin um starfsrekstur hans eða hvað hann kostar, fyrr en það, sem nú er að koma í ljós, þá þykir mér rétt að gefa hér stutt yfirlit um útkomuna fyrir árin 1930 og 1931. Ég hefi hér í höndum rekstrarreikning skólans fyrir það tímabil, og samkv. honum kemur það í ljós, að rekstrarkostnaðurinn hefir orðið samtals um 14 þús. kr. — Þær tekjur, sem skólinn hefir fengið á móti þessum kostnaði, eru úr ríkissjóði 8000 kr., úr sjóði, sem er eign Múlasýslna, Jarðeldasjóði, 1000 kr. og í þriðja lagi kennslugjald nemenda 3300 kr. Samkvæmt þessu hefir rekstrarhalli orðið um 2000 kr. Þannig er þá útkoman á þessu tímabili. Um áramótin 1931 og 1932 skuldar skólinn á rekstrarreikningi um 2000 kr. Ennfremur hefi ég með höndum áætlun um rekstrarkostnað skólans á árinu 1933; ég get ekki verið að lesa hann upp sundurliðaðan, en gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn verði alls um 12200 kr.; þar af eru kennslulaun áætluð 6400 kr., en tekjur sem eiga að fást heima í héraði og í skólagjöldum, á 4. þús. kr. Úr ríkissjóði eru áætlaðar 9000 kr., en í fjárl. fyrir næsta ár er aðeins gert ráð fyrir 6000 kr. Við hv. 2. þm. S.-M. förum fram á, að liður þessi verði hækkaður um 1500 kr., upp í 7500 kr., og verður það þó 1500 kr. lægra en áætlað er, að skólinn þurfi til rekstrar úr ríkissjóði árið 1933. Og þrátt fyrir það er ótalin sú skuld, sem skólinn er nú í, 2000 kr. Ég er að vísu ekki í vafa um, að á árinu 1933 verður um svo mikla fjárhagsörðugleika að ræða, að flestir verða að sætta sig við minna en þeir þyrftu að fá. Við höfum því slegið 1500 kr. af því, sem skólinn þarf til rekstrar, gangandi út frá því, að skólinn verði eins og flestir aðrir að draga saman seglin til muna. Ég geri mér von um, að þessum skóla farnist vel, ef hann kyrkist ekki í fæðingunni fyrir fjárþröng. Hinn fasti starfstími skólans er 6 mán. árlega, og auk þess nokkurra vikna námsskeið að vorinu, einkum við garðrækt og ýms verkefni kvenna. Ég veit til þess, að það námsskeið, sem þar verður haldið í vor, er nú fullskipað, og mér er sagt, að þær konur, sem þangað sækja, séu héðan og þaðan af landinu.

Með þeim tekjum, sem skólanum eru nú ætlaðar samkv. frv., getur hann varla starfað. Ég skal benda á það til samanburðar, að Blönduósskólanum er ætluð helmingi hærri fjárveiting, en að vísu er hann dálítið stærri. Húsmæðraskólinn á Laugum fær að vísu lægri upphæð en Hallormsstaðaskólinn, en þar er aðstaðan ólík, ókeypis hiti, og auk þess má vera, að hann njóti einhverra þæginda af kennslu frá kennurum alþýðuskólans. Í þriðja lagi er húsmæðraskólinn á Laugum nokkru minni en Hallormsstaðaskólinn. Ég vona, að hv. þdm. verði svo velviljaðir þessu máli, að þeir greiði atkv. með brtt. okkar.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. muni eftir því, að á þinginu 1930 var veitt í fjárl. fyrir árið 1931 6 þús. kr. upphæð til þess að gera laxastiga í Lagarfossi. Var gert ráð fyrir því, að verkið kostaði 10 þús. kr. og var framlag ríkisins miðað við ⅗ kostnaðar. Mun það tillag hafa ver-

ið óvanalega hátt, en á það var litið, að fyrirtæki þetta var einnig óvenjulega kostnaðarsamt, og í hlut átti einnig óvenjulega stórt vatna- eða veiðisvæði. Nú var þetta verk unnið á síðastl. sumri, en reyndist dýrara en ráð var fyrir gert og kostaði 11318 kr. — Stafaði umframgreiðslan mikið af því, að flutningur á efni reyndist dýrari en búizt var við. En vegabætur þarna eru litlar og vegir illir. Ég hefi hér fyrir mér skýrslu um þetta verk frá vegamálastjóra. Lýsir hann ánægju sinni yfir framkvæmdinni og telur, að þarna sé um mikið og gott mannvirki að ræða. Leggur hann til, að greiddar séu til viðbótar úr ríkissjóði kr. 791.24, eða svo, að ríkissjóður greiði nákvæmlega ⅗ kostnaðar við verkið allt. Ég get í sambandi við þetta nefnt það, að nú er í undirbúningi eða þegar komin í framkvæmd stofnun fiskiræktarfélags fyrir þetta stóra svæði, sem nær að miklu leyti yfir 7 hreppa og að nokkru leyti yfir 2 aðra, eða 9 hreppa alls. Er svo ráð fyrir gert, að byggð verði 2 klakhús á þessu vori. Má því sjá, að ekki er um svo litla fjárþörf að ræða, en fólkið, sem að þessum framkvæmdum stendur, er ekki auðugt. Ég skal og geta þess, að til byggingar á laxastiganum hefir verið lagt fram nokkru meira fé úr ríkissjóði en áætlað var, svo þessi upphæð, sem hér er beðið um, stendur þar í skuld. Vona ég, að till. þessi verði samþ. og endurtek það, að vegamálastjóri mælir með því, að veittar séu kr. 791.24, eða nákvæmlega ⅗ alls kostnaðar við verkið.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Ég á hér afarsmáa brtt. við 15. gr. Er það X. brtt. á þskj. 788, nýr liður, til að gefa út allt að 20 arkir af þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, gegn þreföldu framlagi annarsstaðar að, 800 kr. Við 2. umr. bar ég fram samskonar brtt., en nefndi þá 1200 kr. Náði sú till. ekki samþ., en ég vona, að þessu svo breyttu verði nú leyft að ganga fram.

Eins og ég gat um þá, tel ég það skyldu þingsins, þar sem það hefir áður veitt styrk til þess, að þessi útgáfa yrði hafin, og þar með látið í ljósi viðurkenningu sína á því, að um gott og þarft verk sé hér að ræða, að halda áfram með að styrkja þessa útgáfu. Ég skal geta þess, að þjóðminjavörður hefir sagt, að þetta verk Sigfúsar muni vera með beztu þjóðsagnasöfnum Norðurlanda. Vona ég því, að þessi till. fái góðar viðtökur í þessari hv. d.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi leyft mér að bera hér fram tvær brtt. á þskj. 800. Sú fyrri þeirra snertir einn af helztu málurum landsins, Gunnlaug Blöndal, og fer fram á 1200 kr. styrk til hans. Sú er ástæða til þess, að ég ber þetta fram, að þessi málari hefir getið sér mikið frægðarorð. Hann hefir dvalið langvistum í París og er sá eini listmálari þjóðarinnar, sem tekizt hefir að selja myndir þar. M. a. hefir ein mynd hans verið keypt á aðalmyndasafn Frakka, safnið í Luxemborg. Er það fágætur heiður fyrir norrænan málara. Nú gætu hv. þm. hugsað eða sagt sem svo, að þar sem þessum málara hefir gengið svo vel, að hann hefir hlotið viðurkenningu hjá stórri þjóð, þá sé síður ástæða til að veita honum styrk. En það er einmitt vegna þess, að hér er um listamann að ræða, sem lengra hefir komizt en títt er hjá okkur, að ég ber þetta fram. Með því eru honum um skeið veitt skilyrði til að brjótast áfram í stóru landi og þessi litli styrkur gerir honum fært að dvelja í París og halda þar áfram sínu starfi. Eins og nú er erfitt með að veita styrki, hefði mér ekki komið til hugar að fara fram á slíkt, ef um hversdagslegan listamann væri að ræða. En Gunnlaugur Blöndal er kominn svo langt á listabrautinni, að miklu meiri ástæða er til að styrkja hann heldur en byrjanda, með vafasömum efniviði. Ég bið því hv. þdm. að meta þessa till. frá því sjónarmiði, að hér er um mann að ræða, sem í sér hefir þá möguleika, sem kastað geta ljóma á Ísland í augum erlendra þjóða. Eins og ég sagði, gerir þessi styrkur málaranum það fært að starfa áfram um skeið á þeim stað, sem skilyrðin eru bezt.

Hin till. er um það, að greiða til Búnaðarbanka Íslands viðlagasjóðslán vegna Stefáns í Hvítadal, að upphæð 8000 kr. Saga þessa máls er sú, að fyrir eitthvað 10 árum, útvegaði Bjarni heit. frá Vogi, sem þá var þm. Dal., Stefáni frá Hvíta-

dal 8 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að kaupa jörð, Bessatungu, er kostaði þessa upphæð. Hér var þegar í upphafi um listamannastyrk að ræða. Stefán var þá sárheilsulítill og var þetta gert til þess að hann gæti dvalið í sveit. Nú er Stefán fátækur og heilsulítill og hefir fyrir 7 eða 8 ungum börnum að sjá. Hefir því að vonum farið svo, að hann hefir ekki reynzt megnugur að greiða vexti af láni þessu, enda hefir víst aldrei verið harkalega að því gengið, að hann gerði það. En nú hefir Búnaðarbankanum verið afhentur viðlagasjóður, en skiljanlegt er, að hann verði nokkuð harðhentari en ríkissjóður var. Nú hefir sú ráðstöfun verið gerð, að jörðin verði seld vegna þessarar skuldar. Hefir sýslumaður Dal. tjáð mér, að hann biði eftir því að sjá, hvort ekki vildi eitthvað til, sem gerði það að verkum, að ekki þyrfti að ganga að þessari jörð. Nú er það svo, að þó jörð þessi væri keypt svona hátt á sinni tíð, þá er talið, að hún muni nú seljast fyrir varla meira en 2000 kr. Tapar þá ríkissjóður eða Búnaðarbankinn mismuninum hvort sem er. Vinningurinn verður því lítill, en Stefán skáld kemst hinsvegar á vonarvöl með hin mörgu börn sín, ef jörðin er seld. Þessa skýringu læt ég nægja sem meðmæli með þessari brtt.

Pétur Magnússon: Ég á hér þrjár brtt. og eru þær á tveim þskj., 788 og 795. — Sú fyrsta er við 12. gr. og er þess efnis að hækka læknisvitjanastyrkinn úr 9750 kr. upp í 9900 kr. og að 150 kr. af þeirri upphæð gangi til Reykjarfjarðarhrepps. Eins og kunnugt er, hafa nýlega verið samþ. lög, sem breyta svo til þarna, að læknissetrið er flutt frá Arngerðareyri út í Ögur, en það gerir aðstöðu Reykjarfjarðarhrepps til læknisvitjana mun örðugri en áður var. Eftir þeim reglum, sem viðurkenndar hafa verið hin síðari ár, um að veita styrk til hreppa, sem eiga erfiða aðstöðu um læknisvitjanir, sé ég ekki betur en að þessi hreppur eigi fyllstu sanngirniskröfu á að fá þennan styrk, sem mjög er stillt í hóf, borið saman við það, sem ýmsum öðrum hreppum er skammtað. Ég vil geta þess, að læknisvitjanir úr innhreppunum öllum, Ísafirði, Reykjarfirði og enda Vatnsfirði, eru mjög erfiðar eftir þessa breyt. Vona ég, að hv. þd. líti sömu augum og ég á þessa sanngjörnu kröfu, og skal þá ekki ræða meira um það.

Önnur brtt. mín er styrkur til Leifs Ásgeirssonar, 1000 kr., til lokanáms í stærðfræði í Þýzkalandi. Leifur er sonur efnalítils bónda, er býr á Reykjum í Lundareykjadal. Sýndi Leifur það snemma, að honum var auðvelt um nám, því hann las undir stúdentspróf á þremur árum kennslulítið og vann auk þess að heimastörfum að nokkru leyti, samhliða náminu. En þrátt fyrir þetta tók hann eitthvert hæsta próf, sem tekið hefir verið á síðari árum. Það er líka á allra vitund, sem þekkja Leif, að þar er um sérstaklega mikinn námsmann að ræða. Ég hefi hér með höndum vottorð frá dr. Ólafi Dan Daníelssyni, sem ég vil leyfa mér að lesa upp; það hljóðar svo:

„Leifur Ásgeirsson stúdent, sem nú sækir um styrk til Alþingis, er að minu áliti hinn mesti námsmaður. Ég hefi því miður ekki kynnzt honum nema lítið eitt — og þó að góðu —, af því að hann var aldrei hér í skólanum, en hann tók hér stúdentspróf og mun það hafa verið einróma álit okkar kennaranna við menntaskólann, að hann væri alveg óvenjulega mikill hæfileikamaður".

Að stúdentsprófi loknu sigldi Leifur til Þýzkalands og hefir stundað nám í stærðfræði og eðlisfræði við háskólann í Göttingen. Hefir hann til þessa notið nokkurs styrks til námsins, en honum er nú lokið. En hvorki er um eigin efni né styrk frá ættingjum að ræða til þess að geta haldið áfram námi. Liggur því ekki annað fyrir en að Leifur verði að hætta námi í bráð a. m. k. þar til hann hefði unnið sér inn fjárhæð þá, sem til þess þarf að halda áfram, eða þá að ríkið veiti honum þennan umbeðna styrk. Þess skal getið, að hér er ekki um framhaldsstyrk að ræða, því hann mun ljúka prófi næsta ár. Er engin ástæða til að ætla, að honum verði nein skotaskuld úr því.

Ég ætla ekki að fara að tala neitt til tilfinninga hv. þdm. í því skyni að hafa áhrif á atkvgr. þeirra. En ég verð þó að segja það, að ef nokkurntíma eru ástæður til að styrkja unga menn til náms, þá

eru þær ástæður hér fyrir hendi. Allar líkur benda til þess, að Leifur verði hinn nýtasti maður og líklegur til þess að vinna afrek í þeim fræðigreinum, er hann leggur stund á.

Þá er loks 3. brtt. mín, við 18. gr., um það, að Einari Benediktssyni séu veittar 5000 kr. í stað 4000, sem nú eru í fjárlfrv., eða hækka við hann um 1000 kr. Ég ætla ekki að mæla neitt með þessari till. Ég ætla aðeins að skýra frá því, að enda þótt Einar Benediktsson fái sjálfsagt sæmileg heiðurslaun, miðað við okkar mælikvarða á slíkum hlutum, er högum hans svo háttað, að hann hefir aðeins rúmlega hálft annað hundrað kr. á mánuði til eigin þarfa. Nú er vitanlega hverjum frjálst að leggja sitt mat á Einar Benediktsson, og má vel vera, að einhverjir hv. þdm. telji þetta hæfilegan lífeyri handa honum frá „hinu frjálsa og fullvalda“ ísl. ríki. En ég fyrir mitt leyti met hann nú hærra. Því verður ekki á móti mælt, að Einar Benediktsson gnæfir hátt yfir öll önnur nútímaskáld vor, og að hann hefir orðið til þess að auka bókmenntahróður Íslands meira en flestir aðrir að fornu og nýju og mun gera það um langa framtíð. En það er ekki tilgangur minn að fara að gefa hér neina lýsingu á E. Ben. né heldur að reyna að sannfæra hv. þdm. um, að rétt sé að samþ. þessa hækkunartill. mína. Fyrir mér vakir það eitt að gefa d. tækifæri til að fella sinn úrskurð um það, hvort 150 kr. á mán. sé hæfilegur lífeyrir handa E. Ben., eða hvort hann sé einhvers meira verður. Ég hefi heyrt því varpað fram í viðtali um þessa tillögu, að E. Ben. hafi komizt yfir mikið fé um dagana og ætti því að vera vorkunarlaust að komast af á efri árum. Það er vafalaust alveg rétt, að mikið fé hefir farið gegnum hendur hans. En það vænti ég, að allir hv. þdm. skilji, að enginn maður — hvorki E. Ben. né aðrir — lifi af því fé, sem eytt er. Og það get ég fullyrt, að E. Ben. á engar eignir, er hann getur notað sér til lífsframfæris. Þeirra ástæðna vegna er því áhættulaust fyrir hv. d. að samþ. till. mína.

Halldór Steinsson: Ég hefði naumast þurft að standa upp til þess að mæla með þessari litlu brtt., er ég á hér. En fyrst ég er staðinn upp, þá er rétt, að ég skýri hana með nokkrum orðum.

Þessi brtt. fer fram á það, að veittar verði 300 kr. til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur. — Í kauptúnunum á Ólafsvík og Sandi hefir verið stofnaður félagsskapur með það fyrir augum að hlaupa undir bagga með fátækum heimilum þegar sjúkdóm hefir borið að höndum. Þar hagar svo til, að á sumrin eru heimilin oft fámenn, aðeins konan heima með börnin. Verða þá erfiðar kringumstæður, þegar svo ber undir, að sjúkdóm ber að höndum, eða konan fatlast frá. Hefir þá verið hlaupið undir bagga í slíkum tilfellum og fengin hjúkrunarkona til aðstoðar heimilunum. Hefir þetta komið sér vel, enda hefðu heimili þráfaldlega komizt í vandræði, ef þetta hefði ekki komið þeim til hjálpar. Á Sandi hefir þessi félagsskapur starfað í mörg ár og leitt af sér mikið gott, en í Ólafsvík er hann á byrjunarstigi. Skal ég ekki mæla fleira, enda geri ég ráð fyrir því, að hv. d. samþ. þetta.

Jón Þorláksson: Ég vildi lýsa því áður en til atkvgr. verður gengið, að í tekjubálki þessa frv. er m. a. gert ráð fyrir tekjum af verðtolli, 1100000 kr., en engin löggjöf hefir enn verið samþ., er heimili að leggja þennan verðtoll á það ár, sem fjárlfrv. þetta á að gilda fyrir, en það er árið 1933. Einnig eru á öðrum tekjuliðum þessa frv. upphæðir, sem ekki geta staðizt, meðan þau tekjuaukafrv., sem þær hvíla á, ekki liggja samþ. fyrir. Ég vil því endurtaka þá yfirlýsingu, er ég hefi áður gert f. h. okkar sjálfstæðismanna, að við munum ekki sjá okkur fært að greiða atkv. með þessu frv. meðan svo stendur, að ekki eru til lagaheimildir fyrir allverulegum upphæðum af þeim tekjum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal ekki orðlengja um þær brtt., sem hér liggja fyrir. Ég vænti aðeins þess, að þótt í öðrum efnum sé hér einkennilega ástatt, lendi þó ekki allt í tómu ábyrgðarleysi við atkvgr. Út af yfirlýsingu hv. 1. landsk. um afstöðu Sjálfstæðisflokksins til fjárlfrv. vil ég segja það, að ekki verður við það miðað, þótt gert sé ráð fyrir

tekjum af verðtolli, gengisviðauka o. fl. í frv., því að fjárlfrv. sjálft veitir engan rétt til að innheimta þessa tolla. Samkv. stjórnarskránni verða tollar ekki innheimtir nema þeir séu lagðir á með sérstökum lögum. Hefir það því út af fyrir sig enga þýðingu fyrir samþ. fjárlfrv., hvort gert er ráð fyrir þessum tekjustofnum í þeim eða ekki. Afstaða hv. 1. landsk. og flokks hans miðast við allt annað mál, eins og hv. þm. hefir líka tekið fram, og er þar um „demonstration" að ræða, sem ekki verður rakin til fjárlfrv. sjálfs á neinn hátt. Skal ég ennfremur geta þess, að á meðan svo stendur, að ekki er útséð um það, hvort ekki tekst að sigla hjá þeim skerjum, verður atkvgr. um fjárlfrv. í heild sinni frestað, en aðeins látin fara fram atkvgr. um þær brtt. er nú liggja fyrir. Atkvgr. um fjárl. sjálf verður frestað í nokkra daga.

ATKVGR.

Brtt. 788,I samþ. með 9 shlj. atkv.
— 795,I.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 795,II.1 felld með 7 : 5 atkv.
— 788,II samþ. með 8 : 6 atkv.
— 788,III felld með 7 : 3 atkv.
— 788,V felld með 7 : 7 atkv.
— 795,II.2 felld með 9 : 4 atkv.
— 788,IV samþ. með 9 : 1 atkv.
— 788,VI felld með 7 : 5 atkv.
— 788,VII samþ. með 8 : 6 atkv.
— 795,III samþ. með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, BSn, EÁrna, GL, GÓ,
nei: IP, JónJ.

Brtt. 795,IV samþ. með 11 : 1 atkv.
— 788,VIII felld með 7 : 4 atkv.
— 788,IX felld með 8 : 4 atkv.
— 788,X samþ. með 8 : 3 atkv.
— 788,XI.1 felld með 8 : 2 atkv.
— 800,I samþ. með 8 : 5 atkv.
— 788,XI,2 felld með 7 : 2 atkv.
— 795,V (aðaltill.) felld með 7 : 6 atkv.
— 795, V (varatill.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 788,XII felld með 7 : 5 atkv.
— 788,XIII.1 samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, PM, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, GÓ,
nei: JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, EÁrna.

Brtt. 788,XIII.2 felld með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, JBald, BSn.
nei: EÁrna, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT[1]), PH, PM, GÓ.

Brtt. 788,XIV.1 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.
nei: JónasJ, MT, EÁrna, IP, JBald, JónJ, GÓ.

Brtt. 788,XIV.2 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 795,VI samþ. með 9 : 3 atkv.
— 788,XV felld með 7 : 6 atkv.
— 795, VII samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 800,II samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, PH, PM, BSn, GL, IP, JakM, JBald.
nei: JónJ, MT, EÁrna, HSteins, GÓ.
JónÞ greiddi ekki atkv.

Brtt. 788,XVI felld með 7 : 2 atkv.
— 795, VIII samþ. með 12 shlj. atkv.
— 788,XVII samþ. með 8 : 2 atkv.
— 788,XVIII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 788,XIX samþ. með 10 : 2 atkv.
— 788,XX samþ. með 9 shlj. atkv.
— 788,XXI samþ. með 8 : 4 atkv.
— 788.XXII felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónJ, JónasJ, MT, EÁrna, GL, GÓ.
nei: IP, JBald, JónÞ, PH, PM, BSn, H Steins.

Brtt. 788,XXIII samþ. með 8 shlj. atkv.
— 788,XXIV samþ. með 9 : 2 atkv.
— 788,XXV.1 felld með 7 : 4 atkv.
— 788,XXV.2 felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, GL, IP, JónJ, MT, PH, GÓ.
nei: BSn, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, PM.

Brtt. 795,IX samþ. með 8 : 6 atkv.
Atkvgr. um frv., svo breytt, frestað.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

---

1) Með svofelldri grg.: Mitt atkv. er undir því komið, hvort hv. flm. till. greiðir atkv. með fjárlögunum. (**JBald:** Ég ætla að sjá, hvernig fer um þessa till.). Ég get ekki verið að kaupa hv. þm., og segi því nei.

Á 91. fundi í Ed., 2. júní, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv., með breyt. samkv. atkvgr. á 81. fundi, samþ. með 11 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, PM, EÁrna, GL, HSteins, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, GÓ.

nei: JBald.

BSn, JakM greiddu ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Á 91. fundi í Nd., 3. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 802).

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 802, 830).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 830. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: F. h. fjvn. hefi ég ekki mikið að segja um þetta frv. N. hefir haldið fund um það og komið sér saman um að fallast á frv. eins og það kom frá Ed. Það er þó engan veginn svo, að n. sé ánægð með afgreiðslu frv. frá Ed. Þar hefir aukizt talsvert halli sá, sem var á frv., svo að nú er hann um 600 þús. kr. En þrátt fyrir það, þótt hallinn sé þetta mikill, og útgjöldum hafi verið bætt við í Ed., sem full ástæða væri til að taka út aftur, þá hefir n. ekki gert ráð fyrir því, að breyt. á frv. mundu fást, svo róttækar sem þyrfti, og því ekki ástæða til að lengja þingtímann þeirra hluta vegna.

Þá er og þess að geta, að nú eru miklar líkur til, að það frv., sem fjvn. þessarar deildar bar fram um frestun á framkvæmd nokkurra laga, verði samþ. Verði það frv. að lögum, þá sparast ríkissjóði þar útgjöld, sem áætlað hefir verið að mundu hrökkva að mestu leyti til þess að mæta þessum greiðsluhalla.

Þriðja ástæðan til þess, að n. hefir ekki viljað bera fram brtt. við frv., er sú, að ef á annað borð er farið að opna fjárl. í þessari d., þá má búast við því, að það verði sótt talsvert fast af ýmsum hv. þdm. að koma inn í frv. nýjum útgjaldaaukningum, eins og hefir sýnt sig áður fyrr við meðferð þessa máls í þessari d. Það hafa stundum verið samþ. ýmsir útgjaldaliðir þrátt fyrir það, þótt fjvn. hafi eindregið mælt á móti þeim. Þetta eru ástæðurnar, sem liggja til þess, að n. vill ekki hrófla við frv., þó að hún sé alls ekki ánægð með það.

Annars er það um frv. að segja, að tekjur samkv. rekstrarreikningi eru 10½ millj. kr. og innborganir á sjóðsyfirliti um ½ millj. kr., svo að allar innborganir samkv. frv. eru 11 millj. kr. Greiðslur samkv. rekstrarreikningi eru 10 millj. 300 þús. og útborganir samkv. sjóðsyfirliti 1 millj. 240 þús. kr., eða allar útborganir um 11 millj. 600 þús. kr. Kemur þá fram greiðsluhalli um 600 þús., eins og ég gat um.

Ég finn svo ekki ástæðu til að rekja þær einstöku breyt., sem orðið hafa á frv. í Ed. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi fylgzt með í því, og er því ástæðulaust að rifja það upp nú.

Það liggur fyrir ein brtt. við frv. á þskj. 830. Ég þarf ekki að taka það sérstaklega fram um hana, að n. leggur til, að hún verði felld, þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl]: Ef ég man rétt, þá var þess getið í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. sendi Alþingi fyrir nokkrum dögum, að ástæðan til þess, að hann vildi ekki rjúfa þing og stofna til nýrra kosninga, væri sú, að hann liti svo á, að það yrði að ganga frá fjárhagsmálunum og þeim stórvægilegu ráðstöfunum, sem nauðsyn væri að gera í sambandi við afleiðingar kreppunnar. Nú mun það sýnt, að samkomulag er fengið milli Framsóknar og Íhalds um það að sjá ríkissjóði fyrir þeim tekjum, sem fjmrh. hefir talið, að þyrfti að fá, en ennþá bólar ekki á neinum till. til að reyna að bæta úr því atvinnuleysi, sem nú er fyrirsjáanlegt, eða neinum öðrum erfiðleikum, sem af kreppunni stafa, og er þó komið að þinglokum.

Við jafnaðarmenn höfum við allar umr. fjárl. á þessu þingi, að 1. umr. undantekinni, komið fram með till. um framlög til verklegra framkvæmda og atvinnubóta, en allar þær till. hafa verið felldar. Nú leggjum við til, að veittar séu

aðeins 350 þús. kr. í þessu skyni, gegn tvöföldu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, og ennfremur er það lagt til, að stj. sjái svo um, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eigi kost á láni, er nemi helmingi framlags þeirra. Á þennan hátt yrði sú upphæð, sem varið yrði til atvinnubóta á næsta ári, 1050 þús. kr.

Ég þekki engan, sem leyfir sér að mæla því í gegn, að brýna nauðsyn beri til að gera einhverjar ráðstafanir, líkar sem hér er farið fram á. Á síðasta vetri létu skrásetja sig 2500 atvinnuleysingjar, og þeir ásamt skylduliði þeirra voru á 6. þús. manns, og óhætt mun að fullyrða, að nú er atvinnuleysi sízt minna en það var þá, og það er fullvíst, að í sumar verður atvinna með minnsta móti, svo að nú þegar haustar að, standa menn uppi með tvær hendur tómar, og sumir með skuld á bakinu að auki. Þá er framundan vetur langur og vitanlegt er, að á þeim vetri verður nær því ekkert að gera.

Þessi upphæð, sem hér er farið fram á, er svo lág, að því fer fjarri, að hún nægi til að bæta úr þeim vandræðum, sem nú eru fyrirsjáanleg, en við höfum reynt bæði í þessari d. og í Ed. að fá samþ. hærri fjárupphæðir, en eins og ég áður sagði hafa þær till. ekki náð fram að ganga, þess vegna gerum við nú þessa síðustu tilraun til að fá þó eitthvað inn í fjárl. í þessu skyni. Þar sem fullvíst má telja, að skattafrv. nái fram að ganga, þá er ekki hægt að bera því við, og ennfremur má telja fullvíst, að fjárlagafrv. nái fram að ganga, og ennfremur hefir verið útbýtt frv. um 25% skattauka af tekju- og eignarskatti, sem sjálfsagt má áætla, að gefi ekki minna en 200—300 þús. kr. Það er því ekki hægt að bera því við, að fjárlög og skattafrv. geti ekki fengizt samþ.

Ég hefi áður skýrt þessari hv. d. talsvert greinilega frá þeim gögnum, sem stj. hafa verið afhent um atvinnuástandið, tölu atvinnuleysingja og meðaltekjur þeirra síðasta ár, og hirði ég ekki um að endurtaka það nú, en svo slæmt sem ástandið hefir verið síðasta vetur, þá er það þó miklu verra nú, og verður það einnig á næsta vetri, þegar hann kemur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína. Um fjárl. í heild sinni vil ég segja það, að svo óbeisin sem þau voru, þegar þau voru afgr. frá þessari deild, þá eru þau þó jafnvel verri nú, þegar þau koma úr Ed. Sannast þar hið fornkveðna, að lengi getur vont versnað.

Að lokum vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort ekki sé komið skeyti frá hans hátign konunginum um útnefningu nýs ráðuneytis fyrir íslenzka ríkið. Ef svo væri, þá vildi ég óska eftir, að hæstv. forseti vildi skýra frá því. Það væri æskilegt, að þeir ráðherrar, sem nú taka við, vildu segja sitt álit um þessa brtt., áður en gengið er til atkv. um hana.

Forseti (JörB): Ég vil geta þess út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf., að mér er ekki kunnugt um, að skeytið sé komið enn. Má þó vera fyrir því, að það sé komið; ég hefi ekki spurzt fyrir um það.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Tilkynningin um breytingu á ráðuneytinu er ekki komin frá konungi enn, en mun koma á morgun. En þar sem ég verð einn af þeim, sem sæti eiga í nýju stj., er skylt, að ég tali úr stjórnarsessi í þessu millibilsástandi.

Ég hefi áður talað um tekjuaukaþörf ríkissjóðs og þau tekjuöflunarfrv., sem legið hafa fyrir þessu þingi og voru miðuð við ástandið eins og það var í þingbyrjun, en því miður verð ég að segja, að ástæður og útlit allt hefir versnað síðan, svo að þótt þau frv. verði samþ., sem í upphafi þóttu nægileg, þá er ekki lengur hægt að vona, að fé verði afgangs, heldur er fyrirsjáanlegur stór tekjuhalli á þessu ári og ekki óttalaust um næsta ár, og er eina vonin, að unnt verði að greiða þann tekjuhalla, sem verður á þessu ári, að nokkru á næsta ári, ef þá kynni eitthvað úr að rætast.

Um atvinnubótamálin óska ég ekki að tala að þessu sinni, þrátt fyrir þá till., sem hér hefir verið borin fram. Ég óska þess, að fjárlagafrv. verði eftir till. hv. fjvn. samþ. óbreytt, og ef á að samþ. einhverja heimild um verklegar framkvæmdir eða atvinnubætur, þá má eins afgr. þá heimild í þingsályktunarformi.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil aðeins árétta það, sem hv. þm. Seyðf. sagði um þessa till. okkar. Ég álít það alls ekki verjandi að afgr. fjárlögin þannig, að ekkert fé sé þar veitt til atvinnubóta. Þeir, sem kunnugir eru í kaupstöðum og sjóþorpum, vita, að hjá því verður ekki komizt, að það opinbera leggi til einhvern styrk, ef á að halda fólkinu lifandi.

Það er ekki aðeins í Reykjavík, heldur einnig í kaupstöðum og kauptúnum úti um allt land, að verkamenn eru atvinnulausir, og er ekki sjáanlegt, að það fari batnandi, heldur þvert á móti. Atvinnan hefir ekki verið meiri en svo, að þeir, sem betur hefir gengið, hafa ekki gert betur en að hafa ofan af fyrir sér, þeir, sem verr hefir gengið, hafa ekki einu sinni haft nóg sér til matar. Hvernig mun það þá verða, þegar fram á sumarið kemur og opinberar framkvæmdir eru sama sem engar og mjög litla vinnu að fá hjá einstökum framleiðendum? En það verður ekki þolað, að þing og stj. láti það afskiptalaust, þótt verkalýðurinn gangi sveltandi um göturnar og fái ekkert að gera.

Hæstv. fjmrh. vill ekkert tala um þetta mál, sem er þó lífsspursmál fyrir mörg þúsund fullorðinna manna og þeirra skyldulið. Hæstv. ráðh. segir, að betra sé að fá einhvernveginn öðruvísi heimild um þetta, en ég álít, að ef á að gefa heimild, sem ætlazt er til, að verði notuð, þá eigi að gefa hana í fjárl., svo að þar sjáist sú raunverulega afgreiðsla fjárlaganna.

Ég tel, að þeir hv. þm. taki mikla ábyrgð á sig, sem greiða atkv. á móti þessari till. Ég skal svo að síðustu taka það fram, að ég ber ekki það mikið traust til hæstv. fjmrh., að ég trúi honum til að veita fé til atvinnubóta, ef aðeins er gefin heimild til þess í þál. Það verður að vera skýlaust ákvæði fjárl., sem neyði stj. til þess, ef hún vill ekki gera það viljug.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. fulltrúar jafnaðarmanna tala mikið um það, hversu illar horfur séu nú með atvinnu manna. Þessir hv. þm. hafa þó ekki viljað vísa því fyrir sér að taka frá þessum mönnum þá litlu atvinnu, sem Alþingi vill þó veita þeim í fjárl., því að ef þeir hefðu fengið þeim vilja sínum framgangt að fella tekjuaukafrv., þá er það vitanlegt, að ekki hefði verið hægt að framkvæma það, sem fjárl. gera ráð fyrir. Þetta vita þessir hv. þm. vel og vissu, þegar þeir voru að greiða atkv. á móti þessum tekjuaukum. Það er því hastarlegt, þegar þeir þykjast vera að bera þessa menn fyrir brjósti með því að vilja setja inn í frv. upphæð, sem er þó ekki nema nokkur hluti af því, sem þeir ætluðu sér að taka af þessum mönnum. Mér finnst, að hv. þm. ættu að líta nær sér, líta á þá þörf, sem verkamenn hafa á hjálp á yfirstandandi tímum og hvernig þeim verður bezt hjálpað, áður en þeir fara að koma fram með till. eins og þessar. Þeir eiga að hugsa út í það, hverjar afleiðingar það hefði haft fyrir verkamenn, ef till. þeirra hefðu náð fram að ganga á þessu þingi.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það er einkennileg meinloka, sem gengur um eins og grár köttur í heila hv. þm. V.-Húnv. Ég vil í þessu sambandi leggja fyrir hann eina spurningu, til þess að fá að vita, hvað hann meinar. Heldur hann, ef svo hefði farið, sem um tíma leit út fyrir að orðið hefði, ef Íhaldsflokkurinn hefði ekki gengið á bak orða sinna, að fjárl. hefðu verið felld, heldur hann, að stj., sem setið hefir fram að þessu, hefði leyft sér að stjórna fjárlagalaust? Við jafnaðarmenn vorum á móti fjárl., af því að við töldum þau beinlínis til tjóns fyrir þjóðina, því að í þeim var dregið svo mjög úr verklegum framkvæmdum, að það lét nærri, að 3 af hverjum 4, sem áður hafa unnið hjá ríkinu, væru reknir heim úr vinnunni. Þetta veit hv. þm. mætavel, og ég efast ekki um, að hann hafi gert það sjálfur. Þm. greiða þrásinnis atkv. gegn frumvörpum, sem þeir hafa flutt brtt. við. Eins og kunnugt er, þá hafa mörg mál farið í gegnum þingið, sem við jafnaðarmenn vorum mótfallnir. Hinsvegar höfum við reynt að flytja brtt. við þau, til þess að sníða af þeim verstu agnúana. Við höfum gefið yfirlýsingar um það, að við mundum greiða atkv. gegn tekjuaukafrv. þeim, sem fyrir þinginu hafa legið, m. a. af því, að við erum mótfallnir stefnu þeirra flestra. Um fjárlagafrv. fyrir árið 1933 höfum við sagt það,

að með þeim svip, sem yfir því væri nú, mundum við greiða atkv. á móti því. Nú er það vitanlegt, að samkomulag hefir orðið á milli stóru flokkanna um að afgreiða fjárl. á þessu þingi, og þess vegna berum við enn fram þessa till. — Og ég verð að segja það, að ég sé ekkert eftir hv. þm. V.-Húnv. og öðrum þdm., sem það vilja, að gera sér það til skammar að greiða atkv. á móti þessari till. í þriðja sinn. **(Forseti hringir).** Mér þykir vænt um, að hæstv. fors. leggur áherzlu á þessi orð mín.

Ég sé ekki ástæðu til að gera aths. við þau orð, sem hæstv. fjmrh. lét falla um þessa till.; hann hefir alltaf látið falla vinsamleg ummæli viðvíkjandi till. um framlög til atvinnubóta, en það hefir ekkert komið út af því, enn sem komið er.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Fyrirspurn sú, sem hv. þm. Seyðf. beindi til mín, er alveg út í hött. Hann spurði, hvort stj. hefði ætlað að stjórna fjárlagalaust, ef fjárlfrv. hefði verið fellt á þessu þingi. Vitanlega hefði hún orðið að setja bráðabirgðafjárlög til þess að fara eftir. En það kemur ekki þessu máli við, sem hv. jafnaðarmenn hafa staðið að. Þeir hafa viljað fella niður öll tekjuaukalög og tekjuöflunarmöguleika á þessu ári, sem áttu að gera það mögulegt að framkvæma fjárlögin. Þetta veit hv. þm. mætavel. Hvorki hann sjálfur eða flokksbræður hans hafa á þessu þingi gert nokkra tilraun til þess að afla ríkissjóði tekna, svo að hægt væri að framfylgja fjárl. Og þá hlaut það vitanlega að koma niður á verklegum framkvæmdum ríkisins, og þeim liðum fjárl., sem ekki eru bundnir með sérstökum lögum, og rýra atvinnu verkamanna á þessu ári.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vildi gjarnan undirstrika þá yfirlýsingu, sem hv. þm. V.-Húnv. gaf um það, hvað fyrrv. stj. hefði haft í huga, ef fjárl. hefðu verið felld á þessu þingi. Hann sagði, að hún hefði þá orðið að stjórna samkv. bráðabirgðafjárlögum. Mér virðist svo sem ýmsir kekkir ætli nú að fara að koma upp úr súpunni, ef stj. hefir verið með áform um að setja bráðabirgðafjárlög. Ég veit þá ekki, hvaða hugmyndir hún hefir um þingræðið, ef hv. þm. segir þetta fyrir hönd síns flokks og þeirrar stj., sem hann styður. Mér þætti gott að heyra um það af vörum hæstv. fjmrh., hvort hann vill staðfesta þessar merkilegu fréttir, og vænti upplýsinga um, hvort þær eru réttar; en vera má, að hv. þm. sé hér að hlaupa með hugaróra.

Hv. þm. V.-Húnv. verður reyk þegar hann segir, að við Alþýðuflokksmenn séum að gera tilraun til að svipta verkamenn atvinnu á þessu ári, með því að greiða atkv. á móti fjárl. fyrir 1933. Þetta er hrein vitleysa. Það hefir engin áhrif á fjárl. þessa árs, hvort fjárl. verða samþ. fyrir 1933. Hitt veit hv. þm. líka, að þetta er gagnstætt því, sem hann hefir áður sagt. En hann skiptir svo oft um skoðun, þessi hv. þm. Það er skemmra milli skoðanaskipta hans á hv. 2. þm. Skagf., sem hann nú væntanl. styður til ráðherradóms. En það gerist margt kynlegt á þessum tímum.

Hv. þm. má vita, að fjárl. gilda til loka þessa árs, og að tekjustofnar eru óbreyttir á þessu ári, bæði verðtollurinn og gengisviðauki, þó fjárl. hefðu verið felld fyrir næsta ár. Ég geri ráð fyrir, að þó ekkert hefði verið breytt um tekjustofna, en nægilegur vilji verið fyrir hendi hjá stj., þá hefði ríkissjóður, með því sem talið er í sjóði um áramót, getað fullnægt þeim lögbundnu greiðslum til verklegra framkvæmda í fjárl. þessa árs, sem mun vera um eða innan við ½ millj. kr., fyrir utan það, sem ætlað er til vegaviðhalds og sjálfsagt er farið að nota nú þegar að einhverju leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram í þessu sambandi. En mér væri mjög kært, ef hæstv. núv. fjmrh. — og væntanl. forsrh. á morgun — vill skýra frá því, hvort það hafi verið ætlun stj. að stjórna eftir bráðabirgðafjárl., ef fjárlagafrv. hefði verið fellt á þessu þingi.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er misskilningur hjá hv. þm. Seyðf., að sjóðeign ríkissjóðs um áramót og væntanl. tekjur á árinu nægi til þess, að staðið verði við verklegar framkvæmdir samkv. fjárl. Hv. þm. má vita, að það þurfa að

vera upp undir 4 millj. kr. í sjóði um áramót til þess að mæta greiðslum ríkissjóðs fyrstu mánuði ársins, þó að um engan tekjuhalla sé að ræða.

Ég skil það vel, að hv. þm. Seyðf. hafi gert sér miklar áhyggjur út af afleiðingum þeirra gerða sinna að greiða atkv. á móti fjárl., ef það hefði ráðið úrslitum. En þar sem aðrir hafa nú orðið til þess að sporna við því og hjálpað til að afgreiða fjárl. nú í þinglokin, þá hygg ég, að hann ætti nú að láta huggast af þessu og spara sjálfum sér slíkar áhyggjur og óþarfar fyrirspurnir.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mig furðar á því, að hæstv. fjmrh. skuli ekki svara skilmerkilega þeirri fyrirspurn, er ég beindi til hans, og sem sannarlega var ekki tilefnislaus, þar sem einn af öruggustu stuðningsmönnum hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Skagf. gaf þá yfirlýsingu hér í þd., að stj. hefði verið ráðin í að stjórna landinu með bráðabirgðafjárl., ef fjárlfrv. fyrir árið 1933 yrði fellt á þessu þingi. (LH: Ég held, að það hafi enginn annar heyrt þau orð). Jú, allir þdm. hafa áreiðanlega heyrt það, nema ef til vill hv. þm. V.-Sk. Þetta er auðvitað beinlínis brot á stjskr., og svo þykir hæstv. fjmrh. viðeigandi að gefa engar skýringar á því, hverjar fyrirætlanir stj. hafi verið í þessu efni. En ég skal auðvitað ekkert fullyrða um nema þetta hafi verið fleipur hjá hv. þm. V.-Húnv. Það er sú minnsta krafa, sem hægt er að gera til hæstv. fjmrh., að þingið fái að vita, hverskonar ráðagerðir og bollaleggingar hafa verið á seyði hjá stj. og hennar flokki, ef fjárlfrv. yrði fellt. Þingið og þjóðin þurfa að vita um þetta. Ef það hefir verið ásetningur hæstv. fjmrh. í fráfarandi stj. að stjórna landinu fjárlagalaust, þá hygg ég, að það muni renna tvær grímur á ýmsa þm. að veita honum traust til nýrrar stjórnarmyndunar á morgun.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér þykir leitt, að hv. þm. Seyðf. skuli enn vera jafnáhyggjufullur og áður. Og mér þykir ennfremur leitt að geta ekki sagt fyrir um óorðna hluti, sem hefðu leitt af því, ef hv. þm. og flokksbræðrum hans hefði tekizt að fella fjárlagafrv. En um hitt, hvernig hugarfar mitt hafi verið í þessu efni, þykir mér ekki ástæða til að gefa neina yfirlýsingu. Þó er útlátalaust fyrir mig að segja það, að ég hefði verið því fylgjandi að leggja til, að þingið yrði rofið. En hvað þá hefði komið á eftir, ef svo hefði farið við kosningar, sem útlit er fyrir, að sama afstaða hefði verið eins og nú á milli flokkanna í þinginu, það er erfitt að segja. Liggur þá næst fyrir mig að spyrja hv. þm., hvað honum sýndist, að rétt hefði verið að gera, ef fjárl. hefðu verið felld aftur á nýkosnu þingi. Þetta gat vitanlega endurtekizt þangað til ekki hefði orðið hjá því komizt að stjórna eftir bráðabirgðafjárlögum. En þar sem þessar óhjákvæmilegu afleiðingar hefðu aðeins orðið vegna framkomu hv. þm. og flokksbræðra hans, virðist fásinna af honum að varpa fram þessari fyrirspurn, eins og ábyrgðin hvíldi á öllum öðrum. Ég sé ekki ástæðu til, að hv. þm. spyrji, hvað hefði orðið, ef þetta eða hitt hefði átt sér stað. Ég hefði fremur kosið að heyra eitthvað, sem við kemur núverandi ástandi frá hv. þm., heldur en þær óhlutrænu fyrirspurnir, sem hann hefir varpað hér fram.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Seyðf. er alltaf að tala um, hvað ég hafi sagt um fyrirætlanir fráfarandi stj., ef fjárlfrv. hefði verið fellt á þessu þingi. Það, sem ég sagði, var þetta, að stj. hefði orðið að fara eftir bráðabirgðafjárl., ef engin fjárl. hefðu fengizt samþ. En ef til vill er það afsökun fyrir hv. þm., að hann virðist ekki geta hugsað sér aðra stj. en þá fráfarandi, sem hann og flokksmenn hans studdu. En ef fjárlög hefðu verið felld, þá sé ég ekki annað ráð en þetta fyrir neina stj. Vitanlega er hér aðeins um mitt persónulega álit að ræða, en ekki neina yfirlýsingu frá hálfu míns flokks eða hæstv. stj., enda hefi ég ekkert umboð til að lýsa afstöðu hennar í þessu efni. Þetta hjal hv. þm. er því aðeins út í loftið. Ásökunum þeim, sem hann hefir varpað fram til stj. í þessu sambandi, ætti hann miklu fremur að stefna til sjálfs sín. Ég talaði ekki um hótanir hv. jafnaðarmanna um að fella fjárl., heldur um mótstöðu þeirra gegn tekjuaukalögunum. Það er

auðséð, að hv. þm. vantar umtalsefni; þess vegna gerir hann mér sjálfur upp orð, sem ég hefi aldrei talað, og rífst svo út af þeim.

Hv. þm. talaði hæðilega um, hvað ég væri fljótur að skipta um skoðun á hv. 2. þm. Skagf., sem ég nú veitti stuðning til stjórnarstarfa, en hefði áður verið mjög mótfallinn. Ég skal fúslega játa, að ég geri það ekki með ánægju að veita hv. 2. þm. Skagf. stuðning sem ráðherra. En ég vil heldur stuðla að því, að samvinna takist á milli framsóknar- og sjálfstæðisflokkanna heldur en að hv. jafnaðarmenn fái tækifæri til að leggja allt í flag. Þessa afstöðu mína mætti fremur skilja sem mælikvarða um óendanlega fyrirlitningu mína á framkomu jafnaðarmanna. (**Forseti** hringir). Ég vinn það frekar til að ganga til samvinnu við höfuðandstæðinga mína í þjóðmálum til þess að jafnaðarmenn fái ekki aðstöðu til að vinna sín ófremdarverk.

Þá sagði hv. þm. Seyðf., að tekjuaukalögin féllu ekki úr gildi fyrr en í lok þessa árs. En hv. þm. veit, að sum af hinum nýju tekjuaukafrv., sem liggja fyrir þinginu, koma til framkvæmda nú þegar á þessu ári, svo sem bifreiðaskatturinn og 25% viðbótartekjuskatturinn. Það eru hvorttveggja nýjar viðbótartekjur, sem eiga að hjálpa til þess að bæta fjárhagsafkomu ríkissjóðs á þessu ári, og gefa betri vonir um, að hægt verði að framkvæma núgildandi fjárlög.

Hv. þm. má gjarnan gefa mér upp orð, er hann svo notar sem tilefni til að rífast um, en ég ætla ekki að elta ólar við þær fjarstæður, sem koma úr hans frjóva heila.

Jóhann Jósefsson [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að ég hafði búizt við, að hv. fjvn. mundi bera fram till. til lagfæringar á fjárlfrv., eins og það kom frá hv. Ed. eftir meðferðina þar. Ég kann því illa, að sú hefð komist á, að Ed. sé látin vera einráð um afgreiðslu fjárl. og að hún geti sett sinn svip á þau. Ég hafði einnig búizt við því, að hv. fjvn. mundi áætla einhverja fjárupphæð í fjárl. til kreppuráðstafana, hvort sem það væri kallað til atvinnubóta eða einhvers annars. Hv. frsm. gerði ráð fyrir því í ræðu sinni, að nýir skattar yrðu lagðir á til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og þá finnst mér það ekki verjandi af hv. fjvn. og hv. þd. að afgreiða fjárl. án þess að gerðar séu nokkrar ráðstafanir til þess að hlaupa undir baggann og hjálpa almenningi í kreppunni. Ég hefi áður getið þess, að þetta er að vísu ekki æskileg aðferð, en það getur verið bráðnauðsynlegt á þessum erfiðu tímum, og þýðir ekki að loka augunum fyrir því.

Hv. þm. Seyðf. skýrði frá því, hvernig stj. hefði farið með þá heimild, sem henni er veitt í núgildandi fjárl., til þess að létta undir með kaupstaðarbúum í atvinnuleysinu. Sú skýrsla sýnir, að henni hafa verið mislagðar hendur, þar sem einstöku bæjarfélög hafa hlotið talsverðan atvinnubótastyrk, en önnur ekki neitt, þó að ástæður þeirra væru mjög líkar. Vegna þess að ég er mjög óánægður yfir því, að hv. fjvn. skuli ekki bera fram neinar till. til lagfæringar á fjárlfrv., mun ég fallast á brtt. hv. þm. Seyðf. og greiða atkv. með henni.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég verð fyrst að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann taldi, að ég hefði ekkert tilefni haft til þess að beina til sín þeirri fyrirspurn, sem ég varpaði fram um fyrirætlanir stj., ef fjárlfrv. hefði verið fellt. Þetta þykir mér ómaklega mælt af hæstv. ráðh., þar sem spurningin er beinlínis fram komin vegna þeirrar yfirlýsingar, sem einn af tryggustu fylgismönnum stj., hv. þm. V.-Húnv., gaf um þetta efni. Þó að hv. þm. vilji nú endurskoða það, sem hann áður sagði, og gefa það út í breyttri mynd, þá vita allir hv. þdm., að hann sagði beinlínis, að ef fjárlfrv. hefði verið fellt á þessu þingi, þá hefði landinu verið stjórnað með bráðabirgðafjárlögum. Fram hjá þessu er ekki hægt að komast, hvorki fyrir hv. þm. V.-Húnv. né hæstv. fjmrh. Að hv. þm. hafi aðeins verið að fleipra með þetta frá sjálfum sér, er harla ótrúlegt, eftir alla þá miklu flokksfundi, sem haldnir hafa verið í stjórnarflokknum, bæði fyrir og eftir fæðingu hinnar nýju stjórnar.

Ég er hræddur um, að hv. þm. þurfi líka að endurskoða þau ummæli, er hann

hafði í síðari ræðu sinni, að vegna þess að 4 jafnaðarmenn, sem sæti eiga í þinginu, væru búnir að leggja allt í flag, þá hefði Frsfl. orðið að taka höndum saman við höfuðandstæðinga sína í stjórnmálum. Eftir þessu að dæma erum það ekki við jafnaðarmenn, sem erum höfuðandstæðingar þessa hv. þm. í stjórnmálum. Þetta er sú skemmtilegasta skollavitleysa, sem ég hefi vitað nokkurn mann gera í pólitík.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Ég kæri mig ekki um að fara í langan skollaleik við þennan hv. þm. og væri þó full þörf á að reyna að koma fyrir hann vitinu, þar sem hann hefir svo rækilega bundið fyrir öll sín skilningarvit við umr. í þessari deild.

Að ég taldi Sjálfstæðisflokkinn höfuðandstæðing minn, byggist á því, að hann er sá andstöðuflokkur okkar framsóknarmanna, sem einhver áhrif hefir. Aftur á móti hefir Jafnaðarmannaflokkurinn svo lítil áhrif út af fyrir sig, að það er ómögulegt að reikna hann með. (**HG:** Og samt setja þeir allt í flag). Þeir vilja gera það og mundu gera það, ef þeir gætu, en sem betur fer geta þeir það ekki einir. En þeir voru á tímabili í samvinnu við hinn andstöðuflokk okkar, og þess vegna lá nærri, að þeir gætu komið þessum skemmdarverkum fram. En nú hefir þessi flokkur séð að sér og gengið til samvinnu við okkur, en á móti þessum hv. jafnaðarmönnum, sem hafa ekki fengið sjónina enn, og því til frekari tryggingar, að þeir sæju ekkert það, sem rétt er eða skynsamlegt í fjárhagsmálum þjóðarinnar, hafa þeir nú vel og vandlega bundið fyrir augun á sér, eins og kemur nú greinilega fram hjá hv. þm. Seyðf.

Ég kalla jafnaðarmenn ekki höfuðandstæðinga mína; ég get ekki valið þeim svo virðulegt nafn. Ekki svo að skilja, að þeir standi skoðun minni neitt nær en sjálfstæðismenn, heldur er það, eins og ég áður sagði, af því, að mér finnst ekki hægt að telja þá með. Þeir geta engin áhrif haft, nema þá í gegnum hina flokkana. En hvar sem þeir hafa unnið með öðrum flokkum, hefir það sýnt sig, að allt þeirra starf hefir orðið til óheilla og bölvunar. Þeir voru á góðum vegi með að eyðileggja starf Framsóknarflokksins, en sem betur fór tókst það ekki. Nú voru þeir komnir með Sjálfstæðisflokkinn undir fallöxina, en hann bjargaði sér í tíma með því að ganga til samvinnu við okkur framsóknarmenn um að vinna að þeim málum, sem helzt mega verða þjóðinni til bjargar á þessum erfiðleikatímum. En jafnaðarmenn hafa ekki séð og vilja ekki sjá nauðsyn þjóðarinnar, og þess vegna standa þeir ennþá utan gátta.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hv. þm. segir, að þar, sem við jafnaðarmenn séum með, þar snúist allt til hins illa og allt leggist í flag. Þetta er þá dómurinn um starfsemi Framsóknarflokksins á undanförnum árum, sem fór með stjórn landsins fyrir tilstilli okkar jafnaðarmanna. Svo skildist mér á honum, að sama máli hefði verið að gegna um samvinnu okkar við sjálfstæðismenn um kjördæmaskipunarmálið, allt það starf hefði farið í flag. Ég veit ekki, hvort á að skilja þessi orð hv. þm. svo, að nú sé eyðilagt það mál, sem við ætluðum að vinna að ásamt Sjálfstæðisflokknum, nefnilega kjördæmaskipunarmálið. Þætti mér æskilegt í því sambandi, að ráðh. Sjálfstæðisflokksins, hv. 2. þm. Skagf., vildi skýra frá, hvort þetta er rétt, sem hv. þm. gefur í skyn, að nú sé framgangur þessa máls stöðvaður.

Frsm. fyrri kafla (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hv. þm. Seyðf., ef hann heldur, að hann og hans félagar hafi komið ófremdartillögum sínum fram. En starf þeirra var komið svo langt, að nauðsyn var til að rísa upp og hrista þá af sér. Þess vegna hlaupa þessir vesalingar nú um lúpulegir og skrækjandi með hrútshorn í rófunni og bera sig illa, sem vonlegt er.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér skilst, að hv. þm. sé að veita okkur ákúrur fyrir, að við studdum Framsóknarflokkinn, og þess vegna þurfi hann nú að hrista okkur af sér og sparka í okkur. Þetta þykir mér það skringilegasta af því öllu saman.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 830 samþ. með 14 : 1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 3 atkv. og endursent Ed.

Á 96. fundi í Ed., 6. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 839).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Mér finnst það eiga vel við nú í þinglokin að ræða nokkuð almennt um þá atburði, sem gerzt hafa síðustu dagana, nú við þessa einu umr. fjárl. í Ed., og þá jafnframt þær breyt., sem orðið hafa á viðhorfi mála hér á þingi.

Síðan fjárl. voru samþ. hér við 3. umr., hefir verið gerð á þeim breyt., sem ég tel talsvert til bóta, þar sem samþ. hefir verið sú till. Alþýðuflokksins, að veita fé til atvinnubóta. Nemur sú upphæð alls rúmlega 1 millj. kr. Þetta fé er þannig veitt í fjárl., að það er skylt að greiða það, það er bein útgjaldaskipun, en ekki aðeins um greiðsluheimild að ræða. Féð á að nota til atvinnubóta og einnig á að hjálpa þeim sveitarfélögum, sem eiga við erfiðleika að stríða vegna atvinnukreppunnar.

Þessi fjárhæð, sem hér á að leggja fram, er vitanlega of lág, og ég gæti bezt trúað, að stj. þyrfti að grípa til meira fjár heldur en hér er veitt, ef ástandið verður jafnvont og það hefir verið nú að undanförnu og lítur út fyrir, að verði á þessu sumri og næsta vetur. En því er verr, að stj. og stóru flokkarnir í þinginu hafa ekki viljað fallast á að veita heimild til að framkvæma ýmis nauðsynjaverk eða fá til þess lagaheimild, en út í þetta ætla ég ekki að fara lengra nú, heldur víkja að öðru.

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa í sameiningu gengið til stjórnarmyndunar og afgr. í sameiningu þau mál, sem safnazt hafa fyrir hér í Ed. og eigi hafa fengizt afgr. til þessa; en þetta skilst mér hafa það í för með sér, að nú sé viðhorf til mála öðruvísi en áður. Því að hingað til hafa Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hér í Ed. haldið málum fyrir framsóknarstj., svo sem fjárl. og tekjuöflunarfrv., án tillits til þess, hvort þau væru í samræmi við stefnu þeirra eða ekki. Þeir hafa haldið þeim með tilliti til þess eins að knýja fram lausn kjördæmaskipunarmálsins. Þessu hefir verið lýst yfir af flokkunum á þingi dögunum oftar og mánuðum saman á þessu hinu langa þingi. Því hefir einnig verið lýst yfir í blöðum þessara flokka daglega að heita má og ekki klipið úr, að þessu skyldi haldið til streitu. Kjördæmaskipunarmálið var það mál, sem þeir lögðu mesta áherzlu á, og kjósendur þessara flokka víðsvegar um land höfðu safnað saman áskorunum til þingsins um að leysa þetta mál nú. Alls voru komnar áskoranir frá milli 20 og 30 þús. kjósendum að leysa þetta mál í samræmi við þær till., sem fyrir lágu frá þessum flokkum, og það er hægt að segja, að í aðalatriðunum hafi Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn orðið sammála um tillögur til úrlausnar á málinu, þó að þeir hvor í sínu lagi hefðu sínar sértillögur í kjördæmaskipunarnefndinni. Ég ímynda mér, að óhætt sé að segja, að þeir geti báðir eða hafi hingað til sætt sig við þá úrlausn málsins, sem fólst í því stjórnarskrárfrv., sem var lagt fyrir þingið af þessum flokkum. (**Forseti:** Þetta er ekki viðkomandi því máli, sem nú er til umr.). Ég álít, að hæstv. forseti geti nú leyft umr. um almenn mál, af því að Ed. hefir á þessu þingi ekki notað þann rétt, sem hún hefir til að halda eldhúsdag. Hér hafa því á þessu þingi ekki farið fram neinar almennar umr. um stjórnmálin. Þetta er ein umr. fjárl., og menn þurfa ekki að halda sér við einstök atriði.

Ég finn sérstaklega ástæðu til að tala nú við hv. sjálfstæðismenn í þessari d., sem mér finnst blátt áfram, að hafi svikið gefin loforð í kjördæmaskipunarmálinu, sem kjósendur væntu af þeim, eftir því sem þeir töluðu á þingi og eftir því sem blöð þeirra hafa skrifað og eftir því

sem þeir lofuðu sínum kjósendum, og ennfremur hafa þeir brugðizt því að verða við þeim áskorunum, sem menn sumpart hafa sent þinginu ótilkvaddir og sumpart voru fram komnar fyrir tilverknað þeirra flokka, sem vildu lausn kjördæmamálsins á þessu þingi, þar á meðal Sjálfstæðisflokksins. Nú verða þeir vitanlega að standa kjósendum reikningsskap gerða sinna og þeirrar brigðmælgi, sem þeir hafa sýnt í þessu máli.

Sjálfstæðismenn hafa algerlega brugðizt því, sem haldið var fram sameiginlega af Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum, að láta skríða til skarar um kjördæmaskipunarmálið á þessu þingi og koma því í höfn. Um þetta hafa þessir tveir flokkar verið sammála, og þær yfirlýsingar, sem þeir hafa gefið, eru alveg ótvíræðar. Sjálfstæðisfl. hefir gefizt upp við það, að halda föstum málum í efri deild til að knýja fram réttlætismálið. Nú er stíflan tekin úr og flokkarnir fara þá að vinna að framgangi sinna mála, þeirra, sem nú hafa verið látin hvíla vegna kjördæmamálsins, hver eftir sinni stefnu, en stefnur þeirra eru ólíkar, og fyrir utan kjördæmamálið eru fá mál, sem þeir geta unnið saman að.

Ég get ekki stillt mig um að víkja ofurlítið að því, sem hv. sjálfstæðismenn hafa sagt áður hér í þinginu um stjórnarskrármálið. Það skortir ekki stórar yfirlýsingar frá þeim. T. d. sagði hv. 1. landsk. 14. apríl síðasti., á afmæli þingrofsins: „Við látum ekkert upp á krít". M. ö. o.: þeir (þ. e. sjálfstæðismenn) ætluðu ekkert að láta laust af málum stjórnarinnar nema viðunandi lausn fengist í kjördæmaskipunarmálinu. En nú sé ég ekki betur en að þeir hafi látið allt upp á krít, fjárlögin, tekjuaukafrumvörpin og svo Magnús Guðmundsson í ofanálag. Þeir hafa gefið Framsókn „krít" á kjördæmaskipunarmálinu til næsta þings og lagt auk þess ráðherrann inn í reikning Sjálfstæðisflokksins hjá Framsókn.

Sama dag sagði hv. 1. landsk. í ræðu, þegar ég hafði að gefnu tilefni brýnt hann á því, hvort sjálfstæðismenn mundu ekki slaka til í kjördæmaskipunarmálinu: „Hitt má hann vita með vissu, að svo verður haldið á þessum málum, að vörur verða ekki teknar úr búðinni fyrr en full trygging er fengin fyrir því, að andvirðið verði greitt".

Enn segir hv. 1. landsk. sama daginn: „Framsóknarmenn mega vita það, að þessu máli verður haldið til streitu hvað sem það kostar". Þannig talaði hv. form. Sjálfstæðisflokksins 14. apríl. Hann ætlaði að halda kjördæmaskipunarmálinu til streitu hvað sem það kostaði, þó það yrði að knýja fram þingrof og nýjar kosningar. En hvernig er aftur viðhorfið nú? Nú hafa sjálfstæðismenn frestað málinu a. m. k. til næsta þings; hv. 1. landsk. er horfinn frá að halda því til streitu.

Ég læt nú þetta allt saman vera, ef trygging hefði verið fyrir því, að kjördæmamálið verði leyst á viðunandi hátt á næsta þingi. En það er síður en svo, að nokkur vissa sé fyrir því. Hv. 1. landsk. hefir orðið að játa, að hann hefir enga tryggingu fyrir lausn málsins á næsta þingi, og hæstv. forsrh. hefir lýst yfir, að hann gæti ekki lagt fram neinar slíkar tryggingar. Hann hefir engu lofað.

En hvað er svo um Framsóknarflokkinn? Hann hefir að gefnu tilefni — þar sem sjálfstæðismenn hafa undanfarna daga sagt meira heldur en þeir hafa getað sagt samkv. því samkomulagi, sem á milli þessara tveggja flokka varð — látið útvarpa yfirlýsingu, sem ég tel rétt, að komist hér inn í þingtíðindin, og vil því leyfa mér að lesa hana upp:

„Að gefnu tilefni, vegna yfirlýsingar þingflokks sjálfstæðismanna í gær, óskar þingflokkur framsóknarmanna þess getið, að í sambandi við myndun samsteypuráðuneytisins hafa ekki af hálfu Framsóknarflokksins verið gefnar neinar yfirlýsingar né neinar ákvarðanir teknar um lausn kjördæmamálsins.

Að öðru leyti skal tekið fram, að Framsóknarflokkurinn fól Ásgeiri Ásgeirssyni að mynda ráðuneytið, enda fengist þá afgreiðsla á fjárlögum og öðrum nauðsynlegum fjáraflalögum.

Alþingi, 3. júní 1932.
Þingflokkur framsóknarmanna".

Hvað er þingflokkur Framsóknar? Það eru allir framsóknarþingmennirnir, líka

hæstv. forsrh. Sjálfur forsrh., ásamt öllum sínum flokksmönnum, lýsir yfir, að engar ákvarðanir hafi verið teknar um lausn kjördæmaskipunarmálsins. Mér virðist því málið liggja þannig fyrir nú, að engar tryggingar og engar ákveðnar vonir séu um það, að viðunandi lausn fáist á kjördæmaskipunarmálinu á næsta þingi.

Hv. 1. landsk. hefir nú skrifað langa grein um kjördæmaskipunarmálið í Morgunblaðið (**JónÞ:** Sem verður þó lengri). Ég get þá vel trúað, að hv. þm. eigi enn eftir að koma með ýmsar afsakanir fyrir undanhaldi sínu. Í því, sem komið er af greininni, er undanhaldið svo augljóst, að á það þarf ekki að benda. Hv. 1. landsk. er þar farinn að tala hér um bil eins og hv. þm. Str., fyrrv. forsrh., talaði í vetur um stjórnarskrármálið. Hann kallar það harðræði að standa við yfirlýsingar í kjördæmaskipunarmálinu og knýja það fram með þeim vopnum, er flokkarnir í efri deild gátu beitt. En það er einmitt orð, sem hv. þm. Str. var mjög tungutamt í sambandi við umr. um stjórnarskrármálið.

Eitt af því, sem hv. 1. landsk. ber fram í þessari Morgunblaðsgrein til afsökunar á tilslökun hans flokks, er það, að þetta mál sé svo ungt, réttlætismálið, sem hann er þó búinn að berjast fyrir í eitt og hálft ár. Baráttan fyrir málinu er nú eldri hjá Alþýðufl., en sleppum því. Hann segir, að aðrar þjóðir hafi orðið að berjast miklu lengur fyrir slíkum umbótum, sem hér er um að ræða, oft átta eða tíu ár og jafnvel áratugi. Ég hlýt að skilja þessi ummæli þannig, að hv. þm. geti sætt sig við, að ekkert væri gert í kjördæmaskipunarmálinu næstu 8 til 10 árin. (**JónÞ:** Þetta ber alls ekki að skilja þannig). Eftir því, sem á undan er gengið, finnst mér mjög líklegt, að hv. þm. komi með svipaðar skýringar á næsta þingi, að málið sé ekki orðið nógu gamalt til þess að koma til framkvæmda.

Ég ætla svo ekki að svo stöddu að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi nota tækifærið við þessa umr. fjárl. til þess að tala dálítið almennt um málin, lýsa því, hvað hv. sjálfstæðismenn hafa herfilega gengið á svig við yfirlýsingar sýnar og hvernig þeir hafa algerlega fallið frá því að heimta lausn kjördæmamálsins, og meira að segja án þess að hafa nokkrar tryggingar fyrir lausn þess síðar. Ég þykist nú nokkurnveginn hafa sannað það með ummælum mínum og því, sem ég hefi vitnað í ræður hv. 1. landsk., að hann hefir algerlega gengið frá sinni fyrri stefnu í málinu, að sinni að minnsta kosti. (**JakM:** Samvizkan!).

Forseti (GÓ): Ég verð að segja það, að þótt þessi ræða væri falleg hjá hv. 2. landsk., þá kom hún eftir dúk og disk. Það voru allar líkur til, að fjárl. ættu ekki eftir að koma til umr. hér, svo að það var bara heppni, að hv. þm. gat spúð þessu úr sér, og ég veit ekki, hvort nokkur hefir haft gagn af því.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég var því miður ekki kominn í d., þegar hv. 2. landsk. byrjaði upplesturinn á þessari Alþýðublaðsgrein sinni, sem við erum nú nýbúnir að heyra. Eiginlega þarf ég ekki annað að segja viðvíkjandi aðdróttunum hans um undanhald af hálfu Sjálfstæðisflokksins í kjördæmamálinu en að gefa þær upplýsingar, að áður en sú ákvörðun var tekin í Sjálfstæðisflokknum að eiga þátt í myndun samsteypustjórnar með Ásgeiri Ásgeirssyni sem stjórnarforseta og ganga inn á að fresta málinu til næsta þings, þá var það í samráði við tvo af fulltrúum Alþýðuflokksins á þingi, þar á meðal hv. 2. landsk. Ég hefði aldrei sagt neitt úr því samtali, sem við áttum um þetta, ef hv. 2. landsk. hefði sýnt þá sjálfsögðu kurteisi að láta blaðagreinar sínar koma bara í Alþýðublaðinu, en ekki að lesa þær upp hér í þinginu. En úr því að hann hefir nú lesið þetta upp hér, þá verð ég að gefa upplýsingar um svör þessara forvígismanna Alþýðuflokksins. Þeir tjáðu, að þeim væri óljúft, að málinu væri teflt þannig, að koma þyrfti til nýrra kosninga án þess að stj.skrárfrv., eins og það var hér í Ed., væri samþ. Þeir gáfu í skyn, að yrði málinu frestað, þá myndi Alþýðuflokkurinn nota það til þess að fá einhvern flokkslegan ávinning á kostnað Sjálfstæðisflokksins. En sem sagt — þeir sögðu, að það væri í samræmi við sínar óskir að reyna nú að sneiða hjá árangurslausum kosningum.

Það, sem okkur sjálfstæðismönnum var sérstaklega annt um, var að fá að vita, hvort nokkur hætta væri á því, að Alþýðuflokkurinn myndi bregðast þessu máli á næsta þingi fyrir þessar sakir. En fulltrúar hans tóku það fram, að slíkt gæti ekki komið til nokkurra mála; það lægju fyrir fullgildar samþykktir frá æðstu stjórn þeirra flokks um að styðja þetta mál, og því mundi framfylgt.

Ég þarf eiginlega ekki að segja meira. Hv. 2. landsk. veit eins vel og ég, að enginn nema Framsóknarflokkurinn hefir tekið ákvörðun um að láta málið ekki ganga fram á þessu þingi.

Þá gerði hv. 2. landsk. að umtalsefni yfirlýsingu þá, er Framsóknarflokkurinn hefir látið útvarpa, og að í henni felist engin loforð um lausn málsins á þessu þingi. Flokkurinn reyndist ófáanlegur til þess að láta málið ganga fram. Einnig reyndist hann ófáanlegur til þess að gefa yfirlýsingu í kjördæmamálinu, sem sjálfstæðismenn gætu talið fullnægjandi, eða nokkuð nálægt því, í sambandi við myndun hreinnar Framsóknarstjórnar. Ég hefi ekki óskað eftir neinum yfirlýsingum af hálfu Framsóknarflokksins um kjördæmamálið í sambandi við myndun þessarar stj., sem nú er sezt á laggirnar. Kjördæmamálinu er ekki bezt borgið með því, að það sé leyst samkv. vilja meiri hl. þess flokks, sem málinu er andstæðastur. Málið verður að leysast með atfylgi þeirra flokka, sem eru því fylgjandi, og þeirra manna úr Framsóknarflokknum, sem okkur standa næstir. Ég ætla að vona, að hv. 2. landsk. misvirði það ekki við mig, þótt ég óski ekki sérstaklega eftir því, að Framsóknarflokkurinn fari nú, þessa dagana, að taka ákvörðun um það að binda sína flokksmenn, þá sem málinu vilja sinna, við eitthvað það, sem meiri hl. flokksins er tilbúinn til að samþykkja nú. Það, sem hv. 2. landsk. er að gera hér, er ekkert annað en það, sem við vissum, að ritstjórar og blaðamenn flokksins myndu gera, þ. e. að reyna að nota sér það, að Framsóknarflokkurinn frestaði málinu, til þess að reyna að gera Sjálfstæðisflokkinn tortryggilegan í augum einhverra af þeim kjósendum, sem þessu máli eru fylgjandi, og reyna að veiða einhver atkv. handa Alþýðuflokknum. Ég er ekkert hræddur um, að honum takist þetta. Það er svo býsna margt, sem skilur á milli flokksmanna Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Og það þarf meira en annaðhvort tortryggingar eða fagurgala, hvoru sem yrði nú beitt af hálfu hv. 2. landsk., til þess að teygja sjálfstæðismenn yfir í sinn flokk. Ég hefi um þetta ekki nema eina ósk, og hún er sú, að hv. 2. landsk. standi við það á næsta þingi, sem hann hefir sagt, að væri ákvörðun síns flokks, að halda áfram að veita þessu máli ósvikið fylgi, eins og ég vil trúa, að hann hafi gert, þó að hitt sé í hámæli, að hann hafi gert fyrrv. forsrh. Framsóknarflokksins tilboð um lausn á málinu, sem braut í bága við kröfur Sjálfstæðismanna, og sagt er, að ekki hafi staðið á öðru en að uppástungan hefði verið samþ. af meiri hl. æðstu stjórnar Framsóknarflokksins. Ég hefi ekki viljað trúa þessu, því að ég hefi alltaf haldið, að hv. 2. landsk. væri einlægur í þessu máli, og held, að hann sé það enn, þótt hann geri þessar kjósendaveiðatilraunir með þessari ræðu sinni. Að tilslökun hjá Sjálfstæðisflokknum hafi falizt í því, að Framsóknarflokkurinn frestaði málinu, sem hann hafði þingmeirihluta til, nær ekki nokkurri átt. Auðvitað var báðum andstöðuflokkunum boðið upp á að gera tilslakanir í málinu og láta það ná fram að ganga á þessu þingi. Þau tilboð komu frá Framsókn. Einmitt vegna þess, að við höfum ekki slakað til í málinu, er það ennþá óleyst og bíður næsta þings. Þetta veit hv. 2. landsk. eins vel og ég.

Ég þakka svo hæstv. forseta, að hann hefir leyft mér þetta svar, sem raunar fer ekkert inn á efni þess máls, sem hér er til umr.

Jón Baldvinsson: Það var gott, að hv. 1. landsk. hafði ekkert annað til þess að afsaka sig með heldur en eitthvert einkasamtal, sem hann hefði átt við menn úr Alþýðuflokknum. Þegar ég talaði áður, fór ég ekki inn á neitt annað en það, sem var opinbert í málinu, og það, sem sagt hefir verið á þingi og í blöðunum. En hv. 1. landsk. fór að draga hér inn í umr. samræður, sem höfðu orðið milli hv. 1. þm. Reykv. og hans annarsvegar og mín

og hv. 3. þm. Reykv. hinsvegar. (**JónÞ:** Og ég er þakklátur fyrir tilefnið). Ég vil leyfa mér að spyrja hv. 1. landsk., hvort hann óski þess, að allar þær umr., sem orðið hafa manna á milli í þinginu út af þessu máli, verði birtar hér? (**JónÞ:** Ég veit ekki um þær allar.). Að því leyti þá, sem hv. þm. veit um þær. En ég get gjarnan tekið það fram, að við Alþýðuflokksmenn ætlum okkur að halda fram kröfunum í þessu máli, þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi bilað. Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að við munum alltaf halda fram þessum kröfum, og raunar var það ekki annað, sem hann vitnaði til úr viðtalinu við okkur Héðinn Valdimarsson en það, að við myndum ekki bregðast þessu máli. Spurningin, sem lá fyrir af hendi hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., getur, eftir orðum hv. þm., hafa verið á þessa leið: Ætlið þið að svíkja í kjördæmamálinu, þótt við svíkjum?

Ég mótmæli því sem alröngu, að ég hafi gert nokkurt það tilboð, sem sé lægra en þær kröfur, sem við höfum farið fram á. En ég ætla að benda hv. 1. landsk. á möguleika, sem lá fyrir í vetur út úr þessu máli, óg sem ég einnig átti einkasamtal við hann um. Það var um frestun þingsins. Hv. þm. man e. t. v. eftir því, að hann skýrði mér frá því, að uppi væri ósk hjá Framsóknarmönnum um að fresta þinginu, þangað til seinna í sumar, t. d. til ágústmánaðar. Til þess gátu verið margar ástæður. M. a. óvissan um utanríkismálin. Ég sagði hv. þm., að ég væri þessu alls ekki fráhverfur og gæti trúað, að það gæti bjargað kjördæmamálinu. Og ég held, að þetta hafi verið leið, sem hefði mátt fara án þess að hv. 1. landsk. hefði þurft að taka upp krítina og skrifa hjá Framsóknarflokknum öll tekjufrv. til næsta árs, því að hefði þinginu verið frestað, þá hefði mátt halda fjárl. og tekjuaukafrv. ósamþykktum, en framsóknarmönnum hefði gefizt tækifæri til þess að fara heim til sinna kjósenda. Og ég skil það vel, að ýmsum framsóknarmönnum þyki nauðsyn til slíkrar farar, til þess að friðmælast, jafnvel þegar eftir það frv., sem þeir hafa nú boðið, eftir umtal þeirra við kosningarnar í fyrra. En sérstakl. væri þó ástæða til heimfarar, ef þeir hefðu þurft að ganga inn á kröfur Alþýðufl. og Sjálfstæðisfl. í kjördæmamálinu. Þá gat sannarlega verið réttmæt ástæða til að fara heim og sannfæra kjósendur sína um, að þeir hefðu haldið fram röngu máli í fyrra, og óverjandi væri að ganga nú ekki að réttlátri kjördæmaskipun. — Ég er ekki frá því, að þessi leið hefði e. t. v. verið fær.

Ég get ekki annað en vitnað ofurlítið í það, sem sjálfstæðismenn hafa sagt um tryggingarnar fyrir framgangi þessa máls og hve litlar og veikar þær eru og lítilfjörlegt allt það, sem þeir byggja þennan frest á. Því er bezt lýst með því, sem hv. þm. G.-K. sagði í ræðu á fundi hér um daginn og var eitthvað á þá leið, að honum (ÓTh) hefði Magnús Guðmundsson sagt, að Ásgeir Ásgeirsson hefði sagt sér frá einhverju, sem þó ekki mætti segja. (**JakM:** Er þetta eftir Alþýðublaðinu?). Þetta eru ummæli Ólafs Thors á fundi í barnaskólaportinu. Þannig er nú tryggingin. Hv. 1. þm. Reykv. hefir verið ákaflega harður í þessu máli og í einkasamtölum, sem ég ætla ekki að fara út í, hefir ekki skort yfirlýsingarnar. Í blaði sínu hefir hann einnig verið mjög harðorður, og 25. maí síðastl. segir hann svo: „Stjórnin mun nú loks komin að raun um, að andstæðingum hennar sé full alvara í kjördæmamálinu. Fjárlög fást ekki samþ. nema stjórnarskrármálinu sé ráðið til lykta að vilja andstöðuflokkanna. Og sama máli gegnir um tekjuaukafrv., svo sem gengisviðauka, verðtoll o. fl.“.

Þetta var nú 25. maí. Hv. þm. var full alvara þá, — en hvað er nú langt síðan? Einnig sagði hv. 1. þm. Reykv. í Vísi 22. maí: „Málstaður stjórnarliðsins er vonlaus, en andstæðingunum er sigurinn vís, ef þeir gæta þess að láta áhuga sinn fyrir því, að réttlætið nái fram að ganga, eflast með hverjum degi, unz fullnaðarsigur er unninn“. (**JónÞ:** Heyr!). Nú hefir áhugi hv. 1. þm. Reykv. eflzt svo mjög (**JakM:** Ég er ekki þarna uppi á pöllunum.) að hann hefir slegið málinu á frest, gegn algerlega ófullnægjandi yfirlýsingum um framgang þess.

Sami snúningurinn, sem orðið hefir hjá þingflokknum, hefir og orðið hjá blöðum Sjálfstæðisfl. Í blaði hv. 1. þm. Reykv. eru það nú kölluð „læti“ í jafnaðarmönnum, þegar þeir eru að halda fram

sömu kröfum og hv. 1. þm. Reykv. hefir áður haldið fram. Það er nú kallað „þrái“, „stífni“ og „stórlæti“ að halda fram því, sem í allan vetur og síðast fyrir nokkrum dögum var í blaði þm. (JakM) kallað „réttlætismálið mikla“. Mætti mörg ummæli til tína, ef þurfa þætti til að sýna snúninginn.

Það er því hægt að slá því föstu, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir breytt um stefnu í þessu máli. Hann hefir algerlega brugðizt sínum yfirlýsingum, sem hann hefir gefið kjósendum og borið fram á þessu þingi og haldið á lofti í blöðunum. Allt þetta hefir hann svikið með því að slá málinu á frest á svo óákveðinn hátt eins og hann hefir gert.

Magnús Torfason: Ég vil geta þess, sem ég hefi lýst hér yfir áður, að ég hefi aldrei gert mikið úr þessu mikla réttlætistali í kjördæmamálinu, sem hefir verið haft hér svo mjög á oddi. Ég hefi litið svo á, og hefi ástæðu til þess eftir samtal við íhaldsmenn á vetrarþinginu 1931, að allt þetta réttlætistal væri blátt áfram ekkert annað en kosningabeita, gert til þess að lækka hlut Framsóknarflokksins. En eins og við vitum, þá hefir þetta mistekizt, og það svo greypilega, að hér á þingi hefir því hvað eftir annað verið lýst yfir af andstöðuflokkunum, að þeir bæru enga von í brjósti um það, að þeir gætu komið Framsóknarflokknum í þann minni hl., að þessu réttlætismáli þeirra fengizt framgengt.

Ég þykist vita, að Sjálfstæðisflokkurinn, og þá sérstaklega formaður hans, hafi fullkomlega viðurkennt þetta með sjálfum sér, og það hefir komið fram að nokkru leyti á einum þingfundi hér í vetur, þar sem hv. 1. landsk. lýsti því yfir, að nokkrir framsóknarmenn væru tilbúnir til þess að ganga nú í samband við Sjálfstæðisflokkinn, og þá sjálfsagt líka Alþýðuflokkinn, til þess að leysa málið með því að slá af kröfunum. Það kom þannig fram eins og einhverjir framsóknarmenn hefðu verið að leita samninga við Sjálfstæðisflokkinn fram hjá stjórn síns eigin flokks og að þessir menn mundu ætla sér að sprengja Framsóknarflokkinn, ganga úr honum.

Nú hefir hv. 1. landsk. aftur lýst yfir því, að vonir hans standi til þess, að hann geti leyst þetta mál með einhverju broti úr Framsóknarflokknum, og það lýtur þá að því, að hann hafi von um, að honum takist að sprengja Framsóknarflokkinn. Jafnframt hefir verið talað um það, að einhver undirmál væru á milli núv. dómsmrh. og forsrh., og því verður mér á að spyrja: Er það virkilega meiningin með þessu að gefa í skyn, að hæstv. forsrh. muni ætla sér að gangast fyrir því að sprengja þann flokk, sem hann nú veitir forstöðu, með því að ganga með nokkrum mönnum að samkomulagi við sjálfstæðismenn um lausn á þessu máli? Ég vil ekki trúa þessu; mér þætti þetta svo afskaplegt. Þess vegna leit ég svo á, að rétt væri að bera fram þessa fyrirspurn til hv. 1. landsk., hvort hann virkilega meinti þetta. Ég álít, að hæstv. forsrh. hafi rétt á að fá þessu svarað hér í deildinni nú strax.

Jón Jónsson: Mér þykir það ekki nema að líkum, þó að hv. 2. landsk. hafi gaman af að tala hér í þinglokin um það mál, sem búið er að taka upp jafnmikinn tíma og tefja jafnmikið fyrir framgangi aðalmála þingsins eins og þetta mál hefir gert, sem hann hefir nú gert að umtalsefni. Ég mun ekkert blanda mér inn í þá ádeilu, sem hann var hér með á félaga sína, hv. sjálfstæðismenn, en ég vil víkja örfáum orðum að eitthvað tveimur setningum, sem komu fram í ræðu hans.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að við Framsóknarmenn þyrftum að friðmælast við kjósendur okkar út af því, að nú værum við á leiðinni að hlaupa frá einhverju, sem við hefðum haldið fram í kosningunum í fyrra. Ég get sagt hv. þm. það, að framsóknarmenn líta ekki svo á, hvorki ég né aðrir, að þingflokkur Framsóknar þurfi að neinu leyti að friðmælast við kjósendur sína; það er öðru nær en að svo sé. Í fyrra héldum við framsóknarmenn því fram, að núv. sveitakjördæmi ættu að haldast framvegis, og að við vildum beita okkur fyrir því, að þau héldust framvegis eins og þau hafa verið. Í öðru lagi vildum við beita okkur fyrir því, að áhrifavald sveitanna rýrnaði sem minnst frá því, sem það er nú og hefir verið að

undanförnu. Þetta er það, sem við sögðum kjósendum okkar í fyrra, og ég get fullyrt, að þessu hvortveggja höfum við haldið eindregið fram á þessu þingi, og við erum ekki líklegir til að hvika frá þessu.

Nú er svo komið, að enginn ágreiningur er lengur milli flokkanna um að halda núv. kjördæmum, og ég fyrir mitt leyti eygi þann möguleika, sem Framsóknarflokkurinn beitir sér að sjálfsögðu öflugast fyrir, að áhrifavald sveitanna rýrni lítið frá því, sem nú er, í hlutfalli við aðra staði landsins. Þess vegna held ég, að það sé engin ástæða fyrir okkur til að friðmælast við kjósendur okkar út af framkomu okkar í þessu máli. Við höfum starfað þar í fullu samræmi við það, sem við höfum haldið fram áður. Annað mál er það, og því höfum við aldrei borið á móti, að kjördæmaskipunarmálið þyrfti að leysa og gera einhverjar umbætur á þeim lögum, sem nú gilda þar um. Við höfum engin loforð gefið á þingi um þá hluti, hvorki flokkurinn í heild sinni né einstakir þm. innan hans. En vitanlega þarf að leysa málið, og ég þykist eygja möguleika til þess, svo að ég hygg, að því megi treysta, að málið verði leyst nú á næstu árum. (**JBald:** Næstu árum?). Já, næstu árum, því að jafnvel þótt stjórnarskrárbreyting yrði samþ. á næsta þingi, þá verða kosningar að fara fram áður en málið er að fullu leyst, og er því engin fjarstæða að tala um fleiri en eitt ár.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að Framsóknarflokkurinn heldur fast við þessi tvö atriði, sem ég áðan minntist á, en að því leyti sem breytingar á stjskr. og kosningalögum gætu samrýmzt við þetta, þá álít ég það vel farið og vona, að það takist svo, að vel megi við una.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði. Hann var eitthvað að gefa í skyn eftir ummælum hv. 1. landsk., að það stæði til að sprengja Framsóknarflokkinn. Ég get sagt fyrir mig, að mér er ekki kunnugt um neitt í þá átt. Þær aðdróttanir, sem hann var með til hæstv. forsrh., eru með öllu ástæðulausar. Hæstv. ráðh. er á engan hátt í ósamræmi við þingflokkinn. Flokkurinn hefir sýnt honum það mesta traust, sem hann hefir sýnt nokkrum manni á þessu þingi, þar sem hann einróma fól honum að mynda ráðuneyti. Er þar með sýnt, að flokkurinn trúir honum fullkomlega og gerir ekki ráð fyrir, að hann sitji á svikráðum við flokkinn eða hugsi sér að sprengja hann. Flokkurinn veit, að það er hin mesta fjarstæða, að nokkur sviksemi búi hér á bak við.

Að endingu skal ég geta þess um þá möguleika, sem ég sagðist eygja til að leysa þetta mál svo, að allir megi vel við una, að þeir eru einmitt þannig vaxnir, að Framsóknarflokkurinn álítur, að hann geti vel sætt sig við þá.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér er sagt, að hv. 2. þm. Árn. hafi borið fram þá fyrirspurn, hvort ég hafi samið um það við sjálfstæðismenn að sprengja Framsóknarflokkinn. (**MT:** Ég beindi því að gefnu tilefni til hv. 1. landsk., hvort hann vildi gefa þetta í skyn). Fyrirspurnin er mér þó talsvert viðkomandi, svo að það er ekki undarlegt, þó að ég vilji gefa henni mitt svar.

Hv. þm. er vorkunn, þó að hann beri fram slíka fyrirspurn, vegna þess að hann hefir aldrei komið á flokksfundi í vetur og hefir með því gert sína litlu tilraun til að sprengja flokkinn. Af þessu mun ókunnugleiki hans á þessu máli stafa. Annars get ég sagt honum það, þar sem hann er svo ófróður um þá hluti, sem gerzt hafa, að mér var upphaflega falið af Framsóknarflokknum að mynda flokksstjórn með þeim hætti, að jafnframt fengist lausn nauðsynjamála. Þetta mistókst. Síðan var mér falið af miklum meiri hluta flokks og án mótmæla að mynda samsteypustjórn með sjálfstæðismönnum. Ég tók það að mér, þó að ég hefði mínar efasemdir í þessu sambandi um það, hvort mönnum væri almennt ljós sú nauðsyn að mynda samsteypustjórn, en án þess að almenningur finni nauðsynina getur slík ráðstöfun ekki orðið að fullu gagni. Ég þykist sjá fyrir, að ástæðurnar verði svo erfiðar, að slíkt samstarf milli þingflokkanna verði óhjákvæmilegt, en ég var hræddur um, að sú nauðsyn væri ekki orðin svo heyrum kunnug ennþá, að það væri fulltraustur grundvöllur fyrir samsteypustjórn. En mikill meiri

hl. míns flokks virtist vera þeirrar skoðunar, að ástandið væri orðið slíkt, að full ástæða væri til aukins samstarfs með þingflokkunum. Að þeirri ályktun fenginni tók ég að mér að reyna að mynda samsteypustjórn, og það tókst.

Það, sem ég hefi gert, er það eitt, sem Framsóknarflokkurinn hefir skorað á mig að gera. En hv. 2. þm. Árn. hefir staðið fyrir utan þessar ráðagerðir og ákvarðanir síns flokks, sem hann þó telur sig til, á sama hátt og hann var utangátta, þegar greidd voru atkv. um vantrauststill. í gær.

Jón Þorláksson: Það gladdi mig að heyra það, að hv. 2. landsk. skyldi neita þeim orðrómi, sem ég hefi getið um, að á hann hafi fallið, að hann hafi á þessu þingi gengið að mjög miklum afslætti frá réttlætiskröfunni. Ég tók það fram, að ég hefði engan trúnað á það lagt, og það gladdi mig, þegar ég heyrði, að það hugboð mitt var rétt.

Ég vil leiða athygli hv. þm. að því, að þegar hann er að ámæla Sjálfstæðisflokknum fyrir, að hann hefir ekki látið kjördæmamálið ganga fram á þessu þingi, þá vekur hann með þeim ámælum grun um það, að hann hafi nú ekki verið alveg heill í málinu sjálfur, því allir landsmenn vita, að engir möguleikar voru til að láta málið ganga fram á þessu þingi, nema þá með verulegum afslætti af réttlætiskröfunni. Þegar hann því er að ámæla sjálfstæðismönnum fyrir, að þeir hafi ekki gert þetta, þá get ég sagt honum, að þrátt fyrir sína yfirlýsingu, sem ég trúi fyllilega, þá vekur það þó þann grun, að sjálfur hafi hann viljað vinna það, sem þurfti til þess að afgr. málið á þessu þingi, en það var, eins og allir vita, ekki hægt nema með afslætti. Hv. þm. veit það vel, að því er snertir þetta mál nú, þá lá aðeins tvennt fyrir, og hvorttveggja fól í sér frestun á málinu til næsta þings. Annað var að knýja fram þingrof og kosningar, hitt var að láta málið bíða kosningalaust í örmum þessarar stjórnar. Ég veit vel, að flokkur hv. 2. landsk. vildi heldur þann kostinn, sem tekinn var. Ég veit það vel, að kosningum óskaði hann ekki eftir. Hann sá það eins vel og hinir flokkarnir, að kosningar gátu ekki skorið úr um þetta mál. Það gat engin höfuðbreyting orðið á afstöðu þingsins til þess.

En hv. þm. orðaði í seinni ræðu sinni einn möguleika til, en það var frestun á þinginu. Það er rétt, ég minntist ekki á þetta atriði áðan, af því að ekkert tilefni var til þess. Áður en við gengum að því að velja mann í samsteypustjórnina, en láta kosningar ekki fara fram, þá fórum við þess á leit, að stj. léti sér nægja að fresta þinginu og málinu yrði svo framgengt, en það var engin leið til að fá það. Það hefði verið hægt að fá frestinn tilgangslaust eins og kunnugt er, í höndum fyrrv. stj., sem alls ekki vildi beita sér fyrir afgreiðslu málsins og engin loforð vildi gefa í þá átt. Þessi leið var því ekki farin, eða réttara sagt, hún var ekki fær eða fáanleg.

Það hefir þess vegna ekki við nein rök að styðjast, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi breytt um stefnu eða brugðizt þessu máli með því að slá því á frest til næsta þings, af því fyrst og fremst, að það er ekki Sjálfstæðisflokkurinn, sem hefir ráðið þessum fresti til næsta þings, heldur er það Framsóknarflokkurinn einn. Að við höfum ekki breytt um stefnu eða brugðizt málinu, það höfum við einmitt sýnt með því að vilja ekki ganga inn á neinn afslátt frá réttlætiskröfunni til að fá málið leyst á þessu þingi, og ég vænti, þegar hv. þm. hefir áttað sig á þessu, að þá hætti hann að ámæla Sjálfstæðisflokknum fyrir það, að hann vildi ekki vinna það til afgreiðslu málsins á þessu þingi að slá af kröfunum. Ég er viss um, að hv. þm. er fullkomlega sannfærður um það í hjarta sínu, að það hefði ekki átt að gera.

Magnús Torfason: Hv. 1. landsk. hefir ekki litizt að svara fyrirspurn minni. (**JónÞ:** Það var innanhússmál Framsóknar). Það var hv. 1. landsk., sem með þessum orðum sínum hreint og beint sveigði að hæstv. forsrh. Hæstv. ráðh. var ekki við, en ég hélt, að hv. 3. landsk. mundi taka upp þykkjuna fyrir hann, en hann kvaddi sér ekki hljóðs, og því gerði ég það.

Þessa þögn hv. 1. landsk. mætti taka eins og gengur og gerist sem samþykki

— þögn er sama og samþykki —, og ég mundi hafa gert það, ef ekki hefði komið fram sú yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. gaf, og því verð ég að líta svo á, að hæstv. ráðh. megi vera mér þakklátur fyrir, að ég hefi ymprað á þessu og gefið honum tækifæri til að koma fram með þessa skörulegu yfirlýsingu, sem ég þóttist fyrirfram vita, að gat ekki hljóðað öðruvísi.

Hæstv. forsrh. vék að mér nokkrum orðum, og sagði, að ég hefði gert tilraun til að sprengja Framsóknarflokkinn. Ég verð að segja, að þetta kom úr hörðustu átt. Ég hélt, að ef út í það væri farið, þá gætu einhverjir fremur tekið það til sín heldur en ég. Ég þykist ekki hafa lagt annað til í Framsóknarflokknum en það, sem orðið gæti til að laða þann flokk saman, hvorki fyrr né síðar.

Hvað stjórnarmyndun snertir, þá hefi ég látið hana hlutlausa frá upphafi. Málið fór í skakkan farveg að mínum dómi, þegar lausnarbeiðnin var send, og eftir það leit ég svo á, að ekki væri vert fyrir mig að skipta mér af því máli, og það hefi ég ekki heldur gert. En þess vil ég óska, að hæstv. forsrh. takist að halda flokknum eins vel saman og ráðamönnum hans hefir tekizt síðan kosningarnar 1927.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Eftir ummæli hv. 2. þm. Árn. vil ég gera mér góðar vonir um, að ég beri gæfu til að draga hann inn í flokkinn aftur, og mun þá ekki standa á þeirri góðu samvinnu, sem kannske hefir vantað af hans hálfu á þessu þingi.

Hv. þm. tók svar mitt fullgilt, og kann ég honum maklegar þakkir fyrir þá umhyggju, sem hann hefir sýnt mér í þessu efni.

Jón Baldvinsson: Hv. 3. landsk. hefir nú staðfest öll óheilindin, sem fram hafa komið í stjórnarskrármálinu. Það er sem sé þannig, að það eina, sem sjálfstæðismenn hafa að reiða sig á, er það, að hv. þm. þykist eygja einhverja möguleika til að leysa þetta mál á næstu árum, svo að vel mætti við una, eða eins og hann tók fram í sömu ræðu, á þann hátt, sem Framsóknarflokkurinn allur gæti samþ. Ég bendi á þessi ummæli hv. þm. til þess að sýna, hve veik þessi von er hjá hv. 1. lands. og hve veikar þær ástæður eru, sem hann hefir nú fram að færa fyrir því, að hann hefir nú brugðizt stefnu sinni í málinu. Ég vil alls ekki fullyrða, að þeir viti það sjálfir, að málið gengur ekki fram. Ég vil vona það, að þeim verði að þeirri trú, að hæstv. forsrh. geti með einhverjum mönnum úr Framsóknarflokknum samþ. viðunandi lausn á málinu í Nd., en eins og hún er skipuð nú, þarf að fá atkv. 3 framsóknarmanna auk jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna til að koma fram málinu í Nd., og ef Ed. væri þá skipuð eins og nú og hv. 3. landsk. kæmi þá auga á möguleikann og yrði með í Ed., þá mætti vera, að málið næði fram að ganga. En allar yfirlýsingar um þetta benda frekar í aðra átt, svo að það er ómögulegt, að nokkur maður geti staðið upp og haldið því fram í alvöru, að von sé um lausn málsins á næsta þingi, eins og sjálfstæðismenn vilja nú fullyrða.

Hv. 1. landsk. segir, að það hafi verið ómögulegt að fá þessu máli framgengt á þessu þingi nema með því að slá af kröfunum. Þetta eru ný orð hjá hv. þm. og sýna stefnubreytinguna. Hv. 1. landsk. hefir innleitt það í umr. hér að vitna í einkasamtöl þingmanna. Ég vil fara hér að hans dæmi og vitna í fjöldamörg samtöl, sem ég hefi átt við þennan hv. þm., þar sem hann hefir fullyrt, að Framsókn væri að láta undan, og væri málunum fylgt fast fram, þá væri það ekkert efamál, að Framsókn léti undan, en við bærum sigur úr býtum og kæmum málinu fram á þessu þingi. Þetta hefir hann fullyrt í einkasamtölum við mig dögunum oftar. (**JónÞ:** Ég þurfti bara að brýna hv. þm.). Það er sama, hvernig það er nú lagt út af hv. 1. landsk. Þetta sýnir aðeins, hve staðfastur hv. þm. er og hve fast hann heldur á málunum. Og ég er líka viss um, að við hefðum fengið málið fram, ef staðið hefði verið fast saman um málið, og hv. 1. landsk. sagði þá, að gera ætti.

Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa á þessu þingi látið þau mál hvíla, sem þeir hvor um sig höfðu þó ekkert við að athuga sem stefnumál, til þess að knýja kjördæmamálið fram. Alþýðu-

flokkurinn hefir ekki á þessu þingi flutt þau tekjuaukafrv., sem hann vildi fá framgengt í staðinn fyrir verðtollinn. Það gerði hann með ráðnum hug með tilliti til þessa máls. Það er alveg satt, sem hv. 3. landsk. minntist á um daginn, að þegar hér var til umr. og atkv. frv. um hækkun á tekju- og eignarskatti, hefði atkvgr. verið dræm. Það var að því er mig snertir af þessum sömu ástæðum. Ég greiddi frv. þó atkv. í það sinn, svo að það gæti gengið til n. og fengið þar athugun, en síðan ætlaði ég ekki að greiða því frv. atkv. frekar en öðrum tekjuöflunarfrv., svo að mögulegt yrði að knýja stjórnarskrármálið fram nú.

Hv. 1. landsk. skýrir aðstöðuna nú nokkuð öðruvísi en hann hefir gert áður. Hann segir, að nú hafi aðeins tvennt legið fyrir, annað að knýja fram nýjar kosningar, en hitt að fresta málinu til næsta þings. Hv. þm. var trúaður á það, og ég býst við, að það hafi verið rétt hjá honum, að Framsókn hefði látið undan, ef fast hefði verið staðið á móti. En þegar fyrir mánaðamótin fór að finnast bilbugur á sjálfstæðismönnum. Framsóknarmenn gengu fram í þeirri dul, að þeir gætu kúgað sjálfstæðismenn og fengið þá til að ganga frá því, sem þeir höfðu barizt fyrir ásamt Alþýðuflokknum. Það má segja, að þetta hafi farið fram á þann hátt, að framsóknarmenn hafi tekið þá með sér upp á hátt fjall og sýnt þeim yfir allt landið og bent þeim á verzlunarflotann, fiskiflotann og dómsmálin og sagt: „Allt þetta leggjum við undir ykkar umsjón, ef þið fallið frá kröfum ykkar í kjördæmaskipunarmálinu“. Og sjá, sjálfstæðismenn féllu fram og tilbáðu Framsókn og lögðu Magnús Guðmundsson til sem umsjónarmann.

Þá vil ég minnast á frestinn, sem hv. 1. landsk. sagði, að mögulegt hefði verið að fá hjá gömlu stj. án þess að fá lausn kjördæmamálsins. Ég er sannfærður um það, að ef hægt hefði verið að fá gömlu stj. til að fresta þinginu þangað til í ágúst, þá hefði hún nauðug viljug orðið að ganga að kröfum Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins í kjördæmaskipunarmálinu, af því að það er áreiðanlegt, að margir framsóknarmenn eru — eða réttara sagt voru — komnir að raun um það, að ekki yrði hjá því komizt að slaka til í þessu máli. En margir þeirra munu hafa litið svo á, að þeir yrðu að fara heim til kjósendanna til þess að bera sig saman við þá. En þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefir slakað til í annað sinn — hann gerði það fyrst á sumarþinginu, — þá þurfa framsóknarmenn ekki að vera hræddir lengur, því miður, því að þá sjá þeir, að engin hætta er á, að sjálfstæðismenn, sem gengu frá kröfum sínum 1931 og 1932, geri það ekki líka 1933.

Ég vísa algerlega til baka þeirri ásökun, sem hv. 1. landsk. bar á mig, að ég hefði látið finna bilbug á mér í kjördæmaskipunarmálinu, því að hann hefir enga ástæðu til að ætla, að við Alþýðuflokksmenn séum nú á neinn hátt að hverfa frá þeim kröfum, sem við höfum í vetur haldið fram ásamt Sjálfstæðisflokknum. Um þetta mál hefir enginn ágreiningur verið, og mér er kunnugt um það, að hv. 1. landsk. hefir margsagt, að hann vildi halda málinu til streitu og knýja lausn þess fram á þessu þingi eða þessu ári. Og það hefði munað miklu, ef þessi frestun á þinginu hefði fengizt þangað til í ágúst. Þá hefðu framsóknarmenn fengið tíma og tækifæri til að endurskoða sínar till. í málinu, og þá hefðu þeir hlotið að láta undan síga, ef enginn bilbugur hefði fundizt á andstæðingunum. Það hefði verið mikill munur á því eða eins og allt er nú. Nú vita framsóknarmenn, að þeir hafa viss tök á Sjálfstæðisflokknum, þau tök, að bjóða honum stöðu í stj. Að því gekk Sjálfstæðisflokkurinn, og þar sem hann hefir nú slakað þannig til, þá getur Framsóknarflokkurinn búizt við tilslökunum áfram frá þeirra hendi. Það er því miður hætt við, að þeir gangi upp í þeirri dul, nema því aðeins, að sjálfstæðismenn sjái nú að sér á næsta þingi, ef þá verður aðstaða til að leysa þetta mál.

Þá vil ég benda hv. 1. landsk. á það, að það eru erfiðleikar á því fyrir jafnólíka flokka og Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn að standa lengi saman í baráttu um mál eins og þetta, þó að það sé mikið réttlætismál. Sóknin í þessu máli kostar það, að setja verður til hliðar ýmis önnur mál, sem þó eru stefnumál þeirra, eins og gert hefir verið í vetur.

Þess vegna verður því erfiðara að leysa málið, því lengur sem slík barátta stendur. Það liggur í hlutarins eðli, að svona ólíkir flokkar eiga erfitt með að setja til hliðar stefnumál sín fyrir þetta eina mál, þó að það sé stórt og þó að það sé mikið réttlætismál. Þess vegna eykur allur frestur á erfiðleikana. Því lengur sem það dregst að leysa það, því minni líkur eru til, að það geti náð fram að ganga.

Jón Þorláksson: Hv. 2. landsk. segir, að ummæli hv. 3. landsk. hafi sýnt, hve veik von sé um framgang stjórnarskrármálsins. Ég vil segja honum það, að ég byggi ekki eingöngu á ummælum hv. 3. landsk., ég hefi miklu sterkari vonir en það eitt, sem af hans ræðu mátti ráða.

Hv. 2. landsk. ber ekki lengur brigður á það, að ómögulegt hefði verið að koma málinu óskemmdu frá þessu þingi, en hann heldur því fram, að það hafi verið mistök að fresta ekki þingi þangað til í ágúst, því sennilega hefði verið hægt að koma því fram óspjölluðu þá. En það er algerður spádómur, að hægt hefði verið að afgr. málið á viðunandi hátt í ágúst, enda þótt unnt hefði verið að fá þingfrestun þangað til. Um hitt held ég að liggi fyrir yfirlýsing frá stj. sjálfri, að hún á næsta þingi leggi fram frv. um lausn á málinu.

Hv. 2. landsk. gerði mér þann greiða að minna á það, að ég hefði oft haldið því fram í viðtölum við hann á þessu þingi, að við yrðum að standa fast á málinu. Þetta er rétt hjá hv. þm., ég hefi oft gert það. Ég hefi jafnan haldið því fram, að við ættum að standa fast á málinu og slá ekki af kröfunum, og það hefir ekki heldur verið gert. En það er ekkert höfuðatriði fyrir þjóðina, hvort fullnaðarlausn málsins fer fram nokkrum mánuðum fyrr eða seinna. Hér er verið að búa til lög, sem þjóðin á að búa við um langan tíma, og er því mest undir því komið, að sú endanlega lausn verði góð og réttlát. Þess vegna er meira um það vert að fá þeim réttlátu kröfum framgengt heldur en að afgreiða málið kannske nokkrum mánuðum fyrr á þann hátt, að þar væri um ófullkomna réttarbót að ræða. Við sjálfstæðismenn höfum ekki heldur slegið neitt af kröfunum, og það er ómögulegt að segja, að neinn bilbugur sé á okkur í þessu máli, á meðan við gerum það ekki.

Í niðurlagi ræðu sinnar gaf hv. þm. það að vísu fullkomlega í skyn, að miklir erfiðleikar væru á því fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn að vinna þannig saman til lengdar, flokkarnir væru ólíkir og erfitt fyrir þá að setja stefnumál sín til hliðar fyrir þetta eina mál. Mér er vel ljóst, að þetta er alveg rétt, og ég veit, að þessir erfiðleikar aukast. Sérstaklega kynni það að verða erfitt fyrir Alþýðuflokkinn að fylgja þessu máli fram með allri þeirri harðneskju, sem minni hluti þarf að beita til þess að koma sínum málum fram. En einmitt af þessum ástæðum var það, að okkur sjálfstæðismönnum þótti sérstaklega mikil nauðsyn til þess að vera í fullu samræmi við Alþýðuflokkinn, þegar um tvennt var að velja, nýjar kosningar eða frestun til næsta þings. Við höfum nú fulla vissu fyrir því, að þessi leið, frestur án kosninga, hefir í för með sér enga breytingu á afstöðunni til þessa máls fram á næsta þing þrátt fyrir þá erfiðleika, sem hv. 2. landsk. réttilega lýsti. Þessi frestur gerir ekki heldur neina breyt. á afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins. Og þessir tveir flokkar hafa alveg sömu möguleika á næsta þingi, að neita um framgang mála, sem við í raun og veru erum ekki mótfallnir, en stöndum þó á móti til þess að knýja stjórnarskrármálið fram.

Ég vil svo enda þessa stuttu aths. mína með því að láta það í ljós, að ég fulltreysti því, að á næsta þingi standi Alþýðuflokkurinn við hlið okkar sjálfstæðismanna til að leysa þetta mál og beita þá þeim vopnum, sem minni hl. telur, að dugi til þess að knýja fram réttláta lausn þessa máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 858).

2. Fjáraukalög 1931.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1931 (stjfrv., A. 297)

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hæstv. fjmrh. er forfallaður frá að mæta á þessum fundi, en ég vildi óska þess, að hv. deild vildi lofa frv. þessu að ganga umræðulaust til nefndar. Vil ég leyfa mér að stinga upp á, eftir föstum vana, að frv. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og fjvn með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 596).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: N. hefir haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum. Þessar breyt., sem n. leggur til að gerðar verði, eru um nýjar upphæðir, sem komið hafa fram síðan frv. var samið og ávísað hefir verið á þennan lið reikningsins. Ég skal fara fljótt yfir sögu og minnast aðallega á þá liði, sem breytingar eru gerðar á.

Í þessu frv. er farið fram á 341035,03 kr. fjárveitingu alls, en verði till. n. samþ., verður sú upphæð um 348000 kr.

Í 2. gr. eru eftirstöðvar af byggingarkostnaði Arnarhváls, að upphæð 12541.16 kr. Af 49. aths. við LR. sést, að nokkuð af þessu eru eftirstöðvar frá árinu 1930, hitt er svo ýmis kostnaður frá 1931.

Samkv. 3. lið 3. gr. frv. er kostnaður af söfnun innflutningsskýrslna talinn 2594.-75 kr. þarna hafði verið lagt skakkt saman og villa komizt í frv.; þessi liður er raunverulega 4055 kr., og ber n. fram brtt. í þá átt, að liðurinn verði hækkaður það, sem þessum mismun nemur.

Af þessari upphæð var allmikið greitt á árinu 1930, en hitt er frá 1931. Endurskoðendur LR. hafa áður minnzt á þessa greiðslu fyrir söfnun innflutningsskýrslna og tekið fram, að þessa upphæði þyrfti að greiða. Það er eftirtektarvert, að aðeins 4—5 starfsmönnum ríkisins hefir verið borgað fyrir þessa skýrslusöfnun; allir aðrir hafa gert það án sérstakrar borgunar. Ég vil undirstrika orð endurskoðenda LR., að réttast væri, að ríkissjóður borgaði engum slík aukaverk.

Um liði 4. gr. er ekki mikið að segja; þeir eru að mestu leyti eftirstöðvar frá 1930. Þar er talsverður byggingarkostnaður í sambandi við spítalann á Kleppi. Þar hefir m. a. verið byggt vandað fjós. Kostnaður við það er í frv. 1040,70 kr. lægri en hann er í raun og veru, og leggur n. því til, að sá liður verði hækkaður um þá upphæð.

Við gjöldin í 5. gr. eru brtt. frá n. Þar er byggingarkostnaður í Bakkaseli útfærður 19000 kr., en á að vera 19438. Þessi bygging í Bakkaseli hefir nú kostað um 44000 kr. Saga þess máls er sú, að vegamálastjóri áætlaði upphaflega, að bygging þessi mundi kosta 35000 kr., og lagði til, að sú upphæð væri veitt í þessu skyni. Á Alþingi var þessi upphæð lækkuð niður í 25000 kr., en þar sem ekki hefir þótt fært að draga úr byggingunni, hefir þessi viðbótarupphæð verið veitt. Þarna er búið að byggja íbúðarhús, sem er 9x9 m. að stærð, hlöðu, hesthús, fjós og safngryfju, allt úr steini. Byggingarkostnaðurinn er líka ekki orðinn neitt smáræði. 44000 kr., og þá á ekki merkilegri jörð en Bakkasel er. Það má segja, að þarna sé mikil þörf á gististað, því að síðastl. ár fóru þar 1100 bílar framhjá, svo að umferðin er mikil. Sérstaklega er hentugt að hafa þarna gistihús fyrir ferðamenn, sem koma að norðan og eru að fara suður eða vestur í sýslur. Þessi gististaður er að mörgu leyti hliðstæður gistihúsinu í Fornahvammi.

Um aðra liði þessarar gr. hefir n. ekki gert brtt., og læt ég því hér við sitja. Ég mun ekki fara út í það að skýra einstaka liði, enda er það ekki sem þægilegast, þar sem margir þeirra eru eftirstöðvar frá 1930.

Viðvíkjandi liðunum á 6. gr. hefir n.

komið með eina brtt., þess efnis, að veitingin til nýs kirkjugarðs hér í Reykjavík verði 29410,00 kr., eins og kostnaðurinn hefir orðið, í stað 28210,00 kr. samkv. frv.

Að því er 7. gr. snertir, þá sé ég ekki ástæðu til að skýra þá liði, sem þar eru, en aftur á móti hefir n. komið með brtt. við 8. gr. 10. lið, sem lýtur að undirbúningskostnaði tryggingarstarfsemi. Hefir þessi kostnaður orðið 4100 kr., og leggur n. því til, að liðurinn verði hækkaður um 500 kr. Þá leggur n. og til, að við þessa gr. bætist nýr liður yfir kostnaðinn af verðrannsóknarn., sem skipuð var samkv. þáltill. á síðasta þingi, en þessi kostnaður nam 600 kr.

Ég sé, að ég mun hafa hlaupið yfir aðra brtt. n. við 5. gr., IV, þess efnis, að tveim nýjum liðum sé bætt inn á frv. Hljóðar annar þeirra upp á 429,74 kr., vegna aðgerðar á gestaskála á Ytri-Kotum, en hinn upp á 1575,92 kr., vegna aðgerðar og viðhalds á húsinu í Fornahvammi. Er þessi kostnaður áfallinn, en var ekki kominn fram, þegar frv. var samið, og upplýstist þetta áður en frv. fór frá n.

Þá vil ég leiðrétta prentvillu, sem er í 9. gr. frv., 10. tölulið. Stendur þar ranglega 1931 fyrir 1930, og verður þetta leiðrétt, þegar frv. verður prentað upp eftir þessa umr.

N. hefir ekki gert fleiri brtt. við frv. en ég nú hefi lýst, en ég tek það fram fyrir hönd n. út af 2. lið 10. gr., þar sem talinn er kostnaður vegna kaupa á skrifstofuvélum handa gjaldheimtumönnum, 2938 kr., að n. telur ekki rétt, að ríkissjóður greiði slíkar fjárhæðir sem þessar handa einstökum gjaldheimtumönnum, en þetta fé hefir skipzt þannig, að sýslumaðurinn á Akureyri hefir fengið 1108 kr. til kaupa á reikningsvél, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu 630 kr. til kaupa á sama, og bæjarfógetinn á Siglufirði 1200 kr. til þess að kaupa margföldunarvél. Mun það nýtt, að tekið er upp á að greiða slíka reikninga sem þessa, og leggur n. eindregið til, að hætt sé að greiða slíkar upphæðir eftirleiðis.

Það væri að vísu hægt að fara nánar út í frv. og skýra betur hina einstöku liði þess, en ég sé þó ekki ástæðu til þess að svo komnu, en áður en ég sest niður vildi ég fara nokkrum orðum um samning frv. og þær reglur, sem fylgt hefir verið um samning fjáraukalaga yfirleitt, og vil ég taka það fram, að ég tala um þetta frá eigin brjósti, en ekki fyrir hönd nefndarinnar.

Ég hefi ekki kynnt mér það, hve gömul sú regla er, að stjórnarráðið ávísi á þennan sérstaka lið hjá ríkisféhirði, sem ber nafnið „væntanleg fjáraukalög“. Hinsvegar er mikið ósamræmi í þessu starfi stjórnarráðsins og ósjaldan af handahófi, hverjum upphæðum er ávísað á þennan lið, hin væntanlegu fjáraukalög, því að hér er engu síður um að ræða þær upphæðir, sem ætlað er fyrir í fjárl., en þær upphæðir, sem hægt er að segja, að engin áætlun sé fyrir. Vafalaust væri réttast að ávísa á þennan lið öllum þeim upphæðum, sem greiddar eru umfram áætlanir fjárl., en ég býst við, að erfitt muni reynast að koma því skipulagi á, af ýmsum ástæðum, sem ég hirði ekki að rekja hér, og virðist mér því sem rétt sé að taka aðra leið og hætta öllum ávísunum á þennan lið, en ávísa í staðinn á þær gr. frv., sem færslan endanlega á að koma á. Það er tekið fram um allar færslur, undir hvaða gr. landsreikningsins þær heyra, og ætti að vera tiltölulega auðvelt, þegar ávísað er á ríkisféhirði, að ákveða, á hvaða gr. landsreiknings ávísað er og á hvaða lið hans. Sé ég þessu ekkert til fyrirstöðu, en niðurstaðan yrði að vísu sú, að upphæðirnar á því endanlega fjáraukalagafrv. yrðu hærri en með því fyrirkomulagi, sem nú er um þetta, en við þetta ynnist hinsvegar það, að skyldar greiðslur yrðu allar á einum stað og þar, sem þær eiga heima, og verður þannig þægilegra og aðgengilegra að fá yfirlit yfir landsreikninginn með þessu móti. Nú verður að leita að sömu greiðslunum í mörgum gr. landsreikningsins, til þess að fá yfirlit yfir heildarupphæðina, auk þess sem leita verður í 25. gr., sem hefir að geyma greiðslur samkv. sérstökum lögum, þingsályktunum, fjáraukalögum fyrir það árið og loks væntanlegum fjáraukalögum, sem eru eftirhreytur eða greiðslur, sem ekki voru enn komnar fram, er sjálf fjáraukalögin voru samþ. Ef n. hefði

þannig ekki komið með þessar brtt. við frv. nú, hefði þetta komið á landsreikninginn 1931 undir fyrirsögninni: væntanleg fjáraukalög. Þetta fyrirkomulag er að vísu ekki nýtt, en hefir vaxið um langan tíma, en þessu þarf að breyta, og vildi ég beina því til hæstv. fjmrh., að hann reyndi að finna eitthvert betra form fyrir þetta en þetta handahófsform er. — Eins og ég áður sagði, hefir þetta gilt um langan tíma, og er þannig í fjáraukal. ársins 1926 hærri upphæð til sendiherrans í Khöfn en í LR. sjálfum það ár (7. gr.). Sýnist þó ekkert hafa átt að geta verið því til fyrirstöðu, að viðbótargreiðslan til sendiherrans væri færð á þá gr. LR., sem hún að réttu lagi átti að vera, enda þótt upphæðin yrði hærri en búizt var við, þegar fjárl. fyrir það ár voru samin, af því að ekki var vitað, að starf sendiherrans yrði með öðrum hætti en það var árið áður. Er mjög óheppilegt að höggva þetta þannig í sundur, og þeir, sem eru óvanir landsreikningnum, eiga erfitt með og er enda illkleift að átta sig á því, hvað þetta og hitt hefir kostað. Það ætti því að vera áhugamál allra, að LR. sé svo úr garði gerður, að auðvelt sé að átta sig á því, hvernig starfsemi ríkisins hefir gengið í einstökum atriðum og í heild sinni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ætla ég, að það sé nokkurn veginn upplýst um þær greiðslur, sem fram hafa farið, að ekki hafi verið gott að komast hjá þeim sumum hverjum, en aftur eru aðrar vafasamari, t. d þær upphæðir, sem ég drap á, að n. ætlaðist ekki til, að yrðu greiddar framvegis, eins og greiðslurnar fyrir gerð innflutningsskýrslna og til kaupa á skrifstofuáhöldum handa gjaldheimtumönnum ríkisins. Um aðra liði má segja, að sé meira álitamál, hvort þeir eigi að greiðast úr ríkissjóði, t. d. 1. liður 3. gr. Þar hefir að vísu verið talið sjálfsagt að greiða embættismanni laun hans, þó að hann af einhverjum ástæðum hafi forfallazt frá að gegna embætti sínu, en það sýnist óneitanlega nokkuð langt gengið, þegar hlutaðeiganda líka er greitt fyrir aukastörf, sem hann hefir ekki leyst af höndum, þó að um hitt megi margt til færa, bæði með og móti. Segi ég þetta ekki í umboði n., en sjálfum sýnist mér sem farið sé á fremsta hlunn um greiðslur úr ríkissjóði í tilfellum sem þessum.

Ég býst ekki við að taka aftur til máls í þessu máli, nema ef æskt skyldi verða eftir sérstökum upplýsingum við einstaka liði frv., eða fram koma sérstakar aths., sem ég tel nauðsyn að svara. Ég geri ráð fyrir því, að d. samþ. till. n. og frv. sjálft, því að ef þessar greiðslur verða ekki samþ. nú, hefir það ekki aðra þýðingu en þá, að þær koma á LR. sjálfum undir liðnum: væntanleg fjáraukalög. En ég get bætt því við, að ríkisbókhaldið hefir tilkynnt, að ef frv. verði samþ. nú, muni engin slík væntanleg fjáraukalög verða að ári.

Magnús Guðmundsson: Við hv. þm. Borgf. höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, og lýtur hann að nokkrum liðum frv. Skal ég í stuttu máli drepa á þessa liði, en get þó um ýmsa þeirra vísað til þess, sem hv. frsm. sagði, sérstaklega um þá liðina, sem hann gat um, að n. ætlaðist til að féllu niður í framtíðinni.

Ég vil byrja með því að árétta það, sem hv. frsm. sagði um 1. lið 3. gr. Samkv. launalögunum eiga þeir, sem gegna störfum annars embættismanns í sjúkdómsforföllum hans, ekki að fá sérstaka borgun fyrir. Hér stóð einmitt svo á, og hefði því verið hægt að spara þessar 1000 kr.

Þá þykir okkur byggingarkostnaðurinn á Bakkaseli vera orðinn allmikill, þar sem hann er orðinn helmingi hærri en Alþingi ætlaðist til. Alþingi veitti 10000 kr. til þessara bygginga, en hér er farið fram á 19000 kr. aukafjárveitingu vegna þeirra, og sýnist slíkt ekki vera að fara að vilja þingsins.

Þá hefir og póst- og símahúsið á Selfossi orðið alldýrt. Hafa áður verið veittar 30000 kr. til þess, og nú er farið fram á ca. 6500 kr. í viðbót.

Kirkjugarðurinn hér í Reykjavík er og orðinn dýr, og eru þó ekki öll kurl komin til grafar enn í því efni, en vegna þess að ég minnist ekki, að nein upphæð hafi verið áætluð í þessu skyni í fjárlagafrv., vildi ég leyfa mér að beina því til hæstv. fjmrh., hvort ætlazt sé til þess, að verkinu verði lokið á yfirstandandi ári, því að það er vitanlegt, að leggja verður í

mikinn kostnað enn vegna kirkjugarðsins, áður en hægt verður að fara að grafa í honum.

Til hlöðubyggingarinnar á Hvanneyri hafa áður verið greiddar um 130000 kr., og með þeim 5300 kr., sem hér er farið fram á til hennar, sýnist mælirinn vera fullur, og er þess því að vænta, að hér sé um lokagreiðslu að ræða, en til frekari fullvissu vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort svo sé ekki.

Í 8. gr. er færður kostnaður vegna byggingar á rafstöð á Reykjum í Ölfusi, 9893,-77 kr. Hygg ég, að þetta muni ekki allur kostnaðurinn, sem hlotizt hefir af þessari rafstöðvarbyggingu. A. m. k. hefi ég séð það í blaðagrein eftir einn af stjórnarmeðlimum Mjólkurbús Ölfusinga, að mjólkurbúið hafi greitt helming kostnaðarins við rafstöðvarbygginguna, og hafi það orðið um 16000 kr. Geri ég mér því í hugarlund, að þetta muni vera fært einhversstaðar annarsstaðar líka. En hvar? Um það get ég látið mér detta í hug, að hinn hluti byggingarkostnaðarins sé færður á landsspítalann, því að við endurskoðun LR. fyrir árið 1930 rákumst við á um 50000 kr. tilheyrandi Reykjahæli, sem fært var á landsspítalann. Er það mjög óheppilegt að rugla svo á milli stofnana, og þó sérstaklega að sníða svo sundur kostnaðinn við sama mannvirkið, og get ég um þetta tekið undir það, sem hv. frsm. sagði.

Í 5. gr. eru færðar rúmar 6000 kr., sem rekstrarkostnaður vegna snjóbílanna, og er sýnilegt, að þetta er ekki nema lítill hl. af öllum rekstrarkostnaðinum. Veit ég ekki, hvar þessi kostnaður er færður 1931, en 1930 er borgað hér um bil 50000 kr. vegna snjóbílanna og yfirfært til ársins 1931, án þess að ég viti, á hvaða lið þetta er fært. Sýnist engin meining vera í því að vera að flytja svo á milli ára, enda sízt í samræmi við ályktun þá, sem gerð var hér á þinginu í fyrra í þessu efni, en verst er þó, að þessi upphæð skuli vera slitin sundur og færð hingað og þangað. Hefir n. litið yfir reikninga snjóbílanna, sem vegamálastjóri hefir samið, og ná þeir til vorsins 1931, svo að þar við bætist kostnaðurinn síðara hl. ársins 1931 eða fyrri part síðastl. vetrar. Er þessi kostnaður gífurlegur. Allur kostnaðurinn við snjóbílana mun nema yfir 100000 kr., og er innkaupsverð þeirra um 80000 kr. af þeirri upphæð. Voru keyptir fjórir snjóbílar, og hefir miklu fé verið varið til viðgerðar á þeim og til að kaupa í þá varahluti. Tekjurnar af snjóbílunum hafa hinsvegar ekki numið nema 15700 kr., og skiptast þær svo, að eftir tvo bílana á Hellisheiði hafa komið 9600 kr., bílinn á Holtavörðuheiði 3600 kr. og Fagradalsbrautarbílinn 2500 kr., og eru þó flutningsgjöldin með þeim fjórum sinnum hærri en með venjulegum bílum. Samkv. reikningunum hefir rekstrarhallinn orðið um 43700 kr., og er auðsætt, að þær 6000 kr., sem taldar eru í þessu frv., eru ekki nema lítill hl. af öllum rekstrarkostnaðinum. Í rekstrarhallanum hefir verið tekið með 15% fyrning á bílunum, en ég hygg, að þó sé allt of lágt reiknað, því að það hefir sýnt sig, að bílarnir eru of veikir til að þola þá flutninga, sem þeir eru lagðir í, því að þeir eru alltaf að bila. Er auðsætt, að ekki er nema tiltölulega lítil bót að því að hafa þessa bíla. Bæði er það, að þeir anna ekki flutningunum, enda yrðu þeir allt of dýrir, ef bílarnir ættu að bera sig, enda þótt ríkissjóður legði þá til fyrir ekkert. Einn bíllinn er og hættur ferðum, bíllinn á Fagradalsbrautinni. Átti að setja upp flutningsgjaldið með honum, en héraðsbúar sögðu, að engir flutningar myndu þá fást með honum. Hvað svo hefir verið gert við hann, veit ég ekki. En vegamálastjóri segir í aths. sínum út af reikningnum, að snjóbílar séu, sér vitanlega, hvergi notaðir til fólks- og vöruflutninga, nema á Íslandi. Hann segir að Norðmenn hafa keypt einn slíkan bíl 1930, en reynslan hafi orðið sú, að það hafi ekki verið talið fært að nota hann þar. Nú hefi ég heyrt sagt, að búið sé að finna upp sérstakan útbúnað á venjulegar bifreiðar til þess að þær geti farið yfir snjó. En ég hygg, að það muni ekki vera komin nægjanleg reynsla á þetta, svo það er ekki hægt að segja, hvort það muni koma að notum hér. En takist það, að nota þennan útbúnað hér á landi, þá er það auðséð, að þær 100 þús. kr. eða rúmlega það, sem hér er um að ræða, hafa farið fyrir lítið eða ekki neitt í þessar tilraunir. Enda var nú satt að segja

alltaf gengið út frá því í byrjun, af þeim, sem vit höfðu á, að þessi tilraun væri hæpin, og ég man, að í deilum um það var því haldið fram í lofgrein um þessa snjóbíla, að það væri þröngsýni hjá þeim, sem væru að halda því fram, að snjóbílar gætu ekki leyst samgöngumál okkar yfir fjallvegi að vetrinum. Nú er það komið á daginn, að þeir geta það ekki, a. m. k. ekki snjóbílar af þessari gerð. Þvert á móti er það bert, að þessum mikla kostnaði við þá hefði sannarlega verið á ýmsan annan hátt betur varið.

Ég mun svo bíða eftir svörum hæstv. fjmrh. áður en ég geri frekari aths.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég er náttúrlega ekki kunnugur sumum þeim greinum, sem spurt er um, eins og skyldi, þar sem ég tók ekki við fjárstjórninni fyrr en í ágústlok eða septemberbyrjun, og hlýt því að vísa sumum hlutum, eins og t. d. athugasemdunum um snjóbílinn, til hæstv. atvmrh., og eins því, hvernig rafmagnsstöðin á Reykjum í Ölfusi er færð, eða hvar hún er færð. Að öðru leyti er mér ljúft að afla mér upplýsinga um þessa tvo hluti til 3. umr., ef þess er óskað.

Um 3. lið 3. gr., greiðslu fyrir samningu innflutningsskýrslna, samtals 2500 kr., hefir mér verið skýrt svo frá í ráðuneytinu, að hún hafi átt sér stað síðastl. 7 ár, og að það hafi verið byrjað á henni, eftir því sem mig minnir, í desember 1925, þegar Jón Þorláksson var fjmrh. Í haust, þegar þessar greiðslur byrjuðu að koma til, gaf ég skipun um það til skrifstofunnar að greiða þetta eftir sömu reglum og fylgt hefir verið. Þar sem n. telur, að fella megi niður þessi gjöld, þá er sjálfsagt að athuga, hvort það er hægt, með allri sanngirni, en ég hygg þó, að sýslumenn hafi fengið þessar aukagreiðslur vegna kostnaðar, sem þeir hafi haft af söfnun skýrslnanna. Þeir munu hafa fengið menn til að safna þessum skýrslum fyrir sig á hafnarstöðvum úti um sýslurnar, og orðið að greiða þeim þóknun fyrir, og þykist ég vita, að Jón Þorláksson, sem var fjmrh. 1925, hafi ekki stofnað til þessara nýju útgjalda að ástæðulausu. En það er sjálfsagt að athuga þetta nánar.

Um Bakkasel, eða 5. lið 5. gr., er það að segja, að því fé var öllu eytt 1930. En það skiptir ekki máli; greiðslan kom öll til útgjalda eftir að ég tók við fjármálaráðuneytinu, en þá var búið að framkvæma allt verkið, og ekki annað að gera en greiða upphæðina, þó há væri. Um hitt, sem sagt hefir verið, að verkið hafi orðið dýrara en þurft hefði að vera, er bezt að spyrja vegamálastjóra, sem sá um alla framkvæmd þess. Um hitt tek ég alveg undir með hv. þm., að það er merkilegt, að það skuli vera búið að leggja í eitt heiðarkot annað eins fé og þetta.

Um 2. lið 6. gr., kirkjugarðinn í Rvík, er það að segja, að það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að í fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, er engin slík fjárveiting, en það stafar af því, að það er nú lokið öllum greiðslum vegna kirkjugarðsins.

Sama er að segja um hlöðubygginguna á Hvanneyri; henni var alveg lokið, er ég tók við, og sú ávísun, sem mér barst frá húsameistara, var frá 1930, og tjáði húsameistari mér, að þessa lokagreiðslu hefði dregizt að innheimta, einhverra hluta vegna, sem ég tel óþarft að skýra hér frá, en mun þó hafa verið m. a. vegna þess, að akkorðshafi hafi þótzt vanhaldinn af verkkaupinu og viljað fá uppbót og þurft hafi að gera þá hluti upp við hann áður en þessi lokagreiðsla færi fram.

Um 2. lið 10. gr., keyptar skrifstofuvélar handa gjaldheimtumönnum, er ég að vísu samþykkur hv. þm., að ef engin slík fjárveiting er fyrir hendi, þá á ekki að greiða slíka hluti. En ég skal geta þess um leið, að ég sé ekki, að það sé annað fært en að þingið sjái sumum gjaldheimtumönnum ríkisins fyrir nauðsynlegustu tækjum, sérstaklega þeim, sem eru dýr, eins og reiknivélar eru. Hjá sumum skrifstofunum, sérstaklega í kaupstöðunum, er svo mikið að gera, að til þess að afgreiðsla gangi þolanlega, er nauðsynlegt að geta haft fljótt reikningshald, bæði margföldun og samlagningu, svo ég sé ekki, að hjá því verði komizt að kaupa vélar til þess. En það er einkum á slíkum stöðum, sem þessar vélar hafa verið keyptar. Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hefir keypt eina slíka vél og sent reikning fyrir henni til ráðuneyt-

isins, en ekki fengið hann greiddan enn; ég vildi ekki greiða hann vegna þess, að það var engin heimild fyrir því að kaupa slíkan hlut. En þó þessi greiðsla dragist af þessum sökum, þá hygg ég, að ráðuneytið sleppi ekki við að greiða þennan reikning, sem mun vera 800 kr., sem engin heimild er fyrir, en hefði að vísu átt að fylgja. Hitt efast ég ekki um, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum þurfi að hafa slíkt tæki.

Ég hygg, að það séu ekki fleiri atriði, sem gefa mér tilefni til andsvara. En ég vil segja það, að hin almennu ummæli hv. þm. V.-Húnv. fellst ég alveg á. Fjáraukal., sem fara ekki eftir neinum föstum reglum, en safnað er á sumu af umframgreiðslum, sem eiga heima í hinum ýmsu gr. fjárl., en öðrum ekki, eru tilgangslaus. Ég er sammála um það, að fjáraukal. eiga ekki að vera nema tvennskonar; fjáraukal. fyrir þeim umframgreiðslum, sem búið er að greiða, eiga ekki að vera nema ein. En eins og nú er háttað þingtíma, getur ekki fyrr en á næsta þingi komið fram fjáraukalagafrv. fyrir árið 1931, og hefði þá þetta frv. mátt fléttast þar inn í. En það eru sérstaklega fjáraukal. um þá hluti, sem ennþá eru óframkvæmdir, sem þýðingu hafa, og ég álít það rangt, að það hefir fallið niður nú um langt skeið að bera fram fjáraukal. fyrir yfirstandandi ár. Ég fellst alveg á þetta, að það eigi að bera fram fjáraukal. fyrir yfirstandandi ár, en hitt sé þýðingarlaust, að vera að safna ýmsum umframgreiðslum á væntanleg fjáraukalög af handahófi.

Magnús Guðmundsson: Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. segir, að hann verður ekki krafinn reikningsskapar um þær greiðslur, sem farið hafa fram áður en hann tók við. En ég væri honum samt þakklátur, ef hann vildi útvega upplýsingar um þau atriði, sem hann veik til annara að svara, af því, að hvorugur hinna ráðh. er hér nú viðstaddur.

Að því er snertir innflutningsskýrslurnar, þá hélt ég, að það hefði ekki verið tilgangurinn að borga fyrir söfnun þeirra nema í byrjun, af því að þegar þær voru fyrst fyrirskipaðar, árið 1925, þurfti að safna skýrslum fyrir liðinn tíma, og það var auðvitað meiri fyrirhöfn að safna þeim eftir á en þegar það er gert jafnóðum. En það er ekki það versta, þó greitt sé fyrir þetta, heldur hve það kemur ójafnt niður. Sumir safnendur innflutningsskýrslna hafa fengið stórfé fyrir þær, sumir minna eða lítið, en flestir alls ekki neitt. Þetta sýnist mér ekki vera rétt, og ég held, að þessi söfnun þurfi ekki að kosta nema lítið, en það vakti eftirtekt yfirskoðunarmanna á þessum greiðslum, hvað upphæðin var geysihá árið 1929, en þá mun hún hafa verið 12000 kr. Ég álít, að það sé engin meining í því t. d. að greiða sýslumanninum í Árnessýslu 300 kr. fyrir að safna þessum skýrslum. Hann er sjálfur búsettur í þeim eina stað í sýslunni, þar sem um innflutning getur verið að ræða, en svo eru aðrir, sem hafa marga aðflutningsstaði í sínu umdæmi, og þeir fá ekki neitt. Þessu getur ekki verið rétt skipt, og það er m. a. vegna þess, sem bæði yfirskoðunarmenn, og að ég held fjvn. líka, telja þetta aðfinnsluvert.

Mjög svipað er að segja um reikningsvélarnar. Ég viðurkenni það, að það er gróflega erfitt að neita sumum embættismönnum um þessar vélar, eftir að aðrir hliðstæðir embættismenn hafa fengið þær; það getur ekki orðið réttlæti úr því. Þess vegna er það verra að hafa innleitt þennan sið, því að það er örðugra að kippa að sér hendinni á eftir.

Út af hinum almennu ummælum hv. þm. V.-Húnv. viðvíkjandi fjáraukal. yfirleitt, sem koma eftir sig, eins og þau alltaf eru — því allt er nú búið að greiða þetta —, þá er það alveg rétt, að það er talsvert undarlegt að vera að hafa tvenn fjáraukalög; það er alveg nóg að hafa ein fjáraukalög og öll eftir á í einu lagi. Nú, en að því er snertir þá aths. hv. frsm., að þetta fyrirkomulag sé til þess að rugla á milli liða, þegar til landsreikningsins kemur, þá er það náttúrlega rétt, ef LR. er færður eins og hann er færður nú, en það er vel hægt að skipta þessum upphæðum, sem eru í þessu frv., niður á tilsvarandi greinar í LR., því þessar upphæðir eru einmitt sundurgreindar á sama hátt og í fjárl., og það væri vel hægt að hafa 1 lið við hverja grein landsreikningsins, sem héti: Nýr liður: Samkvæmt fjáraukalögum 1932 .... t. d. Með því

móti væri hægt að fá alveg rétt yfirlit yfir skiptingu gjaldanna.

Í seinni tíð er það alveg lagt niður að koma með fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, og hygg ég, að því hafi verið hætt af því, að það yildi brenna við, að það kæmi nokkuð mikið inn á slík lög, en það er þó talsvert betra fyrir stj. að fá heimild til slíkra greiðslna, sem nauðsynlega þurfa að fara fram. En ég gæti trúað því, að hefði á undanförnum árum verið bornar fram till. um sumar þær greiðslur, sem stj. hefir innt af hendi, þá hefði það orðið erfitt að fá þingið til að ganga inn á þær. Ég tel, að það væri nokkur trygging í því, að stj. kæmi á hverju þingi með fjáraukal. fyrir yfirstandandi ár, og að stj. forðaðist svo, eins og frekast væri unnt, að borga út upphæðir, sem engin fjárveiting væri fyrir, þangað til þingið væri komið saman og segði til. Það getur auðvitað komið fyrir, að það sé ekki unnt að draga einhverja greiðslu svo lengi, en í mörgum tilfellum hefir það verið hægt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Áður en frv. kemur til 3. umr. skal ég afla mér upplýsinga um færslu Reykja, en um snjóbílana er ekki neinna frekari upplýsinga að leita, en það má náttúrlega ræða fram og aftur um reksturinn á þeim. Nú var það lagt fyrir vegamálastjóra að sjá um, að það yrði sem minnstur kostnaður af þeim á síðastl. vetri, en það reyndist auðvitað ókleift að hafa svo háan taxta, að þeir bæru sig. Hver niðurstaðan hefir orðið, veit ég ekki, en í framtíðinni verður að halda sér við fjárveitingu að því er snertir kostnaðinn, og yrði þá að minnka notkun bílanna, því taxtana er ekki hægt að hækka að verulegum mun.

Fyrir söfnun innflutningsskýrslna 1930 hefir engum sýslumanni verið greitt stórfé. (**MG**: Ég á við 1929). Nú, já, en ég má segja, að það hefir enginn fengið hærra fyrir þetta aukastarf en 600 eða 700 kr. Það er auðvitað, að þessi greiðsla á að vera réttlát, en þá verður einmitt ekki komizt hjá, að fjárhæðirnar verði mismunandi, sem greiddar eru hverjum einstökum. Það verður meira af fénu að ganga til þeirra sýslumanna, sem hafa mörg þorp, sem þeir ná ekki sjálfir til að safna í, en hinna. En það væri rétt að setja eitthvert hámark á það, hvað mætti greiða fyrir þetta, og greiða svo eftir reikningum sýslumanna, sem ættu að senda með kvittaða reikninga frá þeim aðstoðarmönnum sínum, sem skýrslurnar hefðu innheimt, og fá aðeins þá reikninga endurgreidda. Hvort lækka mætti þennan lið frá því, sem hann var 1930, eða úr 2500 kr., veit ég ekki, en hafi hann verið 12000 kr. 1929, þykir mér heldur ólíklegt, að veruleg lækkun geti átt sér stað á honum.

Annað þarf ég ekki að segja að þessu sinni.

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Út af innflutningsskýrslunum og umr. um þær skal ég upplýsa, að samkv. þeim lögum, sem innflutningsskýrslurnar eru gerðar eftir, er svo ákveðið, að vörur má ekki afhenda fyrr en slíkar innflutningsskýrslur eru afhentar, og það liggur í valdi viðkomandi lögreglustjóra að sleppa ekki vörunum fyrr en innflutningsskýrslurnar eru afhentar. Og hann getur heimtað, að afgreiðsla þess skips, sem vörurnar hefir flutt, skili skýrslunum, ef hún hefir afhent vörurnar. Það þarf því ekki og á ekki að valda neinum kostnaði fyrir ríkissjóð að safna þessum skýrslum. Það er ekki annað en koma fastri reglu á um innheimtu þessara skýrslna, og þar, sem ég þekki til, er framkvæmdin þessi, sem ég nú hefi lýst. Það er að vísu oft dregið nokkurn tíma að afhenda skýrslurnar, en sýslumennirnir geta alltaf snúið sér til hlutaðeigandi afgreiðslu, ef hún er búin að afhenda vörurnar, og þá yrði hún að útvega innflutningsskýrslu um vörurnar, og hefir líka alltaf gert það, og það er af því, að afgreiðslan hefir þá látið úti vörurnar án þess að hafa heimild til þess. Svo hvort hér er um litlar eða miklar greiðslur að ræða, skiptir engu máli, því það á alls ekkert að greiða fyrir það.

Út af því, sem sagt hefir verið um snjóbílana og þann mikla kostnað, sem af þeim hefir verið, og gagnsleysi þessarar tilraunar, sem óneitanlega hefir kostað nokkuð mikið, þá verð ég nú að segja það, að ég sé ekki mjög mikið eftir þeirri fjárhæð, sem í þetta hefir farið, því mér er nær að halda, að af tilraununum með

þann bílinn, sem fengizt hefir við flutninga yfir Holtavörðuheiði, sé sæmileg útkoma. Það má ekki miða við þær greiðslur, sem þarna koma í ljós í sambandi við varahluti til bifreiðanna, og ýmislegt fleira, því að rekstri þeirra hefir ekki verið hagað eins og skyldi. Bílarnir hafa verið látnir ganga niðri í sveitum, þar sem snjólaust hefir verið, en á því fara þeir verst. Það hafa orðið litlar skemmdir á bílnum á sjálfri Holtavörðuheiði, en þær urðu aðallega á þeim leiðum, sem liggja um sveitir. Ég man, að þessi bíll var einu sinni látinn fara til Blönduóss og að hann skemmdist talsvert á þeim vegi, því þá varð hann oft að fara um mjög ósléttan veg. Á þessum stöðum er það, sem ýmislegt festist inn í reimarnar, svo að þær slitna eða togna, og það verður miklu kostnaðarmeira að reka bílana með því móti en ef það væri regla að láta þá aldrei ganga nema yfir heiðar, því fólki er líka hægara að komast leiðar sinnar í sveitum en á fjöllum. Ég er viss um, að viðhaldskostnaðurinn á bílnum verður miklu minni en hann varð 1930, ef bíllinn er aðeins látinn ganga yfir Holtavörðuheiði, og ég hygg, að þær tekjur, sem fást af því að láta bílinn ganga niðri í sveitum, séu minni en þær, sem fást af því að láta hann ganga yfir sjálfa heiðina. Og a. m. k. er ekki hægt að segja það með sanni, að tilraunir þær, sem gerðar hafa verið, sýni rétta mynd af því, hvernig útkoman yrði, ef þessir bílar væru látnir ganga aðeins yfir heiðina sjálfa. Það má t. d. benda á það, að benzínkostnaðurinn við bílinn á Holtavörðuheiði er ekki nema 82 aurar á hvern ekinn km., en ég held, að á bílunum hér sunnanlands hafi benzínkostnaðurinn orðið kr. 1.10 á hvern ekinn km., eða meira á öðrum, en á öðrum var þetta talsvert minna. Annars er það einkennilegt, hve mikill munur er á því, hvað benzínið kostar á þessum bílum, þó þeir séu af svipaðri stærð. Það er t. d. mikill munur á því, hvað það kostar meira á bílunum, sem ganga yfir Hellisheiði, en á bílnum, sem gengur yfir Holtavörðuheiði.

Þar sem hv. 2. þm. Skagf. minnist á fjáraukal. og formið, þá er það kannske villandi, sem hann sagði, að þetta mætti færa á reikninginn, þannig að það kæmi á viðkomandi grein. Náttúrlega kemur þetta á viðkomandi gr. reikningsins. Á rekstrarreikningi er hver liður færður út af fyrir sig á tilsvarandi gr., svo að heildarniðurstaðan á hverri grein kemur rétt. Þessar fjárveitingar eiga að koma á viðkomandi lið hverrar gr. Það er ekki fullkomlega upplýsandi fyrr en það verður svo, og það á að vera ósköp auðvelt, fyrst þessum greiðslum er þannig háttað, að það er sjáanlegt, á hvaða lið hverrar gr. þær eiga að koma. Ég skal t. d. taka það, sem ég nefndi áðan sem dæmi, og það var kostnaðurinn árið 1926 af sendiherranum. Þar er í gr. sjálfri færðar eitthvað rúmar 19 þús. kr., en fjárveitingin fyrir það ár er eitthvað um 17 þús., svo þar kemur umframgreiðsla á sjálfan liðinn. En auk þess eru í fjáraukal. 22500 kr. Hvers vegna er ekki hægt að ávísa þessum 22500 kr. beint á þennan lið þessarar gr. eins og því, sem þar er áður inn komið? Ennfremur er þar ávísun á sömu gr. undir annan lið, viðgerð á ráðherrabústaðnum. Það var áætlað þetta ár 3 þús., en notaðar voru 7500 kr. Ef maður lítur á þetta, þá heldur maður, að þarna sé allur kostnaðurinn, en í fjáraukal. fyrir þetta ár eru hvorki meira né minna en 35 þús. kr. Hvers vegna er verið að setja þarna 4½ þús. kr. í umframgreiðslu á sjálfa gr., en flytja 35 þús. kr. inn í fjáraukalög? Svona er þetta og svona hefir þetta verið um langan tíma, síðan þessi ósiður komst á, að vísa á þessi væntanlegu fjáraukalög. Það hefir ekkert verið hugsað um það, hvort til sé í frv. sjálfu tilsvarandi liður, sem hægt er að vísa þessu á. Ég skal fyllilega játa, að það getur verið erfitt að átta sig á því, á hvaða lið þessi eða hin greiðsla, sem um er að ræða í það og það skiptið, eigi að koma; en það er ekki svo erfitt, að það sé frágangssök að vísa strax á hlutaðeigandi gr. Ég hefi bent á 2 upphæðir, sem liggja alveg ljóst fyrir, hvert á að vísa. Að ég nefndi þetta ár, er ekki fyrir annað en að þetta með sendiherrann er svo stór upphæð, og svo var það bara tilviljun, að ég tók hitt dæmið, en ekki fyrir það, að þetta sé svo sérstaklega einkennandi fyrir þetta ár eða það tímabil, sem ég þekki í sögu þessa landsreikningsforms. Þetta hefir verið af mesta handa-

hófi gert, og er það enn, og er sannarlega kominn tími til að átta sig á því, að svona má það ekki vera framvegis. Annars skal ég, fyrst ég er farinn að minnast á framtíðarskipulag á fjáraukal., gjarnan láta í ljós nú, eins og ég hefi gert áður, að okkar fjáraukal. ættu að vera í svipuðu formi og hjá Dönum. En þar eru þau gerð þannig, að í fjáraukal. eru færðar allar frávikningar frá fjárl. sjálfum. Það er tekið upp, ef tekjur hafa orðið meiri en gert hefir verið ráð fyrir í frv., og ef gjöldin hafa orðið minni, þá er einnig sá mismunur tekinn upp. Þetta er það fullkomnasta form á fjáraukal. Þessi fjáraukal. önnur, sem ég hefi ekki minnzt á, en hæstv. fjmrh. minntist á, eru þau, sem hafa raunverulegt gildi fyrir þingið í hvert skipti, og þau, sem ákveða greiðslur á yfirstandandi ári, sem óhjákvæmilegt er að inna af hendi, en ekki koma inn í fjárlfrv. þegar það er samþ. Og æskilegt væri, að hægt væri á hverjum tíma að koma sem mestu inn af fyrirsjáanlegum greiðslum ríkissjóðs í þau fjáraukalög. Það er dálítið óheppilegt fyrir okkur að geta ekki haft eitthvert annað nafn yfir þau lög. (HStef: Aukafjárlög). Það gefur ekki mikla hugmynd um það, hvað um er að ræða. Það á að stefna að því að fá sem mest í þessi fjáraukalög, og ég held, að það væri hægt að gera. Á þessu tímabili, frá nýárinu og þangað til þinginu er lokið, hafa verið greiddar á undanförnum árum ýmsar greiðslur, sem ekki hafa verið í fjárl. Þessar greiðslur ætti að mega láta bíða þangað til þingið kæmi saman. Þá ætti að taka þær upp í fjáraukalög og aðrar greiðslur, sem þingið sæi, að ekki væri hægt að komast hjá að greiða, og með þessu móti væri ef til vill hægt að láta þetta ná svo saman, að þessi fjáraukal. gætu orðið minni en nú er orðið og verið hefir um langan tíma. Það er svakalegt að sjá, að fjáraukal. verða kannske mörgum sinnum meiri en fjárl. sjálf. Sérstaklega er það áberandi á árunum 1920 og 1921, vegna þeirra miklu breytinga og byltinga, sem þá voru, þegar m. a. launalögin gengu í gildi, og ekkert var áætlað fyrir þeim. Annað árið voru fjáraukal. 4 sinnum hærri en fjárl. sjálf. Þetta er farið að verða svo nú á seinustu árum. En það væri ekkert við þessu að segja, ef þessi fjáraukal. væru samin fyrir sig fram, þannig að þingið gæti ráðið, hvort ætti að greiða þetta eða ekki. Ég held, að þannig sé hægt að ná þessu saman, ná upp í fjáraukal. greiðslum, sem fyrirsjáanlegar eru, og reyna að fresta greiðslum seinni hluta árs og framan af árinu þangað til þing kæmi saman.

Af því að klukkan er orðin svo margt og kvöldfundur verður sennilega ekki, vil ég ekki lengja umr. frekar frá minni hendi eða nefndarinnar, og læt því lokið máli mínu.

Magnús Guðmundsson: Hv. frsm. hélt, að það væri villandi, sem ég sagði, að ekki væri hægt að skipta þessum greiðslum samkv. frv. niður á einstakar gr. LR. Hann sagði, að þetta væri gert nú í rekstrarreikningi. Ég skal ekki deila við hann um þetta, því að ég held, að við séum að mestu leyti sammála. Hitt held ég fast við, að þótt upphæð sé greidd eftir fjáraukalögum, þá er í rekstrarreikningi vel hægt að færa upphæðina á þeim lið LR., sem hún að réttu lagi á við.

Hv. frsm. minntist á fjáraukal. fyrir 1920 og 1921. Ég skal ekki ræða um þau nú, en síðar, þegar fjáraukal. 1930 koma til meðferðar, skal ég sýna fram á, að þau eru hærri fyrir aðeins eitt ár en tilsvarandi fjáraukalög voru bæði árin 1920 og 1921.

Um rekstur snjóbílanna skal ég ekki tala frekar. Hv. frsm. kvaðst vera ánægður yfir þessum kostnaði. Ég skal ekkert annað gera nú en vísa til þess, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Hvort hægt væri að haga rekstri snjóbílanna á skynsamlegri hátt skal ég ekki dæma um, því er ég algerlega ókunnugur. En það er auðsætt, að varahlutir í þessar bifreiðar eru svo dýrir, að það er með öllu óhæfilegt. Vegamálastjóri segist hafa reynt að fá verksmiðjuna til að slá af hinu mikla verði á þessum hlutum. En hver árangurinn hefir verið, veit ég ekki. Hvort viðhaldskostnaðurinn á þeirri bifreið, sem gekk yfir Holtavörðuheiði, hefir verið minni en annarsstaðar, veit ég ekki, því það var ekki sundurliðað í skýrslu vegamálastjóra. En ég hefi það fyrir satt, að sú bifreið hafi dugað bezt.

ATKVGR.
1. gr., með þeirri tölubreyt., er á kann að verða samkv. atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 596,I samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 596,II samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 596,III samþ. með 16 shlj. atkv.
— 596,IV samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 596,V samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 596,VI samþ. með 16 shlj. atkv.
— 596,VII samþ. með 16 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 628).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 628).
Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjvn. með 9 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 628).

Jón Jónsson: Fjvn. hefir athugað þetta frv., en ekki séð beina ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um það, en leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Hér er að vísu farið fram á allháar aukafjárveitingar, 348 þús. kr., en n. virðist ekki nema um sjálfsagða og nauðsynlega hluti að ræða, sem ekki verður komizt hjá að samþ. En n. hefir vitanlega ekki haft aðstöðu til að kynna sér reikninga viðvíkjandi því, en telur sjálfsagt, að það sé á sviði endurskoðunarmanna landsreikninganna, ef eitthvað er reikningslega við það að athuga.
Sem sagt, n. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 835).

---

3. Fjáraukalög 1930.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1930 (stjfrv., A. 2).

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 2, n. 704 og 706).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Eins og menn munu hafa tekið eftir af þeim nál., sem komið hafa frá meiri og minni hl. fjhn., þá hefir fjhn. ekki getað orðið sammála um afstöðu til þessa frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. að það verði fellt. En þótt niðurstaðan yrði þessi, þá vil ég geta þess, að n. vann í sameiningu að því að bera frv. saman við till. yfirskoðunarmanna LR. um aukafjárveitingar, og ber þar ekkert á milli. Eru teknar í frv. allar þær upphæðir, sem yfirskoðunarmennirnir gera till. um, að teknar verði.

Þetta munu vera hæstu fjáraukal., sem komið hafa fram á síðari árum, og stafar það að nokkru leyti af sérstökum orsökum. Skal ég geta um þær helztu. Í aths. við LR. 1929 gerðu yfirskoðunarmennirnir till. um, að sú venja væri upp tekin, að tekið væri upp í fjáraukal. meira en venja hefir verið til, þannig að ekki einungis allt það væri tekið upp í fjáraukal., sem greitt væri umfram lögbundnar greiðslur og greiðslur, sem einungis eru ákveðnar í fjárl., heldur einnig umframgreiðslur, sem verða vegna greiðsuheimilda í þál. og sérstökum l. til ákveðinna framkvæmda. Þetta er nú gert í fyrsta sinn í þessum fjáraukal. Veldur það miklu um, að þau eru hærri nú en venjulega. Það má t. d. nefna, að það, sem varið var til byggingar landsspítalans, var miklum mun meira en það, sem veitt var í fjárl. Er leitað aukafjárveitingar fyrir því. Nam sú umframgreiðsla eigi minnu en 867 þús. kr.

Þá má og geta þess, að á þessu ári, hátíðarárinu 1930, urðu alveg óvenjuleg útgjöld, þar sem er kostnaður við alþingishátíðina, sem nemur allt upp í millj. kr. Eru það útgjöld, sem ekkert hafði verið áætlað fyrir. En útgjöld vegna slíkra atburða falla vitanlega ekki til á hverju ári.

Þá má og nefna það, að árið 1930 var alveg óvenjulega mikið um framkvæmdir, bæði sérstakar og almenns eðlis, framkvæmdir, sem yfir höfuð miðuðu að umbótum á landshögum. Það var óvenjulega mikið fé lagt til vegagerða, brúabygginga, símalagninga, og loks var meira fé veitt vegna ræktunar og bygginga en nokkurntíma áður hefir verið gert. Allt hlaut þetta að koma fram í þessum fjáraukal. Ég býst við, að stj. hafi litið svo á, að réttmætt væri, að þjóðin fengi sem einskonar 1000 ára afmælisgjöf, að meira væri unnið á þessu ári en venja var til. Þótt umframgreiðslur hafi orðið meiri en venja var til, og það af þeim ástæðum, er ég hefi lýst, þá sér meiri hl. fjhn. ekki ástæðu til þess að breyta út af vana um samþykkt fjáraukal. með því að bregða fæti fyrir frv. Það hefir ekki verið venja áður, að það væri gert, þó um háar umframgreiðslur hafi oft og einatt verið að ræða, að vísu ekki jafnháar sem nú. En um þetta var höfuðágreiningurinn innan fjhn. Meiri hl. þykir ekki hæfa að synja um samþykkt þessara fjáraukal. frekar en venja er til, þar sem líka till. yfirskoðunarmanna hafa að fullu verið teknar til greina, þó minni hl. n. vilji ekki leggja til, að frv. verði samþ. Má og vera, að djúptækari ágreiningur liggi á bak við. En hann ætti þá að koma fram á annan hátt en þann, að synja þessu frv. staðfestingar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að ég tók þátt í störfum fjhn., bæði um athugun á LR. og fjáraukalfrv. Var ég, ásamt hv. frsm. meiri hl., í undirn., og gerðum við þann samanburð, sem hann hefir lýst. Það er vitaskuld rétt, sem hann sagði, að við fundum þar engar villur, heldur er allt fullkomlega rétt skrifað upp eftir LR. Ef ekki hefði verið um neitt annað en það að ræða, hvort nokkrar reikningsvillur væru, þá hefði ég getað orðið hv. meiri hl. n. samferða um að leggja til, að frv. væri samþ. En það er annað og stærra, sem liggur hér á bak við og er ástæðan til þess, að ég hefi klofið mig frá meðnm. mínum og lagt til, að þessi fjáraukal. yrðu ekki samþ. Annars skal ég taka það fram, að mér hefði þótt heppilegra, að frv. til l. um samþykkt á LR. hefði verið hér til umr. á undan, því að LR. er nokkurskonar undirstaða þessa frv. Mér finnst

eðlilegra að taka í sambandi við LR. þær aðfinnslur, sem bæði ég og kannske einhverjir aðrir hefðu viljað bera fram um einstök atriði. Ég mun því í sambandi við þetta mál aðeins taka þær almennu ástæður til umr., en láta hitt bíða, þangað til LR. kemur til umr.

Hv. frsm. sagði, að það væru einsdæmi, ef nú ætti að synja stj. um samþykkt á fjáraukalögum, þar sem þar væri að öllu leyti farið eftir till. yfirskoðunarmanna LR. Þetta er ekki einsdæmi. Ég greiddi atkv. á móti fjáraukalögum í fyrra, þó að þau næðu þá samþykki þingsins, og má vera, að eins verði með þessi fjáraukalög. Þó var ekki eins mikil ástæða til að vera á móti fjáraukalögunum, sem þá voru til meðferðar, eins og þeim fjáraukalögum, sem nú liggja fyrir, því að í því frv., sem þá var til meðferðar, sem sé fjáraukalögunum fyrir 1929, voru ekki eins stórbrotnar misfellur eins og í því frv., sem nú liggur fyrir. Þá var umframeyðsla þó ekki meira en hátt á 3 millj. En nú er um að ræða fjáraukalög, þar sem umframeyðsla er 5125572,87 kr., og áður hafa verið samþ. fjáraukalög fyrir sama ár, er nema kr. 978017,19. Öll umframeyðsla þessa árs nemur því kr. 6103590,06, eða á sjöundu millj. kr. Hér er því um svo gífurlega fjáreyðslu að ræða, að það er ekki einleikið, ef hér er um forsvaranlega meðferð fjár að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. leitaðist við að bera fram vörn fyrir hinni gengdarlausu eyðslu umfram fjárlög og nefndi þar til tvær ástæður. Önnur ástæðan var sú, að yfirskoðunarmenn LR. hefðu nú lagt til, að teknar væru upp í fjáraukalög ýmsar aukafjárveitingar og liðir, sem ekki hefði áður verið venja að taka þar upp. Ég þori ekki að þvertaka fyrir þetta, en ég hygg, að það muni ekki svo miklu, að það skipti nokkru verulegu máli. Tveir af yfirskoðunarmönnum LR. eiga sæti hér í d., og geta þeir þá leiðrétt þetta, ef það er ekki rétt. Eftir því sem mér hefir virzt við yfirlestur þessara aths. frá yfirskoðunarmönnum, þá er þar fylgt alveg sömu reglum og áður hafa gilt, t. d. þau tvö ár, sem ég var yfirskoðunarmaður LR., sem sé þeim reglum, að taka upp í fjáraukalög allar umframgreiðslur aðrar en þær, sem bersýnilegt var, að hver einasta ríkisstj., eyðslusöm sem sparsöm, hefði innt af hendi. Það er í sumum tilfellum hægt að segja, að gjöld séu óhjákvæmileg, þótt þau séu ekki lögboðin, og þá höfðum við það fyrir reglu að leggja til heldur oftar en sjaldnar, að aukafjárveiting væri veitt, og ég held, að alveg sama aðferð sé höfð við þetta ennþá.

Þá bar hv. frsm. fram þá ástæðu, að stj. hefði haft svo margvísleg störf með höndum á þessu ári og að hún hefði gefið þjóðinni nokkurskonar afmælisgjöf í minningu um þúsund ára afmæli Alþingis. Ég er alveg sammála hv. frsm. um það, að mjög miklu fé hefir verið eytt af þessum ástæðum, en okkur greinir bara á um það, hvort stj. hafi haft nokkra heimild til þessara starfa, eða hvort hún hafi átt nokkuð með að gefa slíka afmælisgjöf upp á annara kostnað. Hér má ekki blanda því saman við, að margt af þessu, sem unnið hefir verið, sé þarft og gott. Það væri hægt að setja ríkið margfaldlega á höfuðið með því að framkvæma þó ekkert annað en það, sem með sanni mætti telja þarft og gott. Stj. gæti t. d. látið byggja svo mikið af vegum og brúm, að ríkið yrði gjaldþrota, og mætti þó segja, að hver vegur og hver brú væri góð og þörf. Til að koma í veg fyrir slíkt, eru kosnir fulltrúar á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Eitt af allramikilvægustu störfum þeirra er að sjá svo um, að fjármálunum sé skynsamlega stjórnað. Á þingi er kosin fjölmennasta nefnd þingsins til að athuga sérstaklega þessi mál. Hún situr hér og blaðar í skjölum og gegnumgengur öll plögg, sem fyrir liggja um þessi mál, til að hnitmiða, hversu miklu sé óhætt að verja til hvers og eins, þannig að afgreiðsla fjármálanna geti talizt sæmileg. En nú kemur stj. til og brýtur allar þessar reglur og fyrirmæli Alþingis, og það svo stórkostlega, að slíks hafa ekki áður þekkzt dæmi. Það er engin afsökun, að þetta eigi að vera afmælisgjöf, sem stj. gefur í minningu um það, að Alþingi sé þúsund ára gamalt. Það mætti þvert á móti áfellast stj. fyrir það, að hún skuli ekki hafa virt meira en þetta boð svo gamallar og virðulegrar stofnunar.

Það er einmitt þetta, sem mér virðist

koma greinilega fram í þessum fjáraukalögum, að stj. hafi brotið. Hún hefir tekið í sínar hendur það vald, sem Alþingi á með réttu að hafa. Sem dæmi upp á þessa miklu eyðslu umfram heimildir vil ég taka fjárveitingar til þeirra framkvæmda, sem allir vita, að eru góðar og þarflegar, sem sé vega, brúa og vita. Til hvers er þingið að ákveða nokkuð um þetta, þegar stj. fer svo ekkert eftir þeim ákvæðum frekar en henni sjálfri gott þykir? Hún veitir kannske helmingi meira til einhvers vegar heldur en heimild var fyrir, þrisvar sinnum meira til annars vegar, og fellir svo ef til vill niður að miklu eða öllu leyti þær fjárveitingar, sem þingið hafði heimilað til annara vega. Hvers vegna eru vegalögin ekki heldur afgr. þannig, að sagt sé í vegalögunum, hverja vegi eigi að byggja, og fela svo stj. að framkvæma þær vegalagningar eftir eigin geðþótta, eftir því sem fé er til í hvert skipti? Þessa reglu hefir þingið ekki viljað taka upp, af því að það vill sjálft setja lög og reglur um allar fjárveitingar. Þau lög hafa að vísu verið brotin áður, en aldrei svo óafsakanlega sem nú. Alþingi verður því að halda hér fast á þessum rétti sínum og taka í taumana svo að um muni.

Það var einu sinni áður — ég ætla, að það hafi verið 1920—1921 — sem eyðsla umfram fjárlög var ákaflega mikil.

Var þá ógurlegur úlfaþytur í andstæðingum stj. út af þeim umframgreiðslum. Þá kom upp nafnið „fjáraukalögin miklu“. Þá mátti segja, að um sérstakar ástæður væri að ræða, þá voru t. d. sett ný launalög, án þess að fjárl. væri nokkuð breytt í sambandi við það, og þó að það hefði verið reynt, þá hefði það mistekizt. Menn héldu, að dýrtíðaruppbótin mundi lækka, en í staðinn fyrir það hækkaði hún svo, að hún varð 137% af öllum föstum launum. Þá bjuggust menn líka við, að allur kostnaður mundi stórlækka, en í staðinn fyrir það hækkaði hann geysilega mikið, t. d. hækkaði allt ljósmeti afarmikið í verði og sömuleiðis eldiviður. T. d. komust kolin allt upp í 300 kr. smálestin. Af þessu leiddi vitanlega það, að greiða varð miklu hærri upphæðir til allra ríkisstofnana. Þetta voru sérstakar ástæður. Þá mátti segja, að óhjákvæmilegt væri fyrir hvaða stj. sem var að koma með gífurlega há fjáraukalög. Hitt er engin afsökun fyrir mikilli umframeyðslu, að Alþingi hafi átt þúsund ára afmæli.

Ég er ákaflega hræddur um, ef þingið leggur blessun sína yfir þessa meðferð fjárins árið 1930, þá eigi það eftirleiðis erfitt með að halda rétti sínum fyrir ráðríkri stjórn, sem vill hafa sinn vilja fram, hvað sem Alþingi segir. Það getur vel verið, að það geri ekki svo mikið til með þetta nú á næstu árum, af því að nú eru svo erfiðir tímar, að það er litlu hægt að eyða, og verður sjálfsagt fullerfitt að inna af hendi þau lögákveðnu gjöld. En ég býst við, að ef við samþ. þessi fjáraukalög nú, þá muni sú stj., sem er við völd næst þegar góðæri kemur, muna, hvað Alþingi var leiðitamt 1932, að leggja blessun sína yfir þá gegndarlausu eyðslu, sem átti sér stað á árinu 1930, og strákast upp í að fara eins að.

Ef þingið aftur á móti gefur þeirri stj., sem nú hefir haft fjármálin til meðferðar, þá ráðningu, að fella þessi fjáraukalög og sömuleiðis frv. um samþykkt LR., þá álít ég, að þingið hafi þar gefið það eina svar, sem það sóma síns vegna getur gefið við slíku háttalagi sem þessu, og ætti það að geta orðið holl áminning eftirleiðis.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég get verið sammála hv. frsm. minni hl. um það, að rétt sé að ræða hin einstöku atriði, sem eru aðalágreiningsefni þessa frv., í sambandi við það mál, sem er á dagskrá hér næst á eftir (samþ. á LR.), og ræða nú eingöngu þau atriði, sem eru almenns eðlis. Ég mun því haga þannig máli mínu í sambandi við þetta mál. Skal ég svo víkja stuttlega að fáeinum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. frsm. minni hl.

Ég sagði, að það væri einsdæmi, ef fjáraukalögum væri synjað samþykkis. Hann hefir kannske ekki heyrt orð mín eða þá misskilið þau. Ég átti við það, ef meiri hl. Alþingis synjaði þeim um samþykki. Hinu mundi ég vel eftir, sem hann nefndi, að hann var á móti því á síðasta þingi, að fjáraukalög væru samþ.

Ef það færi svo nú, að fjáraukalögum

væri synjað, þá gæti það ekki skoðazt öðruvísi en sem vantraust á þá stj., sem hér á hlut að máli. Það gæti ekki skoðazt neitt vægara.

Hann minntist á það, að fjáraukalögin væru í raun og veru meira en þessar 5 millj., því að búið væri að samþ. önnur fjáraukalög fyrir þetta ár. Þetta er alveg rétt, en það er svo nálega á hverju ári, að fjáraukalög eru tvenn. Í fyrri fjáraukalögunum er leitað samþykkis á aukafjárveitingum, sem sýnilegt er, að of lágar upphæðir hafa verið veittar eða áætlaðar til í fjárlagafrv. eða til annara hluta, sem þá þykir nauðsyn að veita eða áætla fé til. Á þessi fjáraukalög er þannig settur sá mismunur, sem er sjáanlegur á heimild fjárlaganna og því, er greiða þarf eða þá þykir rétt að greiða. Ég get ekki séð, hvaða þýðingu það hefir í sambandi við þetta mál, að reyna að auka ágreininginn um það út af því, að nú skuli hafa verið tvenn fjáraukalög eins og svo oft áður.

Þá vék hann nokkuð að þeim sérstöku ástæðum, sem ég taldi vera fyrir því, að fjáraukalög væru nú sérstaklega há. Fyrst talaði hann um það, sem ég minntist á, að nokkru lengra hefði verið gengið í því en áður að taka umframgreiðslur upp í fjáraukalög, og vildi hann gera fremur lítið úr þessari ástæðu. Ég byggi þetta á 35. aths. við LR. 1929 og till. út af henni. Ennfremur hefir ég þetta eftir einum af yfirskoðunarmönnum LR., og þori ég vel að skjóta því undir úrskurð þeirra, að þetta sé rétt.

Þá vildi hann ekki ganga inn á það, að þörf hefði verið fyrir aukin fjárframlög vegna alþingishátíðarinnar. Um þetta má vitanlega lengi deila, en það verður þó óhjákvæmilega að koma til greina, ef á að tala um hvortveggja fjáraukalög ársins. Ég sé enga ástæðu til að fara að gera það nú að miklu ágreiningsefni við hv. frsm. minni hl., þótt honum þyki hafa verið sýnd ofrausn eða ofmikil viðhöfn í sambandi við þetta afmæli. Hv. þm. má ekki gleyma því, að það var ekki áætlað neitt til sjálfrar alþingishátíðarinnar í fjárl. Það er jafnvel safnað saman í þessa árs fjárl. upphæðum, sem greiddar hafa verið á fyrri árum, beinlínis vegna hátíðarinnar; t. d. er allur kostnaður við Þingvallaveginn látinn koma í þessa árs fjáraukalög.

Þá var hv. þm. með nokkrar almennar hugleiðingar um umframgreiðslur stjórna umfram fjárveitingar í fjárl. Ég er honum sammála um það frá almennu sjónarmiði, að stjórnirnar eigi ekki að misnota aðstöðu sína í þessu efni. En ég vil benda hv. þm. á það, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem eytt er fram yfir heimildir; það er aðeins nokkru meira í þetta skipti en áður hefir verið. Ég man ekki, hvað há voru fjáraukalögin 1921. Það kann að vera, að þau hafi ekki verið eins há þá eins og nú, en hitt er víst, að þá voru umframgreiðslur miklar og svo hefir oft verið, bæði fyrr og síðar.

Ég get ekki fallizt á það hjá hv. þm., að það sé rétt að taka upp þann hátt nú að óvöru að fella fjáraukalög, þó að þau séu hærri í þetta skipti en áður hefir verið. Ég álít ekki hægt að veita stjórn að óvöru áminningu á þennan hátt fremur nú en fyrr, þótt greitt hafi verið mikið fé umfram heimildir. Ég tel, að skylt sé, að stj. sé aðvöruð fyrirfram, og láti hún sér ekki segjast við það, þá hefi ég ekkert á móti því, að hún verði látin fá hastarlega áminningu. Hitt skal ég ekki fást svo mjög um, þótt stj. sé átalin fyrir umframeyðslu af andstæðingum; það er sá máti, sem hafður hefir verið áður.

Ef fjáraukalög væru nú felld, þá hlyti það að skoðast sem vantraust á núv. ríkisstj. Mér þykir það ekkert óeðlilegt, að stjórnarandstæðingar vilji gjarnan fá vantraustsyfirlýsingu samþ. á núv. stj. í einhverju formi, en það er engin þörf fyrir þá að fara þessa leið til þess. Ef þeir hafa atkvæðamagn til þess að fella fjáraukalög, þá ættu þeir alveg eins að hafa það til að koma fram með sérstaka vantrauststill. Það er sú eina þinglega leið. Hitt væri að reyna að koma fram vantrausti á álíka óþinglegan hátt sem gert var nýlega hér á þingi.

Þar sem ég er hv. frsm. minni hl. sammála um það, að rétt sé að ræða einstök atriði, er snerta þetta mál, fremur í sambandi við næsta mál hér á eftir, þá sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frumvarpið, en láta heldur atkvæði skera úr.

Magnús Guðmundsson: Það voru aðeins nokkur orð í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég vildi athuga lítið eitt. Hann sagði, að það hefði verið tekin upp ný regla um það, hvaða greiðslur ætti að taka upp í fjáraukalög, og vitnaði í því efni til 35. aths. endurskoðenda við LR. 1929, þar sem sagt er, að þegar lög setji ákveðið hámark fyrir greiðslu í ákveðnu skyni og meira er greitt en hámarkinu nemur, þá eigi ætíð að taka slíkar umframgreiðslur upp í fjáraukalög.

Fram til síðustu ára hefir ekki þurft að taka í fjáraukalög, svo að nokkru hafi numið, greiðslur, sem heimilaðar voru í öðrum lögum en fjárlögum, af þeirri einföldu ástæðu, að mjög sjaldan hefir verið farið fram úr leyfðri hámarksgreiðslu. En þetta átti sér stað 1929, og þess vegna var áðurnefnd aths. gerð. En á árinu 1930 er um að ræða svo gífurlegar upphæðir, sem greiddar hafa verið samkv. öðrum lögum en fjárl. umfram það hámark, sem þau lög ákveða, að annað eins hefir ekki áður þekkzt, og þarf ekki annað en að nefna einn lið sem dæmi, þar sem greidd var ½ millj. kr. umfram, en hin áætlaða upphæð var 1 millj. kr. Það var til síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Það er auðvitað, að fjáraukalögin hækka, þegar svona er farið að. Það var enginn ágreiningur um það í fyrra út af landsreikningnum fyrir árið 1929, að slík upphæð sem þessi ætti að vera í fjáraukal.; Það lá í hlutarins eðli. Hv frsm. taldi, að í þessum fjáraukal. fyrir 1930 væri farið lítið lengra fram úr heimildum en áður hefði átt sér stað. Ef hann vill sanna þessi ummæli sín, þá verður hann að sýna fram á það með tölum, hvað þær upphæðir eru háar, sem fyrrv. ríkisstjórnir hafi greitt umfram heimildir í fjárlögum, og það efast ég um, að hann geti. Hann tók það fram, að umframgreiðslur hefðu ekki verið hærri á síðari árum en 1930, en kvaðst ekki muna, hvað „fjáraukalögin miklu“ árið 1921 hefðu verið há. Ég vil þá minna hv. frsm. á það, að þau fjáraukalög voru fyrir 2 ár, 1920 og 1921, af því að fjárhagstímabilið var þá 2 ár. Þau fjáraukalög voru um 4½ millj. kr., en þessi fjáraukalög, sem eru aðeins fyrir árið 1930, eru á sjöttu millj. kr. Þetta sýnir, að fjáraukal. þessa eina árs, 1930, eru hærri en „fjáraukalögin miklu“, sem þó voru fyrir tvö ár. Vera má, að hv. frsm. finnist þetta aðeins lítilsháttar munur, en mér finnst munurinn gífurlegur. Um fjáraukalögin 1920—1921 fékk ég þann vitnisburð hjá allri fjhn. Nd., sem var að meiri hluta skipuð pólitískum andstæðingum, að fjáreyðsla mín sem fjmrh. á þeim árum hefði ekki verið meiri en við hefði mátt búast eftir þeirri dýrtíð, sem þá var. Ef hæstv. núv. stj. getur fengið samskonar vottorð nú fyrir fjáraukalögin 1930, þá skal ég ekki um þau fást né ásaka hana. En ég er viss um, að slíkt vottorð getur hún ekki fengið.

Ég skal nefna dæmi um mismuninn á dýrtíðinni 1920—1921 og 1930. Árið 1921 var dýrtíðaruppbótin 137⅓%, og 1920 120%, en 1930 var hún ekki nema 40%. Og þó að þetta sé ekki nákvæmur mælikvarði á verðhlutföllum þá og nú, þá má þó öllum vera það auðskilið, hvað munurinn er gífurlegur á dýrtíðinni nú og 1921.

Ég kæri mig ekkert um að rifja upp það, sem áður hefir verið ritað um „fjáraukalögin miklu“. Það verður ef til vill tækifæri til þess síðar. En þegar hv. frsm. meiri hl. fjhn. heldur því fram, að alþingishátíðin eigi aðalþáttinn í þessum umframgreiðslum 1930, þá er það alls ekki rétt. Vitanlega er hægt að benda á stóra útgjaldaliði í sambandi við hana, en þó eru þeir ekki margir í allri þeirra súpu, því að mikið fé til hátíðarinnar var veitt í fjáraukal. undanfarinna ára. En það, sem mestu varðar er, að fénu hefir verið ausið svo gengdarlaust í allar áttir 1930, að á því er ekkert hóf.; verður sjálfsagt talað frekar um það, þegar landsreikningurinn fyrir það ár kemur til umr. Ég geri ráð fyrir, að sá LR. verði talsvert nafnkunnur og umtalaður, en hvort þessi fjáraukalög verða það líka, skal ég ekkert fullyrða um, en það fer sennilega nokkuð eftir því, hvað mikið verður um þau talað.

Hannes Jónsson: Ég skal fylgja þeirri reglu, sem tekin hefir verið upp af þeim hv. þdm., sem tekið hafa þátt í umr. um þetta mál, að ræða ekki ýtarlega um einstök atriði fjáraukalaganna, en láta það

bíða þangað til LR. fyrir 1930 kemur til umr. En ég vil þó drepa á nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr., og þá fyrst og fremst á það, sem hv. 2. þm. Skagf. og hv. 4. þm. Reykv. hafa bent á, að þessi fjáraukalög væru óvenjulega há, eða fullar 5 millj. kr. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefir nú bent á það með skýrum rökum, að ýmsir útgjaldaliðir í frv. væru dálítið óvenjulegs eðlis og sumir þannig, að stj. yrði ekki með réttu ásökuð fyrir þá. Ég hefi dregið saman nokkra stærstu útgjaldaliðina í fjáraukalfrv. og skal nú gera grein fyrir þeim. Er þá fyrst að geta þess, að til landhelgigæzlu var greitt umfram áætlun ca. 140 þús. kr., og skattanefndarkostnaður m. m. ca. 100 þús. kr. Til frekari skýringar má geta þess, að meginhluti þeirrar upphæðar hefir farið til greiðslu kostnaðar við fasteignamatið í landinu, sem fór fram á árunum 1929 og 1930, og fyrir þeim kostnaði var lítið áætlað í fjárl., en hinsvegar var öllum vitanlegt, að hann mundi fara langt fram úr áætlun. Eins og áður hefir verið nefnt, var greitt til byggingar landsspítalans um 870 þús. kr. Eins og kunnugt er, hafði Alþingi lagt mjög ríka áherzlu á það við stj., að lokið væri við landsspítalabygginguna fyrir alþingishátíðina 1930, þó að það kostaði slíka umframgreiðslu úr ríkissjóði. Til skrifstofubyggingarinnar Arnarhváls var greitt 126 þús. kr. umfram áætlaðar fjárveitingar, og þess vegna er sú upphæð tekin í fjáraukalög. Þegar stj. var heimilað að reisa þessa byggingu, var fjárveitingin miðuð við áætlunarupphæðina, en það hefir nú reynzt nálega algild regla, að byggingarkostnaður fari fram úr áætlun, hvort sem verkfræðingar eða húsameistarar hafa þar átt hlut að máli, en hinsvegar var ekki hægt að ætlast til þess, að stj. léti hætta við bygginguna án þess að hún yrði nothæf, og þess vegna var óhjákvæmilegt að fullgera húsið, þó að kostnaðurinn færi fram úr áætlun.

Til nýja Þingvallavegarins var varið fullum 360 þús. kr. Alþ. hafði ákveðið, að þessi vegur yrði lagður fyrir alþingishátíðina og heimilað stj. að taka lán til þess. Stjórnin hlaut því að framkvæma þá ákvörðun.

Um síldarbræðslustöð ríkisins á Siglufirði er svipað að segja og Arnarhvál; hún var reist samkv. lagafyrirmælum og vilja Alþingis, og fjárveitingu þá, sem þingið heimilaði til þess, bar nánast að skoða sem áætlun um það, hverju varið skyldi til þeirra framkvæmda, fremur en ákvörðun þingsins um það, að síldarverksmiðjan mætti ekki kosta meira. Enda var ómögulegt að fastákveða um það fyrirfram, hvað verksmiðjan myndi kosta. Og vitanlega mátti stj. ekki láta hætta við þá byggingu hálfgerða eins og á stóð, enda þótt það hefði verið réttara, formsins vegna, að láta síðari hluta byggingarinnar bíða þangað til Alþingi hefði veitt nýja heimild til viðbótarfjárveitingar. En slík bið á því að fullgera bygginguna gat leitt til meira tjóns fyrir þjóðina heldur en forsvaranlegt hefði verið af stj. að leggja út í (MG: Hvað mikils tjóns?) Vafalaust nokkuð mikils, enda þótt það verði ekki ákveðið með tölum. Það hefir gengið svo um kostnaðaráætlanir viðvíkjandi verklegum framkvæmdum hér á landi, bæði þær, sem einstaklingar hafa látið gera og þjóðfélagið, að þær hafa reynzt mjög óábyggilegar, og minnist ég þess t. d., sem oft hefir komið fram á Alþingi, að mörgum hefir þótt ýmislegt ábótavant um áætlanir viðvíkjandi áveitufyrirtækjum í Árnessýslu, sem í upphafi voru þannig gerðar, að þær leiddu menn út í þær framkvæmdir, sem þeir hefðu annars ekki byrjað á.

Til bygginga héraðsskóla var á árinu 1930 varið hér um bil 238 þús kr., sem sett er hér í fjáraukalög, og hafði stj. verið heimilað að taka lán til þeirra framkvæmda.

Þessir sjö liðir, sem ég hefi hér gert grein fyrir, nema samtals rúmlega 2⅓ **millj. kr.** Auk þess er áður búið að benda á, að til verklegra framkvæmda, sem taldar eru í 13. gr. fjárl., vega, brúa, síma, vita og lendingarbóta, var varið ca. 2 millj. kr. umfram áætlun samkv. fjárl. Þessir fáu liðir, sem ég hefi hér nefnt, mega flestir teljast ýmist óhjákvæmilegar eða nauðsynlegar framkvæmdir, sem auka framfarir og menningu þjóðarinnar, og fjárframlög til þeirra samkv. fjáraukal. nema samtals 4¼ **millj. kr.** — Ennfremur má benda á, að við 19. gr.

fjárl. er talin umframgreiðsla á aðeins einum lið, sem er nærri jafnhá og fjárveitingin sjálf, en það er endurgreiddur tollur, sem nemur um 100 þús. kr. Þessi póstur á í raun og veru ekki að teljast til útgjalda í fjárlögum, heldur dragast frá tekjunum, og er því ranglega færður til hækkunar á gjaldahlið fjáraukalagafrv.

Þá var hv. 4. þm. Reykv. að minnast á fjáraukalögin, sem samþ. voru á sumarþinginu síðast, fyrir árið 1930. Þau voru um 900 þús. kr., og ⅔ af þeirri upphæð, um 600 þús. kr., voru eingöngu umframgreiðslur vegna alþingishátíðarinnar, og ætti hv. þm., sem var einn í hátíðarnefndinni, að vera vel kunnugt um meðferð þess fjár (MG: Það er ekki talið með í þessu frv.). Nei, en þegar hv. 2. þm. Skagf. og flokksbræður hans tala um, að fjáraukalögin fyrir 1930 séu um 6 millj. kr., þá blanda þeir þessari upphæð saman við. Annars vil ég benda hv. 4 þm. Reykv. á, að nú um skeið hefir mestur hluti af þeim greiðslum, sem settar eru í fjáraukalög, aðeins verið þær fjárupphæðir, sem búið var að greiða umfram það, sem fjárlög heimila, og samkv. fjáraukal. á þingið að samþykkja það eftir á. — Í þessu sambandi má geta þess, að ýmsir af þeim útgjaldaliðum, sem urðu hærri á árinu 1930 en áður, standa í beinu eða óbeinu sambandi við alþingishátíðina. Má t. d. nefna það, að aðgerð og endurbætur á ýmsum húseignum ríkisins voru með langmesta móti á því ári, og einnig hygg ég, að hinn stórum aukni skrifstofukostnaður í stjórnarráðinu stafi að miklu leyti af hátíðahöldunum og ýmsum aukastörfum í sambandi við þau.

Þegar hv. 2. þm. Skagf. er að tala um þessa gegndarlausu fjársóun stj. árið 1930, verður hann jafnframt að athuga fjármeðferð alþingishátíðarnefndarinnar það ár. En ég verð að segja, að hún tekur ekki stj. fram um gætni í fjárgreiðslum. Og þó var nefndin svo ánægð með störf sín, að þegar hún var búin að halda 100 fundi, þá þótti henni vel hlýða að minnast þess afmælis með því að halda sjálfri sér stóra veizlu á kostnað ríkissjóðs, er kostaði mörg hundruð kr. — Það væri vissulega ástæða til að glugga ofurlítið ofan í skjölin hjá þessari nefnd, sem hafði svo mikil fjárráð þetta ár og var að mestu leyti einráð um, hversu mikið fé var notað til hátíðarinnar, — ekki sízt þegar menn, sem voru í nefndinni, látast vera mjög vandlætingarfullir um það, hvernig farið hafi verið með fé þjóðarinnar þetta ár. Það fer a. m. k. ekki sérlega vel í munni hv. 4. þm. Reykv.

Það getur verið, að mér gefist tóm til að fara út í sitthvað fleira, sem snertir störf n., þegar LR. kemur til umr.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi eiginlega litlu að svara þeim andmælum, sem fram komu við fyrri hl. umr. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ég væri að reyna að auka ágreining um málið með því að tala um tvenn fjáraukalög fyrir þetta ár (1930) og leggja saman upphæðirnar. En ég var aðeins að skýra það, sem hv. þdm. er kunnugt, að umframgreiðslur ársins 1930 koma fram í tveimum fjáraukalögum; þær koma ekki allar fram í þessu frv., heldur er fast að því milljón komin áður, í fjáraukalögunum, sem samþ. voru í fyrra. Það er því ekki hægt að fá rétta mynd af umframgreiðslu ársins nema með því að taka þessi tvenn fjáraukalög til athugunar samtímis, og það var aðeins vegna þess, að ég minntist á fjáraukalögin, sem samþ. voru í fyrra. Sömu aðferð þarf að hafa, ef fá á út umframgreiðslu ársins næsta á undan til samanburðar, að leggja saman upphæðir af tvennum fjárlögum.

Þeir yfirskoðunarmenn LR., sem sæti eiga hér í hv. d., hafa nú látið í ljós sína skoðun á því ágreiningsatriði okkar nm., hvort hér hafi í raun og veru verið beitt nýjum reglum í till. yfirskoðunarmannanna um aukafjárveitingar. Og mér virðist það koma ljóst fram í orðum þeirra, að engar nýjar reglur hafi verið upp teknar í þessu efni. Að svo miklu leyti sem um nýjar leiðir er að ræða í till. yfirskoðunarmannanna, er það vegna þess, að um nýstárleg útgjöld er að ræða, sem áður hafa ekki komið til. Það er því ekki

hægt að fóðra hina miklu umframeyðslu, sem fram kemur í frv., með því, að beitt hafi verið öðrum reglum við samningu þess en áður hefir tíðkazt. En eins og ég gat um, hefir komið til orða, hvort ekki væri rétt að taka upp þá reglu að leita aukafjárveitingar fyrir öllu, sem greitt er umfram það, sem stendur í fjárl., og það er nokkuð til í því, að á þann hátt einan fengist fullt samræmi milli ára í þessu efni. Því það er ekki hægt að neita því, að þegar yfirskoðunarmennirnir eiga að meta þetta í hvert skipti, fyrir hvaða umframgreiðslum er ástæða til að leita aukafjárveitingar, getur komið fyrir, að einhver munur verði, sérstaklega þegar skipt er um yfirskoðunarmenn. En nú er óhætt að segja, að engin stefnubreyt. hefir enn orðið í þessa átt. Þó ágreiningur geti orðið um einstakar upphæðir, hvort stj. hefði getað haft veruleg áhrif á þær og hvort leita á aukafjárveitingar fyrir þeim, þá getur aldrei munað neinu verulegu, þannig að þessi fjáraukalög hefðu t. d. ekki getað orðið neitt teljandi lægri en þau eru.

Ég þarf varla að fara út í þá ástæðu hv. frsm. meiri hl., að ástæða hafi verið til að gefa þjóðinni gjafir á þessu þúsund ára afmæli árið 1930. Ég held, að okkur hljóti að koma saman um, að ef gefa á slíkar gjafir, þá eigi að leita samþykkis Alþingis sjálfs um það, sérstaklega þar sem þessi hv. þm. er, að ég hygg, sá úr stjórnarflokknum, sem fastast vill halda í fjárveitingarvald Alþ., og hinn eini, sem greiddi atkv. á síðasta þingi með till. í þá átt að binda stj. fastar við ákvæði fjárl. um meðferð ríkisfjár heldur en verið hefir hingað til.

Það kom til orða að gera eitthvað merkilegt á afmælisárinu, að veita fé í stórum stíl til þess að halda upp á afmælið, en af þessu varð þó ekkert.

Það hefir oft verið dregið fram, að hér sé ekki um neitt nýtt að ræða og að á undanförnum árum hafi fé verið eytt umfram áætlun. Er það að vísu satt, og álít ég, að það hafi meira að segja verið gert um of. En að segja, að hér sé ekki nema um stigmun að ræða, er fjarstæða. Þarf ekki annað en að taka alkunn dæmi til þess að sanna það.

Hvernig stendur á því, að þegar rætt er um töp bankanna, þá er aðeins höggið niður á stóru liðunum? Hví er ekki líka höggið niður á því, þegar maður fær 100 kr. víxil ok kemst í vanskil? Eins og óhugsandi er, að hægt sé að stjórna svo stórum bankastofnunum, að ekkert tapist, eins er hægt að tapa í stórum stíl. Geta verið mismunandi sterkar ástæður fyrir því, að stj. veitir meira fé en áætlað er, en þetta getur komizt út í þær öfgar, að hér sé ekki aðeins um stigmun að ræða. Hefir þetta átt sér stað 1929 og svo 1930 svo gífurlega, að um eðlismun verður að ræða. Stj. hefir að miklu leyti tekið fjárveitingavaldið í sínar hendur. Verður að líta á það, hversu skynsamlegar ráðstafanir stjórnar eru. Vil ég benda á það, að árið 1926 var mikið fé veitt til verklegra framkvæmda umfram áætlun. Þá hafði verið haldið þannig á fé undanfarin ár, að fjárhagur ríkisins var góður. Var þá búið að borga lausaskuldir og ríkissjóður átti margar millj. í sjóði, og svo steðjaði að kreppa í landinu og útlit fyrir mikið atvinnuleysi. Er ekki hægt að hugsa sér ríkari ástæður en þessar til þess, að stjórn láti framkvæma meira en fjárl. heimila, þar sem ríkissjóður er vel efnum búinn, en lítið um atvinnu í landinu. Þetta var öfugt 1930. Þá voru fyrirsjáanlegir erfiðleikar framundan ríkissjóði, en mikið kapp í öllum framkvæmdum í landinu. Í fyrra tilfellinu tekur stj. af miklum efnum til þess að hjálpa atvinnuvegunum, sem eiga í erfiðleikum, en í hinu síðara tekur hún af litlum efnum, þegar mikið er um atvinnu alstaðar.

Ég ætla ekki að fara mikið út í það að svara hv. þm. V.-Húnv., t. d. viðvíkjandi alþingishátíðinni. Vildi hann sýna fram á það, að alþingishátíðin væri eitt skýrasta dæmið upp á ógegndareyðslu 1930. Ef nokkur er sakaður fyrir þetta, þá ætti fyrst og fremst að saka alþingishátíðarnefndina. Það er skylt skeggið hökunni. Allir ráðh. voru í þessari n. Gæti hv. þm. þá talað við sína ráðherra. — En sannleikurinn er sá, að 1930 var hvergi sparað nema þarna. Þessi hátíð varð miklu ódýrari en nokkurn grunaði. Vil ég benda hv. þm. á það, að ef alþingishátíðin er borin saman við einstakar konungskomur hingað til lands, þá er ekki hægt að kalla hana dýra. Þarna var bæði um kon-

ungskomu að ræða og svo boðið fulltrúum frá mörgum löndum. Hefir aldrei hér á landi verið stofnað til annarar eins hátíðar. Hefi ég ekki hitt þann mann, sem lét sér detta það í hug fyrirfram, að hún myndi kosta minna en eina millj. En hver var svo útkoman? Þegar reikningarnir verða gerðir upp, mun það sýna sig, að kostnaðurinn nær ekki ½ millj. Þar er reyndar tekinn upp kostnaður, sem nemur ¾ millj. kr., en mikið af því er eign, sem er örugg vara að seljast. Er þetta ótrúlega lítið. Hinsvegar er ómögulegt að nota alþingishátíðina hér til samanburðar. Ég er ekki að gagnrýna stj. fyrir það, að hún hafi eytt miklu, heldur fyrir það, sem hún hefir eytt umfram heimild þingsins. Þar sem ekki var veitt sérstök upphæð til hátíðarinnar, er allur slíkur samanburður gagnslaus.

Annars skal ég gjarnan ræða um þessar ráðstafanir við hv. þm. V.-Húnv., þótt ég sé ekki málsvari þessarar n., en ég held þó, að heppilegra væri að ræða þær í sambandi við landsreikningana en fjáraukalögin.

Hv. frsm. meiri hl., að ég ætla, talaði um, að það væri vantraust á stj., ef fjáraukal. yrðu felld. Ekki er þetta þó orðað svo. Þó er stj. auðvitað sjálfráð um það, hvernig hún metur það, ef þingið fellir mál, sem hún ber fram. Sumstaðar erlendis taka stjórnir slíkt svo óstinnt upp, að þær segja af sér. Þótt fjáraukal. séu felld, lætur þingið ekkert annað í ljós en vanþóknun á þeirri fármeðferð, sem þar er um að ræða. En stj. verður að eiga það við sjálfa sig, hvort hún skoðar það sem vantraust og segir af sér.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. Ætla ég að byrja á því að taka fram, að mér finnst ýmsir óeðlilega háir liðir vera í þessu frv. Hv. þm. nefndi landhelgisgæzluna. Tek ég undir það, að hún er allt of kostnaðarsöm. Er líka við því að búast, þegar farið er með skipin eins og gert var. Árið 1930 voru eitt eða tvö skip tekin í mánaðartúra (ekki reyndar í einu) til þess að flytja einn ráðh. milli fundastaða út af landskjörinu. Annað dæmi, sem hann nefndi, var landsspítalinn. Var hann reyndar dýr, en þó er fært á reikninga landsspítalans ýmislegt, sem honum tilheyrir ekki. Er þetta því óeðliega og reyndar allt of hár liður.

Um Arnarhvál er það að segja, að engin áætlun var gerð um kostnað hans. Stj. fór fram á það að mega eyða 225 þús. kr. til byggingar Arnarhváls, ef hún gæti sýnt, að við það sparaðist fé. En svo brýtur stj. hvorttveggja, bæði það, að hafa bygginguna ekki dýrari en 225 þús. kr., og svo sparnaðarheitið, því að nú verður ríkið að borga hærri húsaleigu en áður fyrir sömu skrifstofur. Hér er því ekki um það að ræða, að áætlunin hafi bilað.

Þá nefndi hann síldarbræðslustöðina og kvað áætlunina hafa bilað þar. Ég tel, að sjálfsagt hefði verið að leita álits þingsins á þeirri greiðslu umfram heimild, sem þar átti sér stað, Þessi milljónarheimild var ekki bundin við eina síldarbræðslustöð, heldur var heimilað að byggja síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi eða annarsstaðar. Ég segi eins og er, að ég er hissa á því, hvernig hægt var að eyða 1700000 kr. í þessa stöð. Hefði víst engan órað fyrir því, að slíkt feiknafé færi í eina síldarbræðslustöð.

Ég kæri mig ekkert um að ræða við hv. þm. um endurgreidda tolla. Skildist mér hann telja það rangt, að tilfæra slíkt í 19. gr. En það hefir þó verið siður frá því er ég man fyrst eftir, og hafa ekki komið brtt. við það. Held ég, að þessu verði erfitt að breyta, ef hv. þm. hugsar sér að draga frá það af tollum, sem endurgreitt er.

Um greiðslur vegna alþingishátíðarinnar ræði ég ekki, en vil þó benda á það, að fært er á kostnaðarliðinn meira en alþingishátíðarnefndin viðurkennir, t. d. ýmsar aðgerðir á Þingvöllum að undirlagi hæstv. dómsmrh., sem kostuðu á 3. hundrað þús. kr. Ég hefi enga tilhneigingu til þess að verja hátíðarnefndina, enda geta hér margir svarað fyrir hana. Man ég ekki, hvað veizlan kostaði, sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að n. hefði haldið sér á 100. fundarafmæli sínu, en ég þykist þó vita, að hún var ódýrari en veizlan, sem haldin var á Siglufirði, þegar síldarbræðslustöðin var reist, því að hún kostaði á 4. þús. kr.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal halda mér við þá starfsaðferð, sem hér hefir verið tekin upp, að geyma ýmislegt þangað til landsreikningar koma til umr. En út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ný regla hafi verið tekin upp í sambandi við samningu frv., játa ég, að hér er um nýja reglu að ræða, en hitt hefi ég ekki athugað, hve mikil áhrif hún hefir á upphæðirnar í frv. sjálfu. Var tekin upp sú regla að setja í fjáraukal. þær umframgreiðslur, sem heimilaðar höfðu verið í 23. gr. Hefi ég ekki athugað þetta nákvæmlega, en hefi þó séð, að áður hefir verið farið fram úr heimild í þessari gr., án þess að það væri tekið í fjáraukal.

Hv. þm. minntist á hátíðahöldin og kostnaðinn við þau, og sagði í því sambandi, að ég gæti snúið mér til stj. viðvíkjandi þessu, því að allir ráðh. hefðu verið í n. Skildist mér, að þeir hinir gætu þá þvegið hendur sínar af öllum hennar syndum. — Ég vildi í þessu sambandi aðeins benda á, að þegar fulltrúar úr öllum flokkum þingsins koma saman og fá mikinn hluta fjárveitingavaldsins í sínar hendur, þá fara þeir ekki betur með það en svo, að kostnaður verður óþarflega mikill. Meira að segja finnast í þessum kostnaðarlið allir þeir póstar, sem stj.-andstæðingar ásaka stj. fyrir að hafa haldið ósparlega á. Þessi veizla, sem ég nefndi, var ekki sú eina, sem haldin var í sambandi við þessa starfsemi. Þarna voru ferðakostnaðarreikningar ekki lægri en þeir, sem stj. hefir verið vítt fyrir, ferðalög með 100 kr. dagpeningum í margar vikur. Einum manni voru borgaðar 6000 kr. fyrir að stjórna leiksýningu. Svona gæti ég haldið áfram að telja með tölum, sem hefðu hneykslað hv. 4. þm. Reykv., ef stj. hefði verið ein um þetta. Að stj. átti sæti í n., er að mínu áliti engin réttlæting á göllunum. Er ég ekki að koma með nein hlutdræg dæmi, heldur bendi ég á það, að þegar allir flokkar leggja í eitt púkk, þá verður meðferðin á ríkisfé ekki betri en sú, sem flokksmenn hv. þm. kvarta mest um hjá stj.

Hv. þm. sagði, að hátíðahöldin hefðu orðið sérlega ódýr. Já, framúrskarandi! Geymi ég það til umr. um LR. að fara nánar út í það. Bendi ég þó hér á það, að ekki er allt heill sannleikur hjá hv. þm. Eru honum a. m. k. mislagðar hendur í dómum sínum, ef hann telur það allt gott, sem þessi n. gerði, en aðra meðferð ríkisfjár glæpsamlega. Hv. þm. sagðist ekki átelja það, þótt þetta mikla fé hafi verið notað, heldur það, sem notað hefði verið umfram áætlun. Þetta fé hefði ekki verið áætlað, og því væri ekki ástæða til þess að átelja eyðsluna. En ég er búinn að benda á, að ⅔ af fjáraukalögunum frá síðasta þingi voru einmitt vegna kostnaðar við hátíðahöldin — ⅔ hlutar. En hann tók þau og lagði upphæðina í þeim fjáraukal. við þessi fjáraukal. til að sýna, hvað umframgreiðslan væri mikil. En hann verður að athuga það, að þarna er um ekki litlar upphæðir að ræða, sem stj. hafði enga aðstöðu, nema sem einstakir nefndarmenn, til að takmarka. Nú veit ég ekki og langar ekki til að vita, hvernig samvinnan var í n., en ég þykist þó vita, að hún hafi verið góð og elskuleg, því ég hefi heyrt, að n. hafi starfað í mikilli eindrægni, eins og líka vel fór. Og ég er ekki að sjá eftir þeim upphæðum, sem þarna hafa farið, því ég álít það mjög mikilsverð störf, sem n. hefir leyst af hendi í sambandi við hátíðina, og að það skipti miklu meira fyrir þjóðina, að þau fóru vel úr hendi, en hitt, hvort verið var að spara svo sem 100 þús. kr., eða ekki.

Hv. 2. þm. Skagf. var að segja, að ég hefði minnzt á óeðlilega liði í þessu frv. En ég held, að ég hafi orðað það svo, að það væru í því óvenjulegir liðir, af þeim ástæðum, að á þessu ári koma margar framkvæmdir, sem stj. var knúð til að gera samkv. framkomnum vilja Alþ., og meðal þeirra eru, eins og ég hefi áður bent á, stærstu upphæðirnar, eins og t. d. landsspítalinn. Til hans var ekki áætlað nema lítið, en þingið skoraði á stj. að flýta verkinu sem mest, því það var talið nauðsynlegt, að byggingu spítalans væri lokið fyrir alþingishátíðina, svo hægt væri að nota spítalann í þarfir alþingishátíðarinnar, eins og líka var gert.

Aftur á móti þegar verið er að tala um fjáraukal., þá er ekki tekið neitt tillit til þessara fjárgreiðslna, sem ég hefi nefnt til að afsaka, hve þau eru há, heldur eru fjáraukalögin í heild notuð sem ásökunarefni á stj. (**MG:** Hvernig var það, þegar talað var um fjáraukal. miklu? Var þá

tekið tillit til slíks?). Ég fyrir mitt leyti álít, að það hafi mikið verið hægt að afsaka af þeim fjáraukal. En þó niðurstaða þeirra fjáraukal. hafi verið notuð sem ásökunarefni á þáv. stj., þá er það ekki réttlát bending um, að svoleiðis eigi framvegis að sækja og verja það mál.

Hv. þm. minntist á Arnarhvál og hélt, að ekki hefði verið gerð nein áætlun um, hve mikið hann mundi kosta. En ef ekki hefir verið gerð nein áætlun — ég man það nú satt að segja ekki —, þá var því síður hægt fyrir þingið að binda heimildina við fast ákveðna upphæð. En ég hygg nú, að áætlun, a. m. k. um gerð hússins, hafi legið fyrir á þessu tímabili. En ef ekki hefir legið fyrir nein kostnaðaráætlun, þá var hæpið fyrir þingið að ganga út frá ákveðinni upphæð. En þó hún nú hafi verið fyrir hendi, þá er hér ekki um neitt nýtt að ræða, því það er margsannað, að áætlanir hafa aldrei staðizt, og hefir það bakað ríkissjóði og þjóðfélaginu stórkostlegt tjón, hve allar áætlanir hafa reynzt óábyggilegar.

Ég benti á það í sambandi við, hvernig byggingu síldarbræðsluverksmiðjunnar var hagað, að það hefði mátt byggja þar aðeins fyrir það fé, sem veitt var, og láta hana vera óklárða þangað til fjárveitingavaldið hafði veitt fé á ný til að halda verkinu áfram með þeim hraða, sem þingið óskaði. En þess er þá ekki að dyljast, að þá gat svo farið, að það hefði verið tjón fyrir ríkið. Og það myndi einstaklingunum finnast, að það væri óhyggilegt að láta slíka byggingu standa mjög lengi yfir. Yfirleitt er það hyggilegt að fá not af slíkum fyrirtækjum sem fyrst, og það munu flestir keppa að því, sem að slíkum byggingum standa. Þarna er leið, sem hefði mátt fara við byggingu Arnarhváls, en ég býst við, að það hefði orðið kostnaðarauki. Að húsaleigan fyrir skrifstofurnar þarna er dýrari en hún var áður, meðan leigt var fyrir þær úti í bæ, stafar að nokkru leyti af því, að skrifstofurnar hafa fengið betra og meira pláss en áður, og það er sjálfsagt líka mikils virði fyrir þær, þó hitt hafi kannske getað slarkað.

Þá minntist hv. þm. á endurgreiddan toll og sagðist ekki skilja að hann gæti komið annarsstaðar til gjalda en í 19. gr. En það er mjög þægilegt að koma honum fyrir sem frádrætti á því fylgiskjali, sem tollar eru færðir á. Ég er ekki í vafa um, að það liggur alltaf ljóst fyrir í hverju einstöku tilfelli, í hvaða lögsagnarumdæmi tollar eru endurgreiddir. Ef menn vilja sundurgreina það, má draga frá endurgreiðslurnar á tollskýrslunum, og þó það sé ekki gert nema í einu lagi, þá er auðvelt að draga hann frá á sama fylgiskjali.

Yfirleitt er það ekki rétt að færa upp á landsreikningnum tekjur, sem eru engar tekjur, af því að þær eru endurgreiddar, eins og gert er með núv. formi, og færa þær svo til útgjalda. Og ég held, að með því formi, sem nú er búið að taka upp á landsreikningnum, eigi svo að vera framvegis, að þessi tollur verði ekki færður á 19. gr. eins og verið hefir.

Ég ætla ekki að fara frekar út í umr. um þessi atriði; það getur beðið landsreikningsins. En af því hv. 2. þm. Skagf. minntist á veizlu, þá tók ég aðra til samanburðar. Um hitt má deila lengi, hvor veizluhöldin hafi átt meiri rétt á sér. En sannast að segja finnst mér það nú ekki neinn sögulegur viðburður, að alþingishátíðanefndin var búin að halda 100 fundi. Það væri þá alveg eins mikil ástæða til, að við þm. héldum það hátíðlegt, þegar við höfum setið 100 daga þing, og það er nú ekki svo langt þangað til. (MJ: Kannske það verði gert?). Kannske það verði gert, skýtur einhver að mér. Það getur vel verið, en ég hefi heyrt lítið í þá átt. En ef þetta 100 daga minni okkar á að kosta í hlutfalli við kostnaðinn af 100 funda afmælinu, þá getur það kostað talsvert. (MJ: Hvað kostaði nefndarveizlan?). Hún kostaði nú ekki nema á annað þúsund kr. fyrir þessa 7 menn. En það var drukkið fast og setið lengi. (MJ: Drakk Tryggvi líka?) Ég var ekki í veizlunni og er ekki kunnugt um, hverjir hana hafa setið. En ég hefi aðeins séð það bókað í gerðabók alþingishátíðarnefndarinnar, að þetta hafi verið mjög hátíðleg stund.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég efast um, að það sé ástæða til að vera að ræða ýtarlega það höfuðágreiningsatriði, sem komið hefir fram í umr.

Hvorki býst ég við, að við andstæðingarnir sannfærum hvorir aðra, né heldur að málið upplýsist til muna betur hér eftir en orðið er.

Hv. stj.andstæðingar hafa ekki viljað fallast á, að rétt væri það, sem ég nefndi í upphafi umr., að ýmsar sérstakar ástæður væru til, að þessi fjáraukal. væru hærri en venja er til, og um þetta hefir verið karpað. Ég held því, að ég verði að víkja að því aftur, vegna þeirra andmæla, sem komið hafa fram.

Ég man nú ekki, hvort ég hafði þau ummæli í upphafi umr., að hér hefði verið tekin upp ný regla, en ég skal ekki fortaka, að ég hafi haft þau orð, en ég man, að ég talaði um, að það hafi verið ýtarlegar að því gengið að taka umframgreiðslur upp í fjáraukal. nú en áður. Og þetta er rétt; það er meira tekið í þessi fjáraukal. en venja hefir verið, þ. á. m. umframgreiðslur, sem orðið hafa á framkvæmdum, sem ákveðnar voru í sérstökum l. og þál., en ekki teknar upp í fjárl.-frv. Og vísaði ég þar til 35. aths. við LR. 1929 um að svo beri að gera. Ég held líka, að fjáraukalagafrv. sjálft beri það með sér, að þetta sé rétt með farið hjá mér, því 12. gr. frv. fer fram á eftirásamþykkt á 743 þús. kr. Þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, eru gerðar samkv. sérstökum lögum, og hefir ekki verið tekið upp í fjárl. neitt af þeim. 11. gr fjáraukalagafrv. leitar umframfjárveitingar fyrir gjöldum í síðustu gr. fjárl., en til þeirra framkvæmda, sem eru í 12. gr. á því, hefir aldrei neitt verið tekið upp í fjárl.

Þá er það atriði, sem kallað hefir verið afmælisgjöfin og nokkuð hefir verið rætt, ekki eingöngu við umr., heldur einnig í blöðunum. Ég hafði látið falla orð um það, að stj. mundi hafa haft í huga að láta þjóðina fá einskonar minningargjöf um afmælið með því að láta fara fram ýmsar umbætur, almenningi sjálfum til hagsbóta, meir en venja hefir verið — að hún hefði gert þetta sérstaklega vegna þessa afmælisárs. Það, sem ég nefndi og vil nefna þessu nafni, eru almennar umbætur á landshögum, svo sem vegagerðir, brúagerðir, vitabyggingar, símalagningar, umbætur á samgöngumálum yfir höfuð á sjó og landi og ennfremur ræktunarmálum og byggingum. Og þrátt fyrir það, að ég viðurkenni, að greitt hefir verið mjög ríflega til þessara hluta 1930, þar sem umframgreiðslurnar á þessum liðum eru rétt um 1 millj. kr. eða nálega $\frac{1}{5}$ af öllum þessum fjáraukal., þá átel ég það ekki. Ég hefi jafnan við umr. um fjáraukal. hér heyrt það haft í orði, að því fé væri vel varið, sem varið væri til umbóta samkv. þessum liðum, og ég hefi enga tilhneigingu til að átelja það, þó miklar umframgreiðslur hafi orðið á þessum liðum. Ég minnist þess, að á árinu 1925 var ríflega notað fé til þessara hluta umfram heimildir fjárlaga, en það var tekið fram af þáv. stjórnarandstæðingum, að þeir vildu ekki átelja þáv. stj. fyrir það. En það er kannske nokkuð eðlilegt, þó núv. stjórnarandstæðingar vilji gera þetta að ásökunarefni. Eins og menn vita, þá er íhaldsflokknum ekki eins annt um umbætur á almenningshögum eins og þeim flokkum, sem framgjarnir eru, og því ekki nema eðlilegt, að þeir öðrum fremur sjái ástæðu til að telja slíkt eftir og meti lítils, þó þjóðin fái að njóta þeirra umbóta. Þetta eru umbætur, sem ekki verða af þjóðinni teknar, og ætla ég, að þeirra muni minnast lengi þeir, sem notið hafa.

Þá er þriðja atriðið, sem ég hafði nefnt, að á þessu ári hefðu verið hafðar með höndum sérstaklega stórar framkvæmdir, sem ekki lægju fyrir jafnan, og umframgreiðslur vegna þeirra væru því alveg óvenjulegir liðir, og má þar til nefna landsspítalann og síldarbræðsluverksmiðjuna, sem er það stærsta af þessum umframgreiðslum. Það má náttúrlega gera það að álitamáli og ásökunarefni, að þessum framkvæmdum var hraðað, en ekki t. d. landsspítalinn látinn bíða. En ég sé ekki, að það sé ásökunarefni, að þetta var framkvæmt, fyrst möguleikar voru til að gera það, því ég hygg, að fjöldi manna hafi þráð, að landsspítalinn kæmist sem fyrst upp og til nota. Og ég fyrir mitt leyti vil snúa þessum ásökunum upp í þakklæti til stj. fyrir að hún lét það verk ganga örar fram en ætlað hafði verið af þinginu, fyrst möguleikar voru til þess. Um síldarbræðsluverksmiðjuna er líkt að segja, þó ekki væri veitt til hennar jafnmikið fé og notað var, þá hlaut að þurfa að leggja fé fram, þó seinna væri,

svo það er þá eina ásökunin, að verkið var ekki látið bíða. Nú er leitað samþykkis fyrir öllu þessu fé eftir á, eins og venja er til, og mér finnst stjórnarandstæðingar ekki hafa réttmæta ástæðu til að neita um samþykki, þó að framkvæmdin hafi ekki verið látin dragast, úr því hægt var að framkvæma hana. Það hlaut að reka að því fyrr eða síðar, að síldarbræðsluverksmiðjan yrði fullgerð og að til hennar þyrfti þá allt þetta fé.

Það mun hafa verið hv. frsm. minni hl., sem fyrstur dró inn í umr. „fjáraukal. miklu", sem stundum hafa verið kölluð svo, eða fjáraukal. 1921, a. m. k. var það ekki ég, sem nefndi þau fyrst í þessum umr. (MJ: Það var ég). Mér virtist hv. 2. þm. Skagf. vera óánægður með, að ég tók þau til samanburðar við þetta frv., og gat hann þess, að ég hefði ekki tekið fram, að þau hefðu verið fyrir 2 ár. Auðvitað tók ég þetta ekki fram sérstaklega, en hafði, eins og venja er, kennt fjáraukalögin við það ár, sem þau lágu fyrir. Ég minnist ekki, að ég hafi sagt neitt hér á þingi í þá átt, eða að það geti verið haft eftir mér annarsstaðar frá, að ég hafi haft að sérstöku ásökunarefni meðferð fjármálanna á því tímabili; þó að aðrir hafi gert það, kemur það ekki mér við, og ég hefi því ekkert að afsaka fyrir hv. 2. þm. Skagf. í því efni, hvorki, sem ég hefi mælt hér eða annarsstaðar. Hann gat þess, að þau hefðu ekki verið nema nál. 4½ millj. kr., og mun það rétt vera. En af því að hv. frsm. minni hl. lagði fjáraukal. frá í sumar saman við þetta fjáraukalagafrv., vil ég geta þess um fjáraukal. 1921, að það voru líka tvenn fjáraukal. þá. Fyrri fjáraukal. voru rétt um 1¼ millj. kr., og þá verður að leggja þau við hin síðari, ef á að fá réttan samanburð.

Ég hafði fyrr við umr. talað um, að þó þessi fjáraukal. væru þau hæstu, sem við höfum haft, þá væri þó hér eftir ekki að ræða um nema stigmun, en engan gagngerðan (absolut) mun. Það er sá stigmunur, að fjáraukal. eru hærri nú en í önnur skipti, en þó að þau séu í hæsta lagi, geta stjórnarandstæðingar látið sér nægja að átelja það, annaðhvort við umr. eins og áður hefir verið gert — og engin ástæða til að kvarta yfir —, eða með þál. En það er ekki réttmætt, að ásökunin komi fram í því formi að fella fjáraukal. að þessu sinni frekar en oft áður, þó að þau séu í hæsta lagi.

Ég hefi áður og vil nú aftur minna á þær sérstöku ástæður, sem eru fyrir því, að fjáraukal. eru hærri nú en venjulega. Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að rifja upp umframgreiðslur frá árinu 1925. Á því ári voru tekjurnar mjög miklar, svo að þær urðu nálega helmingi hærri en áætlað hafði verið til útgjalda. Á því ári var, eins og margrætt hefir verið um, nokkrum hluta af tekjunum varið til að greiða skuldir og auka sjóð. En þegar frá er talið það, sem varið var til greiðslu lausaskulda og til þess að auka sjóð, þá nema umframgreiðslurnar á því ári, árinu 1925, um 3¼ millj. kr. En upp í fjáraukal. fyrir það ár er ekki tekin hærri upphæð en 1,7 millj. kr., sem sýnir, að umframgreiðslur, sem ekki er leitað aukafjárveitingar á, hafa verið um 1,6 millj. kr. Ég bendi á þetta af því, að það var á dögum þáv. ihaldsstj., sem mest færir sér til ágætis gætni í fjármálum, og ég skal ekki draga úr því, að færa megi henni það til ágætis öðru fremur. En ekki er allt ágæti í því fólgið og þetta sýnir, að þeir geta líka tekið upp á því að brúka fé umfram heimildir.

Annars vil ég, út af samanburði um þetta, minnast á það, sem hv. frsm. minni hl. líka drap á, að það gæti vel komið til álita að taka upp þá reglu að leita aukafjárveitinga fyrir öllum greiðslum, sem eru umfram það, sem ákveðið er í fjárl.-áætlun, annaðhvort í ótilteknum upphæðum í fjárlögunum sjálfum eða með öðrum heimildum, sérstökum lögum eða þál. Það hefir a. m. k. þann kost, að hægt er að fá hreinan samanburð á umframeyðslunni frá ári til árs, en hinsvegar er þessi regla ófullnægjandi að því leyti, að hún gefur ekki til kynna, hve mikið fer til lögbundinna útgjalda.

Það mun hafa verið meginhugsunin, að fjáraukalög séu þannig byggð, að með þeim sé leitað aukafjárveitinga á því, sem eytt hefir verið umfram það, sem telja má að sé lögbundið, hvort sem er í fjárlögum eða öðrum lögum. Ég skal ekki hafa á móti þessari reglu, en henni þarf þá að vera nákvæmlega fylgt — og alltaf

á sama hátt —, ef hægt á að vera að gera réttan samanburð á milli ára. Það verður þá verkefni yfirskoðunarmanna á hverjum tíma að meta það, og meta rétt jafnan, hvað það er, sem ekki var heimild fyrir í fjárl. eða lögbundið í öðrum lögum, og taka það eitt upp í till. sínar um aukafjárveitingar.

Ég hefi nú talað þrisvar sinnum eins og þingsköp heimila og geri ekki ráð fyrir að taka oftar til máls. Ég þykist hafa hagað orðum mínum þannig, að ég hafi ekki eggjað andstæðingana til frekari mótmæla. Ég hygg, að þeir geti sætt sig við þær umr., sem þegar eru orðnar, því að það hafa verið dregnar fram þær ástæður, sem mæla bæði með og móti því að samþykkja þetta frv., auk þess sem dregin hafa verið inn í umr. ýms atriði, sem ekki koma fjáraukal. við. Ég ætla ekki að átelja hv. frsm. minni hl. fyrir það, þó hann vilji fella frv., en mér finnst dálítið öðru máli að gegna um hv. 2. þm. Skagf. Það virðist vera síður réttlætanlegt af honum, ef hann greiðir atkv. gegn frv., þar sem hann sem yfirskoðunarmaður landsreikningsins hefir lagt til, að allar þær upphæðir, sem standa í fjáraukal., væru settar í þau, og stj. í því efni hefir að öllu farið eftir hans till. Mér finnst þetta binda hann nokkuð til fylgis við frv., enda er ég ekki viss um, að hann ætli að greiða atkv. gegn frv. Jafnvel þó hann á síðasta þingi greiddi atkv. á móti fjáraukal., eftir að hafa lagt til í nál., að frv. yrði samþ.

Magnús Guðmundsson: Ég man ekki til þess, að ég hafi sagt það, að ég ætlaði að greiða atkv. gegn frv., en það er eins og hv. 1. þm. N.-Múl. sé að vara mig við því fyrirfram að greiða nú ekki atkv. öðruvísi en hann í þessu máli. Ég skal lofa honum því, að taka þessa ráðleggingu til rækilegrar athugunar, en meira get ég ekki lofað honum.

Hv. þm. finnst ég hafa bundið mig til þess að samþ. fjáraukalagafrv. með því sem yfirskoðunarmaður að leggja til, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir fjölda umframgreiðslna, sem svo er gert í þessu frv., en þetta er mesti miskilningur. Þegar yfirskoðunarmenn leggja til, að einhver upphæð sé sett í fjáraukalög, þá þýðir það, að upphæðin hafi verið greidd án heimildar þingsins, og því þurfi að leita greiðsluheimildar vegna þeirrar upphæðar. Það er svo annað mál, hvort þingið veitir þá heimild eða ekki. Þar hefir hver þm. óbundið atkv.

Út af því, sem hv. þm. minntist á afstöðu mína til fjáraukal. í fyrra, þá skal ég upplýsa það, að ég bar þá einmitt fram brtt. við LR. 1929, sem nam rúmlega 1 millj. kr., en hún var felld, og eftir það hafði ég auðvitað óbundið atkv. gagnvart fjáraukal., vegna þess að ég hafði sett það sem skilyrði fyrir atkv. mínu með frv., að brtt. mín við LR. yrði samþ.

Hv. þm. var að tala um, að fjáraukal. 1925 hefðu orðið 1,7 millj. kr., en hvað er það samanborið við það, sem nú er, þegar þau eru á sjöttu millj. kr., og þar fyrir utan eru aukaútgjöld ríkissjóðs á árinu, sem hvorki eru í fjárl. eða fjáraukal., ekki minni en 8 millj. kr. (**HJ:** Þetta er ekki rétt). Það er skrítið. Hljóða ekki fjárl. upp á 12 millj. kr., fjáraukalög 5 millj., en landsreikningur næstum 25,8 millj.? (**HJ:** Eru það allt útgjöld?). Nei ekki alveg, en á LR. eru t. d. engin útgjöld færð, hvorki vegna landssímastöðvarinnar eða útvarpsins. (**HJ:** Hver verður þá útkoman?). Eins og ég sagði. (**HJ:** Það er ósatt). Nei, það er satt.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hækkunin á þeim fjáraukal., sem hér liggja fyrir, miðað við fjáraukalög fyrri ára, væri ekki nema stigmunur. Það má e. t. v. segja, að það sé ekki nema stigmunur að stela 1 eldspýtu og stela 1 millj. kr.; það getur vel verið, að það sé ekki nema stigmunur, en það er þó sá munur, að á hinu fyrra mundi ekkert segjast, en hið síðara varðaði þungri hegningu. Hv. frsm. meiri hl. sagðist haga svo orðum sínum að sneiða hjá allri áreitni í garð andstæðinga sinna, en ég sagði heldur ekkert miskaorð í hans garð. Hann talaði um fjáraukalögin 1920—1921. Ég hefi ekki ástæðu til að fara út í umr. um þau. Samanburður hans sýndi, að fjáraukalögin fyrir árið 1930 eru miklu hærri heldur en þau voru fyrir bæði árin 1920—21, og eins þó borin séu fyrri fjáraukalögin 1930 saman við fyrri fjáraukalögin 1920—21, þá verða þau enn miklu hærri hlutfallslega 1930.

Ég skal ekki finna að því, þó hv. 1. þm. N.-Múl. þakki stj. fyrir allt fjárbruðlið 1930; hann sýnir aðeins með því sína miklu tryggð við hæstv. stj. Það er falleg dyggð að vera svona trúr, þó það sýnist mega líka dálítið um það hugsa, hvað er rétt eða rangt í fari stj. Hann áleit, að það hefði verið meining stj. með allri eyðslunni að gefa þjóðinni myndarlega afmælisgjöf árið 1930. Það getur vel verið, að sú hafi verið meiningin, en ég kann bara illa við það, að gjöfin skuli þá einmitt vera tekin frá þeim, sem á að fá hana. Hefði stj. gefið af sínu eigin fé, þá var það þakkarvert. En þegar hún er að gefa fé, sem hún hefir ekki heimild til að gefa, þegar hún með gjöfunum er beinlínis að brjóta lög, er að leggja undir sig vald Alþingis yfir fjármálum ríkisins, þá hljótum við andstæðingar stj. að átelja þá framkomu, að hrifsa til sín vald þingsins langtum stórkostlegar en nokkru sinni áður hefir þekkzt.

Hv. þm. V.-Húnv. þarf ég litlu að svara. Hann hélt mjög á lofti kostnaði, sem orðið hefði vegna byggingar landsspítalans. Ég hefi ekki átalið það, að landsspítalinn var reistur, en hitt vil ég átelja, að taldir eru til landsspítalans ýmsir háir kostnaðarliðir, sem ekkert koma landsspítalanum við, því það er ekkert annað en fölsuð reikningsfærsla. Annars var, ef ég man rétt, búið að koma landsspítalanum undir þak áður en núv. stj. tók við völdum, og þarf því ekki að gera svo mikið úr þeim þunga, sem hún hafði af þeirri stofnun.

Um Arnarhvál nenni ég ekki að ræða. Við byggingu hans voru brotnar tvær þær meginreglur, sem ákveðið var eftir að breyta í fyrstu.

Hv. þm. talaði um afmælisveizlu alþingishátíðarn., sem hann sagði, að aðeins hefði verið handa sjö manns. Ég held, að það sé misskilningur og að gestirnir hafi verið fleiri, en annars ætla ég ekki að taka það frá hv. frsm. minni hl. að svara þessari aths.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. lauk máli sínu með því að tala um, að hann hefði enga áreitni sýnt í umr. Ég hefi heldur ekki áreitt hann. Ég minntist hans einmitt lofsamlega og er sammála honum um, að það sé ef til vill réttast að gera stj. að skyldu að leita heimildar í aukafjárlögum fyrir allar umframgreiðslur án nokkurra undantekninga. Ég býst við, að það ætti að geta orðið hvöt fyrir hverja stj., til þess að semja sem réttust fjárl.; því það er mjög ósanngjarnt gagnvart einni stj., að hún þurfi að leita heimildar í aukafjárlögum fyrir óhjákvæmilegar greiðslur. Ég skal játa, að þó getur verið um að ræða eina dálitla hættu í sambandi við slíkt fyrirkomulag. Stjórn, sem þetta vissi, gæti orðið óþarflega frek í kröfum um fjárveitingar í fjárl., og ef hún fengi þeim kröfum framgengt, þá gæti þar skapazt óþörf eyðsla. Ég held þó, að miklu heppilegra sé að gera sér sem ljósasta grein fyrir þörfunum þegar fjárlög eru samin, en fylgja þeim svo strangt, svo að stjórnarliðið þurfi ekki á hverjum tíma að leggja blessun sína eftir á yfir afskaplega mikla heimildarlausa fjárbrúkun stj., heldur að allir flokkar gæti orðið sammála um að víta þá eyðslu, sem færi fram yfir fjárlög.

Ég gerði í fyrstu ræðu minni samanburð á þessum fjáraukalögum og fjáraukalögunum 1920—21 og sýndi fram á þann mikla mun, hvað þessi fjáraukalög færu langt fram úr hinum. Fjáraukalögin 1920—21 eru þó þau, sem mest hafa verið vítt af andstæðingum þáv. stj. Ef tekið er til dæmis það blað, sem aðallega mælti móti þeim fjáraukalögum með hvíldarlausum árásum á stj. næstu árin út af afgreiðslu þeirra og allan síðastl. áratug hefir þeytt úr sér vonskugusum út af þeim, þó það hafi verið margsýnt og sannað, að þær umframgreiðslur voru nálega eingöngu afleiðingar ófyrirsjáanlegra breytinga á fjármálasviðinu, þá er það ljóst, að núv. stj. á þyngri dóm skilið fyrir fjáraukalögin frá 1930. Þá var þó ekki um að ræða neina breytingatíma eða óviðráðanlega og ófyrirsjáanlega hækkun útgjalda ríkissjóðs, og þó er útkoman sú, að fyrir þetta eina ár eru fjáraukalögin hærri heldur en áður hafði orðið hæst á tveimur árum. Hv. frsm. meiri hl. fann ekki ástæðu til að ásaka stj. fyrir það, þótt hún hefði flýtt ýmsum framkvæmdum meir en Alþingi hefði ætlazt til, úr því að það var hægt. Þar

til er því að svara, að fyrir það fyrsta er nú fjárveitingarvaldið hjá Alþingi. Í öðru lagi er nú sýnt, að ríkissjóður þoldi ekki þessi auknu útgjöld; ég held ástandið nú sýni það svo glöggt, að varla sé hægt að fá það ljósara, þetta ástand, sem er afleiðing af fjársóuninni, kröfur um nýjar, háar skattálögur á þrautpínda gjaldþegna, álögur, sem engin þörf væri fyrir, ef stj. hefði farið eftir boðum Alþingis, því þá hefði nú verið nóg fé, en ekki eins og hæstv. fjmrh. hefir upplýst, að verða muni stórkostlegur rekstrarhalli á þessu ári. Það verða alltaf harðari ásakanirnar eftir á, ef reynslan sýnir, að stj. hefir stefnt út í beinan voða í fullkomnu óleyfi og banni Alþingis.

Það væri ástæða til að svara hinum almennu hugleiðingum hv. frsm. út af ágreiningi okkar. Hann sagði, að það væri ekki nema eðlileg skoðun allra íhaldsflokka að vera á móti framkvæmdum, og það virtist koma fram hjá honum sú skoðun, sem oft hefir heyrzt hjá hans flokki, að þjóðin væri í raun og veru miklu betur stödd í lífsbaráttunni fyrir þessa eyðslu heldur en ef fé hefði nú verið óeytt og minna hefði verið gert. En hér er um að ræða mun á grundvallarskoðunum, ekki um það, hvort rétt sé að gera mikið eða lítið, hvort eigi að leggja vegi og síma, byggja brýr og skóla eða ekki, heldur er ágreiningurinn milli okkar um það, hvaða aðferð eigi að fylgja um framkvæmdirnar. Hann og hans flokkur telur, að eina leiðin sé að fara sem geistast, taka allt, sem hönd á festir, til að hamast áfram, en við höldum því fram, að framkvæmdirnar og framfarirnar verði að koma hægt og eðlilega, við viljum fylgja hinni almennu reglu góðra búmanna, að stilla öllu í hóf og miða við gjaldþol og getu. Hvers vegna notar ekki hygginn búmaður þá aðferð að hrifsa í góðærinu alla þá peninga, sem hann gæti komizt yfir og setur þá í búskapinn? Af því hann veit, að það þýðir stöðvun næsta ár, ef harðara fellur, en ef sótt er fram í hófi, þá vinnst takmarkið jafnt og þétt og niðurstaðan verður öruggari. Þetta er munurinn á okkar stefnum. Þetta er svo í öllu. Við getum bara hugsað okkur eitt dæmi, tvo menn, sem ætla að þreyta kappreið milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ég býst við, að þeir gerðu áætlun hvor um sig, hve mikið þeir gætu ætlað hestum sínum á hverjum degi, svo að þol og þróttur entist, en svo skyldi svo fara, að annar knapinn byrjaði á því að ríða af stað í spretti og fara þegar langt fram úr hinum, svo að hann væri kominn langt upp í Mosfellssveit, þegar hinn væri ekki kominn nema inn að ám. Ég er ekki í neinum vafa um, að margir bjánar mundu hrópa húrra fyrir þessum manni og dázt að honum. Við skulum segja, að hann héldi svona áfram allan daginn og væri kominn langt upp í Norðurárdal um kvöldið, þegar hinn væri ekki kominn nema eitthvað inn með Hvalfirðinum. En hvernig færi svo? Það er ekki víst, að aðdáendur þessa sólargapa yrðu alltaf jafnhrifnir. Þegar bykkjan springur undir honum fyrir hans forsjárlausa ofurkapp, þá verður minna úr aðdáendunum. En þetta er það, sem gerzt hefir hér hjá okkur, — bykkjan hefir sprungið undir stjórninni.

Við sjálfstæðismenn mótmælum ekki þörfinni fyrir verklegar framkvæmdir, vegi, brýr, skóla o. s. frv., en við teljum ekki ráðlegt að fara svo hart af stað, að land og þjóð liggi við að sligast undan framkvæmdunum, en nú er því miður svo komið. Nú þarf að pína lamaða gjaldþegna úr hófi fram, ef ríkið á að geta fullnægt nauðsynlegustu þörfum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 : 7 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 14 : 6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 14 : 6 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 2).

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
nei: JakM, BSn, GL.
JónÞ, PM greiddu ekki atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 4. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 803).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Meiri hl. fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Að öðru leyti mun meiri hl. ekki sjá ástæðu til að ræða þetta mál nú, sérstaklega vegna þess, að komið er að þinglokum og málið hefir ýtarlega verið athugað og rætt hér í þinginu.

Jón Þorláksson: Ég hefi ekki skilað neinu nál. um þetta frv., en ég er því mótfallinn. Það stendur í því sambandi við LR. fyrir 1930, að í þessu frv. felst heimild fyrir ríkisstj. til greiðslu á ýmsum af þeim upphæðum, sem taldar eru til útgjalda í þessum LR., en ekki hafa verið veittar í fjárl. Og þar sem ég get ekki fallizt á að samþykkja LR. fyrir 1930, mun ég ekki heldur greiða þessu frv. atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.
nei: GL, HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn.
JBald[1]) greiddi ekki atkv.
2.—6. gr. samþ. með 7 : 6 atkv.
7.—12. gr. samþ. með 7 : 6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 6 atkv.

---

1) Með svofelldri greinargerð: Þingmenn Alþýðuflokksins í Nd. hafa nú við eina umr. fjárl. flutt brtt. um framlög til atvinnubóta, er nemur samanlagt liðlega einni millj. kr. Þar af er bein útgjaldaskipun um framlag úr ríkissjóði 350 þús. og 350 þús. skal lána bæjar- og sveitarfél. Mér er sagt, að þessi till. hafi nú verið samþ. í Nd., og mun ég þess vegna sitja hjá við atkvgr. um 3. og 4. mál á dagskrá (fjáraukal. 1930 og LR.) og verða þannig ekki meinsmaður þess, að frumvörpin komist til 3. umr.

Á 96. fundi í Ed., 6. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 : 4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

---

4. Landsreikningur 1930.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1930 (stjfrv., A. 3).

Á 6. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvenær landsreikningurinn sjálfur kemur á sjónarsviðið. Það er vitanlega gott að fá að sjá frv. um samþykkt á LR., en betra væri þó að fá að sjá hann sjálfan líka. Ég veit að vísu, á hverju stendur. Það mun standa á að búa til svör við athugasemdum yfirskoðunarmannanna. En ég vil, að það komi fram, að það er svo langt síðan aths. voru sendar stjórninni, að svör við þeim hefðu átt að geta verið komin fyrir nokkru. Það hefði átt að vera hægt að útbýta LR. með svörum stj. og till. yfirskoðunarmannanna í þingbyrjun, eins og venja var hér áður. Í fyrra komu svör hæstv. stj. einnig seint, ekki fyrr en kom fram í apríl, og er það allt of seint. Ég er þó ekki að átelja hæstv. fjmrh. fyrir þetta, því ég býst við, að hann eigi ekki sök á því persónulega, en ég vil beina þeirri ósk til hans, að hann sjái um, að svörin komi sem allra fyrst.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vænti þess, að svör stj. við aths. yfirskoðunarmanna landsreikninganna, sem hv. þm. talaði um, að stæði á, geti komið nú um helgina, svo hægt verði að útbýta LR. í næstu viku.

Magnús Guðmundsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa upplýsingu. En auðvitað er ekki hægt að útbýta LR. strax þegar svörin koma frá hæstv. stj., því þá eiga yfirskoðunarmennirnir eftir að athuga þau og gera till. út af þeim. Og einn yfirskoðunarmannanna er, eins og hæstv. ráðh. veit, í fjarlægri sveit.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil gefa hv. yfirskoðunarmanni bendingu um að boða Pétur í Hjörsey hingað nú þegar. Eins og ég sagði, munu svör stj. koma svo fljótt, að ekki mun standa á þeim.

Magnús Guðmundsson: Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. á við með því að boða Pétur í Hjörsey hingað strax. Ég býst ekki við, að hann gæti komið fyrr en með næstu skipsferð, nema hæstv. stj. vilji senda eftir honum varðskip, en ekki mæli ég með því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Nd., 13. og 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 3, n. 703 og 705).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Þetta frv., sem við höfum hér til meðferðar, er í raun og veru skylt því, sem við vorum nú að afgr. (fjáraukal. 1930).

Ég skal geta þess fyrst fyrir n. hönd, að hún hefir borið frv. saman við LR. og þar ber ekkert á milli. N. vann að þessu í einu lagi, en svo þegar kom til þess að taka afstöðu til málsins, þá klofnaði n., eins og í hinu málinu. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., minni hl. að það verði fellt. Að þessu sinni eru aths. yfirskoðunarmanna við LR. með flesta móti. Um meiri hl. aths. gera yfirskoðunarmenn ákveðnar till. Eru till. ýmist: „upplýst", „má við svo búið standa" eða „til athugunar framvegis", og e. t. v. eru fleiri tegundir af till. til úrskurðar. En út af nokkrum aths. og svörum stj. gera yfirskoðunarmenn engar sérstakar till., þ. e. um 17., 27., 29., 32., 35. og 40. aths., stafl. a og b, en vísar þeim til aðgerða Alþingis. Fjhn. veitti þessum aths., sem engar till. voru gerðar um frá hálfu yfirskoðunarmanna, alveg sérstaka athygli og meiri hl. sýndist svo, að um þessar aths. megi yfir höfuð segja, að annaðhvort megi þær teljast „upplýstar" eða „við svo búið megi standa". En þó stendur nokkuð sérstaklega á um eina þessara aths., sem sé um 35. aths., að því er snertir Laugarvatnsskólann. Þar kemur í ljós, sérstaklega í framhaldsaths. eins yfirskoðunarmannsins, hv. 2. þm. Skagf., að fullnaðarreikningar fyrir skólabyggingarnar eru ekki gerðir, enda hafa þeir ekki verið endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun. Jafnframt gerir þessi yfirskoðunarmaður ráð fyrir, að þegar reikningarnir liggi hreint fyrir, geri hann sérstakar till. út af þessum aths. Meiri hl. telur, að þrátt fyrir það, þótt svona sé, verði ekki hjá því komizt að samþ. reikninginn eins og hann er, en það sé þó hægt að taka afstöðu til þessa atriðis seinna, þegar yfirskoðunarmaðurinn hefir gert sínar sérstöku till.

Ég skal þá þessu næst leyfa mér að gefa örstutt yfirlit yfir reksturinn þetta umrædda ár. Tekjur á rekstrarreikningi hafa orðið kr. 16716551,68, en útgjöldin kr. 16251648,20, og þá tekjuafgangur samkv. því kr. 464903,48. Tekjuáætlunin í fjárlfrv. var tæpar 12 millj. kr. og hefir því farið fram úr áætlun um rúml. 4,7 millj.

Gjöldin voru áætluð tæpar 12 millj. kr. og hafa því farið fram úr áætlun um rúmar 4 millj. kr. — Þetta er yfirlit yfir hinar eiginlegu tekjur og yfir gjöld ársins, sem við koma hinum árlega rekstri. En það verður ekki svo gefið yfirlit yfir reikninga þessa árs, að ekki þurfi að minnast á, að á árinu hafa verið tekin stór lán, eða alls kr. 14185125,80. Þessi lán hafa verið tekin vegna ýmsra sérstakra stofnana og fyrirtækja eða framkvæmda samkv. fyrirmælum þingsins á f. á. Af þeim hafa rúmar 8 millj. gengið beint til sérstakra stofnana og fyrirtækja, og skal ég nú nefna þessar upphæðir: Til Landsbankans upp í stofnfé 1,5 millj. kr., til Útvegsbankans í hlutafé 1,5 millj. kr., til Búnaðarbankans 3,6 millj. kr., til Útvarpsstöðvarinnar, sérst. lán, 620200

kr., til Landssímastöðvarinnar 950500,80 kr., sem alls gerir þá upphæð, er ég fyrr nefndi. Af lánunum hafa þá rúmar 6 millj. gengið í gegnum reikning yfir inn- og útborganir. Hefir þeim verið varið sumpart til greiðslu á lausaskuldum — rúmum 2 millj. 698 þús. — sumpart til innstæðuaukningar, sem nemur 1 millj. 56 þús., sumpart til fyrirtækja og framkvæmda, sem heimilaðar hafa verið lántökur til, og nemur það um 2 millj 260 þús. kr. Í grg. reikningsins fyrir eignahreyfingum má fá nánari sundurgreiningu á þessum 2 millj. 260 þús. kr. Stærstu liðirnir þar eru síldarbræðslustöð á Siglufirði, sem byggð var fyrir lánsfé, til kaupa á strandferðaskipi og til skrifstofubyggingarinnar Arnarhváls.

Eins og ég gat um, er tekið inn í þennan LR. af lánum rúml. 6 millj. kr., auk þess, sem gengið hefir á sjóðinn, sem reikningurinn sýnir, um 2,5 millj. kr. Fyrir þá skuld, að þetta er tekið inn í reikninginn, verður heildarreikningsupphæðin alveg óvenjulega há. Auðvitað hefði verið hægt að taka allt lánið — þessar rúmu 14 millj. kr. — upp í LR. Þá hefði heildarupphæðin orðið þeim mun hærri, sem hefði numið rúmum 8 millj. kr. En á sama hátt hefði einnig mátt hugsa sér uppgerð rekstrarreiknings og reiknings yfir inn- og útborganir, án þess að taka nokkuð af lánunum inn á reikninginn og láta þau ganga beint til þeirra stofnana og fyrirtækja, sem þau eru tekin fyrir. En þetta mun ekki hafa verið talið rétt, vegna þess að þau fyrirtæki voru reikningslega komin inn í LR. og eru þá raunverulega færð út á þann hátt að taka lánið inn í reikninginn og færa svo aftur upphæðina til fyrirtækjanna. Ég hygg þó, að slík færsla, að taka ekkert af lánunum inn í LR., hafi vakað fyrir einum yfirskoðunarmanninum — Pétri Þórðarsyni —, sbr. till. þær um breyt. á reikningum, sem hann hefir gert einn út af fyrir sig og sjá má aftast í LR. Ég skal segja það fyrir sjálfan mig — ég hefi ekki borið mig saman við meðnm. mína um það, — að slík uppgerð sem Pétur Þórðarson leggur til í LR. og ýmsum fylgireikningum hans, virðist mér að ýmsu leyti skilmerkilegra en reikningurinn eins og hann liggur fyrir. (MG: Þetta er alveg rétt). Með því formi er gerð skýr grein fyrir því, hvernig lánum ársins hefir verið varið til sérstakra framkvæmda og eftir hvaða heimildum, og fær hann það fullkomlega til að jafnast. Ef slík uppgerð hefði verið höfð, þá hefði ekki þurft að taka neitt af lánunum upp í LR. Auðvitað má gera slíkt að álitamáli, hvaða reikningsform sé rétt, og ætla ég ekki að ræða frekar um það, enda verð ég að játa, að ég hefi ekki haft nógan tíma til þess að bera svo nákvæmlega saman uppgerð reikningsins eftir till. Péturs Þórðarsonar við það, sem er, að ég geti sagt um þetta til fullnustu, því að LR. kom ærið seint í hendur n. En ég skal þó til viðbótar benda á það, að mér sýnist ólíkt formlegri uppgerð á eignarreikningi eftir till. Péturs Þórðarsonar. Þar eru skuldir ríkissjóðs uppfærðar í hreinu reikningsformi, en eins og er, er uppgerð þessa reiknings líkari skýrslu. Sú skýrsla hefði auðvitað getað verið sem fylgiskjal eða til skýringar við aðalreikninginn. — Ég vil leyfa mér að benda á þessa till. Péturs Þórðarsonar til athugunar framvegis, bæði fyrir stj. og yfirskoðunarmenn, þótt mér sé hinsvegar alls ekki ljóst, hve fastar hugmyndir eða hvert álit menn muni hafa á því.

Ég hefi þá leitazt við að gefa stutt yfirlit yfir þennan stóra reikning eins og hann liggur nú fyrir, og að svo stöddu tel ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt. Ég geri ráð fyrir, meðfram út af þeim umr., sem urðu um síðasta mál, að ýms atriði reikningsins komi til frekari umr. hér í d., og að þau skýrist þá e. t. v. nokkru nánar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, var LR. ekki lagður fyrir þingið fyrr en mjög var orðið áliðið. Ég verð að telja þetta mjög óheppilegt. Stafar það nokkuð af því, hve reikningurinn var yfirleitt síðbúinn frá hæstv. stj., og yfirskoðunarmennirnir hafa nú í sinni fyrstu aths. átalið þetta, eða réttara sagt endurnýjað aths. sína um þetta frá síðasta ári. Það er auðvitað afskaplega óþægilegt, að LR. sé svona seint tilbúinn, bæði fyrir yfirskoðunarmenn, að geta ekki fengið hann fyrr — það er að verða geysilegt verk að

endurskoða LR., og vil ég þó ekki kvarta neitt fyrir þeirra hönd — og fyrir þingið og þá n. þingsins, sem um reikning þennan fjallar. Ef þm. ætla að vinna þar nokkurt gagn og setja sig inn í LR., þá verður hann að vera lagður fyrir þingið miklu fyrr. Það er ekki einungis að stuttur tími sé orðinn til stefnu, heldur alkunnugt, að þegar komið er svo fram á þingtímann, þá eru störfin orðin þannig, að þm. hafa h. u. b. engan tíma afgangs til þess að vinna slík störf sem þetta. Eftir að fjvn. þessarar hv. d. hefir lokið störfum sínum, sérstaklega fyrir 2. umr. fjárl., er farið að halda hér þingfundi svo að segja allan daginn og því mjög erfitt fyrir aðrar n. að geta komið saman og fyrir einstaka menn að geta unnið nokkuð að LR. Fyrir mitt leyti get ég sagt, að ég hefi haft allt of lítinn tíma til að setja mig inn í svona flókið mál. Ég verð því að mestu leyti að halda mér við aths. yfirskoðunarmannanna eins og þær liggja fyrir. Annars verð ég að segja það, að ég skil ekkert í því, hve lengan tíma það þarf að taka fyrir hæstv. stj. að gera grein fyrir eða svara aths. yfirskoðunarmanna. Þeir unnu verk sitt furðu fljótt, en svo hefir allur þessi langi tími gengið í að fá svör stj., svo að yfirskoðunarmenn gætu gert sínar till. Á því mun hafa staðið meginhluta þingsins.

Á LR. má líta frá tvennu sjónarmiði, sem einfalda skýrslu um hvað gert hefir verið. Í því er engar aðrar kröfur hægt til hans að gera en að ekki sé skrökvað til, og það er lítil aðstaða, sem þm. hafa til þess að gera sér grein fyrir því út af fyrir sig. Yfirskoðunarmenn verða að athuga, hvort þar er í rauninni tekið allt, sem þar á að vera. Ég heyrði það á umr. um næsta mál hér á undan, að e. t. v. hafi verið nokkur misbrestur á því, að hæstv. stj. hafi í rauninni tekið í LR. öll þau gjöld, sem þar hafi átt að vera, en ég býst við, að það liggi betur við fyrir endurskoðendur LR. að gera till. út af því. En það er vítavert, ef stórupphæðir, sem raunverulega hafa verið greiddar á árinu, eru ekki teknar með. Það er einnig svo um ytra form LR., að komið hefir í ljós, að hið nýja fyrirkomulag hans muni ekki vera ljósara til yfirlits en hið gamla var, og ýmsir þeir, sem ekki hafa neina sérstaka aðstöðu til að kynna sér þetta, þeir, sem samt sem áður eiga að hafa yfirumsjónina með öllu saman — kjósendurnir — munu verða dálítið undrandi á því, hvernig á því geti staðið, að þegar reikningurinn yfir inn- og útborganir sýnir rúml. 25 millj. 769 þús. kr. gjöld, og vitanlegt er, að tekjur ársins hafa á hinn bóginn orðið miklu minni, eða eins og rekstrarreikn. sýnir rúml. 16 millj. 716 þús. kr., þá skuli rekstrarreikningur ríkissjóðs samt sem áður sýna tekjuafgang. Ég býst við, að þetta verði mönnum talsvert erfið hnot að brjóta. Nú gæti allt verið með felldu, þótt þannig væri, og mismunurinn væri ekkert annað en peningar, sem oltið hefðu inn og út án þess að koma rekstri ríkisins annars nokkuð við, eins og t. d. að lán væru tekin og greidd. Rekstrarreikningur einhverrar verzlunar getur verið mjög langt frá sjóðreikningi í þessum efnum. Hundruð þúsunda geta komið inn í sjóðinn t. d. í víxlum, og það er ekkert undarlegt, þegar gert er svo upp um áramót, þótt ekki beri saman rekstrarreikningi og sjóðreikningi. Sé það talið, sem hingað til hafa verið talin bein útgjöld ríkisins, þá er hér um stórkostlegan tekjuhalla á árinu að ræða. En þar kemur inn í þessi liður, sem má fóðra út frá reikningsfærslu, en mörgum mun þykja undarlegur, og það eru þessar eignahreyfingar, sem nema mörgum millj. króna. Svo og svo mikið, sem ríkið ræðst í, er alls ekki talið með útgjöldum þess, heldur „eignahreyfing“. Ef t. d. byggt er hús eða annað slíkt, þótt það gefi ekkert af sér, þá kemur það inn í „eignahreyfingu“, því að það hefir komið þar sem eign á móti. Yfirleitt er öll skýrslan á bls. XIX í LR. þess eðlis, að þær útborganir, sem þar standa, myndu hafa verið taldar með venjulegum útgjöldum ríkisins, og er allt þannig, að sjá verður fyrir tekjum til að standast kostnaðinn, sem þar um ræðir.

Ég ætla ekki að ræða um þetta form á fjárl. og LR., en ég ætla aðeins að minnast á það, að þegar LR. kemur nú fyrst gerður eftir þessu nýja formi, býst ég varla við, að hann verði ljósari fyrir hinum almennu kjósendum, sem eiga að dæma um meðferð fjárins á þessu ári. (MG: Þessi reikningur er sambland af

hinu nýja og gamla formi). Já, en hið nýja hefir verið tekið til greina eftir því sem hægt var, og þegar það er alveg komið á, þá býst ég við, að hann verði fullkomlega óskiljanlegur hinum almennu leikmönnum! Ég ætla frá bókfærslusjónarmiði ekkert að hafa á móti þessari aðferð, en álít hana óheppilega til þess að gera grein fyrir fjárméðferð stj. og gera kjósendum sýnu erfiðara fyrir með að átta sig á því, og það er vissulega nóg, hversu rétt sem það kann að vera frá sjónarmiði hinna lærðu bókfærslumanna. Annars er þetta, eins og hv. frsm. meiri hl. sýndi fram á, allt saman hálfgerður hrærigrautur, því að ef farið væri eftir till. Péturs Þórðarsonar, sagði hann, að þær gerðu það að verkum, að ekki þyrfti að vera að telja þessi innkomnu lán með. Þá kemur hinsvegar í ljós, að í hans till. er líka settur upp reikningur, þar sem þessi lán koma fullkomlega til greina. Það er sjóðreikningurinn á bls. 147 í LR. Þar eru inn- og útborganir ekki 25¾ millj. eins og í LR., heldur þvert á móti 38⅓ millj., sem hefir komið inn á þessu ári, og er mér ekki hægt að sjá annað en ef á að setja þetta upp, þá komi það rétt heim á sjóðreikningi herra Péturs Þórðarsonar. Þar eru taldir þeir peningar, sem í ríkissjóðinn hafa komið og úr honum hafa verið greiddir, í stað þess, að í reikningnum um inn- og útborganir í LR. eins og hann liggur fyrir, er ekki tekið annað en einskonar jöfnunarupphæð af þessum lánum, og sér maður, hvernig hún er fengin, með því að líta á skýrslu, sem gefin er um útborganir ríkissjóðs á bls. XVI. Hinn raunverulegi sjóðreikningur ríkisins 1930 er því réttilega talinn 38362580,38 kr., eins og skýrsla Péturs Þórðarsonar sýnir.

Ég er alveg sammála hv. frsm. meiri hl. um það, að þetta form á LR. sé óheppilegt. Það er einhversstaðar á miðri leið milli hins eldra forms og þess, sem lögskipað er. Ég get vel gengið inn á það, að hið eldra form LR. hafi ekki verið fullkomið frá bókfærslulegu sjónarmiði, en það hafði þó það til síns ágætis, að það var skýrt og sýndi glöggt það, sem það náði til, en það er meira en hægt er að segja um form. LR. nú. Af þessu tvennu tel ég því till. Péturs Þórðarsonar betur.

Það, sem ég nú hefi sagt um LR., er það, sem ég vildi segja um hann sem skýrslu yfir það, sem gerzt hefir. En þá er eftir að athuga aðalhlið hans, en það er, hvernig hann er sem grg. stj. um það, hvernig hún hefir farið með fé ríkisins, og það, sem hér liggur fyrir, er að samþ. hann eða hafna honum, gefa stj. kvittun fyrir meðferð hennar á fé ríkisins eða neita henni um hana. Ég hefi nú lagt til, að þetta samþykki verði ekki veitt. Út af fyrir sig hefir það ekki neina sérstaka þýðingu, en samþykki þingið reikninginn, gerir það sig samsekt stj. um meðferð fjárins, en það vil ég a. m. k. ekki gera.

Ef litið er yfir LR. og aths. yfirskoðunarmanna, rekur maður fyrst augun í umframgreiðslurnar. Ég skal þó játa, að sumar þær upphæðir, sem greiddar hafa verið umfram heimild fjárl., eru í sjálfu sér ekki óþarfar, en það, sem ég vil átelja, er, að svona miklu fé skuli vera eytt umfram heimild þingsins, því ég veit ekki, til hvers þingið á að vera að sitja hér viku eftir viku og mánuð eftir mánuð og skera við neglur sér þessar fjárveitingar, þegar stj. kemur svo á eftir og hefir ákvarðanir þess og samþykktir að engu. Ég sé t. d., að Alþingi hefir ekki séð sér fært að veita til Vesturlandsvegar nema 20 þús. kr., en stj. hefir veitt til viðbótar fullar 36000 kr. Þá er hér vegur sem heitir Langadalsvegur; til hans hefir Alþingi veitt 10 þús. kr., en stj. látið vinna fyrir 17 þús., eða 7 þús. umfram fjárveitingu. Til er og annar vegur, sem til eru veittar 25 þús., en unnið er fyrir 38 þús., eða 13 þús. umfram fjárveitingu Alþingis. Þá eru og aftur til vegir, sem fé hefir verið veitt til, en ekki notað, því að hlutaðeigendur hafa ekki verið undir náðinni hjá stj. Til viðhalds þjóðvega hafa verið veittar 240 þús., en stj. hefir látið vinna fyrir 611 þús., eða 371 þús. umfram fjárveitingu. Við þessa umframeyðslu væri í raun og veru ekkert sérstakt að athuga, ef hér væri eingöngu um að ræða viðhald þjóðvega. Þá mætti segja, að þinginu hefði missýnzt, en nú er ekki því að heilsa, því að mjög miklu af þessu fé hefir verið varið til nýrra vega. Þannig hefir mér t. d. verið sagt, að allt það fé, sem varið hefir

verið til að gera sumarvegi fyrir bíla, hafi verið tekið af þessu fé. Það er að sjálfsögðu þarflegt og gott að gera þessa vegi, en mér finnst ekki mega minna vera en að Alþingi sé spurt að því, hvort verja megi fleiri hundr. þús. kr. til þessara hluta. Að stj. taki það alveg upp á sitt eindæmi að veita þessar miklu fjárhæðir, án þess að spyrja húsbóndann, sem hér er Alþingi, hið minnsta um leyfi, er með öllu óhafandi og verður ekki átalið eins og það er vert.

Alveg verður hið sama uppi á teningnum, þegar litið er til annara samgöngumála. Til brúargerða hefir þingið veitt 200 þús., en stj. hefir látið byggja brýr fyrir 508 þús. Til slitlags á akvegum hafa verið veittar 60 þús. en stj. hefir bætt við 50 þús. Til akfærra sýsluvega hefir þingið veitt 454 þús., en stj. hefir þó þurft að auka þá upphæð um 36½ þús. Af þeim dæmum, sem hér hafa verið tekin, verður það ljóst, að stj. telur, að þingið megi vera ánægt, ef það fær að ráða helmingi þeirrar fjárhæðar, sem notuð er. Það má því heita merkileg þolinmæði, bæði hjá fjvn. og þinginu í heild sinni, að nenna að sitja yfir því að hnitmiða niður hverja fjárveitingu, þegar stj. kemur svo á eftir og hefir að engu till. þess og ákvarðanir. Veitir sumstaðar helmingi meira fé en þingið hefir ákveðið, og í hinu tilfellinu aftur greiðir ekki þær fjárveitingar sem það hefir samþ. M. ö. o., þverbrýtur vilja þingsins eins og henni frekast er unnt.

Alveg gegnir sama máli þegar litið er á fjárveitingar til símamálanna. Þingið heimilar 400 þús., en stj. eyðir nær 718 þús. En sú umframeyðsla telst víst til eignahreyfinga, eins og stj. kallar það, svo þar þykist hún víst hafa hreinan skjöld.

Á sumum öðrum liðum fjárl. kveður þó ennþá rammara að með sukkið heldur en nokkurntíma á þeim, sem ég nú hefi nefnt, og má þar fyrst og fremst nefna tillagið til héraðsskólanna. Ég skil hreint og beint ekkert í því, hvernig stj. hefir farið með þann lið. Í lögum um héraðsskóla er svo ákveðið, að ríkissjóður leggi fram helming stofnkostnaðar skólanna, eftir því þó, sem fé sé veitt til þess í fjárl. Árið 1930 veitir þingið 30 þús. kr. til að reisa héraðsskóla í sveitum; á því að vera hægt að byggja héraðsskóla á því ári fyrir minnst 60 þús. kr., ef héruðin legðu aðeins fram til jafns við ríkissjóð. En á þessum lið eru gjöld ríkissjóðs talin 58 þús., eða nær helmingi hærri upphæð en fjárveiting er fyrir. Hér fylgir hún nefnil. gömlu reglunni, að skipta fjárveitingarvaldinu jafnt milli sín og þingsins. Maður skyldi nú ætla, að hún hefði látið hér við sitja um umframeyðslu til þessara hluta, en það er nú ekki alveg því að fagna, því að á öðrum lið bætir hún við hartnær 210 þús. samkv. þessum sömu lögum, sem segja, að framlag til að reisa héraðsskóla í sveitum skuli ekki fara fram úr helmingi stofnkostnaðar og sé bundið því, hvað veitt sé til þeirra í fjárl. Um þetta hafa yfirskoðendur gert aths., en hvort þeir ætla að standa við hana, veit ég ekki. Mér þætti það þó líklegt, því að í þessu tilfelli hefir Alþingi ekki nema 1/9 part af fjárveitingarvaldinu, en stj. 8/9. Fyrir þessum lið er engin afsökun. Fénu er eytt í fullu heimildarleysi. Að sjálfsögðu getur þingið heimilað þetta eftir á, í fjáraukalögum, en hvort það er fúst til þess, veit ég ekki. Mér þætti þó sennilegt, að það vildi ekki ganga inn á þá braut. Hér er alveg um sama að ræða og ef maður tæki peninga úr sjálfsvörzlu og eyddi þeim, en komi svo til eigandans á eftir og beiddi um samþykki hans fyrir eyðslunni. Hér eyðir stj. fé, sem henni er trúað fyrir, og kemur svo til þingsins og biður um samþykki þess fyrir eyðslunni. Í sambandi við þetta dettur mér í hug nákvæmni stj. í einu tilfelli. Til sundhallar hér í Rvík voru á sínum tíma veittar 100 þús. kr., eða allt að helmingi kostnaðar. Þetta byggðist á því, að kostnaður við byggingu sundhallarinnar hafði verið áætlaður 200 þús. kr., en er til kom, reyndist hann miklu meiri. Nú kom það til kasta stj. að ákveða, hvort hún ætti að borga aðeins 100 þús. kr. eða helming kostnaðar við byggingu hallarinnar. En hvað skeður? Nákvæmnin er svo mikil, að hún þverneitar að greiða einn eyri fram yfir 100 þús. Þó stendur svo á hér, að það eru tvö ákvæði, sem sitt segir hvort. Gat hún því verið alveg óátalin, þó að hún hefði greitt helming kostnaðar

í þessu tilfelli. En hvað framlag til héraðsskólanna snertir hefir hún enga slíka afsökun. Hún eyðir nífelt meiri upphæð en heimiluð er, án þess að hin minnsta átylla sé til þess. Þetta dæmi sýnir aðeins, að um fjárgreiðslur stj. fer aðeins eftir því einu, hvernig hinn pólitiski vindur blæs í það og það skiptið.

Sama gegnir um síldarbræðslustöðina á Siglufirði. Upphaflega er veitt 1 millj. til þess að reisa síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi, en svo notar stj. 1½ millj. til aðeins einnar síldarbræðslustöðvar á Siglufirði, og það í algerðu heimildarleysi. Í ofanálag heldur hún svo stóreflis veizlu, sem kostar of fjár, eins og henni hafi ekki þótt kostnaðurinn nógur áður.

Fyrir utan þessar umframgreiðslur er ýmislegt annað, sem er mjög athugavert. Þannig er t. d. í 23. aths. yfirskoðunarmanna bent á það, að vátrygging á róðrarbát Laugarvatnsskólans sé tilfærð undir liðnum: Brunaábyrgðir og sótaragjöld o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar. Það er nú vitanlegt, að stj. hefir enga heimild haft til þess að kaupa þennan róðrarbát, en úr því að hún hefir gert það, ber að sjálfsögðu að færa allan kostnað af honum á Laugarvatnsskólann, en að telja hann með sótaragjöldum og öllum þremlinum nær vitanlega ekki neinni átt. Það sýnir aðeins, hvað stj. ruglar öllu saman og færir útgjöldin undir allt aðra liði en ber að færa þau, enda er einn liðurinn í aths. yfirskoðunarmanna beinlínis aðfinnslur við stj. út af þessu.

Þá má minna á 28. aths. yfirskoðunarmanna, þar sem þeir spyrjast fyrir um það, hvernig standi á því, að tollstjóranum hér í Rvík hafi verið greiddar fullar 10 þús. kr. sem uppbót á laun hans fyrir árin 1925—1928. Embættismaður þessi hefir þótt vel launaður, a. m. k. var mikið um það talað af núv. stjórnarflokksmönnum, þegar verið var að breyta embætti hans síðast. En það kemur þessu máli ekki við, heldur hitt, hvort hér hafi verið um löglega greiðslu að ræða. I svari sínu við þessari fyrirspurn yfirskoðunarmanna segir stj., að þessi maður hafi ekki gengið undir launalögin þegar þau voru sett 1919, og því ekki fengið dýrtíðaruppbót af launum sínum. En með breyt., sem gerð var á launalögunum 1925, hafi svo verið ákveðið, að allir embættis- og sýslunarmenn landsins, einnig þeir, sem tækju laun sín eftir öðrum lögum en launalögum, skyldu fá dýrtíðaruppbót þá, sem launalögin ákvæðu. Að tollstjóranum, sem þá var lögreglustjóri, gekk ekki undir launalögin 1919, mun hafa verið af því, að hann hafði meiri tekjur af embætti sínu með því að halda því eins og það var heldur en ganga undir launalögin. En svo segir stj., að dýrtíðaruppbót hafi ekki verið greidd af launum lögreglustjóra á árunum 1925—1928, og því hafi hann átt upphæðina hjá ríkissjóði. Út af þessu vil ég benda á, að það er alveg skýrt tekið fram undir umr. um breyt. launalaganna 1925, bæði af stj. og frsm., að undir það ákvæði ættu ráðherrarnir aðeins að falla. Þetta er svo skýlaust tekið fram, að það er enginn vafi á, að hvaða dómstóll sem væri myndi dæma það svo, að samkv. þessari breyt. launalaganna væri ekki heimilt að greiða öðrum en ráðherrunum dýrtíðaruppbót. Það er því tvímælalaust, að þessa upphæð verður að endurgreiða í ríkissjóðinn, því að hún er úr honum greidd í heimildarleysi. Fyrir þetta er ég þó alls ekki að saka stj. mikið; hún hefir litið skakkt á lögin og ekki tekið eftir ummælunum um þau.

Þá má benda á 30. aths. yfirskoðunarmanna út af vinnuhælinu á Litla-Hrauni. Til þess eru veittar 12 þús. kr., en stj. eyðir 82 þús. Auk þess er ólag á fjárreiðum hælisins. Það á t. d. útistandandi hjá Árnessýslu og ýmsum hreppsfélögum þar eystra, en skuldar þó sjálft hartnær 17 þús. í árslok.

Þá má minnast á 32. aths. Hún er þess eðlis, að mér finnst ómögulegt annað fyrir þingið en að taka hana til greina. Það er beinlínis stórvítavert, hvernig dómsmrh. fer þar að. Hann greiðir Sigvalda Kaldalóns héraðslækni í embættislaun 6800 kr., í stað 4900 kr., eða hartnær 2 þús. umfram embættislaun hans. Það sjá nú allir, út í hvaða óefni það myndi fara, ef stj. væri leyft að fara út á þá braut að greiða hærri laun en ákveðin eru í launalögunum. Þetta tilfelli hefir aldrei komið fyrir áður, og er því eftirtektarvert, hverju stj. svarar aths. yfir-

skoðunarmanna um þetta. Vil ég því með leyfi hæstv. forseta lesa svar hennar hér. Það hljóðar svo: „Eftir að Sigvaldi Kaldalóns hafði sótt um og fengið veitingu fyrir Keflavíkurhéraði, tilkynnti hann heilbrigðisstj., að hann óskaði að fá að setjast aftur í sitt gamla læknishérað vegna þeirra óþæginda, er hann yrði að þola af hálfu þeirra manna, er vildu binda hendur heilbrigðisstj. um veitingu Keflavíkurhéraðs. Heilbrigðisstj. tilkynnti þá lækninum, að ekki þætti fært að neita honum að fá aftur Flateyjarhérað, en að jafnskjótt og hann hefði fengið veitingu fyrir því, myndi verða notuð heimild stjórnarskrárinnar til að flytja hann milli jafngóðra embætta. Beygði læknirinn sig fyrir þeirri vissu, og var þá sleppt því formi að láta fara fram nýjar veitingar honum til handa, en laun hans í Keflavíkurhéraði ákveðin hin sömu og honum bar í Flateyjarhéraði". Þetta er þannig fóðrað með því, að það séu hærri laun í Flateyjarhéraði en Keflavíkurhéraði. En þessu til skýringar skal það tekið fram, að laun héraðslækna eru ákveðin mjög misjöfn. Launin eru ákveðin lægri í þeim héruðum, þar sem aukatekjurnar eru miklar, en hærri þar sem þær eru litlar. Það er reynt að miðla því þannig, að embættistekjurnar verði sem jafnastar. Þó hefir reynslan orðið sú, að það eru beztu héruðin, þar sem föstu launin eru lægst, en aukatekjurnar mestar. Þannig er það t. d. víst, að Keflavíkurhérað er miklu tekjumeira en Flateyjarhérað. Það gat því ekki komið til mála að fara að borga á milli embættanna, þó að flutt væri á milli þeirra. Keflavíkurhérað er eitt með tekjumestu héruðum landsins vegna mannfjöldans. Hitt kemur málinu ekkert við, þó að læknirinn sé þannig, að hann sé lítið sóttur. Annars er það svo, að til þess, sem hér hefir verið gert, er engin heimild í stjórnarskránni. Í 16. gr. hennar segir, að flytja megi menn milli embætta, ef þeir missi einskis í af embættistekjum. Hér er ekkert talað um föst laun, heldur embættistekjur, svo að það, sem stj. er að skjóta undir þessa grein, getur alls ekki undir hana heyrt. En svo ber þess ennfremur að gæta, að maður þessi var aldrei fluttur á milli embætta. Það stóð víst meira að segja aldrei til. Allt það, sem sagt er í svari stj. við þessari aths. yfirskoðunarmanna, er því skáldskapur einn og uppspuni. Hinsvegar er það svo, að þessi heimild til að flytja milli embætta hefir verið lítið notuð og ætti að vera lítið notuð. Sjá allir, hvaða afleiðingar það getur haft fyrir embættismenn, ef stj. ætlar að staðaldri að rífa menn upp úr stöðum sínum og flytja í önnur embætti. Er það varhugavert fyrir ríkissjóð, ef alltaf á að borga mönnum viðbót við laun þeirra, því að annar maður kemur í hitt embættið og fær líka hærri laun. Er ekki ástæða til þessa í því tilfelli, sem hér um ræðir. Held ég því, að ekki sé hægt að komast hjá því að láta endurgreiða þessar upphæðir. Að því er snertir þessar endurgreiðslur gegnir þó ekki sama máli um þessa tvo menn. Annar þeirra hefir vel efni á að borga, en hinn síður, en ekki er þó hægt að láta það ráða. — Hefði ekki annað þurft í þessu máli en að láta vélritara í stjórnarráðinu skrifa 3 bréf, umsókn, veitingu og svo 3. bréfið, þar sem læknirinn er fluttur milli embættanna. En ekki er nú svo mikil lotningin fyrir Alþingi, að þessi bréf séu skrifuð. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [frh.]: Þegar umr. var frestað í gær, var ég að fara í gegnum aths. yfirskoðunarmanna LR., og skal nú halda því áfram.

Ég var kominn út að 33. aths., út af kostnaði þeim, nálægt 50000 kr., sem raunverulega höfðu farið til Reykjahælis í Ölfusi, en verið skrifaðar á landsspítalann. En af því að hv. 2. þm. Skagf. hefir farið nokkrum orðum um þetta í sambandi við fjáraukalagafrv., þá get ég að mestu leyti sparað mér að tala frekar um þetta. En hér er vitaskuld um hvorttveggja að ræða, að fyrir þessari greiðslu er engin heimild, og svo hitt, að hér er beinlínis um ranga færslu LR. að ræða, og það í miklu stærri stíl en ég áður nefndi, þar sem vátryggingargjaldið á róðrarbátnum á Laugarvatni var fært á sótaragjöld o. fl. á húseignum ríkisins í

Reykjavík. Þetta er náttúrlega í sjálfu sér alveg óhæfilegt, og þá alveg sérstaklega þegar það er bersýnilegt, að með þessu er verið að fela fjárhæð, sem eytt er umfram allar heimildir.

Ég skal nú ekki segja, til hvers þessar 50 þús. kr. hafa farið; ég er því ekki kunnugur. En ég hefi heyrt, að þarna í muni vera m. a. kostnaðurinn við það, að gróðurhús landsspítalans — (JAJ: Það var gróðurhúsið á Vífilsstöðum.) — já, það er rétt, það var gróðurhúsið á Vífilsstöðum, sem var flutt austur að Reykjum í Ölfusi, og kostnaðurinn við það var skrifaður á Vífilsstaðahælið, svo hann er nú ekki þarna í. En þetta er náttúrlega ákaflega einkennileg regla, ef á að fara að taka hana upp, að sá er látinn borga hlutinn, sem lætur hann af hendi. Það er alveg eins og ef ég seldi húsið mitt og ætti svo að borga það líka. Þetta er að vísu að taka úr einum vasanum og láta í annan, þar sem ríkið á báðar stofnanirnar, en það er þó til að rugla allar skýrslur um kostnaðinn við hverja einstaka stofnun ríkisins, og má slíkt alls ekki eiga sér stað.

Þetta er í svari stj. fóðrað með því, að nú sé landsspítalinn að setja upp framleiðsludeild á Reykjum, og er sagt í svarinu, að það sé stórfé, sem landsspítalinn spari á því árlega að hafa þessa framleiðsludeild þarna austur í Ölfusi. En ég er hræddur um, að það komi fram á sínum tíma, að reikningurinn yfir búrekstrinn þarna á Reykjum sýni allt annað en sparnað.

Þá skal ég aðeins minnast á 39. aths. Hún er um 2845 kr., sem borgaðar hafa verið Sigurði Einarssyni, sem áður var prestur, fyrir eftirlit með húsnæði ýmsra skóla. Hér er auðsjáanlega um að ræða eina af þessum borgunum, sem þannig stendur á, að einhver maður þarf að fá fé, og þá er sjálfsagt að finna eitthvert málamyndastarf handa honum. Þegar svo stj. sá, hvílík vandræði það voru að fóðra þetta, hefir hún gert sér hægt um hönd og bent á einn skólann, sem sé verzlunarskólann, og sagt, að hann hafi tekið sér til inntekta þessa gagnrýni prestsins á húsnæðinu, svo sem vera bar, og komið sér upp nýju húsnæði.

Þetta er auðvitað allt saman eins mikil fjarstæða og það getur verið, og er mér ákaflega vel kunnugt um það, því ég hefi verið í skólanefnd verzlunarskólans nú um nokkuð mörg ár. Og ég get upplýst það, að það var mörgum árum áður en þessi maður, sem ég hefi annars ekkert á móti — hann var sjálfsagt eins hæfur og einhver annar til að hafa þetta húsnæðiseftirlit, ef þess hefði verið nokkur þörf — á að hafa verið að gagnrýna þetta húsnæði, sem skólanefndin var búin að sjá, að það væri mjög ófullkomið. Og það, sem stóð í vegi fyrir, að úr því yrði bætt, var eingöngu fjárhagsatriði. Það var hvað eftir annað reynt að ná kaupum á húsum, sem þóttu heppileg skólasetur, en fjársöfnun til þeirra kaupa strandaði alltaf. En svo tókst þetta loks, og það var safnað nokkru fé og ráðizt í að kaupa það hús, sem skólinn er nú fluttur í, og eru þau kaup gersamlega óviðkomandi eftirliti þessa húsnæðisgagnrýnanda stj.

Hér er því bersýnilega um að ræða fjárveitingu, sem var algerlega óheimil og gersamlega gagnslaus. Það er hrein fjársóun í heimildarleysi. Upphæðin er að vísu ekki stór, en „á mjóum þvengjum ....“. Og það gerir ekki svo mikinn mun, hvort það er stórt eða lítið, þó auðvitað að réttu lagi eigi að segjast meira á því, sem mikið er.

Þá kem ég að 43. aths. yfirskoðunarmanna, um Arnarhólstúnið, og er reyndar ekki mikið um hana að segja, en dálítið er þó gaman að athuga það, að Arnarhólstúnið er metið til eignar á 1141 **þús. kr.**, en tekjur af því hafa orðið **kr. 10,05**. Það er næstum gaman að þessari nákvæmni, að 5 aurarnir skyldu nú ekki einu sinni týnast; það sýnir, að það er svo sem haldið vel utan um féð!!!

Þá er ekki síður gaman að svari hæstv. dómsmrh. við aths., því að það er með nokkuð nýstárlegum blæ. Og af því að það er gaman að því, ætla ég að lesa úr svarinu. Hann byrjar á að tala um, að þarna hafi verið sett upp mynd hins fyrsta landnámsmanns. Svo kemur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrstu árin eftir að mynd þessi var reist, var ekkert hirt um blettinn og myndina. Sóðaskapur hinn mesti var oft sýnilegur við myndastyttuna, og bletturinn í kring að fara í flag. Ómerkileg girð-

ing var í kring, og „draugur“ í hliðinu, þar sem gengið var upp að styttu Ingólfs“.

Við könnumst nú svo vel við þetta, Reykvíkingar, því á Arnarhóli er nú komið hlið í staðinn fyrir „drauginn“, og hafa birzt af þessu myndir í verkunum, sem töluðu, bæði á fundum og annarsstaðar.

Svo stendur ennfremur: „Er það eini gróni völlurinn, sem börn höfuðstaðarins eiga aðgang að“. — Ekki er nú mikið sagt. Að vísu er ekki ofmikið af grónum blettum hér í bænum, og það er náttúrlega allt of lítið um leikvelli, en víðar sjást þó börn á grónum völlum en á Arnarhólstúni, enda þarf þess við, því hann, er ekki mjög mikið notaður, gróni blettur inn sá.

49. aths. hefir hv. 2. þm. Skagf. minnzt nokkuð á, enda er hann kunnugri því máli en ég, en aths. fjallar um byggingu Arnarhváls. En þarna er bersýnilega um tvennskonar brot að ræða. Annað er það, að byggingin fer stórkostlega fram úr því, sem heimilað var, að hún mætti kosta, en það voru 225 þús. kr., en hún hefir kostað kr. 363100,73, og svo var það beinlínis sett að skilyrði, að þetta húsnæði yrði ódýrara en það, sem áður var notað. En nú er það komið í ljós, að það húsnæði, sem skrifstofurnar nú hafa hjá landinu, er miklu dýrara en það, sem þær höfðu hjá sjálfum embættismönnunum hingað og þangað um bæinn, og sem fjargviðrast var mest um, að þeir skyldu leigja skrifstofupláss hjá sjálfum sér. Það eru að vísu þægindi að hafa allar þessar skrifstofur á einum stað, en þó er það aðgætandi, að staðurinn er alls ekki hentugur. Það er að vísu ekki löng leið þarna upp eftir, en þó svo löng, að menn finna til þess að fara þetta, í stað þess að þeir gátu rækt sín erindi hér niðri í bæ áður. Ef menn hafa t. d. 3 kortér eða klukkutíma yfir að ráða, eins og venjulegt er — ég þekki þetta svo vel, því ég hefi venjulega 1 klukkutíma til miðdags, og þarf þá ýmislegt að útrétta —, þá er mikill munur að geta rækt öll sín erindi hér niðri í miðbæ eða að þurfa að fara upp í Arnarhvál til þess.

Svo er nú þess utan, sem stj. á nú náttúrlega ekki sök á, að húsið hefir mistekizt að öðru leyti; þannig hefir t. d. gengið í það vatn og valdið skemmdum. Svo einnig að þessu leyti er það mislukkað.

En hvað sem því líður, þá er það bersýnilegt, að stj. hefir ekki haft neina heimild til að eyða meira fé í húsið en 225 þús. kr., eða eiginlega að reisa húsið, úr því svona fór, að leigan fyrir skrifstofurnar í því varð dýrari en áður var.

Þá er það nú síldarbræðslustöðin á Siglufirði. Ég þarf ekki mikið meira um hana að segja en búið er; ég minntist á hana við umr. um fjáraukal., og hv. 2. þm. Skagf. líka. Þetta er náttúrlega langstærsta upphæðin. Þarna hefir verið eytt um þriðjungi meira í eina verksmiðju en leyft var að nota til að byggja fleiri verksmiðjur. Þetta sýnir, að það er ekki varlegt að leggja út í svona fyrirtæki meðan ekki hefir verið gerður nema ófullkominn undirbúningur og áætlanir.

Í 59. aths. spyrjast yfirskoðunarmenn LR. fyrir um það, hvernig standi á mismun, liðlega 40 þús. kr., sem ber á milli skipaútgerðar ríkisins og reiknings landhelgissjóðs um kostnað vegna landhelgisgæzlunnar. Svarið er, að þetta sé fyrir risnu. Ef menn muna eftir, hve mikið var talað um það áður, að stj. greiddi hestahald úr landhelgissjóði og ýmislegt annað, þá mun mörgum finnast það undarlegt, að sömu mennirnir, sem héldu uppi ádeilum um þessi efni fyrir nokkrum árum, skuli nú þurfa ekki minna en 40 þús. kr. til risnu, og eyða þessu úr landhelgissjóði. Það stendur sem sé í svarinu:

„Umræddur mismunur er kostnaður við risnu, bifreiðar, hestahald og fleira, sem greitt er að öllu úr landhelgissjóði“. Svo er sagt, að grg. fylgi. Ég hefi nú ekki séð hana, en þessa nánari grg. hafa yfirskoðunarmennirnir sjálfsagt fengið.

Svo er nú náttúrlega aths. eins endurskoðandans, Magnúsar Guðmundssonar, hv. 2. þm. Skagf., um Laugarvatnsskólann. Ég skal ekki fara út í að ræða hana framar en gert hefir verið, enda geri ég ráð fyrir, að hann geri það, því hann er kunnugri þeim hnútum en ég. En það er augljóst af aths. hans, að til skólans hefir verið varið greipilega miklu fé algerlega umfram allar heimildir, og má auðvitað ekki við svo búið standa.

Hann dregur þetta fram í 3 liðum:

1. að ríkissjóður hefir lagt fram miklu meira en helming,
2. að margfalt meira hefir verið eytt en fjárlög heimiluðu, og
3. að framlagið á móti hefir ekki verið tryggt.

Svar hæstv. dómsmrh. er sennilega alveg gersamlega einstakt í sinni röð sem svar við aths. við landsreikning. Það er ein ógurlega löng Tímagrein um nærri því að segja allt mögulegt milli himins og jarðar annað en það, sem það á að vera um. Það er byrjað á vísindalegum fróðleik um það, hverjar verið hafi tekjur Skálholtsskóla til forna, og á þeim fróðleik reisir svo ráðh. sögulega kröfu Suðurlandsundirlendisins til þess að fá sinn skóla. En á fjárveitingu eða fjárlagaheimild frá Alþingi til skólans er ekki minnzt einu orði í svarinu. Um það vantar allar skýringar. Þar er t. d. meðal annars beint tekið fram, að veitt skuli til skólans helmingur kostnaðar, allt að vissu hámarki. Og hæstv. dómsmrh. var á þeirri skoðun þegar verið var að byggja sundhöllina í Rvík. Þá voru veittar 100 þús. kr. úr ríkissjóði og ekki meira, þó það nægði ekki til að greiða helming kostnaðar. Gagnvart Laugarvatnsskólanum hefir ráðh. allt annan skilning; þar segir hann, þó að aðeins hafi verið til hans veittar 30 þús. kr., þá sé heimilt að greiða til skólans hundruð þúsunda, ef þarf til þess að ríkissjóður greiði helming kostnaðar. En þó tekur alveg út yfir, þegar farið er að athuga reikning yfir stofnkostnað Laugarvatnsskóla. Þá eru þar t. d. ýmsir liðir, sem alls ekki geta talizt til stofnkostnaðar, eins og t. d. listaverk og málverk, sem skólanum hafa verið gefin og virt eru á 6150 kr. Slíkt getur vitanlega ekki talizt til stofnkostnaðar. Þá má nefna leikfimishús, sem byggt var árið 1931 og kostaði að sögn 20 þús. kr. Eftir því sem mér er bezt kunnugt, þá var þessi bygging fyrst reist sem sýningarskáli árið 1930 og stóð þá hérna bak við alþingishúsið. Þessi skáli var svo rifinn og fluttur austur. Ég skal ekki segja um það, hvort þetta er allur kostnaðurinn við þetta leikfimishús, fyrir utan það, að nemendur skólans unnu að því að rífa skálann hér og byggja hann austur frá, en það er a. m. k. víst, að ekki hefir nærri eins mikið verið lagt til þessa húss frá öðrum og þetta tillag ríkissjóðs nemur. Hitt er rétt, að nemendur skólans unnu mikið að byggingu þessa húss. Ráðh. segir, að þeir hafi framkvæmt það á sama tíma og nemendur sumra annara skóla hafi setið á gildaskála við tóbaksreykingar og víndrykkju. Þetta er náttúrlega fullyrðing út í loftið og alveg eins hægt að segja, að þeir nemendur, sem ráðh. miðar við, hafi einmitt á þessum tíma verið að nema og lesa. Hitt er aftur kunnugt, að það hefir orðið vart við mikla óánægju meðal nemenda og aðstandenda þeirra út af þessari vinnu, út af því, að nemendurnir skyldu vera teknir til þessara þegnskyldustarfa frá lærdóminum. Hópur af þeim var sendur hingað til Rvíkur til þess að rífa skúrinn, en aðrir unnu fyrir austan að uppsetningu leikfimishússins. Nemendur og aðstandendur þeirra litu svo á, að þeir væru ekki sendir í skólann til þessa starfa, heldur til að læra.

Langmerkilegasti liðurinn í stofnkostnaði skólans er þó hitareikningurinn. Ráðherrann reiknar sem sé hverahitann með stofnkostnaði skólans og metur hann á 311067 kr. sem tillag frá héraðinu, og út frá þessu mati kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ennþá eigi ríkið eftir að leggja geysimikið til skólans til þess að kosta hann að hálfu. Matsverðið á hitanum ákveður ráðh. með því að gera samanburð á því, hvað kostað hefði að framleiða hitann með kolum, sem búið væri að flytja austur að Laugarvatni. Sá kostnaður verður árlega 18664 kr., sem hann lítur á sem vexti af þeim höfuðstól, er felist í hitanum og verður þá 311 þús. kr. Hann líkir þessu við það, ef grafið hefði verið í jörð á skólalóðinni og þar fundizt 311 þús. kr. Ég get helzt líkt þessari hugmynd við frásögn, er ég sá í blaði nýlega um einn íslenzkan listamann, er virti öll íslenzk listaverk frá landnámstíð til vorra daga 50 millj. kr. virði. Þeir menn, sem framleiddu þessi listaverk, hafa sama sem ekkert verið styrktir, segir hann, en nú gefa þeir þjóðinni þessi 50 millj. kr. verðmæti. En um leið og hann framvísar þessari merkilegu gjöf, þá fer hann fram á, að ríkið endurgreiði listamönnunum örlitla upphæð

samanborið við gjöfina, aðeins 2 millj. kr., sem varið verði til þess að byggja yfir listasöfnin viðunanlegt hús o. fl. Það er ekki alveg ólíkt með 300 þús. kr. hitann á Laugarvatni. Annars verður dálítill árekstur, ef ætti að fara að heimfæra uppgerð hitareikninganna á sama hátt upp á suma aðra alþýðuskóla, t. d. Reykholtsskóla og Reykjaskóla. Á báðum þeim stöðum hefir ríkið lagt til hitann, og hygg ég, að það geti orðið dálítið erfitt fyrir héruðin að leggja þar á móti ríkinu.

Þá skal ég ekki frekar fara út í einstök atriði frv. Ég byggi þá skoðun mína, að frv. eigi að fella, ekki fyrst og fremst á þeim einstöku atriðum, sem ég hefi nú sérstaklega gert að umræðuefni, og sjálfsagt er fyrir þingið að samþykkja áminningar með þál. til stj., heldur á því almenna yfirliti, er ég gaf um landsreikninginn í upphafi ræðu minnar um þá gegndarlausu fjársóun stj. langt fram úr áætlunum og heimildum, sem átti sér stað á þessu ári. Alþingi þarf ekki að hugsa sér það, að það haldi virðingu sinni og valdi, ef það leggur blessun sína yfir slíka meðferð ríkisfjár, sem var hér árið 1930 og lengi mun verða í minnum höfð.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að svara ræðu hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann talaði um alþingishátíðarnefndina. Ég er ekki sá rétti forsvarsmaður hennar, þótt ég sæti í henni, en ég álít, að það sé svo fjarri því, að nokkuð líkt hafi átt sér stað í störfum hennar því fjársukki, sem var í ríkissjóðnum 1930. Það var fráleitt því, að hátíðin yrði dýrari en búizt var við. Hv. þm. sagði, að n. hefði verið samhent í störfum, og það er rétt. Það var eindreginn vilji n. að gera hátíðina til sem mests sóma fyrir þjóðina og ánægju fyrir innlenda og erlenda gesti, en á hinn bóginn sem ódýrasta. Þó reyndist það, sem eðlilegt var, ekki mögulegt að komast hjá því, að einstöku kostnaðarliðir yrðu eitthvað hærri en búizt var við upphaflega, og ef nefndur endurskoðandi leitaði þannig í þeim þúsundum fylgiskjala, sem fylgja hátíðarreikningunum, þá fyndi hann eitt eða fleiri skjöl, er honum þætti óþefur að. Það hefir sérstaklega verið rætt um borgunina til þess manns, er fenginn var til þess að standa fyrir leiksýningunni á Þingvöllum. Ég skal játa það, að þessi greiðsla er nokkuð há; þó er þess að gæta, að maðurinn varði til þessa starfs mjög miklum tíma og lagði mikið á sig til þess að koma þessum þætti dagskrárinnar í sem bezt lag, enda tókst það vel. Ég talaði við mjög merka útlendinga á hátíðinni, sem þótti leiksýningin með því allra bezta, sem á boðstólum var á hátíðinni, og tóku langmest eftir henni. Við getum sagt, að sá, sem stjórnaði þessari merkilegu sýningu, hafi varið til undirbúningsins hálfu ári — kannske meira —, en fyrir starf hans var greitt 6 þús. kr. Þegar hv. þm. er að tala um eyðslu hátíðarnefndarinnar, þá vildi ég bara, að hann ætti kost á að sjá alla þá tugi reikninga, sem n. vægðarlaust skar niður, reikninga, sem þó voru margir hverjir byggðir á venjulegum ástæðum, en þetta var gert af því, að n. hafði löngun til þess að gera hátíðina sem ódýrasta. Það, sem réð útkomunni, var vitanlega ekki, hvort greitt var 100 eða 1000 kr. meira eða minna fyrir örfáa, einstaka liði, heldur hitt, sem meira var um vert, að eftirlitið var strangt; það komst enginn eldur í fé alþingishátíðarinnar, og það var náttúrlega ekki hvað sízt að þakka hinum ágæta framkvæmdarstjóra. Það hefir verið fengizt um það, að honum hafi verið borgað 15 þús. kr. fyrir sitt starf. Ég held nú, að það sé ómögulegt að hugsa sér, að hann hefði getað unnið það, sem hann vann, fyrir minni laun. Hann fór frá stórri verzlun, er hann rak, og ég trúi því vel, að hann hafi getað tapað á því öðru eins og því, sem hann hafði fyrir starf sitt. En hitt er ég viss um, að landið hefir sparað meira á því að hafa hann heldur en launin, sem hann fékk. Því það er ekki lengi að muna um hver 5—10 þús. kr. á jafnstórri veltu og alþingishátíðin hafði.

Þá talaði hv. þm. mikið um veizlu, sem n. hefði haldið sjálfri sér í starfslok. Hann talaði nú allt af um 100 ára afmæli n., en það átti að vera 100 funda afmæli. Honum þótti afskaplegt að vita til þessarar veizlu og undraðist stórlega, hvað þessir sjö menn hefðu getað etið fyrir mikið. Ég verð nú að segja það, að þessi veizla læstist nú ekki fastar í mitt minni en það, að ég man heldur óglöggt eftir

henni. (**HJ:** Ætli nokkrir muni eftir henni, sem voru þar?). Ég man, að í þessari veizlu voru fleiri menn en þeir, sem voru í n. Það voru ýmsir, sem höfðu unnið með n. án þess að fá nokkra borgun fyrir. Eins og allir vita, þá vann alþingishátíðarnefndin allt kauplaust. Hún starfaði í 4 ár og hélt 100 fundi. Ef hún hefði verið milliþingan., þá hefðu bara fundirnir ekki kostað minna en 70—80 þús. kr. Maður ræðir nú í gamni um aðra eins hluti og þessa, þó n. gerðist svo djörf að halda sér þetta afmæli. Það er svo sem hlíðstætt því, að bóndi, sem fengi fólkið sitt til þess að bjarga miklu heyi á sunnudegi, gæfi því svo á eftir kaffisopa með pönnukökum og kleinum. (**MG:** Ekki kleinum líka). Nei, það er satt, það væri of mikið. Það er ekki fyrr en eftir 4 ár, sem nefndin vogar það að halda einskonar „jubilæum" eftir langt starf og vel af hendi leyst; það er svo sem ekkert ógurlegt. Hv. þm. tók það dæmi til samanburðar við þessa ógurlegu veizlu, ef Alþingi tæki nú upp á því að halda sér veizlu, ef það sæti í 100 daga. Það er svo gott að vita, að þetta hefir verið gert. Alþingi hefir haldið sjálfu sér veizlu og hún kostað hlutfallslega meira en þessi veizla, en svo er þetta tvennt ekkert sambærilegt. Ég hugsa, að ef alþm. ynnu allir kauplaust, þá þætti varla tiltökumál, þó þeir kæmu einu sinni saman sér til skemmtunar.

Annars var það mjög gleðilegt, að alþingishátíðarnefndarinnar var þó loksins opinberlega minnzt. T. d á sjálfri hátíðinni var það nú svo, að það voru flutt minni fyrir öllu mögulega, meira að segja var farið niður í dýraríkið og mælt fyrir minni hestanna, en n. var ekkert minnzt. Það er mjög gleðilegt, að nú er loks úr þessu bætt og n. minnzt, og þá sérstaklega á þann hátt að finna að störfum hennar, þegar þá ekki finnst meira en raun er á, þó leitað sé af jafnglöggum og góðum endurskoðanda og hv. þm. V.-Húnv. er. Nei, fyrsta ræðan á hátíðinni átti að vera fyrir minni n., svo hefði átt að krossa n. með hinum hæstu krossum fyrir mikið og ágætt starf í 4 ár. Ég veit ekki, hvenær er ástæða til að krossa, ef ekki í slíkum tilfellum. Nei, n. starfaði í 4 ár og fékk ekki önnur laun en eina aths. í LR., og svo veizluna; það var þó gott, að hún tók veizluna. Annars vildi ég spyrja hv. þm. að því, hvort honum þyki alþingishátíðin hafa orðið dýr, t. d. samanborið við konungskomuna 1907. Ég býst við, að sú konungskoma hafi orðið álíka dýr og alþingishátíðin, þegar miðað er við mismunandi gengi peninganna. Það er þó ólíku saman að jafna. Á hátíðina var boðið fjölda af hefðarfólki erlendu og fulltrúum frá ýmsum þjóðum og ríkjum, og á hátíðinni mættu þetta frá 30 til 40 þús. manns. Þarna var kappkostað að hafa á boðstólum allt það bezta, sem kostur var á, svo sem músik, söng, ræðuhöld, íþróttir og allar þær skemmtanir, sem hér eru á boðstólum Ég held, að það sé varla hægt að láta sér detta í hug, að hátíðin hefði getað orðið ódýrari. En mest af öllu er þó um það vert, hve hátíðin fór prýðilega fram. Það er náttúrlega ekki rétt að þakka n. það eingöngu, en nokkru mun þar hafa valdið um, hve giftusamlega tókst val á framkvæmdarstjóranum og þar af leiðandi prýðilegt lag á allri stjórn hátíðarinnar eins og undirbúningnum. Það má t. d. nefna löggæzluna, sem var alveg annáluð. Þó eitthvað kunni að hafa mistekizt með einstök atriði, eins og t. d. tjaldstæðin, þá hygg ég, að varla sé hægt að búast við, að unnt sé að halda slíka þjóðhátíð sem þessa svo vel, að enginn þykist geta sett út á neitt. En sízt af öllu hygg ég hvað alþingishátíðina snertir, að hægt sé að finna að því, hve dýr hún hafi orðið, því hún kostaði víst áreiðanlega mikið minna en nokkurn hafði órað fyrir að mundi verða.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég skal lofa því að verða ekki eins langorður og hv. 4. þm. Reykv. Ég ætla aðeins að minnast á nokkur atriði, sem hann gerði að umtalsefni. Þá var það fyrst, að hann hélt því fram, að það form, sem nú væri á LR., væri ekki eins gott til yfirlits og hið gamla hefði verið. Ég býst nú við, að það sé ekki þörf að deila lengi um þetta; ég hygg, að hann muni brátt sannfærast um það, að þetta er ekki rétt hjá honum. Hann mun sannfærast um, að þetta form mun reynast gleggra en það fyrra, alveg eins og fór þegar skipt var um form

1924. Það má náttúrlega segja, að nú séu meiri vandkvæði á samanburðinum milli LR., en þó eru þau ekki meiri en svo, að ekki þarf sá, sem kunnugur er færslunni á eldri reikningum, nema örfá augnablik til þess að átta sig á samræmi milli reikningsformanna.

Þá var hv. þm. að minnast á þá miklu upphæð, sem varið væri til rekstrar ríkisins, og í sambandi við það, hve langt sú upphæð hefði farið fram úr heimild Alþingis, sagði hann, að Alþingi mætti nú fara að þakka fyrir, ef það fengi að ráðstafa helmingnum af fé ríkissjóðs. Þetta er nú nokkuð ónákvæmt hjá hv. þm. LR. nemur hátt á tuttugustu og sjöttu millj. kr. Þar af nema fjárl. rúmum 12 millj. kr. Þá er þar fyrir utan lækkun skulda, sem nemur 2,3 millj. kr., og auknar innstæður, sem nema hátt á aðra millj. kr., eða til samans 4 millj. kr. Þessa upphæð ber að skoða sem jafnaðartölu, sem á að draga frá heildarútkomunni, og verður þá eftir tæplega 22 millj. kr. Þar af eru heimildargreiðslur til Arnarhváls og Þingvallavegarins nýja 260 þús. kr., samkv. öðrum lögum en fjárlögum 2600 þús. kr. og þál. rúml. 16 þús. kr., eða til samans nærri 3 millj. kr., sem dregst frá 22 millj., og eru þá eftir 19 millj. kr. Þá eru miklar umframgreiðslur á 13. gr., sem hingað til hefir ekki verið siður að víta á þingi. Ég man meira að segja eftir því, að fyrrv. stj. taldi sér til inntekta, að varið var meiru til samgöngumála 1925 heldur en veiting var fyrir.

Þá minntist hv. þm. á héraðsskólana. Ég hefi ekki mikið um þá að segja annað en það, að tveir af þeim héraðsskólum, sem hér um ræðir, bæði Reykholtsskólinn og Reykjaskólinn í Hrútafirði, hafa ekki verið reistir fyrir meira fé en tilskilið er handa héraðsskólum, því að héruðin hafa lagt fram sinn hluta, og endurskoðendurnir hafa í till. sínum, út af þessum aths. um héraðsskóla ekki gert neinar sérstakar till. um þær umframveitingar, sem til þessara tveggja skóla hafa farið. Úr því að á annað borð er fullnægt þeim ákvæðum laganna, að héruðin leggi til jafnmikið á móti, sýnist ekki vera veruleg ástæða til þess að víta þetta, þegar maður sér, að fjárveitingin hefir verið langsamlega allt of lág. Það var ómögulegt að hugsa sér nokkra framkvæmd með þeirri fjárveitingu, sem þar stóð. En aftur á móti hvað snertir hinn þriðja skólann, þá ætla ég ekki að ræða það. Það stendur svo á, að ég hafði ekki aðstöðu til að athuga þá reikninga, en það gerði hv. 2. þm. Skagf., og get ég a. m. k. að svo komnu ekkert lagt til þeirra mála. En ég vil forsvara þá umframveitingu, sem hefir orðið til hinna skólanna, því að þau héruð, sem að þeim stóðu, hafa fyllilega lagt fram það, sem þeim bar. Mér skildist og, að hv. 4. þm. Reykv. mundi í sjálfu sér vera á sömu skoðun og ég um þetta. Hann minntist á sundhöllina í Rvík til samanburðar um þetta atriði, og mér skildist hann ásaka stj. fyrir að hafa ekki lagt í hana meira fé en fjárveiting stóð til. Þar er þó farið eftir ákvæðinu um það, að framlag ríkisins mætti aldrei vera meira en helmingur og fjárveitingin var 100 þús. kr. Mér finnst hv. þm. ætti ekki að ásaka stj., þótt hún vildi þó á þessum lið halda sér við ákvæði fjárl., þegar á það ber að líta, að það er allt annað að taka þarna 100 þús. kr. til sundhallar í Rvík með skilyrðin, sem l. ákveða, en að leggja einungis 30 þús. kr. til þriggja héraðsskóla á landinu.

Þá minntist hv. þm. á greiðsluna til Jóns Hermannssonar. Það er ekki hægt með fullkominni sanngirni að ásaka stj. svo mjög fyrir þessa greiðslu. Fyrst og fremst er á það að líta, að skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu, sem þetta heyrir undir, hefir auðvitað athugað þetta mál og lagt fyrir ráðh., hvernig það skyldi úrskurðast, og þessi sami skrifstofustjóri var í stjórnarráðinu, þegar lögin, sem úrskurðurinn er byggður á, voru samþ., eða árið 1925. Annars er það dálítið merkilegt, hvernig þessi lög frá 1925 eru samin. Það er lýst yfir því við meðferð málsins á Alþ., að þessi breyt. á lögunum eigi ekki að ná til annara en ráðherra. (**MG:** Nei, nei, allra embættismanna.) þ. e. að aðrir en ráðherrar komi ekki undir þessi launalög. (**MG:** Að ekki sé öðrum bætt við, en það eru allir embættismenn). Jæja, hv. 2. þm. Skagf. er að leiðrétta mig nú, en hann gerir það þá í ræðu á eftir, og ég ætla að athuga, hvor okkar hefir réttar fyrir sér. Ég man

ekki betur en að tekið sé fram í umr., að launaviðbótin snerti ekki aðra en ráðh., og þá hefði gjarnan mátt ákveða það í frv. sjálfu, að þessi ákvæði snertu aðeins ráðh. (MG: Þetta er í lögum um framlengingu á dýrtíðaruppbót). Framlengingu á dýrtíðaruppbót?

Þá minntist hv. þm. á Keflavíkurlæknishérað í sambandi við aths., sem endurskoðendur hafa gert við það og launagreiðslu til þess læknis. Það er svo ástatt um þau lagaákvæði, sem þessi fjárveiting byggist á, að þau geta valdið óendanlegum ágreiningi. Það er tekið fram, að læknirinn megi ekki missa neins í af embættistekjum. Nú er vitað um þennan lækni, að fyrir að hann tók þetta embætti fékk hann andúð frá Læknafélagi Íslands, og var augljóst, að það myndi reyna að spilla fyrir starfi hans eftir föngum. Þetta hlaut að hafa þær afleiðingar, að embættistekjur hans yrðu minni en ef hann hefði fengið að setjast að þessu starfi óáreittur. Mér skilst því, að jafnvel þótt litið sé svo á, að embættistekjur séu bæði laun og aukatekjur, þá megi skoða sem svo, að líkindi séu til, að aukatekjurnar verði ekki eins miklar hjá honum og embættið sjálft gat gefið tilefni til. (MJ: En svo var hann aldrei fluttur á milli embættanna). Það er rétt, hann var í raun og veru aldrei fluttur eins og lög gera ráð fyrir. En úr því að það lá fyrir að gera það, ef ekki hefði það verið talið fært á þennan hátt, þá er hér einungis um formsatriði að ræða í þessu efni. En það skiptir ekki neinu máli fyrir ríkið, ef hægt hefði verið að framkvæma það eftir lögum um færslu embættismanna milli embætta. Skilst mér aðalágreiningurinn vera um það, hvort launin hefðu orðið svona há, ef hann hefði verið færður úr embættinu samkv. þar að lútandi lögum. En ég býst við, að út af því geti orðið nokkur ágreiningur, a. m. k. var það meðal endurskoðenda, og af þeim ástæðum hafa þeir komið sér saman um að láta þetta atriði fara til úrskurðar alþ.

Um Arnarhólstúnið, sem hv. þm. talaði um og m. a. gerði góðlátlegt „grín“ að þeim tekjum, sem hefðu hafzt af þessari miklu eign ríkisins, er sannast að segja talsvert athugavert, að ríkið á þarna stóra lóð í bænum, sem það hefir engar tekjur af, en kaupir á sama tíma lóðir, sem kostuðu mörg hundr. þús. kr., og ef ég man rétt, þá held ég, að hv. 4. þm. Reykv. hafi verið því mjög fylgjandi að kaupa lóðir hér í bænum ekki langt frá þessari lóð, fyrir mörg hundr. þús. kr. Á sama tíma sem þessi lóð liggur ónotuð og arðlaus fyrir ríkið, þá er keypt hér feykilega dýr lóð undir landssímahúsið. Sú bygging hefði áreiðanlega getað staðið á Arnarhólstúni og hægt að spara þau miklu útgjöld. Endurskoðendurnir vildu sérstaklega benda á þetta, ekki fyrir það, að þeim þættu tekjurnar af lóðinni í sjálfu sér svo litlar, því að ekki er hægt að búast við neinum tekjum af henni, en þarna er um að ræða stórfellda lóð, sem er metin þetta hátt, eins og nefnt hefir verið, og má gjarnan hafa það í huga, þegar farið verður að byggja eitthvert stórhýsið fyrir ríkið, að þarna er til lóð, og þarf ekki að kaupa nýjar lóðir fyrir mörg hundr. þús. kr. — Hv. 4. þm. Reykv. lagði nokkuð aðra merkingu í aths., en hún kemur vitanlega ekki til greina, heldur hitt atriðið, að þarna er um að ræða lóð, sem hægt er að nota, ef þörf krefur, og á að gera það heldur en að leggja í stórfelld kaup á öðrum stöðum.

Þá skal ég að lokum minnast örfáum orðum á alþingishátíðina og þann kostnað, sem af henni leiddi. Hv. þm. spurði mig, hvort ég héldi, að hátíðahöldin hefðu orðið dýr. Skildist mér hann vilja miða við það, sem áður hefir tíðkazt um konungskomur og önnur slík hátíðahöld. Mér finnst ég ekki sjá neitt eftir því fé, sem til hátíðarinnar hefir farið, þar sem hún bar svo góðan árangur fyrir þjóðina. En eigi að síður dylst ég þess ekki, að margt hefir farið í súginn hjá n. Hv. þm. bendir á, að þeir hafi átt við dálitla örðugleika að stríða í þessu efni, því að á þá hafi verið sótt og þá hafi átt að „snuða“, því að þeir hafi skorið niður fjölda reikninga, sem þeim hafi borizt. En ég held, að þeir hafi ekki alltaf verið alsjáandi, og meina ég ekkert ljótt með því, heldur að þeir hafi ekki alltaf séð við þeim, sem þeir áttu viðskipti við, og að einhverntíma hafi verið á þá snúið. Hv. þm. benti á, að n. hefði starfað kaup-

laust. Þetta er að miklu leyti rétt. Það er hvergi reiknað kaup til n., en hún hefir samt gefið sér gjafir, að vísu ekki stórfelldar gjafir, en þó upp undir 1000 kr. handa hverjum. Þetta er smáræði og er ekki um það að sakast, en dálítið er það óviðfelldið, að þeir skyldu verða sjálfir til að veita sér þessar gjafir, og einum nefndarmanna voru greiddar 1000 kr. fyrir atvinnumissi og einum látnar í té eitthvað 600 kr. fyrir fatnað, og hefir hann verið illa staddur áður, hafi hann þurft að verja 600 kr. til að kaupa föt fyrir. Eigi að síður vil ég samt taka það fram, að störf n. hafa verið mörg og margvísleg og yfirleitt hafa þeir unnið þarna þegnskylduvinnu í þarfir þjóðarinnar og unnið þá vinnu vel, þótt að einhverju leyti hafi orðið ábótavant.

Hv. þm. þóttist ekki muna eftir veizlunni, sem ég hafði minnzt á og haldin var í tilefni af 100 funda afmælinu. Ég efast ekki um, að þeir hafi á eftir ekki munað vel, hvað þar gerðist. Hv. þm. hélt, að þarna hefðu verið fleiri en nefndarmennirnir, og það er vitanlegt, að svo var, enda hefðu þeir ógjarnan getað komizt yfir að eyða þessu á einu kvöldi, en það skiptir nú ekki neinu máli í þessu sambandi. Hér er um það að ræða, að n. hefir tekið sér vald til að veita fé til veizluhalda og gleðskapar — einmitt það, sem sumir stjórnarandstæðingar hafa mjög ásakað núv. stj. fyrir að hafa gert. En þetta er ekkert nýtt, hvorki hjá n. eða núv. stj. Þetta hefir gilt um langan tíma hjá okkur. Ég man eftir því einu sinni, að í reikningum yfir stjórnarráðskostnað voru 2000 kr. fyrir vínföng. Þetta var fyrir 1925—26. Hvort þeim vínföngum hefir verið varið til að gleðja skrifstofufólkið eða í einhverjum öðrum veizluhöldum að tilhlutun stjórnarráðsins, skal ég ekki um segja. Þetta sýnir einungis, að þessar veizlur eru gamall siður í stjórnmálalífi voru, og það gengur ekki að ásaka einn fyrir það, nema allir séu ásakaðir og reynt að grípa fyrir kverkar þessa veizlufagnaðar á kostnað ríkisins. Það gæti ég gjarnan verið með að gera, en hinsvegar býst ég ekki við, að sú stefna eigi djúpar rætur í hugum manna, þegar það kemur fram og verður einna mest áberandi, að um framkvæmdir á þessu sviði standa allir flokkar sameinaðir, eins og átti sér stað með alþingishátíðarn., og veizlan, sem ég nefndi, var alls ekki sú eina í þessu tilefni. Það eru mýmargar, sem ég gæti talið upp og allar hafa verið haldnar þeim mönnum, sem að einhverju leyti má telja, að hafi verið í sambandi við störf alþingishátíðarn. Veizlufagnaður og bíltúrar og annað slíkt hefir allt kostað talsvert mikið fé. Ég hefi ekki verið eins iðinn eins og hv. 2. þm. Skagf. hefir stundum verið við að draga þetta saman, en upphæðin hefði orðið talsverð, og mætti fyrir hana gera eitt og annað, sem stundum hefir verið talað um, að mætti gera fyrir hitt og þetta, sem talið er, að farið hafi forgörðum hjá hæstv. núv. stjórn.

Ég vil ógjarnan verða til að tefja svo umr. um mál þetta, að það geti ekki orðið afgr. á þessum fundi, og ætla ég því ekki að segja meira að sinni. En e. t. v. gefst síðar tækifæri til að rifja upp ýmislegt í sambandi við það, sem ég á von á, að hv. 2. þm. Skagf. segi um þetta mál.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að bezt sé að byrja með því að segja fáein orð út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði. Það þýðir reyndar ekki mikið að tala hér við hv. þm., þar sem aðeins sárfáir eru viðstaddir og enginn sést úr stj., svo að það er auðvitað, að hún ætlar ekki að svara því, sem hér kemur fram.

Ég ætla að byrja á því að sýna hv. þm. V.-Húnv. lögin, sem deilt er um, og lesa upp greinina, sem um er að ræða. Hún hljóðar svo: „Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum, eða taka laun samkv. öðrum lögum, sem ekki ákveða sérstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkv. eftirlaunalögum, eða biðlaunа, til ársloka 1928, launabót sem miða skal við verðhækkun á helztu lífsnauðsynjum". Þetta sýnir, að aðalatriði gr. er framlenging á lögum um dýrtíðaruppbót embættismanna yfirleitt, og þar var meiningin að gera þá eina breyt. að bæta ráðherrunum við, svo að þeir fengju dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir embættismenn. Skoða ég þetta þá útrætt mál.

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. V.-Húnv. telur mig sérstaklega iðinn að tína saman hitt og þetta viðvíkjandi LR. Það vildi ég gjarnan vera og ég hygg, að það skorti ekkert á, að hv. þm. V.-Húnv. tíni saman það, sem honum fellur í geð, en hann kærir sig ekki um að tína hitt, og veit ég þó, að hann á ýmislegt á sínum blöðum, sem hann ekki les upp hér, af því að það er ekki þannig vaxið, að hann telji ágóða sínum málstað að fara út í það.

Hv. þm. talaði mikið um alþingishátíðina og fannst mjög til um þá eyðslu, sem þar hefði verið höfð, sérstaklega af n. hálfu. Eins og hv. 4. þm. Reykv. hefir tekið fram, voru allir ráðh. í n., svo að þeir verða fyrir barðinu á aðfinnslum hv. þm., og veit ég þó, að hann mundi hafa viljað hlífa þeim. Þetta sýnir, að honum er enn kærara að höggva til andstæðinga en hlífa samherjum. Og þetta sýnir vel hvernig hv. þm. mundi höggva, ef eingöngu væri um andstæðinga að ræða, þegar hann heggur svona, þótt allir meðlimir hans eigin stj. eigi líka í hlut. Hann vildi vinna til að höggva í þá, til þess að ná til þessara tveggja eða þriggja sjálfstæðissálna, sem í n. voru. Ég er ekki svo kunnugur þessum málum, að ég geti mjög um þau talað. En um þessar gjafir, sem hann nefndi, get ég sagt, að ég man eftir, að nefndarmönnum voru gefnir einhverjir diskar og hnífapör úr Alþingishátíðardraslinu, og ég veit ekki betur en það hafi forsetar þingsins gert, en ekki n. sjálf. Ef þetta er skakkt, þá leiðréttir það einhver. (HJ: Plöggin sýna það ekki). Þau sýna það ekki, en ég hygg, að það sé svona. Þá nefndi hann föt til eins nefndarmannanna, og það er held ég rétt. Í n. var einn utanþingsmaður, bláfátækur, og hann fékk eitthvað fyrir föt til að geta verið nógu „fínn“ á alþingishátíðinni, og svo fékk hann einhverja þóknun fyrir atvinnumissi. Þetta var jafnaðarmaðurinn í n., og bar honum engin skylda til að inna þetta starf af hendi, þar sem hann var ekki þm. — Mér finnst, að í öllu því sukki, sem hefir átt sér stað í fjármálum landsins á árinu 1930, sé mjög undarlegt, að hv. þm. V.-Húnv. skuli telja mesta þörf á að tala um þetta, og ég veit það af mínu samstarfi við hv. þm., að það er ekki hans skoðun, að hér sé mest þörf að átelja. (HJ: Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði). Þetta voru þau orð, sem hv. þm. V.-Húnv. lét fylgja þessum reikningi, sem hann sjálfur hefir verið endurskoðunarmaður að. Annars er það auðvitað, að þessi alþingishátíðarnefnd var talsvert dýr. Það vita allir og þingið hafði sjálft viðurkennt nauðsynina á því og veitt til þess í fjáraukal. 500 þús. kr. á árinu 1930, og það er ekki víst, að sá alþingishátíðarkostnaður, þ. e. a. s. þær aðgerðir, sem n. hafði meeð höndum, hafi kostað meira, því að ég reikna ekki með alþingishátíðarkostnaði þær aðgerðir, sem hæstv. dómsmrh. lét gera á Þingvöllum, flutninga húsa, bygging brúar og vegar o. a. þ. h. Slíkt var ekki nauðsynlegt hátíðarinnar vegna, og tel ég það því ekki með kostnaði við hana, þótt það sé talið þar í LR. Það er rétt, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um Arnarhólstúnið. Það, sem fyrir okkur vakti, var að leiða athygli að því, að ríkið á þarna lóð, sem er metin á 1 millj. kr. og ekkert hefst upp úr. En samt er ríkið ár eftir ár að kaupa mjög dýrar lóðir undir opinberar byggingar, og stundum án þess að gera nokkuð við þær. Vegna þessa ráðleysis vildum við benda á, að ríkið á þarna nægilega stóra lóð til afnota fyrir sig; en svar hæstv. stj. er alveg úr öfugri átt og kemur ekkert nærri því, sem var meining okkar. Ég er samþykkur hv. þm. V.-Húnv. um það, að það hafi verið hin mesta heimska að kaupa lóð undir símastöðina hér í miðbænum, þegar landið átti eins vel setta lóð og Arnarhól. Ég veit ekki vel, hvað lóðin undir símahúsið hefir kostað, en hygg, að hún hafi kostað talsvert á annað hundrað þús. kr. Það er ekki ennþá kominn reikningur yfir byggingu símastöðvarinnar, en ég geri ráð fyrir, að sá kostnaður verði talinn í næsta LR., því að hann er ekki að neinu leyti talinn í þeim LR., sem nú liggur fyrir. Verði þessi kostnaður ekki tekinn í LR 1931, þá er ekki sjáanlegt, að hann komi nokkurntíma í nokkurn LR., og ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. sérstaklega, hvort svo eigi ekki að verða, því að annars mun þessi kostnaður, eins og tekið hefir verið fram, aldrei koma í LR. Hefði ég ekki búizt við, að það yrði, myndi ég

hafa gert aths. um þetta, og sama tel ég víst, að hv. þm. V.-Húnv. hefði gert, en svo stóð á um símastöðina, að ekki var nærri allur kostnaður á fallinn í árslok 1930.

Þá kem ég að launauppbótinni til héraðslæknisins í Keflavíkurhéraði. Var helzt svo að heyra á hv. þm. V.-Húnv., að hann vildi láta halda áfram að greiða þessum lækni miklu hærri laun en lög ákveða. Ég get fyrir mitt leyti sætt mig við það eftir atvikum, að læknirinn sé ekki látinn endurgreiða þær umframgreiðslur, er hann hefir þegar fengið, en hitt tel ég fullkomna óhæfu, að hann fái framvegis 1200—1500 kr. meira á ári en lög leyfa. Yfirvarp stj. í þessu máli er einskis virði. Það er alls ekki heimilað í stjskr. að greiða mönnum hærri laun, þótt fluttir séu milli embætta, heldur sömu laun. Nú eru hin föstu laun í Keflavíkurhéraði lægri en í Flateyjarhéraði, vegna þess að Keflavíkurhérað er langtum mannfleira og því tekjumeira fyrir lækni, sem á annað borð dugar til síns starfs.

Þá er það annað lögbrot í þessu sambandi, að héraðslæknirinn skuli vera látinn sitja í Grindavík, þar sem nú mun vera búið að byggja yfir hann. Þetta er gert þrátt fyrir það, að þingið er fyrir löngu búið að ákveða með lögum, að læknissetrið skuli vera í Keflavík. Virðist þó svo sem hægt hefði verið að fá lóð þar eins og í Grindavík til að reisa á læknisbústað.

Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef það er vilji meiri hl. fjhn., að einstakir menn séu teknir út úr og látnir njóta ólöglegra vildarkjara um launagreiðslur. Þetta yfirvarp stj. um flutning milli embætta er ekkert nema tilbúningur, sem fundinn er upp eftir á. Skýringin á þessu atferli er ekki nema ein, og hún er sú, að maðurinn er keyptur til að taka við embættinu. Og nú er helzt að heyra á hv. þm. V.-Húnv. og meiri hl. fjhn., að þeir vilji samþ. þessi mannkaup.

Þá nefndi hv. þm. V.-Húnv. héraðsskólana og sagði, að tveir þeirra hefðu lagt fram tilskilið framlag, og væri þá ekki ástæða til að amast við umframgreiðslum úr ríkissjóði, þótt eftir lögum um héraðsskóla eigi ekki að leggja fram meira fé en fjárlög heimila. Ég get að mestu fallizt á þetta, þótt ég álíti hinsvegar, að þessar umframgreiðslur hefðu ekki átt að eiga sér stað. En einn skólinn, Laugarvatnsskóli, hefir alls ekki lagt fram tilskilda upphæð á móti ríkissjóðsframlagi. Hv. þm. V.-Húnv. tók nú þá léttu aðstöðu að vísa til mín um þetta mál. Þegar reikningar Laugarvatnsskóla kom til okkar yfirskoðunarmannanna í fyrra, voru þeir ekki í því formi, að hægt væri að endurskoða þá. Var því lagt fyrir stj. að gera nýja reikninga. Þeir reikningar komu ekki fyrr en hv. þm. V.-Húnv. var farinn heim til sín, og lenti því á mér að endurskoða þá og gera við þá aths. En þótt svona væri, álít ég ekki að hv. þm. V.-Húnv. geti ekki haft neina skoðun um framferði stj. í þessu máli. Ég vil spyrja hann, hvað hann álíti, að gera eigi í málinu. Ég veit, að hér er úr vöndu að ráða. Stj. hefir greitt til skólans í algerðu heimildarleysi yfir 200 þús. kr. meira en nemur framlagi annarsstaðar frá. Þetta er skuld, sem ríkið á hjá skólanum, en telja má víst, að það verði erfitt eða ómögulegt fyrir skólann að greiða þessa gífurlegu fjárhæð. Þingið verður að taka afstöðu til þessa máls, og get ég því beðið átekta. En hvaða afstöðu sem þingið tekur, stendur það eftir óhrakið, að stj. hefir þverbrotið lögin og á sér enga afsökun.

Hæstv. dómsmrh. segir, að skólanefnd hafi keypt hálft Laugarvatn fyrir 16 þús. kr. Þessi upphæð er víst rétt. En síðan vill hann telja hitann sem framlag frá skólans hálfu, og metur hann á 300 þús. kr. Hitinn allur á Laugarvatni er eftir því 600 þús. kr. virði! Ég skal ekki fara langt út í þessa reikninga hæstv. ráðh. Þeir tala sínu máli. En mig langar til að spyrja hv. þm. V.-Húnv., hvað hann álíti að ríkið eigi að selja skólanum á Reykjum hitann á Reykjatanga, eða hve hátt ríkið eigi að reikna Reykholtsskóla hitann í Reykholti. Eign, sem skólanefnd kaupir á 16 þús. kr., á að reiknast ríkinu á 316 þús. kr. Þetta eru meiri féglæfrar og „svindl" en ég þekki dæmi til úr viðskiptalífinu. Það væri þá helzt, að Kreuger hinn sænski hefði komizt eitthvað í námunda við þetta. (**Dómsmrh.**: Þessar eignir eiga eftir að vaxa í verði).

Já, einmitt það. Hér sýnir hæstv. ráðh. meiri frekju en svo, að hægt sé að taka hann alvarlega. Verður ekki annað séð, en að hæstv. dómsmrh. álíti, að skólinn telji með réttu allmikið til skuldar hjá ríkinu. (**Dómsmrh.**: Það er gott að eiga þar inni). Kreuger hélt líka, að gott væri að eiga inni hjá hinum og þessum, þegar hann var að fremja vitleysurnar og falsanirnar, sem nú vekja furðu um víða veröld.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh., hvaðan það framlag skólans hafi komið, sem nú er talið í svörum stj., en ekki var talið á reikningum til yfirskoðunarmanna. Þetta framlag á að nema tæpum 99 þús. kr. Ég vil fá skýr og glögg svör um það, hvaðan þetta framlag sé komið. Hver eða hverjir hafa t. d. gefið rúm fyrir 15 þús. kr.? Annars eru svör hæstv. dómsmrh. við aths. mínum um Laugarvatnsskólann svo makalaus, að ég hefi ekki séð annað eins. Það skiptir náttúrlega ekki miklu máli í öllu sukkinu, þótt 1300 kr. hafi týnzt með öllu, enda var engu svarað um það, hvað af þeirri upphæð hefði orðið. Líklega hugsar hæstv. dómsmrh. sem svo, að lítið muni um svona smáupphæðir, en endurskoðunarmenn vilja nú jafnvel fá gerða grein fyrir enn lægri fjárupphæðum.

Svo kemur þessi aðdáunarverða niðurstaða hæstv. dómsmrh., að allar eignir Skálholtsstóls hins forna hefðu að réttu lagi átt að renna til Laugarvatnsskóla(!) Hefir hann fengið fræðimann til að reikna út eignir stólsins, því að sjálfum mun honum hafa verið slíkt verkefni ofvaxið. Telst ráðh. svo til, að Árnessýsla hafi átt allar eignir stólsins. Ég verð þó að ætla, að Skálholtsstifti hið forna hafi náð yfir meira en Árnessýslu, og einnig, að kirkjan hafi fremur verið eigandi stólseignanna en skólastofnun, sem rís upp mörgum öldum síðar. Þetta er svo mikil fjarstæða, að furða er, að maður í ráðherrastóli skuli leyfa sér að bera slíkt fram sem rök, eftir að hafa brotið skýlaust lög, sem hann hefir sjálfur átt frumkvæði að á Alþingi.

Ég bíð eftir skilríkjum fyrir þessu nýja framlagi og skal vera við því búinn að ræða þau nánar við hæstv. ráðh. En ekki skyldi mig undra, þótt nokkuð drægist, að góð og gild svör fengjust um það efni.

Ég vík þá aftur að hv. þm. V.-Húnv. Hann færði það sem afsökun fyrir því, hve hár reikningurinn væri, hve miklar greiðslur hefðu átt sér stað samkv. lögum og þáltill. Það er rétt, að þessar greiðslur eru háar, og hv. þm. mun hafa nefnt réttar upphæðir. Þessar upphæðir eru fljótar að hækka, þegar t. d. umframgreiðsla á aðeins einum lið nemur ½ millj. Lögin eru ekki heimild lengur, ef farið er fram úr þeirri upphæð, sem þau heimila. Því er heimtuð aukafjárveiting. (**HJ**: Hvernig var með landsspítalann?). Ég skal koma að honum seinna, en hér á ég við síldarbræðsluverksmiðjuna. Fénu hefir verið ávísað til hennar með tilvísun til laga, en ekki samkv. lögum. Þessi röksemdafærsla hv. þm. V.-Húnv. er því hreinasta svikamylna. Þessi ½ millj. kr. greiðsla styðst alls ekki við nein lög.

Ég held, að stj. hafi aldrei sætt og muni ekki sæta ávítum fyrir það, þótt hún léti ljúka við landsspítalann. Það veldur hækkun á þessum lið á árinu 1930, að þar eru taldar um 300 þús. kr., sem áttu að færast á LR. 1929, eins og ég tók fram á þinginu í fyrra.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að reikningurinn væri skýrari nú en áður. En þess er að gæta, að reikningur sá, er hér liggur fyrir, er að langmestu leyti eftir gamla forminu. Að því leyti, sem farið er eftir hinu nýja formi, er hann verri og óljósari en áður. Sérstaklega á ég hér við hinar svo kölluðu „eignahreyfingar", þar sem verið er að gera tilraun til að dylja útgjöld ríkissjóðs. Orðið er í sjálfu sér einnig óheppilegt, því að fasteignir a. m. k. munu sjaldan hreyfast mikið. En hvað sem því líður, getur ekki verið rétt að telja það eignahreyfingu, þótt eitthvað sé gert við fasteign, sem ríkið á. Það er ekki annað en eðlilegt viðhald.

Rekstrarreikningurinn sýnir bezt, hve hægt er að komast að villandi niðurstöðu eftir hinu nýja formi, þar sem hann sýnir tekjuafgang, þótt 6½ millj. kr. tekjuhalli sé á ríkisreikningnum. Sérstaklega er það fjarstætt, að sleppt skuli vera þar afborgunum af skuldum ríkissjóðs. Ég get ekki séð, hvernig á að reka ríkisbúskapinn

án þess að borga af skuldum. Afborganir af skuldum verða jafnvel að ganga fyrir flestum öðrum greiðslum ríkisins. Þessi reikningur gæti heitið ágóða- og hallareikningur, en ekki rekstrarreikningur, því að á rekstrarreikningi verður að taka öll óhjákvæmileg gjöld til að annast rekstur ríkisbúskaparins.

Ég skildi ummæli hv. frsm. svo, að meiri hl. n., og því öll n., væri sammála öllum till. yfirskoðunarmanna, og bið ég hann að leiðrétta, ef ég hefi ekki skilið hann rétt. Ég dreg af þessu, að n. sé sammála okkur um að vísa þeim liðum til aðgerða Alþingis, sem við höfum gert till. um, að vísað væri þangað. Ef þetta er réttur skilningur, er ekki ástæða til að deila um greiðsluna til tollstjórans í Reykjavík, og get ég því sleppt að minnast á það atriði.

Hér liggja fyrir tveir reikningar í raun og veru, annar frá stj., en hinn frá Pétri Þórðarsyni, og er allmikill munur á, því að á reikningi P. Þ. eru 38 millj. kr., en þetta frv. hljóðar um 25,7 millj. kr. Ég geri ekki ráð fyrir, að reikningur P. Þ. komi til atkv. en þó skal ég játa, að ýmislegt er vel athugað í upplýsingum hans og niðurröðun, enda mun P. Þ. hafa lagt mikla vinnu í að semja reikninginn. Ástæðan til þess, að P. Þ. hefir samið þennan reikning, er auðvitað sú, að hann hefir verið óánægður með það form, sem nú er á reikningnum, enda álít ég, að hægt væri að hafa reikninginn skýrari en hann er nú, en af því að þetta er síðasti LR., sem verður eftir eldra fyrirkomulaginu, fer ég ekki út í gagnrýni á formi hans nú. Ég mun bíða átekta og sjá, hvernig LR. lítur út í hinu nýja formi, en ég vil endurtaka, að það er gersamlega óhæfilegt, að hvorki útvarpsstöð né símastöð komi nokkru sinni á LR., og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að slík reikningsfærsla verði við höfð.

Hv. frsm. meiri hl. kvað svo að orði um lántökurnar 1930, að lánin væri öll tekin samkv. vilja Alþingis. Þessa staðhæfingu vil ég ekki viðurkenna. Það má segja, að lánin séu tekin eftir heimild frá Alþingi, (**HStef**: Ég sagði það.), en þar með er ekki sagt, að sjálfsagt eða rétt hafi verið að nota þessar heimildir. Mér er óhætt að fullyrða, að hefði þingið vitað, að tekjur færu svo fram úr áætlun sem raun varð á, hefði það aldrei veitt allar þessar heimildir, og það er aðalatriðið.

Þá er það skiptingin á lánunum, sem hér er í reikningnum á bls. XVI. Hún er í raun og veru alveg fráleit og getur ekki verið gerð til annars en til að gera LR. sem lægstan, því að þar er talið, að útvarpsstöðin hafi fengið 620200 kr. og að til byggingar landssímastöðvarinnar hafi farið 950500,80 kr., eða m. ö. o. til beggja stöðvanna h. u. b. 1,5 millj. En þessar upphæðir hljóta að hafa farið í gegnum reikninga ríkisins; annað er óhugsandi. — Svipað er að segja um stofnfjárlán Landsbankans, hlutafé Útvegsbankans og það, sem Búnaðarbankinn fékk. En þrátt fyrir það, þótt allt þetta sé talið að hafa farið utan við ríkissjóðinn, eru samt 6 millj. kr., sem hafa farið inn í hann.

Ég er alveg samþykkur því, sem hv. frsm. sagði viðvíkjandi þessu, og svo því, sem kemur fram hjá endurskoðandanum Pétri Þórðarsyni, að það rétta hefði verið að taka alla lánsupphæðina upp í LR., en við það hefði hann hækkað stórkostlega. (**Forseti**: Þar sem ég býst við, að hv. þm. eigi allmikið eftir af ræðu sinni, vildi ég beina því til hans að geyma sér niðurlagið þar til síðar, með því að hinn venjulegi fundartími er nú þegar liðinn). Ég á allmikið eftir af ræðu minni og mun því verða við tilmælum hæstv. forseta. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson [frh.]: Ég held, að ég hafi, er umr. sleit síðast, verið búinn að svara hv. þm. V.-Húnv. og hv. frsm. meiri hl. n. að mestu leyti. Og þá vildi ég aðeins benda á nokkur atriði út af sumum aths. yfirskoðunarmanna við LR. Í sambandi við 4. aths. yfirskoðunarmanna viðvíkjandi rekstrarreikningi tók ég það fram í gær, að stj. hefði fært of lítið af útgjöldunum á rekstrarreikning og að ýmsar upphæðir tilheyrandi rekstrinum væru færðar annarsstaðar, sýnilega í þeim tilgangi, að geta sýnt betri rekstrar-

útkomu heldur en er í raun og veru. Sem dæmi um þetta má benda á það, að á rekstrarreikningi er ekki sýndur neinn halli af rekstri síldarbræðslustöðvar ríkisins á Siglufirði, enda þótt vitanlegt sé, að þar hefir rekstrarhallinn á árinu 1930, að viðbættum vöxtum, numið um 130 þús. kr. Það er auðvitað alveg rangt að færa þetta á stofnkostnaðarreikning verksmiðjunnar. En sé þessi upphæð sett á rekstrarreikning, þar sem hún á heima, þá kemur þar fram mismunur, sem nemur henni. Þetta nefni ég aðeins sem dæmi, en ýmsar aðrar upphæðir hefðu einnig átt að koma á þann reikning. Um þetta voru yfirskoðunarmenn ekki sammála. Ég skildi samverkamenn mína svo, að þeir væru ánægðir með þessa reikningsfærslu, eins og frá henni var gengið, en það var þvert á móti um mig. — Um húsaleigu fyrir íbúðir í Laugarnesspítala er það kunnugt, að í LR. fyrir árið 1929 voru færðar 20 þús. kr., sem notaðar voru til þess að útbúa íbúðir í Laugarnesspítala; ársvextir af þeirri upphæð eru 1200 kr., en leigan, sem ríkissjóður fær á ári fyrir þessar íbúðir, er aðeins 994,05 kr., svo að það er ekki einu sinni fyrir vöxtum af þeirri upphæð, sem lögð var í aðgerðina, og auk þess grunar mig, að þessi leiguupphæð sé fyrir lengri tíma en 1 ár. Við spurðumst fyrir um, fyrir hvað langan tíma þessi leiga væri reiknuð, en fengum ekkert svar við því. Þrátt fyrir þetta skilst mér, að meiri hl. fjhn. vilji ekkert athuga þetta frekar. En þó ber að taka það til greina, að þær 20 þús. kr., sem greiddar voru til endurbóta á húsinu, eru þar komnar í húseign, sem það opinbera á ekki. Það er kunnugt, að ríkissjóður á ekki þetta hús, og þessar 20 þús. kr. eru ekki afturkræfar. Það mundi þykja lítil hagsýni í því hjá einstaklingum að leggja fram tugi þús. kr. til umbóta á eignum annara manna, og fá ekki einu sinni endurgreidda vexti af þeirri upphæð, hvað þá meira.

Þá kem ég að 19. aths. yfirskoðunarmanna, þar sem minnzt er á aftaldar og niðurfelldar lausaskuldir í LR. 1929. Stj. svarar þessu svo, að 1929 hafi verið taldar í lausum skuldum hjá menntaskólanum á Akureyri kr. 388,83. Upphæð þessi hafi ekki verið færð til gjalda í reikningum skólans 1930 og heldur ekki til skuldar í árslok; þess vegna virðist stj. rétt að færa hana til tekna, eins og gert hefir verið. Þegar við yfirskoðunarmenn gengum frá till. til úrskurðar um þetta atriði, þá vissum við ekki annað en að þetta mætti svo vera. En fyrir fáum dögum hringdi skólameistari menntaskólans á Akureyri mig upp í síma og sagði, að þessi upphæð væri enn ógreidd til skólans, og kvaðst mundu krefja um hana síðar. Þannig kom í ljós, að aths. var rétt og að þessa skuld mátti ekki fella niður, því að hún verður að borgast síðar. Annars er það merkilegt, að þegar stj. svarar aths. yfirskoðunarmanna, þá skuli hún ekki grennslast eftir því, hvort búið sé að greiða þessa upphæð eða ekki. Þess vegna vil ég nú taka það fram, að þó að við í till. okkar segðum: „Má við svo búið standa", — þá er það ekki rétt. Það er rangt að hafa þetta af skólanum, þótt gleymzt hafi að færa upphæðina á reikningum hans, og verður því að greiða hana síðar. Þessar 388 kr. eru því vantaldar í skuldum ríkissjóðs. — Þá er rétt að nefna 25. aths., um greiðslur fyrir aukavinnu í stjórnarráðinu. Sá kostnaður vex svo gífurlega frá ári til árs, að á því er ekkert hóf; hann er 30% meiri árið 1930 heldur en 1929, og árið 1929 var hann 25% hærri en árið áður. — Ég tók eftir því, að hv. þm. V.-Húnv. taldi, að inni í þessari hækkun mundi vera falið nokkuð af kostnaði við alþingishátíðina. Hvað á hv. þm. við með því? (HJ: Vegna aukinnar starfsemi í stjórnarráðinu í sambandi við hátíðahöldin). Nú, hv. þm. byggir það ekki á öðru. Ég þori náttúrlega ekki að fullyrða um, hvað störfin hafa aukizt vegna hátíðarinnar, en þó að það hefði máske verið skrifað 100—200 bréfum fleira en venja var til, þá getur það ekki munað mörgum tugum þúsunda kr. í auknum kostnaði fyrir aukavinnu, eins og LR. sýnir.

Um skrifstofukostnað tollstjórans í Rvík og kostnaðinn við tolleftirlitið þýðir víst ekki að ræða hér. Ég flutti frv. um það snemma á þinginu, að sá kostnaður væri lækkaður, og nál. var skilað um það frv. fyrir 2 mánuðum síðan, en þrátt fyrir það hefir frv. ekki verið tekið á dagskrá.

Um vinnuhælið á Litla-Hrauni hefir hv. 4. þm. Reykv. nokkuð rætt, og skal ég ekki fara frekar út í það.

En þá kem ég næst að 40. aths. yfirskoðunarmanna, um útgjöld ríkissjóðs vegna friðunar á Þingvöllum. Ég vil upplýsa það, að yfirskoðunarmönnum kom það nokkuð spánskt fyrir, að greitt hafði verið útsvar Markúsar Jónssonar á Svartagili úr ríkissjóði. Svar stj. er, að þessi útsvarshluti sé greiddur samkv. lögum um friðun Þingvalla, en það getur ekki verið rétt, því að þessi maður býr fyrir utan hið friðlýsta svæði á Þingvöllum. Skrifstofustjórinn í fjmrn. hefir nú sagt mér, að þetta útsvar, 300 kr., sé ekki greitt fyrir Markús, heldur fyrir staðarhaldarann á Þingvöllum.

Um ýmsar af aths. yfirskoðunarmanna er nú búið að ræða svo mikið, að ég skal ekki að svo komnu bæta meiru við það. En út af óánægju hv. þm. V.-Húnv. yfir hinum mikla kostnaði í sambandi við alþingishátíðina, vil ég benda á, að mér fannst hann gleyma þar einum lið, sem eigi getur talizt mjög nauðsynlegur, en það er 1000 kr. greiðsla til sýslumannsins í Strandasýslu fyrir lögreglustjórn á Þingvöllum hátíðardagana. Ég hygg, að yfirvaldið hafi ekki verið þar nema 1 eða 1½ dag, svo að honum hefir verið býsna vel borgað fyrir þann tíma. Aftur á móti þótti hv. þm. V.-Húnv. ákaflega illa farið með fé ríkissjóðs, þar sem borguð hafði verið 1000 kr. þóknun handa fátækum manni, sem starfaði kauplaust á annað ár í alþingishátíðarn. Ég á erfitt með að finna samræmi í þessu eða sanngirni hjá hv. þm. og býst við, að svo fari fyrir fleirum.

Þá er 59. aths., viðvíkjandi reikningum landhelgissjóðs. Þar reyndu yfirskoðunarmennirnir mikið að komast til botns, en gátu þó hvergi fundið 40 þús. kr. Leitaði þó hv. þm. V.-Húnv. rækilega að þeim, fór upp í skipaútgerð ríkisins og fékk að sjá reikninga hennar, en hafði ekkert upp. En svo þegar svar ráðh. kemur, stendur þar, að þessi upphæð hafi farið í kostnað við „risnu, bifreiðar, hestahald og fleira, sem greitt er að öllu úr landhelgissjóði". Ég verð að segja, að mér ofbýður það alveg, að það skuli hafa verið á einu einasta ári bara úr landhelgissjóði notaðar 40 þús. kr. til risnu, bifreiða og hestahalds, og er ekki að furða, þótt fé landhelgissjóðs hverfi skyndilega, þegar svo er að farið.

Í svari stj. við þessari aths. segir, að grg. fylgi. En sú grg. er þannig úr garði gerð, að það er ómögulegt að taka hana gilda. Yfirskoðunarmennirnir hafa því heimtað alla reikninga sjóðsins til frekari yfirskoðunar, og skoða ég þá kröfu samþ., eftir því sem orð féllu hjá hv. frsm. meiri hl. Heildarreikningarnir eru þannig úr garði gerðir, t. d. efnahagsreikningurinn, að þar er stórum liðum alveg sleppt, og þarf því að semja þá upp af nýju. Sem dæmi um reikningsfærsluna 1930 má nefna, að meðal eignanna eru taldir 2 hestar, en kostnaður við hestahaldið var 1929 talinn 4400 kr. Af þessu gæti maður haldið, að hestarnir hafi verið fleiri árið 1929 heldur en árið 1930 og að einhverju af þeim hafi verið fargað á þessu tímabili. En þá hefði átt að finnast einhver tekjuliður, sem sýndi andvirði þeirra hesta, sem seldir hefðu verið eða lógað. Ekki gátu þeir orðið að engu. En svo kemur það merkilegasta. Árið 1930 er kostnaður við hestahald ennþá mörg þús. kr., þótt talið sé, að landhelgissjóður eigi einungis tvo hesta, sem virtir eru á 600 kr. Það eru þeir dýrustu hestar, sem ég hefi nokkurn tíma komizt í kynni við. Hér hlýtur annaðhvort að vera falinn á bak við einhver kostnaður, sem ekki á heima á þessum lið, eða reikningarnir eru beinlínis rangir. Hitt er útilokað, að svona mikill kostnaður hafi verið við tvo hesta á einu ári.

Auk þessara 40 þús. kr., sem hafa verið notaðar úr landhelgissjóði til veizluhalda, bíla og hestahalds, hafa verið keyptir nýir bílar fyrir á 13. þús. kr., var þó áður búið að kaupa bíla fyrir landhelgissjóð. Maður skyldi halda eftir þessu, að eitt aðalstarfið við landhelgisgæzluna væri bundið við bílferðir.

Þetta er náttúrlega út af fyrir sig ekki nema lítið sýnishorn af meðferð hæstv. stj. á fé hins opinbera á árinu 1930. Skal ég ekki þreyta þá fáu hv. þm., sem í d. eru, á því að telja fleiri dæmi, þótt ástæða væri til þess að fara ýtarlegar út í þetta mál, því að enn er af nógu að taka.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Hv. frsm. minni hl. og hv. 2. þm. Skagf. hafa nú gert allmargar aths. í sambandi við LR., sem fyrir liggur. Þær skiptast í tvennt, almennar aths., sem aðallega hafa komið frá hv. frsm. minni hl. og svo hugleiðingar um einstök atriði, sem fram hafa komið frá báðum.

Okkur frsm. ber í raun og veru ekki mikið á milli um það, sem hv frsm. minni hl. sagði um málið almennt. Ég get verið honum sammála um margt af því, sem hann sagði, og þá fyrst og fremst um það, að stj. beri að binda sig meira við vilja þingsins um meðferð ríkisfjár heldur en gert hefir verið, bæði að þessu sinni og á fyrri árum. Það er gamalt og nýtt ólag, að stj. hafa leyft sér að verja miklu fé umfram heimildir fjárlaga og annara laga. Og þó það þyki hafa borið með mesta móti á því það ár, sem hér er um að ræða, þá liggja einnig til þess nokkrar sérstakar ástæður, eins og ég gerði nokkra grein fyrir við umr. fjáraukalaganna. Aftur erum við frsm. ósammála um það, hvernig beri að snúast við þessu ólagi. Hv. frsm. minni hl. vill byrja á því nú að synja um staðfestingu þingsins á LR. og koma þannig, að því er ég tel, aftan að stj. En afstaða meiri hl. n. er sú, að það verði að samþ. þennan LR. eins og aðra, þótt á honum séu þær misfellur, sem áður hafa verið á mörgum LR. Meiri hl. álítur að rétt afgreiðsla á málinu geti verið sú, að gefa nú stj. aðvörun fyrirfram, jafnhliða því sem reikn. er samþ., og ganga svo eftir því í framtíðinni, að gætt sé meira hófs í þessum efnum en verið hefir.

Það hafa orðið hér nokkrar almennar umr. um form LR. Ég vék að því í upphafi, að ég býst við, að það nýja form, sem LR. eru nú í, sé ekki komið í svo fastar skorður, að það geti ekki staðið til bóta. Það hefir verið minnzt nokkuð á till. eins yfirskoðunarmannsins, Péturs Þórðarsonar, um form LR. Það er margt í reikningsforminu, sem gera má að álitamáli. Að vísu eru bæði formin, form Péturs Þórðarsonar og form. LR., sem fyrir liggur, nokkuð lík.

Það eru þrír höfuðreikningar hjá báðum. Á LR. sjálfum er það rekstrarreikningur, reikningur yfir allar inn- og útborganir og sjóðreikningur, sem er skilgreining um sjóðeign ríkisins í ársbyrjun, þær jafnaðartölur, sem inn koma af hinum öðrum reikningum, og sýnir niðurstaðan svo, hver sjóðeignin er í árslok. Auk þessara þriggja höfuðreikninga eru svo ýmsir fylgireikningar og skýrslur þeim til skýringar. Skal ég geta um, hverjar þær eru, fyrst ég er farinn að tala um þetta á annað borð. Fyrst er skýrsla um lántökur ríkissjóðs. Önnur skýrslan er um lausaskuldir ríkissjóðs, þriðja um innstæður ríkissjóðs eða útistandandi skuldir hans. Þá er reikningur eða skilagrein yfir eignahreyfingar, skýrsla um eignir og skuldir ríkisins, skýrsla um flokkun ríkisskuldanna, sem hagstofan hefir gert, og svo loks skýrsla um ábyrgðir ríkissjóðs. Á eftir þessu koma svo fylgiskjöl eða ágrip af þeim.

Í reikningsformi Péturs Þórðarsonar er líka rekstrarreikningur, sem er mjög líkur þeim, sem er í LR., er fyrir liggur. Þó munar þar einhverju á færslum, en sá munur kemur þá fram á öðrum reikningum.

Svo hefir hann sjóðreikning, sem tekur yfir allar tekjur og öll rekstrargjöld ríkisins, allar lántökur á árinu og greiðslur vegna þeirra og sjóðeign í ársbyrjun og árslok.

Þegar þetta allt er tekið á einn reikning, kemur út hin háa tala, sem hv. 2. þm. Skagf. nefndi, 38 millj. kr. Pétur Þórðarson hefir þannig í raun og veru samið tvo af þeim reikningum, sem á LR. eru nú, reikninginn yfir út-og innborganir og sjóðreikninginn. En svo hefir hann reikning yfir eignir og skuldir ríkisins, sem ég tel formlegri heldur en skýrslur LR. um það efni.

Það getur vitanlega orðið ágreiningur um það í einstökum tilfellum, hverjar útborganir á að færa á rekstrarreikning og hverjar sem eignahreyfingar. Þó ætti að vera hægt að setja um það nokkurnveginn ákveðnar reglur. Allar inn- og útborganir, sem verða til þess, að einhver eignarliður hækkar eða lækkar, svo sem kostnaður til nývirkja, sem færast upp til eignar á eignareikningi, umbætur á eignum umfram viðhald og fyrningu, sem látnar eru valda verðhækkun á eigninni og afborganir skulda, eiga vitanlega

að færast sem eignahreyfingar, en aftur á móti allt, sem heyrir til rekstri og viðhaldi eigna, á rekstrarreikning.

Meiri hl. af ræðum þeirra manna, sem andmælt hafa LR. eða einstökum atriðum hans, hefir snúizt um aths. yfirskoðunarmannanna, svör hæstv. stj. við þeim og till. yfirskoðunarmanna til úrskurðar. Þetta hefir allt legið skjallega fyrir öllum þingheimi síðan LR. kom út, og auk þess er nú verið að prenta það upp í einu aðalblaði bæjarins, svo að það mun allt orðið vel kunnugt. Þó vil ég ekkert sérstaklega um það fást, ef hv. þm. hafa ánægju af að lesa þetta upp hér í d. Þeir gera það sennilega sér til hugarhægðar og afþreyingar, eða í þeim ákveðna tilgangi að koma því inn í Alþt. Mun það þó óþarfi, því að ég hygg, að LR. sé látinn fylgja Alþt. út um landið. Og þar að auki hafa mörg þeirra atriða, sem hér hefir verið rætt um, verið aðalumræðuefni blaðanna um undanfarin ár og á framboðsfundum við síðustu kosningar.

Af þessum ástæðum þykir mér ekki sérstök þörf á að fara ýtarlega út í þessi einstöku atriði, og að því leyti, sem ég ætla þó að minnast á þau, geri ég það ekkert frekar til þess að andmæla því, sem um þau hefir verið sagt, þótt ég sé því ekki sammála, heldur fyrst og fremst til þess að lýsa dálítið öðrum sjónarmiðum heldur en fram hafa komið.

Hv. frsm. minni hl. byrjaði á því að tala um umframgreiðslur til vegamálanna. Taldi hann nokkra vegi, sem mikið hefði verið greitt til umfram fjárl.heimild. Ég veit ekki, af hverju hann gerir þetta svo mjög að umtalsefni, því að það er ekki annað en það, sem algengt hefir verið. Ég veit ekki til, að það hafi áður verið átalið sérstaklega, þótt stj. hafi látið vinna fyrir meira heldur en tiltekið hefir verið í fjárlögum að vegagerðum og öðrum beinum umbótum á landi og landshögum, hafi fé verið fyrir hendi til þess. Til þess að sýna, að þetta er ekkert eindæmi, skal ég rifja upp, hvað greitt var til nokkurra vega umfram það, sem tiltekið var í fjárlögum árið 1926, þegar hin sparsama íhaldsstj. sat að völdum. Það er þá fyrst Kjalarnesvegur; til hans voru veittar í fjárlögum 8 þús. kr., en unnið var fyrir 31 þús. kr. Til Holtabrautar voru veitt 20 þús., unnið fyrir 28500. Til Sauðárkróksbrautar voru veittar 20000 kr., unnið fyrir 29500. Til Hróarstunguvegar voru notaðar tæpar 17000 kr. umfram fjárveitingu. Til Vaðlaheiðarvegar 4500 kr. umfram fjárveitingu. Til Norðurárdalsvegar var ekki veitt ein einasta króna í fjárlögum, en unnið fyrir tæpar 30 þús. kr. Til Vestmannaeyjarvegar var heldur ekkert veitt, en unnið fyrir 2500 kr. Það er smá upphæð, en ég nefni hana aðeins með, af því að hv. 2. þm. Skagf. talaði um ýmsar smáar upphæðir.

Þá var varið til byggingar í Fornahvammi 51 þús. kr., sem ekki höfðu verið veittar í fjárlögum. Engin af þessum upphæðum kom þó á LR. fyrir árið 1926, heldur voru þær allar geymdar, taldar í sjóði um áramótin og færðar til útgjalda á næsta árs reikningum.

Um þá aðferð var mikið rætt í sambandi við LR. í fyrra, og var þá bannfærð af hv. stjórnarandstæðingum. Það gengur svona, að klögumálin ganga á víxl, menn gæta ekki alltaf sanngirni, þegar verið er að leita að einhverju til þess að ásaka og ámæla andstæðingunum fyrir, og gleyma oft að stinga hendinni í sinn eigin barm.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. einnig um umframgreiðslur til vegaviðhalds og brúargerða. Framkvæmd þessara mála er eins og menn vita í höndum vegamálastjóra, og ekki er ósennilegt, að það velti að einhverju leyti á honum, hverju fram fer í þessum efnum. Og benda má á það, að fjárveitingin til vegaviðhalds hlýtur að skoðast aðeins áætlunarupphæð. Það mun vera tilætlun þingsins að helztu vegum landsins sé haldið færum, hvort sem það kostar meira eða minna. En það getur verið mjög mismunandi og fer m. a. eftir veðráttunni. Þegar votviðrasamt er, þarf að kosta meiru til vegaviðhalds heldur en þegar þurrviðrasamt er. — Um brúargerðirnar má e. t. v. segja, að síður sé en um vegaviðhald ástæða til að kosta meiru til þeirra heldur en tiltekið er í fjárl. Þó vil ég ekki telja það fé eftir, sem til þeirra hluta hefir verið varið, því að brúargerðir eru einhverjar þær nauðsynlegustu umbætur, sem hægt er að gera, og sem betra er, að gerðar séu í dag heldur en á morgun, ef hægt er. Auk þess má

benda á, að svo getur staðið á, þegar fjárveitingin er búin, að e. t. v. margar brýr séu í smíðum, lengra eða skemmra á veg komnar. Þá er um það tvennt að velja, hvort það á að hætta og láta það, sem búið er að gera standa hálfgert og e. t. v. í hættu fyrir eyðileggingu eða skemmdum og a. m. k. ónothæft, eða hvort halda á áfram og fullgera brýrnar, þótt kostnaðurinn fari fram úr fjárveitingu fjárlaganna. Þannig mun einmitt hafa staðið á árið 1930, og ég fyrir mitt leyti tel, að hæstv. stj. þurfi ekki að taka sér það nærri, þótt hún verði fyrir ávítunum fyrir að hafa varið fé til brúargerða um fram það, sem til var tekið í fjárlögum.

Þá hefir mikið verið rætt um héraðsskólann á Laugarvatni, hvað kostnaður við hann færi langt fram úr heimild. Hefi ég vikið að þessu áður, og er, eins og kunnugt er, von á sérstakri till. í því máli frá einum yfirskoðunarmanninum. Tala ég því ekki ýtarlega um það mál að sinni.

Það, sem mest er átalið og ekki er hægt að neita, að rétt sé, er tvennt, að ekki hafi verið gætt skilyrðis héraðsskólalaganna um framlag á móti ríkisstyrknum, og að farið hefir verið fram úr heimild fjárlaga um framlög til skólabyggingarinnar. Það atriði, að farið hefir verið fram úr hálfu framlagi á móts við framlag annarsstaðar frá, er hægt að laga með því að krefja héraðið um það, sem á vantar helmings framlag. Hygg ég þó, að þetta myndi reynast erfitt í úrlausn, því að eftir þeim tölum, sem fyrir liggja, munu standa rúmar 100 þús. kr. upp á héraðið. Fjárveitingin umfram fjárlagaheimild er óneitanlega há, eins og ég nefndi áður. Ráða þm., hvað þeir vilja gera út af því. En það verður líka að líta á þörf og gagn héraðsins af því að fá svona mikinn og myndarlegan skóla. Verður hver og einn að ráða það við sig, hvað hann vill gera út af þessu máli, úr því sem komið er.

Hv. 2. þm. Skagf. spurði mig, út af 28. aths. yfirskoðunarmannanna, sem snertir dýrtíðaruppbót til tollstjórans í Rvík, hvort það væri ekki rétt skilið hjá honum, að fjhn. féllist á till. yfirskoðenda, að þetta fé beri að innheimta. Get ég ítrekað það, sem ég sagði áður, og skilur hann það rétt, að n. álítur, að innheimta beri féð. Vilja n.menn þó ekki bera ábyrgð á því, að innheimtan takist. Ef tollstjóri álítur þetta ranglega greitt, endurgreiðir hann það eflaust fúslega. Annars verður sjálfsagt mál út af kröfunni, og veltur þá á dómi. Meiri hl. n. hefir ekkert sérstakt á móti því, að þetta sé reynt. — Viðvíkjandi greiðslunni til læknisins í Keflavík ítreka ég það, sem ég hefi áður sagt, að meiri hl. n. þykir vel mega við svo búið standa. (MG: Og líka í framtíðinni?). Hér segir ekkert um það. Till. tekur aðeins til þess, sem orðið er.

Þá minntist hv. 2. þm. Skagf. á 40. aths., a. og b., sem er ein af þeim aths., sem yfirskoðunarmenn hafa ekki gert beina till. út af. Hefir nokkuð verið um þetta rætt áður, þ. á m. í blöðunum, og gert mikið veður af. Hv. þm. hefir nú fengið grun um, að það myndi vera einhver misskilningur um þetta atriði. Hygg ég, að sá misskilningur sé æðimikill, og byrjar hann í hendi yfirskoðunarmanna. Hefi ég í hendi frumkvittanir fyrir þessum útsvarshlutum, sem ég hefi fengið frá fjmrn. Kvittunin fyrir útsvarshluta sr. Guðm. Einarssonar er ekki upp á 1116 kr., eins og í aths. segir, heldur 116 kr. Lítur út fyrir, að hér sé um misgáning að ræða frá hendi yfirskoðunarmanna. (MG: Ætli það geti ekki verið prentvilla?) Kvittunin er skrifuð. (MG: Ég á við aths.). Getur verið, ég veit ekkert um það, en þá hefðu yfirskoðunarmenn ekki þurft að gera svona mikið veður út af þessu.

Viðvíkjandi útsvarshlutanum, sem talið er, að greiddur hafi verið til Markúsar Jónssonar, hefir yfirskoðunarmönnum líka yfirsézt. Stendur hér á kvittuninni: Greitt til Markúsar Jónssonar vegna Jóns Guðmundssonar, **útsvar Þingvalla.** Hafa yfirskoðunarmenn því ekki lesið nákvæmlega texta kvittunarinnar, þegar þeir gerðu aths.

Það má í einu orði segja um hinar mörgu aths. hv. frsm. minni hl., að þar er tínt til bæði smátt og stórt. Það, sem þykir stórt, er blásið út, en um það, sem minna þykir, er dylgjað með tvíræðum orðum, eins og: „á mjóum þvengjum —" og öðru þess háttar góðgæti. Mætti benda hv. þm. á það, að slíkar dylgjur sem hann hefir haft, gætu hitt fleiri en nú-

verandi stj., því að oftar en nú hefir verið farið einnig smávegis fram úr heimildum. Að gefnu þessu tilefni, skal ég minnast á atriði, sem ég man frá fyrri árum, meðan Björn heitinn Líndal var á þingi. Bar ég þá fram ásamt honum till. um fjárveitingu til landsfundar kvenna á Akureyri. Hún var felld. Bárum við þá till. aftur fram með lægri upphæð, og var hún líka felld. En þegar fjáraukal. komu fyrir það ár, þá var þar m. a. leitað aukafjárveitingar fyrir fjárgreiðslu til þessa landsfundar kvenna, sem Alþingi var búið að fella, ekki einu sinni, heldur tvisvar.

Ég hefi áður minnzt á það, að eftir uppgerð Péturs Þórðarsonar á LR. eða till. hans til uppgerðar, er gerð grein fyrir öllum lántökum og því, hvernig lánsfénu hefir verið varið upp á eyri. Út af þessu sagði hv. 2. þm. Skagf., að heimildir myndu að vísu hafa verið til frá Alþingi, en að þingið myndi ekki hafa veitt þær, hefði það vitað fyrir, að tekjur yrðu svo miklar sem raun varð á. Veit ég ekki, fremur enn hann, hvað þingið myndi hafa gert, ef það hefði vitað, að tekjurnar yrðu svona miklar. Hér kemur að mikilsverðu atriði, og það er þetta: Hvers vegna urðu tekjur svona miklar umfram áætlun? Það virðist hafa komið flatt upp á menn, sérstaklega stj.andstæðinga. Hafa þeir gripið til þeirrar skýringar, að skattar og tollar hafi verið **hærri** í stjórnartíð Framsóknarstj. en á tímabilinu næst á undan, tímabili Íhaldsstj. Því hefir verið mótmælt, að tollur hafi til uppjafnaðar verið hærri á seinna tímabilinu en því fyrra, en það hefir verið látið gott heita, að skattar og tollar hafi verið álíka háir á báðum tímabilunum. Ég fullyrði og get sannað, að skattar og tollar voru ekki að meðaltali hærri á síðara tímabilinu en því fyrra, heldur þvert á móti lægri.

Þegar þess er nú gætt, að árferði var á þessum tveim tímabilum mjög líkt og sambærilegt, eins og formaður Sjálfstæðisflokksins hefir gert grein fyrir í því merka tímariti Stefni — ég ber það fyrir mig, ef þetta verður vefengt —, og að tekjustofnar voru **lægri** að meðaltali síðara tímabilið en það fyrra, þá hljóta að vera einhverjar sérstakar ástæður fyrir því, að tekjur urðu svona miklu meiri en áður. Þær ástæður þurfa ekki að vera torfundnar eða duldar. Í stjórnartíð núverandi stj. hefir verið betra eftirlit með öllum embættisrekstri í landinu en áður var,og er það önnur höfuðástæðan. Hin höfuðástæðan er hið aukna tolleftirlit, sem núv. stj. hefir harðlega verið ásökuð fyrir. Það er aðal „embættafarganið", sem stjórnarandstæðingum hefir orðið svo tíðrætt um. — Vitanlega var ekki hægt að framkvæma það, án þess að það kostaði nokkurt fé, en það fé hefir komið margfalt aftur. Þessi er skýring á því, hví tekjur urðu svo miklu meiri á stjórnartíma Framsóknar en Íhaldsflokksins. Ef tekjur þessara tveggja tímabila eru bornar saman, þá er munurinn ekki lítill. Tekjurnar eru um 6 millj. kr. hærri síðara tímabilið, í sambærilegu árferði, þrátt fyrir lægri tollastofna. Finnst mér, að þegar lagt er svo mikið kapp á það að áfellast núverandi stj. fyrir það, að hún hefir verið ör á fé til ýmissa aðkallandi og þarflegra hluta, þá megi líka hafa það í huga, að hún hefir átt beinan þátt í því að afla ríkisfjárins umfram áætlanir, líkur og vonir, miðað við undanfarna reynslu. Menn eru oft minnugri á það, sem þeim þykir ekki vel gert, en á hitt, sem vel er gert. Og þá ætla ég, að dómurinn sé sönnu næstur, ef tekið er tillit til hvorstveggja.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Ég þarf ekki miklu að svara hv. 2. þm. Skagf. fyrir þær sakir, að hv. frsm. n. hefir gert það allrækilega. Út af umr., sem orðið hafa út af aths. yfirskoðunarmanna LR., vil ég taka það fram, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það var vorkunn, þótt skrifstofustjórinn í fjmrn. villtist í ákvæðum l. nr. 16, frá 1925, um breyt. á l. frá 1919 um laun embættismanna, við ákvörðun á dýrtíðaruppbót til Jóns Hermannssonar. 1. gr. laganna hljóðar svo:

„Upphaf lagagreinarinnar skal orða svo: Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í lögum þessum eða taka laun samkv. öðrum lögum, sem ekki ákveða sérstaklega um dýrtíðaruppbót, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkv. eftirlaunalögum, eða biðlauna, til

ársloka 1928 launabót, sem miða skal við verðhækkun á helztu lífsnauðsynjum".

Menn taki eftir orðunum: „eða taka laun samkv. öðrum lögum". Um þetta er ekkert að finna í aths. við frv. annað en það, að uppbótina fái einnig þeir, sem laun taka samkv. sérstökum lögum öðrum en launalögum.

Frsm. meiri hl. n., núv. hv. 4. þm. Reykv., segir:

„Þá er hitt atriðið, sem farið er fram á að breyta og nær eingöngu til þeirra manna, sem laun taka eftir öðrum lögum en launalögum. En undir þetta ákvæði falla aðeins ráðh.".

Síðan talar hann mikið mál um lág laun ráðh. og ver til þess 2 dálkum í Alþt. Þessu svarar þáv. fjmrh., Jón Þorlákssson:

„Það gleður mig sérstaklega, að þurfa ekki að gera grein fyrir ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar fyrir dýrtíðaruppbót af ráðherralaunum".

Þá er það orðið uppvíst, að sú eina efnisbreyting, sem gerð er á þessum lögum, er sú, að laun ráðh. skuli falla undir ákvæðin um dýrtíðaruppbót. Hefi ég áður sagt, að rétt væri að taka þetta fram í lögunum sjálfum, úr því að einungis ráðh. er bætt við.

Af þessum ástæðum hefir sú meinloka slæðzt inn í stjórnarráðinu, að aðrir embættismenn en ráðh. falli líka undir þetta ákvæði. Þetta vildi ég taka fram út af orðum hv. 2. þm. Skagf. í 1. ræðu hans í gær. Virtist hann halda, að hér væri aðeins að ræða um framlengingu á þessum lögum, en það var líka um efnisbreytingu að ræða. Annars held ég, að ekki sé ágreiningur milli okkar og hv. fjhn. um þetta atriði, svo að það skiptir ekki mjög miklu máli.

Þá vildi ég aðeins minnast lítillega á það, sem hv. 2. þm. Skagf. hélt fram, að það gæti ekki komið til mála, að kostnaðurinn í stjórnarráðinu hefði aukizt vegna alþingishátíðarinnar. Ég veit, að hann er svo kunnugur því, sem þar er um að vera, að hann veit það, að í sambandi við svo stórfelldar framkvæmdir út á við hljóta störfin í stjórnarráðinu að hafa aukizt stórkostlega.

Og það er líka fleira en þetta, sem hefir valdið því, að störfin í stjórnarráðinu hafa vaxið. Ég vil benda á í því sambandi, að vegna allra þeirra margvíslegu ríkisstofnana, sem settar hafa verið á stofn á síðustu árum, hafa auðvitað störfin í stjórnarráðinu aukizt mikið. Þessar stofnanir standa í stöðugu sambandi við skrifstofur þær í stjórnarráðinu, sem þær heyra undir. Og þeirra vegna eru allskonar störf í stjórnarráðinu orðin aukin frá því, sem var. Ég vil taka til dæmis landsspítalann, útvarpið, ríkisútgerðina og landssmiðjuna, sem standa í stöðugu sambandi við stjórnarráðið og auka náttúrlega störfin þar. Ennfremur alla héraðsskólana og Litla-Hraun, sem talsverð vinna er við í stjórnarráðinu. (MG: Og er þetta allt út af alþingishátíðinni?). Nei, ég var að tala um það í sambandi við það, að störfin í stjórnarráðinu hafa farið vaxandi. En við það, að störfin í stjórnarráðinu hafi farið vaxandi, er það gefið, að kostnaðurinn við aukastörf þar hefir vaxið.

Þá var það eitt lítilsháttar atriði, sem hv. 2. þm. Skagf. var að reyna að gera broslegt, það var út af formi landsreikningsins í efnahagsreikningnum. Hann hélt, að sumar eignir ríkisins, eins og t. d. húsin, mundu ekki hreyfa sig mikið, rétt eins og hann hefði búizt við, að þau mundu við og við taka sig upp og fara að spássera um götur bæjarins eða um hinar dreifðu byggðir landsins. Ég hélt, að hann hefði aldrei gert sér þá hugmynd um þennan lið, eignahreyfingarnar, að nafnið væri tilkomið af því, að eignir ríkisins væri á einhverju flakki fram og aftur, heldur af því, að eignir ríkissjóðs breytist, þannig að sjóðeign hans er breytt í þessar stofnanir, eða þá öfugt, þegar fasteignir eru seldar og þannig breytt í peninga, sem kunna svo aftur að breytast í eitthvað annað. Þetta eru eignahreyfingar. Eignabreyting mætti líka kalla það. Ég fyrir mitt leyti felli mig vel við orðið eignahreyfing. Það er ekki nema réttmætt að draga þessar eignahreyfingar út úr sjálfum rekstrinum, því annars kemur rekstrarreikningurinn til með að sýna óeðlilega útkomu, ef þessar upphæðir eru færðar á hann, sem koma rekstrinum ekkert við. Því það er eins með rekstur ríkisins eins og rekstur einstaklinga, að það má ekki

rugla saman því, sem er rekstur, og því, sem ekkert kemur rekstrinum við. Það mundu allir álíta fordæmanlegt í einstaklingsrekstri. Og úr því það er fordæmanlegt í einstaklingsrekstri, þá er það líka fordæmanlegt í rekstri ríkisins.

Ég skal svo ekki lengja umr. mikið úr þessu, enda er nú búið að taka margt fram af því, sem ég áleit nauðsynlegt að segja út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. og ræðu hv. 4. þm. Reykv. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að það er síður en svo, að ég sé að telja eftir þessa litlu greiðslu, sem til þessa eina nm. úr alþingishátíðarn. hefir farið. Ég benti aðeins á það út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að n. hefði unnið kauplaust, að það hefði þó mátt benda á, að hún hefði tekið kaup, því þó það væri lítið kaup, þá var það þó kaup. En ég var ekki að telja þessa greiðslu eftir fyrir að halda eitthvað á annað hundrað fundi; sjálfsagt hafa þeir ekki náð 200, því þá hefði n. haldið annað „jubilæum" til að minnast þess. (**MG:** Og veizlu).

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Það er í raun og veru ekki margt, sem ég þarf að segja, svo ég gæti eiginlega algerlega látið nægja mína fyrstu ræðu. En ég skal þó aðeins drepa á örfá atriði úr ræðum hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. V.-Húnv., en get verið stuttorður, m. a. af því, að hv. 2. þm. Skagf. hefir svarað þeim báðum mjög ýtarlega.

Hv. þm. V.-Húnv. hóf fyrri ræðu sína með því að sýna fram á, að það yrði að draga ýmsar upphæðir, sem hann nefndi, frá þessum rúmu 25 millj. kr., sem reikningurinn yfir inn- og útborganir hljóðar upp á, áður en kæmi að hinu eiginlega syndaregistri stj. Það er nú auðvitað vitaskuld, að það hefir engum manni dottið í hug að telja það allt saman óheimilar umframgreiðslur. En þegar hann er búinn að draga frá fyrir fjárl. og öðru, sem löglegt var að greiða, þá vill hann líka draga frá allar greiðslur samkv. lögum og veita henni syndakvittun fyrir því öllu. En þetta er ekki rétt. Fjöldamargar greiðslur, sem taldar eru vera samkv. lögum, eru með öllu óheimilar, eins og t. d. umframgreiðslurnar til héraðsskólanna. Fyrst eru í tilsvarandi gr. í fjárl. stórkostlegar umframgreiðslur, og því næst er tekið á þriðja hundrað þús. kr., sem engin heimild var fyrir að greiða. Eins er það með síldarbræðslustöðina á Siglufirði, að sú greiðsla, sem talin er vera samkv. lögum, fer um þriðjung fram úr því, sem heimild er fyrir í lögum. Þar að auki er heimildin ekki notuð út í æsar að því leyti, að það er aðeins reist ein verksmiðja, í stað þess, að heimild var til að reisa fleiri fyrir þetta fé, sem heimilað var. Nei, það er ómögulegt að veita stj. allsherjar syndakvittun fyrir þessu fjársukki á þeim grundvelli, að hún hafi eytt fénu samkv. lögum.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, út af því, sem ég minntist á fjárgreiðslur tilheyrandi 13. gr. fjárl., að það hefðu aldrei verið víttar af þinginu umframgreiðslur á þeirri gr. Og hann sagði, að það væri af því, að þær fjárveitingar, sem þar væru, væru svo vinsælar og þarfar, að mönnum hefði aldrei þótt neitt athugavert við það, þó þar væri af stj. veitt eitthvað umfram fjárveitingar þingsins. En ég get alls ekki tekið þessi rök hv. frsm. meiri hl. gild, hvort sem það er nú þessi stj., sem á hlut að máli eða önnur stj. Og mér þykir það mjög illa farið, að það skuli ekki hafa verið gert, því ég lít svo á, að þessar fjárveitingar eigi ekki, fremur en aðrar, að fara, svo neinu nemi, fram úr fjárveitingum þingsins. Það getur vel verið, að stjórnarandstæðingar á þingunum 1925 og 1926, sem þá áttu að vera hið vakandi auga, hafi þá verið sofandi og ekki varað sig á að finna að þessum greiðslum, en ég álít, að það hefði verið alveg rétt að gera aths. við það.

En ef maður fer svo að bera saman þær umframgreiðslur, sem voru á þessum liðum 1925 og 1926, við umframgreiðslurnar núna, þá sést fljótlega, að umframgreiðslurnar þá eru ekki neitt sambærilegar við það, sem nú hefir skeð. Þær umframgreiðslur eru svo miklu minni, að þær eru ekki nema nokkur hluti af því, sem hér er um að ræða. Þó að hv. frsm. meiri hl. lesi upp dæmi úr báðum LR. um þessar umframgreiðslur, þá mundu þau bera það með sér, hvílíkur geysimunur er á þeim á þessu ári og árinu 1926.

Og auk þessa, eins og ég minntist á í

minni fyrri ræðu, þá voru allt aðrar ástæður 1926 en nú. Þá var ríkissjóðurinn fullur fjár og búið að greiða niður skuldir hans til mikilla muna af tekjum undanfarandi ára. Hinsvegar kemur á því ári mjög slæm atvinnukreppa, sem auðvitað olli miklu atvinnuleysi, svo það var alveg sérstök ástæða til þess, að ríkissjóðurinn hlypi þá undir bagga og herti nokkuð meira á framkvæmdum en annars hefði verið rétt, til að bæta úr atvinnuleysinu, einkanlega þar sem hann hafði nóg fé í sjóði. Þarna er fullkomin mótsetning við árið 1930. Þá er búið að hrúga upp stórkostlegum lánum og eyða þeim í allskonar vitleysu, svo ríkissjóðurinn var galtómur, og hinsvegar gekk atvinnurekstur landsmanna ágætlega, svo að, eins og oft vill verða, þegar vel gengur, mesta ógengd var í öllum framkvæmdum einstaklinga, og því langt frá, að nokkur þörf væri fyrir atvinnubætur. Það væru meira hliðstæðar ástæður því, sem var 1926, að núna væri fullt fjár í ríkissjóðnum og að stj. hefði nú fé til að leggja í atvinnubætur, að hún t. d. nú gæti varið fé til brúa, vega o. s. frv. til að létta mönnum atvinnuleysið. Ég er hræddur um, að það væri þá erfiðara um síðar að koma með aðfinnslur út af því en nú út af umframgreiðslunum 1930, jafnvel þótt ég teldi samt alveg rétt að finna að því, því að stj. þarf stöðugt að hafa hitann í haldinu um að fara að vilja þingsins.

Mér skildist á hv. frsm. meiri hl., að hann sæi ekkert athugavert við fjárveitingarnar til Reykjaskólans og Reykholtsskólans, en það er alls ekki rétt, að það sé ekkert athugavert við þær. En náttúrlega hverfa þær alveg fyrir ósköpunum við þriðja skólann, Laugarvatnsskólann. En þó að — ja, ég veit nú ekkert um það, en mér er sagt það og ég trúi því, að við þessa tvo skóla hafi verið fylgt ákvæðinu um að láta tilskilið framlag koma á móti — ég þykist vita, að það hafi verið gert, úr því að hv. frsm. meiri hl. segir það, og trúi því, — þá er þó ekki uppfyllt nema annað skilyrðið, sem lögin setja. Eða til hvers hefir það ákvæði verið sett í lögin um héraðsskóla, að þá skuli reisa eftir því, sem fé er veitt til þeirra í fjárl.? Það er auðvitað sett til þess að binda hendur stj. um að ráðast í slíkar framkvæmdir. Því jafnvel þó tilskilið fé komi á móti, getur staðið svo á fyrir ríkissjóðnum, að hann sé févana þá í svipinn og geti alls ekki lagt út í neinar framkvæmdir, eins og t. d. núna. Þess vegna er nauðsynlegt að setja þetta skilyrði, að stj. geti ekki ráðizt í þessar framkvæmdir, nema fé sé veitt til þeirra í fjárl. En þetta skilyrði hefir ekki verið uppfyllt að því er þessa tvo skóla snertir. Og það er alveg óhafandi. Því að ég tel miklu réttara fyrir stj. að ráðast ekki í fyrirtæki fyrr en hún er búin að fá til þess fjárveitingu þingsins.

Ég minnist í þessu sambandi orða hæstv. fjmrh., sem hann sagði í vetur, þegar rætt var hér um landsskattanefndina og því haldið fram, að til hennar mundi eyðast meira fé en hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir. Hann taldi það alveg óruggt, að ef það stæði í lögunum, að kostnaðurinn við nefndina skyldi ákveðinn í fjárl., þá mundi stj. ekki verja meiru fé til hennar en veitt væri í fjárl. Alveg sama er að segja um það, að þessi stj., sem ekki taldi sig bundna af ákvæði laganna um héraðsskólana, taldi sig þó bundna af samskonar ákvæði laga um sundhöll í Reykjavík. Það er langur vegur frá því, að ég sé að finna að því, að stj. taldi sig bundna við þau lög, heldur tók ég þetta fram af því, að í þessu tvennu er svo mikið ósamræmi. Við þm. Reykv. sýndum líka, að við ætluðumst ekki til, að þetta væri gert í neinu heimildarleysi, með því að bera fram till. um að leiðrétta þetta. Ég held það hafi verið alveg rétt af stj. að heimta heimild frá þinginu, ef hún átti að greiða meira en í fjárl. stóð.

Viðvíkjandi lækninum í Keflavíkurhéraði vil ég svo segja nokkur orð. Afstaða meiri hl. n. er þar nokkuð einkennileg, þar sem hún vill láta við svo búið standa um það, sem búið er að greiða, en vill hinsvegar enga till. gera um, að þessari greiðslu verði hætt í framtíðinni. Afleiðingin verður auðvitað sú, að þetta verður alltaf greitt, og LR. heldur auðvitað áfram að koma eftir á, og alltaf verður þetta úrskurðað með: „má við svo búið standa“. (**HStef:** Já, það er bezt að láta hverjum degi nægja sína þjáning).

Já, að láta hverjum degi nægja sína þjáningu. Þetta getur maður nú kallað að leggja blessun sína yfir drýgðar og ódrýgðar syndir stj. En ég held, að það væri þó það minnsta, sem þingið gæti gert, að láta hætta þessum greiðslum. Látum nú vera, að öllum formsatriðum um þennan svokallaða flutning milli embættanna var sleppt og að það allt var einn hrærigrautur og maðurinn alls ekki fluttur á milli; og látum nú vera, að embættið, sem læknirinn fór í, er raunverulega tekjuhærra en það, sem hann sleppti; segjum nú, að þessar tvær vitleysur, sem greiðslan byggist á, séu fyrirgefnar. En þá væri það þó það minnsta, sem hægt væri að ætlazt til, að það væri nú tekið skýrt fram af þinginu, að ekki mætti halda áfram að greiða þetta. Því hér er gengið út á þá braut, að fara nú ekki einu sinni þessa venjulegu bitlingaleið til að gefa fylgismanni sínum fé, heldur að embættismönnum séu borguð beinlínis hærri laun en þeir eiga. En það er þó nokkurn veginn ljóst, að það verður að vera föst regla að borga ekki embættismönnum hærri laun en lögskipað er.

Hv. þm. V.-Húnv. var að bera það fram til varnar í þessu máli, að þessi læknir hefði misst svo mikils í af venjulegum embættistekjum, vegna þeirrar andúðar, sem hann hefði mætt í héraðinu, og því væri embættið rýrara en það, sem hann hefði sleppt. Ég er nú alveg viss um það, að hvorki þessi hv. þm. eða nokkur annar lætur sér detta í hug, að ákvæði stjskr. um, að embættismaður skuli einskis missa í af tekjum sínum við flutning milli embætta, sé miðað við svona alveg sérstakt tilfelli. Til þess yrði þá að gera upp á hverju ári, hvaða laun maðurinn hefði nú haft í þessu héraðinu og hvaða laun í hinu, og taka svo meðaltal til að vita, hvaða laun fylgi hvoru embætti. Nei, það er alveg óhugsandi, að stjskr.-ákvæðið geri ráð fyrir slíkum tilfellum, eða t. d. eins og því tilfelli, sem það yrði þá líka að miðast við, að læknir væri svo lélegur, að menn vildu ekki sækja hann og vildu heldur sækja lækni, t. d. til Reykjavíkur, að það gæti þá orðið til þess, að embættið teldist tekjurýrara.

Nei, það er óhugsandi, að stj. geti borið það fyrir sig, að Keflavíkurhérað sé tekjuminna en Flateyjarhérað.

Ég held, að ég þurfi ekki að svara hv. þm. V.-Húnv. neinu út af alþingishátíðinni, enda er hann nú ekki við. Það dró nú líka talsvert niður í honum og hann var allur mildari og vingjarnlegri í garð n. í sinni seinni ræðu. Hann gat nú ekki svarað því samvizkuspursmáli, sem ég lagði fyrir hann um það, hvort honum fyndist hátíðin hafa orðið ótrúlega dýr, en hinsvegar gat hann þess beinlínis, að hann sæi ekki eftir þeim peningum, sem í hana hefðu farið. Svo þetta, sem hv. þm. hefir verið að tala um, er svona eins og af einhverri snuddaralöngun, löngun til að finna út einhverja greiðslu, sem væri of há, af þeim mörg þúsund greiðslum, sem n. ráðstafaði — eitthvað, sem væri 1000 eða 100 krónum of dýrt. Nei, sannleikurinn er sá, að hátíðin var verulega ódýr, og alstaðar þar, sem hætta var á að lenti í sukki, þar voru einmitt hafðar strangar gætur á, að öllu væri stillt í hóf — að ekki kæmist neinn eldur í það. Og það er einmitt aðalatriðið, þar sem svona er mikið um að vera, að það komist ekki neinn eldur í búrið, því að þar, sem hann kemst í, er hann fljótur að eyða.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir nú svarað þessu með fötin og skaðabæturnar fyrir þennan eina nm., og ég býst við, að enginn hv. þm. finni neitt athugavert við það eða telji, að n. hafi ekki starfað kauplaust, af því að einn maður í n. mátti ekki við því að verða fyrir skaða vegna þeirrar tafar, sem nefndarstörfin ollu honum. Þetta sýnir nú m. a., að nefndarstörfin voru nokkuð tímafrek. Nefndin hélt á fjórða ár reglulega vikufundi og hafði mörg störf með höndum þar fyrir utan.

Hv. 2. þm. Skagf. minnti á í þessu sambandi, að það hefðu verið greiddar 1000 kr. fyrir lögreglustjórn á Þingvöllum manni, sem var þar ekki nema nokkra klukkutíma, og er þetta merkilegasta dæmið, sem hægt er að nefna um fjáreyðslu í sambandi við hátíðina, því þessi maður var alveg þarflaus og vann ekkert. En það var ekki n., sem réð hann; það var víst stj. eða dómsmrh., sem gerði þessa ráðstöfun, og er það í raun og veru gott dæmi til að nota sem samanburð á eyðslu stj. og n. þetta ár.

Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég kæri mig um að svara hv. þm. V.-Húnv. En það var eitt orð, sem ég vildi segja við hv. frsm. meiri hl. út af því, sem hann sagði, og vildi ég aðallega leiðrétta það, sem hann hafði misskilið hjá mér. Það var þetta, sem ég sagði: „Á mjóum þvengjum — — ", þegar ég var að tala um, að stj. hefði borgað í heimildarleysi manni fyrir að ganga í hús og skoða þau nærri 3 þús. kr. Ég hefi nú heyrt framhaldið af málshættinum á fleiri en einn hátt, sem sé þann, sem hv. frsm. meiri hl. hélt, að ég hefði haft í huga: „Á mjóum þvengjum læra menn að stela". Ég hefi eins oft eða oftar heyrt hann svona: „Á mjóum þvengjum læra hvolpar húðir að naga". Það á sem sé hér við eins og svo oft endranær, — og nú segi ég ennþá ljótara —, að ef maður gefur skrattanum litla fingurinn, þá tekur hann alla hendina. — Ef stj. helzt uppi að taka sér leyfi til að greiða slíkar upphæðir sem þessa, þá heldur hún áfram að gefa fylgismönnum sínum peninga úr ríkissjóðnum, þar til þetta er orðið stórfé árlega. Því á mjóum þvengjum geta hvolpar lært að gleypa heilar húðir.

En ég býst við, að hv. þm. hafi ætlað, að ég hefði hinn endinn á málshættinum í huga. En það var nú ekki.

Magnús Guðmundsson: Ég get verið stuttorður í þetta skipti, því ég hefi litlu að svara.

Hv. frsm. meiri hl. virtist undrast það, að við værum hér að tala um hluti, sem væru skjalfestir, og fannst það hreinn óþarfi að vera að nefna það hér, sem væri skjalfest. Ég veit ekki betur en að við séum hér alltaf að tala um skjalfesta hluti og að allt þingið fari einmitt í það að tala um það, sem skjalfest er í þingskjölunum. Allt tal okkar er einmitt um það, sem er skjalfest í skjölum, sem við höfum fyrir framan okkur. Það, sem við erum að „kritisera" eða mæla með, það er allt skjalfest. Ef fara ætti eftir þessari reglu hv. frsm. meiri hl., þá mundum við ekki segja hér eitt orð, heldur bara láta standa við það, sem skjalfest er, og greiða svo atkv. um það þegjandi.

Annars varði hv. frsm. stj. heldur linlega í þeim atriðum, sem hann var að tala um, og tók oft fram, að hann ætlaði að segja um þau fáein orð frá öðru sjónarmiði, án þess að hann vildi mótmæla því, sem um þau væri búið að segja af hálfu andstæðinganna. Ég verð því að segja, að ég hefði ekki getað kosið mér betri andstæðing. Ég veit líka, að hv. þm. er sjálfur mjög aðgætinn um fé og vill, að vel sé með það farið, og að honum er það því mjög nauðugt að gefa stj. skilyrðislausa kvittun fyrir þessum reikningsskilum, þó hann verði að gera það. Og hvað sem hann segir um það, þá veit ég, að það er svo.

Hann nefndi það, að á árinu 1926 hefði verið lagt fram talsvert til vega umfram það, sem veitt var til þeirra í fjárl. Þetta er alveg rétt; það var talsvert meira lagt til þeirra en veitt var, og tek ég fúslega á mig ábyrgð á því. En ég hefi heldur ekki átalið neitt — það var víst hv. 4. þm. Reykv., sem gerði það — þó þessi stj. hafi varið meira fé til vega en heimilað var.

En annars vil ég benda honum á, út af því, sem hann sagði, og var það sama svar, sem hann gaf í fyrra út af því, að greiðslur til vega hafi verið fluttar milli ára, að þetta hefir líka verið gert 1927, og að landsreikningurinn fyrir árið 1927 var saminn af hans eigin stj. Það er þess vegna nákvæmlega fylgt sömu reglu bæði árin, enda hefir þetta ekkert verið átalið í reikningnum fyrir 1927.

En þar sem hann nefnir, að ekki hafi verið veitt fé til að byggja fyrir í Fornahvammi, þá vil ég upplýsa það, að það var veitt 1927. En það stóð svo á, að það þurfti að kaupa jörðina 1926, og byrja á byggingunni þá, og þetta var með samþykki þingsins gert, og með þess samþykki fært á LR. fyrir árið 1927.

Um laun Keflavíkurlæknisins hefir hv. frsm. minni hl. talað. En ef því verður haldið áfram að borga honum hærri laun en lög leyfa, þá get ég ekki skilið, hvernig hv. frsm. meiri hl. fer að í þessu máli, þegar LR. kemur næst. Ætlar hann þá að leggja þetta sama til, að það megi við svo búið standa í þetta sinn, og svo ekkert að segja um, hvað eigi að gera í framtíðinni? Það þýðir þá það, að á meðan læknirinn lifir verða honum borguð laun sem eru 1500—2000 kr. hærri en lög mæla

fyrir, að megi greiða honum hæst. Það getur þá verið orðin álitleg fúlga, ef læknirinn verður gamall, og það getur hann vel orðið. Ég ætla að segja það, að það hefir stundum þótt ástæða til hér á þingi að gera aths. út af minni upphæð en því, sem getur numið tugum þúsunda.

Þá nefndi hv. frsm. 40. aths. og þóttist þar hafa komizt í feitt; hann hafði sem sé fundið þar prentvillu upp á 1000 kr. Það var mikið lán, að hann skyldi rekast á þessa prentvillu, sem yfirskoðunarmennirnir eiga nú ekki einu sinni sök á. En mér finnst, að hv. frsm. meiri hl. hefði átt að þegja um prentvillur í þessu sambandi. Ég hefi ekki nefnt þær á nafn, en eftir þessu gefna tilefni vil ég minna á, að prentvillurnar í þessum LR. eru á milli 50 og 60, og sumar svo, að munar milljónum. Hann hefði því sízt átt að fara að hengja hatt sinn á þessa prentvillu, sem er nú ekki einu sinni yfirskoðunarmönnunum að kenna. — Hún er upp á 1000 kr.

Um útsvarið stendur í LR., eða stóð í fylgiskjalinu með honum, að hér væri um útsvar Markúsar Jónssonar að ræða. Það var því ekki nema eðlilegt, að yfirskoðunin spyrði um þetta, og þegar hún fékk ekki spurningunni fullnægt með svarinu og fer að grennslast eftir þessu nánar, þá kemur það á daginn, að það er alls ekki útsvar Markúsar Jónssonar, sem hér er um að ræða. Og eftir að ég er búinn að segja þetta, þá diskar hv. frsm. meiri hl. upp með skjal til sönnunar því, sem ég hafði áður sagt. Annars er það merkileg ráðstöfun, eins og raunar allt þetta Þingvallamál er, að borga há útsvör fyrir þessar jarðir, sem engan arð gefa. — Tveimur jarðeigendum hafa t. d. verið borgaðar 15 þús. kr. fyrir að leggja niður sauðfjárrækt á þessum jörðum, og til girðingar umhverfis hið friðaða land hefir verið varið 15—20 þús. kr., og þó er landið fullt af fé eftir sem áður. Það hefir m. ö. o. verið varið 30—35 þús. kr. til friðunar landinu, og svo er það alls ekki varið, vegna þess að girðingin dugir ekki, eins og bent var á strax í upphafi. Þetta er nú eitt dæmið um meðferðina á fé ríkisins.

Hv. frsm. meiri hl. vildi þakka bættu eftirliti stj. með tolla- og skattamálum á árunum 1928—1930 fyrir 6 millj. kr. auknar tekjur. Það er einkennilegt að heyra það, að í þessu sambandi hafi árferðið ekkert að segja; það þarf þá ekki að búast við því, að tekjurnar minnki nú, þó að harðni í ári; hv. þm. segir, að það hafi gilt hin sömu lög í tíð fyrrv. stj. og núv. stj. og þá geti auknar tekjur ekki legið í öðru en betri innheimtu. Ég vil minna hv. þm. á það, að árið 1926 voru gerðar miklar breytingar í þá átt að lækka tolla. Er hv. þm. búinn að gleyma því? (**HStef:** Nei). Ef hann man eftir því, hvernig getur hann þá haldið því fram, að sömu lög hafi gilt fyrir og eftir 1928? Ég skal líka minna hann á það, að árið 1928 voru gerðar breytingar í þá átt að hækka tolla. Þess vegna eru þessi rök hv. þm. algerlega byggð á röngum forsendum. Hið rétta í þessu máli er, að tollarnir voru lækkaðir 1926, en hækkaðir 1928. Þetta segir svo hv. þm., að hafi enga þýðingu. Eyðslan 1928—31, þessi 4 ár, er h. u. b. 80 millj. kr., þegar allt er talið með, eða sem næst 20 millj. kr. á ári til jafnaðar.

Við hv. þm. V.-Húnv. þarf ég lítið að deila. Hann hélt, að framkvæmdirnar 1930 og alþingishátíðin væru aðalástæðurnar fyrir þessari ógurlegu aukavinnu í stjórnarráðinu. Það má vera, að eitthvað sé til í þessu, en að sú sé aðalástæðan fyrir öllum þessum aukna kostnaði, nær engri átt. Annars getur vel verið, að við fáum tækifæri síðar til að sjá það, hvort þessi kostnaður minnkar aftur eðlilega í samræmi við minnkandi umsetningu eftir 1930.

Um eignahreyfingarnar á LR. hefi ég lítið að segja nema það, sem allir geta séð, að það nær ekki neinni átt að telja til stofnkostnaðar síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði þann rekstrarhalla, sem varð á síldarbræðslunni 1930 og nemur ásamt vöxtum 130 þús. kr. Þetta er aðeins eitt dæmi upp á það, hversu eignareikningurinn er ranglega færður.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Mér þykir ekki ástæða til þess að jafnkíta um einstök atriði, sem ágreiningur hefir verið gerður um nú við síðustu umferð umr. um þetta mál. Það er vitanlega alltaf hægt að segja eitthvað til að

vefja atriðunum inn í umr. og lengja þær, ef menn leggja stund á það. Það er rétt hjá hv. frsm. minni hl., að með frv. er verið að fara fram á einskonar allsherjarkvittun fyrir ráðsmennsku stj. þetta ár, eins og jafnan áður með slíkum frv. Hv. frsm. minni hl. vill ekki gefa þessa kvittun. Ég vil benda honum á, að þær heimildir, sem til skorti, voru veittar með samþykkt fjáraukalaganna hér í hv. d. í gær, svo um heimildina þýðir ekki að deila hér eftir, og þá ekki heldur hægt að synja um samþykkt LR.

Hv. 2. þm. Skagf. taldi, að ég mundi nauðugur gefa kvittun með þessum LR., en hann veit ekkert um minn hug í því efni. Hann er ekki sá, sem getur rannsakað hjörtun og nýrun, og fer sá oft villt, sem geta skal. (MG: Vill þá ekki hv. þm. neita minni getgátu?).

Þá vildi hv. þm. telja prentvillu í 40. aths. a.-lið. Ég veit ekki, hvað rétt er í því, en þó hygg ég, að hv. þm. hefði aldrei gert það veður út af þessari greiðslu, sem hann gerði, eða hún gerð að blaðamáli sem stórt atriði, ef þetta er prentvilla, og hann aldrei álitið upphæðina 1116 kr., heldur 116 kr. eins og hún er í LR.

Þá er orðið upplýst og viðurkennt um greiðsluna, sem talin var vegna Markúsar Jónssonar á Svartagili, og að aths. vegna hennar er á misskilningi reist.

Það, sem aðallega kom mér til að taka til máls, var vefenging hv. 2. þm. Skagf. á því, sem ég hafði sagt um samanburð tollteknanna árin 1925—27 og 1928—30. Ég held, að hann hafi ef til vill ekki gætt að því, að ég bar þar saman tvö tímabil, en ekki tvö ár. Breytingar urðu á þessum tímabilum á aðeins þremur tollstofnum; allir aðrir tollstofnar voru óbreyttir. Verðtollur gekk í gildi 1. apríl 1924 og gilti með ýmsum breyt. yfir bæði tímabilin. Fyrst var hann 20% á öllum verðtollsvörum og var þá líklega hæstur, sem hann hefir verið, og gaf mjög miklar tekjur. Á tímabilinu frá 1. júní 1925 til. 1. marz 1926 voru verðtollsvörur flokkaðar í 3 flokka, 30%, 20% og 10%. Gaf hann þá einnig miklar tekjur, en ég skal ekki fullyrða, hvort hann var þá raunverulega hærri eða lægri en áður. Svo var tollurinn lækkaður 1. marz 1926. Eru verðtollsvörur þá líka greindar í 3 flokka, 20%, 15% og 5%, og gilti það til 1. jan. 1927, en þá var tollinum breytt, flokkar aðeins tveir, 20% og 10%, og gilti það út fyrra tímabilið. Samhliða þessum breyt. á tollunum var alltaf verið að fella ýmsar vöruteg. alveg undan tollinum. Síðara tímabilið, 1928—30, byrjaði með sama verðtollsstofni og fyrra tímabilið endaði, en svo var hann hækkaður upp í 30% og 15% 1928, en náði alls ekki því hámarki, sem var fyrra tímabilið, til 1. marz 1926. En auk þess voru **engar af þeim vörutegundum**, sem felldar höfðu verið undan tollinum, gerðar aftur tollskyldar, svo það er áreiðanlegt, að tollurinn var til uppjafnaðar allmiklu hærri á fyrra tímabilinu en hinu síðara.

Þá kem ég að vörutollinum, sem er annar sá tollur, er breytingum tók. Samhliða því, að verðtollur var settur á 1924, var ákveðinn 25% gengisviðauki á vörutollinn og stóð í 2 ár, en var þá felldur niður. Kolatollur var settur 1. jan. 1924 og stóð til 31. des. 1926, eða í 3 ár, 3. kr. á tonnið, og salttollur kr. 1,50 á tonnið, en voru lækkaðir 1927 í 1 kr. á tonnið á hvorri tegund. Loks var í lok fyrra tímabilsins, frá 1. júlí 1926, vörutollur af korni og tunnum alveg felldur niður. Á síðara tímabilinu var aldrei neinn gengisviðauki á vörutolli, og ekki tekinn upp korn- og tunnutollur. Kolatollurinn hækkaði að vísu aftur, ekki í 3 kr. eins og hann áður var, heldur aðeins í 2 kr., svo hann nam ekki nema ⅔ af því, sem hann var meiri hluta fyrra tímabilsins, og salttollurinn var alls ekkert hækkaður og nam því ekki heldur nema ⅔ hlutum af því, sem hann var fyrri hluta hins fyrra tímabils. Af þessu er auðséð, að vörutollurinn hefir í heild orðið miklum mun lægri á seinna tímabilinu en hinu fyrra.

Þá er það hvað tollalögin snertir athugunarvert, að gengisviðauki á þeim var breytilegur. Allt fyrra tímabilið var gengisviðauki innheimtur af öllum tollvörum, en á síðara tímabilinu var hann frá árslokum 1928 felldur niður á kaffi og sykri, og nemur sú niðurfelling hundruðum þúsunda króna á ári hverju.

Ég hefi nú stuttlega rakið breytingarnar á þeim þremur tollstofnum ríkisins: verðtolli, vörutolli og almennum tolli, sem nokkrum breyt. voru háðir á þessum

tímabilum, og niðurstaðan er sú, að í heildinni hafa þessir tekjustofnar verið mun lægri síðara tímabilið en hið fyrra.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir hv. 1. þm. N.-M. heldur vera farinn að gleyma því, sem sagt var á þinginu 1928, en af því að ég hefi ekki haft nema lítinn tíma undir hans stuttu ræðu til þess að ná í heimildir til þess að svara honum og hjálpa til betra minnis, og hinsvegar að ég hefi nú aðeins aths., þá skal ég lofa honum því, að taka ræðu hans rækilega til andsvara við 3. umr. Ég ætla að vita, hvort ég finn ekki í umr. frá 1928 hann eða flokksbræður hans halda því fram, að tollalækkunin 1929 hafi verið of mikil og þess vegna þurfi að hækka tollana.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Það sker ekkert úr um þetta mál, þó hægt sé að benda á, að tollarnir voru lækkaðir 1928 frá því, sem var 1926. Ég hefi ekki neitað því, að svo hafi verið. Ég rakti það í síðustu ræðu minni, hvernig tollarnir hefðu hækkað og lækkað á þeim tveimur tímabilum, sem um er rætt, og sýndi fram á, að þeir hækkuðu ekki svo mikið 1928, að þeir væru til uppjafnaðar jafnháir síðara tímabilið og hið fyrra. Ég bíð því óhræddur eftir heimildum hv. 2. þm. Skagf.

Magnús Guðmundsson: Hv. 1. þm. N.-M. ætlar að bjarga sér út úr vandræðunum með því að halda því fram, að það sé ómögulegt að reikna þetta út. (**HStef:** Ó-nei-nei). Hv. þm. hlýtur að muna, að á þinginu 1928 voru hækkaðir mikið skattar og tollar og að stj. sagði, að ástæðan væri sú, að þessir tekjustofnar hefðu lækkað of mikið 1926. Nú þegar hann ber saman tímabilin 1924—27 og 1928—30, hlýtur hann að sjá, að skattastofnarnir hafa mikið hækkað frá því, sem var í lok fyrra tímabilsins. En fyrst hv. þm. viðurkennir, að tollarnir hafi verið lækkaðir 1926 og hækkaðir 1928, þá þarf ég ekki frekara um þetta að ræða, því að þá er það viðurkennt rétt, sem ég sagði, og ég þarf engra heimilda að leita fyrir 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 : 6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi álitið rétt að láta fara fram 2. umr. án þess að blanda mér inn í umr., af því að þeir, sem hafa rannsakað LR., hafa vitaskuld haft aðstöðu til þess að tala um málið ýtarlega fyrir þá umr. Hinsvegar fannst mér sjálfsagt að taka til máls við 3. umr., þegar búið er að athuga einstaka liði og tala um þau atriði, sem mest er deilt um í LR. Flest þessi atriði hafa að vísu verið mikið rædd áður, en aðallega er álitið nauðsynlegt að deila um þau hér á Alþingi meðan reikningarnir eru fyrir hendi, þó að hinsvegar margir, sem valið hafa gagnrýni á þeim, trúi ekki mikið á málstað sinn.

Ég ætla fyrst að minnast á þá gagnrýni, sem hefir komið fram, ekki síst frá hv. 2. þm. Skagf., í sambandi við Sigvalda Kaldalóns. Hann hefir haldið því fram, að það muni hafa verið óheimilt, að stj. skyldi láta Sigvalda Kaldalóns halda sömu launum í Keflavík eins og hann hafði í Flatey. Því er þar til að svara, að þetta er, eins og það hefir verið orðað, stríðsráðstöfun. Ég vil minna hv. 2. þm. Skagf. á annað atriði, sem kom fyrir í hans stjórnartíð, þegar hann var í fyrra skiptið ráðh. Það var líka í sambandi við heilbrigðismál. Það stríð, sem hann stóð þá í, varð landinu bæði hættulegra og dýrara en þetta stríð. Ég á við það, þegar hv. þm. árið 1921 áleit, að draga yrði saman her til þess að ná útlendum dreng, sem vissir læknar álitu, að gæti stafað sýkingarhætta af. Stj. tók trúanlega þessa yfirlýsingu læknanna og kostaði til tugum þús. til að knýja þetta mál fram. Nú ætla ég að vísu ekki að fara út í þetta mál, en ég álít, að það hefði verið erfitt fyrir stj., fyrst hún tók þessa menn trúanlega, annað en að fylgja fram þeirra stefnu. En ég get bætt því við, að síðar hefir reynzt, að það væru rangar upplýsingar, sem stj. voru gefnar, fyrir van-

þekkingu þeirra lækna, sem áttu hlut að máli. En á því á hv. 2. þm. Skagf. ekki sök, því að hann gat ekki annað en trúað læknunum. Þess vegna álít ég, að eins og hann var settur, hafi hann ekki getað annað en lagt í kostnað til þess að gera það, sem þeir álitu að væri að verja þjóðskipulagið. Hv. þm. er það kunnugt, að það var lagt stórfé í byssur og barefli og ýmislegt, sem vissulega heyrir til hernaði. En það, sem aftur á móti var um að ræða í þessu tilfelli, var það, að viss stétt af starfsmönnum þjóðfélagsins, héraðslæknarnir og nokkrir af embættislausum læknum, höfðu tekið það í sig, að þeir skyldu í raun og veru taka veitingarvaldið á héraðslæknaembættunum af stj. Það var ekki einungis, að í þessu væru héraðslæknar, sem kom þetta við, heldur líka menn, sem aldrei hafði dottið í hug að sækja um héraðslæknisembætti. Svo fjarstæð sem þessi samtök voru af héraðslæknunum, þá álít ég, að það hafi verið hálfu fjarstæðara af þeim, sem ekki kom þetta neitt við. Ef þetta hefði tekizt hjá héraðslæknunum, þá hefði verið brotið skarð í okkar þjóðskipulag, því að ef hver einstök stétt hefði getað farið þannig að, þá hefði verið komið hér á öðru skipulagi en því, sem lögfest er nú. Á sama hátt hefði kennarafélagið getað tekið að sér allar veitingar kennaraembætta, og sýslumenn og embættislausir lögfræðingar getað tekið að sér að veita embætti, og þá náttúrlega líka í hæstarétti eða væntanlegum fimmtardómi, sem mikið hefir verið talað um nú. Það er hér um að ræða, hvort þjóðfélagið vill leyfa einstökum stéttum að taka sér þessi ráð. Eins og hv. 2. þm. Skagf. og Jón heitinn Magnússon tóku til sinna ráða, þó að það kostaði nokkurt fé, að gera það, sem þeir álitu þá, að þyrfti til þess að halda uppi þjóðskipulaginu, þannig var farið að í þessu máli. Læknafélagið hafði stungið í sinn vasa um 20 umsóknum, sem ekki voru látnar koma fram, og ætlaði að kúga stj. til að taka þann mann, sem þeir vildu. Þess vegna er það, að ég hefi leyft mér að líkja þessu við þennan fyrri hernað íhaldsstj., en álít bara, að stj. hafi betri málstað nú, því það er ekki um það að deila, að hún hefir rétt mál, en í fyrra skiptið hélt hún sig hafa rétt mál, en það var bara ekki. Þess vegna verða menn að meta, hvort þeir vilja heldur, að stj. hefði látið undan og með því skapað fordæmi, sem bókstaflega leysti upp allar gildandi reglur og venjur viðvíkjandi embættaveitingum. Ef hv. þm. álítur, að stj. í raun og veru geri aldrei svona samninga og megi það heldur alls ekki, þá vil ég benda honum á, að gerðir hafa verið samningar við hann sjálfan, sem eru hliðstæðir við þetta. Hv. þm. veit, að fyrir nokkrum árum, áður en hann komst í stj., eða jafnvel áður en hann var kosinn á þing, voru gerð l., sem afnámu eftirlaun ráðh. Þetta var auðvitað alvarleg meining, að ráðh. skyldu ekki vera á eftirlaunum. En nú geta menn séð það á LR., að hv. 2. þm. Skagf., sem varð ráðh. eftir að l. gengu í gildi, er á eftirlaunum. Hann hefir samið svo um við stj., sem tók við af honum, að hann skyldi vera á eftirlaunum. Hv. þm. veit það vel, að það er töluvert annað um þá menn, sem hafa verið ráðh. áður, eins og Sig. Eggerz og Einar Arnórsson. Annar þeirra er á eftirlaunum. Þeir eiga líka óskerðan rétt á því vegna l., en hv. 2. þm. Skagf. hefir rétt yfir 1 þús. kr. á þennan hátt, sem a. m. k. er ekki hægt að sjá neinn „moralskan" grundvöll undir, þegar maður lítur á það, að komin voru l., sem áttu að útiloka þetta. Ég býst við, að hv. þm. komi með skýringar frá sínu sjónarmiði, og mun ég þá gefa honum viðbótarskýringu. (MG: Ætli ég hafi ekki skýringu?) Ég býst ekki við, að sú skýring geti afsakað þetta, því að það er leiðinlegt fyrir hann að vera á þessum eftirlaunum. (MG: En ef ég skyldi hafa til þess lagaheimild?). Við skulum athuga það, þegar lengra sækir á málið, og láta þess vegna þetta atriði vera, af því að það er í sjálfu sér fullljóst, hvernig það mál liggur fyrir. Ég get að vísu bætt því við viðvíkjandi þessari veitingu, að skoðun heilbrigðisstjórnar á þeim eina manni, sem Læknafélagið ætlaði að veita, kom ekki málinu við. Það getur vel verið, að hann eða einhverjir af þeim, sem sóttu til Læknafélagsins, hefðu fengið þetta embætti, ef þeir hefðu sótt á löglegan hátt. Hér var því aðeins um það að ræða, hvort stéttarfélag ætti að fara ólöglega með þetta vald eða stj. löglega.

Þá er það annað mál, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir talað mikið um, og það er búið á Reykjum í sambandi við landsspítalann. Þar er því til að svara, að eins og honum er kunnugt, þá voru 1919 sett lög, sem heimiluðu stj. m. a. að byggja landsspítalann og taka til þess lán. Svo var þetta lengi á döfinni og mörg vafaspursmál voru á þessu. M. a. vildu aðstandendur spítalans láta byggja starfsmannabústað fyrir 40—50 manns, og það hefði kostað svo skipti hundr. þús. Þó þetta verði að gera á sínum tíma, þá var tekið það ráð að láta starfsfólkið búa í spítalanum, þar sem berklasjúklingar mundu annars vera. Með því að koma þessu þannig fyrir hafa landinu verið spöruð mjög mikil útgjöld, bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, um stundarsakir. En aftur á móti hefir stj. komið upp búi fyrir landsspítalann austur á Reykjum. Ég veit, að hv. þm. er ekki ókunnugt um það, að hinir tveir stóru spítalar við Reykjavík, Vífilsstaðir og Kleppur, hafa stór bú fyrir sig, sem landið hefir orðið að leggja í, bæði ræktun og byggingu og allt annað, sem þar við kemur. Það hefir verið álitið, að rétt og nauðsynlegt væri að gera það. Þó að menn segi, að Vífilsstaðaspítalinn hafi sjálfur komið upp búinu, þá hefir hann komið því upp á þann hátt, að þessi ríkisrekstur, sem er á spítalanum, hefir borgað kostnaðinn með því að selja mjólkina dýrari en hún var búinu í raun og veru, og þar með gert fæðiskostnaðinn dýrari en hann hefði annars þurft að vera.

Ég býst við, að hv. 2. þm. Skagf. sjái, að það var ómögulegt að setja upp bú fyrir landsspítalann á svipaðan hátt og hjá hinum spítölunum, því að hann hefir ekkert land við Rvík. Hinsvegar hafði landið eignazt jörð fyrir austan. Þar var að mörgu leyti æskilegt að fá einhverja starfrækslu við þennan spítala, sem vantaði aðstöðu til að setja upp bú. Nú hefir þetta verið gert, svo að spítalinn fær þaðan meiri hlutann af sinni mjólk, og það mikið ódýrari en hann hefði getað fengið hana annarsstaðar frá. Þetta sparar spítalanum svo þús. skiptir á ári í rekstrarkostnað. Hitt er þó máske meira atriði fyrir spítalann, þar sem á þriðja hundrað manns er á fæði daglega, að frá búinu er hægt að fá allskonar garðmeti, bæði mikið og ódýrt. Þessi glerhús, sem hafa verið byggð á Reykjum fyrir fé landsspítalans, eru á hans búi, sem hann notar fyrst og fremst fyrir sig, og ennfremur, eins og Vífilsstaðir og Kleppur selja sína mjólk að nokkru leyti í bæinn, eins selur Reykjabúið sitt margháttaða kálmeti hér í Rvík og annarsstaðar. Ég býst við, að hv. þm. eigi erfitt með að halda því fram, að þetta hefi verið slæm búmennska hjá stj., þar sem ýtt var fastlega á hana að eyða þrefalt meiru í starfsmannabústað, sem mundi hafa aukið rekstrarkostnaðinn, en hún vann að því, að spítalinn fengi aðstoð til búrekstrar á eign, sem landið átti og hafði ekki fjárhagslegan hagnað af að nota öðruvísi. Ég býst ennfremur við, að á svona tímum, þegar okkar land reynir af veikum mætti að koma meiri fjölbreytni í alla framleiðslu og hefir máske ekki meiri möguleika til þess en í aukinni garðrækt, að mönnum muni ekki þykja illa til fallið, að þessi eign verði til þess að hjálpa, ekki aðeins spítalanum, heldur einnig almenningi hér í Rvík og Hafnarfirði um garðmeti, sem annars verður flutt frá fjarlægum löndum, eins og t. d. í fyrra, þegar seldir voru hér tómatar frá Ítalíu. Ég geri ráð fyrir, að það muni ekki þykja lakara að geta fengið hér innlendan garðávöxt.

Hv. þm. hefir oft minnzt á það all-ýtarlega, að það væri ekki viðeigandi, að landsstj. hefði bíla til umráða og að það héldist við sá hestastofn, sem var í bæði skiptin, sem hann var sjálfur í stj. Ég verð að játa það um leið og ég kem að hestunum, að mér finnst það undarlegt, að maður, sem hefir haft mikið hestahald fyrir ríkið árum saman á sama hátt og nú, skuli álíta, að það þurfi að leggja það niður, þó að önnur stj. komi. Í öðru lagi finnst mér, að maður eins og hv. 2. þm. Skagf. ætti ekki að vera á móti hestum, af því að hans kjördæmi elur þá mest upp og selur víða út um land. En ég vil segja það til afsökunar bæði fyrir mig og hv. 2. þm. Skagf. og alla, er syndgað hafa með því að koma á bak þessum hestum og látið aðra gera það, að ástæðan til þess, að í tíð Jóns Magnússonar var byrjað á því að hafa þessa hesta, var sú,

að þá eins og nú starfaði við landið útlent varðskip, sem vitanlega var ekki kostað af okkar landi, en vann þó fyrir landið. Ég skal ekki segja um það fyrir víst, hvernig þetta hestahald landhelgissjóðs byrjaði. Hv. 2. þm. Skagf. er það sjálfsagt kunnara en mér. Ég hygg þó, að það hafi byrjað þannig, að Jón heit. Magnússon hafi keypt þá, til þess að geta lánað varðskipsforingjunum þá til stuttra ferða um nágrennið, er þeir vildu létta sér upp, þegar varðskipin lágu hér í höfn. Þetta var vitanlega kurteisi og velvild gagnvart varðskipsforingjunum, er þarna kom fram, en hreint ekki skylda. En svo komst sú venja á — ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Skagf. vill kalla það óvenju —, að ráðherrarnir fóru sjálfir að bregða sér á bak þessum gæðingum, þegar þeir þurftu að ferðast, og þar á meðal er þeir þurftu að fara í kosningaleiðangra. Þannig notaði hv. 2. þm. Skagf. þá, er hann var ráðh., til að ferðast á þeim norður í sitt kæra kjördæmi. Fyrir þetta hefi ég aldrei ávítt hv. þm. Mér þykir ekki nema eðlilegt, að ráðh. hafi þessi hlunnindi, fyrst farartækin eru til á annað borð.

Ég er nú sjálfur svo settur í þessu efni, að ég hefi ekki sömu freistingu og hv. 2. þm. Skagf. til að nota hestana á sama hátt. Kjósendur mínir eru dreifðir svo víðsvegar um land allt, að mér mundi aldrei vinnast tími til að heimsækja þá alla með því að ferðast á hestbaki.

Ég verð nú að gleðja eða hryggja hv. 2. þm. Skagf. með því að segja honum það, að hestaeign landhelgissjóðs hefir gengið mjög saman nú í seinni tíð, því nú eru ekki eftir nema 2 klárar. Og við þá hestaeign verður alls ekki bætt af þeirri stj., sem nú situr. Það getur því vel verið, að hv. 2. þm. Skagf., ef hann tekur bráðlega við af mér, muni vilja halda uppi heiðri síns kjördæmis, sem, eins og kunnugt er, er mikið hrossaræktarhérað, með því að fjölga hestunum aftur. Vonandi hendir það hv. þm. aldrei að fara að notfæra sér stjórnarráðsbílana, ef hann eignast sæti í stj. landsins innan skamms! —

Ég er þá kominn að hinni miklu ásteytingarhellu, bílaeign ríkisins. Um hana er í raun og veru það eitt að segja, að stj. hefir á þessu sviði fylgt rás tímanna. Hafi það verið rétt og eðlilegt, að stjórnarráðið hefði ráð á hestum áður, vegna gesta sinna og annara þarfa, þá er það eins eðlilegt, að til sömu þarfa nú séu notaðir bílar. Þetta er sú þróun, sem gerzt hefir hér á landi í þeim héruðum, þar sem vegir eru bílfærir. Nú er þetta mjög fátæklegt hjá stj., enda hart í ári. Þó hefir hún tvo 4—5 manna bíla. (MG: Er búið að selja alla hina?). Ég veit ekki, hvort hv. þm., sem fram í tók, á með þessari spurningu sinni við bíla hinna ýmsu ríkisstofnana, t. d. pósthússins, vegamálaskrifstofunnar, landssímans o. þ. h. En þótt hv. 2. þm. Skagf. kæmi strax upp í stjórnarráð í bílaleit, þá gæti hann ómögulega fundið fleiri en 2 bíla, sem heyra stjórnarráðinu til. Skeð getur reyndar, að stj. selji þessa bíla bráðlega, eða áður en hv. 2. þm. Skagf. og flokksbræður hans, sem hafa svo mikla óbeit á þessum farartækjum, setjast í stjórn, svo þessir 2 bílar freisti þeirra ekki. En meira en þessa 2 bíla getur hv. þm. aldrei tekið sem herfang, þegar hann vinnur aftur stjórnarráðið! Ég vil benda hv. 2. þm. Skagf. á það, að þrátt fyrir kunnugleika hans hér í bænum, þá virðist hann þó ekki hafa fylgzt svo vel sem skyldi með þeirri þróun, sem orðið hefir hér í bænum hin síðari ár. Ef hann hefði gert það, þá mundi hann vart átelja það sem óspilunarsemi, þó að stj. hefði umráð yfir tveimur bílum fyrir gesti sína, starfsmenn, embættismenn, skólafólk og jafnvel sjúklinga, því að síðast í gær var dauðveik kona, er komast þurfti hingað á sjúkrahús, sótt austur í Rangárvallasýslu á öðrum bílnum, og voru aðstæður þannig, að það varð að teljast skylda landsins að gera það. Og yfirleitt er það svo, að þessir bílar eru notaðir í þágu þjóðfélagsins, og það á margvíslegan hátt. — Ég held, að hv. 2. þm. Skagf. hafi enn ekki áttað sig á því, að þessi spilling, sem hann er að átelja, sú að eiga bíla, er víðtækari en hann máske hefir grunað eða áttað sig á. Þannig hafa tveir bankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, komizt að þeirri niðurstöðu, að þeim væri nauðsynlegt að eiga bíla vegna starfsemi þeirra. Vegamálastjóri hefir komizt að sömu niðurstöðu. Póstmálastjórinn hafði a. m. k. bíl um stund, svo miss-

irum skipti að ég held, vegna sinnar eigin þarfar og fjöldskyldu sinnar. Veit ég ekki nema hann hafi fengið sér bíl aftur. Einnig keypti Gísli heit. Ólafson landssímastjóri bíl handa símanum. Þessi spilling hefir jafnvel gengið svo langt, að menntaskólinn hefir eignazt sinn bíl, sem hann hefir notað sér bæði til gagns og gleði. Ég get þó huggað hv. 2. þm. Skagf. með því, að ekki var miklu fé kostað til þess bíls. Það var fenginn gamall uppgjafa kassabíll frá einum af spítölum landsins. Hann var svo gerður upp og rúmar nú eitthvað 15 nemendur. Er hann mikið notaður, svo sem þegar kennararnir fara með nemendur burt úr bænum til að sýna þeim fagra eða einkennilega staði, eða þá til sunds eða róðra, þegar það er kennt. Þetta hefir aukið mjög íþróttalíf í skólanum og gert vistina þar skemmtilegri. Hv. þm. mun sjá það, ef hann lifir lengi — sem ég vona —, að einnig muni þykja nauðsynlegt, að menntaskólinn á Akureyri eignist líka bíl vegna kennslunnar þar. En þó það sé nauðsynlegt fyrir þessar stofnanir, er ég nefndi, að eiga bíl, þá hefir samt engin þeirra jafnmikið við bíla að gera eins og stj., jafnvel ekki vegamálastjórinn. Þau not, sem landið hefir af því að eiga bíla, eru afarmargvísleg og getur stórum sparað útgjöld. Ég skal nefna eitt dæmi, sem sýnir þetta. Þegar biskup landsins fór sína „visitazíu“ferð um Suðurlandsundirlendið, þá ferðaðist hann í stjórnarráðsbíl. Að fara í þessa yfirreið á hestum hefði tekið miklu lengri tíma. Biskup hefði þurft að hafa 6 hesta og fylgdarmann og ferðin orðið miklu dýrari. Það er ekki vafa undirorpið, að til þessara margháttuðu þarfa landsins er betra, að það eigi bílinn sjálft, heldur en að leigja bíl í hverju einstöku tilfelli. Þetta sýndi sig t. d., þegar konungur kom hingað í heimsókn 1921. Þá varð að offra mörg þús. kr. til þess að hæfilegur bíll væri til taks vegna þeirrar heimsóknar. Það getur naumast verið deiluatriði, að ódýrara verður fyrir landið að eiga sjálft bíla heldur en að leigja þá af öðrum. Ég hefi nú sýnt fram á það, að þau not, sem landið hefir af því að eiga bíla, eru næsta margvísleg. Mætti þó nefna margt fleira. Ég mun þó ekki nefna nema eitt, en það eru þau not, sem virðast hneyksla hv. 2. þm. Skagf. mest. En það eru þau not, sem ráðh. hafa af bílunum, er þeir ferðast með þeim. Nú kann að vera, að hv. þm. álíti, að það sé hreinasti óþarfi, að ráðh. séu nokkuð að kynna sér þau verk, sem ríkið lætur vinna í hinum ýmsu landshlutum, eða ástand og ástæður þeirra að öðru leyti. Hann álítur máske, að það séu einungis vegamálastjóri og landssímastjóri eða aðrir slíkir starfsmenn ríkisins, sem leyfi eigi að hafa til slíkra ferða. En hafi hv. þm. þetta álit, þá er það sprottið af hinni mestu afturhalds- eða kyrrstöðuhugsun. Stj. er og á að vera framkvæmdarstjóri þjóðarbúsins lögum samkv. Hún þarf því — og til þess ber henni skylda — að hafa sem gleggst yfirlit yfir þjóðarbúskapinn á hverjum tíma. Ef hún kynnir sér hagi og ástæður þjóðarinnar aðeins í gegnum þá pappíra, sem ganga gegnum skrifstofurnar í stjórnarráðinu, þá er áreiðanlegt, að margt fer fram hjá henni af því, sem hún þarf að sjá. Það er hverjum manni nauðsynlegt að kynna sér af eigin raun þau störf, sem hann á yfir að segja. Það er til saga um það, að ungri stúlku var ráðlagt að ganga minnst einu sinni á dag gegnum öll herbergi í höll eða húsi því, er hún átti að vera húsmóðir í. Hún fylgdi því ráði og játaði síðar, að með því hefði hún lagt grundvöllinn að hagfelldri stjórn heimilisins. Ef húsbóndinn athugar allt með eigin augum, þá verður um betri skilning og farsælli stjórn á öllu að ræða. Og ég get varla hugsað mér það, að hér á landi verði nokkurntíma svo mikil kyrrstöðustjórn, að hún finni enga hvöt hjá sér til að ferðast um og líta yfir, hvað verið er að gera, og um leið fá hugmyndir um, hvað vert sé að gera. Þó að það geti sjálfsagt verið praktiskt að skamma stj. í eyru þjóðarinnar fyrir bílanotkun hennar, þá er sannleikurinn sá, að það, sem ráðh. nota bílana í eigin þarfir, er ekki nema örlítið brot af allri notkun þeirra. Aðalnotkunin fer fram vegna annara starfsmanna landsins og gesta þess. Það er t.d. venja, þegar herskip koma hingað, að sýna yfirmönnum þeirra Þingvöll eða aðra fagra staði hér í grennd. Eru það hvorttveggja í senn ódýrari og þó heppilegri viðtökur heldur

en þó að dýrar vínveizlur væru haldnar vegna slíkra gesta. Nú í vor fór einn slíkur gestur skyndiferð til Þingvalla. Var það franskur skipstjóri, sem hafði víða farið og margt séð, eins og títt er um þesshättar menn. Hann stóð við eina klst. eða svo á Þingvöllum, og hann taldi, að engan greiða hefði verið hægt að gera sér betri hér en að veita sér tækifæri til að kynnast þessum tilkomumikla og einkennilega stað. Hann sagði, að af öllum þeim mörgu stöðum, sem hann hefði séð, mundu sér verða Þingvellir ógleymanlegastir. Svo fer um fleiri, er kynnast fegurð landsins okkar, bæði þarna og víða annarsstaðar. Ef gestir þeir, sem heimsækja okkur, fara héðan aftur burt með samúð og velvildarhug til lands og þjóðar, þá er vel farið. Og þeim litla kostnaði, sem því er samfara, er vel varið.

Ég verð að leiðrétta dálitla missögn, er kom fram hjá hv. 2. þm. Skagf. út af alþingishátíðinni á Þingvöllum og verndun Þingvalla. Ég vil þó fyrst láta ánægju mína í ljós yfir því, að hv. 4. þm. Reykv. hefir í skörulegri ræðu réttilega sýnt fram á það, að Þingvallan. skilaði af sér vel unnu starfi og hafði haldið vel á fjármunum ríkisins og án allrar eigingirni, enda fylgdi henni slík gifta í starfi, að alþingishátíðin öll varð til hins mesta sóma fyrir landið. Þessi orð eru rétt, enda hygg ég ekki, að þau verði vefengd. En það, sem ég vildi leiðrétta, var það, að hv. þm. hélt, að ég ætti einn heiðurinn af því að hafa viljað flytja burtu timburkofana og setja þá þar niður, sem þeir skemmdu ekki útsýnið, og að friða staðinn með því að girða hann. En þetta hvorttveggja var samþ. í n. Og sá, er stóð fastast með þessu, var flokksbróðir hv. 2. þm. Skagf., þáv. hv þm. Dal., Sig. Eggerz. Hann leit á þetta eins og ég, að þar sem miklu þyrfti að kosta þarna til hvort sem var, þá væri sjálfsagt að haga þeim endurbótum þannig, að byggingarnar þarna yrðu ekki lengur til minnkunar fyrir þennan fræga sögustað. Þetta var gert. En heiðurinn af því á, auk mín, að færast yfir á a. m. k. þrjá meðnm. mína.

Kem ég þá næst að kostnaðinum við byggingu Laugarvatnsskólans. Ég hefi í svari við aths. endurskoðendanna fært fram nokkur rök í því máli og þarf ekki að endurtaka þau. Ég vil þó fara nokkrum orðum um þetta mál, en ég mun tala um það frá víðara sjónarmiði en hv. 2. þm. Skagf. gerði. Ég mun þá fyrst benda á þann skoðanamun, sem er milli mín og hans í skólamálum yfirleitt. En sá skoðanamunur er einkennandi fyrir þá flokka, er við fylgjum, og er jafngamall a. m. k. og héraðsskólamálið. Þegar rætt var um stofnun Laugaskólans 1923, þá barðist sá flokkur, sem hv. þm. var í, gegn því máli. Síðan hefir það gengið eins, og má heita, að héraðsskólamálin hafi verið eins og venjuleg pólitísk mál eru vön að vera. En þó íhaldið hefði ótrú á svona málum, þá hafði æskan trú á þeim, og þess vegna sigruðu þau. Á þessum árum, sem síðan eru liðin, hafa risið upp fjórir nýir héraðsskólar og sá fimmti hefir fengið stóra endurbót. Til þess að koma upp þessum skólum hefir fólkið í héruðunum lagt fram peninga, vinnu og ábyrgðir, og sýslufélögin sem slík hafa líka lagt fram fé til þeirra. Hefir fólkið í héruðum þessum hvarvetna sýnt í þessu efni hina mestu góðvild og fórnfýsi. Sú skoðun hv. 2. þm. Skagf. og skoðanabræðra hans, að þessir skólar væru óþarfir, hafa hvarvetna orðið að þoka fyrir reynslunni. Með skólum þessum hafa komið upp fjölmörg ný verkefni, sem þörf er á að sinna. Þeir hafa auk aðalhlutverks síns verið notaðir fyrir allskonar námsskeið, sem samkomustaðir héraða, til gistihúsahalds og jafnvel sem lækningastofnanir vegna jarðhitans. Þessar skólastofnanir hafa átt meiri vinsældum að fagna en nokkrar aðrar slíkar stofnanir, sem reistar hafa verið.

Ég hefi bent á fyrri afstöðu hv. 2. þm. Skagf. til skólamálanna, því að það afsakar á vissan hátt, að hann gerir enn tilraun til að halda hinu sama til þrautar. En að því er aðfinnslur hans gagnvart Laugarvatnsskólanum snertir, þá býst ég við, að það sé einkum tvennt, sem hann þykist vilja fóta sig á. Hið fyrra er, að ekki hafi komið nóg framlag frá héraðinu á móti ríkisstyrknum, og hitt er, að ekki sé leyfilegt að leggja úr ríkissjóði til héraðsskóla meira en veitt er í fjárl. hvers árs. Ég tek fyrst til athugunar þá formlegu ástæðu. Hv. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að í l. um kaupstaðaskól-

ana, er ríkisstj. heimilað að taka lán til þeirra og héraðsskólanna. En þar sem nú stj. hefir skýlausa heimild til að taka lán til þessa, hvers vegna má hún þá ekki allt eins vel leggja það fé fram úr ríkissjóði, þegar ástæður leyfa það? Ég get a. m. k. ekki séð, að neitt verra sé að leggja féð þannig fram heldur en að taka sérstakt lán til þess. En til þess hefir stj samkv. nefndum l. alveg skýlausa heimild, svo hún geti fullnægt framlagi til skólanna að sínum hluta.

Ég kem þá að hinu atriðinu, að meira hafi verið lagt úr ríkissjóði í byggingu Laugarvatnsskólans heldur en framlagi héraðsins hefir numið í peningum Ég hefi í svari mínu sýnt fram á það, hve illa hafi verið að þessum hluta landsins búið, svo að þó ríflega hefði verið lagt fram úr ríkissjóði, miðað við framlag héraðsins, þá hefði það ekki verið annað en sjálfsögð réttlætisskylda, til að bæta fyrir gamalt ranglæti, sem héraðið hefir orðið fyrir.

Hv. þm. getur ekki neitað því, enda reyndi hann það heldur ekki, að Sunnlendingar voru sviptir skóla sínum á þeim tíma, þegar þjóðin var ekki vel sjálfráð um, hvað gert var í þeim efnum, menningarstofnun, sem búin var að starfa í þessu héraði í margar aldir. En þegar þjóðin fór aftur að koma á fót skólum í landinu, vildi svo til, að Suðurlandsundirlendi gleymdist. Suðurnesin fengu skóla í Reykjavík, Borgarfjörður, Dalasýsla, Vestfirðir, Húnavatnssýsla, Skagafjörður, Eyjafjörður og Múlasýslur fengu skóla, en sýslurnar á Suðurlandsundirlendinu fengu engan, fyrr en Laugarvatnsskólinn var reistur. Ég býst ekki við, að hv. þm. rengi það, að þekktasti núlifandi sagnfræðingur okkar, Páll E. Ólason, hafi verið fær um að reikna út, hvað eignir Skálholtsstóls hefðu gefið af sér nú. Útreikningur hans sýnir, hvernig að Sunnlendingum hefir verið búið, hvað miklu þeir hafa verið sviptir.

Þá er hv. þm. kunnugt um, hvílíku harðræði sú stjórn, sem hann sjálfur átti sæti í, beitti Sunnlendinga næstsíðasta árið, er hún sat að völdum. Það var ekki hv. þm. sjálfur, en það var samverkamaður hans, sem nú er dáinn, sem braut niður skólahreyfingu þeirra 1926 og kom þeim glundroða á, að þegar byrjað var aftur, fengust ekki um 60 þús. kr. af því fé, sem búið var að lofa til skólans, og sem fengizt hefði, ef byrjað hefði verið á byggingu hans 1926 eins og til stóð. Þetta er auðvitað ekki heldur bein röksemd, sem hv. þm. tekur gilda, þannig að hægt sé að telja þessa 60 þús. bókstaflega sem innskotsfé til skólans, en það sýnir bara, hvernig farið hefir verið að við þennan landsfjórðung og hvað veika aðstöðu hv. 2. þm. Skagf. hefir til þess að koma hér fram á eftir, þegar búið er að leysa málið, og vilja bæta nýju ranglæti ofan á það, sem áður er komið.

Hv. þm. spurði um viðbótarlista þann yfir framlög til skólans frá hálfu byggingarnefndar, sem endurskoðunarmenn skólans hafa sent, og vildi fá um þær upphæðir einhverja nánari vitneskju. Það er enga vitneskju um þetta að gefa fram yfir það, sem listinn sjálfur sýnir. Það hefir verið keyptur helmingurinn af jörðinni. Það hefir verið byggt leikfimishús, sem nemendur og kennarar skólans hafa unnið að í hjáverkum sínum, án þess að taka nokkuð fyrir. Og það hefir verið byggður kennarabústaður. Þessir hlutir hafa að nokkru leyti verið gerðir í skuld, en það eru þó eignir, sem skólinn leggur fram af sinni hálfu í þetta félagsbú, og sem hann afborgar sumpart með húsaleigu nemendanna yfir veturinn og sumpart með því, sem hefst upp úr skólahúsinu yfir sumarið.

Sumt af því, sem endurskoðendur skólans tilgreina, eru beinlínis gjafir til skólans, eins og t. d. listaverk, sem metin eru á 20 þús. kr. Það verður nú ef til vill sagt, að það sé ekki brýn nauðsyn fyrir neinn skóla að eiga slíka hluti, en það sýnir, hvað mikilla vinsælda þessi skóli nýtur, að hann á nú þegar fleiri listaverk heldur en nokkur einstaklingur á landinu, sem ýmsir af listamönnum landsins hafa gefið honum.

Steyptu steinarnir, sem endurskoðendurnir meta á 7000 kr., eru þannig til komnir, eins og hv. þm. ætti að vita, að fyrsta árið, sem skólinn starfaði, unnu þeir Jakob Lárusson og Guðmundur Ólafsson að því með nemendum að steypa þessa steina, sem svo voru notaðir í bygginguna. Er mat þeirra miðað við

það, sem þeir hefðu kostað, ef menn hefðu verið teknir fyrir venjulegt kaup til þess að steypa þá. Auk þessa hafa ýmiskonar umbætur verið gerðar á skólanum og umhverfis hann, sem skólinn hefir lagt mikið fé í af tekjum sínum, gróðanum af sumarstarfseminni o. s. frv. Reikna endurskoðendurnir þær eins og þær kostuðu.

Rúmin og þeir aðrir húsmunir, sem nefndir eru á listanum, eru gjafir til skólans. (MG: Frá hverjum?). Það getur hv. þm. spurt endurskoðendurna um. (MG: Ég hefi endurskoðað reikninga skólans). Hann getur líka spurt skólastjórnina um þetta. Ég er ekki skyldugur til að standa reikingsskil á því, hvað Gunnlaugur Blöndal, Ásgrímur Jónsson eða einhverjir aðrir gefa þessum skóla. Hv. þm. getur skoðað þessa hluti, ef hann vill; skólinn á þá, þeir eru þess virði, sem þeir eru metnir, og það er það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Ég get t. d. bent hv. þm. á, að einn flokksbróðir hans, sem sæti á hér í hv. d., hefir gefið skólanum 500 kr. (MG: Þær eru tilfærðar á reikningum skólans). Þetta kemur þá væntanlega einhverntíma á reikning líka. Og hv. þm. kemur það ekkert meira við heldur en aðrar gjafir til skólans, sem maður fer ekki að rifja upp hér, hverjir gefið hafa.

Þá kem ég að langsamlega stærsta atriðinu í þessu efni, sem mest hefir farið fyrir brjóstið á hv. þm. og aðalflokksblaði hans. Er það mat tveggja manna, sem hafa verið trúnaðarmenn landstj. í öllu því, er að byggingum lýtur, um 10—12 ár, á notagildi jarðhitans fyrir skólann, sem telja má, að byggingarnefndin hafi lagt til. Hv. þm. veit það e. t. v. ekki, að áður en ákveðið var að byggja skólann á Laugarvatni, urðu miklar umr. um að hafa hann neðar í sýslunni. M. a. var stungið upp á að hafa hann við Ölfusárbrú, sem liggur bezt allra staða í Árnessýslu við samgöngum. Þess vegna er sanngjarnt að meta verðgildi jarðhitans á Laugarvatni fyrir skólann eftir því, sem hitinn hefði kostað hann, ef hann hefði verið niður við Ölfusárbrú. Matið á afnotum þessara náttúrugæða er miðað aðeins við þann 8 mánaða tíma, sem aðalskólinn og námsskeiðin standa yfir. Telst svo til, að þau spari 18 þús. kr. á ári. Svarar það til rúmlega 300 þús. kr. höfuðstóls, þegar reiknað er með 6% vöxtum. Af því hv. þm. er sjálfur mikill búmaður, dettur engum í hug, að hann sé svo blankur að álíta þetta verðmæti einskis virði fyrir skólann. Við skulum hugsa okkur, að hann hefði t. d. átt heita laug niður við Ölfusárbrú og skólinn hefði verið reistur þar. Svo hefði hann samið við stofnunina að leigja henni hitann, í stað þess sem hún annars hefði þurft að hita upp með kolum. Hann hefði áreiðanlega miðað verð heita vatnsins við það, sem það hefði kostað fyrir skólastofnunina að fá hitann á annan hátt. Engum privat manni mundi detta í hug annað en nota sér það, hvers virði hitinn raunverulega er. En það, sem hv. þm. ætlast til af byggingarnefnd skólans, er það, að hún leggi hitann fram sem einskis virði, hitann, sem búið er að sanna með útreikningum, að er 300 þús. kr. virði fyrir skólann nú. Og í framtíðinni verður notagildi hans ennþá meira, eftir því meira, sem byggingunum fjölgar og skólinn vex. Ennþá er ekki notaður nema ca. 1/50 hluti af hitamagninu, sem þarna er til.

Hv. þm. benti á, að ef meta ætti jarðhitann á Laugarvatni til peninga sem framlag frá héraðinu, þá hefði ríkisstj. eins getað reiknað jarðhitann á Reykjum og í Reykholti sem framlag frá ríkissjóði til skólanna þar. Það er alveg rétt, að þetta hefði landsstj. getað, en hún óskaði alls ekki eftir að gera það. Landsstj. eða þjóðfélagið hefir töluvert aðra aðstöðu heldur en privat menn. Það veit hv. þm. Þar sem landsstj. vann sérstaklega að því og með töluverðum áhuga að koma skólunum í Reykholti og á Reykjum upp, datt henni vitanlega ekki í hug að leggja þar sérstaka erfiðleika í veginn, þegar líka héraðsbúar tóku mjög myndarlega í málið.

Ég skal nú skýra það fyrir hv. 2. þm. Skagf. með nokkrum dæmum, hvað mikill munur er á því, hvort það er ríkið eða einstaklingur, sem fær aðstöðu til þess að beita sér á líkan hátt og hér er um að ræða. Við erum víst báðir dálítið kunnugir vestur við Breiðafjörð. Þar er jörð ein í eigu manns, sem búsetttur er

hér í Reykjavík. Maðurinn, sem á þessari jörð bjó, byggði þar steinhús, sem sennilega hefði verið selt á 10 þús. kr., ef það hefði verið hér í Rvík. Nú fór maðurinn burt af jörðinni, og eftir núgildandi ábúðarlögum bar hvorki næsta ábúanda jarðarinnar eða eiganda hennar lagaskylda til að kaupa húsið kostnaðarverði. Niðurstaðan varð sú, að jarðareigandinn bauð manninum að kaupa húsið fyrir eitt þús. kr. Ég skal ekki um það segja, hvernig þessi skipti fóru, en mér þykir líklegt, að fráfarandi hafi orðið að sætta sig við þetta verð fyrir húsið.

Þá skal ég nefna annað dæmi til þess að sýna, að þjóðfélagið getur ekki beitt sér á þann hátt, sem þessi jarðeigandi gerði. Það er núna verið að skipta upp Garðatorfunni á Álftanesi. Í fyrradag kom til mín kaupmaður úr Hafnarfirði og skýrði frá því, að hann hefði byggt hús fyrir 7 þús. kr. þarna suður frá, á landi, sem hann hefði haft samningsbundinn rétt til að byggja á. En það var ekki samkv. fullri lagaheimild, og við þessi skipti kvað hann eiga að leggja þetta land undir aðra jörð og að hann mundi þá tapa öllu saman. Hann var því bókstaflega eins settur og bóndinn vestur á Breiðafirði; það var hægt að búa þannig að honum, að hann tapaði mestum hluta af andvirði hússins. Ég bað þennan mann að finna skrifstofustjórann í 1. skrifstofu og tala við hann um málið. Þegar ég svo leitaði aftur álits skrifstofustjórans um þetta, þá sagði hann, eins og flestir mundu hafa gert í hans sporum, að það væri ómögulegt fyrir ríkið að láta fara þannig að við manninn, það yrði að láta hann hafa landið, því það næði engri átt að fara að eyðileggja fyrir honum þau verðmæti, sem hann væri búinn að binda þar. Ég gekk inn á þetta, og við reyndum svo að gera ráðstafanir til þess, að ekki yrði farið með þennan mann á sama hátt af hálfu hins opinbera eins og hinn privat gróðamaður, sem átti jörðina vestur á Breiðafirðinum, fór með landseta sinn.

Við getum athugað fleiri dæmi. Við getum borið saman mannaráðningar ríkisins og einstakra manna eða félaga. Hv. þm. veit, að það er svo t. d. á togurunum okkar, að ef hásetar verða lasnir eða of gamlir, þá er þeim kastað á land fyrirvaralaust. Þeir hafa engan rétt til launa nema meðan þeir einstaklingar, sem togurunum stjórna, vilja nota vinnu þeirra. Aftur fer ríkið öðruvísi að við þá menn, sem það hefir í sinni þjónustu. T. d. hefir þingið haft þann sið í mörg ár að bæta nokkur hundruð krónum við þau eftirlaun, sem prestar fá lögum samkv., þegar þeir eru orðnir gamlir og hættir störfum. Og yfirleitt hjálpar ríkið þeim mönnum, sem lengi hafa verið í þess þjónustu. Það hefir því litið öðruvísi á sína mórölsku aðstöðu gagnvart þeim, sem það á skipti við, heldur en einstakir gróðamenn gera.

Svo framarlega, sem landsstj. gekk inn á, að þau verðmæti, sem byggingarnefndin leggur fram, séu rétt metin, þá var hún bundin við að sýna hina sömu mildi og mannúð í þessum efnum, sem yfirleitt einkennir framkomu ríkisins og Alþingis gagnvart einstaklingum og stofnunum þjóðarinnar. Stj. veit ekki annað en að matið á þeim náttúrugæðum, sem skólinn nýtur, sé satt og rétt, og hún getur ekki hundsað það framlag héraðsins nema með því að halda áfram að níðast á Sunnlendingum, bæta nýju harðræði ofan á þau rangindi og þær vanrækslur á þessu sviði, sem þeir hafa áður orðið fyrir af hálfu ríkisvaldsins.

Síðast í svari mínu við aths. hv. þm. eru nokkrar skýringar, sem sýna það, hvaða þýðingu það hefir fyrir landið fjárhagslega, að ráðið var fram úr skólamáli Sunnlendinga á þann hátt, sem gert var. Þar er gerður samanburður á námskostnaðinum við Laugarvatnsskólann og skólana hér í Rvík. Og það kemur í ljós, að svo miklu ódýrara er skólahaldið á Laugarvatni, að það munar um 100 þús. kr. á allri útgerðinni yfir veturinn. Til þess að sýna, hvað þessi skólastofnun er ríkinu ódýr, má benda á það, að árlegur rekstur menntaskólans hér í Rvík með 160 nemendum kostar ríkissjóð um 130 þús. kr., en rekstur Laugarvatnsskólans með 130 nemendum kostaði ríkið ekki nema tæpar 30 þús. kr. á síðastl. vetri. Þessi mikli munur stendur að miklu leyti í sambandi við það, hvað rekstur skóla verður mikið öðruvísi þar, sem slík skilyrði eru fyrir hendi sem á Laug-

arvatni. Hv. þm. er kunnugt um það frá starfi sínu sem endurskoðandi LR., ráðherra og þm., hvað bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri kosta ríkissjóð árlega. Ef hann ber rekstrarkostnað þeirra, í hlutfalli við nemendafjölda, saman við tilkostnað ríkissjóðs í sambandi við Laugarvatnsskólann, þá hlýtur honum að verða ljóst, að þar hefir sannarlega ekki verið bruðlað með fé. Þegar hv. þm. athugar, hvað mikið ríkinu og nemendunum á Laugarvatni sparast, samanborið við það, ef þeir hefðu leitað sér menntunar annarsstaðar, þá ætti hann að samgleðjast Sunnlendingum og ríkisstj. yfir því, hvað það tókst að lokum að leysa skólamál þeirra á heppilegan hátt.

Hv. þm. tók það réttilega fram í ræðu sinni, að það hefði fallið úr svari mínu skýring á smávillu í reikningum skólans, eða vöntun á greinargerð fyrir eitthvað 1300 kr. Þetta atriði var athugað eftir að hv. þm. gerði fyrirspurn um það, og kom í ljós, að fyrir þessari upphæð var til kvittun. Þessar krónur höfðu verið greiddar fyrir viðgerð á hlut, sem einir fjórir flokksbræður hv. þm. gáfu skólanum, mjög dýrum hlut, sem kom samt ekki að notum nema hann fengi þessa aðgerð. Reikninginn getur hv. þm. fengið að sjá, ef hann vill líta inn í dómsmálaráðuneytið; ég skal biðja skrifstofustjórann að hafa hann til taks.

Til viðbótar get ég sagt hv. þm. frá því, að það kom í ljós önnur villa í reikningunum. Hún var þannig, að taldar höfðu verið með framlögum ríkissjóðs til skólans 2000 kr., sem í rauninni var framlag frá skólanum sjálfum. Fyrir því getur hv. þm. einnig fengið að sjá gögn við tækifæri. (MG: Þetta getur ekki verið rétt). Hv. þm. getur nú séð það, þegar þar að kemur. Ég er ekki að tala um þetta sem stórt atriði; ég vildi aðeins geta um það, að þetta hefir verið leiðrétt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni, þó að hv. þm. hafi komið inn á ýms fleiri atriði, sem eru margfaldlega útrædd, bæði í blöðum, á fundum úti um land og hér á Alþingi. Ég ætla ekki að fara að halda langar ræður um þau, heldur mun ég aðeins gera smáleiðréttingar við þær ræður, sem hv. 2. þm. Skagf. eða vinir hans kunna enn að flytja í þessu máli.

Að endingu skal ég segja það til lofs um tvo af harðsnúnustu íhaldsmönnunum hér í Reykjavík, sem auk þess eru miklir andstæðingar mínir persónulega, að þeir hafa haft svo góða greind á skólamáli Sunnlendinga, að þeir sögðu einu sinni, að þó að ég hefði verið — eins og þeir komust að orði — heldur óheppinn með margt af því, sem ég hefði gert, þá væru þeir ánægðir með afskipti mín af því máli, því að þar hefði ég vel gert. Og það mun verða dómur sögunnar.

Magnús Guðmundsson: Ég vona, að ég þurfi ekki eins langan tíma til þess að svara hæstv. ráðh. eins og hann hefir þurft til að flytja þessa ræðu. Hann hefir nú talað 1½ klst. Þó skal ég engu lofa um að vera mjög fljótur, en vildi mælast til, að hæstv. dómsmrh. hafi eirð í sér til að vera kyrr í d. á meðan. (**Dómsmrh.:** Ég hlusta á hv. þm. — svona hæfilega). Já, ég veit, að ráðh. á ekki þá skapstillingu til, að hann geti setið kyrr undir því, sem ég nú mun segja við hann.

Hæstv. ráðh. byrjaði á því að tala um launaviðbót þá, sem hann gaf Sigvalda Kaldalóns. Hann segir, að það hafi verið nokkurskonar stríðsráðstöfun eða herkostnaður, sem stj. hafi orðið að leggja í, af því að hún hafi lent í stríði við læknana. Hún hafi orðið að kaupa Sigvalda Kaldalóns með því að láta hann fá hærri laun en lög heimila frekast. Ég verð að segja, að ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir að vera svona hreinskilinn. Þetta mun vera alveg rétt, að hæstv. stj. keypti Sigvalda til þess að taka að sér Keflavíkur læknishérað, þegar hún var komin í vandræði vegna þess, hvernig hún hafði hagað sér um veitingu læknisembætta áður. Hvað sú ráðstöfun kemur til með að kosta ríkið, skal ég ekki um segja; það fer eftir því, hvað þessi læknir lifir lengi; en undir svona 20 til 30 þús. kr. er ekki líklegt, að það verði. En úr því þetta er nú svona lagað, eins og hæstv. dómsmrh. segir, þá hefði hann ekki átt að segja í svari stj. við hér að lútandi aths. yfirskoðunarmanna, að hann hafi gert þetta samkv. ákvæðum stjskr. Hæstv. ráðh. segir nú allt annað

heldur en í svari sínu, sem prentað er með LR., og það er auðvitað af því, að hann hefir séð við nánari athugun, að hann gat ekki borið fyrir sig stjskr., hún veitti honum ekkert lið í þessu efni, því að með tiltæki sínu hafði hann skýlaust brotið landslögin. Það er því ekki hægt að sjá annað en að hæstv. ráðh. hafi beinlínis sagt ósatt í svari sínu til yfirskoðunarmannanna og Alþingis um það, hvers vegna hann lét þennan lækni hafa launaviðbót.

Hæstv. ráðh. fór mörgum orðum um það, að ef læknarnir hefðu sigrað í þessari deilu, þá hefði verið brotið stórt skarð í okkar þjóðskipulag, eins og hann orðaði það. Ég held, að það hefði ekki haft nein áhrif á þjóðskipulagið, en hinsvegar hefði það e. t. v. brotið eitthvert skarð í það einræðisvald, sem hæstv. dómsmrh. vill hafa um veitingu embætta. Það er kunnugt, að læknadeilan reis upphaflega út af því, að hæstv. ráðh. hafði veitt hvert læknisembættið á fætur öðru þvert á móti tillögum landlæknis, þótt svo hafi verið litið á hingað til, að hann ætti að fara eftir þeim, nema hann hefði fullgildar ástæður til annars. En hann hafði engar gildar ástæður til þess að fara þvert ofan í till. landlæknis, heldur fór hann eftir því, sem honum leizt, eins og hann er vanur, hvort sem hann hefir rétt eða rangt fyrir sér eða er í samræmi við reglur þær, sem áður hefir verið fylgt, eða ekki. Ég skal ekki segja, hvort hann telur sig hafa haft sigur í baráttu sinni við læknana. En það er víst, að kostnaðinn af herferð þeirri, sem hann lagði út í, verður ríkissjóður, eftir hans eigin sögusögn, að gjalda, og ég hefi alltaf heyrt, að sá yrði að borga herkostnað, sem tapar, en ekki sá, sem vinnur. Hér er því annaðhvort, að hæstv. ráðherra hefir beðið ósigur í læknadeilunni eða að herkostnaðurinn er ófyrirsynju lagður á ríkissjóð.

Þá nefndi hæstv. ráðh. einhvern sérstakan samning um eftirlaun mín. Ég kannast ekki við þann samning. Þau eftirlaun, sem ég hefi, eru frá sýslumannsstarfi mínu og skrifstofustjórn í stjórnarráðinu. Ég er margbúinn að segja hæstv. ráðh. þetta og hann veit þetta ofurvel, en samt getur hann ekki annað en tuggið það upp, sem einusinni komst inn í hann fyrir misskilning.

Ég vík þá aftur að launum áðurnefnds læknis og vil benda á, að það, sem hér er um að ræða, er það, hvort ráðh. á að komast upp með að greiða hærri laun en launalögin ákveða. Verði þetta samþ. á þinginu, þá er ekki til neins að hafa launalög. Þá er alveg eins gott að láta ráðh. fá heimild til að ákveða laun embættismanna.

Annars skal ég ekki eyða tíma í að sýna fram á misskilninginn í svari stj. við aths. yfirskoðunarmanna. Það hefir hv. 4. þm. Reykv. gert greinilega. En jafnvel þótt stj. hefði getað gert þetta í samræmi við stjskr., sem hún ekki gat, þá hefir hún ekki gert það, hún hefir ekki farið eftir ótvíræðum fyrirmælum hennar, heldur virt þau að vettugi.

Svo er það enn eitt. Læknirinn á að sitja í Keflavík, en ekki í Grindavík. Á þessu þingi hafa verið endurtekin fyrirmælin um það, að hann skuli sitja í Keflavík. Það verður gaman að sjá, hvort hæstv. ráðh., eftir að hafa undirskrifað þau lög og lagt þau fyrir konung, ætlar að hlýða þeim og fyrirskipa lækninum að setja í Keflavík.

Það ræður að líkum, að mér dettur ekki í hug að gefa hæstv. ráðh. kvittun fyrir þessum greiðslum til Kaldalóns. En það mætti orða sætt upp á það, að læknirinn mætti halda því, sem hann þegar hefir fengið, ef þetta fer framvegis eftir lögum.

Næst kom hæstv. ráðh. að landsspítalanum. Hann vafði mikið um það, að hann hefði getað byggt miklu meira á lóð hans en gert var, og það væri honum að þakka, að ekki var byggt þar meira. Úr því hann eyddi ekki fé í þetta, þá mætti hann eyða jafnmiklu í eitthvað annað. Eftir slíkum hugsanagangi má náttúrlega komast nokkuð langt. En þetta er ekkert nema vitleysa. Stj. var auðvitað skyldug að byggja ekki meira á lóð spítalans en hann nauðsynlega þurfti. Hann sagði, að stj. hefði sparað þarna svo mikið, að það væri ekki nema fjöður á fati, þótt hann hefði stofnað bú á Reykjum í Ölfusi. En að því er snertir það bú vil ég allra undirdánugast leyfa mér að spyrja. Hvar er heimildin? Ég get sagt hæstv. ráðh. það,

að hann hefir ekki fjárveitingarvaldið. Það hefir þingið. Því spyr ég: Hvar er heimildin? Hún er engin. Þetta er gert í heimildarleysi. Þær 50 þús. kr., sem færðar eru á reikning landsspítalans af kostnaðinum við Reykjabúið, eru spítalanum óviðkomandi, og þessi aðferð er ekkert annað en fölsun reikninga.

Hæstv. ráðh. segir, að mjólkin frá Reykjum sé ódýrari en önnur mjólk, sem landsspítalinn ætti völ á. Ég skal ekkert um þetta segja. Ég hefi ekki séð þá reikninga. En það verð ég að segja, að eftir öðrum sögusögnum sama hæstv. ráðh. um slíkt, þá er langt frá því, að ég leggi trúnað á þetta. Ég fór einusinni í vetur til eins af yfirlæknum landsspítalans og spurði, hvernig þetta væri með búskapinn á Reykjum. Hann sagðist ekkert um hann vita. Hæstv. ráðh. mun hafa gert þetta einn án allrar íhlutunar af hálfu spítalastjórnarinnar. Hann hefir verið svo sólginn í að koma þessu undir einn hatt og gera Reyki að framleiðslusvæði allra spítalanna, að hann hefir látið rífa niður hús, er byggt hafði verið á Vífilsstöðum til að rækta í grænmeti, og flytja það austur. En svo segir sagan, að þegar austur kom, hafi öll glerin úr gróðurhúsinu — og það var nærri allt úr gleri — verið brotin, ekki verið nærri því þess virði, er það kostaði að rífa niður húsið og flytja glerbrotin austur. Þetta er eitt dæmi af fyrirhyggju og fjárgreind hæstv. ráðh.

Þá kem ég að hestahaldinu og bílunum. Hæstv. ráðh. þykist ná sér vel niðri, þegar hann getur bent á, að áður hafi verið til hestar í stjórnarráðinu. En það merkilega við þetta er það, að kostnaðurinn er sífellt að aukast, þótt hann segi, að hestunum sé alltaf að fækka. Þegar stj. hefir líka nokkrar bifreiðar til að leika sér með, þá ætti að mega spara nokkuð á hestahaldinu.

Það fannst á hæstv. ráðh., að ef hann gat vitnað til mín eða Jóns heitins Magnússonar, þá þóttist hann góður. Ég er á því, að það sé talsvert til í þessu. En hann gætir ekki að því, að það er dálítið annað að eyða hundruðum kr. eða tugum þúsunda í þetta eða hitt. Hann segir, að ég hafi farið í kosningaferð á hestum ríkissjóðs. Það er ósatt. Hann hefir heldur ekki farið á hestum ríkissjóðs til þess að finna sína kjósendur. Hann hefir notað fínni farartæki. Einu sinni tók hann undir sig varðskip og hafði í kosningasnatti upp undir mánuð. Útgerð skipsins mun kosta allt að 2000 kr. á dag. Hafi hann notað það í 30 daga, þá verða þetta 60 þús. kr. Stundum hafði hann tvö, annað til að flytja sig um grunnfirðina, hitt þar, sem dýpra var. Svo hefir hann notað bifreiðar ríkisins, eins og allir vita. Hann vildi láta líta svo út, að bílahald sitt væri örlítið. Hann sagði, að það væri ekki nema 2 bifreiðar, sem hann hefði til ráðstöfunar. Það getur verið, að þær séu ekki fleiri nú, en þær voru fleiri. Á reikningum ríkisins sést ekki, að það hafi verið seldar bifreiðar. Ég veit, að þær hafa samt verið seldar. En hvar er andvirðið? Ég veit það ekki, en mér er sagt, að hann hafi selt þær gegn því að fá að éta út andvirðið í akstri. Auk þess hefir hann ráð á öðrum tveim bifreiðum hjá hinu svonefnda bifreiðaeftirliti.

Á reikningi landhelgissjóðs 1930 er kostnaður við bíla, risnu og hestahald færður 40 þús. kr. Nú halda menn kannske, að þarna sé allur kostnaðurinn við bílana. En því fer fjarri. Hann er víða annarsstaðar. Það má benda á þessa liði: 19. gr. 43. liður: rekstrarkostnaður ríkissjóðsbílanna kr. 7556,92; 19. gr. 14. liður: bifreiðakostnaður kr. 1130,80; 19. gr. 12. liður: ferðakostnaður ýmislegur. Svo má ekki gleyma bílum bifreiðaeftirlitsins, sem hafa verið reknar með 16—20 þús. kr. halla, þótt gengið væri út frá því, að þær bökuðu ríkissjóði engin útgjöld, þegar lögin voru sett.

Það eru því dálítil tíundarsvik hjá hæstv. ráðh., þegar hann segist aðeins ráða yfir tveimur bifreiðum.

Svo má ekki gleyma því, að hann hefir verið svo „flott“ að byggja tvisvar yfir bifreiðarnar, fyrst við stjórnarráðshúsið fyrir 2000 kr., seinna hjá Arnarhváli fyrir 20 þús. kr.

Þá ræddi hæstv. ráðh. um aðgerðir sínar á Þingvöllum og fannst þær harla góðar. Ég veit ekki nema það væri rétt fyrir hann að bregða sér austur og sjá árangurinn. Það er búið að leggja tugi þúsunda í kostnað við að verja Þingvallahraun ágangi, en nú kvað það vera fullt

af sauðfé, þrátt fyrir girðinguna. En þetta er þó minnst af því, sem þar hefir verið eytt að óþörfu. Kostnaðurinn, sem leiddi af flutningi Valhallar, varð gífurlegur. Það varð að byggja nýja brú á Öxará, leggja langan veg, fylla upp mýri. Allt þetta kostaði ekki undir 100 þús. kr. Hann sagði, að þetta hefði verið gert með samþykki alþingishátíðarnefndar. En það voru ekki nema 4 af 7 nm., sem samþ. þetta, og ég veit, að flestir ef ekki allir sjálfstæðismennirnir í nefndinni voru á móti því.

Þá kom hæstv. ráðh. að Laugarvatnsskóla og sagðist ætla að skoða það mál frá dálítið víðara sjónarmiði en ég hafði gert. Ég get ímyndað mér að honum komi það betur að taka það frá víðara sjónarmiði. Honum er nefnil. ekkert vel við að vera bent á, hvaða lög gildi um héraðsskólana.

Hann byrjaði tal sitt með því að segja, að ég væri á móti öllum héraðsskólum, og talaði um það í heilan stundarfjórðung. Þetta er vitleysa og fjarstæða, sem ég ætla ekki að svara með öðru en því, að skora á hann að sýna það svart á hvítu, að ég hafi látið þá skoðun í ljós í orði eða verki. En hins krefst ég, að lögin um héraðsskóla séu ekki þverbrotin í mörgum atriðum, eins og hæstv. ráðh. hefir gert. Hann gerði enga tilraun til að bera á móti þessum lögbrotum, enda liggja þau um of í augum uppi til þess, að það væri hægt. Þó var hann að reyna að bera í bætiflákann fyrir sig með því að segja, að í lögum frá 1929 hafi verið heimild fyrir stj. til að taka lán til héraðsskólanna. Þetta er rétt, en hvað kemur það málinu við, úr því að stj. hefir lýst yfir því á þinginu 1931, að hún hafi engin lán tekið til héraðsskóla? Hæstv. ráðh. vildi segja, að úr því að heimildin hefði ekki verið notuð, hefði mátt taka fé úr ríkissjóði. Slíkt er auðvitað ekkert annað en fjarstæða, og auk þess ákveða lögin, að ekki megi verja meira fé úr ríkissjóði en veitt er í fjárl. En hæstv. ráðh. hefir greitt til Laugarvatnsskólans níu sinnum meira en fjárlagaveiting nam. Annað atriði laganna hefir hann og þverbrotið. Í lögunum er svo ákveðið, að koma skuli jafnhátt framlag á móti annarsstaðar frá.Allir vita, hvað á það skortir um Laugarvatnsskóla, það er á 3. hundr. þús. kr.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það, sem hann sagði um eignir Skálholtsstóls í svari sínu, ætti ekki að þýða annað en að sýna, að stóllinn hefði verið auðugur. Þetta er nú ekki annað en það, sem ég og aðrir vissu áður. En af ummælum hæstv. ráðh. mátti helzt skilja, að hann teldi, að Árnessýsla hefði rétt tilkall til allra þessara eigna, þótt allir viti, að þetta voru upphaflega eignir kaþólsku kirkjunnar og síðan hinnar lútersku, en annars eign Skálholtsstiftis, og Árnessýsla átti ekkert tilkall til þeirra fremur öðrum héruðum innan stiftisins. Líka mátti skilja á hæstv. ráðh., að hann kenndi mér um, að Suðurlandsundirlendið hefði misst skóla sinn fyrir öldum síðan.

Það er mjög vafasamt, hvort telja ber listaverk, sem einstakir menn hafa gefið, sem framlag til kostnaðar skólans. Ég leyfi mér að efast um, að málverk, sem gefin eru löngu eftir að skólinn er byggður og tekinn til starfa, geti talizt sem framlag til stofnunar skólans. Þá nefndi hæstv. ráðh. sem framlag steina, steypta af kennurum og nemendum. En þessir steinar eru tilfærðir á reikningi þeim, sem sendur var endurskoðendum. En nú vill ráðh. tvítelja þennan lið, og er það auðvitað í samræmi við aðra viðleitni hans til að falsa og rugla reikningana.

Hæstv. ráðh. vildi ekki láta uppi, hver hefði gefið rúm þau, sem talin eru 15 þús. kr. á viðbótarreikningum. Ég vil nú segja hæstv. ráðh., að yfirskoðunarmenn hafa stjórnarskrártryggðan rétt til að sjá alla reikninga hins opinbera og að þeir verða aldrei samþ. nema þeir séu athugaðir af yfirskoðunarmönnum. Ég býst við, að hæstv. ráðh. komi með skilríki um þessa gjöf, og geymi því að láta í ljós, hvort ég tek þau gild unz ég sé þau.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir lofsyrði hans um mig sem fjármálamann og vona, að hann sýni þá í verki, að hann taki fjármálavit mitt til greina. Hann taldi 18 þús. kr. sparnað á ári að því að nota hverahita til upphitunar á Laugarvatni, í stað þess að hita upp með kolum. Þetta ætla ég, að sé nokkuð hátt reiknað, þegar borin er saman hitunarkostnað-

ur annara skóla, sem brenna kolum, eins og t. d. Hólaskóla. Þar er kostnaðurinn 6—8 þús. árlega. Má gera ráð fyrir, að flutningskostnaður á kolum þar sé svipaður því, sem hér hefði orðið, ef skólinn hefði verið byggður á köldum stað. Út frá þessum forsendum metur svo ráðh. hitann á hálflendu Laugarvatns á 300000 kr. Nú er upplýst, að skólanefnd hefir keypt jörðina hálfa fyrir 16 þús. kr. En nú virðist vera tilætlunin að reikna ríkissjóði jörðina á 310 þús.kr. Þessi aðferð minnir á Kreuger, nafnfrægasta og stærsta svindlara veraldarinnar, sem nú hefir nýdrepið sig. Enginn getur tekið það sem alvöru, að ríkissjóður eigi að taka þetta gilt. Nú á að fara að selja Reykjatanga, sem er ríkiseign, til Reykjaskóla, og Reykholtsskóli fær hita í Reykholti. Verður gaman að heyra matið á þeim hita til handa skólanum. Hæstv. ráðh. reyndi að sýna, að ríkið ætti ekki að fara eins að og leggja sama mælikvarða á gildi hitans og Laugarvatnsskólinn. Sú skoðun kom ljóst fram hjá honum, að einstaklingar ættu að féfletta ríkissjóð, og ríkissjóður ætti að lofa þeim það. Þetta er í samræmi við þá aðferð, sem hann hefir haft í sinni stjórnartíð, og tel ég ekki ástæðu til að kveða upp dóm yfir þessari skoðun hans og verkum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ríkið keypti hús á jörðum leiguliða sinna, en einstaklingar gætu hagað sér eins og harðdrægur jarðeigandi við Breiðafjörð, sem hann minntist á. En mér er þó kunnugt um, að ríkið neitaði bónda á Norðurlandi í fyrra um það, að kaupa hús af honum.

Út af þessum 1300 kr., sem ekki fyrirfinnast, vil ég segja hæstv. ráðh. það, að það er ekki skylda mín að fara upp í stjórnarráð til að sækja plögg, sem hann hefir vanrækt að senda. Það er hans að koma þeim til yfirskoðunarmanna, ef til eru. En út af því, að hann sagði, að minna hefði verið veitt til skólans en LR. sýndi, vil ég taka fram, að þetta er ekki rétt, með því að ég hefi borið LR. saman við bækur ríkisféhirðis og allt hefir staðið heima.

Þá talaði hæstv. ráðh. um sparnað fyrir nemendur á Laugarvatni, og vísaði í útreikninga um kostnað við menntaskólann í Rvík. En sá samanburður haltrar töluvert, þegar nánar er á litið. Í kostnaðarútreikningum fyrir menntaskólann er gert ráð fyrir kostnaði af ritföngum, bókum og fatnaði, en kostnaður af þessum liðum er ekki áætlaður neinn á Laugarvatni. Í menntaskólanum er jafnvel klipping á hári talin með, en á Laugarvatni er ekki gert ráð fyrir nauðsynlegasta fatnaði. Þetta gerir samanburðinn svo villandi, að mismunurinn á framantöldum liðum gerir 400 kr. á nemanda, eða 40 þús. kr. á 100 nemendur. Svona samanburð lætur hæstv. ráðh. sér sæma að láta koma fyrir almenningssjónir.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum til að svara hæstv. ráðh. Ég hefi notað hálfu skemmri tíma en fór í ræðu hans til að rífa niður allt, sem hann sagði.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 23. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég vildi gera fáeinar aths. við ræðu hv. 2. þm. Skagf. á síðasta fundi. Ég ætla að fylgja sömu röð og fylgt hefir verið áður við þessar umr., þótt sum atriðin séu að vísu nokkurn veginn útrædd.

Ég ætla þá aftur að víkja að þeim smáatriðum, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, og er þá fyrst eyðsla stj. í hestahald. Hv. þm. viðurkenndi, að þessir hestar hefðu verið komnir fyrir mína tíð í stjórnarráðið og verið þar í tíð íhaldsstj., og þá verið notaðir af ráðh., en hann vildi ekki viðurkenna, að hann hefði notað þá nema í embættiseftirlitsferðir. Nú er það vitað, að ráðh. í íhaldsstj. fóru pólitiskar ferðir um landið, og ég vil minna hv. þm. á, að hann lét sækja sig á þessum hestum 1927 norður í land, eftir að hann hafði verið þar á póltiskum fundum. Það er þess vegna ekki rangt, að hann hafi notað þá í eigin þarfir, og vil ég leiðrétta þetta hjá hv. þm.

Hv. þm. heldur því fram, að allir þeir bílar, sem notaðir eru til ýmiskonar séreyðslu og færðir eru á LR., séu stj. að kenna, og þá sérstaklega mér. Hann vill helzt færa kostnaðinn við póstbílinn, símabílinn og bankabílinn mér til syndar. Hann vill láta ferðir bílanna með

biskupinn, landlækni, verkfræðinga, skólafólk, starfsmenn Búnaðarfélagsins o. fl., vera á kostnað stj. En svona er það einmitt, að þessir bílar hafa verið meira notaðir almennt í þágu þjóðarinnar en aðrir bílar. Og þegar svo er komið, að stofnanir eins og bankarnir, sem hafa tiltölulega lítið við bíl að gera, og póstmeistarinn hafa fengið sér bíla til afnota, þá þýðir ekki að vera að halda því fram, að þetta eigi öðruvísi að vera. Þar að auki er þetti síður í öðrum löndum, að stj. hafa bíla fyrir hverja skrifstofu, af því að þær sjá, að það er ódýrara og praktiskara en að leigja bíla.

Hv. þm. gaf í skyn, — ég held ég hafi skilið það rétt, — að ég hefði gert einhverja falssamninga um sölu bíla og dregið mér peningana fyrir þá, og vísa ég þessu heim til föðurhúsanna aftur. Hann getur séð það í reikningunum, að ég hefi selt bílana eftir mati bifreiðaeftirlitsmannanna og að tekjurnar hafa runnið í ríkissjóð. Ef þær eru ekki færðar á reikning landhelgissjóðs, þá er það af því, að þeir, sem sjá um bókhaldið, hafa ekki vitað, að svo ætti að vera, og látið þær renna í ríkissjóð, en peningarnir hafa ekki fremur runnið til mín en til hv. 2. þm. Skagf. enda átti hvorugur okkar að fá þá.

Þá hefir gleymzt hjá mér eitt atriði, sem hv. þm. hefir oft minnzt á, en það er kosningaferðalag okkar landskjörsmanna sumarið 1930 á varðskipinu, og telur hann það vera mikla synd og lætur sem ég einn hafi haft not af skipinu í þessari ferð. Ég skal því rifja það upp, að allir aðalfulltrúar flokkanna voru í þessari ferð og að þetta var eini möguleikinn til að ná til kjósendanna úti um allt land; við héldum um 40 fundi víðsvegar um landið, og vorum við reyndar oftast aðeins 2 af frambjóðendunum, en nokkurn hl. af ferðinni var þó íhaldsframbjóðandinn með eða þá staðgengill hans. Þess vegna er það rangt, að Framsóknarflokkurinn hafi haft meira gagn af þessari ferð en aðrir flokkar, því að þar ríkti fyllsta réttlæti. Það hefði verið alveg eins og ef hv. þm. hefði látið senda leiguhesta norður í Skagafjörð til afnota fyrir sig og mótframbjóðendur sína, en ekki til afnota fyrir sig einan, eins og hann gerði. (MG: Hæstv. ráðh. neitaði andstæðingi sínum um far). Ekki nema manni, sem var brotlegur við landhelgislögin. Hv. þm. veit, að Árni frá Múla er nú þungur, og hann var lengi með, og það mun ekki hafa kostað skipið minna erfiði að hafa hann um borð en okkur hina báða. (MG: Var hv. þm. G.-K. ekki nógu feitur til að fá far?). Hann var of syndugur í landhelgismálum. — Það var þess vegna gætt fyllsta réttlætis milli flokkanna. Og þessu var vel fagnað af kjósendunum og almenningur mjög ánægður yfir því, að við skyldum koma, eins og sást á því, að mjög víða létu sjómenn falla niður róðra þennan dag og bökuðu sér með því mikið tjón, miðað við þröngt sjónarmið. En án þess að taka varðskipið í þessa ferð hefðu frambjóðendurnir alls ekki komizt í snerting við kjósendurna. Þetta vor höfðu líka skipin minna að gera við landhelgisgæzlu en undanfarin ár, og svo hefir það alltaf þau áhrif, þegar skipin eru við landið, hvort sem þau eru fyrir austan, norðan eða vestan, að þá eru trollararnir ekki þar við land. Þetta skip fór því líka ferðir tilheyrandi starfi sínu. Og þar sem gæzlan hafði verið svo góð undanfarið, þá þurfti heldur ekki einsmikla gæzlu til að halda trollurunum burtu.

En því, sem hv. þm. notar venjulega sem aðalástæðuna fyrir árásum sínum út af þessari ferð, að hún hafi verið farin vegna flokkshagsmuna, vísa ég algerlega til baka, með því að það er skjallega sannað, að hans flokkur hafði rétt til að hafa aðalmann flokksins, sem sé frambjóðandann, með í förinni eins og hinir flokkarnir, svo að Framsóknarflokkurinn sýndi ekki nokkra hlutdrægni í þessum efnum.

Þá skal ég minnast á læknamálið. Hv. þm. er ekki ánægður með það, að Sigvaldi Kaldalóns skyldi fá Keflavíkurhérað. En út af því, sem hann sagði um löglegt heiti á héraðinu, þá vil ég benda á, eins og líka hv. þm. mun vera kunnugt, að í frv. því, sem nú hefir verið samþ. hér um skipun læknishéraða, er, eins og áður var, gert ráð fyrir því, að veita megi undanþágur frá ákvæðunum um læknissetur, ef þær stafa af því, að ekki er húsrúm til fyrir lækninn á þeim stað,

sem hann á að sitja. Nú vill svo til, að í Keflavík fékk læknirinn ekkert húsnæði, en í Grindavík var skotið saman um 20 þús. kr. til að byggja yfir hann, af því að Grindvíkingar vildu vinna það til, til að fá til sín svo góðan mann, og hefir aldrei í neinu héraði verið sýndur eins mikill áhugi fyrir að fá ákveðinn lækni eins og þarna, og hefir þó enginn læknir orðið fyrir eins miklum harðyrðum og þessi læknir. Þess vegna er það, að fólkið hefir dæmt framkomu læknanna fyrir sitt leyti og kann vel að meta hana á réttan hátt. En Sigvaldi Kaldalóns veit það vel, að hvenær sem héraðið reisir læknisbústað í Keflavík, þá verður hann að flytja þangað. En sem stendur kæra héraðsbúar sig víst ekki um að byggja.

Hv. þm. var að halda því fram, að það hefði ekki verið sambærilegt, þegar ég hefði tekið dæmi af honum sjálfum, þegar hann fór frá embætti með eftirlaunum, og borið saman við flutninginn á Sigvalda Kaldalóns milli embætta. Þetta eru þó stjórnarsamningar hvorttveggja. Því að ég vil segja hv. þm. það, eins og hann líka veit, að þegar hann lét af ráðherraembætti, var búið að afnema eftirlaun ráðh. Hann veit líka, að sýslumaður á hans aldri og við góða heilsu, sem hann sem betur fer hefir, á ekki að fá nein eftirlaun, þótt hann færi úr embætti. T. d. er einn sýslumaður nú að sækja um lausn frá embætti, maður, sem er enn á góðum aldri, og sendi með umsókninni læknisvottorð um heilsuleysi, en honum var sagt, að ef hann vildi fá eftirlaun, þá yrði hann að koma suður og láta skoða sig í landsspítalanum, svo að það væri fullvíst, að áliti helztu lækna, að hann væri svo heilsulaus, að hann hefði rétt til eftirlauna. Það þýðir því ekkert fyrir hv. þm. að reyna að bera það fyrir sig í þessu sambandi, að hann fengi eftirlaun vegna sýslumannsembættisins. Því að þótt hann hafi verið ráðh., og þótt hann hafi verið sýslumaður, þá átti hann ekki kost á neinum eftirlaunum þess vegna, af því að ráðherraeftirlaun voru afnumin, þegar hann lét af ráðherraembætti, og af því að hann var heill heilsu, þegar hann lét af sýslumannsembætti. Og hv. þm. sér, að það er óeðlilegt, að hann fái eftirlaun, þegar hann á hvorki rétt til þeirra sem fyrrv. ráðh. né sýslumaður, og þar sem þetta er þannig óviðfeldið fyrir hann og sýnir ágengni hans við ríkissjóðinn, þá ætti hann nú, af því að hann er nú laglega efnaður maður, að hætta að taka þessa peninga og sýna með því rausn sína, en vera ekki að taka þetta fé lengur, úr því að það er svona fengið. Það er vitað, að með þessari ljómandi heilsu, sem hv. þm. hefir og vonandi heldur áfram að hafa, geta það orðið 40—50 þús. kr., sem hann fær í eftirlaun, þrátt fyrir það, að hann hefði annaðhvort orðið að vera veikur sýslumaður eða ráðh., áður en ráðherraeftirlaun voru afnumin, til þess að geta fengið þessi eftirlaun, sem ekki var nokkur minnsti siðferðilegur réttur til að veita honum. Mér finnst það því sitja illa á sýslumanni, sem með harðdrægni hefir komið þessu í gegn og tekur svona fengin eftirlaun, og það þó illa ári, að vera að tala um, þótt Sigvaldi Kaldalóns, sem er fátækur og heilsulítill maður, fái þetta fé, og vera að bera honum á brýn hörku.

Hv. þm. hélt því fram, að hann væri nú ekki viss um, að sá sigur, sem stj. hefði unnið á læknunum, væri svo mikill. En ég get sagt honum það, að sá sigur var svo mikill, að nú eru allir vissir um, að sú tilraun, sem læknarnir gerðu til að draga veitingarvaldið úr höndum ríkisstj., mistókst og að læknarnir lögðu niður vopnin. Og nú munu ekki aðrar stj. þurfa að óttast, að það verði reynt af nokkrum embættismannaflokki að fara hinu sama fram. Það var þess vegna sá sigur, sem stj. vann, að þjóðskipulaginu var bjargað.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um það, að læknarnir hefðu haft siðferðilega ástæðu til að bera fram kvörtun út af veitingum á læknaembættum, áður en veiting Keflavíkurhéraðs fór fram, af því að stj. hefði ekki farið eftir till. landlæknis um þær embættaveitingar. Þar til er því að svara, að stj. fór nákvæmlega eftir till. landlæknis um þær veitingar, þeim, sem bréflega lágu fyrir í stjórnarráðinu, og get ég sýnt hv. þm. það, ef hann óskar þess. En ég vil í þessu sambandi geta þess, að það var löngu fyrir mína tíð í stjórnarráðinu, mig minnir að það hafi verið árið 1922, sem Blönduóss-

hérað varð laust, og þeir höfðu þar, Austur-Húnvetningar, sent stj. áskorun um að veita Kristjáni Arinbjarnarsyni, sem þeir síðar fengu, héraðið, og þá skrifaði landlæknir stj. bréf, þar sem hann segir, að hann hallist að því, að þegar fólkið í læknishéruðunum biðji um ákveðinn lækni, sem það vilji fá, þá fái það þann lækni. Og hann segist hafa verið sjónarvottur að því, að ef þetta hafi ekki verið gert, þá hafi það orðið til óláns fyrir báða, bæði lækninn og héraðsbúa. Og Guðmundur Björnson réð svo til, að þessi maður fengi Blönduósshérað, af því að Austur-Húnvetningar vildu fá hann. Og þeir fengu hann.

Þegar ég svo tók við ráðherraembætti, þá hélt ég þessari sömu stefnu, sem landlæknir hafði tekið fram og formúlerað svo skýrt og skarpt, að þegar fólkið vildi fá einhvern ákveðinn lækni, þá ætti það að fá hann. Nú hafði ég veitt 3 læknishéruð á undan Keflavíkurhéraði, sem sé Dala-, Stykkishólms- og Seyðisfjarðarlæknishérað, og borgararnir sendu eindregnar áskoranir — ég held það hafi verið 80% af öllum mönnum í héruðum, sem báðu um þá menn, sem veitingarnar fengu. Og ég veitti héruðin þeim mönnum, sem fólkið óskaði eftir, en ekki eftir neinu flokksfylgi, því að af þessum 3 mönnum var enginn stuðningsmaður stj. og varð það heldur ekki síðar, heldur hafa þeir tilheyrt andstæðingunum. Það var þess vegna engin pólitík í þessum veitingum, heldur var aðeins haldin áfram sú stefna, sem Guðmundur Björnson hafði hafið í þessu efni. Ef hv. 2. þm. Skagf. hefði viljað koma vini sínum, Jónasi Kristjánssyni, í Keflavíkurhérað, þá hefði hann því ekki þurft annað en safna undirskriftum í héraðinu, — og ég trúi ekki öðru en að það hefði tekizt, þar sem hv. þm. er nú svo vinmargur í héraðinu, a. m. k. sumstaðar —, um að skora á stj. að veita Jónasi Kristjánssyni héraðið, og þá hefði ég veitt honum það. En hv. þm. hefir kannske ekki verið svo hrifinn af því, að Jónas Kristjánsson fengi héraðið; ég get vel trúað, að hann hafi ekki kært sig um að missa svo ágætan agitator úr Skagafirði. (MG: Nú, hæstv. ráðh. hefir þá kannske verið að hjálpa mér!!). Já, stj. leit svo á, að það væri enginn velgerningur við hv. þm. að láta hann missa þennan agitator. Hinsvegar er það víst, að ef hv. þm. hefði aflað undirskrifta fyrir þennan vin sinn í Keflavíkurhéraði, og fólkið valið hann, þá hefði stj. lagt það til við konung, að honum yrði veitt embættið. En þetta vildu læknarnir ekki, því að svo illt sem þeim þótti, að ráðh. réði veitingu læknisembættanna, þá vildu þeir þó enn síður, að fólkið réði. Baráttan var því um það, hvort fólkið ætti að ráða veitingu þessara embætta eða fámenn læknaklíka í Reykjavík. Og sá sigur, sem unninn var, var svo mikill, að það verður erfitt fyrir nokkra stj. hér eftir að neita því að verða við óskum borgaranna, ef þeir biðja um ákveðinn lækni, eftir að þessi venja hefir myndazt.

Hv. 2. þm. Skagf. vildi lítið fara út í þann hernað, sem ég líkti þessu læknastríði við, sem sé hernað hans sjálfs, ég held það hafi verið 1922, út af rússneska drengnum. En ástæðan fyrir þeim hernaði reyndist nú annars mest tóm vitleysa, því að þessi drengur kom hér í sumar og hafði þá vottorð lækna um, að honum væri nú batnað, eftir að hann hefði verið á spítala í 3 mánuði, og væri nú alheilbrigður. Ráðunautar stj. höfðu því á röngu að standa. En ég ásaka ekki hv. þm. fyrir það; hann trúði þeim og varð því að fara að eins og hann fór. Þeir leigðu byssur, púður og blý og létu útbúa spítala og leigðu börur, og svo var stofnaður her, og það voru víst í honum um 500 menn í allt undir vopnum, til að verja þjóðfélagið. Svo komu þeir til Alþingis og báðu um að fá þetta góðkennt, og það samþ. þennan herkostnað, sem var nokkuð hár, út af þessu lítilfjörlega og raunar ranga tilefni.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri mótsetning milli svarsins í LR. og minnar ræðu um kostnaðinn við að brjóta læknaklíkuna á bak aftur. En það er ekki. Hv. þm. veit, að stjskr. gerir ráð fyrir því, að hægt sé að flytja embættismann milli jafngóðra embætta. Og úr því stjskr. gerir ráð fyrir, að þetta sé gert, þá ætlast hún auðvitað til, að stj., undir vissum kringumstæðum, þegar þjóðfélaginu liggur á, skuli gera það. Nú væri það heimska að skilja þetta stjskr.ákvæði svo, að stj. mætti ekki gera neinar ráð-

stafanir til að afstýra þjóðfélagshættu nema þær, sem kostuðu ekki neitt.

Það liggur í hlutarins eðli, að stj. verður að geta gert samninga um slíkar ráðstafanir sem þessar, þótt þær kunni að kosta ríkissjóð nokkurt fé, á sama hátt og hv. þm. sjálfur gerði, þegar hann var í stjórn 1922, þegar hann keypti byssur og önnur hernaðartæki af vopnasölum hér í bænum til varnar þjóðskipulaginu. Þess vegna er það rétt, sem ég hefi haldið fram um þetta. Flutningur læknisins milli héraðanna styðst við þá reglu, sem stj. verða að fylgja í þeim efnum samkv. stjskr.

Með fordæmi ríkisstj. 1922 hafði ríkisstj. skuldbundið ríkissjóð til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af því stafar, að verjast uppreisn gegn þjóðskipulaginu. — Get ég svo látið úttalað um Sigvalda Kaldalóns, en það mál hefir orðið eitt hið vinsælasta hér á landi, því að almennt hafa menn skilið, hversu brýn nauðsyn var á að brjóta niður ofsa og uppreisnaráform læknafélagsins, eins og hugur og framkoma íbúanna sýnir í því þorpi, sem læknirinn situr í.

Þá kem ég að Laugarvatnsskólanum, sem hv. 2. þm. Skagf. dvaldi lengst við í ræðu sinni. Ég vil þá fyrst minna hv þm. á það, að þessir fimm nýju héraðsskólar, sem reistir hafa verið á síðari árum, hafa samtals kostað ríkið álíka fjárupphæð og einn gjaldþrota smákaupmaður hefir kostað þjóðina, það er Sæmundur Halldórsson í Stykkishólmi. Á honum hefir ríkið eða bankarnir tapað eins og kunnugt er 600—700 þús. kr., og er það eitt einasta dæmi.

Það er eitt dæmi um fjarstæður hv. þm. í aths. hans út af fjárframlaginu til Laugarvatnsskólans, að hann heldur því fram, að heimild stj. til þess að taka lán vegna bygginga héraðsskólanna beri ekki að skoða sem heimild til þess að nota tekjur ríkissjóðsins umfram áætlun sem tillag ríkissjóðs til skólanna. En þetta er aðeins meinloka hjá hv. þm. Það liggur í augum uppi, að það er ekki ætlazt til, að ríkissjóður fari að taka lán, ef hann hefir nóg fé fyrir hendi til þess, sem á að framkvæma. Það dettur engum í hug, þegar þingið er búið að gefa stj. heimild til þess að taka lán til byggingar, t. d. landsspítalans, að þá sé henni ekki jafnheimilt að nota umframtekjur góðærisins í því sama skyni, og það meira að segja fremur en að taka lán, því heimild til lántöku gildir vitanlega aðeins, ef fé er ekki fyrir hendi með öðru móti.

Þá kem ég að því aðalatriði þessa máls, hvort þau náttúrugæði, sem fyrir hendi eru og notfærð eru skólanum til blessunar, vinni honum gagn, sem nemur vöxtum af 300 þús. kr. á ári, og hvort rangt sé að telja þessi hlunnindi sem framlag til skólans. Það heyrðist á, að hv. þm. var heldur ókunnugur þessum sökum. Hann talaði um, að það næði engri átt, að hitunarkostnaður Laugarvatnsskóla hefði orðið svona mikill, og gat um til samanburðar, að hitunarkostnaður Hólaskóla væri ekki nema 6—8 þús. kr. á ári. Ég skal nú segja hv. þm. það, að hann með þessum slumpreikningi sínum á hitunarkostnaði Hólaskóla fer ekki svo langt frá því að gera það eðlilegt, að sá kostnaður mundi á Laugarvatnsskóla nema ca. kr. 18 þús., þegar á það er litið, hve miklu dýrari er flutningur á kolum að Laugarvatni héðan frá Reykjavík heldur en til Hóla frá næstu höfn, en þó sérstaklega þegar litið er á það, að Laugarvatnsskóli rúmar nálægt þrisvar sinnum jafnmarga nemendur og Hólaskóli, og væri því eðlilegt, að hitunarkostnaðurinn hefði orðið þeim mun meiri en á Hólaskóla fyrir utan það, sem hann hefði orðið hærri fyrir aðra verri aðstöðu. — En fyrir utan þetta er sundlaugin á Laugarvatni, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir ekki tekið með í reikninginn í sínum samanburði. Húsameistari ríkisins hefir reiknað út, hvað árlegur rekstur hefði kostað, ef skólinn á Laugarvatni hefði verið byggður við Ölfusárbrú, og bæði hann og sundlaugin hefði verið upphituð með kolum, og nemur það hvorki meira né minna en 100 þús. kr. á ári. Þetta er gert við einn skóla fyrir ríkra manna börn í Englandi, sem ég þekki. Það eru náttúrlega dýr heilsumeðul þetta, en það eru þægindi og menningarskilyrði, sem eru ákaflega æskileg, bæði fyrir fátæka og ríka. Af þessu sést, að það hefir verið ómetanlegur hagur fyrir þennan skóla og alla þá, er hans eiga að njóta, að þessi náttúruauður skyldi verða

notaður í þágu hans, og það er alveg augljóst mál, að ef prívatmaður hefði átt þennan stað, þá hefði hann viljað hafa eitthvað ekki lítið fyrir snúð sinn. Hann hefði blátt áfram miðað sölu Laugarvatns við verðmæti náttúrugæðanna, eins og byggingarnefndin hefir gert að nokkru leyti. Til þess að sýna, að þetta er ekkert óeðlilegt, ætla ég að taka dæmi af bónda, sem býr á jörð á einni eyjunni á Breiðafirði, sem er eign hv. þm. Bóndi hefir byggt hús á þessari jörð fyrir 10 þús. kr. og vill nú selja jarðeiganda þetta hús með kostnaðarverði, en hv. þm. vill ekki gefa nema 1 þús. kr. fyrir húsið. Við þessu er náttúrlega ekkert hægt að segja, en þetta er þó meira harðræði heldur en stj. og þing geta verið þekkt fyrir að beita. Hér er um að ræða einstakling, sem notar sér sína aðstöðu. Aftur er ég viss um, að hv. þm. er mér sammála um það, að ríkið getur ekki beitt sér á líkan hátt; það gæti ekki farið að selja fólkinu náttúrugæðin við okurverði, og ég er viss um, að hv. þm. hefði ekki, þótt hann hefði verið ráðh., fremur en ég farið að meta hitann í Reykholti sem tillag frá ríkinu, þótt bæði hann og ég sem einstaklingar hefðum viljað virða hitann til peninga, ef við hefðum verið að selja ríkinu eignina. Það sér hver maður, að það er enginn smáræðissparnaður, sem verður fyrir notkun jarðhitans, þar sem hann skuli nema 100 þús. kr. á ári á einum einasta skóla, miðað við þá skóla, sem reknir eru í Reykjavík, auk þess sem þessi skóli vegna hinna sérstöku hlunninda skapar fjörugra og heilsusamlegra skólalíf en þeir. Þetta eru gæði, sem virkilega eru peningavirði, gæði, sem eru varanleg og engum manni dettur í hug að gera lítið úr nema af pólitískum ástæðum. Hv. 2. þm. Skagf. hefir tvisvar í þessum umr. minnzt á sænskan mann, Ivar Kreuger, og er helzt að skilja, að hann haldi, að ég hafi staðið í einhverju óleyfilegu sambandi við þennan mann, sem ég hefi þó aldrei séð. (MG: Hæstv. ráðh. hefir þó skrifað eftirmæli um hann). Ef ég væri skáld, getur vel verið, að ég hefði reynt að yrkja eftirmæli um þennan sænska íhaldsforkólf, en ég mundi þá líklega ekki síður reyna að gera löndum mínum í þessum flokki sömu skil. Það hefir komið upp við rannsókn á eftirlátnum eignum þessa manns, að ýmsar voru mjög lítils virði, svo sem fölsuðu ríkisskuldabréfin, og það eru því ákaflega ósambærileg verðmæti, þessi ítölsku ríkisskuldabréf og heita vatnið í alþýðuskólunum, sem vara mun um aldur og ævi, og er því ekki gott að átta sig á hugsanagangi hv. þm. í þeim samanburði. En úr því að hv. þm. er að ástæðulausu að reyna að sýna fram á samband milli mín og þessa íhaldsforkólfs, sem með stórfeldum fjárframlögum hefir styrkt íhaldið og kommúnista, bæði í sínu föðurlandi og öðrum löndum, þá er ekki úr vegi að minna hv. þm. á, að einmitt hann hefir á sínum stjórnarárum komizt í samband við útlenda menn af sama tagi. Hér um árið kynntist hann norður við Eyjafjörð manni, sem óvirt hafði Íslendinga og íslenzk lög. Hann hefir játað sig hafa fengið kaffi hjá þessum manni (MG: Og með því.), þegar hann átti að rannsaka mál hans, en ekki viljað kannast við að hafa þegið af honum veizlu, en nokkuð var það, að þjóðinni þótti hv. þm., sem þá var ráðh., verða helzt til lítill í viðureigninni við þennan erlenda fjárbraskara, sem misboðið hafði okkar þjóð. Annað dæmi af hv. þm. sem ráðh. er, þegar hann tók enska lánið og fékk þá Pál Torfason og sænskan mann, sem kallaður hefir verið Kúlu-Andersen, til þess að vinna fyrir landið. Þessi sænski maður var nú skömmu seinna viðurkenndur glæpamaður, en hv. þm. taldi sér ekki fært að borga þessum mönnum minna en 100 þús. kr. fyrir að fara til Lundúna og tala við væntanlega lánardrottna. Hann gaf strax út skipun um að greiða þeim 53 þús. kr., og hitt hafa þeir fengið í ýmsum baugabrotum samkv. samningum, sem Alþingi er kunnugt um. Þegar athugað er, að hv. þm. hefir sjálfur reynt það að vera í lífrænu sambandi við slíka menn sem Kúlu-Andersen og gefið honum af landsins fé, er ekki gott að skilja, hvaða rök hann sér fyrir því, að blanda þessum útlenda íhaldsfjárglæframanni, sem aldrei hefir komið nærri neinum Íslandsmálum, saman við skólamál okkar. En ég vil spyrja hv. þm., hvaðan hann hafi haft heimild til þess að borga þessum mönnum aðra

eins ógnarupphæð fyrir lítilsháttar undirbúningsvinnu við lántöku? Ég get bent hv. þm. á að athuga það til samanburðar, að ég undirbjó lántöku í Englandi nokkru síðar, og mun sá undirbúningur hafa fyllilega svarað til þess starfs, sem þessir liðsmenn hans leystu af hendi, en kostnaðurinn var harla ólíkur. Þegar á það er litið, að þessi hv. þm. hefir með einum pennadrætti samþ. þessa rausnarlegu greiðslu til hinna frægu umboðsmanna sinna, þá er það dálítið undarlegt, að hann skuli geta fengið sig til að spyrja um lítilfjörlegan stríðskostnað í baráttunni við læknaklíkuna, enda er árangurinn af þessum tveimur greiðslum ríkisins harla ólíkur. Ég get varla lokið svo máli mínu um Laugarvatnsskólann að minnast ekki á þá þakklætisskuld, sem þessi skóli sérstaklega stendur í við höfuðforkólfa Íhaldsflokksins, fyrir öll þau ósannindi, sem þeir hafa breitt út um þennan skóla, alla rangsleitnina og andúðina gegn honum, því að þetta hefir allt verkað öfugt í reyndinni. Þegar menn hafa farið að kynna sér það, hvað hæft væri í þessum málarekstri íhaldsins, og það sanna hefir komið í ljós, að allt var vitleysa hjá því, þá hafa öll ólætin snúizt upp í sórkostlega auglýsingu fyrir skólann, þannig að mótstaðan hefir snúizt í verklegt meðhald einmitt hjá sumum flokksmönnum hv. þm. Af öllum alþýðuskólunum hefir Laugarvatnsskóli einmitt hlotið hvað mesta aðsókn og aðdáun hjá þjóðinni, og þetta á hann að miklu leyti að þakka hinni stórkostlegu mót-agitation íhaldsins, sem ég býst ekki við, að hægt verði að meta til peninga fremur en jarðhitann. Hv. íhaldsmenn hafa mjög mikið ýkt áhrif mín í þá átt að auka vinsældir þessa skóla, því að þeir hafa viljað þakka mér nær eingöngu hans glæsilega upphaf. Þótt þeir hafi náttúrlega gert allt of mikið úr mínum áhrifum, þá langar mig til að launa þeim „complimentin", ekki með illu, eins og mér sýnist hv. þm. búast við, eftir brosi hans að dæma, heldur með því að minna á það, að þessir afvegaleiddu andstæðingar skólans virðast hafa snúizt til réttrar skoðunar á skólanum. Þessi skóli er nú orðinn yfir veturinn heimkynni 140—150 námssveina og meyja víðsvegar af landinu, en á sumrin er hann gisti- og dvalarstaður hinna efnameiri borgara landsins, sérstaklega þessa bæjar. Vegna ríkulegra skilyrða frá náttúrunnar hendi og framlaga frá hinu opinbera er nú þessi staður orðinn þannig búinn, að efnamennirnir kjósa sér staðinn öðrum fremur til þess að verja þar sínum fjármunum sér til hvíldar og heilsubótar. Það er kunnugt, að ríku fólki verður oft það á að borða meira en það hefir gott af, en því fylgir svo gigtveiki og ýmsir aðrir kvillar. Og þó að gufuböðin á Laugarvatni veiti kannske ekki öllum, sem þangað leita, fulla bót sinna meina, þá er ég fullviss um það, að hv. 2. þm. Skagf. mun eftir nokkur ár sannfærast um það, að ég mun fá miklar þakkir fyrir áhrif mín á stofnun þessa skóla, og á sama hátt óverðskuldaðar og það aðkast hefir verið, sem ég hefi hingað til sætt í því máli frá flokksmönnum hv. þm. Þess mun verða minnzt, að fyrir þetta fólk hafi ég þarna látið byggja slíkt hvíldar- og hressingarhæli, að annað eins finnst ekki fyrr en suður í heitari löndum. Á þennan hátt mun Íhaldið smámsaman móttaka laun fyrir þann skerf, er það hefir lagt til stofnunar skólans.

Ég hefi nú í tveim ræðum gefið nokkra skýringu á hinni pólitisku hlið þessa skólamáls, sem upplýsir nokkuð ástæðurnar fyrir aths. hv. þm. um byggingarkostnað Laugarvatnsskóla. Mun ég svo láta við svo búið sitja að sinni og ekki teygja lopann meir um þetta mál, með því líka að ég þarf öðrum fundarstörfum að sinna bráðlega.

Magnús Guðmundsson: Það er auðfundið, að ég hefi komið við hjartað í hæstv. dómsmrh. í gær eða fyrradag, þegar ég talaði um fjárgreiðslurnar til Laugarvatnsskóla. Hann hefir nú haldið tvær ræður til þess að reyna að svara mér, aðra sem stóð í hálfan annan klt., og hina í klt. Nú vil ég skora á hæstv. ráðh. að fara ekki burt úr d., en hlýða á svar mitt, því að það er sannarlega ekki vandi að hrekja það, sem hann hefir sagt.

Ég skal taka það fram fyrst og fremst, að mér dettur ekki í hug að verja mig fyrir persónulegum árásum hæstv. ráðh. Það er síður hans, eins og kunnugt er,

þegar ráðizt er á gerðir hans og hann krafinn reikningsskapar, að þá verður honum það eitt fyrir að reyna að úthúða andstæðingunum með persónulegum ásökunum, í staðinn fyrir að verja sín verk, en það reynir hann aldrei af þeirri einföldu ástæðu, að það er aldrei á hann borið annað en það, sem satt er.

Út af því, sem hann sagði um notkun mína á hestum ríkisins, þegar ég var ráðh., þá skal ég taka fram, að það er allt rangt og ósatt, sem hann sagði um það mál. Aftur á móti viðurkenndi hann að hafa notað bæði hesta, varðskip og fólksbifreiðar ríkisins í pólitíska þágu um kosningar. Hann segir, að ég sé á móti því, að ríkið eigi og noti bifreiðar. Ég hefi aldrei sagt það, að ég væri á móti því, að ríkið ætti bifreiðar, sem það notaði til nauðsynlegra hluta, en þegar eytt er á 4 árum yfir 100 þús. kr. í bílkostnað í snattferðir stj., þá er ég viss um, að enginn maður í landinu skoðar það annað en óhóf.

Hæstv. dómsmrh. hældi sér af því, að hann hefði haldið 40 fundi í leiðangri sínum á varðskipi ríkisins kring um landið vorið 1930. Það getur vel verið, að þetta sé rétt; hann hafði varðskipið í þessum leiðangri víst í heilan mánuð, og á hraðskreiðu skipi má fara mikið um á svo löngum tíma. Hann mótmælti því ekki, að þessi ferð varðskipsins hefði kostað 60 þús. kr., en sagðist hafa gert þetta fyrir alla flokka jafnt. Það er þó ekki satt, því að kunnugt er, að hann neitaði hv. þm. G.-K. um far með varðskipinu. Hann vissi sem var, að þessi hv. þm. var enginn vinur hv. ráðh. og mundi verða ráðh. snarpur andstæðingur á fundunum. Hæstv. ráðh. kærði sig því ekki um að flytja hann með, og fann þá upp á því, að halda því fram, að þessi hv. þm. hefði gerzt brotlegur við landhelgislögin og því væri ekki viðeigandi að flytja hann sem frjálsan mann á varðskipi. Nú vita það allir, að þessi hv. þm. hefir hvorki orðið sekur við landhelgislögin eða önnur landsins lög og að þetta var bara yfirskynsástæða. Hitt er satt, að einn af skipstjórum þessa hv. þm. hefir einu sinni gerzt brotlegur við landhelgislögin, en það er náttúrlega allt annað en að það hafi verið hv. þm. sjálfur.

En það er ekki þetta, sem var ástæðan til þess, að hæstv. ráðh. vildi ekki hafa þennan hv. þm. með. Hann vildi ekki hafa hann sem andstæðing á fundunum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég væri á móti því, að Sigvaldi Kaldalóns hefði fengið Keflavíkurhérað. Ég hefi ekkert á móti því út af fyrir sig, en honum var veitt það með rangindum, af því að um það sótti læknir, sem átti að ganga fyrir eftir réttum veitingarreglum. En það, sem ég hefi sérstaklega við þetta að athuga, er, að hann er keyptur fyrir ríkisfé til þess að taka við þessu embætti. Hæstv. ráðh. endurtók það, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni, að þetta væri herkostnaður, sem ríkið yrði að greiða vegna deilunnar við læknana. En því sagði hæstv. ráðh. ekki þetta í svarinu við aths. yfirskoðunarmanna LR.? Þar segir allt annað, sem sé, að hann hafi verið fluttur úr Flatey nauðugur og það hafi verið gert samkv. stjskr. Hæstv. ráðh. sá nefnilega, þegar búið var að rífa niður þetta svar hans, að það gat ekki staðizt. Það var alls ekki hægt að vísa í stjskr. í þessu sambandi. Eftir henni hafði ekki verið farið. Og þá kemur hann og segir það, sem satt er, að þetta er nokkurskonar herkostnaður við herferð gegn læknunum — kostnaður, sem ríkið verður að greiða. Hitt er vitaskuld, að ef hann hefði ekki beitt rangsleitni í veitingu þessa embættis og annara, þá hefði aldrei komið til neins herkostnaðar. Það er vitanlegt, að einhver þekktasti og bezti læknir landsins, Jónas Kristjánsson á Sauðárkróki, sótti um þetta hérað og átti að fá það, og hefði hann fengið það, þá var ekki um neitt stríð eða herkostnað að ræða. Því er það ekki ríkissjóður, heldur ráðh. sjálfur, sem á að greiða kostnaðinn. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann hefði aðallega hætt við að veita Jónasi Kristjánssyni Keflavíkurhérað vegna þess, að hann hefði átt að vera norður í Skagafirði að agitera fyrir mér. Það getur nú líka verið ástæða, en ég verð að segja hæstv. ráðh. það, sem hann nú sjálfsagt ekki heyrir, því að hann er vanur að flýja úr d., þegar honum er svarað, að ég hefi aldrei beðið hann um hjálp í þessu og mun ekki gera. Að því er snertir eftirlaun mín, þá vísa ég til þess, sem

ég sagði áður við hæstv. ráðh. Þau eru samkv. lögum, og ef hann álítur það ekki vera, þá skora ég á hann að afnema þau. Hann hefir valdið til þess, ef hann getur fengið hæstv. fjmrh. til þess. Ég tók það fram, að þessi eftirlaun væru frá þeim tíma, sem ég var sýslumaður og skrifstofustjóri í stjórnarráðinu. Svo skulum við þá bara láta skera úr því, hvað rétt sé í þessu efni. Ég skal heldur ekki deila við hæstv. ráðh. um það, hverjir hafi sigrað í læknadeilunni. En gömul regla er það, að sá, sem greiðir herkostnaðinn, er jafnframt sá, sem bíður ósigur. Sigurvegarinn er ekki vanur að greiða herkostnað. Nú skilst mér, að það sé hæstv. ráðh., sem greiðir herkostnaðinn, og hefir hann þar af leiðandi beðið ósigur. En hann greiðir ekki sjálfur, heldur úr þeim sjóði, sem hann var yfir settur. — Auðvitað dettur mér ekki í hug að fara út í mál rússneska drengsins. Það er alkunnugt, að þessi hæstv. ráðh. stóð þá að miklu leyti á bak við það mál og var algerlega á drengsins bandi. En nú fer hann ekki lengra en það, að það hafi verið réttmætt að gera þessar ráðstafanir, sem gerðar voru. Þarf því ekki að fara frekar út í það. En að því leyti, sem hann var að tala um byssukaup, sem gerð hafi verið 1921, þá er það ekkert annað en tóm ósannindi og tilbúningur frá rótum.

Þá er það viðvíkjandi skólunum. Hæstv. ráðh. reynir alltaf að snúa því þannig, að ég sé á móti þessum skólum, af því að ég hefi „kritiserað" þá aðferð, sem þessi ráðh. hefir haft gagnvart Laugarvatnsskólanum. Þetta er vitaskuld alveg rangt. Ég hefi ekkert við skólana að athuga og veit, að þeir eru að ýmsu leyti góðar stofnanir. Mitt álit á þessu kemur bert fram í því, að mér hefir ekki dottið í hug að ávíta fyrir að greitt hefir verið bæði til Reykholtsskólans og Reykjaskólans meira, en heimilað var í fjárl. En það, sem ég ávíta, er, að lögin um héraðsskóla skuli hafa verið þverbrotin. Þetta er að ganga á hag ríkissjóðs og hans rétt, því að auðvitað leggur ríkissjóður þá miklu meira fram, og það er svo með Laugarvatnsskólann, að til hans hefir ríkissjóður lagt á 3. hundrað þús. kr. fram yfir það, sem lög standa til. Það er ekki til neins fyrir hæstv. ráðh. að reyna að snúa sig út úr þessu með neinum strákapörum, — með því að segja rangt til um afstöðu manna til málsins. Það, sem yfirskoðunarmönnum LR. er skylt að vita samkv. fyrirmælum stjskr., er, þegar ráðh. leyfir sér að þverbrjóta skýr og greinileg lög, hvort sem er í þessu efni eða öðru. — Þá sagði hæstv. ráðh., að allir þessir skólar, sem hann hefði sett á stofn, kostuðu ekki meira en Sæmundur Halldórsson hefði kostað. Ég verð að segja það, að ég hefi aldrei orðið var við neina fjárveitingu úr ríkissjóði til Sæmundar Halldórssonar. Aldrei nokkurn tíma. En ef það er meiningin, að gera mig og minn flokk ábyrgan fyrir töpum bankanna á Sæmundi Halldórssyni, þá ætla ég fyrst að byrja með því að athuga, hve mikið af tapinu á honum hefir skapazt eftir að framsóknarmenn tóku við stjórn. Ef virkilega á að reyna að snúa því þannig, að skrifa það þeim flokki til syndar, sem var við völd, þegar tapið varð, hygg ég, að þá komi í ljós, að mjög mikill hluti tapanna hafi myndazt á stjórnarárum framsóknarmanna. En þetta kemur annars ekkert þessu máli við, nema það sé meiningin, að það eigi að teljast þeim flokki til syndar, sem þá sat við völd. Það má vel vera, að ég ræði eitthvað frekar um þetta í sambandi við annað mál hér á dagskránni, og skal ég því sleppa því að svo stöddu.

Þá er það viðvíkjandi upphituninni á Laugarvatni. Mér þykir hún há, 18 þús. kr. á ári. Hefi ég borið þetta saman við aðra skóla hér, og enginn reynzt eins kostnaðarsamur og þessi. Ég held því, að þetta sé mikið oftalið, og það er rangt hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir, að upphitunarkostnaður fari að mestu leyti eftir nemendafjölda. Það gerir hann auðvitað ekki. Það kostar ekki meira, og heldur minna þó, að hita upp stofu, sem í er fjöldi nemenda, heldur en jafnstóra stofu, sem væri því nær tóm, svo að það er ekki að miða við þetta. Það er stærð húsanna, sem þessu ræður mest, og ég hefi ekki tök á að bera hana saman, á t. d. Laugarvatni, Hólum og Hvanneyri. En ég get ímyndað mér, að það sé allmikil stærð á þessum húsum þarna á Laugarvatni, því að svo hafa þau orðið dýr. Það mun vera á 7. hundrað þús. kr., sem búið

er að leggja þarna í byggingar, m. ö. o. um 1 milljón, sem komin er þarna í þetta fyrirtæki, ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það eigi að reikna hitann þarna á 300 þús. kr.

Ég get skotið því hér inn í, þar sem hæstv. ráðh. var að tala um einhverja jörð, sem ég ætti vestur á Breiðafirði, og sagði sögur um, að mér dettur ekki í hug að svara því öðru en lýsa því yfir, að ekkert af því, sem hann sagði, var satt — ekki nokkurt orð.

Svo er það þessi makalausa „transaktion“ eða féglæfraaðferð, sem hæstv. ráðh. vildi við hafa, hvað snertir heita vatnið á Laugarvatni. Hálflenda jarðarinnar er keypt fyrir 16 þús. kr., en svo er hún reiknuð skólanum sem framlag á móti ríkissjóði fyrir 316 þús. kr. Þetta er nú það, sem ég kalla „brask“ — svo stórkostlegt, að ég get ekki líkt því við neitt annað en þetta Kreugersbrask í Svíþjóð, og það var það, sem hæstv. ráðh. hafði eitthvað sviðið, og vildi hann sverja fyrir það alveg, að hann og hans stj. hefði komið nálægt Kreuger. En það er nú svo, að hún hefir einmitt komið nálægt honum, því að stj. hefir tekið lán hjá L. M. Ericson, sem var eitt af félögum Kreugers, svo að stj. ætti ekki að sverja fyrir hann, eins og hæstv. ráðh. gerir. Hitt er aftur alrangt hjá hæstv. ráðh., að ég hafi nokkurn tíma átt við mann, sem heitir Kúlu-Andersen. Hann hefir a. m. k. hundrað sinnum nefnt þennan mann — mann, sem ég hefi aldrei séð né heyrt.

Svo er hæstv. ráðh. að hæla sér af því, hve mikinn þátt hann hafi tekið í lántökunni 1930. Ég skal ekki um það segja, en hitt hefi ég séð, að hann er a. m. k. vottur undir samningnum, sem gerður var um lánið. En ekki var svo mikið traustið, að hann fengi að skrifa undir fyrir landsins hönd, heldur var hann bara hafður sem vottur. Svo gaf hann í því tilefni út yfirlýsingu viðvíkjandi skuldum ríkissjóðs — yfirlýsingu, sem hann hefir sjálfur sagt seinna, að hann hafi vitað, að var röng. En hann mátti til að gera það, sagði hann, til þess að ekki kæmist upp, að skrökvað hefði verið um ríkisskuldirnar hér heima. Þetta hefir hann sjálfur sagt í sínu eigin blaði með sínu nafni undir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta mikla álit, sem væri á Laugarvatnsskólanum, væri eiginlega að miklu leyti mér að þakka, því að ég hefði fundið svo mikið að, að skólinn hefði orðið fyrir það frægur, og ráðh. hafði fengið meiri frægð af þessu máli heldur en hann í rauninni ætti skilið. Ég hélt satt að segja, að það væru skólarnir sjálfir, sem ættu að skapa sér frægðina, en ekki umtal um þá, og ég hefði kosið það heldur, að skólinn hefði orðið þekktur vegna sjálfs sín, en ekki vegna umtalsins um hann. Hæstv. ráðh. kvaðst hafa orðið þess var, að burgeisarnir færu þarna austur til þess að láta sér líða vel, því að þar sé svo gott að vera. Ég hélt reyndar ekki, að hann hefði byggt skólann til þess, heldur væri hann reistur í allt öðrum tilgangi. En það lítur út fyrir, að skólinn sé farinn að þéna allt öðru augnamiði en tilgangurinn var í byrjun, en það má vel vera, að hægt sé að sameina þetta tvennt, og hefi ég ekkert við það að athuga. En það mun vera rétt, að hæstv. ráðh. hafi fengið meiri sóma en hann á skilið fyrir þetta. Ég get vel undirskrifað það, því að hans sómi getur aldrei orðið minni en hann á skilið. Hann á nefnilega engan sóma skilið fyrir það, að hafa þverbrotið lög landsins vegna þessa skóla. Hann gat farið að eins og viðvíkjandi öðrum skólum og eins og hans skylda er, þ. e. a. s. eftir lögum landsins. En það, sem er allra verst í þessu máli, er það, að ráðh. skuli ætla að reyna að komast út úr þessum lögbrotum sínum með því, sem eru sannnefndir fjárglæfrar.

Jónas Þorbergsson: Það er að vísu ekkert nýmæli hér á Alþingi, að endurskoðunarmenn LR. geri nokkrar aths. við reikninginn og að nokkur orðasenna verði milli þeirrar stj., sem ber ábyrgð á LR., og yfirskoðunarmanna. Það er eðlilegur hlutur og ekki nema sjálfsögð skylda yfirskoðunarmanna að athuga þessa hluti vel. En eigi að síður getur vitanlega orkað tvímælis, hve langt beri að ganga í þessum aths. Ég hygg, að það muni verða álit nokkuð margra hv. þdm., að yfirskoðunarmenn LR. hafi að þessu sinni ekki einungis gert skyldu sína, heldur e. t. v. að sumu leyti gengið

lengra en beint hefir verið ástæða til í smámunum. Sjálfur skal ég ekki um þetta dæma og yfirleitt ekki deila neitt á þessa menn fyrst í stað. En það, sem er ljóst af þessum aths. og ræðu hv. 2. þm. Skagf., er fyrst og fremst það, að hann hefir mjög lofsverðan áhuga á eftirgrennslan um það, hvernig fé er varið, og þá vitanlega fyrst og fremst ríkisfé. Þegar ég verð var við þennan mikla áhuga hjá þessum hv. þm., og ég hefi af samstarfi við hann í fjvn. einnig orðið var við þennan sama áhuga og samvizkusemi hans, þá vænti ég, að ég hljóti hinn mesta stuðning hans í öðru máli, sem hér liggur fyrir Alþingi, sem sé þáltill., sem ég hefi borið fram um að fela ríkisstj. að bera fram lagafrv. um meðferð lánsfjár og starfsfjár. Ég hefi í alllangri ræðu gert nokkra grein fyrir höfuðtilgangi mínum með því að bera fram þessa till., og hvort sem hún nær afgreiðslu þessa þings eða ekki, vænti ég, að þetta mál, sem þar um ræðir, sé þannig vaxið, að það sé ekki dautt hér í þinginu, og þegar það verður tekið til rækilegrar athugunar — meiri athugunar en kostur er á að gera á þessu þingi, vegna þess að mjög er liðið að þinglausnum — þá vænti ég þess, að ég hljóti stuðning þessa hv. þm. og ýmissa hans samherja, sem munu vera svipaðs sinnis og hann, að ekki misfarist fé í meðförum þeirra, sem með það fara á ábyrgð ríkisins eða stofnana þess. Ég býst við, að þegar þetta mál verður nánar athugað, þá verði gerð einhver eftirgrennslan um það, og rætt og reynt að brjóta til mergjar, hvernig á því geti staðið, að einn af bankastjórum Íslandsbanka gat eytt 35 þús. kr. í utanför, og annar mun hafa eytt um 15 þús. kr. í utanför. Það verður gerð eftirgrennslan um, hvernig í því geti legið, að sumir flokksmenn hv. 2. þm. Skagf. fengu milljónir af fé með svo furðulegum hætti eins og lýst var í minni ræðu, sem var þó ekki nema lítið brot af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um óskiljanlega og glæpsamlega meðferð fjár. — Ég skal ekki fara langt út í þetta mál að sinni, því að það heyrir ekki beint til þess máls, sem fyrir liggur, en vildi benda á þetta, og ég held, þótt það sé mikil nauðsyn og skylda hv. 2. þm. Skagf. að gæta vel trúnaðarstarfs síns sem endurskoðandi LR., og þótt hann berjist hér eins og hetja við hinar smærri upphæðir, þá liggi nú fyrir honum og öðrum hv. þm. að stríða við stærri hluti, þegar öll þessi kurl koma til grafar.

Ég skal ekki fara almennt meira út í þetta mál, en ég kvaddi mér hljóðs til þess að gera ofurlitla aths. við eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Skagf. (MG: Bara eitt atriði?). Já, bara eitt atriði. Mér er málið óskylt, en það gekk svo fram af mér, að ég vildi gera dálitla aths. (MG: Gott). Það var þetta margumtalaða mál — veiting Keflavíkurhéraðs — og sú þóknun, sem Sigvaldi læknir Kaldalóns hefir fengið og mjög hefir verið umtöluð hér í þinginu. Ég kvaddi mér hljóðs út af því, sem hv. þm. sagði síðast um þetta mál, því að hann gekk fram hjá þeim ástæðum og rökum, sem hæstv. dómsmrh. hafði borið fram í þessu máli, alveg eins og hann hefði ekki heyrt þau. Hv. þm. kvartar oft um það, að hæstv. dómsmrh. sé oft fjarverandi og heyri ekki orð hans, en það er þó betra og afsakanlegra að heyra ekki vegna fjarveru, heldur en hitt að heyra ekki né skilja og vera þó viðstaddur. Nú er hv. 2. þm. Skagf. þaulsætinn og prýðilegur þm. að hegðun til. Það er því lítt verjandi, að hann talar nú eins og hann hefði verið fjarstaddur ræðu hæstv. dómsmrh., því að hann gekk bókstaflega fram hjá öllum rökum hans um þetta mál. (MG: Ég fann þau ekki). Hv. þm. hélt því fram, að veitingunni í Keflavíkurhéraði hefði ráðið rangsleitni og ekkert annað en rangsleitni. Hann sagði ennfremur, að aðrir læknar hefðu samkv. veitingarreglum átt að fá héraðið. Samkv. réttum lögum sagði hann, að Jónas Kristjánsson hefði átt að fá embættið, en hann og aðrir hefðu sótt, en ekki fengið. Ég vil gera aths. við þetta. Ég skal reyndar vera stuttorður, því að það verða sjálfsagt langar umr. ennþá frá hálfu hv. 2. þm. Skagf. Hæstv. dómsmrh. hefir í sínum umr. um þetta mál ekki borið á móti því, að Jónas Kristjánsson hefði, ef allt hefði verið með felldu, átt að fá héraðið. Hann hefir meira að segja lýst því yfir, að ef umsókn Jónasar Kristjánssonar hefði borið að með skaplegum hætti og ekki verið notuð sem einskonar herbragð í læknadeilunni, þá hefði hann veitt honum héraðið. En það, sem hv. 2. þm. Skagf. gengur alveg fram

hjá í þessu máli, er að taka til greina, hvernig umsókn Jónasar Kristjánssonar bar að. Það er ekki til neins fyrir hv. 2. þm. Skagf. að berja höfðinu við steininn um eiginlegt innihald þessa máls. Allir vita, að læknastéttin hafði myndað harðvítug samtök um allt land í þeim tilgangi að fá sjálf ráðið um veitingu læknisembætta.

Þegar hið margumtalaða Keflavíkurhérað var veitt, munu hafa komið um 18 eða 20 umsóknir. Læknafélagið hafði skipað svonefnda embættaveitingarnefnd. Þessi nefnd stakk síðan undir stól öllum þessum umsóknum, nema umsókn Jónasar Kristjánssonar. Hana sendi n. eina. Ef læknafélagið hefði sent stj. t. d. þrjár umsóknir, þá hefði verið öðru máli að gegna, en þar sem það sendi aðeins eina, átti stj. ekki kost á neinu vali. (**MG:** Hver var það, sem læknafél. stakk upp á?) Það var Jónas Kristjánsson. Ef hv. 2. þm. Skagf. hefir ekki heyrt, hvað ég sagði, þá ætla ég að endurtaka það. Ég sagði, að læknafél. hefði aðeins sent eina umsókn og að stj. hefði því ekki átt úr neinu að velja. Þó að þetta hafi farið fram hjá hv. þm. síðustu 2—3 þing, getur það ekki hafa farið fram hjá þeim, sem beita vilja skynsemi sinni. Málið lá þannig fyrir, að annað hvort varð stj. að afsala sér veitingarvaldinu í hendur læknafélaginu, ellegar að halda því, fara sínu fram og hafa þessa einskorðuðu till. læknafél. að engu. Og stj. gerði í þessu falli það, sem var sjálfsagt, að halda fast á rétti ríkisvaldsins gegn svo ósvífnum samtökum ofbeldismanna. Ég mundi leyfa mér að álíta það vafasamt, ef jafnvel hv. 2. þm. Skagf. kæmist í svipaða raun í viðureign við einhverja embættismannastétt landsins, að hann teldi rétt að beygja sig, enda þótt hann og samflokksmenn hans álasi hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa ekki beygt sig fyrir ofbeldissamtökum læknanna.

Magnús Guðmundsson: Ég vona, að hv. þm. Dal. hafi heyrt, er hæstv. forseti sagði, að ég myndi aðeins fá að gera stutta aths., því að ég er nú í rauninni dauður, en ég skal svara honum síðar í sambandi við annað mál á dagskrá.

Hv. þm. talaði um, að ég berðist sem hetja um ýmsar smáupphæðir, en hann tæki aftur þær stóru. Nefndi hann 35 þús. kr. og 100 þús. kr. Ég talaði um nokkur hundruð þús., sem borguð hafa verið þvert ofan í lög, svo að ég ræði hér um þó nokkuð stærri upphæðir en hann. Mun ég ekki mæla bót fjársukki, hver sem í hlut á.

Hv. þm. talaði um það, viðvíkjandi veitingu Keflavíkurhéraðs, að rökin hefðu farið fram hjá mér, en það hafa víst engin rök komið fram í þessu máli. Kalla ég það ekki rök, að Sigvalda Kaldalóns hafi verið veitt héraðið af því, að ekki kom fram nema 1 umsókn og hún frá Jónasi Kristjánssyni. — Jafnframt lýsti hv. þm. yfir því, að það hefði einmitt verið þessi maður, sem hefði átt að fá héraðið. Gat hæstv. ráðh. þá ekki verið ánægður, þegar umsókn kemur frá þeim manni einum, sem hann viðurkennir sem réttborinn til embættisins? Fyrst þá, er ráðh. er ósamþykkur læknafélaginu, er ástæða til þess að veita öðruvísi en það vill. Hver getur skilið, að ástæða sé til þess fyrir ráðh. að veita embættið þvert ofan í sannfæringu sína, — því að hv. þm. lýsti yfir því, að Jónas Kristjánsson ætti rétt til héraðsins —, fyrir það eitt, að læknafélagið hafi lagt hið rétta til? Það, sem hér hefir verið gert, er þá eftir yfirlýsingu hv. þm. Dal. það, að ráðh. veitir embætti ofan í sannfæringu sína af því að læknafélagið leggur til það, sem hann telur rétt. Hver trúir þessu? Ekki ég. Ég held, að ráðh. hafi alls ekki viljað láta Jónas Kristjánsson fá héraðið og að hann hafi notað læknafélagið sem yfirvarp til þess að komast hjá því, sem rétt var. Hér er um hlutdrægni að ræða og ekkert annað, því að það er og verður vitleysa, að það hafi verið einhver nauðsyn á að fara í hernað við læknafélagið út af því, að það leggur til að veita embætti þeim manni, sem ráðh. telur til þess bezt fallinn.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ætla mér ekki að ræða sérstaklega um LR., vona að hæstv. forseti gefi mér leyfi til þess að líta yfir fjárhagsástandið, eins og það blasir við mér. Finnst mér við verða að gera okkur viðhorfið ljóst og það, hvað er að gerast. Ég vil benda á, að fjár-

stjórnin hjá ríkissjóði og bæjarfélögum hér á landi hefir verið nokkuð á aðra leið en æskilegt hefði verið síðustu 4 árin. Þegar svo er komið, að útfluttar aflavörur landsins geta ekki borgað kostnað við atvinnureksturinn, svo og vexti og afborganir af lánum og viðhald atvinnutækjanna, sem nauðsynleg eru til þess að reksturinn ekki gangi saman, þá er illt í efni. Hafa atvinnuvegirnir getað þetta undanfarin ár? Síður en svo. Vil ég fyrst gera grein fyrir því, hvað mér virðist við þurfa að flytja mikið út, til þess að geta fengið vörur til atvinnurekstrar og iðju í landinu. Tek ég fyrst aðfluttar vörur árin 1922 og 1927. Árið 1922 var sérstaklega erfitt ár, einmitt fyrir sjávarútvegsinn. Þá var ekki keypt mikið af ónauðsynlegum varningi, heldur ekki lagt nægilegt til viðhalds atvinnutækjunum og sama sem ekkert keypt af nýjum skipum eða tækjum.

Árið 1922 nam innflutningurinn 46,1 millj. Þar af

matvæli fyrir	9,6 millj.	eða	20,8%
ljósmeti fyrir	6,2 —	—	13,4—
til sjávarútvegsins (kol, salt, veiðarfæri o. þ. h.)	7,4 —	—	15,4—
til landbúnaðarins	0,9 —	—	1,8—
til ýmisl. framleiðslu	4,9 —	—	10,7—
heimilismunir o.fl.	2,6 —	—	5,7—
Samtals	31,6 millj.	eða	67,8%
Annað:			
Byggingarefni fyrir ..	2,9 millj.		6,4%
Vefnaðarvara fyrir ...	6,2 —		13,6—
Munaðarvörur fyrir ..	5,4 —		12,2—
Samtals	14.5 millj.		32,2%

1927 var einnig erfitt ár, fiskleysi einkum hjá stærri útgerðinni. Þá nam innflutningurinn alls 53,1 millj. kr., þar af

matvæli fyrir	7,5 millj.	eða	14,2%
ljósmeti fyrir	7,6 —	—	14,3—
til sjávarútvegsins	8,1 —	—	15,3 —
til landbúnaðarins	1,2 —	—	2,3—
til ýmisk. framleiðslu	7,8 —	—	14,6—
heimilismunir o. fl.	3.5 —	—	6,6—
Samtals	35,7 millj.	eða	67,3%

Annað:

Byggingarefni fyrir	4,8 millj.	eða	9,1%
Vefnaðarvara fyrir	7,8 —	—	14,6—
Munaðarvörur fyrir	4,8 —	—	9,0—
Samtals	17,4 millj.	eða	32,7%

Þessi tvö ár voru, eins og ég gat um, erfiðleikaár og þau árin, sem innflutningur var langminnstur síðan 1917. Það er því óhætt að segja, að til þess að geta haldið uppi atvinnurekstrinum verði að flytja inn vörur fyrir 38—40 millj. kr. á ári. Hér er þó sleppt allri munaðarvöru, sem numið hefir um 5 millj. kr. árlega, helmingi allrar vefnaðarvöru, sem numið hefir um 4 millj. kr. á ári, og helmingi alls byggingarefnis, sem numið hefir um 2 millj. kr. árlega. Auk þess þurfum við til afborgana og vaxtagreiðslu af erlendum skuldum um 6 millj. kr. (Þar af skuldbindingar ríkis og banka 4.16 millj.). Hér við bætast svo flutningsgjöld erlendra skipa, námskostnaður og eyðsla Íslendinga á ferðalögum erlendis og fleira, og verður þetta samtals um 48—50 millj. kr.

Þessi áætlun er miðuð við erfiðleika ár, en þá þarf útflutningurinn að vera um 50 millj. kr. Að þetta sé rétt, sést greinilegast á því, að þrátt fyrir 45 millj. kr. útflutning 1931, en aðeins 42 millj. kr. innfl., þá hafa skuldir safnazt á því ári erlendis sem svarar 8—10 millj. kr. Þegar við lítum á, að skuldir okkar Íslendinga við útlönd munu vera um 75 millj. króna, þá er sýnt, að við þurfum 8—10 millj. kr. meiri útflutning en innflutning til þess að standa í stað efnalega.

Hverjar eru svo líkurnar fyrir því, að við getum haldið í horfinu þetta árið og hin næstu? Í byrjun fyrra mánaðar höfðu aflazt á landinu 199 þús. skippund af fiski. Ef vel lætur, má búast við 320 þús. skippundum á öllu árinu, í mesta lagi. (Síðasta ár öfluðust 400 þús. skippund). Gerum ráð fyrir því, að skippundið seljist að meðaltali á 58 kr. Þetta næmi þá 18600000 kr. Gerum ennfremur ráð fyrir sölu á ísfiski fyrir 2400000 kr. (5 millj. 1930). Framan af árinu hefir ísfiskur verið seldur fyrir um 2 millj. kr., og er ekki mikil von til þess, að togarar verði gerðir út á ísfisk héðan af, meðan tollurinn helzt í Englandi.

Lýsisframleiðslan og verðið benda til, að sá liður muni ekki nema meiru en 1 millj. kr. Fyrir fiskimjöl fæst varla yfir 1 millj. kr. Og að því er síldina snertir, rennum við blint í sjóinn. En það má þó áætla, að síldarafurðir gefi af sér minnst ⅙ minna en í fyrra. Þá nam sá útflutningur 6 mill. kr. Hér er því gert ráð fyrir 5 millj. kr. Alls nemur þetta af sjávarafurðum 28 millj. kr.

Kjöt, gærur, ull og aðrar landbúnaðarafurðir áætla ég 4 millj. kr. (Þessi útflutningur nam 5 millj. kr. 1930). Ýmislegan annan útflutning áætla ég 1 millj. kr. og vörubirgðir frá fyrra ári 6 millj. kr. Þetta nemur samtals 39 millj. kr.

Með þessari áætlun er ekki litið svörtum augum á ástandið. Ég er ekki gjarn á það. Er ég fremur bjartsýnn á framtíðina, en e. t. v. er ég þó svartsýnni nú en endranær, enda til þess nægilegar ástæður. Hver er þá afkoma þjóðarbúsins? Ég er sannfærður um, að tap þjóðarinnar á yfirstandandi ári verður ekki minna en 10—15 millj. kr. Hver borgar? Hafa atvinnuvegirnir bolmagn til þess að greiða þetta tap? Ég verð að svara því, að það er óhugsandi. Ástandið er það, að atvinnuvegirnir hafa á undanförnum árum verið svo skattpíndir, að þeir hafa ekki verið þess megnugir að halda við atvinnutækjunum, hvað þá að auka þau, eins og fólksfjölgunin í landinu heimtar. Ég veit sérstaklega um smábátaútveginn, mótorbátana og togarana, að ástandið er þetta. En mér hefir verið sagt, að ástandið sé engu betra, að því er snertir línuveiðarana. Um landbúnaðinn er sama að segja.

Ég vil hér gera samanburð á árunum 1924—1927 annarsvegar og árunum 1928—1931 hinsvegar, að því er snertir innflutning, útflutning og afkomu þjóðarbúsins.

Árin 1924—1927 var flutt inn fyrir 238,2 millj. kr. og flutt út fyrir 276,1 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs voru þá 53,4 millj. kr. eða 19% af útflutningnum. Afkoma ríkissjóðs: Skuldir borgaðar og sjóðaukning 8,3 millj. kr.

Árin 1928—1931 var flutt inn fyrir 256,7 millj. kr. og flutt út fyrir 249,4 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs voru þá 62 millj. kr. eða 24% af útflutningnum. Þetta þýðir, að fjórða hver króna útfluttrar vöru rann í ríkissjóð. Á síðasta ári keyrði þó svo úr hófi, að ríkistekjurnar námu 38% af útflutningnum. — Á þessum árum safnast mikið af skuldum og sjóðinneign ríkissjóðs lækkar um 1 millj. kr. frá árslokum 1927 til ársloka 1930.

Skuldir ríkissjóðs hafa þannig á árunum 1924—1927 lækkað um 8 millj. kr., en á árunum 1928—1930 **hækkað** um 12645000 kr. og auk þess hefir sjóðeign lækkað um 1 millj. kr. Skuldir ríkissjóðs 31. des. 1927 voru kr. 11288749,77, en 31. des. 1930 kr. 23933883,07.

Ef litið er á útflutning, aðflutning, skuldagreiðslur og skuldasöfnun, staðfestir allt það álit mitt, að útflutningur verði að vera ca. 10 millj. kr. meiri en aðflutningur. Auk skuldasöfnunar 4 undanfarin ár hefir ríkissjóður tekið á sig skuldbindingar, sem ekki eru hættulausar. Býst ég við því, að ríkið tapi nokkrum milljónum á þeim ábyrgðum. Sé ég ekki, að atvinnuvegirnir þoli, að svo sé tekið af þeim til ríkisþarfa sem gert hefir verið undanfarin ár. Hafa það þó verið mikil aflaár, og þótt verðið hafi verið lágt síðasta ár, hefði mátt vænta, að komizt hefði verið hjá skuldasöfnun. En skuldum hefir verið safnað úr hófi fram, og er enginn efi á því, að við erum með þessu framferði að stefna að ríkisgjaldþroti, og hver stund, sem líður, án þess að tekið sé í taumana, torveldar, að hægt sé að forðast það sker, sem við erum að sigla á. Fyrir minum sjónum verður að færa ríkisútgjöldin niður í 10 millj. kr. hæst, ef nokkur von á að vera um að rétta fjárhaginn við.

Að því er snertir ríkissjóð og fjáreyðslu hans, liggur aðalorsökin hjá stj. og þeim, sem farið hafa með völdin síðan 1928, en líka á þeim flokkum, er stutt hafa þessa stj.,fyrst og fremst Framsóknarflokknum, en svo og Alþýðuflokknum. Er ekki von, að vel fari, þegar svo eru varðar allar misfellur sem gert hefir verið á þessu þingi í umr. um LR. og síðustu þrem þingum. Sökin er hjá stuðningsflokkum stj., fyrir það að hafa ekki enn tekið í taumana.

Nú er ekki hægt að færa ríkisútgjöldin svo mikið niður, að þar með náist jöfn-

uður á ríkisbúskapnum á slíkum árum sem 1931, yfirstandandi ári og eftir útlitinu á árinu 1932. Til þess þyrfti allar ríkistekjurnar og jafnvel meira. Hitt ættu allir að verða samtaka um, að færa útgjöld ríkissjóðs svo mikið niður sem fært er og skera miskunnarlaust niður allt nema það bráðnauðsynlegasta. Að öðrum kosti sé ég enga von til að halda trausti erlendra lánardrottna, en það er eins og nú er komið **lífsnauðsyn**, ella er óskiljanlegt, að þjóðin lifi af næstu árin, án skorts á brýnustu nauðsynjum, nema við fáum 10—15 millj. kr. í erlendum lánum. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í það, sem deilt hefir verið hér um einstakar upphæðir LR. Það væri aðeins endurtekning, enda virðist það ekki hafa borið mikinn árangur, samkv. reynslu undanfarandi þinga, þó að stjórnarandstæðingar hafi í aðfinnslum sínum bent á stórfellt brask í meðferð stj. á fé ríkissjóðs. En hitt sé ég ekki, hvar við getum vænzt að njóta lánstrausts, ef svo fer fram um fjárbruðl stj. og gert hefir um hríð. Enda er engin von til, að þær þjóðir, sem allra verst stýra fjármálum, njóti trausts erlendra lánardrottna.

Ég gat þess á þinginu 1931, að enskur fjármálamaður hefði talað við mig 1930; hann er merkur hagfræðingur og auk þess bankastjóri í Englandi. Hann sagði það iskyggilegast í fjármálameðferð ríkissjóðs hjá okkur, að við söfnuðum skuldum þegar við hefðum stórfelldar tekjur umfram áætlun fjárlaga. Ég sá hjá honum skýrslu yfir tekjur og eyðslu flestra ríkja í Norðurálfunni frá 1921. Og ekkert ríki hafði fengið eins miklar umframtekjur árin 1928 og 1929 og Ísland, en jafnhliða hafði ekkert annað ríki eytt eins miklu umfram áætlaðar tekjur. Þarna er meinið, sem verið hefir í ríkisbúskap okkar undanfarin ár. Vel má vera, að neyðin kenni okkur að fara aðrar leiðir, — en er það þá ekki of seint?

Jónas Þorbergsson: Það er aðeins örstutt aths. til hv. 2. þm. Skagf. Mér þótti leitt, að hv. þm. var enn að berja höfðinu við steininn, svo að út lítur fyrir, að hann hafi enn ekki komið auga á þær staðreyndir, sem um er að ræða, sem sé, að í fyrsta lagi var það deila milli ríkisstj. og læknafélagsins, og í öðru lagi stakk læknafélagið undir stól öllum umsóknunum um Keflavíkurhérað nema þessari einu frá Jónasi Kristjánssyni.

Nú skilja allir nema hv. 2. þm. Skagf., að annaðhvort varð ríkisstj. að taka til sinna ráða eða beygja sig og fá læknafélaginu raunverulega veitingarvaldið í hendur. Þetta skilja allir, þó að hv. 2. þm. Skagf. látist ekki skilja það. En út af því, sem ég sagði um hv. þm., að hann væri þaulsætinn á þingbekk og yfir höfuð prýðilegur þm. um alla hegðun — (**MG:** Ætlar hv. þm. að taka þetta aftur?). Það er ekki hægt, en ég vil benda honum á, af því að oft er loftþungt hér í hv. d., að höfuð hans mundi hafa gott af því að víðra sig oftar en hann gerir. (**MG:** Ég er alveg nýkominn inn).

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Vegna þess að hv. 2. þm. Skagf. hefir notað ræðutíma sinn, ætla ég að beina fáeinum orðum til hv. þm. Dal. út af þessari einu aths. hans við LR. Mig furðar dálítið á, að hann skyldi bera niður á þessu eina atriði, sem ég held, að lakast sé að verja, sem sé það, að hæstv. stj. borgar embættismanni 2000 kr. hærra en mögulegt er lögum samkvæmt. Það er ómögulegt að hugsa sér skýrara brot á gildandi lögum, því að hér eru beinlínis teknar 2000 kr. úr ríkissjóði árlega og borgað einum lækni umfram hans lögákveðnu laun. Og svo er hv. þm. Dal. að tala um, að þeir, sem hafa andmælt þessu, taki ekki til greina þau rök, sem fyrir þessu lágu, en rök hv. þm. Dal. og hæstv. dómsmrh. liggja langt fyrir utan efnið.

Við skulum nú líta á þetta svolítið nánar. Yfirskoðunarmenn gera aths. við, að einum embættismanni hafi verið greiddar 2000 kr. meira en honum bar að lögum. Stj. fóðrar þetta með því, að þessi embættismaður hafi verið fluttur úr tekjumeira embætti í tekjuminna. Svo sannast ekki aðeins, að þessi læknir var ekki fluttur úr tekjumeira héraði í tekjuminna, heldur er Keflavíkurhérað betra en það hérað, sem í er vitnað, en svo kemur það merkilega, — þessi læknir var aldrei fluttur milli héraða. Í stað þess að koma með rök í málinu vefja þeir og vaða um einhverja ímyndaða

deilu milli hæstv. dómsmrh. og læknafélagsins, og úr því að farið er út í það, finnst mér rétt að minnast nánar á það, og einkanlega í sambandi við það, sem hæstv. dómsmrh. kallar upplausn þjóðfélagsins.

Samkv. 69. gr. stjskr. er gert ráð fyrir, að menn megi stofna með sér félagsskap. Og ég efast ekki um, að læknar megi hafa slík samtök með sér eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Hvernig getur þá verið um upplausn þjóðfélagsins að ræða? Hér er ekkert annað en tóm ímyndun í heila hæstv. dómsmrh.

Við skulum taka dæmi. Embættismaður úti á landi sendir mér eða hv. þm. Dal. umsókn sína, en biður mig að athuga einhver viss atriði í sambandi við hana, er ráða því, hvort ég á að láta umsóknina koma fram eða ekki. Er þetta ekki heimilt? Við getum alveg eins hugsað okkur, að prestur úti á landi sendi prestafélaginu hér umsókn sína og bæði það að athuga einhver viss atriði í sambandi við hana.

Hvað hefir þá skeð hér? Ekkert annað en að læknar hafa gert samtök sín á milli um að í stað þess að senda stjórnarráðinu umsóknir sínar, skuli þær sendar læknafélaginu, sem ræður hver af umsóknunum skuli koma fram. Hér er alls ekki um að ræða, að fyrst sæki svo og svo margir um embættið og svo taki stjórn læknafélagsins umsóknirnar og stingi þeim undir stól. Það sótti enginn um Keflavíkurhérað annar en Jónas læknir Kristjánsson, þangað til lækni var þröngvað að taka við embættinu. Allar stéttir hafa heimild til að hafa með sér þau samtök, sem þær vilja, aðeins að það brjóti ekki í gegn gildandi lögum. Og þó að ein stétt feli félagi sínu að ráða, hvort umsóknir komi fram eða ekki, þá réttlætir það ekki herkostnað þann, sem þeir hafa verið að tala um, hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Dal.

Það skal að vísu játað, að það er óvanalegt, að embættismenn leggi vald í hendur nefnd manna, eins og hér var um að ræða. En það var af því, að hæstv. dómsmrh. var búinn að misbjóða og óvirða allar reglur um veitingu læknishéraða, að ómögulegt var fyrir læknastéttina, sem ber siðferðilega ábyrgð á öllu slíku, að þola það lengur. Stundum þverbraut hæstv. ráðh. till. landlæknis; stundum var landlæknir hundsaður og alls ekki spurður. Stundum var safnað undirskriftum, þar sem skorað var á stj. að veita einhverjum ákveðnum lækni héraðið. En ef undirskriftirnar voru öðruvísi en ráðh. vildi, eins og t. d. í Keflavíkurhéraði, þá var ekkert eftir þeim farið. Það sézt á þessu, hvað búið var að brýna járnið og að læknar gátu ekki þolað slíkt ástand lengur; þess vegna tóku þeir það ráð að senda stjórn læknafélagsins umsóknir sínar og láta hana ráða, hverjir fengju embættið.

En það hefir ekki verið farið út í hér, að það var fleira, sem þeim bar á milli, hæstv. dómsmrh. og læknum. T. d. kom Helga Tómassonar-málið hér inn í. Þessi læknir og vísindamaður hafði farið heim til hæstv. dómsmrh. og tilkynnt honum, að hann hefði grun um, að ráðh. mundi geðbilaður. Hæstv. dómsmrh. brást reiður við og fullyrti bæði í ræðum og blaðagreinum, að öll læknastéttin stæði að baki Helga Tómassyni og væri á móti sér. Þetta varð svo að margföldu fjandskaparefni milli hæstv. dómsmrh. og lækna. Þess vegna gengur hæstv. dómsmrh. út í þennan hernað við læknana, sem hann er að tala um, með Sigvalda Kaldalóns við hlið sér. En hvort einn maður, hvort sem hann er dómsmrh. eða ekki má leggja á þjóðina herkostnað í einkadeilum við hina og þessa menn í landinu, það er spurningin. Ég fyrir mitt leyti svara því hiklaust neitandi. Það er engin heimild til að leggja herkostnað á þjóðina í einkamálum eins ráðh. við Pétur eða Pál.

En í raun og veru kemur þetta ekki málinu við. Aðeins má ekki vera ómótmælt, eins og ég drap á í upphafi, að hér var ekki um upplausn þjóðfélagsins að ræða af hendi lækna og enginn bardagi um lýðfrelsi í landinu. Hér er bara að skera úr, hvort einum ráðh. á að haldast uppi takmarkalaust að brjóta allar reglur, sem gilt höfðu áður um veitingu læknishéraða. Um þetta stóð deilan, og til að vinna hana varð ráðh. að kaupa einn lækni fyrir 2000 kr. á ári, og það er þetta, sem hann vill kalla herkostnað. Nú er aðeins spurt af mér og öðrum, hvort Alþingi ætli að viðurkenna þennan

herkostnað, því að ekki er fyrir að synja, að þessi sami ráðh. geti fundið upp á að leggja fleiri herkostnaði á þjóðina.

Úr því að hv. þm. Dal. ætlar að standa upp aftur, þá vona ég, að hann svari í fyrsta lagi, hvort Keflavíkurhérað sé launaminna en hitt, og í öðru lagi, hvort til þess að borga hærri laun þurfi ekki að flytja menn á milli embætta?

T. d. gæti hæstv. dómsmrh., ef hann vildi, borgað einhverjum presti biskupslaun, en svo væri biskupslaust eftir sem áður. Hann borgaði prestinum aðeins biskupslaun og segði: Ég ætlaði að gera þig að biskupi og flytja þig síðar í embættið, en þótti ekki taka því.

Jónas Þorbergsson: Þegar ég stóð upp til þess að tala um þetta mál, þá var það einungis til þess að gera aths. við ummæli hv. 2. þm. Skagf., af því mér fannst hann ganga framhjá rökum hæstv. dómsmrh. Ég hefi ekkert farið út í þennan svonefnda herkostnað, enda er hann aukaatriði.

Ég ætla heldur ekki að gera hv. 4. þm. Reykv. til eftirlætis að taka upp umr. um þetta mál frekar en orðið er. Málið er þrautrætt og ekki nauðsyn að halda þeim umr. áfram. Þó að í heilabúi hv. 4. þm. Reykv. vefjist hin sterku rök þessa máls, þá vefst málið ekki fyrir þjóðinni. Þetta hafa læknarnir sjálfir skilið og játað í sinn hóp, að þeir hafi gersamlega tapað þessu máli.

Þetta er það, sem máli skiptir, og ég hirði ekki um að ræða jafnþrautrætt atriði, sem vitað er um, að kemur aldrei aftur, því að sú útreið, sem læknar fengu í þessari viðureign, mun verða þeim og öðrum embættismannastéttum til viðvörunar, svo að ætla má, að ríkisstjórnir næstu ára þurfi ekki að kvíða slíkum búsifjum frá þeirra hendi.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Það þarf ekkert að efast um, út af þessu síðasta svari hv. þm. Dal., að það er einhver flækja í heilanum á honum.

Ég veit ekki, hvenær þjóðin hefir fellt dóm í þessu máli. En ég er alveg viss um, að þjóðin skilur vel þetta mál og veit, hvernig í pottinn var búið, — að það var ekkert nema heift og hatur þessa einráða og geðríka manns, sem hann hefir sýnt víðar. Þetta skilur þjóðin og virðir og þakkar læknum fyrir það, sem þeir lögðu á sig við að lagfæra það, sem hæstv. dómsmrh. hafði eyðilagt.

Það hefir ekki við nein rök að styðjast að læknar viðurkenni, að þeir hafi verið brotnir á bak aftur og fengið þá lexíu, sem þeim dugir, en hitt getur verið, að sjálfur dómsmrh. hafi fengið lexíu — og hann væri margbúinn að fá hana, ef ekki væri búið að sýna sig, að hann getur yfirleitt ekkert lært, hvorki í þessum efnum né öðrum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).

Á 83. fundi í Ed., 25. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 4. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Ingvar Pálmason: Fjhn. hefir ekki skilað áliti um þetta frv., en það er eins ástatt með það og málið næst á undan, að n. er klofin í því. Fólst það í orðum hv. 1. landsk. við 1. umr. málsins. En hv. 2. þm. Reykv. og ég leggjum til, að frv. verði samþ. Hefir frv. verið rætt í Nd. ýtarlega, og sjáum við ekki ástæðu til að hefja um það umr. hér að svo stöddu. Lítum við svo á, sem lítið muni koma fram í umr. hér umfram það, sem kom fram í Nd. Þó höfum við ekki afsalað okkur rétti til þess að taka hér til máls, ef ástæða yrði til. En báðir leggjum við til, að frv. sé samþ.

Jón Þorláksson: Þetta frv. stendur í nánu sambandi við landsreikningana

sjálfa og till. yfirskoðunarmanna um ýms atriði þeirra. Nú hafa þeir gert tillögu til úrskurðar um ýms atriði, sem hljóta að breyta undirstöðum þessa frv. Hafa þeir gert till. til niðurskurðar á ýmsum atriðum, sem nú er farið að samþ.

Um önnur atriði hafa þeir ekki farið fram á það, að Alþingi samþ. þau, heldur hafa þeir skotið þeim til frekari umsagnar Alþingis. Er því ófært að samþ. þau nú sem stendur, heldur yrði Alþingi fyrst að taka til meðferðar öll atriði í úrskurði yfirskoðunarmanna. Greiði ég því atkv. á móti frv.

ATKVGR.
Tekjuhliðin samþ. með 7:6 atkv.
Gjaldahliðin samþ. með 7:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:6 atkv.

Á 96. fundi í Ed., 6. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. frá Alþingi (A. 855).

---

5. Bifreiðaskattur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bifreiðaskatt o. fl. (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég leyfi mér að leggja þetta frv. fyrir hv. deild. Það er gamalkunnugt; hefir verið flutt áður hér í þinginu og þarfnast því ekki langra skýringa að þessu sinni. Það er að vísu nokkuð breytt frá því, er það var lagt fyrir hv. Ed. í fyrra. Aðalbreytingin er sú, að nú er skatturinn miðaður við lítra í stað kg., en að öðru leyti er hann áþekkur, 4 au. á lítra í stað 6 au. á kg. Er gjaldið raunverulega lækkað sem svarar 5%. Ennfremur er þungaskattur af einkabifreiðum hækkaður um helming frá því í fyrra, og loks er ætlazt til, að skattur verði greiddur af birgðum þeim af hílagúmmí, sem fyrir eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi. Haldið er skiptingu þeirri milli vegaflokka, sem tekin var upp í stjfrv. í fyrra, en sem breytt var í meðferð síðasta þings. Hv. fjvn. hefir það atriði nú til meðferðar, og má vel vera, að hún geri nú einhverjar till. til breytinga, og legg ég enga áherzlu á, að frv. verði samþ. óbreytt í því atriði. Hitt verð ég að leggja mikla áherzlu á, að ekki verði dregið lengur að lögfesta þennan tekjustofn til viðhalds vegum í landinu. Undanfarin tvö ár hefir í fjárl. ekki verið ætlað nema helmingur þeirrar fjárhæðar, sem þurft hefir til viðhalds vega í landinu, vegna þess að gert hefir verið ráð fyrir, að lög yrðu sett um þetta efni. Síðasta ár var slíkur viðhaldskostnaður um 600 þús. kr., en upp í það nam bílaskatturinn ekki nema 130 þús. kr. Ef þetta frv. verður samþ., þá nemur tekjuhækkunin við það ca. 170 þús., svo að alls verður bílafé til vegaviðhalds samkv. lauslegri áætlun um 300 þús. kr., eða um helmingur þess kostnaðar, sem leiðir af viðhaldi veganna. Það er nóg, að þjóðfélagið byggir vegina, þó það þurfi ekki líka að halda þeim við að öllu leyti, og í öllu falli er það ljóst, að eitthvað verður að gera í þá átt, að afla ríkissjóði tekna til viðhaldsins, ef nýbygging vega á nokkuð að miða áfram í framtíðinni. Þessi skattur er alls ekki ósanngjarn og mun lægri en víðast erlendis, þar sem hann hefir verið hækkaður stórlega upp á síðkastið vegna kreppunnar. Vegna þess að skatturinn er hér á byrjunarstigi, þykir ekki rétt að hafa hann hærri en þetta, 4 au. af lítra, en ef till. koma fram um að hafa hann hærri, mun stj. ekki beita sér gegn því.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Pétur Ottesen: Það, sem fyrst blasir við þm., er þeir setjast hér í sæti sín að þessu sinni, eru þessir bunkar af skattafrv. stj., sem ýmist lúta að framlenging

eldri skattalaga eða um lögfesting nýrra álaga, og er frv. það, sem hér liggur fyrir og hæstv. fjmrh. hefir nú reifað allýtarlega, eitt af þeim.

Ég ætla, að upphæð þeirra skatta, sem landsstj. leitar nú framlengingar á, hafi árið 1930 numið kringum 3 millj. kr. Ég sé á LR. 1930, að það ár hefir verðtollurinn numið um 2 millj. 300 þús. kr. Hitt er ekki gott að sjá, hve gengisviðaukinn út af fyrir sig hefir numið miklu, því að hann kemur fram í mörgum og óskyldum vörutegundum. Þetta frv., sem hér er til umr., fer fram á mjög mikla hækkun á bifreiðaskattinum. Ég sakna þess mjög, að í aths. þess er engu orði vikið að því, hversu hár þessi nýi skattur muni verða. Mér er sagt af mönnum, sem nokkra athugun hafa gert á því, hvað skatturinn samkv. þessu frv. mundi nema, að líkindi séu til, að hann mundi nema upp undir ½ millj. kr., og mun það sízt of hátt áætlað. Nú ber þess að vísu að geta, að þessi skattur er ekki að öllu leyti nýr, því að bifreiðaskattur er fyrir, en hann er ekki nema lítið brot af þeim skatti, sem hér er í uppsiglingu.

Það, sem verður næst fyrir manni í þessum skattamálabunka stj., er frv. um samþykkt á fjáraukalögum fyrir árið 1930. Það nemur rúmlega 5 milljónum króna, eða nánar tiltekið 5 millj. 125 þús. kr. Hér við er það þó að athuga, að í þessum fjáraukalögum er ekki tilfærður nema nokkur hluti af upphæð þeirri, sem greidd var umfram fjárlög þetta ár, því að LR. 1930 sýnir, að öll útgjöld það ár námu fullum 25 millj. 700 þús. kr., en áætlun þingsins í fjárlagafrv. fyrir það ár nam ekki nema 11 millj. 700 þús. kr.

Í þriðja lagi liggur hér fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1933. Við lestur þess kemur það ljóslega fram, hvernig hag ríkissjóðsins er komið í höndum núv. stj. Í frv. þessu eru að miklu leyti skorin niður fjárframlög til verklegra framkvæmda í landinu, til vega-, brúa- og vitabygginga og símalagninga. En þrátt fyrir þennan niðurskurð í fjárframlögum til verklegra framkvæmda, þá er útgjaldaáætlun fjárlagafrv. hærri nú en nokkru sinni fyrr, og liggur það að langsamlega mestu leyti í því, hvað miklu af lögbundnum útgjöldum er búið að hlaða á ríkissjóðinn síðustu árin, og svo þeirri gífurlegu hækkun á vöxtum og afborgun af hinum stórfelldu lántökum stj. Að öðru leyti gætir þess lítið í þessu fjárlagafrv., að sparnaðar sé gætt á öðrum liðum, þó að sumstaðar megi sjá þeirrar viðleitni nokkurn vott. En það er ekki nóg, að fjárlagatölunum sé breytt í þessa átt, heldur þarf líka að gera aðrar nauðsynlegar lagabreytingar til þess að geta nokkru áorkað í þessum efnum. En slíks hefi ég ekki orðið var í þessum bunka af frv., sem stj. hefir að þessu sinni lagt fyrir þingið. En úr því að ástandið er orðið þannig, að krefjast verði slíkra ráðstafana, þá er viðleitnin ein eigi nóg, heldur verða framkvæmdir og að fylgja. Það er því ekki einhlítt að bæta á nýjum skattalögum, eins og helzt virðist vaka fyrir hæstv. landsstj., heldur verður miklu fremur að gera ráðstafanir til þess að draga úr eyðslunni. Hinsvegar er vitaskuld mjög létt fyrir hæstv. fjmrh. að sýna fram á, að ríkið þurfi aukinna tekna, ef ekkert er gert til þess að draga úr útgjöldum.

Hæstv. fjmrh. hefir nú reifað nokkuð þetta nýja frv. um bifreiðaskatt. Það er með tvennum hætti nokkuð öðruvísi en áður, er það hefir verið til meðferðar í þinginu, þó að breytingarnar séu í raun inn ekki veigamiklar. Fyrst og fremst er skatturinn lækkaður úr 6 au. á kg. niður í 4 a. á lítra. Hinsvegar er skattur á einkabifreiðum hækkaður um helming frá því, sem var í frv. því, er hér lá síðast fyrir þinginu. Ennfremur er skatturinn hækkaður að því leyti, að nú er hann látinn ná til fyrirliggjandi birgða af bílagúmmí í landinu. Að þessu athuguðu hygg ég, að skatturinn samkv. þessu frv. verði meiri og þyngri en eftir þeim frv., sem áður hafa legið fyrir þinginu um þetta efni.

Á sumarþinginu síðast báru þeir hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. fram frv. um þetta efni í hv. Ed., ég ætla að tilhlutun stjórnarinnar. Það frv. var að einu leyti frábrugðið þessu frv. og þeim frv., sem áður hafa verið flutt um þetta efni. Í því frv. var svo ákveðið um skiptingu gjaldsins milli þjóðvega og sýsluvega, að 30% skyldi ganga til viðhalds sýsluvega, og mun það hlutfall hafa verið ákveðið með

hliðsjón af lauslegu yfirliti um raunverulegan viðhaldskostnað þessara vegaflokka. Nú er þessu breytt þannig, að ekki nema 10% á að renna til sýsluvegaviðhaldsins. Þessi breyting er efalaust mikið til hins lakara. Þessi skipting stríðir á móti þeim sjálfsögðu sanngirniskröfum, sem hin einstöku héruð eiga til hins opinbera um þátttöku í viðhaldskostnaði sýsluveganna. Í sumum sýslum er það svo, að menn hafa lítil not annara vega en sýsluveganna. Þessir menn eiga nú eftir þessu frv. að greiða bifreiðaskatt, sem á svo ekki að verja nema að mjög litlu leyti þeim til góðs, þar sem svo lítill hluti bifreiðaskattsins á að ganga til viðhalds sýsluvega. Ég vil því mjög eindregið mælast til þess, að ef það verður ofan á á Alþingi að hækka bifreiðaskattinn, að þá verði skipting skattsins milli sýslu- og þjóðvega færð í það horf, sem hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. lögðu til í frv. sínu á síðasta þingi.

Ég sé ennfremur, að upp í þetta frv. er tekið það ákvæði, að verja skuli 20% af hvers árs tekjum til að greiða aukakostnað, er af því stafar að malbika þjóðvegarkafla. Ég veit ekki betur en að í núgildandi lögum sé svo ákveðið, að bifreiðaskattinum eigi beinlínis að verja til slíks slitlags, sem sé að malbika og púkka vegi. Hinsvegar er mér ekki kunnugt um, að unnið hafi verið að neinum slíkum sérstökum umbótum, heldur hafi þetta verið notað til algengs vegaviðhalds. Ég held því, að þetta ákvæði segi ekki mikið í sjálfu sér. En ég vil ekki undir nokkrum kringumstæðum sætta mig við annað en að hæfilegur hluti skattsins renni til viðhalds sýsluveganna, ef bifreiðaskatturinn verður hækkaður á annað borð.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get þakkað hv. þm. Borgf. fyrir undirtektir hans undir þetta frv. Aðalatriðið í þessu máli er það, að hækka bíla- og benzínskattinn, til þess að vega upp á móti hinum mikla viðhaldskostnaði. Hitt er aukaatriði, hvort haldið er óbreyttri skiptingunni á skattinum eða gengið lengra í áttina til brtt. þeirra hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. í Ed. á síðasta þingi. Ég mun ekki ræða það nánara hér, en eiga tal við þá hv. þm., sem hafa haft afskipti af málinu á fyrri þingum, og einnig við þá n., sem fær frv. til meðferðar.

Ég get játað, að sýsluvegasjóðir ættu að fá meira tillag en hér er lagt til. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, að bílaskatti þeim, er innheimtur hefir verið til þessa, hefir ekki verið haldið sér, og ég vil benda á, að í fjárlagafrv. hefi ég látið renna saman vegaviðhald og bifreiðaskattinn, sem áður var haldið aðgreindu. Í framkvæmdinni hefir þetta tvennt runnið saman, og því ekki ástæða til þess, að það væri aðgreint í fjárl.

Um einstök atriði frv. mun ég láta nægja að tala við n. og ræða síðan, er n. hefir athugað frv.

Hv. þm. minntist á nokkur atriði, sem koma ekki beint þessu máli við. Ég tel skylt að vekja athygli hans á því, að fjárveitingar til síma og vita eru ekki þar, sem hann mun hafa leitað þeirra, heldur í eignahreyfingum. Þar eru 100 þús. kr. til nýrra símalína og 65 þús. til vita. Þetta eru eignahreyfingar ríkissjóðs og ekki bein útgjöld.

Það er alveg rétt, að í fjárlagafrv. er dregið úr verklegum framkvæmdum, en ég veit ekki, hvenær kreppa leiðir það ekki af sér, að úr verklegum framkvæmdum sé dregið, og sérstaklega er það eðlilegt nú, þar sem verklegar framkvæmdir hafa verið óvenjulega miklar undanfarið.

Það er einnig alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að þingheimur fær að sjá framan í framlengingu á tveimur tollum, en ég veit með vissu, að enginn hefir í einlægni gert ráð fyrir, að hægt væri að fella niður þá tolla. Á síðasta þingi voru þeir framlengdir með miklum atkvæðamun. Þá var talið sjálfsagt að framlengja þá vegna nauðsynjar ríkissjóðs. Og hafi verið ástæða til þess á sumarþinginu, þá er ástæðan nú miklu ríkari.

Hv. þm. gat þess, að árið 1930 hefði gengisviðaukinn og verðtollurinn verið um 3 millj. Ég get bætt því við upplýsingar hans, að árið 1931 voru þeir samtals alls ekki meira en 1800 þús., og ég verð að bæta við, því miður, að á þessu ári munu þessir tollar verða miklum mun lægri. Slík tollalækkun er eðlileg afleiðing ástandsins. Verðtollurinn fer t. d. eftir verði og magni vörunnar, og þarna

er yfirvofandi lækkun ennþá, þar sem bæði hefir dregið úr verði og innflutningi verðtollsvara. Það er sýnt, að ekki er einhlítt að treysta á niðurskurð. Við verðum einnig að horfa fram á nokkra skattahækkun. Um þetta mun ég ræða við fjhn., áður en ég legg fram þau frv., sem undirbúin hafa verið, auk þeirra frv., sem nú liggja fyrir.

Ég veit ekki til, að nokkur þjóð hafi von um að komast yfir þá erfiðu tíma, sem nú standa yfir, án þess að viðhafa bæði sparnað og líka hækkun skatta, en þar verður að vera aðgætni, eins og hv. þm. sagði. Um nýja tolla verður að sjá svo til, að það séu framtíðartollar, eins og þessi tollur, sem við höfum lengi vanrækt að leggja á, eða þá að það verða að vera skattar, sem íþyngja ekki atvinnuvegum okkar, sem eru nú nægilega aðþrengdir. Þetta fáum við að ræða nánar á þessu þingi.

Þessir tveir tollar, verðtollurinn og vörutollurinn, eru nú 8 ára gamlir og voru upphaflega leiddir í lög í harðri kreppu, þó ekki nándarnærri því eins svæsinni og þessari. Þessir tollar voru báðir teknir í lög á fyrsta þinginu, sem ég sat á, þegar stj. þáv. íhaldsflokks var við völd og samþ. af stjórnarandstæðingum. Nú er auðsætt, að það verður að framlengja þessa tolla, og þeir, sem framlengdu þá á síðasta þingi munu sjá, að ekki er minni þörf að framlengja þá nú.

Pétur Ottesen: Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að kreppa, og ekki sízt slík kreppa, sem nú er, verði þess valdandi, að draga verði úr verklegum framkvæmdum. En þó er því ekki að leyna, að hefði verið hér gætileg fjármálastjórn á undanförnum árum, þá hefði ríkið ekki þurft að draga að sér hendina um fjárframlög til verklegra framkvæmda, þrátt fyrir yfirstandandi kreppu. En ég verð nú að segja það, að í fjárlagafrv. eru margir og stórir liðir, sem eru þannig, að það liggur miklu nær að byrja að athuga, hve mikið mætti spara með því sumpart að lækka þá og sumpart að fella þá niður. En að því leyti, sem sá niðurskurður nægir ekki, þá er eðlilegt, að það verði að koma niður á verklegum framkvæmdum.

Hæstv. fjmrh. upplýsti nú, að tekjur af verðtollinum og gengisviðaukanum hafi orðið miklu minni árið sem leið en árið áður, og mundu verða ennþá minni á þessu ári. En um síðasta ár er það að segja, að á sumarþinginu var það upplýst, að á fyrri hluta ársins hefðu þær tekjur orðið líkar og áður. Þessi lækkun hefir þá orðið á síðari hluta ársins, og skal ég ekkert rengja það. En það verður að gæta þess, að tekjurýrnun ríkissjóðs verður að mæla með því einu að draga úr útgjöldunum, það er allsendis ófær leið að ætla sér að demba nú á nýjum skattaálögum, því fjárhagsafkomu landsmanna er nú svo komið, að þeim veitist áreiðanlega nógu örðugt að standa straum af þeim skattgreiðslum, sem fyrir eru, þó þar sé ekki aukið á. Allri viðbót í því efni er áreiðanlega ofaukið.

Það er náttúrlega mikið til í því, að þingmönnum mun hafa verið það nokkurn veginn ljóst, er þeir settust að þingstörfum nú, að þess mundi enginn kostur að draga úr skattaálögum landsmanna. En hinsvegar verður líka að játa það, að það er einungis vegna fjármálasynda undanfarandi ára, að það er ekki hægt. Það er vegna þess, hve illa hefir verið haldið á afrakstri þeim, sem fallið hefir í skaut þess opinbera af atvinnuvegum landsmanna.

Það er sagt, og það með réttu, að það þýði ekki að sakast um orðinn hlut. En slíkir viðburðir sem þessir eiga þó að vera okkur reynsluskóli, sem kennir okkur, hvernig við eigum að haga framkvæmdum okkar í framtíðinni. Að þessu leyti getum við skorið upp ávöxt af þessum viðburðum. Þeir eiga að verða til þess að opna augu manna fyrir því, að það verður eftirleiðis að reka búskap ríkisins með miklu meiri gætni og fyrirhyggju heldur en gert hefir verið í tíð framsóknarstj.

Haraldur Guðmundsson: Mér finnst lítil ástæða til þess fyrir hv. þm. Borgf. og hæstv. fjmrh. að karpa um frv. þetta, því að á ræðum þeirra beggja er það auðheyrt, að þeir eru báðir sammála um það, að sjálfsagt sé að samþ. bæði þetta frv. og einnig önnur, sem ganga í svipaða átt. En þeir um það. Ég vil, með leyfi hæstv.

forseta, lesa upp þál., sem samþ. var í þessari d. á síðasta þingi, þskj. 446, um ráðstafanir gegn dýrtíð og atvinnuleysi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka, á hvern hátt heppilegast sé að vinna gegn dýrtíð þeirri, sem nú ríkir í landinu, einkanlega í Reykjavík, svo og gegn yfirvofandi atvinnuleysi, og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Sérstaklega athugist:

a. Möguleikar til lækkaðrar húsaleigu.
b. Óeðlilega hár verzlunarkostnaður innlendrar og erlendrar vöru.
c. Leiðir til að vinna gegn yfirvofandi atvinnuleysi".

Ég hygg, að ég muni það rétt, að það hafi verið samflokksmenn hæstv. fjmrh., sem í þinglokin sér til samvizkufróunar fluttu þessa þáltill. Hún var samþ. og henni vel tekið af hæstv. stj.

Nokkuð er tekið að bóla á stjfrv. Hér er nú verið að ræða um að þrefalda skatt á öllum bílflutningum innanlands. Er það eitt ráðið til þess að draga úr dýrtíðinni!? Árið 1930 var bifreiðaskatturinn 108 þús. kr. Hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að hann verði 300 þús. kr., ef þetta frv. verður samþ. Hér liggur og fyrir frv. um að framlengja bráðabirgðaverðtollinn frá 1924 og gengisviðaukann frá sama ári.

Mér leikur hugur á að vita, hvaða framkvæmdir hæstv. stj. hefir gert í sambandi við þáltill. þá, sem ég las upp. Ég gat ekki skilið annað á ræðu hæstv. fjmrh. en að þeir, hann og hv. þm. Borgf., séu innilega sammála um það, hvernig mæta skuli kreppunni, eins og hann orðar það. Það er að þeirra dómi bezt gert með því að viðhafa hinn „ýtrasta sparnað" og með því að hækka tolla. Þessi ýtrasti sparnaður kemur fram í því, eins og hv. þm. Borgf. réttilega benti á, að verklegar framkvæmdir verða stórkostlega skornar niður, ef þeim ekki verður alveg hætt. Það getur og jafnvel verið, að ganga verði svo langt að skerða eitthvað tekjur hálaunaðra manna í nýstofnuðum embættum. En aðallega verður það þó niðurskurður á verklegum framkvæmdum og lækkun á launum láglaunamanna, sem gripið er til, eins og frv. stj. ber með sér. Er það þetta, sem stj. ætlar að gera til þess að bæta úr því yfirvofandi atvinnuleysi og draga úr dýrtíðinni, sem hún átti sérstaklega að ráða bót á?

Hæstv. fjmrh. sagði, og hv. þm. Borgf. tók undir það, að þetta væru alvarlegir krepputímar. Þó að ekkert væri dregið úr framkvæmdum ríkisins, yrðu margir atvinnulausir. Hvað mun þá, ef stórkostlega er dregið úr framkvæmdunum? Og á að minnka dýrtíðina með því að framlengja tollana og bæta nýjum við?

Ég vil nú þegar við 1. umr., fyrst annars var farið að ræða þetta frv., spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. eða þá atvmrh., hvaða ráðstafanir stj. hafi á prjónunum í sambandi við þá þál., sem ég minntist á, aðrar en þær, að draga úr framkvæmdum og auka með því atvinnuleysið og hækka tolla og auka þar með dýrtíðina.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Seyðf. lét sér tíðrætt um þáltill., sem afgr. var undir þinglokin í sumar út af dýrtíðinni. Hann var að hnýsast eftir því, hvað gert hefði verið í þessu efni. Ég get upplýst það, að mikil vinna hefir verið lögð í að inna þetta verkefni af hendi, og þessa dagana er verið að fjölrita rækilega og merkilega skýrslu um eitt aðalatriðið í þessu máli. Er hún samin af skattstjóra og mun verða útbýtt nú á næstu dögum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Seyðf. telur þess ekki þörf á slíkum tímum sem nú að spara eða leggja á nýja tolla. Það má til sanns vegar færast, að það hjálpaði meira almenningi, að aukin væri eyðsla og þar með atvinna og tollar lækkaðir. Ég kannast við jafnaðarmannstjórnir í þremur ríkjum, Englandi, Danmörku og Svíþjóð, sem setið hafa við völd á krepputímum, og ég veit ekki til, að nein þeirra hafi haft annað ráð en þetta, að draga úr útgjöldum og auka tolla. Um þetta er aldrei spurt, en svo kemur deilan um það, úr hvaða kostnaði eigi að draga og hvaða tolla eigi að hækka, og um það verður allt af deilt.

Hv. þm. Seyðf. sagði í sinni ræðu, að við vildum draga úr dýrtíðinni með því að þrefalda skatt á flutningum innan-

lands. Ég get vel tekið undir þetta. Ég tek undir það, að það er verið að draga úr erfiðleikum þeirra, sem eiga við vonda flutninga að búa, þegar aflað er nýrra skatta, sem eingöngu er varið til vegagerða. Þar hjálpast allir að til þess að hægt sé að verja meiru fé til nýrra vega. Skatt, sem lagður er á flutninga flutninganna vegna, þarf ekki að gera tortryggilegan með því að hann sé eingöngu til að auka dýrtíð. Hv. þm. og hans flokksbræður ættu að tala um þetta við Stauning, sem nú er að koma benzínskattinum upp í 10 aura á hvern lítra.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég þarf ekki að standa upp til að láta í ljós skoðun mína á þessu frv., ég hefi látið hana í ljós um svipað frv. áður og hefi frá upphafi verið andvígur þessum skatti.

Þessi skattur verður ekki borinn saman við það, sem hann er hjá öðrum þjóðum, því að aðrar þjóðir hafa önnur farartæki, sem annast að miklu leyti alla nauðsynlega flutninga, sem sé járnbrautir, en við höfum engin tæki til landflutninga nema bifreiðar. Aðrar þjóðir skattleggja ekki sín aðalflutningatæki, heldur leggja árlega stórfé til þeirra, svo að flutningur með þeim verði sem ódýrastur. Þær líta dýpra en á aurana, sem koma í ríkissjóð, þær líta á þann hagnað, sem stafar af ódýrum samgöngum. Það má nærri geta, þar sem ég alltaf hefi verið mótfallinn því að skattleggja þessi farar- og flutningstæki, bifreiðarnar, að þá muni ég einnig vera mótfallinn hækkun á slíkum skatti. Hitt get ég fallizt á, að rétt sé að skipta skattinum milli hinna ýmsu vegaflokka eins og lagt er til í 8. gr. frv., ef hæstv. stjórn og deild vill fallast á, að þessi skattur verði ekki hækkaður í heild. Ég flutti einmitt eitt sinn, er frv. var á ferðinni um þetta efni, brtt. um að skipta skattinum á líkan hátt og hér ræðir um. En það er líka annað atriði, sem ég get ekki stillt mig um að vekja máls á hér, þó að ég hinsvegar geti sparað umr. að þessu sinni, þar sem ég á sæti í þeirri n., er fá mun þetta mál til meðferðar. Eftir því sem ég veit bezt til, þá er því þannig háttað í öðrum löndum, að skatti þessum er varið til þess að bæta vegina einmitt fyrir þau farartæki, sem hann er tekinn af, en honum eigi hent saman við annað það fé, sem ætlað er til almennra vegagerða, eins og hér hefir gert verið. Ef hér væri breytt um, þá yrði fyrst nokkurt vit í þessum skatti, þá fyrst kæmi hann einmitt þeim til hags, sem greiða hann, og þá gerði hann flutningana ódýrari en ella. En hér er ekki því að heilsa. Þessu fé hefir verið varið til þess að ryðja nýjar slóðir, sumarvegi upp um fjöll og firnindi, og er þá farið eins fjarri tilganginum og hægt er.

Það er líklega óþarft að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann viti til, að samskonar fé sé varið á líkan hátt í öðrum löndum. Mér þótti það hart að heyra hæstv. fjmrh. tilkynna það, að því er virtist með köldu blóði, að í framkvæmdinni hefði þessi skattur undanfarið farið saman við annað viðhaldsfé, þó að með sérstökum lagaákvæðum sé tiltekið, á hvern hátt nota beri þetta fé, m. a. til þess að gera varanlegt slitlag á þjóðvegi, þar sem umferðin er almest. Er það meining stj., að hér sé hún ekkert bundin við að fara eftir lögunum? Ja, það má að vísu segja hið sama um störf stj. á fleiri sviðum en þessu, en hún er skyldug til þess að fara eftir lögunum, og ef hún telur þau óheppileg í framkvæmd, þá á hún að reyna að fá þeim breytt.

Ég veit ekki, hvort ég á að þessu sinni að fara langt út í almennar umr. um fjármál, en þó er það hreint ekki óviðeigandi í sambandi við fyrsta skattafrv. á þessu þingi. Mér kom það raunar dálítið á óvart, er hæstv. fjmrh. upplýsti, að þessi bifreiðaskattur yrði um 25% lægri fyrra helming síðastl. árs heldur en var árið á undan. Það er og vitað mál, að tekjur af gengisviðauka og verðtolli eru og til muna minni. Kemur þessi niðurstaða dálítið illa heim við þær upplýsingar, er stj. gaf á þinginu í sumar, að þessir tekjuliðir mundu haldast óbreyttir síðastliðið ár. Það liggur ekkert fyrir, sem sýnir það, að vöruflutningar til landsins hafi breytzt svo síðari hluta ársins, en það virðist ólíklegt þess vegna, að þessi lækkun hafi verið stj. alveg dulin á síðasta þingi.

Hæstv. fjmrh. sagðist gjarnan vilja sjá það ár koma, sem hægt væri að mæta kreppu með því að komast hjá að hækka

skatta; en það ár ætti að koma. Það ætti að vera augljóst, að kreppu fylgja jafnan auknir örðugleikar atvinnuveganna á því að borga skatta, og þá ætti það að vera markmið hverrar stj. að geta lækkað þá. Að vitna í erlenda reynslu sannar ekkert í þessu máli annað en það, að þar hefir máske verið farið eins óviturlega að og hér. Og þó að ráðh. hafi ekki von um, að slíkt ár megi upp renna hér á landi, þá er það samt ekkert annað en það, sem komið hefir fyrir. Við höfum fyrir skömmu lifað það kreppuár, þegar skattar lækkuðu, en verklegar framkvæmdir héldust í sama horfi.

Þá fannst mér ekki alveg hugsunarrétt svar hæstv. fjmrh. til hv. þm. Seyðf., á þá leið, að ekki væri hægt á krepputímum samtímis að lækka opinbera skatta og að auka framkvæmdir. Það var eins og hann virtist ekki sjá þann möguleika að eiga eitthvað til, þegar kreppa skellur á, — safna á góðu árunum og geyma til harðæranna til þess að minnka þá atvinnuleysið með auknum framkvæmdum ríkisins án þess að auka um leið skattaálögur.

Yfir þetta land hafa nú um skeið komið eindæma góðæri, sem hafa skapað ríkissjóði um 15 millj. kr. tekjur fram yfir áætlun. Væri það svo ólíklegt, að eitthvað af þessu fé hefði mátt geyma til erfiðu áranna?

Það er hinsvegar alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að eins og nú standa sakir, þá verður ekki hægt að mæta þessari kreppu öðruvísi en með miklum niðurskurði verklegra framkvæmda eða auknum álögum, eða hvorutveggja. En ég vil ekki heyra það, að þetta sé einhver alveg sjálfsögð og ófrávíkjanleg regla, sem hljóti jafnan að gilda í framtíðinni; ég vil ekki heyra slíkt úr sæti fjmrh.

Þá þótti mér það heldur ekki nógu viturleg kenning, er hann virtist halda fram og er samhljóða því, er oft hefir heyrzt í aðalmálgagni stj. nú í seinni tíð, að vegna hinna miklu framkvæmda síðustu ára sé ekki rétt að ætlast til, að nú sé hægt að halda í horfið í því efni. En ég vil þá segja, að einmitt þessar geysiframkvæmdir síðustu ára séu ein af meginorsökum kreppunnar hér í landi, ein meginkvísl kreppunnar sé einmitt komin frá stj. sjálfri. Ég skal að sjálfsögðu viðurkenna það, að hér sem alstaðar annarsstaðar úti um heim er kreppan runnin af almennum ástæðum að nokkru leyti, en meginástæðan er hinar miklu framkvæmdir stj. Hin sama reynsla er að fást í öðrum löndum; þar, sem framkvæmdastjórnir hafa setið að völdum, kemur kreppan harðast niður, en þar, sem gætin fjármálastjórn hefir átt sér stað, er allt rólegt að mestu. (**Fjmrh.**: Hvar er það, sem allt er nú rólegt?). Það má nefna lönd eins og Frakkland. Þeir skylmast þar að vísu á stjórnmálasviðinu, fella stjórnir og því líkt, en slagurinn stendur þar ekki um kreppuna eða fjármál. Þegar litið er á þá miklu keppni í framkvæmdalífi undanfarinna ára, og að einmitt stjórnin átti drjúgan þátt í að auka hana með því að keppa við atvinnuvegina, er það ljóst, að hún hefir einmitt farið öfugt að, því að í góðærunum á hyggin stj. einmitt að beita sínum áhrifum með því blátt áfram að draga fé út úr veltunni, lækka öldutoppinn, til þess að geta á sínum tíma hækkað dalina. En hvernig hefir stj. hagað sér í þessu efni í undanförnum góðærum? Hún hefir árlega borgað úr ríkissjóðnum margar millj. kr. fram yfir áætlun, — hún hefir sem sé farið þveröfugt að við það, sem átt hefði að vera.

Ég get að vísu tekið undir það með hv. þm. Borgf., að það þýði ekki að sakast um þetta nú, því að það er komið sem komið er, en ég sá ástæðu til þess að benda á þetta, úr því að hæstv. fjmrh. virtist boða það sem sjálfsagða reglu á krepputímum, að auka jafnan skattaálögur, en að draga úr framkvæmdum.

Haraldur Guðmundsson: Ég get ekki að því gert, að mig furðaði dálítið á svörum hæstv. fjmrh. áðan við ræðu minni. Ég sagði það eitt, að einu bjargráðin, sem hann virtist sjá, væru þau, að hækka tolla og að spara. Ég get verið honum sammála um það, að til þess að halda við eða auka verklegar framkvæmdir, miðað við síðustu 3 ár, verði ekki hjá því komizt að hækka einhverja skatta, en það er ekki sama, hvaða skatta á að hækka og hverja ekki að hækka. Sumir

þeirra, nauðsynjatollarnir, verða að lækka. Í fjárlfrv. hv. ráðh. sjálfs fyrir árið 1933 er tekju- og eignarskattur samtals áætlaður 850 þús. kr., sem mun vera mjög varlega áætlað. Á síðasta þingi bárum við alþýðuflokksþm. fram frv. um heimild fyrir stj. til þess að hækka þennan skatt meira en um helming, nefnilega tekjuskatt af tekjum yfir vissu hámarki um 100% og eignarskatt um 200%, ef tekjur og eignir væru yfir vissu lágmarki. En það frv. náði ekki samþykki. Ef nú slík ráðstöfun yrði gerð, mundi það auka tekjur ríkissjóðs um 850 þús. upp í 1 millj. kr. samkv. frv. ráðh. sjálfs, en sennilega þó talsvert meira. Það liggur ljóst fyrir, að óhjákvæmilegt er að sjá ríkissjóði fyrir tekjum, en um það er ágreiningurinn, hvort afla skuli þessara tekna á þennan hátt eða hinn. Hæstv. fjmrh. hefir nú í dag lagt fram hér í d. 3 frv., sem öll fara í þá átt að auka og viðhalda gildandi tollum, sem hvíla á almenningi, og hann hefir boðað komu fleiri frv., sem fara í líka átt. Frv. það, sem hér er til umr., fer fram á að þrefalda bifreiðaskattinn frá því, sem verið hefir. Maður kemst ekki hjá því í þessu máli að athuga það, hvort hækkun þessa skatts muni sneiða hjá þeim, er harðast verða úti í kreppunni, þeim mönnum, sem minnstar eignir eiga og minnstar tekjur hafa, og það verður fljótt ljóst, að þar sem einmitt þessi skattur miðar að því að hækka verð á flutningum öllum og þar með nauðsynjum, þá muni ekki svo vera. Þetta veit ég, að ráðh. sér, ef hann vill, að vandræði fátækustu mannanna eru einmitt aukin með þessu frv.

Ég veit það vel, að mörgum hér í deildinni finnst það fjarstæða á þessum tímum að hækka tekju- og eignarskatt. En ég vil spyrja þessa menn, hvort réttara sé að taka um 300 kr. af fátæku heimili hér í Reykjavík með tollum á nauðsynjum, eða að hækka um helming tekju- og eignarskattinn hjá hátekjumönnum. Hvort er réttara að hækka skatt af 10 þús. kr. skattskyldum tekjum úr 462 kr. upp í 924 kr., eða að halda við og auka 300 kr. nauðsynjatollinn á bláfátækum atvinnulausum fjölskyldumanni? Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að réttara væri að hækka skattinn, eins og við alþýðuflokksmenn lögðum til á síðasta þingi.

Þá gerði hæstv. fjmrh. sér tíðrætt um flokksbróður minn Stauning og þær ráðstafanir, er hann hefði komið á á þessu sviði í sínu landi. Ég þori ekki að vefengja þær upplýsingar, sem hann gaf um benzínskattinn þar, en það veit ég, að þær ráðstafanir, sem í Danmörku hafa verið gerðar út af kreppunni, eru harla ólíkar eða hér. Kreppan kom þar 1½ ári fyrr en hér, en það ber öllum saman um, að hún komi yfirleitt hvergi eins vægt niður á alþýðunni og einmitt í Danmörku, og stafar það m. a. mikið af því, að þegar í byrjun var tekin sú leið að hækka skatta af hátekjum og verja því fé til þess að veita beinan og óbeinan styrk atvinnuleysingjum. Er t. d. miklu fé varið árlega til húsabygginga í því skyni, til þess að skapa atvinnu og auka kaupgetu manna og á þann hátt draga úr kreppunni. Og jafnvel nú, þegar mest harðnar um, er einmitt ráðizt í stórkostlegar framkvæmdir, eins og þá, að byggja brú yfir Litlabelti, sem áætlað er að muni kosta um 50 millj. kr. Eftir því sem mig minnir, þá er einmitt hæstv. fjmrh. nú nýkominn frá Danmörku og veit þetta allt að sjálfsögðu og getur því tekið Stauning sér til fyrirmyndar, ef hann aðeins hefir vilja og innræti þar til.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vildi af ýmsum ástæðum frekar draga úr umr. að þessu sinni, en sé þó ekki fært annað en svara að nokkru hv. síðustu ræðumönnum.

Ég verð að segja, að mér þóttu allnýstárlegar fréttir, sem hv. þm. Seyðf. sagði frá Danmörku um það, að kreppan hefði hvergi komið eins létt við þjóðina eins og þar. Eftir minni kynningu í síðustu utanför og áður kemst ég að allt annari niðurstöðu. Ég vil ekki hér í þingsalnum hafa eftir ummæli Bramsnæs fjmrh. um ástandið í Danmörku, en það má a. m. k. tvímælalaust marka af áliti hans, að ástandið þar er sízt betra en hér. Þetta er að vísu engin huggun, en það getur verið gott svar við skoðun hv. 4. þm. Reykv., að kreppan eigi rót sína að rekja til framsóknarstj. Ég verð að nota hans eigin orð um þá fullyrðing, að hún sé „tæpast nógu

viturleg", eða ef ég vildi orða það frá eigin brjósti, að þá væri hún svona með því aumasta, sem sézt hefir um orsakir kreppunnar. Hv. þm. Seyðf. taldi, að Danir hefðu bjargað öllu með því að hækka tekjuskatt og varið hækkuninni til bygginga. Hann lýsti sig fylgjandi samskonar ráðstöfunum hér. Og ég mundi geta fallizt á, að tekjuskattur yrði eitthvað hækkaður, en ef hann ætlar að fallast á sömu ráðstafanir út af kreppunni hér og flokksbróðir hans í Danmörku gerði, þá mun hann að sjálfsögðu fallast á það frv., sem hér er til umr., því að í Danmörku gildir einmitt samskonar skattur, eins og áður er sagt, og var hækkaður í sumar sem leið í tilefni kreppunnar. Ræða hv. þm. gerir ekki annað en að sanna þá gömlu sögu, að það er annað og léttara að finna að því, sem gert er, svo að láti vel í eyrum, en að bera ábyrgð og verða að finna úrlausnir á vandasömum tímum.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu sinni um tekjuskatt og slíka hluti; til þess mun verða tækifæri síðar á þessu þingi.

Hv. 4. þm. Reykv. þóttist hryggur yfir vonbrigðum, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir um mig persónulega. Hefði hann verið eins hryggur og hann lét, held ég, að hann hefði ekki haldið þessa ræðu. Hann hefði þá getað sleppt því að hryggja mig með ýmsu af því, er hann sagði.

Hv. þm. gaf Frökkum vottorð um góða fjármálastjórn. Þó hefir komið fram tekjuhalli á ríkisbúskapnum þar, og honum hefir orðið að mæta með niðurskurði á framkvæmdum og auknum álögum, eins og annarsstaðar. Í því efni eru Frakkar engin undantekning. Í sumu öðru hafa þeir nokkra sérstöðu, svo sem að því er snertir bankamál og þjóðarauð, en út í það ætla ég ekki að fara frekar. Ég sagði, að í fjárhagskreppu, eins og þeirri, er nú þjakar heiminn, væri óhjákvæmilegt fyrir ríkin að draga úr framkvæmdum og afla aukinna tekna, ég talaði um það hvorttveggja. Á meðan öldugangur er í lífi og fjármálum þjóðanna, kemur hann einnig fram í starfsemi ríkjanna. Ríkisvaldið á að draga úr honum eftir mætti, en það getur ekki snúið honum við, eins og hv. þm. virtist ætlast til.

Ég ætla ekki að mótmæla kenningu hv. þm. um, að það eigi að vera til í sjóði afgangur frá góðu árunum, þegar kreppur og erfiðleikar bera að höndum. Hv. þm. er fulltrúi fyrir stórt og virðulegt kjördæmi, höfuðstað landsins. Þar ræður hans flokkur öllu. Þar er því væntanlega stjórnað svo rækilega eftir hinni gullvægu reglu hv. þm., að ástandið hjá Reykjavíkurbæ hlýtur að vera gerólíkt ástandinu hjá ríkinu. Þar halda náttúrlega allar framkvæmdir áfram eða aukast þrátt fyrir kreppuna, og útsvörin standa í stað eða jafnvel lækka. Ef svo undarlega skyldi vilja til, að þetta sé á hinn veginn, og ef samræmi skyldi nú finnast í því, hvernig ríkið og höfuðstaðurinn mætir kreppunni, þá virðast flokksbræður hv. þm. ekki hafa kunnað að meta kenningar hans.

Ég skal nú sleppa almennum umr. og hverfa aftur að þeim skatti, sem hér er um að ræða. Hv. þm. var mjög hissa á því, að ég sagði, að bifreiðaskatturinn og viðhaldsfé veganna hefði í framkvæmdinni runnið saman. Taldi hann þetta einn vott um ranglæti stj. En þessi skattur var lagður á 1921, og eftir því sem vegamálastjóri hefir sagt mér, hefir alltaf verið fylgt sömu venju um þetta. Skatturinn hefir ásamt viðhaldsfénu gengið til að gera einhverskonar slitlag á vegina. Mér skildist hv. þm. geta mælt með þessum skatti, ef hann væri notaður til þess að gera vegina betri. Ég sé ekki betur en að allt viðhald vega miði að því að gera þá betri. Það sæist bezt, ef viðhaldinu væri sleppt. Hv. þm. hefir ef til vill átt við, að hann vildi láta verja þessu fé til að leggja vegi úr steinsteypu eða öðru mjög dýru efni. Ef svo er, þá stöndum við mjög á öndverðum meið í þessu efni. Ég er sannfærður um, að við megum ekki eyða tugum þúsunda í örstuttan vegspotta, meðan hægt er að gera tugi km. bílfæra fyrir sama fé annarsstaðar. Við verðum að skilja, að viðhorfið er annað hér heldur en í útlöndum, þar sem í samgöngumálunum er komið margfalt lengra áleiðis en hér og þess vegna hægt að verja miklu af vegafénu til varanlegra vega. Um það verður ekki deilt, að bifreiðaskatturinn eykur þróun vegakerfisins í landinu, og enginn dregur í efa þörfina á því. Hv. þm. á sæti í þeiri n., sem væntanlega fær mál

þetta til meðferðar, og get ég því látið frekari umr. um það við hann bíða þangað til þar.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki heldur gefa tilefni til langrar umr.

Hæstv. fjmrh. vildi halda fram, að allar stjórnir hefðu brotið lögin um bifreiðaskatt með því að rugla honum saman við viðhaldsféð. Mér hefir verið sagt, að í tíð fyrrv. stj. hafi bifreiðaskattinum verið varið til sterkra vega, eins og lögin mæla fyrir, á Hellisheiði og víðar. Hinsvegar held ég, að hæstv. ráðh. hljóti að vera mér sammála um það, að stj. eigi alltaf að fylgja lögunum. Ef henni finnst þau ranglát, þá á hún að fá þeim breytt. Það er engin afsökun, þó að hægt væri að benda á, að aðrir hafi brotið lögin áður. Það dugir ekki að taka allt það versta hjá öðrum sér til fyrirmyndar.

Hæstv. ráðh. talaði um tugi km. úti um land, sem hægt væri að gera bílfæra fyrir mjög lítið fé. Ég er nú ekki eins viss um þetta, eða hvort sjálfsagt væri að gera það, ef það er hægt. Þó hægt sé að leggja lélega vegi, er alls ekki þar með sagt, að sjálfsagt sé að gera það. Það er svo með hvern hlut, að menn verða að gera sér grein fyrir, hvort menn hafa ráð á því að eiga þá. Það getur verið álitamál, hvort við höfum ráð á að þenja illa gerða vegi út um allt, sem ef til vill er svo ekki hægt að nota nema stuttan tíma úr árinu.

Hæstv. ráðh. taldi skýringar mínar á kreppunni í þynnsta lagi. Það væri þó víst ekki hægt að segja um hans skýringar!! Hann var að tala um, að það væru vandræði í Danmörku ekki síður en hér. Það er léleg röksemd fyrir málstað hæstv. ráðh. Þar stendur einmitt líkt á og hér að því leyti, að með völdin hefir farið undanfarandi sá flokkur, sem yfirleitt er talinn heldur óprúttinn. Hann hefir steypt þjóðinni í sama fenið og flokkur hæstv. ráðh. hefir steypt íslenzku þjóðinni. Þó býst ég við, að ástandið sé skárra þar, vegna þess að kreppan kom þar fyrr. Stj. hér hefir gert kreppuna enn verri með því að fresta henni um nálega ár. Vegna lántöku hennar komu erfiðleikar bankanna ekki eins fljótt í ljós, og hélt hún þannig öllu í sama horfinu árinu lengur.

Annars virtust skýringar hæstv. ráðh. á kreppunni allar stefna að því að sýna mönnum fram á, að hún væri þjóðinni alveg ósjálfrátt fyrirbrigði, sem ekkert væri hægt að ráða við. Þessar skýringar leiða út í það, að engu sé hægt að bjarga, að það sé alveg sama, hvernig farið er að. Sennilega á þetta þá líka við um einstaklingana. Eru efnaðir menn jafnberskjaldaðir fyrir kreppunni eins og þeir fátækari? Er t. d. engin hjálp að því lengur fyrir bóndann að eiga hey í harðindum? Ef yfirleitt einstaklingar og þjóðir geta ekkert gert til þess að koma í veg fyrir erfiðleika, þá eru vitanlega allir saklausir.

Hæstv. ráðh. bað mig að benda á ríki, sem komizt hefði hjá örðugleikum kreppunnar. Nefndi ég þá Frakkland. Hæstv. ráðh. kannaðist við, að Frakkar væru efnaðir, en sagði, að þó hefði orðið tekjuhalli hjá þeim nú. Þetta gæti e. t. v. villt þá, sem ekkert vita um þessi efni. Það er nefnilega venja í Frakklandi, að það er alltaf tekjuhalli á fjárlögum. Að því leyti mætti segja, að óreiða væri á fjármálastj. þar, og hefir oft verið á það bent. En af hverju stafar þetta? Af því, að franska þjóðin vakir yfir þingmönnum sínum að því er skattaálögur snertir. Þm. þar þora blátt áfram ekki að vera með því að hækka skatta. Frakkar eru sparsamir og borgararnir vilja ekki eyða öllu, sem þeir afla. Þess vegna eru þeir mjög ófúsir að greiða skatta. Þetta kemur aftur fram í því, að þjóðin er efnuð, og er því hægt að ná inn sköttum, þó að harðni í ári. Frakkar standast þess vegna vel kreppuna og þar ber mjög lítið á afleiðingum hennar. Aftur á móti eru Englendingar eyðslusöm þjóð, og þar hefir setið að völdum ógætin stjórn í fjármálum. Afleiðingarnar af því hafa líka sýnt sig, pundið hefir fallið og við mikla erfiðleika er að stríða.

Hæstv. fjmrh. hélt fram, að öldugangur í atvinnulífi og fjármálum þjóðanna væri óhjákvæmilegur, og öldugangurinn í framkvæmdum ríkjanna hlyti að fylgjast að við hann. Þarna greinir okkur á. Ég segi, að öldugangurinn eigi að jafnast fyrir atbeina ríkisvaldsins, aðgerðir þess eigi að vera olía á hinn æsta sjó. Ég get þakkað hæstv. ráðh. síðustu orðin um

þetta efni, því þar tók hann eiginlega aftur það, sem hann sagði áður, viðurkenndi, að ríkisvaldið ætti að draga úr öldugangínum. En það hefir stj. hér ekki gert. Hún hefir tekið þátt í öldugangínum og æst hann. Hún hefir tekið fé umfram heimildir og kastað í öldutopp framkvæmdalífsins.

Mér þóttu hæpnar röksemdir hæstv. ráðh., er hann vildi gefa í skyn, að ef ástandið hjá Reykjavíkurbæ væri eitthvað svipað og hjá ríkinu nú, þá væru orð mín um kreppuna og orsakir hennar tóm vitleysa. Ég veit ekki, hvaða ógnar ábyrgð ég ber á stjórn Reykjavíkurbæjar, einn vesall kjósandi hér. Ég veit ekki, hvort það eru svo miklir sauðir í herbúðum hæstv. ráðh., að allir líti nákvæmlega sömu augum á hlutina. Þar er e. t. v. aðeins einn hirðir og ein hjörð. Ég skal játa, að mér hefir fundizt bæjarstjórnin óþarflega hörð í skattaálögum. Ég persónulega álít, að betra hefði verið að fara hægar og gætilegar í stj. bæjarmálanna. Þó er aðstaða bæjarins og landsins ekki sambærileg. Bærinn má heita skuldlaus. Féð, sem hann skuldar, stendur í arðberandi fyrirtækjum, sem sjálf standa straum af því. Það stendur í rafveitunni, vatnsveitunni o. s. frv. Ekki hefði verið ódýrara fyrir bæjarbúa að afla sér ljósa og vatns á annan hátt. Þetta er hinn róttæki munur á hag bæjarins og landsins.

Einar Arnórsson: Hæstv. fjmrh. vildi gera samanburð á Rvíkurbæ og ríkinu. Mér skildist það vera hans skoðun, að úr því Rvík hefði ekki lagt fé til hliðar á góðu árunum, þá væri ekki við því að búast, að ríkisstj. hefði heldur gert það. En ég er viss um, að þegar hann athugar þetta nánar, þá skilur hann, að hér er óliku saman að jafna. Tekjum Reykjavíkur er þannig háttað, að þær eru að mestu fastskorðaðar frá ári til árs, meðan sömu gjaldaákvæði gilda. Útsvörin geta alls ekki orðið hærri en áætlað er, en aftur á móti geta orðið veruleg vanhöld á þeim. Þetta er langstærsti tekjuliðurinn, og um hina er svipað að segja. Þeir geta varla farið fram úr áætlun; það er hægt að reikna þá svo að segja alveg út fyrirfram. Þannig er um fasteignagjaldið; það er fyrirfram vitanlegt, hvað gelzt af húseignum og lóðum, aðeins þarf að áætla tekjur af húseignum, sem bætast við á árinu. Svipað er að segja um tekjur af gasstöð og rafstöð. Það getur ekki munað verulega á þeim frá næsta ári á undan, nema hvað áætla þarf tekjur frá nýjum notendum. Munurinn á áætluðum tekjum bæjarins og raunverulegum tekjum hans getur því aldrei orðið mikill. Helzt getur einhverju munað á tekjum af höfninni. En höfnin á líka afgang frá fyrri árum. Ég veit ekki betur en veita eigi 75 þús. kr. á þessu ári af fé, sem afgangs var frá fyrra ári, til endurbóta á hafnarmannvirkjunum. (MG: Á ekki einnig að lækka hafnargjöldin?). Jú, það verður líka gert að því er fiskiskip varðar.

Aftur á móti er það svo hjá ríkinu, að á síðustu árum hafa raunverulegar tekjur farið margar (ca. 4—6) millj. fram úr áætlun. Það er að vísu rétt, að þar á móti koma útgjöld á fjáraukalögum, vegna þáltill., og ýms ófyrirsjáanleg útgjöld. En þau nema ekki svo miklu, að þrátt fyrir þau hefði átt að vera mikill afgangur af ríkistekjunum, ef ekki hefði verið farið út fyrir heimildir fjárlaganna og út fyrir aðrar heimildir. Það hefði getað verið til allverulegur afgangur eftir undanfarandi þrjú ár, ef stjórnin hefði haldið sér eins og hægt var við fjárlögin. Samanburður á aðstöðu ríkisins og Rvíkurbæjar hvað þetta snertir er því ekki réttur. Tekjur ríkisins eru miklu hreyfanlegri en bæjarins. Þegar góðæri eru, getur ríkið haft afgang, en tekjur bæjarins geta yfirleitt mjög lítið farið fram úr áætlun.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla að efna það, að lengja umr. ekki mikið. Ég get ekki fallizt á, að umræddur samanburður á Rvík og ríkinu sé tilefnislaus. Þegar heimtað er af ríkisvaldinu, að það lækki skatta og auki framkvæmdir í kreppunni, þá finnst mér ekki nema réttmætt að spyrja Rvík, hvað hún sé tilbúin að gera í þessu efni. Það er að vísu rétt, að tekjur bæjarins eru áætlanlegri en tekjur ríkisins og fara því síður mikið fram úr áætlun. En ef bæjarstj. getur ekki látið safnast sjóði hjá bænum, ætti hún að geta lagt lítið á bæjarbúa af

gjöldum í góðærinu, svo að fé safnist saman hjá einstaklingunum, samkv. kenningum hv. 4. þm. Reykv., og þeir hafi meiri gjaldgetu þegar erfiðlega gengur. En ég hygg, að yfirleitt sé hvergi mikið fé fyrirliggjandi nú til þess að mæta með kreppunni. Við getum náttúrlega staðið hér og skellt skuldinni hver á annan, en slíkt verður alltaf meira eða minna rangt, og enda til þess gert að tortryggja hver annan. Alheimskreppan á fyrst og fremst sökina á því ástandi, sem hér ríkir nú. Það er staðreynd, sem ekki verður komizt hjá að viðurkenna. Það kann að vísu að vera hægt að vefja einhverjar „frómar sálir" í vafa í þessu efni, en ég hygg, að flestum muni nú ljóst orðið, að eitthvað sameiginlegt stendur á bak við þessi almennu vandræði allra, hvar sem er í veröldinni. Hvort sem um er að ræða kaupstaði, sem stjórnað er af sjálfstæðismönnum eða jafnaðarmönnum, eða ríkið undir stjórn framsóknarmanna, ber allt að sama brunni, og hlýtur því einhver sameiginleg orsök að vera fyrir þessu ástandi.

Þó að ég segði, að framkvæmd bifreiðaskattsl. hefði verið eins frá upphafi, að því leyti að skattinum hefði ekki verið safnað í neinn sérstakan sjóð, þá er hér alls ekki um neitt lagabrot að ræða, eins og hv. 4. þm. Reykv. vildi vera láta, því að skatturinn hefir alltaf gengið upp á hverju ári, vegna hinna miklu þarfa á viðhaldi og viðgerðum veganna. Af þeirri einföldu ástæðu hefir aldrei til sjóðmyndunar komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, 97, n. 103 og 108).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til að ræða almennt um þetta mál nú. Það hefir áður verið vikið að ástæðunum fyrir því, að frv. þetta er fram komið, og þeirri þörf að breyta lögunum um bifreiðaskatt og hækka hann. Ég skal ekki fjölyrða um það, heldur víkja að brtt. þeim, er meiri hl. fjhn. ber fram á þskj. 103.

Það hafa áður komið fram tilmæli og tillögur ýmsra manna um það, að sá hluti skattsins, sem lagður verði sýsluvegum, verði hækkaður nokkuð. Hefir komið fram till. um það, að þessi hluti verði hækkaður úr 10%, eins og stungið er upp á í frv., og í 20% af öllum skattinum. Eins og sjá má af nál., þá vill meiri hl. n. fara hér mitt á milli og leggur til, að hann verði 15%. N. lítur svo á, að hér sé mjög í hóf stillt, og telur ekki sanngjarnt að hækka þann hlutann meira. Bifreiðaskatturinn er eingöngu ætlaður til þess að halda við gerðum akvegum og bæta þá, en ekki til nýlagninga. Samkv. upplýsingum vegamálastjóra eru nú gerðir þjóðvegir um 1400 km. á lengd, en sýsluvegir um 200 km. Hlutfallið er 1 á móti 7, og lætur því nærri að réttur hlutur sýsluvega í skattinum sé 15%. Það verður rúmlega hlutfallstala þeirra, en svo lítið er fram yfir, að ekki þýðir að fást um það.

Það hefir verið nokkurt ágreiningsmál áður, hvort kaupstaðirnir ættu að fá nokkurn hluta bifreiðaskattsins til viðhalds innanbæjarbrautum sínum, og einn nm. hefir skilað sérstöku nál. og leggur það til, að kaupstaðirnir verði hans aðnjótandi að nokkru. Ég ætla að vísu ekki að ræða um þetta nál. hv. 1. minni hl. að svo stöddu, en vil þó geta þess, að meiri hl. getur ekki fallizt á, að bæjarsjóðirnir fái hluta af bifreiðaskattinum til viðhalds vega í bæjunum eða til götugerðar þar. Í þeim kaupstöðum, sem flestar bifreiðar eru í, er svo ástatt, að allmikið af vegum innan lögsagnarumdæma þeirra er í þjóðvegatölu og því viðhaldið kostað af ríkissjóði. Svo er það í Reykjavík og svo er það víðar. Það kemur líka til greina, að svo er til ætlazt, að 20% af skattinum verði beinlínis varið til að malbika vegi, og eftir þeirri reynslu, sem fengin er, þá má ætla, að mest verði að því unnið á þeim stöðum, sem kaupstaðirnir hafa mest not af, t. d. hérna fyrir innan bæinn. Meiri hl. lítur því svo á, að kaupstaðirnir muni njóta allmikilla hlunninda af skattinum og því ekki þörf að ákveða sérstaklega beint framlag til þeirra af honum.

Nokkuð öðru máli gegnir þó um tvo bæi, Ísafjörð og Siglufjörð. Þar er svo

ástatt, að bifreiðar, er þar eiga heima, geta ákaflega lítið komizt á þjóðvegi landsins. Þess vegna gæti verið álitamál að ákveða þessum tveim bæjum einhvern hluta skattsins til götugerðar þar. En meiri hl. n. gerir þó ekki till. um það, því bæði er það, að fáar bifreiðar eru í þessum bæjum báðum, og svo er ekki útilokað, að þessir kaupstaðir komist bráðlega í vegasamband við önnur héruð.

En það er einn kaupstaður, sem hefir algerða sérstöðu í þessu efni. Það eru Vestmannaeyjar. Þar eru nú orðnar æðimargar bifreiðar, og svo er ástatt, að þær geta alls ekki notað vegakerfi landsins, hvorki nú né síðar. Í sumar flutti hv. þm. Vestm. till. um það, að 1/10 hluti af því, sem sýsluvegunum er ætlað, gengi til ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum; verði till. meiri hl. n., um að hluti sýsluveganna verði 15%, samþ., mundi þetta nema 1½% alls skattsins. Meiri hl. n. aðhyllist ekki þessa tilhögun, að tiltaka ákveðna upphæð í þessu skyni. En meiri hl. n. telur réttmætt, að ræktunarvegurinn í Vestmannaeyjum njóti sömu kjara og sýsluvegir landsins, og flytur brtt. þess efnis. Fer það þá eftir till. vegamálastjóra í hvert sinn og verður undir atvikum komið, hvað mikinn hluta þessara 15% ræktunarvegurinn fær. Hann verður í því efni jafnrétthár og hver einstakur sýsluvegur.

Að lokum vill meiri hl. n. fella niður að heimta jafnt framlag úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði móti framlagi af bifreiðaskatti. Ástæðan fyrir þessu er aðallega sú, að þegar sýslur hafa tekið upp sýsluvegasjóði með fullu tillagi, þá eiga þær hvort sem er heimtingu á helmings framlagi úr ríkissjóði, og þá er ekkert unnið við það fyrir þær að fá þessa hlutdeild í bifreiðaskattinum. Þær fá helmings framlag hvort eð er. En hlutur hinna sýslufélaganna, sem ekkert vilja leggja í sölurnar fyrir bættar samgöngur, verður betri, og sýnist ekki rétt að verðlauna það. Með því að fella þetta ákvæði niður, þá standa allar sýslur jafnt að vígi.

Ég skal geta þess, að í brtt. meiri hl. er ofurlítil villa. Í 2. brtt. c-lið stendur: „síðasti málsl.“ o. s. frv., en á auðvitað að vera: síðasti málsl. fyrri málsgreinar. Ég vona, að þessa lítilfjörlegu villi megi leiðrétta án brtt. í prentun.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi gefið út sérstakt nál. á þskj. 108. Það byrjar á því, að ég geti fallizt á, að sanngjarnara sé að haga bifreiðaskatti á þann veg, er frv. fer fram á, ef bifreiðaskattur eigi að haldast. En þetta „ef“ hefði eiginlega þurft að prenta með feitu letri og upphafsstöfum líka, því að það merkir, að ég hefði langhelzt viljað, að skatturinn félli niður með öllu. Mín skoðun er sú, að það sé leitt að þurfa að skattleggja einu brúkanlegu samgöngurnar, sem við höfum á landi.

Ég hefi borið fram nokkrar brtt. við frv., sem aðallega má skipta í tvo flokka, annarsvegar við 1. gr. frv., er snertir hæð skattsins og fyrirkomulag, og hinsvegar við 8. gr., um skiptingu hans. Fyrri till. eru ofureinfaldar. Þar er ekki um annað að ræða en lækkun skattsins um helming. Þar er reyndar líka tekinn upp þungaskattur á vörubifreiðar, 1 kr. árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra. Mér er sagt, að þetta nemi um 10—12 kr. á bifreið. Þessi till. stendur í sambandi við það, hvernig skipta á skattinum, eftir till. minum, og ég vil ekki taka þann skatt upp nema skipting skattsins verði eins og ég vil.

Ég hefi reiknað það út, hverju skatturinn muni nema samkv. till. minum, og reiknast mér það vera liðlega 200 þús. kr. Hann hækkar því dálítið frá því, sem nú er, og er það út af fyrir sig gagnstætt grundvallarstefnu minni. En ég hefi gert þetta til að laða frekar til samkomulags um málið.

Þá vildi ég minnast nokkuð á brtt. minar við 8. gr. frv. Hv. meiri hl. n. hefir ekki viljað sætta sig við þá skiptingu skattsins, sem frv. fer fram á. Breytingar hennar eru því fremur smávægilegar, en brtt. þær, sem ég ber fram, gerbreyta grundvelli frv. Þar er sem sé farið fram á, að skattinum skuli ekki aðeins skipt milli þjóðvega, heldur einnig milli sýsluvega, og að bæirnir fari ekki varhluta af þessum skatti, heldur verði allur skattur af bifreiðum látinn renna til malbikunar og annara haldgóðra aðgerða í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem þær eru

skráðar. Og ennfremur, að skipting skattsins fari eftir tegund hans. Innflutningsgjaldi af benzíni skal varið til viðhalds og umbóta á akfærum þjóðvegum, en þó skal a. m. k. 20% af þessum skatti varið til þess að malbika þjóðvegakafla, þar sem umferð er mest. Mér telst svo til, að þessi benzínskattur verði, samkv. mínum till., 120 þús. kr. Aftur á móti innflutningsgjald af hjólabörðum, gúmmíslöngum o. s. frv. ætlast ég til, að fari til viðhalds og umbóta akfærra sýsluvega, og reiknast mér svo, að þessi skattur nemi 40 þús. kr. Ég sé það ekki af frv., að það sé rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að skattur þessi væri bundinn við viðhald akfærra sýsluvega. Þar stendur bara, að hann skuli renna til akfærra sýsluvega, en ekki bundið við umbætur og viðhald. En það tel ég nauðsynlegt að binda í l., og ennfremur hefi ég fellt niður gjald það frá sýslufélögunum, sem í móti átti að koma. En megintill. er þó sú, að öllum þungaskatti skuli varið til malbikunar gatna í þeim bæjum eða lögsagnarumdæmum, þar sem bifreiðarnar eru skráðar. Hv. frsm. meiri hl. drap á það, að ósanngjarnt væri að verja þessum skatti til viðhalds gatna í bæjum, sem ekki stæðu eða gætu staðið í sambandi við vegakerfi landsins, og benti í því sambandi á Siglufjörð, Ísafjörð og þó fyrst og fremst Vestmannaeyjar. Um þetta er það að segja, að þótt bæir séu svo settir, að þeir standi í sambandi við vegakerfi landsins, fer þó langmest umferð bifreiða þeirra, sem skrásettar eru í bænum, fram innanbæjar. Þetta mun þó vera mest áberandi um Rvík; af þeim 382 vörubifreiðum, sem hér eru skrásettar, fer mjög mikill hluti aldrei út úr bænum. Ég tel það ekki, þó að fyrir komi, að félög, sem mikið nota bifreiðar, setji kassa ofan á þær einu sinni á sumri hverju og aki með starfsfólk sitt upp í sveit, en fari svo ekki framar út úr bænum. Mér hefir verið sagt, að frá sumum bæjum, sem hafa þétt vegakerfi út frá sér, t. d. Akureyri, fari bifreiðar talsvert út úr bænum, en þó mun aðalstarfssvið þeirra vera innan lögsagnarumdæmisins. — Ég vil í þessu sambandi benda hv. þdm. á göturnar í Rvík. Það er bersýnilegt, að hér dugir ekkert annað en malbikun, steinsteypa eða álíka haldgóð efni. Það er víða svo, að þegar komið er af vegunum á göturnar hér í Rvík, að göturnar eru verri en vegirnir, enda ætti hver maður að sjá, að götur með venjulegum ofaníburði, standast alls ekki þá umferð, sem hér er. Ég þekki einna bezt götuna, sem ég bý við, Laufásveginn. Hann er alloftast illfær bílum, og þarna verða þó mörg hundruð bíla að fara um daglega. Það er ábyggilega engin ósanngirni í þeirri kröfu, ef á að fara að leggja háan skatt á bifreiðar, að þá verði hann látinn ganga til þess að viðhalda þeim götum, er bifreiðarnar fara mest um. Skattur af reykvískum bifreiðum á auðvitað að renna til viðhalds reykvískra gatna. Ég skal ekki segja, að ekki mætti koma þessu svo fyrir, að ákveðin % af skattinum rynnu til hinna ýmsu bæja- eða lögsagnarumdæma, en hin aðferðin, sú, sem ég hefi bent á, er ólíkt auðveldari, sem sé að láta upphæð þá, sem hver bær eða lögsagnarumdæmi fær, miðast við tölu bifreiðanna, sem skráðar eru þar. Mér telst svo til, að samkv. þessum till. mundi t. d. Mýrasýsla fá 1200—1220 kr. til malbikunar á þjóðvegum, auk þess sem hún kynni að fá til viðhalds sýsluvega af hjólabarðaskattinum. Þetta fyrirkomulag bætir alveg úr fyrir Vestmannaeyjum og Siglufirði, svo að engin sérákvæði þarf um þá bæi; ef þeir greiða mikinn skatt af bifreiðum sínum, er sanngjarnt, að þeir fái talsvert til aðgerða á vegum sínum.

Að svo mæltu ætla ég ekki að mæla fleira fyrir þessum till. mínum. Þær eru ef til vill of nýstárlegar til þess að ná samþykki hv. d., en hvað um það, þá eru þær ekki ósanngjarnar.

Ólafur Thors: Þótt ég eigi sæti í fjhn., hefi ég ekki gefið út sérstakt nál. um þetta frv. Ég er í rauninni ekki mótfallinn þeim till. frv., sem hv. meiri hl. n. hefir fallizt á. En eins og sakir standa, er ég ekki reiðubúinn að gjalda jákvæði við nokkrum nýjum skattaálögum á þessu þingi, og mun ég skýra nánar frá afstöðu minni til þeirra í umr. um næsta mál á dagskránni (frv. um framlenging á gildi l. um verðtoll).

Sveinbjörn Högnason: Ég hefi ásamt öðrum hv. þm. borið fram brtt. við þetta skattafrv., þess efnis, að nokkrum hluta af bifreiðaskattinum verði varið til þess að styrkja þau héruð, sem hafa erfiðasta aðstöðuna til flutninga og skattur þessi myndi lenda þyngst á. Það er óþarfi að sýna fram á, að löggjafarvaldið hefir talið sér skylt að styrkja flutninga á nauðsynjavörum fremur en að skattleggja þá. Í því sambandi nægir að benda á, að flutningar á sjó með ströndum fram eru nú styrktir af opinberu fé með um ½ millj. kr. á ári. Nú er það vitanlegt, að stór héruð, t. d. suðurlandsundirlendið, eru þannig sett, að hafnleysur varna öllum skipaflutningum til og frá, og verða héruð þessi því að byggja á vörubílaflutningum alla leið frá Rvík. Það er því auðsær óréttur gagnvart þessum héruðum, ef frv. verður samþ. óbreytt. Á sama tíma og varið er ca. ½ millj. kr. til flutninga á sjó til annara héraða, á að skattleggja stórkostlega þau einu flutningatæki, sem þessi héruð geta notað. Hitt get ég aftur á móti játað, að þessi skattur á talsverðan rétt á sér innan vissra takmarka. Hæstv. fjmrh. benti á, að hann væri algengur um allan heim, og meira að segja án nokkura takmarka með tilliti til vörubíla, og mér skildist það á honum, að fyrst svo væri, þá væri þessi skattur líka réttlátur hér. En það er aðgætandi, að alstaðar erlendis munu flutningatækin vera styrkt stórum af ríkisfé. Ég veit ekki betur en að járnbrautir njóti alstaðar styrks til rekstrar, enda víðast svo, að þær annast langtum meiri flutning innanlands en bifreiðarnar. Þess vegna eru landflutningar erlendis alls ekki sambærilegir við íslenzka, þar sem heil héruð verða eingöngu að byggja á bifreiðasamgöngum. Þá er það og aðgætandi, að þó að frv. ætlist til þess, að skatturinn komi léttar niður á vörubifreiðum en „luksus"bílum, verður það ekki svo í reyndinni, því eins og allir vita eyða flutningsbifreiðar allt að helmingi meira benzíni en fólksflutningsbifreiðar. Hér er því að ræða um verulega hækkun á skatti þeim af vörubifreiðum, sem er í núgildandi lögum. Þar er ákveðinn skattur, sem fer eftir hestorku vélarinnar og mun það nema um 60 kr. á ári fyrir 1½ tonns bifreið. En mér hefir reiknazt svo til, að samkv. þessum skatti yrði að gjalda 600—800 kr. á ári af 1½ tonns bifreið, sem hefði fastar ferðir t. d. austur yfir fjall alla tíma ársins. Sést þá, að þetta er enginn smáræðisskattur á flutningi einmitt til þeirra héraða, sem erfiðast eiga með alla aðdrætti. Ég vil í því sambandi benda á ummæli hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði, að sjálfsagt væri að varast skattaálögur á atvinnurekstur í landinu á þeim tímum, sem nú eru. Er ég honum að öllu sammála í þeim efnum. En hvað verður þessi skattur annað, ef lögleiddur verður, en nýjar álögur á atvinnuvegi bændanna, sem nota þurfa þessa flutninga með allar afurðir sínar? Og það eru sannarlega álögur, sem um munar. Og mun þó annar atvinnurekstur frekar þola nýjar álögur en sá, sem hér um ræðir. Það er aðgætandi, að hér er ekki aðeins verið að ræða um hagsmuni þeirra, sem atvinnurekstur stunda hér á Suðurlandsundirlendinu, heldur er það líka hagsmunamál Reykvíkinga að fá afurðir Suðurlandsundirlendisins fluttar til Rvíkur með sæmilegum kjörum. Ég vil benda á ummæli hv. 3. þm. Reykv. áðan um það, að mjólkin frá Suðurlandsundirlendinu, sem seld er í Rvík, þyrfti að lækka í verði. En verði nú þessi benzínskattur settur á án þess að um leið séu nokkrar ráðstafanir gerðar til þess að draga úr áhrifum hans, þar sem hann kemur harðast niður, hækkar auðvitað flutningsgjaldið á mjólkinni til Rvíkur og til mjólkurbúanna, og afleiðingin yrði auðvitað sú, að mjólkurverðið hækkaði. Það verður þó sannarlega að álítast, að þar sé ekki við bætandi á það, sem er, þar sem dæmi munu til þess, að flutningskostnaður á lítra austan yfir Hellisheiði og hingað hafi orðið 12—14 aurar. Ég get fallizt á, að benzínskattur eins og hér er farið fram á sé ekki óréttlátur hvað snertir luksusbifreiðar, en það liggur í augum uppi, að verði vörubifreiðar skattlagðar í stórum stíl, verður að styrkja flutninga til og frá þeim héruðum, sem harðast verða úti. Ég hefði helzt óskað, að vörubifreiðar yrðu alveg undanþegnar benzínskatti, en þar sem því verður engan veginn við komið, hygg ég, að leið sú, sem brtt. okkar bendir á, sé

sú eina, sem fær er til þess að bæta úr því. Ég er sannfærður um, að þótt þessum hluta skattsins verði varið til þess að styrkja bifreiðaflutninga til landshluta, þar sem 10 þús. landsmanna geta notið þeirra, þá er það tiltölulega miklu minni styrkur en sá, sem hið opinbera veitir til flutninga með ströndum fram til annara héraða landsins, og hlutfallslega myndi þetta ekki nema örlítið brot af því, sem íbúum þessara héraða ber, ættu þeir að fá svipaða hjálp með flutninga sína og aðrir þegnar þjóðfélagsins njóta frá hinu opinbera. Ég vil því leyfa mér að vona, að þetta réttlætismál fái góðar undirtektir hjá hv. d. Það er svo augljós réttlætiskrafa frá okkur, sem búum á Suðurlandsundirlendinu, að flutningar til okkar verði þó a. m. k. ekki skattlagðir, samhliða því, að alstaðar í öðrum héruðum landsins eru þeir stórlega styrktir af opinberu fé.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er nú liðið mjög á fundartíma, svo að ég skal ekki tala langt mál að þessu sinni. Ég vil leyfa mér að þakka hv. meiri hl. n. fyrir góðar undirtektir við frv., og fellst ég á brtt. hans. Aftur á móti get ég ekki fallizt á brtt. hv. 4. þm. Reykv., nema e. t. v. 2. brtt., við 5. gr. frv. Hinum brtt., sem ganga í þá átt að lækka skattinn um helming frá ákvæðum frv., verð ég að biðjast mjög eindregið undan. Eins og ég hefi áður bent á, er skatturinn mjög hóflega ákveðinn í frv., er t. d. ekki nema helmingur á við samskonar skatt í Danmörku, og get ég því ekki tekið undir nokkra lækkun frá því, sem frv. ákveður. Viðvíkjandi hinum aðaltill. hv. þm. um að verja svo miklum hluta skattsins til götugerðar í bæjum, vil ég benda á það, að í frv. er ætlazt til, að nokkur hluti skattsins renni einmitt til vega og viðhalds þeirra innan lögsagnarumdæmis kaupstaðanna, eða m. ö. o. til malbikunar. Til þess er áætlað að verja 20% af skattinum. Þetta held ég, að bæjunum verði haganlegra en sú tilhögun, sem hv. þm. stingur upp á. Hv. 4. þm. Reykv. lagði mikla áherzlu á það, að bifreiðarnar væru langmest notaðar innan þeirra lögsagnarumdæma og bæja, sem þær væru skrásettar í. En ég ætla að benda honum á það, að vegir út frá kaupstöðunum eru ekki síður til orðnir vegna bæjanna en sveitanna. T. d. er það stórmikill gróði fyrir Rvík, hvað hún hefir stórt uppland. Sambandið við upplandið er svo mikils virði fyrir Rvík, að það er beint hagsmunamál borgarbúa, að lagður sé á skattur til þess að auka og bæta vegi sem standa í sambandi við bæinn.

Þá eru það brtt. hv. þm. Rang. o. fl. Ég verð að segja það sama um þær, að ég get ekki lagzt á sveif með þeim, sérstaklega ekki því, að ákveðnum hluta þessa skatts verði varið til styrktar flutningum í einstöku héruðum, enda ætti slíkur styrkur miklu frekar heima í fjárl. Það er ekki rétt að tala um það, að héruð, sem langt liggja frá höfn, séu sérstaklega skattlögð með þessu frv., þar sem ákveðið er, að skatturinn skuli renna til viðhalds og endurbóta á vegum, sem auðvitað yrðu þeim héruðum ekki sízt til gagns. Hv. þm. nefndi járnbrautir erlendis til samanburðar. Þar, sem bezt er gert við járnbrautarflutninga, lætur ríkið sér nægja að gefa járnbrautina sjálfa. Það er alveg hliðstætt við það, að hér eru vegirnir gefnir. En alstaðar er stritazt við það, að járnbrautarflutningarnir beri sig, og þykir mjög illa fara, ef það mistekst. Hér er farið fram á, að vegirnir séu gefnir, en flutningarnir síðan látnir halda vegunum við.

Það má að vísu benda á, að mjólkurflutningar séu dýrir, en ég hygg, að bæta megi úr mjólkurflutningunum á annan hátt en að ætla sérstakan styrk af þessum skatti til að halda þeim upp. Bændur þurfa að hafa samstarf um mjólkursöluna, svo að ekki þurfi að flytja neyzlumjólk langar leiðir að, nema þá þann tímann, sem mjólkin selst bezt. Þegar svo er, að mjólkin héðan úr nágrenninu nægir fyrir Rvík, á ekki að vera að flytja mjólk hingað austan úr sveitum með margföldum kostnaði, heldur verður að vera samkomulag um það með bændum að flytja vinnslumjólk sem stytzta leið á vinnslustaðinn, og neyzlumjólkina að sínu leyti sem stytzta leið á markaðinn. Með slíku samstarfi bænda um mjólkursöluna þarf þessi skattur ekki að verða þungbær fyrir mjólkina. — Vegamálastjóri hefir sagt mér það, að þessi

skattur mundi verða um 2 kr. af bílhlassi á flutningum austur að Stórólfshvoli. Skal ég ekki segja um það, hvað bílflutningaþörf einstaks heimilis er mikil, en það má mikið vera, ef hún fer fram úr 4—5 bílhlössum á ári alls, og eftir því yrði skatturinn ekki tilfinnanlegur. Hitt er annað mál, hvort veita ætti sérstakan aukastyrk til landflutninga, eins og gert er um strandferðirnar, en ég vil þó benda á, að það er ekki meiningin að gefa strandferðirnar, og þó að útlit sé fyrir, að þessi tvö strandferðaskip ríkisins muni nú kosta landið 300—400 þús. kr. árlega, er reynt að vinna að því, að þau beri sig sem bezt. Ég býð fúslega liðsinni mitt til þess, að landflutningarnir verði styrktir eitthvað, svo að halda megi uppi föstum ferðum, sem almenningi komi að sem mestum og beztum notum. — Að öðru leyti þakka ég n. fyrir afgreiðslu þessa máls.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 4, 97, n. 103 og 108, 151).

Haraldur Guðmundsson: Ég mun hafa kvatt mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umr. og skal ekki lengja umr. mikið.

Við 1. umr. upplýsti hæstv. fjmrh., að allar tekjur af þessum skattstofni mætti áætla 300 þús. kr. Síðast þegar þetta mál var til umr. skýrði hæstv. ráðh. frá því í sambandi við brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., að eftir hans till. mundi skatturinn lækka um hér um bil helming, en samkv. brtt. þessa hv. þm. er þessi skattur áætlaður 212700 kr., en þar af eru 12000 kr. viðbót frá því, sem var í frv. hæstv. fjmrh. Þannig er skatturinn áætlaður eftir áætlun þessara tveggja heiðursmanna samkv. frv. 400 þús. kr., í staðinn fyrir 300 þús., eins og hæstv. ráðh. áætlaði við 1. umr.

Ég vil leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. á það, að ef honum fyrst og fremst er annt um að afla ríkissjóði tekna, þá er honum auðvelt á annan veg en þennan að afla ríkissjóði tekna, a. m. k. eins mikilla og hann gerir ráð fyrir, að fáist með þessu frv. En það er með því að koma á einkasölu á bifreiðum, gúmmí og varahlutum til bifreiða. Enginn vafi er á því, að ríkissjóður fengi þar a. m. k. jafnháa upphæð og honum er ætlað að fá með þessu frv., án þess þó að verðlag þurfi að hækka. Þar við bætist það, að landsfólkinu er meira öryggi í því, að bifreiðaverzlunin komist öll í hendur þess opinbera, svo að ekki séu fluttar inn nema góðar tegundir og nógir varahlutir séu ávallt fyrir hendi, en á það hefir oft þótt skorta.

Ef ég man rétt, þá var hæstv. fjmrh. því fylgjandi, að ríkið hefði einkasölu á viðtækjum. Alveg það sama mælir með því, að ríkið hafi einkasölu á bifreiðum og varahlutum þeirra og gúmmí o. þ. h. og jafnvel benzíni, þó að stj. þætti ekki fært að taka einkasölu á allri steinolíu.

Við Alþýðuflokksþm. munum greiða atkv. gegn frv. hæstv. fjmrh., en með brtt. hv. 4. þm. Reykv., að einni undanskilinni, þeirri að leggja þungaskatt á flutningabifreiðar. Ég tel, að af tvennu illu sé þó skárra, að samþ. verði till. hv. 4. þm. Reykv. en frv. það, sem hæstv. fjmrh. flytur. En jafnvel þótt brtt. verði samþ., mun ég greiða atkv. gegn frv.

Engum heilskyggnum manni getur blandazt hugur um það, að þessi skattur verði til þess að auka á dýrtíðina í landinu. Flutningsgjöld hækka, fólksflutningur líka, en þar sem meiri hluta skattsins á að taka af benzíni, sem flutningabifreiðarnar nota mest, þá hlýtur skatturinn að koma langþyngst niður á nauðsynlegasta flutningnum, þungavöruflutningnum um landið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni. Eftir till. hæstv. fjmrh. verður sá bifreiðaskattur, sem nú er, þre- til fjór-faldaður, og slík skattaaukning, sem því nær eingöngu verður lögð á nauðsynjar landsmanna, er óafsakanleg í því árferði, sem nú er.

Ég óska svo að lokum hæstv. fjmrh. til hamingju með þessa arfleifð, sem hann hefir þegið af hv. þm. G.-K. Hv. þm. G.-K. flutti fyrstur frv. um sérstakan benzínskatt. Framsóknarforingjar formæltu því að maklegleikum og nefndu það „litla og ljóta frv.“. Nú flytur stj. það, og hefir gert það ennþá ófrýnilegra en það var, þegar hv. þm. G.-K. flutti það fyrst.

Sveinbjörn Högnason: Mér þótti miður, þegar ég heyrði þá yfirlýsingu hjá hæstv. fjmrh., að hann mundi ekki taka til greina þá till., sem við þm. Rang. höfum komið með, að nokkur hluti af þessum skatti færi til að styrkja flutninga til hafnleysishéraðanna. Hann viðurkenndi þó rétt þessara héraða í öðru orðinu, og er enda ómótmælanlegt, eins og ég tók fram síðast, að þessi héruð, sem hafnleysið þjáir mest, verða mest útundan með styrk til flutninga sinna.

Hæstv. ráðh. sagði, að betra væri, að slíkur styrkur væri tekinn upp í fjárl. en að veita til þess nokkrum hluta af þessum skatti, en ég fæ ekki skilið þá röksemdaleiðslu. Það er ekkert annað en að taka úr þessum vasanum, en ekki hinum, því að svo er til ætlazt, að allur þessi skattur renni í ríkissjóð — og verður þá ekki séð, hver munur er á því, að styrkurinn sé ákveðinn hér eða með fjárlagaákvæði.

Það er miklu réttara, að þessi styrkur kæmi sem víst hundraðsgjald af skattinum, því að eftir því sem þessi flutningatæki eru meira notuð, þá verða þessar tekjur meiri, svo að styrkurinn færi á hverjum tíma eftir því, hve mikið þessi flutningatæki eru notuð. — Eftir því, sem flutningarnir og umferð eykst, vex þá einnig styrkurinn og er það í alla staði réttmætt.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að rétt væri að styrkja þessi héruð með því að veita þeim fé í fjárl., en ég hefi samt ekki getað séð bóla á því í fjárlagafrv. því, sem hér hefir verið lagt fyrir þingið, og eftir því, sem allt útlit bendir til, þá býst ég við, að langt verði þangað til þessi styrkur verður tekinn þar upp.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á það, að þetta væri ekki bein skattaálagning á þessi flutningatæki, því að með þessu væri aflað tekna, sem færu til að bæta vegina, og því betri sem vegirnir væru, því auðveldari flutningar og því minna slit á bílunum og eyðsla á benzíni. Það er rétt, að ef þessum tekjum væri varið til að bæta vegina, að auki við það fé, sem nú er til þess varið, þá hefði hæstv. ráðh. nokkuð til síns máls. En ég býst ekki við, að þetta sé meiningin, þó að frv. verði samþ., heldur eigi að létta af ríkissjóði þeim fjárframlögum, sem veitt hafa verið í fjárl. hingað til, en eigi að flytjast yfir á flutningatækin sjálf. Þau eiga að bera allt viðhald veganna, a. m. k. hefi ég skilið hæstv. ráðh. svo. Og þá sé ég ekki að þessi héruð séu betur komin en áður, eða neitt sé unnið til að gera vegina betri og draga úr eyðslu og sliti flutningatækjanna, sem um þá fara. Þetta er ekkert nema tilraun til að koma vegaviðhaldinu yfir á flutningana sjálfa, og það viðurkenndi hæstv. fjmrh. að nokkru leyti í sinni framsöguræðu.

Ég tók það fram, síðast þegar ég minntist á þetta mál, að ég teldi þennan skatt eiga nokkurn rétt á sér, en höfuðókostur hans er sá, að þessir nauðsynjaflutningar til þeirra héraða, sem eingöngu verða að nota landflutninga, eru, eins og hv. þm. Seyðf. tók fram, skattlagðir jafnvel hærra en fólksflutninga- og „luksus"-bílar. Þetta er ómótmælanlegt, þar sem vitanlegt er, að það er allt að helmingi meira benzín, sem flutningabifreiðar þurfa, heldur en fólksflutninga- og „luksus"-bifreiðar, en svo er til ætlazt, að aðalskatturinn verði á benzíninu. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh. og hv. þdm. yfirleitt, hvort þeir viti þess nokkur dæmi í síðuðu landi, að skattlagðir séu flutningar á nauðsynjavörum manna út um landið. Það mætti með jafnmiklu réttlæti skattleggja vöruflutninga milli hafna og með ströndum fram á strandferðaskipunum. (ÓTh: Það er gert með kolatolli og skipagjöldum.) Þau gjöld eru ekki á innanlandsflutningum. Að vísu veit ég, að þess eru dæmi í öðrum löndum að skattur er lagður á benzín, en þar er það ekki notað til þess að knýja aðalflutningatækin, þar eru flutningar að mestu með járnbrautum, en hér á landi eru bílarnir einu flutningatækin.

Hæstv. fjmrh. sagði, að erlendis þekktist það ekki, að flutningarnir væru styrktir meira en það, að járnbrautirnar væru gefnar. Við mundum þá ekki heldur sjá ástæðu til að kvarta, ef hæstv. ráðh. vildi gefa vegi fyrir bílana til flutninga á nauðsynjavörum um sveitirnar og gefa bílana líka. En héruðin standa nú að mestu sjálf undir vegakerfinu hér á landi og mikill hluti vegaviðhaldsins hvílir á þeim. Hinsvegar mun það ekki

vera rétt hjá hæstv. ráðh., að flutningar með járnbrautum erlendis séu hvergi styrktir af ríkjunum. Járnbrautir eru víðast hvar reknar með miklum halla, og rekstrarhallinn er venjulega greiddur af ríkjunum. Opinber flutningastyrkur er því venjulega mestur með járnbrautum.

Hæstv. fjmrh. minntist á, hvað bifreiðaskatturinn yrði hár samkv. þessu frv. og taldi, að hann yrði ekki þungbær. Hafði hann það eftir vegamálastjóra, að skatturinn mundi verða 2 kr. á hverja smálest fyrir 100 km. vegalengd. En ég hefi það eftir bifreiðastöð, sem hefir mikla reynslu um flutninga á vegum hér austanfjalls, að þessi skattur muni ekki verða undir 5—6 kr. af hverri smálest fyrir slíka vegalengd, af því að vegirnir eru oft slæmir og bílarnir eyða þá miklu meira benzíni en ella. Það má ekki miða þessa áætlun við það, þegar vegirnir eru beztir að sumarlagi. Ég get ekki fallizt á, að flutningaþörf á meðalheimili yfir árið sé ekki meiri en 4—5 bílhlöss. Ef hæstv. ráðh. hefir miðað við þetta, er hann samdi frv. sitt, þá skil ég betur og get frekar afsakað afstöðu hans nú til þessara héraða, og þar sem hann þá líka hefir gert sér alranga hugmynd um skattgreiðslu af hverri smálest. Þetta sýnir ókunnugleik hæstv. ráðh. á flutningaþörf heimilanna. Flutningaþörf meðalheimilis, sem þarf að flytja allar nauðsynjavörur að og frá heimilinu, er áreiðanlega miklu meiri en 4—5 smálestir á ári. Við skulum t. d. nefna mjólkurflutningana í þeim sveitum, þar sem mjólkurbúin starfa. Eftir því, sem ég þekki sjálfur til nú, munu ekki minna en 7—8 smálestir frá hverju meðal heimili á ári af mjólkinni einni, og víða þarf að flytja hana um 50—60 km. veg til búanna. Síðan bætist svo allt hitt við. Ég hygg, að nær lægi væri að áætla 10—12 bílhlöss á ári á meðalheimili, og með segjum 5 kr. skatti á hvert verður það upphæð, sem margan bóndann munar um.

Hæstv. ráðh. talaði um, að koma mætti betra skipulagi á mjólkurflutningana en nú væri og að heimilin austanfjalls þyrftu ekki að flytja mjólkina til Rvíkur. Það getur vel verið, að eitthvað megi bæta úr núverandi erfiðleikum við mjólkurflutningana, en þó verður alltaf langur og erfiður flutningur austan úr Rangárvalla- og Skaftafellssýslum til mjólkurbúanna, sem nú starfa. Ég bið hv. þdm. að athuga, að hér er ekki um smáræðisskatt að gera á þessum flutningum, og þó að mjólkin sé ekki öll flutt til Rvíkur, þá þurfa bændur að flytja þangað þá vöru, sem unnin er úr mjólkinni. Með bættum samgöngum á að koma meira fjör í framleiðsluna í sveitunum og aðrar framkvæmdir þar; samhliða því vex flutningaþörfin á tilbúnum áburði, kraftfóðurvörum og byggingarefni o. m. fl. Hvernig getur svo hæstv. ráðh. hugsað sér, að flutningarnir séu ekki meiri en 4—5 smálestir á meðalheimili? Með auknum framförum í sveitunum vex flutningaþörfin og flutningamagnið, og eftir því verður þessi flutningaskattur þyngri og tilfinnanlegri fyrir bændur.

Með tilliti til okkar, sem búum á Suðurláglendinu, er hér ekki farið fram á beinan flutningastyrk í þeirri brtt. á þskj. 97, sem við flytjum við frv., heldur að þau héruð, sem ekkert gagn hafa af strandferðum ríkisskipanna, fái að losna við a. m. k. nokkurn hluta af þeim nýju álögum, sem hér er farið fram á að leggja á þau. En af því að við viðurkennum, að benzínskatturinn sé í vissum tilfellum réttlátur, þá flytjum við till. í því formi, að þessi héruð fái hluta af skattinum endurgreiddan sem styrk.

Það er okkar mesta mein, hvað bílaflutningarnir eru skipulagslausir, og með félagsskap og samtökum bænda mætti gera þá ódýrari, ef kostur væri á ákveðinni fjárupphæð árlega til þess að létta undir með þeim og koma því í fast og ákveðið horf.

Ég hefi ekki aflað mér upplýsinga eða gert yfirlit um það, hvort héruðin austanfjalls hafi fengið meira fé til vegagerða og vegaviðhalds en öll önnur héruð samanlögð, eins og vikið var að af einhverjum hv. þdm., og mun ég ekki deila um það nú. En meðan það er ekki sannað samkv. skýrslum um fjárframlög til vega í landinu, þá leyfi ég mér að halda því fram, að héruðin sunnanlands hafi ekki fengið meiri fjárframlög til vega og brúa en önnur héruð, og þó hefir Suðurláglendið verið afskipt strandferðastyrknum, eins og kunnugt er. Það

er mikill galli, að strandferða- og flutningastyrk þeim, sem ríkissjóður veitir, skuli ekki skipt eftir flutningamagni í hinum einstöku héruðum landsins og eftir aðstöðu þeirra til að flytja að sér og frá. Þá fyrst fengist eitthvert samræmi, sem réttlæti væri í.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki svara hv. 2. þm. Rang. nema að nokkru leyti, því að margt af því, sem hann sagði nú síðast, hefir áður verið rætt. Ég hefi gert hv. þm. þessara héraða austanfjalls, við fyrri hluta þessarar umr., tilboð um að styðja till. um styrk til flutninga með bifreiðum í afskekktari héruðum. Það fylgi, sem brtt. þeirra við þetta frv. kann að hafa í þinginu, geta þeir fært yfir á till. um þetta efni, sem borin yrði fram í sambandi við fjárlfrv. Þessari brtt. þeirra á þskj. 97 virðist stefnt út í bláinn, án þess að séð verði, hvað bændum á þessum svæðum ber í flutningastyrk. Gæti því farið um þetta mál eins og sagt var um flóabátinn, sem búið var að heita ákveðnum styrk úr ríkissjóði á stríðsárunum, að þegar lokið var öllum flutningum, höfðu engin farmgjöld verið innheimt, styrkurinn hafði borgað allan kostnaðinn, og þó var nokkuð afgangs af styrknum, sem var hægt að skipta upp á milli þeirra, sem áttu því láni að fagna að hafa notað bátinn.

Það er skiljanlegt, að þessi krafa komi einmitt frá þeim héruðum, sem hafa vegina, en síður frá hinum, sem enga vegi hafa; en samkv. frv. aukast þó möguleikarnir fyrir þau til þess að fá aukna vegi og betri. Það eru bílarnir, sem hafa ýtt á eftir vegaþörfinni og gert hana miklu ríkari en áður. Þeir eiga mestan þátt í því, hve miklu fé hefir verið varið til vega, og þá sérstaklega vegaviðhalds undanfarin ár. Það er nú sýnt og öllum vitanlegt, að fé verður ekki veitt úr ríkissjóði á næstunni til vegabóta á neitt líkan hátt og síðastl. missiri. En þó verður ekki um það deilt, að þessi bílaskattur mun bæta mikið úr í því efni. Útgjöld ríkisins til vega og viðhalds á þeim sliga ríkissjóð, ef ekki verður séð fyrir þessum sérstöku tekjum á móti. Í öðrum löndum, sem eru 20 eða 30 sinnum þéttbýlli en Ísland, er helmingi hærri skattur af bílum og benzíni en hér er farið fram á. Þess vegna skil ég ekki, hvernig hv. þdm. geta hugsað sér, að hægt sé að komast hjá slíkum skatti í okkar strjálbýla landi.

Þó að þessi skattur hafi ekki verið upp tekinn fyrri, þá hafa áður komið fram till. um það á þinginu, og sérstaða okkar í þessum efnum heimtar það fyrr eða síðar, að skatturinn verði lögtekinn. Kröfurnar til ríkissjóðs um fjárframlög til vega í öllum héruðum landsins verða ekki stöðvaðar og þær reka á eftir þessari ákvörðun.

Þau ríki eru örfá, sem gefa meira en stofnkostnað járnbrautanna af fúsum vilja, og ég þekki ekkert, nema ef það skyldi vera Noregur.

Járnbrautunum er víðast hvar ætlað að bera reksturinn. Í Svíþjóð og Danmörku er ætlazt til þess, að flutningarnir beri uppi stofnkostnað og rekstur járnbrautanna; en þegar halli verður á rekstrinum, er strax gripið í taumana og gerðar ráðstafanir til að koma aftur á jafnvægi. Ýmsir kannast vafalaust við baráttuna um þessi mál í Danmörku, enda þótt aðstaðan þar sé ekki sambærileg við það, sem gerist hér á landi, þar sem ríkið kostar byggingu og viðhald veganna. Það þykir ekki alstaðar sjálfsagt erlendis, að ríkin gefi einu sinni vegi og brýr, eins og gert er hér á landi. Ég hefi farið yfir brýr, þar sem ég hefi orðið að greiða brúargjald, en brúargjöldin hafa gengið til afborgunar á stofnkostnaði. Þess vegna má það teljast rausnarlegt hjá okkur, að ríkið eða þjóðarheildin gefi vegina. Þau héruð, sem fá akvegi til að komast í samband við hafnir, þurfa sannarlega ekki að kvarta, þó að þau verði að greiða nokkurn skatt þeim til viðhalds. Og þetta gjald er aðeins örlítill hluti af þeim kostnaði, sem þau hefðu þurft að greiða, ef vegina vantaði, því að flestir munu játa, að sá skattur, sem samgönguskorturinn leggur á héruðin, er tilfinnanlegastur.

Í áætlun minni um flutningaþörf meðalheimilis í sveitum gerði ég ekki ráð fyrir mjólkurflutningum frá þeim til sölustaða eða mjólkurbúa. (SvbH: En þeir eru á öllu þessu svæði austanfjalls). Ekki

alstaðar. En mjólkurflutningarnir auka vitanlega flutningaþörf heimilanna, og ef gert er ráð fyrir, að þeir nemi 7—8 smál. á meðalheimili árlega, þá er ekki of lítið að áætla aðflutninga heimilisins 4—5 smál., eins og ég gerði, enda er mjólkin óvíða flutt langan veg. Mig minnir, að vegamálaskrifstofan hafi áætlað flutningaþörf meðalheimilis á aðfluttri vöru 300—400 kg. á mann.

Hv. 2. þm. Rang. spurði, hvort það þekktust nokkursstaðar dæmi þess, að flutningar væru skattlagðir, en hann svaraði sér í raun og veru sjálfur með því að minna á strandferðaskipin, enda var honum þegar bent á það, sem allir kannast við, skatt af kolum, lestagjald af skipum, vitagjald og núgildandi bílaskatt, þó lágur sé.

Það hryggir mig, að hv. þm. Seyðf. skuli beita sér á móti þessu frv., því að búast má við, að það tefji fyrir Fjarðarheiðarveginum, ef frv. nær ekki fram að ganga. Því bjóst ég við, að hann mundi styðja það. (**HG:** Á skatturinn ekki að fara til vegaviðhalds?). Jú, en því meira fé, sem fæst til vegaviðhaldsins, því meiri líkur eru fyrir, að hægt verði að byrja á lagningu nýrra vega, svo sem Fjarðarheiðarvegar, sem hv. þm. Seyðf. hefir sérstaklega borið fyrir brjósti á undanförnum þingum. Hv. þm. kvaðst mundu greiða atkv. á móti bifreiðaskattinum, af því að hann mundi leiða til aukinnar dýrtíðar í landinu, en ég vil benda á það, að með skattinum er hægt að halda við vegunum, og hjá því verður aldrei komizt, og leggja meira af nýjum vegum en ella. Þessi nauðsyn hlýtur að tryggja frv. fylgi.

Vegamálastjóri hefir gert lauslega áætlun um, að þessi skattur mundi gefa 300—400 þús. kr. í tekjur. Það má vel vera, að hægt sé að fá meiri tekjur á þann hátt, að ríkið taki einkasölu á bifreiðum, en það er allt annað mál og liggur ekki hér fyrir. Sama er að segja um innflutningstoll af bifreiðum; það liggur ekki fyrir, enda er sem stendur innflutningsbann á bílum, svo að samkv. þessum tillögum er lítils að vænta fyrst um sinn fyrir ríkissjóð. — Ef hv. þm. Seyðf. hefði verið þm. í socialistaflokknum í Danmörku síðastl. ár, þá hefði hann orðið að greiða tvívegis atkv. með hækkun á benzínskattinum undir forustu ráðh. flokksins, Staunings og Bramsnæs. En það er þægilegra fyrir hv. þm. Seyðf. og flokksbræður hans að greiða atkv. um þessi mál hér, meðan þeir þykjast ekki bera ábyrgð á jöfnuði fjárlaga og landsreikninga, og gegnir það furðu, hvað ábyrgðartilfinning þessara hv. þm. gerir lítið vart við sig.

Það hlýtur að vera öllum hv. þdm. ljóst, að þörfin fyrir þennan skatt er meiri nú en nokkru sinni áður, og að það tjáir ekki að bíða lengur með að lögfesta hann. En ég mun síðar á þessu þingi taka til athugunar, hvað unnt er að gera til úrlausnar flutningaörðugleikum þeirra héraða, sem engin not hafa af strandferðunum, og flytja till. um það í sambandi við fjárl., að fullnægt verði þessari þörf, svo sem auðið er.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Þar sem fundartími er nú bráðum úti í dag, getur það verið vafasamt, hvort umr. geti orðið lokið á þessum fundi. Skal ég þó gera mitt til þess, að svo megi verða.

Það er nú ekki orðið margt, sem ég þarf að svara af andmælum, er komið hafa fram gegn þessu frv., því hæstv. fjmrh. hefir svarað þeim flestum allrækilega. Það er sérstaklega eitt atriði í ræðu hv. þm. Seyðf., sem kom mér til að kveðja mér hljóðs. Hv. þm. vék í áætlun sinni um þann skatt, er væntanlega mundi hafast upp úr frv., að nál. því, er hv. 4. þm. Reykv. hefir lagt fram, og byggði á því þá niðurstöðu, að skatturinn mundi verða að mun hærri en hæstv. ráðh. hefir áætlað hann.

Í nál. hv. 4. þm. Reykv. er gert ráð fyrir benzínskatti af 6 millj. lítrum á 2 au. pr. lítra, sem nema muni 120 þús. kr. Ég veit ekki, við hvað þetta vörumagn er miðað, en býzt við, að það sé miðað við innflutninginn 1930, en það er alveg rangt. Innflutningurinn þetta ár var alveg sérstaklega mikill, og er því algerlega rangt að miða áætlun við hann. (**MJ:** Ég

vil skjóta því fram, að í nál. er það tekið fram, að miðað er við innflutninginn 1931). Það er alveg sama. Innflutningur það ár var líka óeðlilega mikill og salan innanlands miklu minni en honum nam. Það voru því óvanalega miklar birgðir af benzíni í landinu um síðastl. áramót. Er alveg víst, að innflutningurinn minnkar mikið frá þessu. Á fundi, sem vegamálastjóri sat með fjhn., áætlaði hann, að innflutningurinn mundi ekki fara fram úr 4½ millj. lítra, og ég geri ráð fyrir, að vegamálastjóri muni vera manna fróðastur um þetta efni. Að því er mig minnir, var hv. 4. þm. Reykv. staddur á þessum fundi. Ég býst því ekki við, að tekjur af þessum lið yrðu meiri en 90 þús. kr., ef till. hv. 4. þm. Reykv. verður samþ., í stað 120 þús. kr., sem hv. þm. gerir ráð fyrir. Líkt má segja um suma aðra liði í áætlun hv. þm. Þeir eru ýmsir nokkuð vafasamir. Hann hefir t. d. áætlað skatt af hjólbörðum 40 þús. kr. En það má gera ráð fyrir eins og nú horfir, að það verði ákaflega lítið flutt inn af þeirri vöru á þessu ári, og alls ekki svo mikið, að skattur af henni geti numið þessari upphæð.

Skal ég þá víkja aftur að hv. þm. Seyðf., sem þóttist finna það út, að tekjur af skattinum yrðu miklu hærri, ef frv. verður samþ., heldur en hæstv. fjmrh. hefir gert ráð fyrir. En þar sem hann byggir þetta á áætlun hv. 4. þm. Reykv., en hann áætlar skattinn allt of háan í sínu nál., eins og ég hefi nú fært rök að, þá eru það auðvitað eintómar staðleysur, sem hv. þm. Seyðf. sagði um þetta efni.

Þegar þetta frv. var til umr. hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum, lagði hv. 4. þm. Reykv. mikla áherzlu á það, hve það væri mikið neyðarúrræði að þurfa að skattleggja vöruflutninga á landi. Ég get gefið hv. þm. rétt í því, að það er í raun og veru leitt að þurfa yfirleitt að leggja nokkra skatta á borgarana. Það væri svo sem ólíkt skemmtilegra, ef ríkissjóður hefði einhverja peningauppsprettu, sem ausa mætti af eftir þörfum án þess nokkur þyrfti að borga, en slíku er nú ekki til að dreifa. En bifreiða- og benzínskatturinn er nú einmitt talsvert frábrugðinn öðrum sköttum að því leyti, að hann er lagður á flutningatæki vegna flutninganna sjálfra, en ekki til þess að fullnægja almennum þörfum ríkissjóðs. Aðalatriðið er því það, hvort það muni borga sig eða ekki fyrir eigendur þessara flutningatækja að viðhalda og endurbæta vegina og vinna til að greiða þetta gjald fyrir; um það greiða hv. dm. atkvæði í þessu máli. Það er öllum kunnugt, sem nokkur kynni hafa af bílflutningum og notkun bifreiða, að það munar afskaplega miklu á benzíneyðslu og sliti bílanna, hvort vegirnir eru góðir eða slæmir, sem um er ekið. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum efa um það, að það muni beint borga sig fyrir bifreiðaeigendur að leggja á sig aukagjöld til þess að bæta vegina fram yfir það, sem annars yrði gert.

Það er ekki svo að skilja, að bifreiðarnar séu einu flutningatækin, sem eru skattlögð. Ég vil minna á vitagjöldin, sem öll skip eru skylduð til að greiða. Ég hefi aldrei heyrt því haldið fram, að það borgaði sig ekki fyrir skipin að greiða þessi gjöld til þess að hafa vitana, og að þau væri betur farin, ef vitarnir væri ekki til.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að það væri hvergi bundið í frv., að skatturinn ætti að ganga til veganna. Ég held helzt, að hann hafi þá átt við sýsluvegi, en þetta er ekki rétt, því að í 1. gr. frv. er þetta einmitt beint tekið fram, að skattinum skuli varið til umbóta vegum og til þess að gera umferð hægari og ódýrari.

Við fyrri hl. þessarar umr. var dálítið vikið að rétti kaupstaðanna til þessa skatts, og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég hefði viðurkennt rétt kaupstaðanna. Þetta er að nokkru leyti rétt; ég viðurkenndi, að mér þætti sanngjarnt, að ræktunarvegurinn í Vestmannaeyjum nyti sömu réttinda og sýsluvegir, og ég tók það fram, að líkt stæði á um Ísafjörð og Siglufjörð. Hitt vil ég ekki viðurkenna, að Rvík og aðrir kaupstaðir, sem hafa opið vegasamband við vegakerfi landsins, eigi nokkurn sérrétt til þessa styrks. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að margir bílar hér í Rvík kæmu aldrei út fyrir bæjartakmörkin. Þetta held ég að sé ekki rétt. Auk þess eru margir þjóðvegir innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, og það eru dýrustu og bezt gerðu þjóðvegirnir á öllu

landinu og mestu fé árlega varið til viðhalds á þeim. Og ég vil einnig minna hv. þm. á það, að 20% af skattinum eru áætluð til malbikunar á þjóðvegum, og sá hluti mun fara til þess fyrst um sinn að malbika þjóðveginn hér inn að Elliðaám. Kemur það Rvík fyrst og fremst til góða. Til þess að sanna það, að þörf bæjanna í þessum efnum er ekki eins brýn og þörf héraðanna, þarf ekki annað en að benda á vegina hér í Rvík. Ég sé ekki betur en að göturnar hér séu beztu vegirnir hér á landi. Mikill hluti þeirra er malbikaður, meira að segja götur í útjöðrum bæjarins. Hann nefndi Laufásveginn, sem hann sjálfur býr við, sem dæmi um slæma vegi. Það er satt, að sá vegur er ekki góður, en ég geri ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að hann verði malbikaður. (**EA:** Þeir eru nú margir Laufásvegirnir). Nei, þeir eru ekki svo margir. Fundartíminn er nú bráðum á enda, svo að ég verð að láta hér staðar numið að sinni, en ég skal aðeins minnast á þá till. að verja hluta af þessum skatti til styrktar flutningum í einstökum héruðum. Um það atriði vil ég taka undir með hæstv. fjmrh., að eðlilegra sé að slíkur styrkur verði veittur á annan hátt, því að þessum skatti er aðeins ætlað að bæta vegina og halda þeim við.

Hitt er mál út af fyrir sig, og það kann að vera sanngjarnt, að t. d. sýslurnar hér austanfjalls njóti opinbers flutningsstyrks vegna sinnar afstöðu. Ég skal taka það fram fyrir hönd meiri hl. fjhn., að hann leggur yfirleitt á móti þeim brtt., sem komið hafa fram við frv., að undantekinni einni brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., sem n. telur í alla staði sanngjarna og hefir því ekkert við að athuga.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Lárus Helgason: Það er nú orðið langt síðan ég hafði kvatt mér hljóðs, því að þetta frv. er búið að vera á dagskrá svo oft síðan án þess að fá afgreiðslu. En það, sem ég ætla aðallega að tala um, er brtt. á þskj. 97.

Það hafa heyrzt margar raddir um það hér í d., að við, sem flytjum þessa till., séum svo nærsýnir, að við hugsum sérstaklega um okkar kjördæmi. Ég vil því sýna fram á það, að þegar svona skattur er lagður á, þá er það ekki furða, þó menn, sem búa í þeim héruðum, sem eru hafnlaus og hafa því ekki not sjávarsamgangna, séu ekki sem ánægðastir með þann kostnaðarauka, sem af því leiðir að fá þennan skatt á flutninga til sín. Hv. 2. þm. Rang. hefir bent á, að m. a. gerði þessi skattur það að verkum, að það væri ekki mögulegt annað en að hinir dýru flutningar hefðu áhrif á verð landbúnaðarafurða. Það er líka sýnilegt, að svona hár skattur á flutningana hlýtur að koma allmikið niður á ekki aðeins menn í þeim héruðum, sem við þá flutninga eiga að búa, heldur einnig á Reykvíkinga, t. d. þá, sem kaupa mjólkina austan yfir Hellisheiði. Það er því ekki rétt, að við flm. þessarar till. flytjum hana af hlutdrægni. Það virðist sanngjarnt að fara fram á þá ívilnun, að létt verði undir þá byrði, sem af þessu mun leiða fyrir þá, sem skatturinn lendir verst á, ef frv. verður samþ.

Ég veit, að menn muni slá því fram, að það hagi víðar svo til, að um erfiðleika á flutningum sé að ræða. En þeir eru þó allra mestir þar, sem hafnleysur eru og vegalengdir miklar. Þetta hafnlausa svæði, sem hér er um að ræða, tekur yfir meiri vegalengdir og á því eru meiri vegleysur en annarsstaðar á sér stað í þessu landi. Ég veit, að þessi skattur er lagður á til að halda við vegum í landinu. En hvað er nú um þetta að segja í þessum héruðum? Hvað er mikil sanngirni í því að borga þennan skatt þar, sem bílar eru mest notaðir á vegum, sem gerðir eru af náttúrunni, eða réttara sagt á vegleysum, svo sem er á söndunum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Sá, sem ferðast héðan úr Reykjavík og alla leið austur á Síðu, sér, að það er ákaflega mikill hluti vegarins á þeirri leið, sem ekki er gerður af mannahöndum og sem alls ekkert hefir verið kostað til. Þeir, sem búa í þeim héruðum, sem ég nefndi, verða því ekki aðnjótandi neins af þessum skatti, enda þótt þessir sandar, sem verið er að braska við að fara í bílum yfir, séu meira en

helmingi benzínfrekari en sæmilegir vegir. Þó það eigi að bæta vegina með benzínskattinum, þá verður ekkert af honum notað til að gera þessa sanda betri yfirferðar, enda mundi hann skammt endast til þess, jafnvel þó hann færi allur til þess. Það er því sýnilegt, að þau héruð, sem eiga við að búa hafnleysur, vegleysur og miklar vegalengdir, hljóta að verða langsamlega verst úti, ef frv. þetta nær fram að ganga. Það er það, sem ég vil leggja áherzlu á, af því að okkur hefir verið borið það á brýn, að við flm. værum að skara eldi að okkar köku. En við erum hér að fara fram á fyllstu sanngirni. Væri skatturinn lagður á til að bæta vegina tiltölulega í héruðum, sem borga hann, þá væri ekki ástæða til að fara fram á þetta, því þá væri ekki um neina ósanngirni að ræða.

Ég skal svo ekki þreyta hv. d. meira á að tala um till., og um frv. sjálft er búið að tala svo mikið, að ég sé ekki ástæðu til að bæta við það. En ég held, að við nánari athugun á till. sjái menn, að þar er ekki um neina hlutdrægni eða ágengni að ræða, heldur sanngirni.

Sveinbjörn Högnason: Það var nú sérstaklega til hæstv. fjmrh., sem ég ætlaði að segja nokkur orð, en hann er nú víst ekki við í d. (**Margir:** Jú, hann er kominn). — Já, það var til hans, sem ég vildi beina nokkrum aths. Annars greinir okkur nú orðið ekki svo mjög mikið á, því hann reyndi ekki að hrekja það, sem ég hafði sagt, að þetta væri sanngjarnt, heldur talaði mest um þörfina á að bæta vegina og samgöngurnar í landinu. Um þetta er ég honum algerlega sammála. Það er mikil þörf á því að bæta vegina og samgöngurnar. Og ég er honum þakklátur fyrir það, að hann hefir lýst yfir því, að það sé sanngjarnt, að héruðin þarna fyrir austan njóti styrks til samgangna á móts við önnur héruð landsins.

Ég er líka hæstv. ráðh. sammála um það, að till. okkar er ekki byggð á því, að við vitum nákvæmlega, hve miklu skatturinn muni nema, sem leggst á flutningana til þessara sveita; til þess hefði þurft lengri tíma en við höfum haft, og munum við þar af leiðandi reyna að prófa þetta betur, hve hár hann muni verða. Hinsvegar er það vitanlegt, að það verður mismunandi á hverjum tíma, hvað skatturinn verður hár, og fer eftir því, hve flutningarnir verða miklir. Það er þess vegna miklu réttlátara og eðlilegra, að styrkurinn miðaðist við það, hve skatturinn er mikill, heldur en að hann sé fast ákveðin krónuupphæð.

Það er alls ekki rétt, sem haldið hefir verið fram, eða er a. m. k. alveg ósannað mál, að þessi till. sé borin fram af þm. frá þeim héruðum, sem hafa fengið mesta vegi. Á stórum hluta þessa svæðis, hagar einmitt svo til frá náttúrunnar hendi, að það hefir óvíða verið minna kostað til vega eða samgangna en einmitt þar. Við getum aðeins hugsað okkur allar þær torfærur, sem eru þarna svo víða, og miklu meiri en annarsstaðar, og engu hefir verið kostað til vega eða brúa á.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að þessi skattur væri lagður á erlendis, og sagði, að þegar talin væri þörf á að leggja hann á þar, sem vegirnir væru góðir og þéttbýli mikið, hversu mikil væri þá ekki þörfin fyrir hann hjá okkur, þar sem strjálbýli væri mikið, en vegir vondir. Ég held nú, að þetta sanni alveg eins mikið mitt mál og hans. Þegar hæstv. fjmrh. hefir viðurkennt þörfina á því, að erlendis væru flutningar styrktir, hversu miklu meiri er þá ekki þörfin fyrir það, að flutningar séu styrktir í hinu mikla strjálbýli hjá okkur, og með þeim erfiðleikum, sem hér er við að stríða í samgöngum?

Annars sé ég nú ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, en mun nú, vegna yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um, að hann sé hlynntur sérstökum flutningastyrk til þessara héraða í fjárl., og í samráði við aðra flm. till., draga hana til baka til 3. umr., og með tilliti til yfirlýsingar og loforðs hæstv. fjmrh. um að vinna að því, að sérstök fjárveiting í þessu skyni komist inn í fjárl., sjá hverju fram vindur í þessu efni, þar til við 3. umr., einnig í trausti þeirra góðu undirtekta, sem ýmsir aðrir hv. þm. hafa látið uppi. Ég vil því sjá, hversu gengur að fá þennan styrk inn í fjárl., þar til málið kemur til 3. umr., og mun þá koma með till. aftur, ef ekki semur.

Einar Arnórsson: Ég á brtt. á þskj. 151, við 4. gr. frv. Ég tók eftir því hjá hv. frsm. meiri hl., að n. er hlynnt till. Hún felur líka sumpart í sér aðeins leiðréttingu á 1. gr. c-lið, því vitanlega er það svo um þann skatt, sem þar um ræðir, að það er spursmál, hvort hann á ekki að lækka vegna þess, að bílar séu ekki notaðir. Það er svo um marga bíla, að þeir eru ekki notaðir á vissum tíma árs, og þessi till. fer fram á, að „ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði", þá skuli ekki krefja þann skatt, sem nefndur er í 1. gr. c-lið. Þetta er vitanlega sanngjarnt, því að slíkur farkostur getur vitanlega ekki spillt vegunum, þegar hann er ónotaður. Sumum finnst ef til vill, — og það kann að vera —, að tíminn, 3 mánuðir, sé of langur. En það mundi valda svo miklum töfum hjá lögreglustjórum að vera alltaf að taka merkin og afhenda, að ég hefi ekki viljað hafa tímann styttri, enda krefur það aukins eftirlits, ef miðað er við styttri tíma.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. sé samþykkur þessari till. minni, svo hún ætti ekki að mæta neinni mótspyrnu hér í hv. d., enda er hún sanngjörn í alla staði. Ég vona því, að d. samþ. hana.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil lýsa yfir því, eins og meiri hluti n., að ég er fylgjandi till. hv. 2. þm. Reykv.; hún er aðeins nánari skýring á því, sem til var ætlazt í frv.

Að öðru leyti skal ég játa það með hv. þm. V.-Sk., að þau héruð, sem hafa litla vegi, en mikla sanda, sem bílfærir eru, verða harðast úti af þessum skatti. En það verður þá að vera huggun okkar, að viðhald og umbætur komi örar, ef bílaskatturinn nær fram að ganga. Og hv. þm. V.-Sk. hefir þá aðstöðu á næstu þingum að geta minnt á, þegar vegamál eru til umr., að héraðið eigi þarna sanngirnisrétt til aukinna framlaga til vega. Hitt verður ríkið allt af að gera, að taka skatta eftir vissum allsherjarreglum, og útdeila þeim svo aftur, en við útdeilinguna má jafna nokkuð af misréttinu. Slíkar ástæður koma til greina að því er þetta snertir, þegar rætt er um vegamál.

Ég vil þakka hv. flm. till. á þskj. 97 fyrir, að þeir draga hana til baka til 3. umr. Ég get viðurkennt víst réttmæti hennar, en hefi talið óheppilegt að miða slíkan bílastyrk við allt landið. Ef það væri hægt að finna einhverja reglu fyrir því, hvað mikið þessum héruðum bæri af skattinum, þá hefði verið réttara að miða styrkinn við þessi héruð. En þar sem ókleift er að finna nokkra slíka reglu, hefir mér þótt réttara að taka styrkinn upp í sambandi við fjárl., með sérstakri fjárveitingu. Ég skal þó geta þess að auki, að þó að slíkir flutningastyrkir verði ræddir í sambandi við fjárl., þá má vera, að viðkomandi héruð færi fram á hærri styrk en ég sé mér fært að mæla með. En allt slíkt verða þeir að leggja í hættu, enda er talsvert eftir af meðferð þessa máls, og má enn koma að breytingum, þó að það yrði þá líklega helzt í Ed.

Ég vil svo þakka undirtektirnar undir málið, er þær eru nú orðnar svo góðar, að ég geri mér nú von um sæmilega afgreiðslu.

Haraldur Guðmundsson: Ég býst við, að þetta þakklæti til d. frá hæstv. fjmrh. nái ekki til mín. **(Fjmrh.:** Alveg rétt). A. m. k. hefi ég ekkert unnið til þess. **(Fjmrh.:** Alveg rétt). Fyrst vil ég víkja að því, sem nánast mætti nefna spaugsyrði hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðh. talaði margsinnis um það, að útlendingar létu sér nægja að „gefa járnbrautina", svo að nóg væri, ef Íslendingar „gæfu vegina". Hann talaði um þetta í slíkum tón, að því var líkast, sem hann eða Alþingi væri að gefa landsfólkinu gjafir, þegar nýir vegir væru lagðir. Er þetta næsta undarleg hugsun, því að ég veit ekki betur en að landsmenn hafi orðið að borga vegi sína fullu verði. Vegagerðir hafa alltaf verið kostaðar af almannafé, sem tekið hefir verið með tollum og sköttum á landsmenn, oftast nær ranglátum, þannig, að þeir hafa verið látnir borga mest, sem minnst geta af mörkum látið. Og ef frv. hæstv. ráðh. verður samþ., þá er þar enn á ný lagður á ranglátur skattur. Það getur verið nógu áheyrilegt að gaspra um gjafir handa landsfólkinu, en það kemur ekki þessu máli við, heldur það eitt,

hvort hyggilegt sé eða rétt að taka fé til vegagerða á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég lít á þessa leið hæstv. ráðh sem rangláta.

Hæstv. ráðh. segir, að skattur þessi muni ekki verða til þess að gera bílflutninga dýrari. Furðar mig á þessari staðhæfingu. Veit hann þó vel, að árlega hljóta að leggjast á bílflutninga innanlands um 300000—400000 krónur, ef frv. nær fram að ganga. Heldur hann, að bílaeigendur séu svo örlátir eða efnaðir, að þeir þoli slíkan skatt eða taki hann á sig án þess að breyta flutningagjöldum? Nei, þetta leggst á flutningagjöldin, og mest mun hækka flutningur á þungavöru og nauðsynjum almennings. Þetta liggur í augum uppi. Þá segir hæstv. ráðh., að vegir muni batna svo mjög, að það vegi upp skattinn í minni benzíneyðslu bifreiða o. s. frv. En nú er frv. einmitt flutt til þess að létta af ríkissjóði framlagi til vega. Væri e. t. v. glóra af skynsemi í þessu, ef skattinum ætti að bæta við þá ½ millj. eða því sem næst, sem nú er varið til vegaviðgerða á ári. En hæstv. ráðh. vill fá skattinn til þess að minnka þennan lið. Heldur hann, að vegir verði greiðari yfirferðar, þó að það fé, sem notað er til viðgerðanna, heiti bifreiðaskattur heldur en eitthvað annað?

Hæstv. ráðh. sagði, að víst væri, að það myndi seinka fyrir Fjarðarheiðarvegi, sem mér er áhugamál að lagður verði, ef ég legðist á móti þessu frv. Er mér þetta torskiljanlegt. Ég sé ekki, að til þess sé ætlazt, að einn eyrir eigi að fara til Fjarðarheiðarvegar af bifreiðaskatti, enda yrði fyrst að leggja hann, áður en farið væri að viðhalda honum, því að bifreiðaskattur þessi á að ganga allur til viðhalds vega.

Ef gengið er út frá þeirri hugsun hæstv. ráðh., að skattur þessi borgi sig fyrir bifreiðaeigendur, þannig að vegir batni, þá er það firra að undanskilja ekki innanbæjabifreiðar. En þær eiga líka að borga sinn skatt. Heldur hann, að benzíneyðsla bifreiða, sem flytja fisk frá höfninni til verkunarstöðva hér í Reykjavík t. d., minnki við það, að vegir séu lagfærðir yfir Holtavörðuheiði? Auðvitað ættu þær bifreiðar að vera undanþegnar skattinum, sem ekki nota þessa vegi. En ég veit vel, að það vakir ekki fyrir honum að bæta vegina, heldur það eitt, að minnka útgjöld ríkissjóðs, og þetta telur hann heppilega aðferð sem kreppuráðstöfun og fjármálapólitík. Hæstv. ráðh. sagði, að ráðið við kreppunni væri það, að vörur hækkuðu í verði, en framleiðslukostnaður minnkaði. Þetta frv. er því sennilega borið fram til þess að aflétta kreppunni. Skil ég raunar ekki, hvernig það ætti að leiða út úr kreppunni, að mjólk og aðrar nauðsynjar hækkuðu í verði fyrir þennan skatt, því að ég hygg, að hann muni vel skilja, að þannig muni fara, enda þótt hann haldi því fram í hinu orðinu, að skatturinn eigi ekki að hafa áhrif á vöruverð.

Hæstv. ráðh. talar mikið um Stauning í sambandi við mig, og þykir mér alltaf vænt um, þegar sagt er frá gerðum flokksmanna minna erlendis. Í Danmörku kemur þessi skattur öðruvísi niður, vegna þess, hvernig vegum er háttað þar, en það kemur ekki við okkur, hvernig málum er ráðið í Danmörku.

Hæstv. ráðh. minntist líka á það, að hann vissi, að ekki væri langt síðan menn voru látnir greiða vegagjöld og brúa. Virtist hann ekki fjarri því, að slíka venju mætti aftur taka upp. Slíkt fyrirkomulag, sem tilheyrir löngu liðnum tímum, hefir þá e. t. v. haft nokkurn rétt á sér, en nú er allt öðru máli að gegna. Þó væri það sjálfsagt ekki miklu ranglátara en það, sem farið er fram á í þessu frv., því að þá ættu þó ekki aðrir að greiða gjöldin en þeir, sem um veginn fara, en samkv. frv. verða líka innanbæjarbílar að greiða mörg hundruð króna á ári til viðhalds vegum, sem þeir fara aldrei um. Við erum báðir sammála um það, að brúarpeningana beri ekki að taka upp aftur, en ég sé ekki, að þetta ráð sé nokkuð betra, þó að það sé raunar skiljanlegt út frá því sjónarmiði hæstv. ráðh., að ráðið við kreppunni sé það, að hækka vöruverð, því að ef frv. yrði að lögum, yrði það áreiðanlega til þess að hækka verð bæði innlendra og erlendra vara.

Magnús Guðmundsson: Hv. 4. þm. Reykv. getur ekki verið hér viðstaddur vegna veikinda, og bað hann mig að taka aftur brtt. sína á þskj. 108. Skildist mér

hann gera þetta af því, að hann hefði ekki fengið nægilegt þakklæti frá hæstv. stj. fyrir sína ágætu till. — Er till. hér með tekin aftur.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Út af orðum þeim, sem síðast féllu, vil ég aðeins geta þess, að hv. 4. þm. Reykv. á því meira þakklæti skilið úr því, sem nú er komið. (MG: Ég skal skila því). Þá vil ég víkja að hv. þm. Seyðf., sem ekkert þakklæti hefir fengið ennþá, og fær það heldur ekki að svo stöddu. Hann sagði rétt um það, að ég hefði persónulega enga vegi gefið, og mun líkt á komið með okkur að þessu leyti. En hitt get ég ekki fallizt á, að svo megi ekki að orði komast, að ríkið gefi vegina, þegar það leggur fram fé vaxtalaust. Ég held, að hv. þm. þykist vera að gefa mér ráð, og er honum þó borgað dagkaup fyrir það að láta frá sér fara slík ráð. Þegar ég notaði orðið að gefa, þá var það í þeim skilningi, að ríkissjóður heimtaði ekki vexti af fé því, sem hann leggur fram. Hitt þykir mér vænt um, að hv. þm. hefir uppgötvað, að landsfólkið borgar þetta sjálft. Hér er samhengi milli orsakar og afleiðingar, vegaslits og skatts á farartækjum. Slíkt samhengi verður alstaðar að vera milli framlags fólksins og þess, sem framlögin fara til, og er leitazt við það um allan heim að ná þessu samhengi. Er það föst regla alstaðar nema hér, að ef ný útgjöld reynast óhjákvæmileg, þá eru lagðir á nýir skattar, sem standa í greinilegu sambandi við útgjöldin. Er hér því ekki um neitt nýtt fyrirbrigði að ræða.

Um flutningabíla er það rétt, að ekki er unnt að tína þá, sem aldrei fara um tiltekinn veg, frá hinum, sem veginn nota. Þessa farartæki eru yfirleitt eins og fuglinn fljúgandi og fara víða, og verður að búast við því, að þau komi á flesta vegi. Satt er það líka, að slíkur skattur sem þessi væri að vissu leyti lagður á í þeim tilgangi að létta af ríkissjóði. Ef ekki er lagður á slíkur skattur, þá er heldur ekki hægt að veita það fé til vegamála, sem hingað til hefir verið lagt fram.

Enda þótt ekki sé það lagt til í frv., að gerður verði vegur yfir Fjarðarheiði, þá ætti það að vera auðskilið, að þessi skattur geri auðveldara um fjárframlög til nýrra vega. Ef það tekst að afla nægilegs fjár til viðhalds vegunum, er heldur von um, að eitthvað verði afgangs til nýrra vega, og var það þetta, sem ég átti við, en ekki hitt, að skattur þessi ætti að fara beint til Fjarðarheiðarvegar.

Um Stauning þarf ég fátt að tala, en hv. þm. var auðsjáanlega í vanda staddur með sinn ágæta flokksbróður.

Þá get ég ekki játað, að ég hafi sagt, að bílaskattur þessi myndi beinlínis gera flutninga ódýrari. Ég sagði, að bílarnir myndu njóta hans í bættum vegum. Get ég bætt því við, að þess eru dæmi frá öðrum löndum, að benzínverð er jafnhátt, þótt benzínskattur sé mishár. Það er svo um benzínið, að fáar vörur eru meir einokaðar en það, og er líklega engin sú vara til, sem „trustar" hafa meiri einokun á. „Trustar" eru afarsterkt vald. Eru til dæmi þess, að olíu- og benzínfélög hafa tekið á sig hækkaðan benzínskatt til þess að jafna benzínverðið. Nefni ég þetta til dæmis fyrir þá hv. þm., sem kynnu að hafa áhrif hér á.

Að skattur þessi ætti að lækna kreppuna, er ekki annað en gamanyrði. Þó er honum ætlað að laga að nokkru kreppu ríkissjóðs, en hitt hefi ég gert mér litlar vonir um, að hann hefði nokkur áhrif á heimskreppuna. Þrátt fyrir hækkaðan benzínskatt í öllum löndum, hefir henni ekki létt af. Er það barnalegt að hugsa sér, að sú verðhækkun, sem af því stafar, að ríkið taki til sín nokkurn hluta af andvirði varanna með sköttum, eigi eitthvað skylt við þá verðhækkun, sem kemur smátt og smátt á allar vörur og er eina ráðið við kreppunni. Við getum ekki selt vörur okkar hærra verði, nema kaupgeta verði meiri, en kaupendurnir geta ekki keypt, nema þeir fái hærra verð fyrir sínar vörur. Kreppan stafar af verðlækkun, og verður því vöruverð yfirleitt að hækka, til þess að ráðin verði bót á henni. Er ég sannfærður um, að henni væri af létt, ef vöruverð kæmist í það horf, sem það var fyrir 1929.

Haraldur Guðmundsson: Fyrst við erum komnir út í hugleiðingar um gjafir, vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkissjóður gefi viðhald veganna, ef frv. nær

samþykki. Sé ég ekki mun á framlagi ríkissjóðs til vega, hvort sem það er tekið sem bifreiðaskattur eða öðruvísi.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði uppgötvað, að það er landsfólkið, sem borgar vegina. Held ég, að það sé einmitt hæstv. ráðh., sem nú hefir loksins uppgötvað þetta. Vitanlega verður landsfólkið að borga fyrir ríkissjóð. En það er ranglátt að láta þá borga, sem minnst eiga, en ekki hina. Þetta frv. leggur toll á nauðsynjar fólksins án tillits til efnahags. Þessi tollur hækkar verð mjólkur, sem hingað flytzt austan um fjall. Hann hækkar verð á þungavöru úti um landið og gerir fiskflutning hér dýrari. Hæstv. ráðh. segir nú, að það sé ekki svoleiðis verðhækkun, sem leiði út úr kreppunni, og er ég honum þar alveg samnála. En hvaða verðhækkun þá? Þessi leið til að afla ríkissjóði tekna er bæði ranglát og heimskuleg. Hæstv. ráðh. sagði, að benzínverð héldist oft óbreytt í löndum, þar sem benzínskattur væri mishár. Gaf hann í skyn, að olíuverzlanir hér ættu að taka á sig benzínskatt, til þess að verð gæti haldizt óbreytt. Það væri ágætt, ef olíuverzlanir vildu gera þetta, en það hefði hann átt að vera búinn að athuga, áður en hann bar fram frv., og tryggja sér, að olíufélögin greiði sjálf skattinn.

Hæstv. ráðh. vék því næst að kreppunni. Ég hygg, að hvað sem hæstv. ráðh. segir um þetta, þá sé þó næst honum að vera mér sammála. Hann sagði, að benzínskattarnir í útlöndum hefðu ekki megnað að bæta úr kreppunni þar, og má virða þá játningu við hann.

Hann endurtók, að eina ráðið við kreppunni væri það, að vöruverð hækkaði og framleiðslukostnaður minnkaði. Hann sagði ennfremur, að ef vöruverð kæmist í sama horf og 1929, væri engin kreppa lengur. Þetta eru nú ærið loftkenndar fullyrðingar, ef ekki eru jafnframt gerðar stórfeldar ráðstafanir aðrar. Hvað myndi nú leiða af þessari kenningu hæstv. ráðh. um minnkaðan framleiðslukostnað og hækkað verðlag? Ég spurði hann, hvort hann ætti við kaupið, þegar hann talaði um framleiðslukostnað. Hann svaraði mér svo, að kaupið væri þar á meðal. En ég hygg, að auðvelt sé að sýna fram á, að framleiðslukostnaður sá, sem hæstv. ráðh. er að tala um að þurfi að lækka, sé ekkert annað en kaupið. Ráðh. segir, að vöruverð þurfi að hækka. Allar vörur, sem þarf til framleiðslunnar, þurfa að hækka: olía benzín, kol, salt, byggingarefni, áburður og allar lífsnauðsynjar. Hvað er þá eftir af framleiðslukostnaðinum, sem getur lækkað, nema kaupið? Afleiðingin verður auðvitað ekki annað en aukin bölvun kreppunnar. Kaupgeta minnkar og vörur hrúgast upp. Þetta eru bjargráð hæstv. ráðherra.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. hafði það eftir mér, að allar vörur ættu að hækka, en kaupgjald að lækka. Slíkar fullyrðingar eru sjálfsagt jafnmikils virði fyrir verkalýðinn og hv. þm. sjálfan, þegar hann og sumir aðrir, sem þykjast hafa einokun á fólki, sem á bágt, rísa upp með trúboðskrafti eins og hv. þm. í þetta sinn.

En þeir, sem nokkuð hafa hugsað um þetta mál, geta séð, að við getum ekki fengið hærra verð fyrir okkar afurðir, nema þeir, sem af okkur kaupa, fái einnig hærra verð fyrir sínar. Þetta stendur og verður ekki hrakið.

ATKVGR.

Brtt. 97 og 108 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 14 : 3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 151 samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 103,1—2.a—c samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, JörB.

nei: VJ, HG, HV.

EA, GÍ, JJós, JAJ, MG, PO greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 190).

Haraldur Guðmundsson: Ég hreyfði nokkrum andmælum gegn þessu frv. við 2. umr. Þá lágu fyrir brtt. frá hv. meiri hl. fjhn., og lýsti ég því yfir fyrir hönd okkar jafnaðarmanna, að við mundum greiða atkv. með þeim brtt., nema einni. En þó að þessar brtt. yrðu samþ., þá mundum við ekki greiða atkv. með frv. Nú gerðust þau tíðindi við 2. umr., að hv. flm. brtt. tók þær aftur. Við jafnaðarmenn leyfum okkur því að taka þær hér upp aftur og flytja þær sem skriflegar brtt. nú við þessa umr. Vænti ég, að hæstv. forseti og hv. þd. heimili afbrigði frá þingsköpum, þannig að brtt. megi koma hér til atkv. — Eftir þessum brtt. á skatturinn að lækka um helming. Samkv. a-lið brtt. við 1. gr. frv. er ætlazt til, að skatturinn verði 2 aur. af hverjum benzínlítra, í stað 4 aura í frv.; og samkv. b-lið 1. gr. er í brtt. ætlazt til, að innflutningsgjaldið verði 50 aur. á kg. af hjólabörðum og gúmmíslöngum, í stað þess að í frv. er það 1 kr. af kg. En c-lið í brtt. hv. 4. þm. Reykv. við 1. gr. frv., um sérstakan þungaskatt á vöruflutningabifreiðum, höfum við ekki tekið upp.

Ennfremur er lagt til samkv. þessum brtt., að tekjum af skattinum skuli varið nokkuð á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. Ætlazt er til, að þungaskatti af bifreiðum skuli varið til aðgerða á götum í bæjum eða lögsagnarumdæmum, þar sem bifreiðarnar eiga heima eða eru skrásettar.

Svo afhendi ég hæstv. forseta þessar brtt., og vænti, að hv. þd. veiti afbrigði til þess að þær megi koma til atkv.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt brtt. að mestu shlj. brtt. á þskj. 108, sem áður eru kunnar hv. þd., og er því eigi þörf á að lesa þær upp. En til þess að þessar brtt. geti komið til atkv., verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verða þskj. 233) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Brtt. hv. þm. Seyðf. hafa að mestu leyti verið ræddar áður. Ég tel ekki þörf á að ræða um þann smávægilega mun, sem á þeim er frá till. hv. 2. þm. Reykv. Ég tel litlu betra að afgreiða frv. með þessum breyt., heldur en að fella sjálft frv. Óska ég því, að þær verði felldar, eins og ég hefi áður gert.

ATKVGR.

Brtt. 233,1.a felld með 13 : 6 atkv.
— 233,1.b felld með 13 : 7 atkv.
— 233,1.c.1 felld með 13 : 7 atkv.
— 233,1.c.2 tekin aftur.
— 233,2.a felld með 13 : 7 atkv.
— 233,3.a—c felld með 15 : 5 atkv.

Frv. samþ. með 15 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.

nei: HG, JÓl, MJ, SvbH, EA.

JJós, JAJ, MG, GÍ greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (HV, ÓTh, PO, VJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 190).

Á 36. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég mun greiða atkv. með því, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og n., og er ástæðan til þess sú, að ég tel hugsanlegt að leggja á sviparan skatt og þennan án þess að hann verði notaður til almennra ríkissjóðsútgjalda, eins og gert er ráð fyrir í frv., og ég tel því ekki rétt að leggjast á móti því, að málið komist í n. til athugunar á þessu atriði sérstaklega.

Það hefir oft komið til tals, og er í rauninni lögtekið áður með bifreiðaskattslögunum, að leggja á sérstakan skatt til að gera þær umbætur á bílvegum, sem gera má ráð fyrir, að ekki fáist á annan hátt, og ég álít því rétt, að þetta komi til athugunar í n.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. hefir verið fyrir þinginu nokkrum sinnum, eða

svipuð frv., og umr. orðið um þau hér í þingi, og við alþýðuflokksmenn höfum jafnan greitt atkv. á móti þeim, af því að það er ekki efamál, að skattur þessi mundi auka á erfiðleikana við samgöngur með bifreiðum; hann mundi hækka verðið á flutningi á fólki og vörum og hverskonar aðrir erfiðleikar myndu af honum stafa. Ég mun því eins og áður, greiða atkv. á móti þessum nýja skatti — bæði við þessa umr. og aðrar, ef frv. kemst svo langt. Ég sé enga ástæðu til, að frv. fari í n. til þess að íhuga það. En fari svo, að frv. gangi fram, væri það sanngjarnt, sem upp á hefir verið stungið, að kaupstaðirnir fengju skattinn til að laga götur hjá sér og gera nýjar götur, og get ég búizt við, að það fengist. En frv. er hægt að fella nú við þessa umr., ef Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkv. gegn því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 2 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 60. og 79. fundi í Ed., 26. apríl og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 3. júní var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 190, n. 489 og 494, 521).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Frv. þetta er búið að bíða lengi hér í deildinni, og þar sem komið er að þinglausnum, skal ég ekki verða til þess að lengja umr. mikið. Það verður vitanlega að ráðast, hver örlög þess verða. Frv. er borið fram til þess að auka tekjur ríkissjóðs af bifreiðum umfram það, sem verið hefir, sökum hins sívaxandi vegaviðhalds. Hvernig viðhaldskostnaður þjóðvega í landinu hefir farið hraðvaxandi hin síðari ár, sést bezt á LR. Árið 1920 eru t. d. veittar 200 þús. kr. til viðhalds þjóðvega, en árið 1930 eru notaðar fullar 500 þús. kr. og 1931 mun hafa verið notað töluvert meir. Þessi gífurlega aukning viðhaldskostnaðarins stafar af hinni hraðvaxandi bílaumferð, og þess vegna virðist ekki nema sanngjarnt, að nokkur skattur sé lagður á bílana, til þess að létta undir með ríkissjóði um viðhald veganna.

Skattur af bifreiðum hefir verið hér alllengi í gildi. En hann er að mestu fast gjald, sem miðast við hestorku bifreiðanna og nemur 8 kr. á hverja hestorku fólksbifreiða en 2 kr. á hverja hestorku vörubifreiða. Hann hefir alltaf farið sihækkandi og mun hafa orðið hæstur 1931, 140 þús. kr. Frv. það, er hér liggur fyrir, gerir það tvennt, að auka tekjur ríkissjóðs af bifreiðunum og í öðru lagi að breyta grundvelli skattsins. Í stað þess að miða skattinn við hestorku vélanna er hann nú lagður á í þrennu lagi, á benzín, gúmmí og þunga bifreiðanna. En þungaskatturinn nær aðeins til fólksflutningsbifreiða.

Það hefir orðið töluverður ágreiningur um það, hvort sanngjarnt væri að leggja skatt á benzín. Um það má að sjálfsögðu deila. En ég lít svo á, að þar sem bifreiðaskatturinn er lagður á vegna umferðar bifreiðanna um vegina, þá sé sanngjarnt, að hann sé nokkuð lagður á í hlutfalli við umferð þeirra um þá. Í nágrannalöndunum er líka benzínskattur, t. d. í Danmörku 3—10 aur. pr. lítra. Í Svíþjóð og Noregi er líka skattur á benzíni og gúmmí og þungaskattur af bifreiðum að auki. Fleiri Evrópulönd hafa einnig skatt á benzíni, og er því ekkert einsdæmi, þó að benzínskattur verði lagður á hér. Hestorkuskatturinn er að því leyti ranglátur, að hann fer eftir gerð vélanna og kemur því ekki á bifreiðina í hlutfalli við slit hennar á vegunum.

Því hefir verið haldið fram sem mótbáru gegn frv. þessu, að benzínskatturinn myndi íþyngja bifreiðanotendum, bæði vörubifreiða og fólksflutningabifreiða, svo mjög, að tilfinnanlegt yrði. En ég held, að sú ástæða sé ekki þung á metunum, því að kostnaðaraukinn vegna skattsins mun láta nærri að vera 1—1,20 kr. á 100 km. akstur miðað við 7 manna bifreið.

Fjhn. hefir haft mál þetta til athugunar, og eins og öllum hv. dm. er kunnugt, hefir hún ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ., og þá helzt eins og það er nú, því að hann telur ríkissjóði þörf á þeim tekjuauka, sem af því myndi

verða, þó ekki væri til annars en að halda vegunum við og létta undir með akstri bifreiðanna.

Það hefir komið fram brtt. frá hv. 2. þm. Árn., þar sem hann leggur til, að benzínskatturinn verði lækkaður, en þungaskatturinn aftur hækkaður. Á brtt. þessa get ég ekki fallizt, því að ég tel benzínskattinn sanngjarnan, en hinn síður. Fer brtt. þessi því í öfuga átt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég hefi gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls á þskj. 494, en þar sem svo langt er síðan því var útbýtt, má vera, að hv. þm. hafi það ekki við hendina. Ég hefi lýst því yfir í nál., að ég sé ekki mótfallinn því, að lagður sé skattur á benzín til bifreiða, ef honum er varið til þess að koma vegunum í nýtízku horf, gera á þeim varanlegt ryklaust slitlag. Þessi leið hefir verið farin víða í öðrum löndum, og er nú þegar búið að koma vegunum allvíða í þetta horf. Þessar umbætur koma bifreiðaeigendunum sjálfum að mestum notum. Þeir eyða minna benzíni og minna gúmmí á þessum góðu, nýju vegum en hinum gömlu.

Þetta frv. ætlar mikinn hluta af bifreiðaskattinum til almenns viðhalds á malarvegum, sem ríkissjóður hefir líka kostað til. Sé ég ekki, hvaða leið er til þess að koma vegum landsins í gott horf, ef neyðin knýr oss til þess að verja í viðhald vega tekjustofnum, sem aðrar þjóðir nota til þess að endurskapa vegakerfið. Því er ég því mótfallinn, að benzínskatturinn sé notaður til viðhalds á þessum ófullkomnu vegum, sem nú eru hér gerðir. En ef einhver breyt. fengist á ákvæðunum um notkun þessa fjár, þá hefi ég ekkert á móti upphæð benzínskattsins. Má telja 4 aura af hverjum lítra lágt gjald, og reynslan hefir sýnt, að olíufélögin bera nokkurn hluta þessa skatts, því að þar, sem hann er hár, er benzín ekkert dýrara að tiltölu en annarsstaðar. Aftur er næsti liður í skattaákvæði 1. gr., 1 kr. innflutningsgjald af hverju kg. af hjólabörðum og gúmmíslöngum, mjög ósanngjarn, svo sem nú er ástatt. Nýlega var hér stofnað félag bifreiðaeigenda, og hefi ég átt tal við stjórn þess um frv. Lítur hún svo á, að ekki verði komizt hjá skatti á benzíni til endurbóta á vegakerfum landsins, en hún lítur svo á, að skattur á hjólabörðum komi harðar niður á flutningabifreiðum en sanngjarnt er. Segja þeir hann 60 kr. fyrir 4 hjólhringa á vörubifreið. Þessar bifreiðar slíta nú 1—2 samstæðum af hjólabörðum á ári með venjulegri notkun, og þó oftast 2. Þetta er 120 kr. aukagjald á hverja flutningabifreið. Nú hefir kreppan í atvinnulífinu það í för með sér, að atvinna vörubíla er rýr, og telur félagið, að mjög væri óheppilegt, ef bifreiðaeigendur yrðu nú neyddir til þess að hækka flutningagjöld. Fer ég því fram á það, að við 3. umr. verði gerð tilslökun um þetta ákvæði, ef frv. á að ganga fram. Víkur þessu allt öðruvísi við í öðrum löndum, sem búin eru að koma sér upp fullkomnu vegakerfi, því að þar er slit á hjólabörðum hverfandi lítill hluti af ársútgjöldum bifreiða. Er slitið svo sem ekkert á vegum, þar sem er fullkomið slitlag úr asfaltsteypu eða þ. h., eins og nú er orðið hvarvetna í borgum og á fjölförnum vegum erlendis.

Um skiptingu fjárins á þeim grundvelli, að það komi að mestu leyti til notkunar við varanlegar umbætur og endurbætur á vegunum, hefi ég þegar tekið það fram, að ósanngjarnt er að taka þetta gjald af bifreiðum á þeim stöðum, sem hafa ekkert samband við þessi vegakerfi. Svo er t. d. um Ísafjörð og héruðin þar í kring, um Siglufjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Vestmannaeyjar. Á öllum þessum stöðum er nokkuð af bifreiðum, sem yrðu að gjalda skatt, er færi þá út úr þeirra byggðarlögum. Þarf að breyta þessu. Annað atriði, sem er athugavert, er það, að þar sem frv. gerir ráð fyrir því, að meiri hlutanum af þessum tekjum skuli varið til umbóta á akfærum þjóðvegum, til akfærra sýsluvega og ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum, þá er óhjákvæmilegt að láta nokkuð af skattinum renna til umbóta á vegum í þeim kaupstöðum, þar sem bifreiðarnar eiga heima. Kaupstaðir hér á landi eru ekki svo vel haldnir að tekjustofnum, að þeir séu einfærir um að koma götugerðinni í gott horf. Eru dæmi til þess, að götum í kaupstöðum er svo áfátt, að þær eru verri en núverandi malarþjóðvegir.

Ein af höfuðhvötunum til umbóta á vegunum er plága sú, sem er að ryki af bifreiðaumferð. Í nágrannalöndunum var það fyrst og fremst krafan um ryklausa vegi frá almenningi, sem rak á eftir endurbótunum. Er sérstök ástæða til slíks í kaupstöðum, þar sem þéttbýli er. Eru sérstök óþægindi að þessu og hætta á heilsutjóni, þar sem þéttskipað er mannabústöðum. Er því ekki hægt að komast hjá því að sinna réttmætum kröfum kaupstaðanna um að njóta eðlilegra hlunninda af þessum gjaldstofni, til þess að þeir geti komið vegum sínum í sæmilegt horf.

Í nál. mínu hefi ég lýst þessari hlið málsins og sýnt fram á, að það er ekki nægilega undirbúið til þess að frv. geti orðið að lögum. Hefi ég því lagt til, að því verði vísað til stj. Tek ég þá till. aftur við þessa umr. og bíð til 3. umr., svo að hægt sé að leita samninga um notkun fjárins, og yrði þá væntanlega aukið við því, að þessi löggjöf gilti aðeins til bráðabirgða eða til ársloka 1933. Hefi ég ekki fengið loforð fyrir því af hálfu stj. þeirrar, sem nú tekur væntanlega við, að þessi breyt. fáist, en þó vilyrði, sem gerir það að verkum, að ég er fús til þess að láta málið fara þessa leið.

Magnús Torfason: Það hefir verið lýst yfir því, að von sé á brtt. við frv. við 3. umr. og að málið verði þá tekið til nýrrar yfirvegunar. Ég get þá tekið þessa brtt. mína á þskj. 521 aftur til 3. umr.; svo get ég séð, hverjar till. koma, og er þá hugsanlegt, að ég geti tekið mínar till. aftur að fullu. Þó vil ég nota tækifærið til að lýsa því, hvers vegna till. mínar eru fram komnar. Eiga þær ástæður sérstaklega við um aðaltill. um það, að benzínskatturinn verði 3 aurar af hverjum lítra, í stað 4 aura, því að hina ber að skoða sem nokkurskonar varatill., þess efnis, að ef menn vildu ekki minnka tekjurnar af benzínskattinum, mætti fá þar eitthvað í staðinn. Því legg ég aðallega til, að benzínskatturinn sé lækkaður úr 4 aurum niður í 3 aura. Hv. frsm. meiri hl. kvað benzínskattinn hinn sanngjarnasta bifreiðaskatt, sem hægt væri að leggja á. En ég verð að segja, að ég er hér á allt annari skoðun. Hygg ég, að eins og til hagar hér á landi, sé hann allt annað en sanngjarn og sé sú skoðun hv. frsm. byggð á of lítilli reynslu í þessu efni. Er því ekki að neita, að þaralykt nokkur er af þessari skoðun hans, að skatturinn sé sanngjarn, enda býr hann ekki langt frá sjó. Það, sem veldur því, að ekki má bera saman þennan skatt og samskonar skatta í öðrum löndum, eru hinir illu vegir okkar. Eru þeir jafnvel fullvondir að sumrinu, en sérstaklega þó þegar blautt er, eins og mjög er títt, a. m. k. hér á Suðurlandi, þar sem oft má heita, að akvegir séu ófærir bifreiðum. Veit ég til þess, að farið hefir 6-falt meira af benzíni í bifreiðar að hausti en í þurrkum að sumri. Þessi benzíntollur verkar þannig, að því verri sem vegurinn er, því dýrara er að fara um hann. M. ö. o., þeir landsmenn, sem ekki búa við höfuðvegi, verða að borga miklu meiri skatt en aðrir. Að ég tala hér ekki út í bláinn, get ég stutt með eftirfarandi dæmi: Kaupfélag Árnesinga tók að sér fyrir nokkru bifreiðaflutning fyrir Mjólkurfélag Flóamanna. Bar þetta sig sæmilega um Flóann, þar sem beztir eru vegirnir, en á leiðinni upp í Hrunamannahrepp bar þetta sig aftur ekki, og át sú leið upp ágóðann af flutningunum á hinum vegunum, enda þótt flutningagjöldin upp í Hrunamannahrepp væru sett mun hærri á hvern km. Yfirleitt kemur þessi benzínskattur þyngst niður á vörubifreiðunum, sem nota meira benzín en mannflutningabifreiðar, og vörubifreiðarnar komumst við ekki hjá að nota. Er það óumflýjanlegt. Aftur má segja um fólksflutningabifreiðarnar, að þær eru a. m. k. að sumu leyti lítt þarfar. Nú í kreppunni eru t. d. Árnesingar miklu minna á ferð hér um slóðir en áður.

Þá færði hv. frsm. minni hl. ástæður fyrir því, að benzínskatturinn kæmi ekki hart niður, og voru ástæðurnar þær, að félögin, sem selja benzín, færðu niður verðið, ef skatturinn hækkaði, og tækju þannig þátt í þessum byrðum. Neita ég því ekki, að svo kunni að vera í útlöndum, en ég vil benda á, að hér þarf þetta ekki að eiga við, og er ólíklegt, að það eigi hér við. Þar sem samkeppnin um sölu steinolíu og benzíns er svo lítil sem hér er, eftir því sem mér er sagt, mun verðið ákveðið með samkomulagi milli félaganna, eins og oftast er, þar sem

keppendur eru fáir. Er ég því ekki viss um, að þessi ástæða eigi hér við.

Ég skal fyllilega játa það með hv. frsm. minni hl., að kaupstaðirnir eiga rétt á því, að litið sé líka á þeirra hagsmuni að því er snertir þennan skatt. Líka skal ég játa, að nauðsyn er á heilbrigðisráðstöfunum, sem fólgnar eru í því að minnka ryk af bifreiðaumferð, en ég held þó, að eins og nú er ástatt, verði ekki hægt að verja miklu til þeirra hluta. Samt hefi ég ekkert á móti ákvæðum í þá átt, sízt fyrirfram. Þó verð ég að benda á eina almenna ástæðu, sem styður að því, að fremur sé hugsað um sveitirnar, sem lengst eiga að sækja um flutninga til sjávar og frá. Kaupstaðirnir hafa atvinnu af bifreiðaferðunum og taka af þeim tekjur.

Skal ég svo að lokum, til þess að hv. frsm. meiri hl. gangi ekki í grafgötur um minn vilja í þessu máli, taka það fram, að ég get ekki fylgt frv. nema benzínskatturinn verði við 3. umr. færður ofan í 3 aura.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Hv. frsm. minni hl. lét í ljós þá skoðun, að það bæri að stefna að því að nota bifreiðaskattinn til þess að búa til varanlegt slitlag á vegina og gera þá betur til frambúðar en nú er. Hefi ég ekkert á móti þessu. Held ég, að rétt sé að leggja haldbetri vegi, en lít þó svo á, að langt muni þess að bíða, að miklu verði komið fram í því efni, eða að vegir verði fyllilega á borð við erlenda vegi. Annars ber okkur ekki sérstaklega á milli um það, sem er aðalatriðið í þessu máli, að skattur verði lagður á benzín, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál nú. Ég geri ráð fyrir, að hann komist ef til vill inn á citthvert samkomulag í þessu máli við þá stj., sem við því á að taka, og er langt í frá, að ég vilji standa í vegi fyrir því, að slíkir samningar gætu tekizt um afgreiðslu málsins.

Hv. 2. þm. Árn. taldi vera þaralykt af skoðun minni í þessu máli. Ég skildi þau orð hans svo, að þeir, sem við sjóinn byggju hefðu yfir höfuð ekkert vit á þessu máli. Ég skal ekkert um það segja, hvort þeir hafa betur eða verr vit á því en aðrir menn. En ef við hv. 2. þm. Árn. eigum að leggja það til grundvallar, þá verðum við að mæla vegalengdina frá bústöðum okkar og til sjávar. Hugsa ég, að þá komi það upp, að hann búi nær sjó en ég, þó að það muni kannske ekki miklu, og víst er um það, að hjá hv. 2. þm. Árn. eru meiri stórsjóir heldur en inni á botni Eyjafjarðar.

Hv. þm. vill mótmæla því, að benzínskatturinn sé sanngjarn. Út af því vil ég spyrja hann um það, hverskonar bílaskatt hann álítur sanngjarnan, hvort hann telur sanngjarnan þann grundvöll, sem er fyrir þeim bílaskatti, sem nú er í gildi. Ef hann telur sanngjarnast að byggja á þeim grundvelli, þá verð ég að segja, að skoðun hv. þm. á þessum málum er nokkuð undarleg, því að núgildandi bílaskattur er þannig, að bíll, sem er kannske sjaldan eða aldrei hreyfður, borgar hærri skatt en bíll, sem er alltaf verið að nota. Ég hefi litið svo á, að bílaskatturinn væri settur á vegna þess slits, sem á vegunum verður af bílaumferð, og ríkissjóði á þann hátt séð fyrir tekjum til að standa straum af viðgerðum vegna þessa slits, sem bílarnir valda. Ég get því alls ekki fallizt á, að núv. fyrirkomulag sé sanngjarnt; ég tel það þvert á móti mjög ósanngjarnt.

Hv. þm. taldi það sönnun fyrir ósanngirni benzínskattsins, að bílar eyddu 6 sinnum meira benzíni á vondum vegum heldur en á góðum vegum. Þetta getur verið rétt, en ég vil benda honum á það, að þegar bílar fara um slíka vegi, þá valda þeir þar 6 sinnum meiri skemmdum heldur en á góðum vegum, því að þegar þeir fara yfir blauta og vonda vegi, þá geta bílarnir eyðilagt þá á fáum dögum.

Hv. þm. sagði, að þessi skattur kæmi þyngst niður á vörubifreiðunum. Yfir höfuð kemur skatturinn eftir þessu frv. þyngst niður á þeim bifreiðum, sem mest slíta vegunum. Vörubifreiðar slíta vegunum meira, og þess vegna er eðlilegt, að þær þurfi að borga meira.

Það hefir verið sagt, að það sé ósanngjarnt að leggja skatt á samgöngur, leggja skatt á þá menn, sem þurfa að flytja sjálfa sig eða vörur langan veg. Þar er því til að svara, að þetta frv. markar enga nýja stefnu með það að

leggja skatt á. Hér er verið að breyta þeim rangláta skatti, sem gilt hefir að undanförnu, og auka hann að nokkru. En ef það er rangt að leggja skatt á bíla, þá á ekki aðeins að hindra framgang þessa frv., heldur og að afnema þann bílaskatt, sem nú er í gildi.

Annars þarf ég ekki að ræða mikið um málið að þessu sinni. Sennilega verða bornar fram brtt. við frv. við 3. umr., og má þá taka málið til frekari athugunar. En þar sem þær liggja ekki fyrir nú og hv. 2. þm. Árn. ætlar að taka sína till. aftur, þá get ég látið máli mínu lokið við þessa umr. Aðeins vil ég taka það fram út af því, sem margir hafa haldið fram, að vöruflutningar hækki að mun, að það hefir verið reiknað út, að þessi hækkun nemur 1½% á vöruflutningum.

Magnús Torfason: Ég skal ekki lengja umr. mikið nú fremur en endranær, en ég neyðist þó til að svara hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum. Hann benti mér á, að það væri líka þaralykt af mér. Ég játa það, en sá er þó munurinn, að ég þarf oft að ferðast upp til fjalla fulla dagleið frá dvalarstað mínum, en ég býst við, að hann þurfi ekki að ferðast upp eftir sinni sýslu nema þegar bezt og blíðast er á vorin, þegar kosningar eru fyrir höndum. Ég get því betur sett mig inn í ástæður Rangæinga og þeirra, er búa ofarlega í Árnessýslu, og hve miklu þeir verða að kosta til bílflutninga og hversu afarþungt þessi skattur mundi leggjast á þá. Þá vil ég og minna hv. frsm. á það, að það var svo árum saman, að ekki kom upp á Eyrarbakka og Stokkseyri eitt einasta kg. frá útlöndum, og það er svo, að þaðan er ekki hægt að flytja sjóleiðis eitt einasta kíló af afurðum héraðsbúa, heldur verður allt að flytjast með bílum hingað til Rvíkur. Það er því svo, að þótt þaralykt sé af mér, þá finn ég fullkomlega til þess arna.

Hv. frsm. vill miða skattinn við slitið á vegunum. Það er rétt; það á að vera einn mælikvarðinn, en engan veginn sá eini. Það er fleira, sem á að taka tillit til. Það verður að taka líka tillit til þess, hvað er nauðsynlegt að flytja og hvað er ekki nauðsynlegt.

Þá vildi hann segja, að bílarnir eyðilegðu meira þar, sem vegir væru vondir. Ég hélt, að það væri nú ekki bílunum að kenna, heldur vegunum og því, hve vondir þeir eru. Annars er frá því að segja í þessu sambandi, að í lögum um bifreiðaeftirlit og umferð bíla er ákvæði um það, að setja má farbann á bíla á ýmsum vegum vetur og vor, þar sem ekki er sæmilegt slitlag undir. Slíkt farbann hefir oft verið sett á nú að undanförnu, og get ég því ekki séð, að hv. þm. hafi að neinu leyti hrakið þau rök, er ég bar fram um þetta atriði.

Þá beindi hann þeirri fyrirspurn til mín, hvort mér fyndist núv. skattmáti á bifreiðum sanngjarn. Ég skal fullkomlega játa, að hann er það ekki. En þessi skattur er svo lágur, að hann er lítt tilfinnanlegur. Þar er gengið út frá allt öðru. Þar er stefnan sú, að leggja miklu minna á vörubifreiðar, en meira á fólksflutningabifreiðar, en hv. frsm. vill snúa því alveg við. Ég hefi því með mér þá skoðun, sem kemur fram í þeim lögum, sem gilda nú um bifreiðaskatt, og ég býst ekki við, að það hafi verið eintómir bjánar, sem um þá löggjöf fjölluðu. En það er vant að vera svo, að þegar skattur er mjög lágur, þá koma ekki nærri því eins berlega fram þeir gallar, sem á honum kunna að vera. Við vitum líka, að sá skattur hefir ekki verið hækkaður, af því að hann þótti ekki allskostar sanngjarn.

Að öðru leyti er það skoðun mín, að þetta mál sé ekki svo skoðað frá öllum hliðum enn, að vert sé að hrapa að löggjöf um þetta nú. Þó má vera, að það sé rétt að hækka þennan skatt eitthvað, svo að viðhald vega geti orðið sæmilegt, því að það leggst einhvern veginn í mig, að ekki verði mikið lagt fram úr ríkissjóði til þeirra hluta eins og nú stendur á, svo að hætta geti verið á, að vegirnir grotnuðu niður sökum ónógs viðhalds.

ATKVGR.

Till. minni hl. fjhn., á þskj. 494, um að vísa málinu til ríkisstj., tekin aftur.

Brtt. 521 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

2.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 1 atkv.

Á 94. fundi í Ed., 4. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 190, 521).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Fjhn. hefir orðið sammála um að gera ofurlitla brtt. við þetta frv., en þar sem sú ákvörðun var ekki tekin fyrr en fundur kom nú saman, er till. skrifleg. Hún er við 11. gr. og í því fólgin, að aftan við gr., þar sem tiltekið er, hvenær lögin gangi í gildi, komi, að þau gildi til ársloka 1933. Ég skal taka það fram, að þessi till. hefir verið borin undir hæstv. fjmrh. og hann fyrir sitt leyti er henni ekki mótfallinn. Ég vil svo fyrir hönd fjhn. afhenda hæstv. fors. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 842) leyfð og samþ. með 9 : 1 atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Eins og ég gerði grein fyrir við fyrri meðferð þessa máls, þá hefi ég í því nokkra sérstöðu, sem ég hefi lýst á þskj. 494. Ég er í sjálfu sér ekki á móti því, að lagður sé á benzínskattur, en ég vil, að það sé gert í því augnamiði að gera varanlegar umbætur á vegakerfi landsins. Ég hefi einnig lýst því, að ég get ekki fylgt þessari löggjöf óbreyttri, en óska eftir því, að kaupstöðum landsins og fjölmennari verzlunarstöðum verði ánafnaður einhver hluti af þessu gjaldi til samgangna og varanlegra umbóta á vegum, sem rætt er um í 8. gr. c-lið þessa frv., að því er snertir varanlegar umbætur á þjóðvegum, malbikun eða önnur varanleg slitlög. Nú hefir á milli umr. verið reynt að fá samkomulag um frv. í þessa átt, og hefir komið fram vilji til samkomulags um þetta, en vegna naumleika tímans hefir þótt mjög torvelt að gera þær uppástungur svo vel rökstuddar, að telja mætti öruggt að þær hæfðu varanlegri löggjöf. Hinsvegar er því auðvitað haldið fram, að eins og nú standi megi að nokkru leyti skoða þetta frv. sem kreppuráðstöfun til fjáröflunar handa ríkissjóði í yfirstandandi fjárþröng. Og ég hefi fallizt á að láta niður falla á þessu þingi ákvarðanir um breyt. um meðferð fjárins, því að löggjöfin verður í þetta sinn einungis sett til bráðabirgða, þannig að hún gildi til ársloka 1933, og verði næsta þing þá að taka málið til meðferðar. Vænti ég, að þá náist samkomulag um að ætla verzlunarstöðum svipaðan hundraðshluta eins og t. d. kaupstaðir í Danmörku njóta af tilsvarandi skatti þar. Með þessu fororði get ég greitt atkv. með frv., svo framarlega sem brtt. fjhn. verður samþykkt.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Ég verð að taka það fram, að ég er mótfallinn þessari brtt., sem fjhn. hefir borið fram. Ég tel þessa löggjöf vera einhverja þá réttlátustu og sjálfsögðustu, sem hér hefir verið gerð til tekjuöflunar fyrir ríkið, þar sem lagt er til, að þeir, sem nota þá vegi, sem ríkið hefir kostað að mestu leyti, greiði að nokkru leyti viðhald þeirra framkvæmda. Tel ég óhæfilegt að stofna til þess, eins og átt hefir sér stað með önnur tollafrv. þingsins, að við þurfum að eiga undir högg að sækja á hverju þingi, hvort framlengt verði gildi þeirra laga, sem ríkisreksturinn stendur og fellur með. En ég býst við, að þessi skattur verði eitt af þeim, þegar hann er kominn á. Hitt er annað mál, eins og hv. 1. landsk. tók fram, að kaupstaðirnir fengju að einhverju leyti að njóta þessa skatts, sem þarna á að setja á. Sú breyt. mætti að sjálfsögðu koma á næsta þingi, ef menn fyndu um það heppilega reglu. Annars er ekki ástæða fyrir kaupstaðina að kvarta, því að líklega verður ekki svo litlu af þessu fé varið til vegaumbóta innan lögsagnarumdæma þeirra, og kemur þeim þá sérstaklega til góða. Ég legg eindregið á móti þessari brtt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég hefði fyrir mitt leyti heldur kosið, að hægt hefði verið að fá nú samkomulag um aðra skiptingu á fénu, en til þess hefir ekki orðið ráðrúm. Og ég gat þess af hendi Sjálfstæðisflokksins, að við hefðum lofað þessu máli framgangi að því tilskildu, að á því fengjust breytingar, sem við gætum unað við. (**JónJ:** Engin skilyrði). Nú er þetta sú minnsta efnisbreyting, sem hægt er að gera á frv., og úr því hæstv. stj. hefir getað fallizt á þetta, þá vona ég, að hv. dm. geri það

þá málinu til fyrirgreiðslu að samþykkja brtt. fjhn., því að annars ábyrgist ég ekki um forlög frv. Og við erum engum loforðum bundnir, ef sú brtt., sem hæstv. fjmrh. hefir fallizt á, nær ekki samþykki.

Jón Baldvinsson: Ég vil lýsa yfir því, að ég er þessu frv. algerlega andstæður og mun greiða atkv. á móti því, og ég mun sýna það við atkvgr., hvernig ég tek á till. fjhn.

ATKVGR.
Brtt. 521,a felld með 7:2 atkv.
— 521,b—c teknar aftur.
— 842 samþ. með 9:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, JónasJ, PH, PM, BSn, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.
nei: MT, HSteins, JakM, JBald.
GL greiddi ekki atkv.
Frv. endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., 6. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 843).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Þetta frv. um benzín- og bifreiðaskatt er þá komið svona langt. Ég get þess til, að þegar farið verður að framkvæma þessi lög, muni sum ákvæði þeirra vekja óánægju, sérstaklega í þeim kaupstöðum, sem ekki hafa aðstöðu til þess að njóta góðs af því fé, sem veita skal samkv. 8. gr. frv. En ég þykist vita, að ekki tjái að deila við dómarann í þessu máli; meiri hl. þings mun vera ráðinn í því að láta frv. þetta ná fram að ganga, enda þótt sum ákvæði þess séu ósanngjörn í verulegum atriðum. En það er í sambandi við 7. gr. frv., sem opnar möguleika fyrir fjmrh. til þess að veita undanþágu um það benzín, sem ekki er notað til bifreiða, sem ég aðallega kvaddi mér hljóðs. Út af þessu ákvæði vil ég leyfa mér að gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, hvort það sé ekki tilætlun hans að nota þetta ákvæði frv. og setja reglugerð þá, er þar um ræðir. Ég hefði að vísu kosið, að í stað „getur" stæði „skal" í greininni. Ég þykist hinsvegar vita, að orð og yfirlýsingar hæstv. ráðh. um þetta atriði myndu nægja, en með því að hér er um svo mikið sanngirnismál að ræða, þá vildi ég óska frekari upplýsinga um ætlun hæstv. ríkisstj. um þetta atriði.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get svarað hv. þm. Vestm. því, að það er tilætlun mín, að þessi umrædda heimild 7. gr. frv. verði notuð og að reglugerð verði sett, eins og þar er heimilað.

Jóhann Jósefsson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar, sem ég er fyllilega ánægður með.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 856).

---

6. Verðtollur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Jafnframt því, sem ég legg þetta frv. um framlenging á gildi l. um verðtoll fyrir d., vil ég óska þess, að því verði vísað til fjhn. og 2. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég kveð mér hljóðs m. a. vegna einnar setningar í grg. þessa frv., en þar segir svo: „Lögin um verðtoll falla úr gildi um næstkomandi áramót, en þar sem enn eigi hefir verið samin heildarlöggjöf um tolla- og skattamál, og ríkissjóður má fyrirsjáanlega

einskis missa í tekjum, mun óhjákvæmilegt að framlengja lög þessi".

Vil ég minna hæstv. fjmrh. á það, að 1928 var hér sett sérstök mþn. í skattamálunum, og fyrir hana lagt í þáltill., hvað hún ætti að vinna og hvernig hún ætti að haga störfum sínum. Veit ég ekki betur en að n. hafi skilað af sér störfum, bæði minni og meiri hl. hennar. Ég veit og heldur ekki betur en að till. meiri hl. n. hafi verið teknar upp af stj. og fluttar af stj. hér á tveim síðustu þingum, og væri því æskilegt, að hæstv. fjmrh. vildi skýra frá því, hvort svo beri að skilja grg., að stj. sé nú fallin frá þessum till., og hvort hún þá ef til vill muni nú hallast að till. minni hl. í skattamálunum. Ég mun greiða atkv. gegn frv. þessu nú þegar við 1. umr. og jafnan síðan.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég gef hér enga yfirlýsingu um það, hvort stj. muni fremur hallast að till. meiri eða minni hl. skattamálan., né heldur um það, hver frv. stj. muni bera fram í þessum efnum. Geymi ég mér það, þar til ég tala frekar við fjhn. en nú er orðið. Ég vil þó vara hv. þm. Seyðf. við að gera sér of glæstar vonir um, að stj. hafi nú fallizt á hans mál í þessum efnum, eða að frv. hans, sem áður áttu litlu fylgi að fagna, verði nú gleypt í heilu lagi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 25., 27. og 28. fundi í Nd., 10., 12. og 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 5, n. 107).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Fyrir hönd meiri hl. fjhn. vil ég taka fram, að við mælum með því, að lögin um verðtoll verði framlengd um eitt ár. Vegna ástæðna ríkissjóðs er brýn þörf á, að hann haldi þessum tekjustofni. Fjárlagafrv. er byggt á því, að tollur þessi verði framlengdur eins og áður hefir verið gert, þegar eins hefir staðið á, að lögin féllu úr gildi um næstu áramót.

Minni hl., hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., gat ekki orðið okkur sammála, en ætluðu að gera grein fyrir afstöðu sinni við umr. — En hvorugur þeirra er nú staddur hér og munu báðir vera veikir.

Magnús Guðmundsson: Ég sé, að hvorugur þeirra hv. þm., sem eru í minni hl., er nú við staddur hér í hv. d. Ég vil lýsa því yfir, að ég mun ekki greiða atkv. um frv. þetta eins og stendur. Sjálfstæðisflokkurinn mun yfirleitt ekki taka afstöðu til þeirra tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir, fyrr en útséð er um, hvaða afstöðu stjórnarflokkurinn tekur til stærsta málsins, sem fyrir þinginu liggur, stjórnarskrármálsins.

Haraldur Guðmundsson: Við Alþýðuflokksmenn erum andvígir þessu frv., og eru rök okkar gegn því margkunn. Ég vil í þessu sambandi rifja upp fyrir deildinni, um hve háan toll er hér að ræða. 1930 nam hann 2338 þús. kr., og þetta hvílir á vörum, sem tollaðar eru fyrir með vörutolli, sem gaf þetta sama ár 1950 þús. kr. Þessir tollar hafa því gefið h. u. b. 4 millj. og 300 þús. kr., sem svarar til, auk álagningar á tollinn, 220 kr. á hvert 5 manna heimili. Eftir rannsókn skattanefndar hvílir ekki meira en $\frac{1}{5}$ hluti tollanna á ónauðsynlegum vörum, en hitt á algengum fatnaði, búsáhöldum o. þ. h. Þessi skattur nemur fullum $\frac{1}{5}$ af innkaupsverði varanna. Er þó hér eingöngu átt við þær vörur, sem eru í 15% flokknum, því að í 30% flokknum er lítið um nauðsynjavörur.

Nú kreppir að atvinnuleysi og afurðir eru í lágu verði og því úr litlu að spila til að kaupa nauðsynjar frá útlöndum. Hvern styrk veitir nú ríkið þeim mönnum, sem missa helminginn af tekjum sínum vegna atvinnuleysis, og bændum, sem missa $\frac{2}{3}$ af tekjum sínum vegna verðlækkunar afurðanna? Það leggur á þá skatt, sem nemur 220 kr. á 5 manna heimili og meira á þau, sem eru fjölmennari.

Fjmrh. sagði, að við jafnaðarmenn hefðum tekið okkur einokun á því að berjast fyrir fátæklingana, sem þó væri

til lítils gagns. Óskandi væri, að þetta væri ekki satt, en hitt er víst, að gerðir hæstv. ráðh. styrkja okkur ekki í þessari baráttu. Við getum ekki tekið okkur neina einokun, en ef báðir hinir flokkarnir vilja velta byrðunum yfir á fátæklingana, verðum við auðvitað einir um að berjast fyrir rétti þeirra.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir lýst yfir því fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að flokkurinn myndi sitja hjá og bíða eftir úrslitum í stjórnarskrármálinu, og hefi ég ekkert við það að athuga. En samkv. stefnu sinni hlýtur þó flokkurinn að fylgja verðtollinum sem heppilegri leið. Hæstv. ráðh. áætlar nú verðtoll 1400 þús. kr. og vörutoll 1450 þús. kr., eða 150 kr. á meðalheimili. Ég skal ekki segja um, hve „varleg" þessi áætlun er. Ef innflutningshöftunum er beitt, er líklegt, að verðtollurinn a. m. k. fari ekki fram úr þessu. En verði það ekki gert, fara tollar þessir fram úr 3 millj., sem lagðar eru á þá, sem hafa við erfiðust kjör að búa.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. tveimur síðustu ræðumönnum má vera fullkomlega ljóst, að það er ekki hægt að létta af verðtollinum, vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. Um rök þau, sem þeir hafa flutt gegn frv., nenni ég ekki að fást, en vil aðeins minna á það, að verðtollurinn var lögtekinn á krepputímum, árið 1924, fyrir forgöngu tveggja flokka, Framsóknarfl. og Íhaldsfl., sem þá fór með stjórnina, og síðan hafa þessir flokkar staðið saman um að framlengja tollinn. Um afstöðu Alþýðufl. gagnvart verðtollslögunum er það að segja, að hún hefir verið upp og niður, ýmist lítið eða mikið áberandi; stundum hefir hann verið hlutlaus, en venjulegast í andstöðu við tollinn. Þegar þessi tollur var settur fyrir 8 árum vegna fjárhagskreppu, sem þó var miklu minni en sú, sem nú geysar, og ósambærileg henni á allan hátt, þá liggur í augum uppi, að það eru engar ástæður til að afnema hann nú. Á móti þessu verður ekki mælt með neinum rökum. Hv. þm. Seyðf. hlýtur að vita, að ef felldir verða niður vörutollur og verðtollur, þá mun ganga illa að innheimta á þessum tímum 4—5 millj. kr. í þeirra stað með beinum sköttum í ríkissjóð. Ég þekki enga tíma, sem eru óheppilegri en einmitt kreppuárin til þess að felldir verði niður tollar og óbeinum sköttum breytt í beina skatta. Þessi tollur er bæði réttlátur og eðlilegur, ef honum er hæfilega skipt niður á vöruflokkana og eftir verðgildi þeirra, og enda þótt ástæða væri til að lagfæra verðtollslögin í einstökum atriðum, þá virtist mér hentara að flytja frv. um að endurnýja þau óbreytt, til þess að vekja ekki deilur í þinginu um breytingar á þeim í þetta sinn. Mér þótti líklegt, að þeir þingflokkar, sem hafa fylgt þessum lögum í 8 ár, mundu ekki snúast á móti þeim nú, og að fylgi þeirra yrði traustara, ef lögin væru óbreytt. Ég hafði hugsað mér að leggja síðar fram brtt. um að hækka verðtoll á algerlega óþörfum vörum. Þetta er nú gert í öllum löndum, eins og kunnugt er.

Þetta verðtollsmál er þrautrætt hér í þinginu og ekki ástæða til að deila mikið um það nú. En því miður er það ekki rétt hjá hv. þm. Seyðf., að verðtollurinn gefi um 3 millj. kr. í ríkissjóð. Það er vonandi, að þessir tollar gefi báðir til samans 3 millj. kr. tekjur, en verðtollurinn gefur ekki yfir 1½ millj. kr., ef útlitið batnar ekki, og það má jafnvel búast við, að þær geti lækkað um helming, eða niður í ¾ millj kr. Munar það miklu frá því, sem áður var, þegar tekjur af honum voru 2 eða 2½ millj. kr. Það er ekki rétt áætlað hjá hv. þm. Seyðf. að telja útgjöld af meðalheimili í landinu til ríkissjóðs jafnmikil nú og þegar ríkistekjurnar voru hærri, eða um 14—17 millj. kr. árl., — því þær hljóta að fara minnkandi, ef eigi fást nýir tekjustofnar. Hinsvegar hlýtur svo að fara, þegar heimtuð eru mikil útgjöld úr ríkissjóði, og er hv. þm. Seyðf. einn af þeim, sem slíks krefjast, að þá komi allmikil útgjöld á hvert meðalheimili í landinu.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Þó að hv. þm. Seyðf. og hans flokksbræður vilji hafa einokun á málstað fátæklinganna í landinu, ef þeir svo ættu að bera ábyrgð á ríkisbúskapnum, þá hygg ég, að minna yrði um efndirnar gagnvart þeim fátæku en nú er af látið. Þeim mundi reynast örðugt að innheimta tekjur hjá burgeisunum, sem því miður munu reynast fáir nú á þessum tímum,

því að kreppan gengur yfir alla. Ég býst við, að það færi fyrir þeim líkt og var í Hafnarfirði í vetur, þegar átti að taka allt af þeim ríku til þess að hægt væri að greiða fátæklingum styrki, sem næmu fullum daglaunum, að þá fundust aðeins 6 menn, sem gátu látið nokkuð af mörkum í skattgreiðslum. Þennan sannleik munu allir stjórnmálaflokkar, sem með völd fara á þessum tímum, reka sig á.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já: ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, JörB.

nei: VJ, HG, HV.

EA, GÍ, JJós, JAJ, MG, PO greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JÓl, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, IngB, JónasÞ, LH, JörB.

nei: VJ, HG, HV, MJ.

PO, EA, GÍ, JJós, JAJ, ÓTh greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (HStef, JÓl, MG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 5).

Á 33. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég hefi borið fram þá ósk fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins við hæstv. forseta, að tvö hin fyrstu mál á dagskrá yrðu tekin út af dagskrá, og fært fram ástæður fyrir þeirri ósk, er mér virtist hæstv. forseti taka til greina.

Jón Baldvinsson: Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv. þegar við þessa fyrstu umr. Ástæðurnar fyrir þessari afstöðu minni til frv. eru hinar sömu og færðar voru fram af flokksbræðrum mínum í hv. Nd. við afgreiðslu málsins þar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér hafa borizt þau tíðindi, að þess hafi verið óskað af hæstv. forseta, að hann tæki þessi mál út af dagskrá. Ástæðurnar, sem færðar eru fyrir þessari ósk, að hv. sjálfstæðismenn hér í hv. d. vilji fá að sjá væntanlegar brtt. kjördæmanefndar við frv. til stjórnskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni, því þeir séu ekki fyrr en þessar brtt. eru komnar fram viðbúnir að taka afstöðu til tveggja hinna fyrstu mála á dagskránni. Ég get raunar ekki séð, að ástæða sé til að taka málin út af dagskrá af þessum orsökum, því að vitanlega geta þessir hv. þdm. frestað að taka afstöðu til þessara mála, þó að þau fái að ganga gegnum 1. umr. og verði afgr. til nefnda, og er það mín ósk. Hv. þdm. missa enga möguleika til áhrifa á þessi mál fyrir það.

Hinsvegar ef krafa þessi er sótt mjög fast, þá get ég látið fylgja yfirlýsingu um það, að ég mun ekki amast við því, þó að umr. verði frestað fram yfir helgi, til mánudags eða þriðjudags, ef hæstv. forseti telur þess þörf.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að við, sem látum afstöðu okkar til þessara mála mótast af öðrum þingmálum, höfum sömu aðstöðu seinna og við höfum nú til þess að hafa áhrif á meðferð þessara mála. En ósk okkar um frest á umr. er m. a. fram komin til þess að þurfa ekki á þessu stigi málsins, meðan þau atriði, sem við bíðum eftir, eru ekki kunn, að hefja þær umr., sem annars eru nauðsynlegar við 1. umr. En ef hæstv. forseti vill ekki verða við þessari ósk, þá þýðir ekki um þetta að ræða frekar. Hinsvegar tel ég heppilegt eins og sakir standa, að frestað yrði umr. til næsta fundar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get tekið það fram, í samræmi við það, sem ég hefi áður sagt, að ég set mig ekki á

móti því, þó að umr. um þessi 2 mál verði frestað, ef þau verða tekin á dagskrá aftur fljótlega.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Þess hefir áður verið getið hér, að afstaða sjálfstæðismanna til þessa frv. fer eftir afdrifum stjórnarskrármálsins. Stjórnarskrárbreytingin var afgr. hér úr deild í því formi, sem sjálfstæðismenn óskuðu. Hefir hún farið gegnum 1. umr. í Nd. og verið vísað til n. þar. Þar sem svo stendur á, sjáum við ekki ástæðu til að setja okkur á móti því, að frv. verði vísað til n. hér í deild. Geymum við því afstöðu okkar til síðari umr.

Jón Baldvinsson: Ég skírskota til þess sem ég hefi sagt áður, og lýsi hér með yfir því, að ég muni greiða atkv. á móti frv. nú þegar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi tekið það tillit, að láta þetta mál ekki koma á dagskrá fyrr en stjórnarskrárbreytingin væri komin til Nd. Skal ég ekki telja það óeðlilegt, að þessi mál séu sett í samband hvort við annað, þótt lítið raunverulegt samband sé á milli þeirra. Það er um þetta, eins og þegar sagt er á óróatímum: „Ef þú vilt ekki vera minn bróðir í einhverju, skal ég drepa þig“. Hefir þetta oft gengið svo. En að hægt sé að vera án þessa tolls, eins og hv. 2. landsk. heldur fram (því að hann ætlar að greiða atkv. á móti honum), er fjarstæða ein, enda veit hann það sjálfur. Ég veit ekki, hvernig flokkur hans ætlar að fullnægja þeim kröfum, sem hann hefir gert til þess opinbera, ef fella á þennan toll. Það veit hv. 2. landsk. ekki heldur. Hver á að taka á sig ábyrgðina af því að samþykkja hann, fer eftir hinni pólitísku ábyrgð. Þeir, sem lifa vilja í ábyrgðarleysi, geta gengið á móti. Ef þess er þörf að jafna einhvern ákveðinn rétt í landinu, þá er ekki síður þörf á því að gefa mönnum réttari upplýsingar en stundum hefir gert verið af flokkum þeim, sem um völdin berjast. Ein þessara réttu upplýsinga er sú, að slíkur tollur verði að haldast. Ef hv. 2. landsk. ætlar að gefa kjósendum rangar upplýsingar, sé ég ekki ástæðu til þess fyrir hann að vera að halda fremur í aðrar réttlætiskröfur. En hann um það.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjmrh. lýsti því, að ég og flokksmenn mínir vildum hærri útgjöld í fjárl. og vissum því, að landið gæti ekki verið án þessa tolls. Held ég, að hann, sem er gætinn maður, hafi orðað þetta skakkt. Veit hann, að þótt við óskum eftir hærri útgjöldum í sumu, erum við ekki alltaf samþykkir því, hvernig fé er eytt. Eins veit hann, að við erum ósamþykkir þeirri stefnu, sem felst í þessu verðtollsfrv. Hefði það verið rétt, ef hæstv. ráðh. hefði orðað þetta svo, að landið þyrfti á þessum tekjum að halda. En ég sé ekki, að þær þurfi að binda við þessa tekjulind. Við höfum áður bent á aðrar leiðir. Hefir því jafnan verið illa tekið af andstæðingunum, Framsókn og einkum þó Sjálfstæðisflokknum. Eru þeir andvígir aðferðum okkar til fjáröflunar fyrir ríkissjóð. Menn greinast í flokka m. a. um það, hvernig eigi að ná í fé. Hæstv. ráðh. segir, að verðtollurinn verði að haldast. Hefði eins mátt orða það svo, að ríkissjóður verði að fá þetta fé, það er rétt. Getur hæstv. ráðh., ef hann vill, sagt, að við lifum í ábyrgðarleysi. Hefir það engin áhrif á okkar skoðun. Hann veit, að þessi skoðun í skattamálum á sér sterkara fylgi annarsstaðar en hér, því að hjá okkur er þessi stefna, verkamannahreyfingin, ung. Ef hæstv. ráðh hefði viljað líta til Danmerkur, hefði hann getað séð, hverjum sköttum jafnaðarmannastjórnin þar stakk upp á til þess að útvega nýtt fé í ríkissjóð og geta haldið öllum skuldbindingum. Læt ég mér því í léttu rúmi liggja skraf hans um ábyrgðarleysi okkar. Höfum við heyrt það svo oft. Það, hvernig framsóknarstj. hefir farið fram úr heimildum Alþingis um meðferð fjár, sýnir, að ábyrgðartilfinningin í fjármálum hefir ekki alltaf verið sterk hjá þeim flokki, þótt ég beri það ekki á hæstv. fjmrh., því að enn hefir ekkert sézt frá hans hendi.

Hæstv. ráðh. óskaði eftir því, að kjós-

endur fengju réttar upplýsingar um skattamálin sem önnur. Felst í þessu, að hann telur hafa verið bornar fram rangar upplýsingar. Skil ég ekki, við hvað hann á, og vona ég, að hann skýri það betur. Hitt er rétt, að við Alþýðuflokksmenn höfum haldið því fram, að verðtollurinn ætti að hverfa, því að hann er tekinn á röngum stað og kemur hlutfallslega harðast niður á þeim, sem minnst eiga. Nefskattar koma að krónutölunni til jafnt á ríka og fátæka. Við jafnaðarmenn álítum, að taka beri fé þar, sem það er til. Annars tel ég ekki ástæðu til að fara út í almennar umr. um skattamál.

Mér hefir skilizt á hæstv. ráðh., að hann hefði fengið samkomulag um það við sjálfstæðismenn, að málið færi til 2. umr. og n., enda er það stefnumál sjálfstæðismanna, sem hér er um að ræða, og er því engin sjálfsafneitun fyrir þá að veita þessa tilhliðrun.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það getur verið, að flokkur hv. 2. landsk. sé okkur ekki sammála um hinar smærri greiðslur úr ríkissjóði, er nú eiga sér stað. En um hin stærri atriði hefir flokkurinn ekki haft neinar till. til niðurfærslu. Flokkurinn hefir ekki séð ástæðu til að amast við lögbundinni útgjaldahækkun síðastliðinna ára, sem nemur 2 millj. síðan 1926. Hefir hann ekki komið með till. til niðurfærslu á þeim, þótt hann þykist vera óánægður. Mun það líka meir vera á yfirborðinu.

Hv. 2. landsk. lagði áherzlu á aðra tekjumöguleika fyrir ríkissjóð en tolla. Veit hann þó eins vel og ég, að ef slíkir möguleikar eru til, þá þarf þeirra til viðbótar við tollalögin, en þeir geta ekki komið í staðinn fyrir þau, jafnvel þótt hann gæti bent á leiðir til hækkunar um 100—200%. Beinir skattar hafa sína kosti, og „teoretiskt“ er hægt að segja, að peningarnir séu til og að ekki þurfi annað en að taka þá með beinum sköttum, en vegna þess, hvernig hér er ástatt og annarsstaðar, verður aðallega að byggja á óbeinum sköttum.

Hv. þm. gat um Danmörku og tilraunir flokksmanna hans þar um hækkun á beinum sköttum. En þessi hækkun er ekki meiri en svo, að samanlagður gamli skatturinn og hækkunin fari fram úr þeim tekju- og eignarskatti, sem hér gildir.

Allar stjórnir síðan 1914 hafa farið fram úr fjárlagaheimildum, og er það því ekkert einsdæmi, þó að svo hafi verið gert síðasta ár. Stærst eru dæmin um þetta frá stríðsárunum. Hafa á þeim árum útgjöld, sem í fjárl. var gert ráð fyrir, að nema myndu 2½ millj., orðið 14 millj. Frá 1914 munu hverjar 4 millj. af 9 hafa verið utan fjárlaga. Hefir ekki verið auðvelt að halda útgjöldum í samræmi við fjárl. Þó hefir þetta og síðasta þing gert mikið til bóta í þessu efni.

Um samkomulag milli mín og sjálfstæðismanna er ekki að ræða. Hefi ég ekki átt tal um það við neinn sjálfstæðismann að hleypa frv. áfram. Hinsvegar hljóta allir, sem vilja vel, að viðurkenna, að nauðsyn beri til að greiða fyrir því. Samkomulagi er því ekki til að dreifa í þessu efni, þótt reynt sé að koma óorði hver á annan með því, að einn bregður öðrum um samkomulagshug. Það væri ljóta ólánið fyrir þessa þjóð, ef eitthvert samkomulag ætti sér stað í þinginu!

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér í ágreining hæstv. fjmrh. og hv. 2. landsk., þótt ég sjái fram á það, að ámæli það um ábyrgðarleysi, sem ráðh. bar á 2. landsk. og flokk hans, geti líka hitt Sjálfstæðisflokkinn og mig, ef við tökum sömu afstöðu til málsins og hv. 2. landsk., en þá er tími til andsvara. Vil ég láta það afskiptalaust, sem hæstv. ráðh. sagði um samband þessa máls og stjórnarskrárbreytingarinnar. Sagði hann að vísu, að nokkurt samband væri þar á milli, en lýsti því svo, að það væri eins og þá er maður segði við annan: „Ef þú verður ekki góður að því er þetta snertir, þá drep ég þig“. Sýnir þetta, að hæstv. ráðh. hefir ekki enn öðlazt sama skilning og ég á þessu. Tel ég því rétt í þessu sambandi að rifja það upp, að þegar íbúar Norðurálfunnar hófu baráttu sína um það, að fá þátt í stjórnarvaldinu, þá var byrjunin sú, að borgarar tóku að heimta skattaálöguvaldið úr höndum þjóðhöfðingja og í hendur fulltrúa borgaranna eða almennings. Þessari baráttu hefir verið haldið áfram öld eftir öld, og er nú svo

komið, að það er viðurkennt í öllum lýðfrjálsum löndum, að skattaálöguvaldið beri hvergi að hafa annarsstaðar en hjá borgurunum sjálfum, þeim er kosningarrétt hafa. Það er ennfremur almennt viðurkennt í lýðfrjálsum löndum, og um það er enginn ágreiningur, að meiri hl. eigi að ráða og að skattaálöguvaldið sé í höndum meiri hl. þjóðfélagsborgaranna. Þetta eru þau undirstöðuatriði í því þjóðskipulagi, sem byggir á almennum kosningarrétti, ráðarétti meiri hlutans. Nú er okkar alþingisskipulag komið út af þessum grundvelli; það er ekki lengur þannig skipað, að meiri hl. þess sé í skoðunum í samræmi við skoðanir meiri hl. þjóðarinnar. Að það sé því nú ekki bært að leggja skatta á þjóðina, er alviðurkennt í þeim grundvallarreglum lýðstjórnarfyrirkomulags nútímans, sem ég gat um.

Hæstv. ráðh. talaði með lítilsvirðingu um þá menn, sem hrópa réttlæti! réttlæti! Hann um það. En hversu lítilsvirðandi, sem hann talar um það, þá munum við krefjast þess, að þetta þing skilji það, að sá eini réttur, sem það hefir, er rétturinn til þess að kippa því í lag, sem í ólag er komið af því, sem snertir almennan rétt manna til kosninga samkv. stjskr. Þetta er sá eini réttur, sem þetta þing hefir, og það skilur ekki sinn vitjunartíma, ef það heldur áfram að leggja á skatta eins og það væri réttur aðili, sem færi með vald sitt í umboði meiri hl. þjóðfélagsins. Í mínum augum er það miklu stærra mál, að koma þessu máli í það horf, sem það á að vera, heldur en hitt, hvort stj. fær fleiri eða færri krónur til að rusla með um eins árs skeið eða svo.

Þetta er sá grundvöllur, sem við sjálfstæðismenn stöndum fast á. Og hæstv. fjmrh. má ekki halda, að þó Sjálfstæðisflokkurinn hleypi þessu máli til 2. umr. nú, þá hviki hann neitt af þessum grundvelli. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að með því stígum við ekki spor í þá átt að láta meiri hl. þessa þings fara með skattaálöguvaldið, eins og hann væri réttur umboðsmaður meiri hl. þjóðarinnar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég held, að hv. 1. landsk. hafi farið nokkuð mörg ár aftur í tímann, til þess tíma, þegar hann var að byrja sinn pólitiska lífsferil og skrifaði grein í blað þess flokks, sem hann var þá í — þeir eru nú víst orðnir sex, flokkarnir, sem hann hefir verið í —, líklega þá frægustu grein, sem hann hefir skrifað — skrifaði lýsingu á viðhorfi borgaranna til skattamála. Þá sagði hann, að íhaldsmenn vildu ekki borga skatta, þeir vildu hlíðra sér hjá þeim og láta skattana koma niður á þeim fátæku (**JónÞ:** Því fer nú Gróa ekki heldur upp í sveit með þessa sögu?); þeir vildu ekki greiða skatta til að leggja fyrir járnbrautir og því um líkt. Ég get skilið, að hv. 1. landsk. sé þetta viðkvæmt mál; hann mun nú vera búinn að finna, að það er ekki skemmtilegt fyrir hann að hafa skrifað þetta. Ég býst við, að hann hafi nú fundið, að það sé ekki heppilegt fyrir hann, að hann sem ungur maður byrjar lífið með því að gefa lýsingu af því, hvernig sá flokkur er, sem hann síðar bjó til og gaf nafnið íhaldsflokkur — því að hann gaf sér sjálfur nafnið íhaldsmaður —, að í honum eru aðallega menn, sem tíma ekki, þó þeir séu ríkir, að borga neitt í ríkissjóð, tíma ekki að leggja neitt til opinberra þarfa, en vilja láta fátæklingana borga alla skattana. Það er náttúrlega leiðinlegt fyrir hv. 1. landsk. að hafa sagt þetta, en hann hefir sagt það. Nú er hann staddur í sporum þess flokks, sem hann var að lýsa 1908, og það var vit í því frá lágu sjónarmiði, því yfirliti, sem hann gaf þá um íhaldsstefnuna. En þegar nú er komið svo, að hann vill heldur ekki fylgja nefskattastefnunni í álagningu skatta, en það er sú stefna, sem frv. sem hér liggur fyrir, byggist á, og sem hann hefir lýst yfir, að væri stefna síns flokks — þegar komið er svo, að hann vill heldur ekki fylgja henni, þá er það af vöntun á borgaralegum tilfinningum fyrir velferð þjóðfélagsins, þá er það af því, að honum þykir svo mikið varið í að veikja þjóðfélagið, að hann vill hvorki borga til þess skatta frá sjálfum sér né heldur láta fátæklingana gera það. Nema þetta sé einn snúningurinn hjá honum undir þessari 6 flokka tilveru sinni, og að hann sé nú orðinn sócíalisti, og virðist það reyndar vera, að hann sé

genginn á mála hjá þeim. Það er náttúrlega gott fyrir þá, á meðan það er. En ég vil benda hv. 1. landsk. og flokki hans á það, að það eru fleiri möguleikar til að ná sköttum en honum virðist hafa dottið í hug. Nú heldur hann, að hann hafi gert byltingu með því að neita að samþykkja þá skatta, sem ríkið þarf að fá, og þó það séu þeir skattar, sem íhaldsmenn vilja helzt hafa. Hver yrði svo afleiðingin, ef þetta tækist? Hún yrði auðvitað sú, að Vestmannaeyjum, sem er bær, sem íhaldið á, yrði ekki borgað það, sem þeim ber samkv. þeim skyldum, sem þjóðfélagið hefir tekið á sig, á réttum tíma. Auðvitað yrði þetta borgað, en ekki fyrr en einhverntíma seinna. Og ég vil ennfremur benda á það, að afleiðingin af því, ef íhaldið gengur frá nefsköttunum, sem það þó vill hafa, verður óhjákvæmilega sú, að Framsóknarflokkurinn halli sér þá meira að beinu sköttunum en hann hefir gert hingað til. Og þó draumur hv. þm. yrði uppfylltur, þ. e. a. s., að höfðatölureglan komist í gegn, þá er hann svo kunnugur fylgi flokkanna í landinu, og eins flokksbræður hans, að þeir vita, að þeir yrðu samt í minni hluta. Ef hv. 1. landsk. vinnur það á með hótunum sínum, að þetta verði gert, þá verður það óhjákvæmilega til þess, að miðflokkurinn hallast meira að beinu sköttunum en hann hingað til hefir gert, til að vinna upp þá tolla, sem hann hafði, en fær nú ekki lengur. Og þetta verður ekki bara í eitt ár, heldur um langan tíma, um alla framtíð. Ég segi þetta ekki til að ógna hv. 1. landsk., heldur til að benda honum á, að ég er ekkert ólukkulegur yfir því, þó skattastefnurnar hér í landinu breytist nokkuð, þó tollarnir minnki og beinu skattarnir aukist. Ég sé ekki, hvers vegna braskararnir eigi ekki, eins og til dæmis hlutafélagið „Baun", sem hefir innbyrt mikið fé — hvers vegna það á ekki að svara töluverðum skatti í stað fátæklinganna, sem hingað til hafa borgað alla skatta. Ég vil segja það, að ég lít á það sem eftirsóknarvert, að hv. þm. komi þannig fram eða beiti flokksáhrifum sínum þannig, að skattapólitíkin í landinu hljóti að breytast. Mér þykir bara gott, að sú hula, sem breidd hefir verið yfir fjárbrallsmennina, braskarana, stundum okrara, vil ég segja — að henni verði svift af og að þeir fái að borga skattana í staðinn fyrir fátæklinganna, sem hingað til hafa borgað þá. Stigi hv. þm. það spor að vera á móti sinni eigin skattastefnu, þá er mér það ekki óljúft, því ég hefi ekkert verulegt við því að segja, þó þeir efnameiri beri skattana, sem þeim hingað til hefir verið hlíft við, og að þeim sé nú létt af fátæklingunum. Ef því hægt verður að tala um einhver áhrif af draumórum hv. 1. landsk. í sambandi við stjskr., þá verða þau til þess að lækna eina meinsemd í þjóðfélaginu, sem þar hefir verið og enginn hefir staðið fremur að en hv. 1. landsk., en þessi meinsemd er sú skattastefna, sem hann fylgir. Ég álít þess vegna sjálfsagt, að þjóðfélagið hafi ávinning af þeim glapstigum, sem hv. 1. landsk. er á, og ef hans till. verða samþ., geri ég mér vonir um, að svo verði.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að baráttan um sjálfræði þjóðanna eða vald þegnanna í þjóðfélögunum hefir staðið í nánu sambandi við skattamálin. Þetta er alveg rétt. En hér er ekki um það að ræða, þegar talað er um, hvort eigi að hætta að taka þennan skatt, sem verið hefir — það gæti þá fremur átt við, ef um nýjan skatt væri að ræða, en ekki þó skattur, sem verið hefir, sé framlengdur —, því að það er vitað, að hann er ekki í neinu misræmi við vilja þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn hefir fylgt þessum skatti frá upphafi, og Sjálfstæðisflokkurinn, sem einnig fylgdi honum í upphafi, ber nú engin innri rök fram gegn því að halda honum.

Ég man eftir því, að þegar nýbúið var að lögleiða þennan skatt, þá stóð deilan um það, hverjum það væri að þakka. Þá deildu blöðin, Tíminn, Vísir og Morgunblaðið mest um það, hvort það væri hv. 1. þm. Reykv. eða hv. 1. landsk., sem ætti þann heiður að hafa komið skattinum á. Mig minnir, að Tíminn og Vísir þökkuðu það hv. 1. þm. Reykv., en Morgunblaðið hv. 1. landsk. Það er því ekki um það að ræða, að á bak við þennan skatt standi ekki meiri hl. þjóðarinnar. Þess vegna á röksemd hv. þm. ekki við í sambandi við þennan skatt. Skattaálöguvaldið er hjá

þjóðinni í gegnum þá fulltrúa, sem hún hefir í þinginu. Milli þessa máls og stjskr.málsins er ekki um neitt samband að ræða, vegna þess að deilan er ekki um skattaálöguvaldið, því hér er engum skattalögum hægt að koma fram, nema að þeim standi fulltrúar meiri hl. þjóðarinnar. Og það er enginn ágreiningur um það, að þeir skattar verða að haldast, sem nú hafa gilt í 8 ár samkv. vilja greinilegs meiri hl. þjóðarinnar. Því í umr., hvorki manna á milli eða í blöðum, hefir ekki borið á neinni sterkri óánægju með þessa skatta.

Ég talaði með engri litilsvirðingu um stjskr.málið. Það, sem ég talaði með lítilsvirðingu um, er það, að flokkarnir keppa um þegnana sem mest þeir mega, og svo er umhyggja þeirra fyrir þeim ekki meiri en það, að þeir gefa þeim rangar upplýsingar í svona málum. (**PM:** Í því efni ætti ráðh. að passa sitt eigið hreiður). Það er nú það, sem ég hefi reynt að gera. (**PM:** Ég á ekki við hæstv. ráðh. sjálfan). Hv. þm., sem greip fram í fyrir mér, passar sjálfan sig, en ég geri ráð fyrir, að honum veiti örðugt að passa alla sína flokksmenn, og geri ekki kröfu til þess.

Það mun nú ekki standa á mér til samkomulags í þeim öðrum málum, sem hv. andstæðingar vilja setja í samband við þetta mál. Ég viðurkenni það, að það er enginn annar grundvöllur til undir stjórnskipun en að þegnarnir séu jafnir. En það eru ýmsar aðrar ástæður en jafn atkv.réttur, sem þarf að taka til greina til þess, að þeir verði jafnir, en ekki ójafnir. Og ein aðalástæðan er sú, að það þarf að fyrirbyggja það, að flokkavaldið taki ráðin af þeim, sem þau raunverulega eiga að hafa, sem sé einstaklingunum. Og ég sé ekki betra ráð til að koma í veg fyrir það en að láta kjósa einn þm. fyrir hvern stað. Önnur aðalástæðan er sú, að þar, sem margir menn eru saman komnir, hafa þeir meira afl en þeir, sem búa strjálir. Þess vegna er það rétt, að þeir hafi meiri atkvæðisrétt, sem búa strjálir, en þeir, sem saman eru komnir á einn stað og hægra eiga með að beita afli samtakanna. Ef þessi tvö tillit verða tekin, bæði til þéttbýlisins og hins, að verja það virkilega „demokrati", áhrifarétt einstaklingsins, þá mun ekki standa á mér í þeim efnum. En skattaálöguvaldið er hjá þjóðinni, og verður hjá þjóðinni þó þetta frv. verði samþ., því það þarf fulltrúa meiri hl. hennar til að samþykkja það. Þess vegna er alveg óhætt að samþ. það. Röksemd hv. 1. landsk. á því ekki við, nema um nýjar álögur væri að ræða, sem flokkarnir væru ekki sammála um. En um þennan skatt erum við sammála. En aðrar ástæður valda, sem kunnugt er, að flokkarnir kunna að vilja skjótast undan að gera skyldu sína í þessum efnum, en þær, að þeir vorkenni þjóðinni að borga.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hæstv. dómsmrh. hljóp nú hér fram fyrir kollega sinn, hæstv. fjmrh., og er það sjálfsagt af því, að hann hafi minnt, að Einar á Eyrarlandi sæti ennþá í stólnum, og þá var þetta svo sem sjálfsagt, en það er ekki víst, að það eigi eins vel við, að hæstv. dómsmrh. sé að þessu nú. Annars var það nú eins og fyrri daginn, að hann opinberaði bara sjálfan sig í ræðu sinni.

Það er sagt, að það fari svo fyrir þeim mönnum, sem venja sig á óhóflega vinnautn að kveldi dags eða að næturlagi, að þegar þeir vakna á morgnana, þá eru þeir að vísu ódrukknir, en sjá þá allt tvöfalt. Nú sakar enginn hæstv. dómsmrh. um óhóflega vínnautn, en þá hlýtur það að vera einhver annar óþverri svipaðrar tegundar, sem hann hefir inndrukkið í sig og sem veldur því, að það koma fram svipuð áhrif á sálarlíf hans eins og þau áhrif, sem ofnautn áfengis hefir á sjón drykkjumannanna. Ráðh. sér sem sé tvöfalt. Hann þóttist sjá, að ég hefði verið í 6 flokkum. Þetta er nákvæmlega tvöfalt. Ég hefi verið í 3 flokkum: Heimastjórnarflokknum, Íhaldsflokknum og Sjálfstæðisflokknum. En þetta varð að 6 flokkum fyrir sálarsjónum hæstv. ráðh., sem einhverja nautn óheilla andlegra meðala undir lagður sér allt tvöfalt eins og drykkjumaður.

Annars var ekkert af því, sem hann sagði um skattamálin, neitt nýstárlegt. Ég veit vel, að hann hefir hallazt og hallast enn að stefnu sócialista í skattamálum eins og öðrum málum. Og honum mun það ljúft, nú eins og áður, að stefnu

flokks hans sé beint meira inn á þær brautir, sem Alþýðuflokkurinn vill fara. Hann hótar að fara eftir skoðunum sínum og leita samvinnu við Alþýðuflokkinn í skattamálum, ef stj. fái ekki nægar tolltekjur. Þetta vissi ég allt fyrirfram. Og ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ég get vel beygt mig, eins og ég hefi allt af gert, undir hverskonar skattalöggjöf sem er, ef hún hvílir á þeim grundvelli, sem fulltrúar meiri hl. þjóðarinnar vilja vera láta. Og hitt er mér vel ljóst, að gangi Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn saman, þá hafa þeir til þess nægan meiri hl. að setja þá skattalöggjöf, sem þeim þóknast, og þó hún verði ekki í samræmi við skattastefnu míns flokks, þá verður það svo að vera. En hinu vikjum við sjálfstæðismenn ekki frá um hársbreidd, að við viðurkennum ekki, að það þing, sem þannig er skipað, að lítill hluti þjóðarinnar hefir meiri hl. þm., geti tekið sér skattaálöguvald, eins og það færi með umboð meiri hl. þjóðarinnar. Við viðurkennum ekki, að þetta þing hafi nokkurn rétt til að fara með skattaálöguvaldið. Hér er verið að berjast um grundvallarstefnu, um hugsjón, en ekki um það, hvort þeir menn eigi að greiða hærri eða lægri skatt, sem hæstv. dómsmrh. kallar spekulanta, fjárglæframenn og braskara, og þeirra nánustu andlegir félagsbræður, eins og t. d. hæstv. dómsmrh. sjálfur, sem er athafnamestur spekulant hér á landi, þó aldrei hafi hann spekulerað með sitt eigið fé, því þessi hæstv. ráðh. hefir aldrei haft menningu í sér til að eignast neitt, en eingöngu spekulerað með annara fé. Ég get látið mér í léttu rúmi liggja, hvernig löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið breytir við þessa menn, og aðstandendur þessa vinahóps ráðh. og meðbræður hans í þjóðfélaginu, nú og síðar.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að verja sig með því, að þessi skattur væri í samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Ég geri nú ráð fyrir því, að ef um það eitt væri að ræða að velja á milli þessa skatts og einhverra annara, að þeir flokkar, sem við báðir tilheyrum, vildu fremur þennan skatt en ýmsa aðra, sem stungið kynni að verða upp á. En hér blandar hæstv. fjmrh. tvennu saman. Hann talar um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til þessa frv. sérstaklega. En þegar hann gerir það og segir, að þetta skattafrv. sé í samræmi við okkar stefnu og því eigum við að samþykkja það, þá gleymir hann því sambandi, sem við erum báðir búnir að kannast við, að sé á milli stjskr.-málsins og skattamálanna. Átökin eru um það, hvort skattaálöguvaldið eigi að vera í höndum meiri hl. þjóðarinnar, og það ber nú svo að í þeirri deilu, að þetta mál, sem við sjálfstæðismenn undir venjulegum kringumstæðum mundum vera fylgjandi, kemur fyrst fyrir. Og þó það sé náttúrlega vilji okkar að halda okkar stefnu í skattamálum, þá er það okkar bjargföst sannfæring, að skattaálöguvaldið beri þessu þingi ekki að nota, heldur aðeins að gera ráðstafanir til þess, að stjórnskipulagið fái að njóta sín samkv. stjskr. Hitt látum við svo alveg skeika að sköpuðu með, hvaða mál það eru, sem verða fyrst fyrir, og hvaða afstöðu hæstv. stj. tekur til skattamálanna yfirleitt í tilefni af þessu. Og það er nú frekar tilviljun en nokkuð annað, eða þó öllu heldur leifar af úreltu og ranglátu fyrirkomulagi um skipun þingsins, að það yfirleitt er þó mögulegt að koma við nokkurri mótstöðu gegn því, að meiri hl. þingsins færi með skattaálöguvaldið í umboði minni hl. þjóðarinnar. En við erum ákveðnir í að neyta þeirrar aðstöðu út í yztu æsar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að það sitji nú ekki sem bezt á hv. 1. landsk. að vera að hreyta ónotum til hv. 2. þm. Eyf. Þeir hafa báðir gegnt sömu stöðu, sinn á hvorum tíma, og það munu flestir mæla, að það sé mikill mismunur á því, hvernig þeir skildu við (**JónÞ:** Já, sem betur fer.), þar sem eins og kunnugt er hv. 1. landsk. — þó ekki sé nefnt nema tvennt — fyrir greindarleysi og þekkingarleysi var búinn að setja alla atvinnuvegi í landinu á hausinn og eyðileggja afkomu landsmanna. Hann ber ábyrgð á gengishækkuninni og þá um leið í aðalatriðum á gjaldþroti fjölmargra fyrirtækja, sem ekki þoldu hana. Hv. þm. var eins og menn muna, lýst svo í ræðu uppi í Mosfellssveit af manni, sem stendur mjög nærri honum, sem sé hv. þm. G.-K., sem þótti ekki gáfulegt að hækka

gengið og var á móti því, — að hann væri eins og stóra nautið á Korpúlfsstöðum. Hann minntist einmitt á stóra nautið á Korpúlfsstöðum í sambandi við gengismálið. Og þegar svona vitnisburður kemur frá manni, sem stendur hv. þm. svona nærri, þó honum sé ekki trúandi um margt annað, þá býst ég við, að hv. 1. landsk. taki nokkurt tillit til hans.

Hitt er um viðskilnað hans við fjármálin, þegar hann á árunum 1926—27 kastaði hurt sköttum til að þóknast einhverjum kunningjum sínum, og skildi við ríkissjóðinn með tekjuhalla, án þess að hafa gert nokkuð af verklegum framkvæmdum. Einmitt árin 1925, 1926 og 1927 gerðust þeir hlutir á sviði atvinnuveganna, sem ekki eiga hliðstæður á öðrum tímum, og það eru hlutir tilheyrandi fjármálastjórnartíð þessa hv. þm. Annars hygg ég, ef hv. þm. vildi fara út í samanburð á meðferð okkar á eiturefnum, að þar sé tvímælalaust um ólíka notkun að ræða, og læt ég nægja að vísa til hans eigin vitundar í því efni. Þar sem hann mundi ekki eftir nema þremur stjórnmálaflokkum, sem hann hefði átt sæti í, þá skal ég benda honum á til viðbótar því, sem hann nefndi, bæði sparnaðarbandalagið og 10-manna-bandalagið, sem hann var í þegar hann var milli vita í pólitíkinni. Og auk þess má benda honum á, að nú upp á síðkastið hefir hann staðið nærri því að lenda í Alþýðuflokknum. Ég sé, að hv. þm. muni ætla að mótmæla þessu, og skal ég ekki fara lengra út í það að stríða honum á sambandi hans við þann flokk, en aðeins benda á það, að nú upp á síðkastið hefir hann komið fram eins og nokkurskonar vinnumaður hjá hv. 2. landsk., eins og lýst hefir sér í því, að hann hefir lýst því yfir, að hann vildi fylgja því með Alþýðuflokknum, að landið allt verði gert að einu kjördæmi, sem hann veit þó, að enginn af hans flokksmönnum vill fallast á. En nú, þegar hv. þm. hefir fengið skýringu á því, hverjir eru þessir sex flokkar, sem hann hefir verið riðinn við, þá vona ég, að hann gangist við þessum lausaleikskrökkum sínum með því að viðurkenna faðernið.

Viðvíkjandi sjálfu málinu vill hv. þm. nú ekki viðurkenna sína fyrri aðstöðu, þegar hann sat í stj. með minni hl. þingsins að baki sér. Hann leggur mikla áherzlu á það nú, að sú stj., sem með völdin fer, hafi meiri hl. þings að baki sér, sem eðlilegt er, en það var bara frá hans sjónarmiði ekki eins nauðsynlegt í hans eigin stjórnartíð. Þeim skatti, sem hér er um að ræða, fékk hv. þm. á komið með hjálp Framsóknarflokksins árið 1924, sem ekki var þó veitt af því, að flokkurinn viðurkenndi stj. hv. þm., heldur fyrir nauðsyn þjóðfélagsins. Þá sat stj. hans við minnihluta-fylgi, við fylgi 20 þm. af 42, stj., sem honum ætlaði aldrei að takast að mynda, þó að hann væri búinn að lýsa því yfir, að hann ætlaði sér að mynda stjórn. Og þegar þess er ennfremur gætt, að einn þessara 20 stuðningsmanna stj. var minnihlutaþingmaður, þ. e. a. s. maður, sem flotið hafði inn í þingið á fölsuðum atkv., eins og allir vita, þá er það furðulegt, að þessi hv. þm. skuli voga sér að halda því fram, að löglega kosin meiri hl. sé ekki meiri hl. Það er ekki hægt að neita því, að sá meiri hl., sem kosinn var í vor, er löglega kosinn, og þess vegna verður ekki hægt að líta á þessi mótmæli hv. þm. öðruvísi en sem byltingatilraunir. Það lítur út fyrir, að hv. þm. vilji byltingu, því allar tilraunir hans að vefengja rétt þingmeirihlutans eru þess eðlis. En ég held, að í staðinn fyrir að ætla að taka sér valdið með ofbeldi, þá sé honum miklu réttara að breyta stefnu og reyna að láta sína flokksmenn lifa þannig, að kjósendurnir vilji treysta þeim. Það er áreiðanlega miklu réttara fyrir hann heldur en að vera nú að leggjast á móti þeim málum, sem hann hefir áður barizt fyrir, eða þá hreinlega að ganga nú í annan flokk. Að öðrum kosti þykir mér ekki ólíklegt, að þetta herbragð hv. þm. og hans flokksmanna verði þeim til álíka mikils pólitisks framdráttar og byltingin í fyrra, ef þeir halda því áfram.

Hv. þm. var að tala um löngun hjá mér til þess að styðja jafnaðarmenn í því að auka beina skatta frá því, sem verið hefir. En þetta kemur fram hjá honum af því hann virðist ekki þekkja stefnuskrá Framsóknarflokksins, sem gengur einmitt út á það að hækka beina skatta, og hann hefir kannske heyrt það, að framsóknarflokksþingið í fyrra samþykkti

einmitt áskorun til þingmanna flokksins um að herða á þeirri hækkun meira en orðið er, alveg eins og flokksþing sjálfstæðismanna í vetur gerði aths. við till. hv. 1. landsk. í kjördæmamálinu. Annars skil ég það mjög vel, að hv. 1. landsk. með öllu sínu sementsbraski og lóðabraski í Skildinganesi lítist ekki sem bezt á hækkun tekjuskatts. Hv. þm. viðurkenndi, að ég væri ekki samskonar braskari og hann, og það er alveg rétt, að ég hefi aldrei verið hrifinn af hans braski, eins og allir vita, enda er líklega enginn, sem þessir braskarar hata meira en mig, eins og þegar er vitað. Ég skal minna á það í sambandi við aðstöðu hv. 1. landsk. til þessa máls, að framkoma hans á Alþingi 1930, sem að öllum líkindum skapar honum þúsund ára frægð, sýnir betur en nokkuð annað glögga mynd af hinu nána sambandi milli hans og fjárplógselementanna í landinu. Sú till., sem hann flutti þá, mun aldrei verða til mikils sóma fyrir hann og hans flokk, en hún sýndi auðvitað mjög greinilega það, sem raunar var áður fyllilega vitað, en það var viðhorf hans og hans flokks til mín, sem var svo mótað af hugarfari fjárplógsmanna og braskara, að engum gat dulizt. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt, þó að ég bæði fyrr og síðar beiti mínum áhrifum á móti stefnu þessara manna í skattamálunum, með því að stuðla að því, að tekjuskatturinn komist í réttlátara horf. Við framsóknarmenn höfum enga ástæðu til þess að gera bandalag við Alþýðuflokkinn til þeirra hluta; við munum sjálfstætt vinna að því að hækka beinu skattana, eftir því, sem við verður komið. En ég hygg, að hv. 1. landsk. sé nú einmitt með þessari framkomu sinni að vinna okkar stefnu meira gagn en hann grunar, með því að efla og auka hatur á nefsköttunum, sem hann nú er að mæla á móti, en er í hjarta sínu vinveittur.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. landsk. sagði, að ég hefði viðurkennt, að það ætti að vera samband milli skattamálanna og stjórnarskrármálsins. Það er rétt, að ég viðurkenndi, að það ætti að vera samband milli skattanna og þjóðarviljans. En það hagar þannig til nú, að það er engin hætta á því, að nokkurt skattamál verði afgr. á þessu þingi, sem ekki hefir meiri hl. þjóðarinnar að baki sér. Það hagar þannig til um skipun Ed. nú, að slíku er alveg borgið. Það er rétt, að ég viðurkenndi sambandið milli skattamála þjóðarinnar og þjóðarviljans, en ég viðurkenndi ekki samband milli skattamálanna og stjórnarskrármálsins, þó að ég sjái og skilji, á hvern hátt hv. andstöðuflokkar hugsa sér, að þessi mál eigi að hafa áhrif hvert á annað, því að það er vitanlega allt af hægt að hugsa sér eitthvert óeðlilegt samband milli tveggja mála, og þetta minnir mig ósjálfrátt á kæru, sem hv. 2. þm. Árn. barst einu sinni, og var eitthvað á þessa leið: „Með því að N. N. hefir haft óleyfilegt samband við konu mína, þá leyfi ég mér hér með að kæra hann fyrir að hafa skotið tíu æðarkollur". Það er rétt, að þessi kæra ber með sér vist samband milli tveggja alóskyldra mála, og samskonar samband hafa hv. andstæðingar sett á milli tveggja álíka óskyldra mála hér í hv. d., en það samband er þess eðlis, að það tjáir ekki að ræða það nánar.

Jón Baldvinsson: Ég ætla að leiðrétta það, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um, í hve mörgum flokkum hv. 1. landsk. hefði verið. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði verið í sex flokkum, en þetta er ekki rétt. Ég hefi nú verið að rannsaka þetta og telst svo til, að þessi hv. þm. hafi ekki verið nema í 5 flokkum. Hæstv. dómsmrh. taldi bæði sparnaðarbandalagið og 10 manna bandalagið, en þetta var einn og sami flokkurinn, en svo gleymdi hann aftur Borgaraflokknum. Hæstv. ráðh. taldi ennfremur Alþýðuflokkinn, en það var vitanlega ekki rétt. Annars stóð ég á fætur til að leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. og hv. 1. landsk. hafa verið að bera hvor á annan um samninga við Alþýðuflokkinn. Hv. 1. landsk. hefir borið það á hæstv. dómsmrh., að hann hafi tilheyrt Alþýðuflokknum nú um skeið, og hæstv. dómsmrh. hefir haldið því fram, að hv. 1. landsk. hafi undanfarið verið í þessum flokki. En ég mótmæli þessu og vil bera þær sakir af Alþýðuflokknum, að þessir menn hafi nokkurntíma í honum verið. **(JakM:** Hefir dómsmrh. aldrei verið í Alþýðuflokknum?). Nei, dómsmrh. hefir

aldrei verið í Alþýðuflokknum. (**JakM:** Nei, ekki sem ráðh., en áður?). Nei, aldrei, hvorki sem ráðh. eða sem Jónas frá Hriflu, og það er aðeins gert til þess að svívirða flokkinn að vera að bendla þessa menn við hann. (**JakM:** En hefir þá dómsmrh. aldrei verið í Dagsbrún?). Það getur vel verið, en það hafa líka margir „frjálslyndir" verið í því félagi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.
nei: JBald, GL.
BSn[1]), HSteins greiddu ekki atkv.
Frv. vísað til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 732).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Þar sem ekki getur valdið neinum ágreiningi, að ríkissjóður mun hafa þörf fyrir þær tekjur, sem ætlazt er til, að frv. þetta veiti, þá hefi ég ekki neitt annað að segja fyrir hönd meiri hl. fjhn. en það, að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Minni hl. fjhn. hefir ekki skilað nál. um þetta frv. Er það vegna þess, að afstaða Sjálfstæðisflokksins til frv. er á þann veg, að við sjálfstæðismenn verðum að leggja á móti því, að frv. nái samþykki, meðan ekki er fengin vissa um samkomulag milli flokka um viðunanlega úrlausn í stjórnarskrármálinu.

Jón Baldvinsson: Ég hefi áður getið þess í umr., að ég væri mótfallinn framlengingu verðtollsins. Ég tel ekki rétt að halda þeim skatti áfram, af því að ég tel aðrar leiðir til tekjuöflunar heppilegri til handa ríkissjóði. Hér er um hreint stefnumál þess flokks að ræða, er ég tilheyri, að vera yfirleitt á móti tollum. Að vísu getum við hugsað okkur, að lagðir séu tollar á óhófsvörur. En hér er meðfram um toll á nauðsynjavöru að ræða. Mun ég því greiða atkv. gegn þessu frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Í tilefni af yfirlýsingum þeim, er gefnar hafa verið af hv. 1. landsk. fyrir hönd síns flokks og hv. 2. landsk., vil ég beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann, að umr. lokinni, taki mál þetta út og fresti atkvgr. um það.
Sömuleiðis og af sömu ástæðu óska ég þess, að hæstv. forseti taki út af dagskrá 4., 5. og 6. mál (gengisviðauki, bráðabirgðabreyting nokkurra laga og bifreiðaskattur).

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er rétt að bæta því við nú þegar, að við sjálfstæðismenn höfum sömu afstöðu til 4., 5. og 6. málsins á dagskránni eins og við höfum til þessa frv. Og sömu afstöðu höfum við einnig til fjárlfrv. Við munum ekki sjá okkur fært að greiða því atkv. af því það gerir ráð fyrir þeim tekjustofnum, sem ákveðast af þeim frv., er ég nú hafi nefnt.

Jón Baldvinsson: Ég geri ráð fyrir, eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh., að þessi mál verði tekin út, eins og hann hefir mælzt til við hæstv. forseta. Ég skal þá ekki lengja umr. og tefja með því tímann. En mér þykir þó rétt að lýsa yfir því, að ég mun einnig greiða atkv. gegn 4., 5. og 6. málinu á dagskránni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel ekki ástæðu nú að láta orð falla út af viðbótaryfirlýsingum þeim, er fram hafa komið. Ég endurtek aðeins þá ósk mína, að þessi mál verði tekin út.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Ed., 2. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JakM, JónJ, JónÞ, MT, PH, PM, EÁrna, HSteins, GÓ.

---

1) Með svofelldri grg: Ég er á móti þessu skattafrv., en vil hinsvegar ekki greiða atkv. á móti því, þar sem fjárlög eru svo mjög háð því.

nei: JBald, GL.
BSn greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
nei: JBald, GL.
BSn greiddi ekki atkv.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 833).

---

7. Gengisviðauki.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 7. maí 1928 [Gengisviðauki] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Jafnframt því, sem ég legg þetta frv. fyrir d., vil ég óska þess, að því verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 25., 27. og 28. fundi í Nd., 10., 12. og 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 6, n. 106).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Það er einfalt mál fyrir hv. þd. að taka afstöðu til þessa frv., eins og málið, sem afgr. var nú síðast, verðtollsfrv. Lögin um gengisviðauka eiga að falla úr gildi við lok þessa árs, en hinsvegar er í fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, gert ráð fyrir, að tekjur af gengisviðauka haldist. Og ef þetta frv. verður ekki samþ., þá veldur það röskun á fjárlfrv.
Gengisviðaukinn hvílir nú aðeins á innflutningsgjaldi á vörum samkv. tolllögum, að undanskildu kaffi og sykri, en það er vín, tóbak og aðrar minni háttar tollvörur, svo sem súkkulaði, brjóstsykur o. fl. Samkv. því, sem tekjur eru áætlaðar af þessum vörum í fjárlfrv. fyrir næsta ár, má áætla gengisviðaukann 350 þús. kr. Ef þingið vill ekki framlengja gengisviðaukann, þá verður það vitanlega að sjá ríkissjóði fyrir tilsvarandi tekjum á annan hátt. Hygg ég, að ekki verði auðvelt að benda á auðveldari eða réttlátari leið til þess. Meiri hl. fjhn. mælir með þessu frv., en minni hl. tók enga afstöðu gagnvart því í n., en gerði ráð fyrir að gera það annaðhvort í sérstöku nál. eða við umr. Sérstakt nál. hefir ekki komið, og ég sé, að hvorugur minnihlnm. er hér viðstaddur. Hinsvegar mun afstaða minni hl. vera sú, sem lýst var við umr. hér í d. um næsta dagskrármálið á undan þessu, verðtollsfrv., og vísa ég til þess. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
nei: MJ.
EA, GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, VJ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (HStef) fjarstaddur.
Frv. afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 6).

Á 33. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl. var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 1 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 2. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 733).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Ég hefi ekki annað að segja um þetta mál fyrir hönd meiri hl. fjhn. en að við leggjum til, að það verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PM, GÓ.

nei: JBald.

BSn, GL greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 834).

---

8. Lax- og silungsveiði.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um lax- og silungsveiði** (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hygg, að það myndi verða til mikilla nytja, ef Alþingi gæti nú afgr. frv. þetta, sem nú er í þriðja sinn lagt fyrir það. Fyrir mér er það aðalatriðið, að það verði afgr. á þeim grundvelli, sem í því er lagður, því að góð löggjöf um þetta efni mun án efa verða laxveiðieigendum til mikilla hagsbóta, með aukinni veiði o. fl.

Frv. er borið fram nú eins og það var lagt fyrir síðasta vetrarþing, með þeim breytingum einum, sem gerðar voru af hálfu hv. 1. þm. Árn., sem starfaði í nefndinni, er undirbjó málið. Þær breytingar hafa verið felldar inn í frv.

Ég vil nú leyfa mér að beina mjög eindregið þeim tilmælum til hv. landbn., sem mál þetta fær til meðferðar, að hún leggi nú þegar þá vinnu í það, sem þarf til þess að hún komi því frá sér sem fyrst, svo mögulegt verði, að það fái fulla afgreiðslu á þessu þingi, því að víða er beðið eftir því með óþreyju. Annars hygg ég, að málið hafi nú þegar fengið þann undirbúning, að ekki þurfi að eyða mjög miklum tíma til afgreiðslu þess.

Að umr. lokinni, óska ég frv. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 304, 331, 338).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 331 og 338. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fornar sögur segja frá því, er þetta land var numið, að öll vötn væru full af fiski. Þess er getið, þá er Hrafna-Flóki dvaldi hér hinn fyrsta vetur á Barðaströnd, að þá gætti hann þess eigi að afla fóðurs búpeningi sínum, en lagði alla stund á fiskveiðar, svo að fénaður hans féll um veturinn. Það bendir margt til þess, að þessar fornu sagnir um fiskisæld muni vera réttar, m. a. nafnið Laxá, sem er enn í dag mjög svo algengt heiti á ám, einnig þeim, sem enginn lax gengur í nú, en þar hefir áður án efa verið fiskigengd mikil.

Þetta ásamt mörgu fleiru af sliku tægi bendir til þess, hvernig náttúra landsins hefir verið rænd með því að eyða gæðum landsins, unz það varð æ fátækara og fátækara.

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar róttækar hindranir gegn rányrkjunni, með aukinni jarðyrkju og verndun skóga. Það hefir verið reynt að græða þau sár, sem fyrir skilningsleysi þjóðarinnar hafa verið greidd náttúru landsins. Þetta ætti ekki sízt að gilda um veiði í vötnum landsins.

Þetta er mál, sem menningarþjóðirnar hafa tekið rækilega til meðferðar hjá sér. Víða erlendis er fiskurinn ræktaður á líkan hátt og búfé hér hjá okkur. Þar þurfa bændurnir svo að segja ekki annað en að skreppa út fyrir bæjarvegginn til þess að fá sér í soðið. Það er ekkert efamál, að hér er ekki síður hægt að rækta þessa tegund nytjadýra en aðrar.

Um einn af okkar búnaðarfrömuðum, einn með þeim allra fremstu, síra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, er sagt, að hann hafi geymt silung í læk skammt frá Sauðlauksdal, til þess að geta gripið til hans, þegar þörf var fyrir á heimili hans. Það sýnist svo, sem hann hafi haft opin augu fyrir hugmyndinni um ræktun fiskjar til hagsældar fyrir búendurna.

Við vitum glögg dæmi til þess, þó ekki séu þau mörg, að það hefir verið komið veiði í vötn, þar sem engin var áður. Ég veit t. d., að úr Mývatni hefir verið fluttur silungur í nálæg vötn, er sýndust lítilfjörleg, jafnvel smátjarnir, en reynslan hefir sýnt, að þar var hægt að rækta silunginn til mikilla hagsbóta fyrir þá, er hlut eiga að máli.

Það er enginn vafi á því, að hér á landi eru því nær ótakmörkuð skilyrði fyrir ræktun fiskjar í stórum stíl, bæði í ám og vötnum.

Ég hygg, að ég geti fyrir hönd landbn. mælt með þessu frv., þó að skoðanir væru dálítið skiptar um einstök atriði í frv. Laxveiðalögin frá 1886 voru mikið til bóta frá því, sem áður var, og hafa þau án efa hindrað það, að lax hafi gereyðzt í ýmsum vötnum, sem komin voru að því að fara í auðn, ef ekkert hefði verið að gert. En hinu er ekki að leyna, að löggjöf þessi hefir ekki verið næg vörn gegn rányrkju á þessu sviði. Hefir lax gengið víða mjög til þurrðar. Telja fræðimenn, að ef ekki verði að gert í tæka tíð, geti svo farið, eins og farið hefir sumstaðar annarsstaðar, að laxinn eyðist svo, að erfitt sé að fá nægan stofnfisk til klakræktar. Verður því að teljast, að bráð nauðsyn kalli að, að löggjöfin sé endurbætt og það sem fyrst.

Þess verður að geta, að mjög tíðkast deilur milli þeirra, er veiði eiga í straumvötnum, um skiptingu veiðinnar milli þeirra, sem búa neðar og ofar með ánni; það er atriði, sem verður að viðurkenna, að mjög erfitt er að leysa, en til þess er reynt í frv. Það hefir og víða tíðkazt, að veiðiréttur hefir verið seldur undan jörðum, er átt hafa, og er það af mörgum álitið mjög óheppilegt; er ég og þeirrar skoðunar og tel þau ákvæði þessa frumv., er banna slíkt, mikla réttarbót.

Frumv. þetta er samið af nefnd, er atvmrh. skipaði í nóv. 1929 til þess að endurskoða eldri lagafyrirmæli um veiði í vötnum og ám og semja frv. þar um. Tilgangur þess kemur fram í fjórum höfuðatriðum. Í fyrsta lagi það, að auka friðun á laxi og silungi umfram það, er verið hefir, því að reynslan hefir sýnt, að lögin eru ekki nægileg í þessu efni til þess að halda við stofninum, hvað þá að auka hann. Í öðru lagi er það tilgangurinn að jafna veiði milli aðila í sama fiskihverfi. Í þriðja lagi að hindra það, að veiðihlunnindi verði skilin frá þeim jörðum, sem hafa þau, og reyna til að sameina þau aftur jörðunum, þar sem þau hafa verið frá skilin. Fjórða höfuðatriðið er að stuðla að því, að tekizt geti skipulagsbundinn félagsskapur meðal veiðieigenda við sama fiskihverfi, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta, um verndun veiðihlunninda og ræktun þeirra, sem hið opinbera styðji með styrkveitingum, með tilliti til klaks o. fl. Allar þessar fjórar uppistöður frv. eru merkilegar fyrir málið og byggjast á nauðsyn.

Landbn. hefir ekki að öllu leyti orðið sammála um frv. Tveir nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, enda hafa frá öðrum þeirra, hv. þm. Borgf., komið fram brtt. á þskj. 338, sem ég ætla þó ekki að ræða fyrr en hv. flm. hefir mælt fyrir þeim sjálfur.

Landbn. hefir varið miklum tíma til þess að athuga þetta frv. Margir hafa talað við n. um málið, og það hefir komið í ljós, að menn líta allmisjafnt á það, hvernig leysa skuli málið. Það gefur að skilja, að ekki er hægt að gera öllum til hæfis um það, hvernig lögum þessum er fyrir komið. Álit manna, margra hverra, mótast allmikið af stundarhagsmunum þeirra og breytilegu viðhorfi. En til slíks má ekki of mikið tillit taka, þegar um það er að ræða að vernda og auka þau verðmæti, sem framtíðin á að njóta.

Ég skal svo ekki hafa orð þessi fleiri um málið almennt, en snúa mér að því að skýra brtt. landbn. á þskj. 304 nokkru nánar.

Við 1. gr. frv. hefir n. gert eina litla brtt. Gr. er eingöngu orðaskýringar, en upp í þær hefir ekki verið tekið, hvað orðið sjór þýddi í frumv. N. leggur til, að til samræmis við brtt. sé tekin upp í gr. þannig skilgreining á orðinu sjór eins og það er notað í frv.: „Sjór: salt vatn utan árósa".

Aðra brtt. flytur n. við 2. gr. 5. tölul., að í staðinn fyrir „rétti" komi „afnotarétti". Það er talað þarna um, að landeigandi geti afsalað sér öllum veiðirétti í vatni þann tíma, sem réttur til stangarveiði er skilinn frá landareigninni og leigður öðrum. Okkur finnst réttara, að í þessu sambandi sé notað orðið „afnotaréttur", því að þar er aðeins átt við afnotarétt.

Við 3. gr. gerir n. þrjár brtt. Ég skal geta þess, að við þetta frv. er komið fram mikið af brtt. frá hv. þm. Borgf., og þar á meðal um að fella 3. gr. alveg niður. En um hans brtt. ætla ég ekki að ræða að svo stöddu. Hv. minni hl. n. (PO og MG) mun vera okkur hinum nm. samþykkur um brtt. okkar við 3. gr., ef hann fær ekki sína brtt. á þskj. 338 samþ. Í þessari frvgr. er fyrst og fremst ákvæði um það, að ef veiðiréttur hefir verið skilinn frá jörðum áður en þessi lög öðlast gildi, þá geti eigendur jarðanna krafizt hans aftur. Er gert ráð fyrir, að nægilegt sé, að helmingur þeirra jarðeigenda, sem hlut eiga að máli, krefjist innlausnar á veiðiréttindunum. Okkur í n. þykir fullangt gengið, að aðeins helmingur hlutaðeigenda geti krafizt innlausnar, og leggjum því til, að ¾ hlutar þeirra verði að krefjast innlausnar, ef hún á fram að fara.

Þá er gert ráð fyrir í 2. málsl. 3. gr., að ef innlausnar er krafizt, en eigi af öllum landeigendum, sem veiðiréttindi hafa misst, þá geti eigandi veiðiréttarins heimtað að þeir, sem ekki kröfðust innlausnar, leysi þó einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi. Þeir, sem ekki vilja innleysa veiðiréttinn, eiga þannig að beygja sig fyrir meiri hl. Þetta mun gert til verndar þeim, sem veiðiréttinn eiga nú, til þess að þeir þurfi ekki að sitja eftir með gagnslausan veiðirétt, þegar búið er að innleysa hann beggja vegna við. N. finnst þetta nokkuð hart, að skylda menn til að innleysa veiðirétt, sem þeir ekki óska eftir að fá og þeir e. t. v. eiga mjög erfitt með að innleysa. Við leggjum því til, að þessi innlausnarskylda hvíli á þeim, sem innlausnar krefjast, að þeir verði einnig að innleysa veiðiréttinn fyrir landi þeirra, sem ekki vilja gera það, ef samkomulag næst ekki á annan hátt.

Í þriðja lagi leggjum við til, að 4. töluliður 3. gr. falli niður. Við sjáum ekki ástæðu til annars en að þeim veiðirétti, sem er í eigu ríkis, kirkju og sveitarfélaga, sé einnig skilað til eigenda þeirra jarða, sem hann hefir verið skilinn frá, ef þess er krafizt; okkur finnst, að það sama eigi að ganga yfir þessa aðila og aðra, sem veiðiréttindi hafa eignazt frá öðrum jörðum.

Þá er ein smá brtt. við 6. gr., 4. brtt. á þskj. 304, sem raunar þarf ekki frekari skýringu við. Í gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil". Þarna mun gert ráð fyrir, að báðir aðilar eigi veiðiréttinn í vatni því, sem löndin skilur, enda er reglan, að svo sé, en eins og nú er, er hitt líka hugsanlega, að veiðiréttindin fylgi aðeins annari landareigninni. Þess vegna leggjum við til, að bætt sé inn í málsgr. orðunum „enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum". Er þá skorið úr um þetta atriði, svo að ekki orkar tvímælis.

Þá er 5. brtt. n., við 12. gr., þar sem ákveðið er, hvernig veiðiskýrslur skuli gefnar. Samkv. frv. er ætlazt til, að tvö-

faldar skýrslur séu gefnar, af þeim, sem stunda veiði, og þeim, sem veiðina kaupa, ef um meira en 25 kg. á mánuði er að ræða. N. álítur óþarft, að aðrir gefi skýrslu en þeir, sem veiðina stunda, og leggur því til, að þau ákvæði gr., sem ræða um, að kaupendur veiðinnar gefi einnig skýrslu, séu numin burt.

Þá er 6. brtt. n., við 13. gr. Þar er getið um, að þar, sem laxveiði hefir verið stunduð í sjó og hún sérstaklega verið metin til dýrleika í fasteignamati, skuli hún leyfileg áfram, og er tekið fram, að miðað skuli við fasteignamatið frá 1922. Okkur þykir réttara að miða þetta við fasteignamatið, sem gengur í gildi á þessu ári, og leggjum því til, að í staðinn fyrir ártalið 1922 komi 1932. B-liður 6. brtt. er aftur aðeins leiðrétting á tilvitnun í niðurlagi 4. tölul., sem er röng í frv.

7. brtt. n. er við 14. gr. frv., 2. tölul., þar sem talað er um, að ekki megi leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær árósum en í 500 metra fjarlægð, þar sem um á er að ræða, sem fiskur gengur í úr sjó. N. þótti þetta nokkuð strangt ákvæði og áleit, að ekki stafaði nein hætta af því, þó leyft væri að leggja silunganet á þessum stöðum og hafa ádrátt þar, sem um er að ræða ár, sem enginn lax gengur í úr sjó. Samkv. því leggjum við til, að einungis sé bannað að hafa ádrátt í nánd við ósa þeirra vatnsfalla, sem lax gengur í.

Þá kemur 9. brtt., við 16. gr. Þar er svo fyrir mælt, að eigi megi veiða lax nema á tímabilinu frá 1. júní til 13. sept. ár hvert. N. þykir þetta fullþröngt. Laxveiði hefir í ýmsum héruðum verið byrjuð fyrr en þetta, og n. þykir ekki ástæða til að meina það. Meiri hl. n. álítur þó ekki þörf á að ganga lengra en það, að leyfa, að veiðin megi byrja 20. maí, því að óvíða mun veiði vera byrjuð fyrr nú, og líklega hvergi. Samkv. því leggjum við til, að í stað 1. júní komi 20. maí í 1. lið gr. Þetta breytir þó ekki því ákvæði gr., að hvergi má veiða lengur en 3 mánuði, það gerir tímann aðeins ofurlítið hreyfanlegri.

Tveir af nm. vilja gera viðtækari breyt. á þessari gr., og flytur hv. þm. Borgf. brtt. um það, en eins og ég hefi tekið fram, ætla ég ekki að víkja að hans till. fyrr en hann hefir sjálfur gert grein fyrir þeim.

Tvær brtt. höfum við gert við 3. málsgr. þessarar sömu gr. Þar er svo tiltekið, að ekki megi veiða göngusilung nema á tímabilinu frá 1. apríl til 13. sept. ár hvert. Þetta þótti n. of strangt, að banna algerlega veiði eftir 15. sept. Hún álítur, að ef þessu væri framfylgt, mundi það stórmikið rýra nytjar ýmsra jarða af göngusilungsveiði. Við leggjum því til í b-lið brtt. við 16. gr., að bætt sé aftan við 3. lið gr.: Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet". Lagnetaveiðin mun vera sú veiðiaðferð, sem minna tjóni veldur heldur en ádráttur og aðrar þvílíkar aðferðir. Sjáum við ekki ástæðu til að setja fast takmark um, hvað langt fram eftir haustinu megi veita leyfi til hennar.

Þá er brtt. við 17. gr., þess efnis, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að lax skuli friðaður fyrir allri annari veiði en stangarveiði 60 klst. á viku hverri, þá leggur meiri hl. n. til, að þessi friðunartími sé færður niður í 48 stundir. Um þetta atriði er n. ekki sammála, og fer ég ekki frekar út í það að sinni, hvað milli ber.

Önnur dálítil efnisbreyt. er við þessa sömu gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að ádrátt megi aldrei hafa á milli kl. 12 á miðnætti og kl. 12 á hádegi. N. vill breyta þessu þannig, að aldrei megi hafa ádrátt frá kl. 9 árdegis til kl. 9 að kvöldi. Það er álit margra, að ádráttur sé skaðlegri að nóttu til heldur en að deginum. Það hefir og verið forn venja að hafa ekki ádrátt að næturlagi, og sér n. ekki ástæðu til, að það sé verið að breyta til í því efni.

Þá er 11. brtt., við 21. gr. frv. Er hún aðeins til samræmis við þá breyt., sem n. leggur til, að gerð sé á 16. gr., og þarf ég ekki að ræða frekar um það.

Þá hefir n. gert brtt. við 25. gr., þar sem lagt er til, að 3. tölul. gr. falli niður. Þar er svo ákveðið, að lagnir, sem ekki hafa verið notaðar síðasta veiðitíma áður en lögin öðlast gildi, megi ekki taka til notkunar aftur nema veiðimálastjóri leyfi. N. sér ekki ástæðu til að leggja þetta bann á, að menn þurfi að sækja um leyfi til veiðimálastjóra til að nota veiði, þó að hún hafi ekki verið hagnýtt undanfarið ár.

Þá er ekki um brtt. að ræða fyrr en við 48. gr., sem er 13. brtt. á sama þskj. Þar ræðir um, hvernig jafna skuli niður kostnaði við starfsemi fiskiræktarfélaga. Er gert ráð fyrir í frv., að aðallega verði honum jafnað niður eftir áætluðu veiðimagni þeirra jarða, sem þátt taka í félagsskapnum. Þó er þar heimilað að jafna allt að ¼ hluta kostnaðarins niður eftir landverði viðkomandi jarða eftir fasteignamati. Það álítur n. alls ekki réttlátt, því að það gæti orðið til þess, að einstökum jörðum yrði íþyngt meira en tilsvarandi er við þau not, sem þær hafa af starfsemi félagsins. N. álítur það einu réttu og sjálfsögðu leiðina að jafna kostnaðinum niður eftir áætluðu verði þeirra hlunninda, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru. Samkv. því leggur hún til, að sú málsgr., sem fjallar um heimild til að jafna niður hluta af kostnaðinum eftir landverði viðkomandi jarða, sé felld burt.

14. brtt., sem er við 58. gr., er aðeins leiðrétting á tilvitnun, og er því ekkert um hana að segja.

15. brtt., við 59. gr., er einnig smávægileg. Þar ræðir um, hvernig boðað skuli til félagsstofnunar, þegar veiðifélög á að mynda. Er gert ráð fyrir, að þá séu boðaðir á fund ábúendur allra þeirra jarða á fyrirhuguðu félagssvæði, sem veiði er stunduð á eða hefir verið stunduð um undanfarin 10 ár. N. sér enga ástæðu til að miða við það, að veiði hafi verið stunduð á undanförnum 10 árum, og leggur því til, að orðin „þar sem veiði... 10 ár“ falli burt.

16. brtt. er aðeins leiðrétting á prentvillu.

17. brtt. er við 64. gr., og er það aðeins orðabreyting. N. virðist 2. og 3. liður gr. óskýrt orðaðir og leggur til, að þeir séu orðaðir eins og 17. brtt. segir til um. Ég held, að þar sé um engan efnismun að ræða, heldur finnst okkur hugsunin koma skýrar fram heldur en með orðalagi frv.

Þá er 18. brtt., sem er við 73. gr. Þar er rætt um bætur til þeirra, sem misst hafa selveiðinytjar vegna þess, að samkv. frv. er leyfilegt að styggja og eyða sel, þar sem hann kemur í veiðivötn eða ósa þeirra.

Samkv. frvgr. á ríkissjóður að greiða þessar bætur til þeirra, sem búa á jörðum, sem eru í eigu ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, en annars eiga eigendur lax- og göngusilungsveiði í viðkomandi fiskihverfi að greiða þær, þeir, sem látið hafa styggja selinn til að auka veiði sína. Okkur virðist réttast að láta það sama gilda um greiðslu þessara bóta, hvort sem jarðirnar eru í eigu einstaklinga, ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, að bæturnar séu greiddar af þeim, sem fá aukna laxveiði vegna útrýmingar selsins, og leggjum því til, að 3. tölul. gr. falli burt.

19. brtt. er aðeins orðabreyt., en ekki efnis.

Í 20. brtt. eru bráðabirgðaákvæði, sem snerta 11. og 12. kafla frv. Þar ræðir um þau útgjöld, sem ríkissjóður á að taka á sig vegna framkvæmdar þessara laga, sem eru ekki svo lítil. Það er ætlazt til, að fiskiræktarfélögin og fiskiræktin sé styrkt á svipaðan hátt og jarðræktin samkv. jarðræktarlögunum nú. N. lítur svo á, að ekki sé um það að ræða, eins og nú horfir um hag ríkissjóðs, að leggja megi á hann auknar kvaðir samkv. þessu frv. þegar í byrjun. Við leggjum því til, að bætt verði nýjum kafla aftan við frv. með bráðabirgðaákvæðum um það, að fyrst og fremst komi ákvæði 12. kafla um styrk til fiskiræktarfélaga ekki til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þess í fjárl., og í öðru lagi, að framkvæmd 11. kafla frv., sem ræðir um stjórn og eftirlit veiðimála, sé slegið á frest fyrst um sinn, en að sá maður, sem haft hefir á hendi eftirlit með laxa- og silungaklaki í landinu, taki við störfum þeim, sem veiðimálastjóra og veiðimálanefnd er ætlað að gegna í framtíðinni eftir frv.

Á þann hátt eiga lögin ekki að baka ríkissjóði aukin útgjöld fyrst um sinn.

Ég hefi þá í stuttu máli gert grein fyrir brtt. n. á þskj. 304, og skal ég svo ekki hafa mál mitt lengra að svo komnu.

Pétur Ottesen: Ég á hér nokkrar brtt. við þetta frv., og er þær að finna á þskj. 338. Ég get lýst því yfir nú þegar, að ég er fullkomlega sammála því, sem hv. frsm. hefir sagt um þær brtt., sem n. flytur sameiginlega við frv. Þær brtt. eru allar

til bóta; með þeim eru sniðnir af frv. að miklu eða öllu leyti ýmsir auðsjáanlegir verksmiðjugallar, sem á því voru. En að mínum dómi er það svo um þetta frv., að þó að þær brtt., sem n. öll hefir komið sér saman um að flytja, séu til mikilla bóta, þá er samt sem áður æðimargt eftir í frv., sem lagfæringar þarf og breytinga. Og ég er þess fullviss, að þótt mínar brtt. væru einnig samþ., þá væri samt margt eftir í frv., sem reynslan mun sýna, þegar til framkvæmdanna kemur, að sjá hefði þurft við og breyta. Það er ekki nema eðlilegt, þar sem laxveiðalöggjöfin er orðin mjög gömul, að fram fari endurskoðun á henni. Þessi löggjöf hefir verið mjög merkileg á sínum tíma og vel til hennar vandað, enda hefir verið að henni búið hátt á fimmta tug ára. Hv. frsm., 1. þm. Skagf., sagði, að laxveiðin hefði mjög gengið úr sér síðustu áratugina og að höfuðmarkmiðið með þessu frv. væri aukin friðun. Það er alveg rétt að því er snertir laxveiði í árósum og ármynnum, að þá er hún ýmist bönnuð alveg eða þá mjög takmörkuð, en þetta er ekki einhlítt til að friða laxinn og vernda viðkomuna, því þótt ádráttarveiðin — sem tvímælalaust er hættulegasta veiðiaðferðin — sé nokkuð takmörkuð uppi í ánum, þá er samt heimild í frv. til ádráttarveiða, sem nota má þannig í hinum vatnsminni bergvatnsám, að þar sé hægt að draga upp nálega hverja bröndu. Það getur því, ætla ég, brugðizt til beggja vona með það, þótt frv. verði samþ., að þá leiði af því sú friðun eða öryggi fyrir viðkomu og aukningu laxveiðinnar, sem ráð er fyrir gert. Það má vel vera, að því sé svo háttað sumstaðar, að laxveiði hafi mjög rýrnað í seinni tíð. Á öðrum stöðum eru mjög áhöld um laxveiðina nú og áður, þegar miðað er við meðalveiði um nokkurt árabil. En reynslan sýnir það, að laxveiðin er mjög misjöfn frá ári til árs. En það er svo með laxveiðarnar og laxagöngurnar eins og með fiskigöngur yfirleitt, að það eru mjög mikil áraskipti að þeim; laxinn gengur misjafnlega mikið upp í árnar. Hann mun háður sama lögmáli og aðrar fisktegundir, að göngur hans og mergð fer eftir því, hvernig tekst til um klakið árlega, en það er aftur bundið ýmsum skilyrðum, eftir því sem fiskifræðingar segja, t. d. hvað fiskinn snertir, hreyfingum sjávarins, hitastigi o. s. frv. Sérstaklega mun margt koma til greina við það, hvernig tekst um laxaklakið, því að miklum og margvíslegum hættum er það undirorpið í ánum.

Fyrsta brtt. af þeim, sem ég flyt hér á þskj. 338, er við 2. gr. frv. Í þeirri gr. er ákveðið, að ekki megi skilja veiðiréttindi frá jörðum, þ. e. a. s., að ekki megi selja veiðirétt eða leigja hann öðrum en þeim, sem á jörðinni býr, með einni undantekningu, sem þó er háð samþykki veiðimálastjóra, veiðimálan. og ráðherra. Þessir þrír aðilar mega nefnilega samkv. frvgr. veita leyfi til að leigja rétt til stangarveiða tiltekið tímabil, allt að 10 árum. Mér finnst það hljóti að vera svo, þegar um er að ræða laxveiði, eins og önnur jarðarafnot, að fyrst og fremst beri að líta á það, að sem mest not verði að þeim hlunnindum, vitanlega þó innan þeirra takmarka, sem lög setja á hverjum tíma. Nú er það, eins og kunnugt er, mjög mismunandi, hvað mönnum er sýnt um að hagnýta hin ýmsu náttúrugæði bæði til lands og sjávar, og á það ekki sízt við um veiði í ám og vötnum. Sumum er mjög sýnt um slíka hluti, en aðrir virðast litla hæfileika hafa til þess að færa sér slík hlunnindi í nyt. Það er því engan veginn víst, að sá, sem á veiðijörð býr í hvert skipti, sé hinn líklegasti til þess að hafa mikið upp úr veiðinni, sjálfum sér og um leið þjóðinni í heild til hagsbóta, heldur getur það verið mikið hagkvæmara, að öðrum sé falið að fara með þessi hlunnindi jarðarinnar. Virðist mér varhugavert að setja slíkar hömlur sem þessar og einskorða þetta við handleiðslu þess manns, sem á jörðinni býr í hvert skipti, eða einskorða þetta eins og gert er í frv.

Þá hefi ég og lagt til, að gerð verði lítil orðabreyt. á 2. gr., að 1. málsgr. orðist svo: Landeigandi hefir einn umráð veiði í vötnum í landi sínu. Er þetta eðlilegra orðalag en það, sem í frv stendur.

Þá hefi ég lagt til, að 3. gr. falli niður. Viðurkenni ég, að brtt. landbn. við þá gr. sé til bóta, því að gr. er óframbærileg eins og hún er í frv. Eru þar lagðar ósæmilegar kvaðir á báða aðila. Held ég, að það stappi svo nærri stjskr., að ómögulegt sé að samþ. En með till. land-

bn. er a. m. k. að nokkru leyti siglt framhjá því stjórnarskrárbroti. Ég verð að líta svo á, sem frjálst samkomulag eigi að vera undirstaða samninga milli aðila um það, hvernig æskilegast væri, að eignarrétti þessara veiðivatna væri háttað, og væri æskilegast, að eignarrétturinn hyrfi aftur undir þær jarðir, sem áður hafa haft hann. Stendur ekkert fyrir því af hálfu þeirra laga, sem nú eru, að slíkt samkomulag gæti orðið. — Fer ég svo ekki fleiri orðum um þessar brtt. mínar.

Þá vil ég minnast á 6. gr. þessa frv., sem n. hefir gert brtt. við og hv. frsm. gert grein fyrir. Bendi ég á þessa gr. sem dæmi þess, hve margt er vanhugsað í frv. og flausturslegt. Stendur í 6. gr., að undir öllum kringumstæðum eigi þeir, sem land eiga að veiðivatni, veiði út frá sínu landi, en megi jafnframt draga vað að landi hins. Nú er það alkunnugt, að sérstakar jarðir eigi veiði á ákveðnum svæðum í ám, t. d. alla veiði í ákveðnum hyljum eða fljótum. Í flestum tilfellum mun þetta þannig til komið, að kirkjur hafa eignazt þessi réttindi sem gjöf frá mönnum á dánardægri. Efast ég ekki um, að þeir menn, sem setið hafa yfir samningu þessa frv. og kynnt sér gögn málsins, hljóti að vita, að einstakar jarðir eiga ákveðin veiðisvæði í ám og vötnum. Býst ég ekki við, að þeir ætli að afnema algerlega þann rétt, en eins og gr. er orðuð, er það því líkast, því að þar stendur, að hver maður eigi skilyrðislausan og ótvíræðan veiðirétt út frá sínu landi. Nú hefir n. séð, hvað þetta rekur sig skýlaust á eignarréttinn, og hefir hún því, til þess að gera það samrímanlegra, skotið inn í orðunum: „enda eigi landeigandi veiði í vatninu“. Sýnir þetta, hversu margt er þarna vanhugsað og flausturslegt, því að vitanlega er ekki hægt að upphefja skýlausan rétt, sem til er í þessu efni.

Þá kem ég að brtt. við 16. gr. Með ákvæðunum í 16. gr. er gerð sú höfuðbreyt. frá því, sem nú er, að því er slegið föstu með lögum, að á sama degi skuli byrja veiði hvar sem er á landinu, og á sama degi hætta. N. gefur þarna með till. sínum að vísu ofurlítið svigrúm, en svo lítið, að segja má, að þessu sé slegið föstu fyrir allt landið. Nú hafa þeir skýru menn, sem sömdu laxveiðil. frá 1886, miðað sína lagasetningu við það, að laxinn hagar göngu sinni ákaflega misjafnlega á ýmsum stöðum landsins. Þegar þessi lög voru samin, var fylgt þeirri reglu að láta héraðsstjórn hvers staðar ákveða þetta. En með ákvæði frv. um þetta, er gengið í berhögg við þessa sjálfsögðu reglu. Er mér kunnugt um það af viðtali við menn víðsvegar um land, t. d. alþekktan dugnaðarmann á sviði laxaklaks og veiðiskapar, Árna bónda Jónsson á Alviðru í Árnessýslu. Átti hann tal við n. og lagði áherzlu á það, að því ákvæði eldri l. væri haldið, að það væri á valdi héraðsstjórna í hverjum stað, hvenær veiði skuli byrja og hvenær henni skuli hætta.

Ég hefi nú með brtt. mínum við 16. og 17. gr. viljað færa þessi ákvæði frv. í svipað horf og er í gildandi l. Ætla ég, að með því sé málinu bezt borgið og mest trygging fyrir haganlegu fyrirkomulagi í hinum ýmsu héruðum. Í brtt. mínum er ekki gert ráð fyrir því, að veiða megi lax nema 3 mánuði ársins, en í frv. er þetta rýmra; er þar gert ráð fyrir 3½ mánuði, þegar um er að ræða stangaveiði. N. flytur brtt. um það, að veiðitíminn mætti byrja fyrr en frv. gerir ráð fyrir, eða 20. maí, í stað 1. júní. Er þetta miðað við það, að í Hvítá í Borgarfirði er nú byrjað að veiða 20. maí. Getur verið, að svo hagi til víðar á landinu, þótt mér sé það ekki kunnugt. Þó að þetta falli saman við þau ákvæði, sem nú gilda um það, hvenær veiði byrji í þessari tilteknu á, þá er þessi heimild ekki skilyrðislaus, því að það er lagt á vald atvmrh., veiðimálastjóra og veiðimálanefnda að ákveða, hvenær veiði skuli byrja og hvenær hún skuli enda, innan þeirra takmarka, sem sett eru. Geta þessir aðilar því ákveðið t. d., að veiði byrji ½ mánuði síðar en hið setta takmark bendir til, og kæmi það vitanlega hart niður á þeim mönnum, sem veiðirétt eiga í þeim ám, sem nú er heimilað, að veiði byrji 20. maí. Þegar lax gengur snemma — en það er mjög breytilegt, hvað snemma hann gengur —, þá er það sögn kunnugra manna, að laxinn sé allmikið genginn í Hvítá og þær ár, er í hana renna, þegar veiði hefst. Það er því skýrt af því, sem ég nú hefi sagt, að það er ekki tryggt, að menn fái áfram að búa

við heppileg ákvæði í þessu efni, sem þrautreynd eru orðin, þó að brtt. n. yrði samþ. Því flyt ég brtt. mína um það, að það skuli vera áfram á valdi héraðsstjórna, hvenær veiði byrji á hverjum stað og hvenær henni skuli hætt. Ætla ég að varla sé hægt um það að deila, að á þann hátt sé bezt um búið, að láta þá aðila, sem kunnugastir eru, hafa vald til að ákveða þetta.

Þá er í frv. öll silungsveiði í ám bönnuð eftir 15. sept. Gildir sama tímalengd fyrir laxveiði og göngusilungsveiði í ám. Hér er ekki einasta skertur veiðiréttur manna, heldur jafnvel alveg af þeim tekinn sumstaðar, t. d. að því er snertir Hvítá, Grímsá og Norðurá, því að göngusilungsveiði er þar eingöngu um að ræða að haustinu til, og helzt hún venjulega fram í miðjan desember. Held ég, að mörgum muni þykja hart að láta taka af sér þennan möguleika til sjálfsbjargar. Er þessi göngusilungsveiði drjúgur búhnykkur fyrir þá, sem geta notfært sér hana. Við þessu væri ekkert að segja, ef þess væri þörf, til þess að fyrirbyggja of mikla ánauð af laxveiði, en því er ekki fyrir að fara, því að þessi silungsveiði fer fram á öðrum tíma en laxveiðin, og er þá lax að mestu genginn út til sjávar, og þó að eitthvað væri eftir, eru þessi silungsnet svo smáriðin, að lax getur ekki ánetjazt í þeim, enda engin dæmi til þess, að lax hafi veiðzt nokkurntíma í þessi silunganet. Þá segja mér kunnugir menn, að laxaseiðum stafi hætta af göngusilungnum, sem sé mjög gráðugur í þau. Fer að þessu leyti saman álit kunnugra manna þar efra og Englendinga þeirra, er veiði hafa stundað í Grímsá, því að þeir hafa lagt ríkt á við bændur að ganga vel fram í því að veiða silunginn, því að laxveiðinni stæði hætta af honum, sökum þess, hve gráðugur hann sé í laxaseiðin. Ef byggja má á þessu, þá er þarna verið að stuðla að ófriðun á laxi, með því að leggja hömlur á silungsveiðina. N. var ljóst, að hér var of langt gengið, og flytur því brtt., en sá er hængur á, að það er háð samþykki ráðh. og veiðimálastjóra, hvort heimil sé veiði silungs á þeim tíma, sem hann veiðist, svo að ekki er fyrir það girt, að lagður verði steinn í götu manna að færa sér þessa veiði í nyt.

Þá eru brtt. mínar við 17. gr., og eru þær í samræmi við brtt. við 16. gr. og í framhaldi af þeim. Munurinn á brtt. mínum og brtt. n. við þessa gr. er þó ekki ýkjamikill. Ég geri með brtt. minni um þann tíma, sem öll net skulu vera í landi, ráð fyrir 48 stunda friðun, og er ég þar sammála meiri hl. n. um, að það sé ekki rétt að ganga lengra í þessari friðun en það, að lengja þennan tíma úr 36 stundum, sem hann nú er í gildandi lögum, í 48 stundir á viku, en samkv. frv. er öll veiði bönnuð í 60 klst. á viku hverri. Og ég sé nú, að öðrum eða einum af þrem höf. þessa frv. hefir ekki þótt nógu langt gengið í þessu efni, þegar hann samdi frv., því að nú flytur hann brtt. um, að friðunartíminn skuli vera ekki 60, heldur 72 stundir á viku hverri. Ég ætla nú, að menn muni geta fallizt á það, þegar litið er á allar kringumstæður, að ekki sé ástæða til að lengja þessa friðun meira en landbn. leggur til, og ég nú í þessari minni till.

Í sambandi við þetta vil ég benda á, að þar sem um er að ræða stórar ár, eins og um Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá, er það ekki, miðað við breidd ánna, tiltölulega stuttur spotti undan landi, sem heimilt er að leggja lagnetin á, og auk þess mega ekki samkv. ákvæðum frv. vera minna en hundrað metrar milli lagna. Virðist þá, að t. d. Hvítá í Borgarfirði og öðrum slíkum stórvötnum muni vera nógu rúmur gangur fyrir laxinn til þess að komast leiðar sinnar upp árnar, þar sem svo langt er á milli lagna, svo að það sé ekki ástæða til að ganga lengra í þessum takmörkunum en að banna alla veiði 2 daga í viku, eða 48 klukkustundir. Enda er með því friðunin aukin um ⅓ frá því, sem er í gildandi lögum.

Ég vil ennfremur benda á það í þessu sambandi, og í sambandi við þýðingu, og þá sérstaklega hið fjárhagslega gildi laxveiðanna, að sá lax, sem veiðist neðarlega í ám og snemma á veiðitímanum, er miklu verðmætari vara heldur en sá lax, sem veiðist ofarlega í ám og seint á veiðitímanum, því að það er ekki einungis svo, að sá lax, sem veiðist seint, sé engin vara á erlendum markaði — en þar er mikið af laxinum selt —, heldur er beinlínis bannað þar að selja þann lax, sem farinn

er að dökkna við það að liggja lengi í ánum, þar sem hann fær litla fæðu og megrast því tiltölulega fljótt.

N. var öll sammála um að breyta ákvæði frv. um þann tíma, sem ádráttur mætti fara fram á á hverjum sólarhring. Það virðist nokkuð með undarlegum hætti, að mþn. eða höf. þessa frv. skyldi gera breyt. á þessu frá því, sem er í gildandi l., í þessa átt, þó það sé alviðurkennt af öllum, sem vit hafa á þeim hlutum, að það stafi mest hætta af ádráttarveiðunum einmitt þegar farið er að dimma af nóttu. Fyrir laxinn og silunginn er mest hættan af því að draga á í hyljum, þar sem hann safnast saman, þegar dimma tekur af nóttu. Mér þótti því undarlega við bregða, og mörgum öðrum, sem talað hafa um það við mig, þegar ég sá, að nú átti að leyfa að draga á til miðnættis, í stað náttmála, sem nú er, og sem er það síðasta, sem leyfa má ádrátt fram eftir kvöldi. Það er því mjög undarlegt, að mþn. skuli hafa farið að breyta þessu og færa einmitt leyfið yfir á þann tíma, sem laxinum og silunginum stafar mesta hætta af ádrættinum. Mér hefir verið sagt það af mönnum, sem mikinn kunnugleika hafa á því, hvernig laxinn hagar sér í ánum, að á daginn haldi hann sig mest á grynningunum, í straumnum og í brotum, en dregur sig svo aftur ofan í hyljina, þegar fer að dimma og safnast þar saman í torfur. Með þessu ákvæði er vitanlega stórum aukin sú hætta, sem laxinum stafar af ádráttarveiðinni.

Þetta eru nm. allir sammála um að færa til betri vegar og í það skynsamlega horf, sem það nú er í, í gildandi lögum.

Í raun og veru er á brtt. minni og n. ekki mikill munur að öðru leyti en því, að miðað við ákvæði 16. gr. frv., um það, hvernig hagað skuli ákvörðun um það, hvenær veiðitíminn skuli byrja og enda, innan þess tíma, sem þar er til tekinn, þá geri ég ráð fyrir, að þetta sé lagt í vald héraðsstjórnanna á hverjum stað.

Ég vil benda á það, að ég geri ráð fyrir, að það megi draga á 5 daga í hverri viku, en nú má samkv. gildandi l. draga á alla virka daga. Í frv. er gert ráð fyrir, að ekki megi draga á nema 4 daga í viku, en þó er ráðh. heimilt að veita undanþágu frá þessu, eftir till. veiðimálastjóra, svo að í þeim tilfellum, þegar um slíkt leyfi væri að ræða, er enginn munur á minni brtt. og frv.

Næst hefi ég þá leyft mér að koma með brtt. við 28. gr. Það er nú svo í þessu frv., að möskvastærð þeirra netja, sem nota má til laxveiði, er minnkuð frá því, sem hún er í núgildandi l. Í núgildandi l. er svo ákveðið, að möskvar megi eigi vera minni ummáls en 9 þumlungar að gömlu máli, en það mun jafngilda liðugum 23 cm. En samkv. ákvæðum frv. má möskvastærðin ekki vera minni en 4½ cm. leggurinn, en með þessu ákvæði er möskvastærðin minnkuð allmikið, þegar hún er miðuð við eldri ákvæði um þetta. Ef reiknað væri með sama hætti og í frv. er gert, er möskvaleggurinn samkv. núgildandi ákvæðum 5—6 cm., nákvæmlega reiknað 5½ cm. eða kannske rúmlega það. Ég sé nú ekki, af hvaða ástæðu það er gert, að minnka möskvastærðina; ég hélt, að það væri frekar til óhagræðis og spillis fyrir veiðarnar heldur en hitt. Vitanlega er mest verðmæti í stóra laxinum og því ávinningur að veiða ekki laxinn fyrr en hann hefir náð fullum þroska, og er þá nær sanni, að ég ætla, að halda þeirri möskvastærð, sem nú er, því að hún mun vera meira miðuð við það, að ekki beri að leggja gildrur fyrir smálax, heldur bíða eftir að hann taki fullum þroska. Það er sagt um laxinn, að hann sé hagspakur og sæki upp í þær ár, sem hann er uppalinn í. Virðist mér því, að þetta stefni hjá n. til þess, sem miður sé, sem sé til þess að draga úr veiði stórlaxa með því að drepa laxinn á ungum aldri. Enda var vanur laxveiðamaður, sem talaði við mig um þetta, og enda fleiri mjög hneykslaðir yfir þessu ákvæði og töldu hiklaust, að það færi í þá áttina, sem miður er. Og ég sé, að Halldór Vilhjálmsson á Hvanneyri og Sigurður Fjeldsted hafa skrifað Alþingi um þetta mál og vekja athygli þess á þessu ákvæði, sem þeir telja fara alveg í öfuga átt, og leggja þeir mjög á móti, að það verði lögleitt. Þeir álíta, að vel gæti komið til mála að stækka riðilinn, en alls ekki að minnka hann. Og í viðtali, sem ég átti við Halldór á Hvanneyri í dag, sagði hann mér, að hann hefði kynnt sér norska löggjöf um þetta efni, og segir, að í nýjustu norskri löggjöf um

þetta efni, frá 1930, sé gengið út frá sömu möskvastærð og er hjá okkur nú í gildandi lögum. Ég hefi því borið fram brtt. við þær 3 gr. frv., sem þetta er tekið fram í, að það skuli vera sömu ákvæði um þetta áfram og eru í núgildandi l., nefnilega, að ummál möskvanna verði 23 cm., en það samgildir sem allra næst 9 þumlungum eftir gamla málinu.

Þá hefi ég borið fram við 29. gr. brtt. um, að 4. málsgr. falli niður. Þar er svo ákveðið, að eigi megi hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra. Mér er kunnugt um, að með þessu ákvæði er algerlega tekinn laxveiðirétturinn af sumum jörðum, sem nú hafa mjög mikil laxveiðaafnot, og að þau verðmæti þessara jarða hverfa, sem byggjast á þessum laxveiðum og metin hafa verið til dýrleika ásamt jörðunum og tekið tillit til þessa verðgildis við kaup og sölu á þeim. Hér er því gengið mjög freklega til verks í því að skerða viðurkenndan eignarrétt manna, eins og reyndar á fleiri sviðum í þessu frv. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram brtt. um, að þetta ákvæði falli niður.

Í öðru lagi hefi ég flutt brtt. við sömu gr. um, að þar sem ákveðið er í 2. og 3. málsgr., að eigi megi draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár í senn og að fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fiskjar, megi eigi nota við ádrátt í ám, þá geti ráðh., eftir till. veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, og ætla ég, að þessi ákvæði geti eigi síður heyrt undir undanþáguákvæði frv. en ýmislegt annað samkv. ýmsum gr. þessa frv.

Þá er það brtt. við 31. gr. frv., og er það síðasta brtt., sem ég flyt að þessu sinni við frv. Þar er svo ákveðið í 2. mgr. 31. gr., að ekki megi vera skemmra en 100 metrar á milli lagna. Nú er það svo, að það hagar mjög misjafnlega til um það á hinum ýmsu stöðum, hvort hægt er að koma við slíkum lögnum. Nú getur það verið, að svo hagi til, að mjög langt sé á milli lagna, að það sé ekki hægt með kleifum kostnaði að koma lögn við þar, sem hún má vera, en að aftur á móti sé á öðrum stöðum hægt að koma mörgum lögnum við á stuttu bili. Getur þetta 100 metra haf því orðið til þess að eyðileggja lagnir, sem nú eru notaðar, án þess að hægt sé að koma við öðrum lögnum með því millibili, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Því hefi ég lagt til, að ráðh. geti, að fengnum till. veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Nú er í gildandi lögum svo ákveðið, að á milli lagna séu 30 faðmar, svo að munurinn er allverulegur. Ég legg því til, að þetta verði eitt af undanþáguskilyrðum frv., því mér skilst, að það sé varla rétt að láta þetta ákvæði gilda skilyrðislaust.

Ég hefi þá rakið þær brtt., sem ég á við þetta frv., og get ég því látið hér staðar numið um það, en ég vænti, að allir hv. dm. sjái, að með þeim er málið fært inn á betra, eðlilegra og heppilegra svið, sérstaklega 16. og 17. gr. frv., og að þeir því geti orðið mér sammála um að samþ. þessar brtt. mínar. Enda er það svo, að þær ganga að engu leyti í áttina til að draga úr öryggi frv., heldur til þess að samræma eins og hægt er einstakar kringumstæður við ákvæði frv. yfirleitt.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. En fyrirvari minn miðast við það, eins og brtt. mínar sýna, að ég tel ekki að með brtt. n., þótt þær séu allar til bóta yfirleitt, sé komið á nauðsynlegri lagfæringu á frv. Og ég geng þess heldur ekki dulinn, að þótt brtt. mínar verði samþ., þá komi síðar ýmislegt fram, sem reynslan sýnir, að betur fari á annan veg. Og þá er það Alþingis síðar að verða við þeirri nauðsyn, sem menn sjá á því að breyta l. og gera á þeim þær bætur, sem ákjósanlegar eru, og reynslan sýnir, að rétt er og nauðsynlegt að gera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla, að af einstökum lagabálkum sé þetta mjög svo myndarlega frv. um lax- og silungsveiði ýtarlegasta lagafrv., sem liggur fyrir þessu þingi. Það er mjög ánægjulegt að fá nú myndarlega nútímalöggjöf um þessi mál, og það er ekki vafamál, að það er mjög aðkallandi nauðsyn, og er líklegt til að verða til meiri nytja fyrir þetta fólk, sem lönd á að veiðivötnum, en ýmislegt annað, sem gert hefir verið. Þess vegna hefi ég horfið að því ráði, að endurskoða löggjöfina um þetta efni, og í samráði við Búnaðarfélag Íslands að láta undirbúa nútímalöggjöf um

lax- og silungsveiðar. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að þessi undirbúningur hafi tekizt mjög vel og að það hafi verið vandað mjög mikið til hans, og að þeir menn, sem þennan undirbúning höfðu á hendi, hafi innt af hendi mikið og gott starf, en það voru þeir Ólafur prófessor Lárusson, Pálmi rektor og fiskifræðingur Hannesson og svo einn þm., sem nú er hæstv. forseti þessarar d., og var hann formaður nefndarinnar.

Ég hefi allmjög kynnt mér þetta frv., og það er mitt álit, og ég er viss um, að fleiri líta svo á, að það sé mjög myndarlegur grundvöllur til að byggja á löggjöf um þetta mál. Hinsvegar er ég í engum vafa um það, að frv. er ekki gallalaust, fremur en önnur mannanna verk, og það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þegar á að fara að framkvæma svo stóran lagabálk sem þennan í einstökum atriðum, þá kemur reynslan og bendir á ýmislegt, sem fyrst framkvæmdarvaldið og þar næst löggjafarvaldið verður að gera umbætur á. En út af ummælum hv. þm. Borgf., sem hann hafði um frv. í sambandi við ákvæðið í 6. gr., að það væri mjög flausturslegt verk, vil ég segja það, að ég tel það mjög ofmælt, þótt svo kynni að vera, að það færi betur á að orða þetta eitthvað öðruvísi, t. d. á þann hátt, sem hv. landbn. hefir orðið ásátt um að leggja til, þá nær það ekki neinni átt að kveða upp slíkan almennan dóm út frá einu atriði. Við hliðina á því, hvað þessi lagabálkur er myndarlegur í heild sinni, verður þetta algert aukaatriði.

Nú hefir n. skilað þessu frv. frá sér, og að baki till. hennar liggur mikil vinna, þó nokkuð hafi hún sjálfsagt getað stuðzt við það, sem gert var í fyrra, þegar þetta frv. þá lá fyrir n. Ég fagna því, að n. hefir orðið sammála um að leggja það til, að lögin fái nú afgreiðslu frá þinginu. Hinsvegar hefir orðið nokkur ágreiningur um einstök atriði innan n., en ég vona, að við meðferð hv. d. á frv. verði þessi ágreiningur ekki svo ríkur, að n. geti ekki haldið áfram að sameinast um málið í heild sinni, svo að frv. geti nú fengið afgreiðslu. Annars skal ég ekki gera að umtalsefni einstakar brtt., því þó þær séu margar, er ekki í raun og veru um svo stóran ágreining að ræða. En ég vil þó sérstaklega geta þess viðvíkjandi bráðabirgðaákvæðinu, að vegna þeirra erfiðu kringumstæðna, sem nú eru, mun stj. ekki sjá sér fært að leggja nú þegar í þann kostnað, sem frv. gerir ráð fyrir, heldur leggur áherzlu á, að því sé frestað, þangað til eitthvað hefir batnað í ári. En þangað til mun stj. reyna að komast af með ódýrari rekstur á þessum málum, með því að fá aðstoð manns frá Búnaðarfélaginu og Fiskifélaginu til að annast þau störf, sem veiðimálastjóra eru ætluð, að svo miklu leyti sem þau verða að koma til framkvæmda strax.

Það er annars gott, að einn maður úr mþn., sem sé hæstv. forseti, er hér til að taka þátt í umr. um þetta mál, því hann er, vegna starfs síns í n. og þátttöku í undirbúningi málsins, því miklu kunnugri en ég eða nokkur annar hv. þm. Þess vegna mun ég bíða með, þar til ég hefi heyrt, hvað hann segir, að taka afstöðu til einstakra till.

Ég vil þó víkja að 2 atriðum, sem hv. þm. Borgf. minntist á. Hann er nú reyndar ekki staddur í d., en það gerir ekkert til, því það eru ekki ádeiluatriði.

Hv. þm. Borgf. var að draga í efa, að það væri nokkuð, sem ræki á eftir að fá löggjöf um þetta efni, og sagði, að það væri ekki sjáanlegt, að lax eða silungur gengi neitt til þurrðar. Ég skal ekki fara út í það. En ég ætla, að á síðustu áratugum, og þó sérstaklega — ef ég mætti skjóta því hér inn — ef lengra er farið aftur í tímann, til þess rits, sem merkilegastar upplýsingar hefir að geyma um þetta mál og sem mjög gaman er að lesa — og á ég þar við jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hún segir glöggglega frá ýmsu um þetta efni. Ég hefi kynnt mér það allt mjög rækilega, einmitt um þetta hérað, hérað hv. þm. Borgf., Borgarfjörðinn, og það er mjög merkilegt að lesa það, sem þeir þar segja, Árni Magnússon og Páll Vídalín, um það, hvernig hagaði til um þessi mál fyrir 200 árum síðan. Þá var ekki byrjuð laxveiði á þeim slóðum, þar sem aðalveiðin er nú. En þá var laxveiði til stórmikils gagns á mörgum efri jörðunum, svo sem Lundi og Reykholti og fleiri jörðum, þar sem nú er ekki laxveiði svo teljandi sé. En með skynsamlegri löggjöf mætti tak-

ast að auka mikið laxveiðina, bæði þar, sem hún er mest nú, og líka uppi í héruðunum, þar sem veiðin hefir minnkað.

Að síðustu vil ég segja nokkur orð út af orðum hv. þm. Borgf. Hann vildi álíta, að það þýddi alveg sitthvað, „að fengnum tillögum veiðimálastjóra“ og „eftir tillögum veiðimálastjóra“. Ég hygg, að af flestum stj. hafi verið litið svo á, að þetta hvorttveggja þýddi alveg það sama. Ég hefi minnzt á þetta við fyrrv. ráðh., hv. 2. þm. Reykv., og hann sagði, að stj. bæði á undan honum og eftir, hefðu verið þessarar skoðunar. Ég verð því að álíta, að þær ályktanir, sem hv. þm. Borgf. dró af þessu „eftir tillögum“ séu ekki réttar. (**PO**: Ekki leit hæstv. stj. svo á 1929). Þetta mun þó í flestum tilfellum hafa verið framkvæmt eins og ég hefi nú sagt, og það geta menn líka sannfærzt um með því að tala við hv. 2. þm. Reykv.

Ég vil mjög eindregið óska þess, að frv. geti nú fengið endanlega afgreiðslu og að full vandvirkni verði viðhöfð við afgreiðslu þess.

Jónas Þorbergsson: Það er aðallega tvennt, sem mig langar til að vekja athygli hv. þdm. á í sambandi við þetta mál.

Í fyrsta lagi eru það brtt. hv. þm. Borgf., sem hann hefir borið fram á þskj. 338, sem ég vil gera aths. við, og þá sérstaklega þá till., þar sem hann leggur til, að felld séu niður þau ákvæði 2. gr., að veiðirétt megi eigi skilja frá jörðum. Ég álít mjög varhugavert að samþ. þessa brtt. Það er alkunnugt, að sá háttur er farinn að tíðkast, að einstakir menn, sem eiga ráð á miklum fjármunum og hafa tíma til að skemmta sér, hafa tekið veiðirétt í ýmsum ám á leigu um lengri eða skemmri tíma, og jafnvel svo tugum ára skiptir. Þeir hafa svo byggt sér lystihús við þessi veiðivötn og stundað þar stangarveiði sér til skemmtunar.

Afleiðingarnar af þessu hafa svo orðið þær, að veiðivötn þessi eru algerlega vanrækt. Þarna geta ekki myndast veiðifélög, meðan svona er háttað, þar verður ekkert klak og ekkert gert fyrir ána. Þar með er loku skotið fyrir það, að veiðin geti orðið til nytja þeim jörðum, sem að ánum liggja. Það hefir vitaskuld verið freistandi fyrir menn, áður en skilningur á nytsemi þessarar veiði var vaknaður, að ganga að þeim boðum, sem þessir menn buðu til að fá umráð yfir veiðinni sér til skemmtunar. Þetta fór mjög í bága við þá almennu þjóðarhagsmuni, sem eiga að geta leitt af skynsamlegri meðferð þessa veiðiskapar, og það fer einnig mjög í bága við þann aðaltilgang, sem er á bak við þessa merkilegu löggjöf, sem hér á að setja, því að meginstefna þessa frv. er sú, að því er mér skilst, að gera veiðivötnin sem allrahagnýtust fyrir alla þá, sem jarðir eiga þar að. Ég vil því mjög alvarlega vara menn við þessari till. hv. þm. Borgf. Ef hún yrði samþ., þá yrði það til þess að viðhalda þessum skaðlega ósið, sem kominn er á í meðferð veiðivatna.

Þá er annað atriði, sem ég vil aðeins minnast á. Í 30. gr. 2. málsl. segir, að girðingar megi aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei megi girða yfir aðalstraumlínu ár. Með þessari málsgr. á að slá því alveg föstu í lögum, að aldrei megi girða yfir aðalstraumlínu ár og aldrei yfir meira en ⅓ hluta af breidd ár, hvernig sem á stendur. En nú er það svo, að von um veiði er mest um aðalstraumlínu ár, og venjulega hagar svo til, að aðalstraumlína er í miðri á. Nú skilst mér, að eftir þessu frv. sé mönnum fyrirmunað undir svona kringumstæðum að leggja lengra en út í ⅓ árinnar frá hvoru landi, en miðja árinnar og þá aðalstraumlínan skuli vera fyrir utan takmörk veiðivélanna. Að vísu er gert ráð fyrir í 68. gr., að frá þessu megi veita undanþágu þar, sem veiðifélag er starfandi við ár, en samt sem áður álít ég varhugavert að láta þetta ákvæði vera í frv., vegna þess að svo getur hagað til, að ekki sé hægt að mynda veiðifélag við ána, eða getur a. m. k. orðið langur dráttur á stofnun slíks veiðifélags. Þetta ákvæði yrði óeðlilegar hömlur á afnotarétti manna af veiðivötnunum, því að með því að samþ. það er mönnum bannað að hafa veiðivélar sínar þar, sem helzt eru líkur til, að eitthvað veiðist.

Ég vil því skjóta því til hv. landbn., hvort hún vilji ekki taka þetta atriði til vinsamlegrar athugunar. Ég er fús til samvinnu við hana um þetta og vona, að

hún vilji styðja eða þá bera fram brtt., þar sem svo sé ákveðið, að girðingar megi aldrei ná lengra en í miðja aðalstraumlínu ár.

Jörundur Brynjólfsson [óyfirl.]: Ég ætla, að það hafi verið á Alþingi 1930, sem þetta frv., eða frv. sama efnis, var fyrst flutt. Það kom seint fram á þinginu og vannst ekki tími til að sinna því að verulegu leyti. Svo var það borið fram aftur á vetrarþinginu 1931, ásamt nokkrum viðaukum og breytingum, og nú er það enn lagt hér fram á ný, og eru ýmsar af þeim brtt., sem fram komu við frv. frá landbn. Nd. á vetrarþinginu 1931, færðar inn í frv. Hv. frsm. landbn. hefir nú vikið að málinu almennt og þýðingu þess, hversu mikið það varðar þjóðfélagið og þá, sem beinlínis njóta þess, hvernig löggjöfin um þetta efni er úr garði gerð. Ég fjölyrði svo ekki meira um það, en vil með nokkrum orðum víkja að þeim brtt., sem fram hafa komið við frv., fyrst af hálfu landbn. og síðar að brtt. hv. þm. Borgf., og þá að ræðu hans í sambandi við þær. Ég ætla ekki að víkja að þeim brtt. landbn., sem eru minni háttar, heldur aðeins að þeim, sem ég tel varhugaverðar og stefna í skakka átt. Ég vil ekki eyða tíma til að ræða um hinar, sakir þess að þær skipta minna máli og það yrði of langt mál að rekja þær.

Brtt. n. við 13. gr. frv. lýtur að því, að í stað þess, að í frv. er ætlazt til, að sú laxveiði í sjó verði leyfileg framvegis, sem metin hefir verið til fasteignamats 1. apríl 1922, þá er í brtt. gert ráð fyrir að leyfa þá laxveiði í sjó, sem metin hefir verið til fasteignaverðs 1. apríl 1932. Um þetta atriði, laxveiði í sjó, er það að segja, að sanngjarnt þótti að heimila framvegis þá veiði, sem metin hafði verið til fasteignaverðs í matinu frá 1922, en nú vill n. framlengja þessa ívilnun eða viðurkenningu til 1. apríl 1932. Ég skal nú ekkert fullyrða um, hvort laxveiði í sjó hefir verið tekin upp á nýjum stöðum síðastl. 10 ár, eða eftir 1. apríl 1922. En hitt er kunnugt, að raddir hafa komið fram um það á Alþingi að banna laxveiði í sjó, og þess vegna hygg ég, að menn hafi ekki tekið hana upp á síðari árum. Ég hefi ekki spurzt fyrir um það, hvort þessi sjávarveiði hafi verið metin á ný til hlunninda í hinu nýja fasteignamati, en ég held, að það hafi ekki verið tekið tillit til hennar umfram það, sem áður var. Samt sem áður held ég, að það sé óheppilegt, allra hluta vegna, að taka þetta ákvæði úr brtt. upp í lögin, en það má segja, að það sé meinlaust, ef þessi sjávarveiði hefir hvergi verið tekin upp, en hafi svo verið, þá er brtt. til hins verra. Því meira sem veitt er af laxi í sjó, því skaðlegra er það fyrir laxveiði í ám og vötnum. Og hreinlegast hefði það verið, að komið hefði fram till. um, að laxveiðiréttur einstaklinga eða einstakra jarða í sjó væri innleystur, jafnvel þó að hið opinbera hefði þurft að hlaupa þar undir bagga og kosta einhverju til þess; veiðiréttirnir getur varla verið metinn svo hátt samkv. fasteignamati. Skoðun mína um skaðsemi af laxveiði í sjó byggi ég á því, sem viðurkennt er hvarvetna um lönd, að hún valdi mestu tjóni og leiði til þess, að laxinn gengur smám saman til þurrðar. Ég get minnt á það, að Norðmenn, Danir og Svíar harma það mjög, að laxveiði í sjó skuli hafa verið heimiluð hjá þeim, og hið sama hefir víða komið fram í Norður-Ameríku, þar sem talið er, að sú veiði hafi mest fækkað laxinum. Þess vegna mæli ég mjög eindregið á móti þessari brtt. landbn. og vænti, að hv. þd. sýni þá varfærni í þessu máli, að hún felli hana.

Þá er brtt. n. við 14. gr., að 2. tölul. orðist svo sem þar segir. Leggur n. til, að gengið sé skemmra en ákveðið er í frv., þannig að ekki skuli sett takmörk fyrir lagningu silungsnetja í árósum eða í nánd við þá. En í frv. er lagt til, að hið sama gildi um þau og ádráttarveiði. Þó að þetta skipti ekki miklu máli, þá tel ég varlegra að ganga ekki lengra en frv. gerir ráð fyrir um heimild til þessarar veiði.

Þá er ein brtt. frá landbn. við 17. gr., um vikufriðunina. Í frv. er gert ráð fyrir 60 klst. vikufriðun á lax- og göngusilungsveiði í ám. Mig rekur minni til, að í grg. frv. hafi ég áskilið mér rétt til þess að flytja brtt. við þetta atriði, þar sem ég taldi n. hafa gengið of skammt um ákvörðun á friðunartímanum. Ég tel ekki gengið nægilega langt með því að ákveða friðunartímann 60 klst., og því síður 48

klst., eins og landbn. leggur til, og byggi ég það álit mitt á erlendri reynslu, sem hefir leitt í ljós, að þessi friðunartími er allt of stuttur, t. d. fyrir vatnsföll í Noregi og Svíþjóð. Sérstaklega hefir þetta komið glöggt fram að því er snertir vatnsföll í Noregi, og þó hefði vikufriðunin þar mátt vera skemmri en hér á landi, af því að árnar eru þar flestar styttri og þola því betur skemmri friðunartíma. Reynsla Norðmanna er sú, að stytzta friðun á viku megi ekki vera skemmri en 72 klst., og auk þess hafa veiðimálastjórnir í einstökum héruðum heimildir til þess að ákveða miklu lengri vikufriðun, allt upp í 5 sólarhringa, sérstaklega þar, sem um er að ræða fastar veiðivélar og önnur föst veiðitæki. — Ég ætla því, að hv. þdm. megi vera það ljóst, að ég gangi ekki of langt í kröfum um vikufriðun, þó að ég flytji brtt. um, að skemmsta friðun skuli vera 72 klst. á viku. Í vötnum og ám í Noregi er nú orðin mjög lítil laxveiði, þar sem hún var áður allmikil, og er því einkum borið við, að orsökin sé fyrst og fremst mikil laxveiði í sjó og of stutt vikufriðun í ám og vötnum. Þess vegna hefir friðunartíminn nú verið lengdur og veiðimálastjórnum einstakra héraða heimilað að lengja vikufriðunina upp í 4—5 sólarhringa, eins og áður er sagt, eftir því hvaða veiðitæki eru notuð. Þar að auki er þessum málum þannig háttað í Noregi, að mikið hefir verið byggt af klakhúsum og laxinum verið haldið við á þann hátt. En þrátt fyrir alla þessa viðleitni, eru sumstaðar þeir annmarkar á, að eigi er hægt að starfrækja klakhúsin, af því að laxveiðin er svo lítil. Milliþinganefndin, sem undirbjó þetta frv., hefir látið það í ljós, að hún hefði kosið að banna laxveiði í sjó, til þess að auka laxgengdina í árnar, en sakir þess, hversu erfitt er að innleysa þau veiðiréttindi á þessum þrengingartímum, þá var frá því horfið. Í Danmörku er þessum málum þannig komið, að sakir þess, hve laxinn hefir lítið verið friðaður þar, þá eru Danir búnir að missa alla von um að geta fjölgað laxinum þannig, að veiðin aukist frá því, sem hún er nú. Ég mun svo ekki fjölyrða um þessa brtt. mína að sinni, en vík e. t. v. nánar að vikufriðuninni síðar í sambandi við svar mitt til hv. þm. Borgf.

Þá kem ég að brtt. landbn. við 73. gr. frv., um það, hvernig fara skuli með bætur fyrir missi selveiðanytja á jörðum. Í 3. lið frvgr. er stungið upp á því, að ábúendur á jörðum ríkis, kirkju eða sveitarfélaga fái greiddar bætur fyrir missi selveiðinytja á ábýlisjörðum sínum við ófriðun selsins, er greiðist úr ríkssjóði, enda falli þær niður við næstu ábúendaskipti á jörðum þessum. Landbn. hefir ekki getað fallizt á þetta og leggur til, að það atriði verði fellt niður úr frv. Hinsvegar ætlar hún laxveiðinotendum að greiða þessar bætur. Það er nú svo, að óvíða eru friðlýst selalátur í árósum, en ef svo fer, sem búast má við, að laxveiðamennirnir greiði ekki þessar bætur, þá tefur það mjög fyrir útrýmingu selsins. Mér þykir leitt, að hv. meiri hl. landbn. skyldi henda sú smámunasemi að vera á móti þessu atriði. Og til allra hv. nm. vil ég segja það, að ég harma, að þeir skuli ekki hafa skilning á því, að slíkt mál sem þetta má ekki velta á lítilfjörlegum stundarhagsmunum; það er miklu meira framtíðarmál en svo. Það er enginn efi á því, að ef lög um lax- og silungsveiði eru skynsamlega sett og skorður reistar við því, að selurinn eyði laxinum, svo sem föng eru á, þá gefa þau landsbúum margar millj. kr. tekjur, þegar fram líða stundir. En hitt er líka jafnvíst, að ef hv. þdm. hafa ekki það glöggan skilning á þessu máli, að þeir láti sér í augum vaxa lítilsháttar útgjöld úr ríkissjóði um stundarsakir til friðunar laxinum í einni af beztu veiðiám landsins, þá dregur það mjög úr áhrifum þessara laga. Þessi á, sem ég á við, er Ölfusá. Þar eru þrjú friðlýst selalátur, sem tilheyra þremur jörðum, og ein þeirra er einstaklingseign; verður því að greiða eiganda hennar bætur fyrir missi selveiðinytja þar. Hinar tvær, Hraun og Arnarbæli í Ölfusi eru kirkjueign, og eftir till. landbn. yrðu laxveiðieigendur einnig að greiða ábúendum þeirra jarða samskonar bætur. Af þessu myndi því leiða töluverðan kostnað fyrir ekki fleiri menn en laxveiði stunda í Ölfusá, og jafnvel tilfinnanlegan. Hvort víðar stendur svipað á, veit ég ekki, en víst er um það, að hverfandi kostnaður væri fyrir ríkissjóð að inna þessa greiðslu af hendi vegna Arnarbælis.

Presturinn þar er orðinn roskinn og má því búast við, að þar verði prestaskipti áður en langt um líður, en þá falla bæturnar niður samkv. frv. Hér er um meira að ræða en fjármunina eina, þar sem er skilningur sá, sem Alþingi á að sýna mönnum í efnum sem þessum. Ég vil því vænta þess, að hv. d. felli brtt. landbn. — Ég ætla, að ég þurfi ekki að taka til athugunar aðrar brtt. landbn. Þær eru allar minni háttar og breyta ekki stefnu frv.

Vík ég þá að ræðu hv. þm. Borgf. og mun minnast á brtt. hans um leið og ég andmæli ræðu hans, en ekki ræða þær sérstaklega. Hv. þm. Borgf. sagði, að landbn. hefði sniðið stærstu agnúana af frv., en taldi þó, að hann hefði með brtt. sínum fært það í enn betra horf. Að því er snertir þær brtt. n., sem eru leiðréttingar á tilvitnunum til greina, get ég tekið undir þetta, en um efnishliðina er ég á öðru máli.

Hv. þm. sagði, að ég hefði gert of mikið úr því, að laxveiðin hefði minnkað, og kvað meðalveiði ekki minni en áður. En ég tel hæpið að byggja á þeim skýrslum. Útbúnaður til laxveiði er allur betri en áður og enginn vafi er á, að með þeim veiðitækjum og fé, sem lagt hefir verið í laxveiðina á síðari árum, hefir verið gengið nær fiskgengdinni en áður var. Enginn vafi er á því, að færri laxar en áður komast fram hjá veiðivélum í árósum. Þótt hv. þm. vilji byggja á tölu laxanna, sannar það lítið. Hitt sannar miklu meira, á hve mörgum jörðum lax er veiddur. En þar hefir breyting á orðið. Og eftir þeirri breytingu að dæma getur þess ekki orðið langt að bíða, að laxinn gangi til þurrðar, eins og reyndin hefir orðið á erlendis. Ég vil lítið eitt drepa á, hvernig háttað hefir verið um veiðina að þessu leyti fyrr og nú. Ég hefi áður hér á þingi gefið skýrslu, þar sem saman var borin laxveiði á jörðum eftir Jarðabók Árna Magnússonar og hagskýrslur um sama efni frá 1928. Vil ég nú tilgreina þessar tölur og ennfremur tölur eftir skýrslum frá 1930, en það eru yngstu skýrslur um þessi efni.

Veiðijarðir voru:

Sýsla:	Eftir Jarðab. Á.M.	1928	1930
Árnessýsla	50	38	30
Mýra- og Borgarfjs. .	90	60	35
Húnavatnssýsla	85	46	37
Skagafjarðarsýsla ..	55	13	6

Þessar tölur sanna miklu meira en tala laxanna, þótt í svipuðu horfi sé og áður. Hv. þm. sagði, að menn hefðu svo mest nota af veiðinni, að þeir veiddu sem mest á hverjum tíma innan ramma laganna. Þetta kann rétt að vera, en þó verður að slá þann varnagla, að séð verði um, að laxinn gangi ekki til þurrðar. Hitt er augnabliks hagnaður, sem getur leitt til hins mesta tjóns.

Hv. þm. Borgf. þótti settar við því of ríkar skorður, að hlunnindi fylgdu jörð og jarðeigandi hefði þeirra nytjar. Hann minntist á 5. tölul. 2. gr., þar sem segir svo: „Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkv. 4. málsgr., og er þá löglegt, að landeigandi jafnframt afsali sér rétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, sem stangarveiðin er við landareignina skilin“. Ég veit ekki, hvort ég skildi hann rétt, en mér heyrðist á honum, að hann teldi, að með þessu væri þeim, sem tekið hafði á á leigu til stangarveiði, gefinn frekari réttur til veiði í ánni. En slíkt er auðvitað fjarstæða, þar sem það yrði undir samningum komið milli leigjanda og veiðieiganda.

Hv. þm. flytur brtt. um, að 3. gr. falli niður, en í henni er svo ákveðið, að þar sem veiðiréttur er skilinn frá landareign, áður en lögin öðluðust gildi, megi eigendur leysa veiðina til sín, hver fyrir sinni landareign, ef meiri hl. þeirra krefst og ráðh. og veiðimálanefnd samþykkir. Hv. þm. kvað illa um þetta búið, enda stríddi það á móti stjórnarskránni. Slíkt er fjarstæða, þar sem hér er ákveðið, að fullt verð komi fyrir og sé eigi gert nema almenningsheill krefji, þ. e. meiri hl. landeigenda óski þessa. Slíkt er í samræmi við ýms önnur lög og samþykktir þingsins og brýtur því alls ekki í bág við stjórnarskrána. Get ég í því efni vitnað í ýmsa fremstu lögfræðinga vora, sem stuðluðu að undirbúningi frv., enda var þetta atriði ýtarlega rætt í nefndinni.

Þá kom hv. þm. Borgf. að 6. gr. Hann tók hana sem dæmi þess, hversu flausturslega n. hefði leyst störf sín af hendi, og vildi kasta þeim steini að n., að greinin væri mælikvarði á hana og störf hennar.

Ég skal nú ekki fara að þrátta við hv. þm. Borgf. um þessi ákvæði. En ég þykist þess fullviss, að hv. þm. hefir ekki kynnt sér þau nógu vel, fremur en 3. gr., til að vera dómbær um þau, og sízt til að geta brigzlað n. fyrir þau. En hann hefði átt að gæta sjálfs sín betur en svo, að hann legði út á þennan hála ís. Hann hefir sett alveg sama ákvæðið í vatnalögin frá 1924. 124. gr. þeirra laga er frá orði til orðs eins og 6. gr. þessa frv. Ég man ekki til, að hv. þm. hafi þá látið eitt orð falla um, að sú grein bryti í bág við lög og rétt. Ef hann hefir séð það, hefir hann a. m. k. brotið þingmannsskyldu sína með því að þegja. En ég ætla nú ekki, að svo hafi verið, heldur hafi hann nú ofmælt.

Ég vil minna hv. þm. á, að hægt er að skírskota til eldri laga um þetta efni en laganna frá 1923. Ákvæði Jónsbókar í landsleigubálki, 56. kap., eru mjög áþekk, og vil ég með leyfi hæstv. forseta, lesa þau upp:

„Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit, nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit; veiti þat engi maðr af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft".

Til frekari glöggvunar vil ég leyfa mér að lesa upp 6. gr. „Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum megin veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.".

Þannig hljóðar gr., og samkv. ákvæðum hennar er alveg ljóst, að ef einhver jörð á veiðirétt frá báðum löndum, en ekki land nema öðru megin ár, koma þessi ákvæði um veiðirétt landeiganda beggja megin ár ekki til greina.

Ákvæði Jónsbókar um þetta efni hljóða svo ennfremur:

„Hvervetna er menn eigu fiskiá saman, þá á hvárr at veiða sem vill, meðan úskipt er ánni, ok draga váðir at hváru landi er þeir vilja, en eigi skal hann öðrum veita. En ef nokkurr þikkiz mishaldinn af, þá beiði hann skiptis á, ok skipti VI grannar þeira; þeir skulu skipta vikum eða smærum, en þeir skulu ráða, ef þá skilr á, er lengrum vilja skipta".

Ég get bætt því við, að ljóst er, að forfeður vorir hafa haft glöggan skilning á þessu sem öðru og gætt þess að setja undir lekann, og betur en nútímamenn, sem breytt hafa árfarvegum, eins og ég mun vikja að síðar. Ég veit jafnvel til, að opinberri eign hefir verið stórspillt á þann hátt. Ég hirði ekki að lesa meira úr Jónsbók, þótt ýmislegt fleira sé í þessum kapitula, sem gaman hefði verið að rifja upp, en læt þetta nægja til að sýna, að ákvæði frv. eru hin sömu að efni til. Frv. vill stefna að því sama og forfeður vorir, að þær landsnytjar, sem hér ræðir um, geti haldizt sem bezt og helzt stóraukizt.

Hv. þm. minntist á veiðitímann og fannst óheppilegt, að hann skyldi ekki vera tilfæranlegur. Á þessu er þó gerð nokkur rýmkun í 2. lið 16. gr., en ekki skoða ég það sem neitt höfuðatriði, að sýslunefndir fjalli um það mál, og finnst, að það ætti fremur að vera á valdi fiskiræktarfélaganna.

Þá sagði hv. þm., að við hefðum lengt veiðitímann úr 3 mánuðum í 3½ mánuð. Í 2. lið 16. gr. stendur þó: „Á tímabili því, er getur í 1. málsgr., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangarveiði, nema 3 mánuði". Þetta er því byggt á misskilningi hjá hv. þm. Um stangarveiðina er ákveðið, að hún megi hefjast 1. júní og verði að enda 15 sept., eftir því hvenær hún byrjar, en megi ekki standa lengur en 3 mánuði. Hefjist veiðin 1. júní, verður hún að hætta í ágústlok.

Hv. þm. sagði, að ákvæði þau, sem áður hefðu verið í lögum um þessi efni, hefðu gefizt vel og því verið óþarft að breyta þeim. Hann kvað veiðitímann vera styttri eftir sinni brtt. en frv. okkar, en það er ekki rétt, eins og ég hefi sýnt fram á. Hitt tel ég vafasamt, að hægt sé að fullyrða, að ástand það, sem verið hefir, hafi gefizt vel. Ég ætla, að víða, einkum við árósa, hafi verið þrengt svo að, að lítil fiskiför hafi orðið ofar í ánum. Held ég því, að ekki sé hægt að skírskota til reynslunnar í þessum efnum, þó að fleira komi raunar til greina en veiðitíminn einn.

Ég get reyndar sagt það, að fleira kemur til greina í þessu sambandi en það eitt, hvenær veiðin byrjar. En ég get ennfremur sagt hv. þm. Borgf. það, að það

er engan veginn þýðingarlítið, að veiði byrji ekki fyrr en fiskigengd er byrjuð. Það er sökum þess, hvernig þessi fiskur verður að haga göngu sinni upp í vatnsföllin. Þegar hann kemur utan af hafinu, þarf hann að nema staðar við árósana og venjast súrefni hins ferska vatns. Hann lætur því flóðið bera sig fram og aftur um árósana áður en hann gengur upp í árnar. Það er því enganveginn tilgangslaust, að veiði byrji ekki mjög snemma. Það eru auðvitað takmörk fyrir því, hve seint hún má byrja, en mikils er um það vert, að veiðinni sé þannig háttað, að laxinn geti án tafar haldið áfram göngu sinni.

Hv. þm. Borgf. minntist þess í þessu sambandi, að þörf væri að gera göngusilungi sömu skil. Gat hann þar um, hve margir þeir yrðu, sem misstu hlunninda af afnotum Hvítár í Borgarfirði og Norðurár, ef þessi ákvæði frv. næðu einnig til hans. Það má vera, að menn missi hlunninda um stundar sakir. Ég skal ekki um það deila. En ég vil benda hv. þm. Borgf. á reynslu annara þjóða í þessu efni. Þegar Norðmenn settu sína laxveiðilöggjöf árið 1848, höfðu þeir ströng ákvæði um göngusilung. Síðar meir, þegar sú löggjöf var endurskoðuð, gáfu þeir eftir á þeim ákvæðum og heimiluðu að veiða silunginn lengur. En hin fyrsta reynsla af þeirri ráðabreytni var sú, að laxgengd og veiðiskapur á göngusilung minnkaði. Nú á seinni tímum hafa þeir mjög hert sína löggjöf þessu viðvíkjandi, og láta eitt yfir báðar þessar tegundir ganga hvað veiðiskap snertir. Ég get einnig bent hv. þm. á laxveiðilöggjöf Englendinga; þeir gera þar engan mun á þessum tegundum.

Hv. þm. Borgf. drap í þessu sambandi á upplýsingar, sem hann hefði fengið hjá Halldóri Vilhjálmssyni, skólastjóra á Hvanneyri og Sigurði Fjeldsted í Ferjukoti. Einnig skírskotaði hann til einhvers Englendings, sem hefði stundað stangarveiði við Grímsá í Borgarfirði, og taldi að göngusilungur væri hinn mesti vágestur fyrir laxaseiðin í ánum. Hvaðan sem slíkar upplýsingar koma, vil ég fullvissa hv. þm. um, að þetta er ekki á neinum rökum byggt. Göngusilungurinn gerir ekki hið minnsta tjón. Það er vatnasilungurinn, urriðinn, sem þar er mestur vágestur. Það er ekki í fyrsta skipti, sem þeir, er rányrkju hafa stundað í stórum stíl og orðið meir til meins en gagns, þykjast bera manna bezt skyn á þessi mál. Ég minnist ritsmíðar úr þessari átt fyrir nokkrum árum, þar sem þeir menn, sem riðnir voru við flutning slíks frv. sem þessa hér á þingi, voru heimskaðir fyrir að þeir hefðu ekki stundað laxveiði og hefðu því ekki vit á þessum málum. En eftir fenginni reynslu fullyrði ég, að það eru einmitt þessir menn, sem mest hefir á borið og mest hafa spyrnt við fótunum, þegar átt hefir að ráða einhverja bót á þessum málum. Og frá þeirra hálfu hefir komið fram næsta lítil þekking á lifnaðarháttum og eðli þessara fiskitegunda, og þeir ættu því að hafa hljótt um „fróðleik" sinn, ef hann er ekki meiri en enn hefir komið fram. Og ég vil beinlínis benda hv. þm. Borgf. á, að hann skuli ekki leggja of mikið upp úr áliti þessara manna, þótt þeim hafi auðnazt að drepa nokkrar bröndur í ám og hugsi um það eitt að drepa sem mest. Það væri undarlegt, ef jafnmiklir veiðimenn og Englendingar hefðu slík ákvæði í sinni löggjöf, ef þeim fyndist þau vera til skaða. Englendingar hafa mjög mikið gert til þess að bæta sína laxveiði, og má því nærri geta, hvort slík ákvæði eru að þeirra áliti til hinnar mestu skaðsemdar fyrir laxinn. Það þarf ekki að benda á annað en þetta til þess að fá fulla sönnun fyrir því, að rétt er að hafa hin sömu ákvæði um göngusilung og lax. Ég vona, að þessi aðvörun, sem kemur nú hér fram í þinginu af minni hálfu, verði bending til Borgfirðinga um að fara ekki að ráðum þessa enska sportmanns, sem leigt hefir Grímsá til stangarveiða, og uppræta nú ekki hverja silungsbröndu úr ánni, þvert á móti hæna göngusilung sem mest í vötnin.

Hv. þm. Borgf. harmaði mjög að ein þeirra brtt., sem fram væru bornar um þetta efni, skyldi kveða svo á, að það væri háð vilja veiðimálastjóra, hvort frekar skyldi rýmka til í þessum efnum, og finnst hún ganga tæplega nógu langt. En ég er búinn að lýsa yfir því, að þær ganga allt of langt og eiga ekki rétt á sér. Ég er ekki að álasa hv. þm. Borgf. fyrir það, að hann flytur þessa brtt. Hafi hann

ekki þekkt til þessara atriða áður, þá er hverjum manni það vorkunnarmál að leggja trúnað á orð þeirra manna, sem einir þykjast sitja inni með allan fróðleik. En menn skyldu varast að taka tillit til þeirra manna, sem hafa hagnað af því, að gengið sé sem næst veiðiskap þessara nytjafiska, sem ganga í vötnin hér á landi. Það er vissulega búið að ganga allt of langt í því efni.

Ég kem þá að vikufriðuninni, sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Ég var búinn að víkja að henni áður, svo að ég get farið fljótt yfir sögu. Hv. þm benti á, að þar sem um væri að ræða stórár eins og Hvítá í Borgarfirði og Ölfusá, þá væri ekki mikil hætta, þótt veiðivélar næðu út í miðjar árnar. Og þótt vikufriðunin væri ekki lengri en 48 stundir, eins og lagt hefir verið til, þá ætti viðhaldi göngusilungs ekki að vera hætta búin. Ég er áður búinn að víkja svo rækilega að þessu atriði, að ég þarf ekki miklu við að bæta. En ég get aðeins tekið það fram, að reynslan er búin að sýna, að slíkt fyrirkomulag á veiðitækjum í vatnsföllum og jafnvel þótt það nái sumstaðar út í miðjar árnar, þá hefur fiskigengdin þorrið stórum. Hér er heldur ekki einungis um breidd ánna að ræða, heldur einnig hvernig straumfallið er, og er því nauðsynlegt, að reistar séu skorður við því, hvar koma megi veiðivélum fyrir. Þess vegna er það nauðsynlegt að tiltaka lengd bilsins milli hinna föstu veiðivéla í ánum, og till. n. er byggð á því, að þar sé eigi skemmra á milli en 100 metrar. Í veiðilöggjöf Norðmanna er þetta einnig talið hið minnsta, sem vera megi.

Þá minntist hv. þm. á ádráttinn og þótti undarlegt að mþn., sem virtist vilja friða laxinn, skyldi færa veiðitímann frá kl. 9 til 12. Ég get sagt hv. þm. Borgf., að ég legg enga áherzlu á þetta atriði. Þetta var einungis ákveðið af þeim ástæðum, að við töldum heppilegra, þar sem þessi veiði fer fram um sláttinn, að veiðimennirnir gætu notað tímann að kvöldinu og tafizt minna frá öðrum verkum. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að laxinn sækti í hyljina á kvöldin og að þetta fyrirkomulag væri því líklegra til að spilla og uppræta veiðiskap í vötnum, þá hygg ég það vera úr lausu lofti gripið, því að mér er kunnugt um það, að laxinn leitar frekar á grynningarnar í myrkri, sérstaklega þar sem möl er í botninum. En um þetta atriði mun ég annars ekki gera neinn ágreining, það má færa tímann til kl. 9, ef menn hafa trú á því, og ég tel ekki rétt að setja hitt í frv., ef allir eru uppfullir með, að þetta sé heppilegra.

Takmörkunum þeim, sem frv. setur um ádráttarveiði, hefi ég ekkert á móti, enda er svo um búið í frv., að eftir tillögum þess manns, sem hefir þessi mál með höndum og á að hafa hina beztu dómgreind um þá hluti, á að vera hægt að friða hvern þann stað, sem hætta getur stafað af, að ádráttarveiði sé stunduð. Þetta er og rétt, því að tilgangslítið væri að þrengja að veiði við árósana, ef nokkrum mönnum ætti að haldast uppi að spilla veiðinni með ádrætti, sem bætt var úr með öðru ákvæði, og vil ég ekki stuðla að því, að þessi veiði verði til þess að rýra friðun laxins. Að öðru leyti held ég, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um vikufriðunina. Hefi ég minnzt rækilega á hana áður og get látið mér nægja að skírskota til þess.

Þá er ákvæði 28. gr. frv. um möskvastærðina, sem hv. þm. Borgf. kemur með brtt. við. Ég get fyrir mitt leyti lýst yfir því, að ég tel það litlu máli skipta, þótt möskvastærðin verði ákveðin eins og hann nú leggur til, í stað þess, sem lagt hefir verið til af hálfu mþn. En viðvíkjandi þeim röksemdum, sem hann ber fram fyrir sínu máli, að nauðsynlegt sé að hafa þessa möskvastærð, til þess að hlífa unglaxinum, þá get ég sagt hv. þm. Borgf. það, að slíkt er engin röksemd fyrir þessari brtt. Það er þannig háttað um göngu laxins í ferskt vatn, að þangað kemur nær ekkert annað en fulltíða lax. Það er vísindalega sannað, að ekki nema örfá prósent af laxi koma nokkurn tíma upp í árnar. Þeir koma þangað ekki fyrr en þeir eru orðnir kynþroska, og ekki nema örlítið brot af þeim laxi, sem eitt sinn hefir aukið kyn sitt þar, kemur aftur. Líka er þess að geta í þessu sambandi, að um fleiri en eina tegund af laxi er að ræða, og smálaxinn, sem veiðist hér stundum, er sérstök tegund, sem ekki nær meiri þroska. Hv. þm. Borgf. skírskotaði í þessu efni til bréfs frá þeim

mönnum, sem ég minntist á áðan — þeim Halldóri Vilhjálmssyni á Hvanneyri og Sigurði Fjeldsted í Ferjukoti —, þar sem þeir láta eitthvað í ljós um það, hve þetta væri stórhættulegt unglaxinum. En ég hefi vikið að því áður, hve álit slíkra manna er lítils virði. Þeir höfðu skírskotað þar til norskra laga. Ég man ekki, hvaða möskvastærð hv. þm. nefndi. (PO: Svipað og í gömlu lögunum, eða rúmlega 23 cm. að ummáli). Það mun rétt vera, eða 5,8 cm. milli votra hnúta. En í þessu sambandi vil ég geta þess, að laxinn í Noregi er nokkru stærri en sá, sem gengur í árnar hér, svo þar á þetta betur við. Ég verð einnig að minnast á það, að Norðmenn höfðu áður það ákvæði, að ekki mætti fara nær árósum með veiðiskap en 400 metra, og þykist ég vita, að í þessu bréfi, sem þessir Borgfirðingar hafa sent þm. sínum (PO: Þeir sendu þinginu það.), hafi þeir ekki látið undir höfuð leggjast að benda á þau ákvæði norskra laga, sem tiltaka, að laxinn skyldi vera friðaður 4 til 5 sólarhringa í hverri viku, til þess að tryggja sem bezt fiskigöngu í vötnin.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að ekki mætti fara nær árósunum en tiltekið er í frv., og vildi telja, að sumar jarðir yrðu fyrir skaða sökum þess, þá held ég, að það yrði óvíða, þótt ég þori hinsvegar ekki að staðhæfa neitt um það.

Þá minntist hv. þm. á það, sem ég hefi að nokkru vikið að áður, að ef svona langt ætti að vera á milli veiðivéla, myndi sumstaðar eigi unnt að koma veiðivélum fyrir í ánum, því að víða væru staðhættir til þess að ganga frá lögnum beztir með stuttu millibili. Þessu skal ég ekki mótmæla, því að það má vel vera rétt, þótt það réttlæti ekki þessa veiðiaðferð. Og með því móti gæti orðið gengið hættulega nærri fiskistofninum. Hvað sem þessu ákvæði líður, er nauðsynlegt, til þess að tryggja friðun þessara landsnytja, að eigi sé haft skemmra millibil en hér er lagt til.

Ég hefi þá drepið á þau atriði í ræðu hv. þm. Borgf., sem mér þóttu verulegu máli skipta, og get látið hér staðar numið. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á það, að ef erlendum þjóðum, sem í þessum efnum hafa sömu hagsmuna að gæta, hefði ekki verið það ljóst, hve þýðingarmikið þetta atriði er, þá hefðu þær ekki sett um það jafnrækilega löggjöf og ekki harmað, eins og nú, hve þau ákvæði hafa verið seint sett, sem tryggja þessi veiðihlunnindi. En svo hefir farið, að þeim hefir orðið það til hins mesta tjóns, hve veiðilöggjöf þeirra var áfátt. Nú getum við hrósað happi yfir því, hve tiltölulega lítið fé er búið að leggja í veiðivélar í vötnum, og við eigum að nota okkur þá aðstöðu til þess að setja á löggjöf, sem hamlar því, að veiðinni verði spillt, áður en það er um seinan, því að það er víst, að ef við sýnum hirðuleysi í þessu efni, þá hafa menn áður en varir lagt mikið fé til fullkomnunar þessum veiðiútbúnaði, til þess að grípa upp veiðina. Og innan fárra ára myndi laxveiðinni í þessu landi verða stórkostlega spillt frá því, sem nú er. Sem dæmi þess, hve þær þjóðir, sem orðið hafa of seinar í þessu efni, hafa átt við mikla örðugleika að stríða, má benda á reynslu Norðmanna, sem á árunum 1848—1930 hafa fimm sinnum orðið að endurbæta sína löggjöf. Og þó er svo komið þessum veiðiskap, að þeir, sem orðið hafa of seinir á sér, harma, hve síðla þeir komu auga á þær varnarráðstafanir, sem þeir upphaflega hefðu átt að setja, en nú er orðið erfiðara viðfangs. Það mun einnig vera svo hvað Bretland snertir, að fá eru þau þing, sem þar hafa verið háð frá því á 19. öld, að ekki hafi komið þar fram meiri og minni tillögur til breytinga á laxveiðalöggjöfinni, og hafa þær gengið í þá átt að reyna að tryggja enn betur þessi hlunnindi, og tilraunir hafa verið gerðar til þess að auka fiskigengd í þessum vötnum. Mér dettur í þessu sambandi í hug á ein á Írlandi, sem ekki var laxgeng nema nokkuð upp eftir, en var svo gerð laxgeng lengra, og innan stundar var stórkostleg veiði fyrir ofan hinn áður ófæra foss. Ég man ekki glöggt, hve það skipti mörgum þúsundum punda á ári á þessu tiltölulega litla svæði, en það var mikið. Ég vænti því, að d. sýni þessu máli hinn bezta skilning og jafnframt hina mestu varfærni í að skemma ekki þau atriði í frv., sem gerð eru til endurbóta okkar laxveiðalöggjöf, þótt þau kynnu á hinum fyrstu árum að skerða hagsmuni þeirra,

sem nú veiða mest. Ég er sannfærður um, að innan stundar fá þeir á skömmum tíma, en þó með minni tilkostnaði, miklu meira verðmæti en nú, auk þess sem fleiri menn á landinu nytu þeirra gæða. Það er skylda hv. þdm. að gera sér þess ljósa grein, að í þessu efni er ekki einungis verið að vinna fyrir stundarhagsmuni nokkurra manna. Þetta er fyrst og fremst fyrir framtíðina gert.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal ekki lengja umr. mjög með því að svara þeim aths., sem fram komu við till. landbn. Hv. 1. þm. Árn. gerði aths. við þrjár af brtt. n., og skal ég þá fyrst leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær till. og hans aths. Fyrst gerði hann aths. við brtt. okkar við 13. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þegar um ræðir að laxveiðaréttindi í sjó hafa verið metin til fasteignamatsverðs, leggjum við til, að miðað sé við hið nýja fasteignamatsverð, sem gengur í gildi nú á þessu ári, en ekki fasteignamatið frá 1922. Hv. þm. benti á, að það væri mjög óvarlegt að færa út veiðirétt í sjó, en búast mætti við, að laxveiðihlunnindi í sjó hefðu víðar verið metin við hið nýja mat heldur en við fasteignamatið frá 1922, og mundi því breyting n. verða til þess, að víðar mætti stunda laxveiði í sjó en ella. Í því sambandi skal ég taka það fram, að ég er í raun og veru á því, að undantekningarlaust hefði átt að banna laxveiði í sjó, og hefði því getað fylgt því, að þau ákvæði hefðu verið felld úr frv. En að mínu áliti á annaðhvort að fella þetta allt í burt eða þá taka tillit til allra þeirra staða, þar sem þetta nú er metið. Mér finnst ekki koma til mála að miða við matið frá 1922, þar sem nú hefir verið metið af nýju, og því vil ég halda fast við till. n. um að miða við nýja fasteignamatið. Ég get ekki fallizt á það fyrir n. hönd, að hún taki til greina þær aths. hv. þm., að þetta sé á svo fáum stöðum, að það geri ekki nokkurn mun. Ef þær jarðir, þar sem hlunnindi þessi hafa verið metin 1922, fá að halda þeim, þá er rétt og sjálfsagt, að þær jarðir, þar sem hlunnindi þessu kynnu að hafa verið metin í hinu nýja mati, fái einnig að halda þeim.

Þá gerði hv. þm. einnig aths. við brtt. við 17. gr., þar sem lagt er til að færa vikufriðunina úr 60 stundum í 48 stundir. Ég gat þess við framsögu málsins, að n. klofnaði um þetta atriði. En fyrir mitt leyti var ég á móti því að færa þetta niður í 48 stundir og er því í þessu atriði sammála hv. þm. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Borgf. muni svara fyrir sitt leyti og þeirra nm., er sömu skoðun hafa um þetta atriði. Á hinn bóginn er ég á móti brtt. hv. 1. þm. Árn. um að færa friðunartímann upp í 72 stundir á viku hverri. Ég tel það rétt eins og í frv. er, að friðunin sé höfð 60 stundir. Hv. 1. þm. Árn. gat þess, að Norðmenn hefðu 72 stunda vikufriðun. Þetta er rétt, en ég hygg, að þetta sé of stórt stökk í einu. Ég hygg, að ekki sé ráðlegt að fara lengra fyrst um sinn en frv. gerir.

Að lokum gerði hv. þm. nokkrar aths. við 18. brtt. n., um bætur til selveiðieigenda. Ég lít svo á, að úr því að leggja á á laxveiðieigendur bætur fyrir selveiðimissi til þeirra manna, er búa á jörðum í einstakra manna eign, þá sé eins eðlilegt, að þeir greiði bætur til þeirra, er búa á jörðum í opinberri eign. Ég sé enga ástæðu til að gera upp á milli þessara tveggja flokka landsdrottna. Í flestum tilfellum má gera ráð fyrir, að við eyðingu selsins komi aukin laxveiði í staðinn, svo þessar bætur séu aðeins tímaspursmál. Hv. 1. þm. Árn. gat um eitt friðlýst selalátur í Arnarbæli, sem hið opinbera ætti og nauðsynlegt væri, að ríkissjóður greiddi bætur fyrir, ef eyðilagt væri, en ég get ekki skilið, að þetta eina tilfelli gæti réttlætt það að ganga frá hinni almennu reglu um það, hvernig bótum þessum skuli fyrir komið. Ég get því ekki fyrir hönd n. fallið frá þessari brtt.

Í raun og veru hefi ég ekki fleira að segja við hv. 1. þm. Árn., þar sem hann hafði ekkert við aðrar brtt. landbn. að athuga.

Út af ummælum hv. þm. Dal. um 30. gr., þar sem svo er ákveðið, að girðingar megi aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd ár og aldrei megi girða yfir aðalstraumlínu, verð ég að fara nokkrum orðum. Honum þótti ákvæði hennar of hörð og vildi láta þau vera undanþæg. Ég get vitanlega ekki skýrt frá afstöðu n. til þessa atriðis núna, enda liggur enn ekki

fyrir brtt. um það. En persónulega þykir mér varhugavert að leyfa nokkrar undanþágur frá þessum ákvæðum. Þetta er eitt af höfuðákvæðum frv. til þess að friða laxinn á göngu hans upp árnar, og er að mínum dómi mjög svo varhugavert að veita nokkrar undanþágur frá slíkum aðalfriðunarákvæðum frv. Það er hætt við, að slík heimild yrði teygð og toguð, svo undanþágan yrði að aðalreglu. Hinu er ekki hægt að neita, að þetta ákvæði getur komið alltilfinnanlega við einstaka menn, þar sem sérstaklega stendur á um aðstöðu til veiðiskapar. En það verður að vera svo hér sem ella, að hagsmunir einstaklinga víki fyrir hagsmunum heildarinnar. En um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum nú, þar sem brtt. liggur ekki fyrir við þessa umr.

Hv. 1. þm. Árn. talaði hér ræki lega um brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 338. Ég mun því ekki tala langt mál um þær, og það, sem ég segi um þær, segi ég sem þm., en ekki sem frsm. n., því að hún er klofin um þær. En sjálfur er ég að mestu sammála því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um þær.

Höfuðbreytingar hans snerta 1. og 2. gr. frv. Ég tel þær að mörgu leyti hættulegar. Hann vill fella það ákvæði 2. gr. niður, að veiðiréttur skuli jafnan fylgja landi því, er að veiðivatni liggur, og hafa þar um allt óbundið. Ég vil benda á, að með þessu frv. eru felld niður ákvæði vatnalaganna, 103. gr., um þetta efni. Þau eru ekki eins ströng og ákvæði 2. gr. frv., en eru þó allhörð. Með brtt. hv. þm. Borgf. eru gildandi ákvæði í vatnalögunum um þetta efni felld niður og ekkert sett í staðinn. Ég er á þeirri skoðun, að sjálfsagt sé að veiði fylgi jafnan jörðu. Þess eru dæmi, að hitt hefir verið misnotað mjög, veiðin nídd og jarðirnar rúnar að nytjum hennar. Sá, sem situr jörð, hugsar að jafnaði meira um það, að veiðin haldist við; hún er ekki einungis honum ætluð, heldur og öllum þeim, er eftir hann sitja jörðina. En hafi maður veiðiréttinn einn, kannske um stuttan tíma, hugsar hann um að notfæra sér hann sem bezt og sinnir því ef til vill engu, hvort stofninn gereyðilegst um alla framtíð. Um stangaveiði gildir allmjög annað, því að þar er ekki hætta á, að stofninn eyðileggist. Því er samkv. frv. heimilt að skilja stangarveiði frá jörðu um tiltekið tímabil. En ég tel þessar brtt. hv. þm. Borgf. fráleitar.

Hv. þm. taldi, að menn mundu fara í kringum þessi ákvæði og nota leppa, en það væri ekki rétt að neyða menn til að fara í kringum lögin. Nú vil ég leyfa mér að benda á, að hv. þm. er eindreginn bannmaður. Engin lög er meira farið í kringum en bannlögin. Þó vill henn halda þeim uppi, þótt hægt sé að fara í kringum þau.

3. gr. frv. vill hv. þm. fella alveg burt. Þetta er í beinu áframhaldi af afstöðu hans til 2. gr. Úr því hann vill ekki hindra það, að jarðir missi veiðirétt sinn, þá er eðlilegt, að hann sjái heldur ekki ástæðu til að gera mönnum mögulegt að sameina veiðiréttinn jörðum sínum aftur, ef þeir hafa þegar misst hann. En eins og ég álít rétt að fyrirbyggja það framvegis, að veiði sé skilin frá jörðum, eins tel ég sjálfsagt að lagfæra þau mistök, sem þegar eru orðin á þessu.

Annars skal ég ekki fara frekar út í þetta; það hefir hv. 1. þm. Árn. gert, og er ég honum samþykkur. Ég skal þó geta þess, að svipuð ákvæði eru víða í erlendri löggjöf, svo að þetta er ekkert nýtt. Það getur því varla verið um neitt stjórnarskrárbrot að ræða, eins og heyrzt hefir.

Þá flytur hv. þm. miklar brtt. við 16. gr. frv., þar sem hann vill setja það á vald sýslunefnda að ákveða veiðitímann. Mér sýnist það óþarft að leggja þetta á vald sýslunefnda. Ég get ekki fallizt á, að það sé heppilegt að gera veiðitímann meira tilfærilegan en nefndin leggur til í sínum till., enda mun ekki hægt að benda á, að það brjóti í bág við venjur hinna ýmsu héraða um, hvenær laxveiði sé stunduð.

Þá vill hv. þm. rýmka ákvæði frv. um veiði göngusilungs. Það er vitanlega hættulegt að leyfa ádrátt á göngusilung í laxveiðivötnum eftir friðunartíma laxins. Það er ekki unnt að leyfa ádrátt í laxveiðivötnum án þess að leggja laxinn í hættu. Í sumum sveitum er talað um að fá eitthvað stórt, þegar lax kemur í ádrátt með silung. Ég hygg það viðurhlutamikið að rýmka ádráttaveiði frá því, sem er í frv. Ég væri fremur tilleiðanlegur

til að þrengja hana enn frekar en gert er í frv., því að ég hygg, að ádráttur sé ein hin skaðlegasta veiðiaðferð.

Þá vill hv. þm. leyfa ádrátt 5 daga í viku, í stað þess, að frv. leyfir hann aðeins í 4 daga. Ég er þessari brtt. mótfallinn og vildi fremur fara niður í 3 daga. Þeir, sem eitthvað hafa verið riðnir við laxveiði munu vera á einu máli um það, að ádráttur sé ein hin versta veiðiaðferð. Úr því hv. þm. vitnaði í Halldór á Hvanneyri, þá vil ég gera það líka. Hann sagði, þegar hann átti tal við landbn., að það væri einn hinn mesti ókostur frv., að það gerði of greitt fyrir með ádrátt. Það þyrfti að þrengja enn meir.

Það er engin ástæða til að stækka möskvastærðina, af ástæðum þeim, sem hv. 1. þm. Árn. hefir þegar getið. Það er vísindalega sannað, að aðeins örlítið brot af laxinum gengur í árnar oftar en einu sinni. Smálaxinn er einungis sérstakt kyn, en ekki óþroskaður lax, er gengur aftur í árnar, eins og hv. þm. Borgf. heldur. Að bíða eftir því, að hann stækki, væri því svipað og ef við færum að bíða eftir því, að íslenzkur hestur yrði eins stór og józkur hestur.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira að sinni um brtt. þær, er hér liggja fyrir.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 7, n. 304, 331, 338, 350).

Pétur Ottesen: Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan þetta mál var síðast til umr., og þá var umr. frestað. Þegar það var síðast til umr., var deilt mjög freklega af tveim hv. dm. sérstaklega á mig fyrir mjög hógværa gagnrýni, sem ég hafði gert á frv., og fyrir brtt., sem ég hafði borið fram við frv. Það var sérstaklega sá maður, sem að nokkru leyti er höfundur þessa frv., hv. 1. þm. Árn., sem þurfti að láta ljós sitt skína hér í þessu máli og hóf hér í klukkutíma ræðu eða meir árás á mig og mína afstöðu til þessa máls. Af því að nú er svo langt um liðið, býst ég við, að ég kvitti ekki fyrir eins og ef ég hefði fengið tækifæri til að tala strax á eftir honum. En ég mun samt gera skil á þessu eftir því, sem ég man að ummælin féllu. Hæstv. forsrh. var fullur vandlætingar við mig út af því, að ég hafði látið falla nokkur orð um það, að frv. þetta væri ekki svo rækilega undirbúið eða svo vel stillt í hóf um ýms atriði eins og gera hefði mátt ráð fyrir, svo langan tíma sem undirbúningurinn hafði tekið og í engu sparað með mannafla og annað, er til þessa undirbúnings heyrði. Það hafði upphaflega verið kosin þriggja manna n. til að undirbúa málið, og hún sat yfir því meira og minna í 2—3 ár. Ég verð í sambandi við undirbúning þessa máls að benda á það, að frv. var fyrst borið fram á þingi 1930. Þá gerði ég nokkrar aths. við frv., og það varð ekki útrætt á því þingi. Og eftir því, sem síðar kom fram hjá hv. 1. þm. Árn., þá virðast þessar aths. mínar hafa gefið mþn. tilefni til að setjast nú enn á rökstóla og taka frv. til nýrrar athugunar. Þetta leiddi til þess, að n. bar fram á síðasta þingi hvorki meira né minna en 25 brtt. við frv., og skiptust sumar þeirra niður í marga stafliði. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. 1. þm. Árn., þegar hann svo bar frv. þetta næst fram hér á þingi, að einmitt hinar áminnstu aths. mínar við frv. ýttu undir mþn. til að athuga frv. að nýju, því að þar segir svo: „Þessar brtt. eru að mestu í samræmi við till. hv. þm. Borgf. í fyrra". Ég bar reyndar ekki fram neinar till. við frv., en ég gerði ýmsar aths. við það, og af þeim eru þessar brtt. svo sprottnar, eins og sjá má. Það hefir nú komið á daginn, að þessi nýja endurskoðun mþn. á laxveiðalöggjöfinni hefir kostað meira en hin upphaflega endurskoðun og samning frv. Hin upphaflega endurskoðun kostaði, eftir því sem séð verður, 2700 kr., en fjáraukalögin fyrir árið 1931 sýna, að hin síðari endurskoðun hefir kostað 3600 kr. Auk þessara 25 brtt., sem mþn. bar fram við sitt eigið frv., eru nú komnar fram í d. 30 brtt. að nýju, bæði frá n. og einstökum þm. Af þessum tæpum 100 gr. í frv. eru komnar brtt. við 55. Það, sem þá er eftir, eru þeir lagakaflar, sem n. hefir tekið óbreytta upp úr lögum þeim, sem áður var búið

að samþ., bæði úr vatnalögunum og úr lögunum um fiskiræktarfélög, sem voru afgr. á þingi 1929. Ég ætla, að þessar lýsingar, sem ég hefi gefið á frv., sýni, að undirbúningur þess sé ekki þannig, að það sitji vel á flm. þess að rjúka upp til handa og fóta með ádeilum á þá menn, sem leyfa sér að viðhafa nokkra gagnrýni og bera fram brtt., sem miða að því að færa frv. í betra horf, og gera það frambærilegra á þingi og líklegra til að verða nothæf löggjöf fyrir þjóðina. Þá var það annað atriði í ræðu hæstv. forsrh., annað en vandlætingar til mín út af ummælum mínum um frv., sem ég vildi benda á. Hann sagði, að það skipti í sjálfu sér ekki neinu, hvort sagt væri heldur, að ráðh. væri ætlað að gera hitt og þetta eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar eða að fengnum till. þessara aðila. Hann sagði, að þetta yrði í framkvæmdinni nákvæmlega það sama. Ég skaut því fram í, að ekki væri langt síðan framsóknarstj. hefði litið öðruvísi á þetta mál. Ég flutti á þingi 1930 frv. um lögreglustjóra á Akranesi, þar sem svo var ákveðið, að lögreglustjórastöðuna ætti að veita eftir till. hreppsnefndar. En þegar málið kom til Ed., lét stj. bera fram brtt. um það, að þetta skyldi gert að fengnum till. hreppsnefndar, því að þá þótti henni einsætt, að hún ein gæti ráðið, hver maðurinn yrði, en hreppsnefndin hefði aðeins tillögurétt um það. Þetta sýnir, að þá leit stj. öðruvísi á þetta, eða að gerður var munur á því um vald stjórnarinnar, hvort af þessu orðalagi væri notað.

Hv. þm. Dal. talaði um brtt. mína við 2. gr. Ég vil benda honum á, að það er misskilningur hjá honum, að nokkur hætta stafi af niðurfellingu þeirrar gr. í sambandi við það, að á þann hátt gætu einstakir menn fengið leigða stangarveiði, sem þeir nota sér til skemmtunar, því að í gr. eins og hún er nú er heimild fyrir ráðh. að leyfa mönnum að leigja stangarveiði um tiltekinn tíma. Þess vegna er hvað þetta snertir enginn munur á, hvort mín brtt. er samþ. eða frvgr. stendur óbreytt. Ég vil aðeins geta þess um stangarveiðina, að hún er af ýmsum talin sú bezta veiðiaðferð, sem viðhöfð er, a. m. k. í hinum smærri ám, því að með stangarveiðinni er veiðin friðuð miklu betur en ella. Sömuleiðis, að þá er útilokuð sú veiðiaðferð, sem öllum kemur saman um, að hættulegust sé, sem sé ádráttarveiðin, því að með þeirri veiði er ekki einungis nytjafiskurinn dreginn upp, heldur líka að ýmsu leyti eyðilögð skilyrði fyrir tímgun hrognanna og viðhaldi fiskstofnsins. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Dal., að með ákvæðum 30. gr., þar sem bannað er að leggja net lengra en ⅓ af breidd árinnar, er í ýmsum tilfellum tekinn möguleikinn til veiða af ýmsum jörðum, eins og hann tók greinilega fram, og það sérstaklega, þegar um smærri ár er að ræða. Brtt. hans er því í samræmi við þetta og einnig í samræmi við gildandi lög um þessi efni, að það megi leggja net út í miðja straumlínu. Þá er það vitanlegt, að það er byggt á fullkomlega réttmætum grundvelli hjá hv. þm. Dal., þegar hann flytur brtt. um það, að sjálfsagt sé að meta upp þær jarðir, sem e. t. v. missa stór hlunnindi og verðmæti með ákvæðum þessa frv. En menn geta gengið að því með opnum augum, að svo geti farið um ýmsar jarðir. Ég get bent á jarðir í mínu kjördæmi, þar sem veiðimöguleikarnir eru mikið skertir og að sumu leyti alveg teknir í burt, og þar af leiðandi er verðgildi jarðanna mikið rýrt. Undir slíkum kringumstæðum er sjálfsagt og eðlilegt, að heimilt sé að meta slíkar jarðir upp, svo að mönnum sé ekki skylt að borga skatta af þeim verðmætum, sem búið er að taka af þeim. Ég verð að segja það, að ég tel það einkennilegt hjá þeim, sem samið hafa frv., að þeir skuli alveg hafa gengið fram hjá því atriði, að þeim verði greiddar einhverjar skaðabætur, sem verða fyrir miklum hlunnindamissi út af ákvæðum þessa frv., eða missa þau með öllu, úr því að þeir hafa komið auga á, að í sumum tilfellum sé réttmætt að greiða skaðabætur, þar sem um er að ræða missi af selveiðaafnotum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ennfremur ætla ég, að ákvæðin um laxveiði í sjó séu byggð á því, að það þyki varasamt að taka þau hlunnindi af mönnum, ef tekið hefir verið tillit til þessara verðmæta í fasteignamati jarðanna.

Ég gat um það í upphafi ræðu minnar, að hv. 1. þm. Árn. hefði tekið nokkuð ó-

stinnt upp hjá mér hógværa gagnrýni mína við frv. Það var eins og hv. þm. vildi láta líta svo út, að hann væri sá eini af þeim, sem hér fjalla um þetta mál, sem ekki einasta sæti inni með vit og þekkingu á þessu efni, heldur mættu aðrir helzt ekki hreyfa neinni skoðun eða láta í ljós neitt álit á þessu máli, sem færi í bága við það, sem hann heldur fram. Og þá mætti auðvitað ekki virða að neinu þekkingu þeirra manna, sem byggð er á langri reynslu við veiðarnar og athugun á þeim. Það eina, sem taka á tillit til, er sú þekking, sem þessi hv. þm. situr inni með. En auðvitað ættum við hinir að taka allri umvöndun hans með þakklæti og undirgefni og sitja hljóðir og fullir aðdáunar við fótskör þessa mikla sérfræðings og vitrings í laxveiðamálum. En ég segi nú fyrir mig, að mér virtist ýmislegt það koma fram í ræðu hv. þm., sem benti til þess, að meira beri á montinu en þekkingunni, og allt bendi til, að hann sé mjög flatbotna og grunnskreiður í þessum efnum.

Frsm. landbn. hefir svarað hv. 1. þm. Árn. fyrir hönd n., gagnrýni hans og ummælum hvað við kemur till. n. En ég vil aðeins bæta við það, sem hann sagði í þessu efni, — ég man ekki hvort það kom nægilega skýrt fram hjá hv. frsm., þar sem hv. 1. þm. Árn. var að tala um, að skaðabætur þær, sem ríkissjóður yrði að greiða Arnarbælisprestinum fyrir missi selveiðanna, bitnuðu ekki á ríkissjóði nema í tíð núv. prests. Þetta er því blekking hjá hv. þm., því að það er svo, að prestum er metið afgjald jarðanna upp í tekjur sínar, og þessi afgjöld eru vitanlega byggð á þeim hlunnindum og jarðargæðum, sem fyrir hendi eru á hverjum stað. En nú á að taka þessi hlunnindi af jörðinni, og við það lækkar eftirgjaldið. — Ég vildi aðeins bæta þessu við, því að mér fannst það ekki koma nógu skýrt fram hjá hv. frsm.

Hv. 1. þm. Árn. varð tíðrætt um það, að ef til vill væru ekki nógu örugg ákvæðin í till. n. að friða fyrir laxnetaveiði 48 st. á viku. Hann heldur, að réttara sé að hafa friðunartímann miklu lengri, vill færa hann upp í 72 st. á viku. Með þessu finnst landbn. of langt gengið. Meiri hl. n. áleit, að með því að ákveða vikufriðunina 48 stundir sé farinn heppilegur meðalvegur. Á þennan hátt væri séð fyrir hagsmunum beggja aðilja, bæði þeirra, sem búa ofar með ánum, og réttur þeirra, sem stunda veiðar neðar við árnar, væri heldur ekki skertur frekar en brýn nauðsyn er og réttmætt gagnvart öðrum, sem þarna eiga hagsmuna að gæta.

Bæði ég og hv. þm. Mýr., sem erum fulltrúar Borgarfj.héraðsins, sem hér hefir mikilla hagsmuna að gæta, lítum svo á, að með þessu sé farin sú meðalleið, sem við viljum vel við una og sem veiti það öryggi, sem við og aðrir þm., sem þessu máli eru kunnugir, viðurkennum, að sjálfsagt sé, þegar um er að ræða löggjöf til verndar lax- og silungsveiði. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að það gæti verið álitamál, hvort ekki væri rétt að gera mun á því, hve lengi laxinn á að vera alfriðaður vikulega, eftir því hve langar árnar eru, eða þá hve margar þverár renna í þær. Mér skilst, að það væri vert að athuga það, hvort ekki væri réttara að hafa friðunartímann lengri þar, sem langar ár eru, en styttri aftur þar, sem ár eru stuttar, og gæti það þá heyrt undir umráð og ákvörðunarrétt héraðsstjórna, sem ég í mínum till. legg til, að haldi því valdi, er þær nú hafa um ýms framkvæmdaratriði, þ. á. m. um það, hvenær laxveiði skuli byrja á hverjum stað og hvenær henni skuli hætt.

Hv. 1. þm. Árn. var enn að tala um það, að laxveiði hefði minnkað mikið í seinni tíð, og gat um það í því sambandi sem dæmi, að nú væri veiði stunduð frá færri bæjum í Borgarfirði heldur en verið hefði um 1700 eftir jarðamati Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. En þetta er ekkert óeðlilegt, þegar á það er litið, að margar veiðisælustu laxárnar í héraðinu eru nú og hafa verið um langan tíma leigðar Englendingum og öðrum til stangarveiði. Þar með hefir vitanlega á sama tíma lagzt niður veiði hinna einstöku jarða. Það er vitanlegt, að margar ár eru þannig leigðar til stangarveiði í Borgarfirði, og má í því sambandi nefna Þverá, Grímsá, Langá og að nokkru leyti Norðurá. Þetta gerir vitanlega allan samanburð við það, sem var um aldamótin 1700 rangan og villandi.

Hv. frsm. hélt því fram, að ef brtt. mín

við 2. gr. yrði samþ., þá gæti það leitt til þess, að útlendingar gætu náð kaupum á veiðirétti hér á landi, en þetta er rangt hjá hv. frsm. Ég skal benda honum á, að útlendingar geta lögum samkv. ekki eignazt veiðiréttindi hér nema með því, að ráðh. leyfi það í hvert skipti. Hér er þess vegna ekkert að óttast. Út af því, sem hv. frsm. var að tala um það, að hægt væri að fara í kringum lögin, þá skal ég aðeins taka það fram, að það er mjög vel hægt eins og 7. gr. er orðuð í frv., ef menn bara vilja. Hann benti á í því sambandi, hvernig farið væri í kringum bannlögin. Við fáum nú bráðlega tækifæri til þess að ræða um það mál, og ég vona, að hann hafi biðlund þangað til og að honum sé ekki nauðsyn á því að blanda þeim lögum inn í þessar umr. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. er andvígur þeim lögum eða ekki, en hann virðist annars vera hlynntur bannhugsjóninni, sem víða kemur fram í þessu frv. og það í mjög viðtækum skilningi, eins og t. d. með ákvæðinu í 2. gr., þar sem algerlega er tekinn af mönnum ráðstöfunarréttur á eignum þeirra. Hér er svo langt gengið, að ég tel, að það stappi nokkuð nærri því að í bága fari við stjórnarskrána, en við þetta bann virðist hv. frsm. ekkert hafa að athuga; þvert á móti leggur hann blessun sína yfir það.

Út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um brtt. mína við 3. gr., sem ég taldi einnig stappa nærri að vera stórnarskrárbrot, var hann að bera fyrir sig álit Ólafs Lárussonar prófessors. Honum hefir ekki fundizt hann sjálfur nógu sterkur í þessu atriði, þó honum finnist sig ekkert skorta á öðrum sviðum. En ég fæ nú ekki betur séð en að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, þegar á að fara að þvinga menn til þess að innleysa veiðirétt, hvort sem þeir hafa nokkuð með hann að gera eða ekki. Ef aðeins meiri hl. veiðieigenda býður svo við að horfa, þá á að setja lögþvingun á hina, sem ekki vilja innleysa veiðiréttinn, til þess að borga fé fyrir það, sem er þeim kannske einskis virði. Þegar athuguð eru ákvæði stjskr., sem eiga að tryggja eignarrétt einstaklinganna, er ekki gott að verjast þeirri hugsun, að með 3. gr. sé talsvert gengið á svig við eignarréttarverndunarákvæði stjskr. Hv. landbn. hefir nú, sem betur fer, séð, hversu hér var allt of langt gengið, og vill hún nú laga þetta með viðbót við 3. gr., á þá leið, að þeir, er krefjast innlausnar á veiðirétti, skuli einnig innleysa fyrir hina, sem ekki kæra sig um að innleysa sinn veiðirétt. Með þessu er þó sneitt hjá því skeri, sem hv. flm. frv. höfðu siglt upp á.

Þá skellti hv. 1. þm. Árn. heldur en ekki á skeið út af því, sem ég sagði um 6. gr. frv. Hann sagði, að ákvæði þessarar gr. væru nú ekki frumsmíð mþn., heldur væru þau tekin beint upp úr vatnalögunum. Þóttist hann þar heldur en ekki ná sér niðri á mér. Það er rétt, að hv. 1. þm. Árn. og þeir, sem voru með honum við undirbúning þessa máls, hafa tekið ríkuleg laun úr ríkissjóði fyrir að skrifa orðrétt upp úr bæði vatnalögunum og öðrum lögum, eins og reikningar n. sýna glöggt, en ef til vill hefir hún fengið aðra til þess að skrifa þetta upp fyrir sig, því að ýmsir liðir í reikningunum benda til þess, að n. hefir þurft allmjög á að halda við undirbúning þessa máls aðstoð annara, við skriftir o. fl. En ég vil benda hv. þdm. á það, að það er allt annað, hvort ákvæði 6. gr. frv. standa í hinum almennu vatnalögum eða í laxveiðalögunum, því að þegar á að fara að „praktisera“ þessi ákvæði samkv. laxalögunum, þá er ekki einasta hætt við, heldur víst, að þetta ákvæði veldur árekstri. Samkv. þessari gr. er landeigandi talinn að eiga skilyrðislausan veiðirétt út frá sínu landi — en samkv. öðrum jafnréttháum ákvæðum eiga í ýmsum tilfellum allt aðrir menn allan veiðirétt í ákveðnum hyljum eða fljótum í ám og rétt til þess að draga þar net og afla á land.

Það er þess vegna meiri en lítil glámskyggni hjá flm. þessa frv. og mþn. að taka þetta ákvæði óbreytt upp í laxveiðafrv. — Ákvæði slíkra laga eiga vitanlega að vera skýr og ljós, þar á að vera skýrt ákveðið um réttindi og skyldur, en ekki þannig frá því gengið, að það sé hægt að teygja hvað eina eins og hrátt skinn. Ég skaut ekki hjá marki í þessu efni og ég hygg, að hv. flm., 1. þm. Árn., muni ekki greiða atkv. móti lagfæringu hv. landbn. á 6. gr., þó að hann haldi fast fram frv., því að breyt. sú, er n. hefir gert, kemur

auðsjáanlega í veg fyrir þras og þrætu í þessu efni. Frágangur mþn. á 6. gr. frv. ber vott um ófyrirgefanlegan trassaskap, skeytingarleysi og hreint og beint skilningsleysi á því, hve nauðsynlegt það er að hafa lagaákvæði, hver sem þau eru, sem skýrust og gleggst. Landbn. hefir nú með sinni brtt. komið í veg fyrir, að ágreiningur geti risið út af þessu ákvæði, en það er ekki mþn. að þakka.

Hv. þm. Árn. andmælti brtt. minni við 16. gr., um að þau ákvæði skuli haldast, að héraðsstjórnir skuli ákveða, hvenær veiði skuli byrja og hvenær henni skuli hætt. Ég hygg þó, að aðalþátturinn í því, hve sjaldan hefir þurft að breyta laxveiðalögunum, sé nú einmitt sá, að héraðsstjórnirnar hafa haft þetta vald. Og ég er viss um það, að ef ákvæði frv. verða samþ., þá þarf oftar, jafnvel árlega, að breyta laxveiðalögunum með því að gera undantekningarákvæði um ýms einstök héruð í þessu efni. Ég vil ekki vitandi vits þegja við því, að slíkri breyt. verði skellt á, því að ég er viss um, að gömlu ákvæðin um þetta eru margfalt betri og hagkvæmari.

Brtt. mínar við 16. og 17. gr. fyrir utan þá, sem ég hefi nú minnzt á, eru ekki til þess að skerða öryggi um laxagöngurnar, heldur aðeins til þess að nota það úr gömlu lögunum, sem vel hefir reynzt, nefnilega, að það sé á valdi héraðsstjórna að ákveða lengd veiðitímans. Hv. þm. var að tala um, að það væri nauðsynlegt, að nokkuð af laxi væri gengið í árnar áður en veiði byrjaði, en ég skal benda honum á, að með þeim ákvæðum, sem héraðsstjórnir hafa sett um þetta, hefir verið vel fyrir þessu séð. Það hefir vitanlega verið mjög mismunandi snemma, sem veiðin hefir verið leyfð á ýmsum stöðum; það hefir verið þetta frá 20. maí til 15. júní, allt eftir því, hve snemma laxinn gengur í árnar, og með ákvæðum héraðsstjórnanna hefir verið vel fyrir því séð, að ekki væri byrjuð veiðin of snemma, því að oft og tíðum er laxinn farinn að ganga í árnar áður en byrja má að veiða.

Þá var hv. þm. fjölorður um brtt. mínar og n. um það, að aftaka ekki möguleikana fyrir því, að hægt sé að veiða göngusilung á haustin, eins og t. d. til hagar um göngusilungsveiði í Grímsá og Norðurá í Borgarfirði, en sá silungur gengur ekki í þessar ár fyrr en eftir 15. september. Hv. þm. hneykslaðist mikið á því, að ég bar fyrir mig umsögn ensks manns, sem leigt hefir Grímsá nú um skeið til stangarveiði, og hefir verið að stefna að því að útiloka alla ádráttarveiði í ánni með því að taka veiðina á leigu af bændum þeim, er eiga land að ánni; hefir hann á þennan hátt útilokað alla ádráttarveiði í ánni nema frá einum bæ. Þetta hefir vitanlega kostað þennan mann töluvert fé. Það hneykslaði hv. þm., að ég hafði það eftir þessum manni, að hann legði áherzlu á, að vel væri gengið fram í því að veiða göngusilung, því það væri augljóst að hann æti laxasílin, og hv. þm. talaði um það með miklum þekkingarhroka og vitnaði í erlenda reynslu og sagði, að engin hætta væri á því, að silungurinn æti laxasílin, en ég álít það nú, að þeir viti þetta betur, sem veiða silunginn og slægja; þeir vita það, að hann er fullur af þessari átu, og ég er viss um, að göngusilungur er eins gráðugur í laxasílin og hv. þm. Árn. er gráðugur í það að nota milliþinganefndarstörf sín til þess að ná í peninga úr ríkissjóði, og er þá langt til jafnað. Ég býst nú raunar ekki við, að hv. þm. láti sér nokkuð segjast við þessi rök, því að hann virðist löngu búinn að loka augunum fyrir öllum þeim rökum í þessu máli, sem byggð eru á þekkingu þrautreyndra veiðimanna. Með ákvæðum frv. í þessu efni er öll silungsveiði bönnuð í þeim ám, sem ég nefndi. Menn á þessu svæði eru gersamlega sviptir þessum hlunnindum, og það að ástæðulausu.

Hv. frsm. tók í sama streng og hv. 1. þm. Árn. með það, að hætta gæti á því verið, að laxinn lenti í þessu neti. En því er nú ekki til að dreifa, því að silunganetin eru svo smáriðin, að það er hreinasta undantekning, ef lax ánetjast í þeim. (StgrS: Ég átti við ádráttarveiðina). Það er ekki hún, sem hér er um að ræða, heldur lagnetaveiðin. Og þó nú svo færi, að einstöku horaður lax, sem búinn er að hrygna og er á leið til sjávar, lenti í þessu neti, þegar komið er langt fram á haust, þá er mér ekki ljóst, hvað það gerir til. Ef það er rétt, að laxinn gangi ekki í árn-

ar nema einu sinni á æfinni, þá fæ ég ekki séð, hvaða skaði það er, þó að einn og einn lax láti líf sitt á þennan hátt, í stað þess að hann kæmist til sjávar og dæi þar. En þessu er ekki til að dreifa, því að kunnugir menn segja mér, að það komi ekki fyrir að lax ánetji sig í þessum silunganetum. En þessi kenning um, að laxinn gangi ekki nema einu sinni í árnar, fer nú alveg í bága við það, sem kunnugir menn álíta að sé. Þeir segjast hafa séð sama laxinn koma ár eftir ár í sömu árnar og sömu hyljina. Þeir segjast geta þekkt laxinn á einum og öðrum einkennum. En hv. þm. er starblindur á báðum augum fyrir öllu því, sem byggt er á innlendri reynslu í þessu efni, og má hann ekki heyra neitt slíkt nefnt á nafn.

Hv. þm. Árn. talaði um það í sambandi við brtt. mína við 27. gr. frv., að nú þyrftu strangari ákvæði en gilt hefðu hingað til um þessa veiði, vegna þess að nú væri farið að nota fullkomnari veiðivélar en áður hefði tíðkazt; en ég vil benda honum á, að í Borgarfirði t. d. eru notuð sömu veiðitækin nú og notuð hafa verið í áratugi. Það kann að vera, að í Ölfusá og máske einhversstaðar annarsstaðar sé farið að nota einhver fullkomnari tæki, en í Borgarfirði er það ekki.

Í brtt. minni við 17. gr. frv. felst m. a., að því er slegið föstu, að ekki megi draga á nema 5 daga í viku, og að ekki megi veita neina undanþágu frá því. Ég er sammála hv. frsm. landbn. um það, að nauðsynlegt sé að takmarka ádráttarveiðina, en með hliðsjón af öðrum ákvæðum frv., sem ganga mjög í þessa átt, álít ég, að með þessari brtt. minni sé hér mjög stillt í hóf.

Viðvíkjandi þeim takmörkunum, sem heimilt er að gera um ádráttarveiðina, vil ég benda á ákvæði 18. gr. Samkvæmt henni er ráðh. í fyrsta lagi heimilt að banna alla veiði aðra en stangarveiði í hyljum undir fossum, og í öðru lagi banna með sama hætti alla ádráttarveiði á tilteknu svæði í ám, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar. Og í þriðja lagi er ráðh. heimilt samkv. sömu gr. að friða, eftir till. veiðimálastjóra, tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofni árinnar hættu búna af ádráttarveiði. Á sama hátt getur ráðh. friðað heilar ár fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, ef árnar eru litlar. Og jafnvel má á sama hátt banna notkun fastra veiðivéla. Það var vegna þessara ströngu ákvæða 18. gr. frv., að ég taldi það fært, að ádráttur yrði leyfður 5 daga í viku, þar sem lítil hætta stafaði af því, þó sú veiðiaðferð væri stunduð. En ég veit það vel, að í sumum litlum bergvatnsám er hægt að taka hverja skepnu, sem þangað slæðist. En fyrir það er hægt að girða, ef ákvæðum 18. gr. frv. er beitt.

Hv. 1. þm. Árn. drap nokkuð á þá till. mína og n., að ádráttarveiði skuli ekki vera leyfð eftir kl. 9 að kvöldi, í stað þess eins og nú stendur í frv., að veiðin sé leyfð frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 á miðnætti, og þótti lítil bót vera í því að færa þetta ákvæði til hins fyrra horfs. Hv. frsm. hefir nú ásamt mér gert grein fyrir því, að þegar skyggir á kvöldin, dregur laxinn sig niður í lygna hylji, og er þá hægt að gersópa honum úr þeim, ef ádráttur er leyfður lengur en bjart er; er það vitanlega hin argasta ránsaðferð. En á daginn, meðan bjart er, heldur hann sig meira í strengjum og hávöðum, þar sem erfitt er að komast að honum. Hin eina röksemd, sem hv. þm. færði fyrir þessu, var sú, að hægra væri að stunda veiðina, ef ádráttur væri leyfður lengur fram eftir kvöldinu. En það kæmi vitanlega alveg í bága við önnur ákvæði frv., sem ganga í friðunaráttina, að leyfa slíkt. Það er því bæði mér og öðrum alger ráðgáta, hvers vegna hv. 1. þm. Árn. vill hafa þetta svo. Hin eina líklega ráðning, sem fundizt hefir, er sú, að hann er bóndi í Skálholti og mun því eiga nokkurn veiðirétt í Brúará, og einmitt í þeim hyl, þar sem Jóni heitnum Gerrekssyni var drekkt hérna á árunum. En sá hylur kvað vera svo gerður, að hægt er að gersópa öllum kvikum skepnum úr honum. Þetta er hin eina ráðning, sem menn hafa komið auga á. Mér skildist hv. þm. mundi geta gengið inn á það, að hafa möskva á lagnetunum stærri en ákveðið er í frv. Það er vitanlegt, að eftir því sem möskvarnir eru minni, eftir því veiðist minni lax í netin. Nú er því að vísu haldið fram af sumum, að til séu tvær tegundir af laxi, önnur lítil en hin stærri. Þetta er þó alls ekki

sannað, og vitanlegt er, að laxinn er í fyrstu lítill og stækkar sem aðrar skepnur. Það er því enginn, sem getur mótmælt því með rökum, að laxinn kunni að ganga í árnar á mismunadi þroskastigi. Ef svo er, þá er rétt að hafa netin ekki mjög smámöskvuð, lofa heldur laxinum að vaxa í friði, þar til henn er orðinn verðmætari. En þótt þetta sé nú ekki svo, heldur séu tvö kyn, eins og sumir álíta að sé, þá er það ekki illa til fallið að lofa smálaxinum að hafa frjálsa göngu upp eftir ánum, og þeim, sem ofar búa, leyft að njóta hans og veiða hann þar á löglegan hátt. Hvernig sem því á þetta er litið, þá er rétt að hafa möskvana stóra, svo sem nú er, og þá kemst líka smálaxinn áfram upp eftir ánum. Hv. þm. sagði, í sambandi við það, sem ég sagði um hver möskvastærð væri leyfð í Noregi, að laxinn væri stærri þar. En ég þykist hafa fregnað það frá þeim, sem það vita, að laxinn í Noregi muni yfirleitt vera af líkri stærð og hér. Að vísu gengur hann þar í árnar af mismunandi stærð, alveg eins og hér. Hv. þm. hefir viljað sækja sínar fyrirmyndir til Noregs. Hann ætti því að vilja taka Norðmenn til fyrirmyndar í þessu eins og fleiru.

Hv. þm. talaði um það, að bæði Norðmenn og Skotar hefðu oft orðið að breyta veiðilöggjöf sinni og gera viðtækar friðunarráðstafanir í henni. Ég vil benda hv. þm. á, hvað því muni valda. Það getur að vísu stafað að nokkru leyti af því, að breytt hafi verið um veiðiaðferðir. En ég hygg, að það stafi þó mest frá því, að sett hafa verið heildarlög fyrir stórt svæði, og vegna þess hve svæðið var stórt, en aðstaðan misjöfn, hafa lögin ekki alstaðar getað átt við. Þetta hefir komið af stað óánægju ýmsra og orðið orsök hinna tíðu breytinga á löggjöfinni. Að við svo lengi höfum getað búið við okkar löggjöf, stafar vafalaust af því, hversu skynsamlega hún var sett í upphafi. Hitt er vandasamara og máske ómögulegt, að búa til svo góða heildarlöggjöf, að alstaðar geti átt við. Og það mun sannast, að þótt við göngum frá slíkri löggjöf nú, svo vel sem föng eru á, þá munu koma fram óskir og kröfur um breytingar, svo vel rökstuddar, að þingið sjái sér ekki annað fært en að taka tillit til þeirra.

Ég veit það, að í frv. eru margar breytingar frá eldri lögunum, sem eru til mikilla bóta og öryggis, ef rétt er með farið. En þá er líka skaðlegt að setja nú heildarlöggjöf um þetta, en láta ekki héraðsstjórnirnar, eins og áður var gert, ráða nokkru um þetta hverja í sínu héraði, eftir staðháttum, um það t. d., hvenær veiði á að byrja og hvenær hún skuli enda. Ég vona því, að hv. deild samþ. brtt. mínar og n., því að þá er þeim málum bezt skipað, að láta héraðsstjórnirnar hafa þennan rétt, eins og áður hefir verið.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni. En hvort sem þetta þing samþ. þessi lög eða ekki, þá vona ég, að menn ljái eyru við öllu því, er orðið getur til samrimingar á því, að réttur einstakra manna og héraða sé sem minnst skertur, en að þó séu sett í lögin nægileg ákvæði til þess að tryggja þessa atvinnugrein. Till. mínar og nefndarinnar hníga í þessa átt. En þó má búast við, að þegar lögin koma til framkvæmda, komi það í ljós, að ýmislegt sé áfátt við þessa löggjöf og að fram komi till. til breytinga á henni, og það ef til vill áður en langt um líður. Ég vona svo, að samvinna takist um það, að gera þær umbætur á þessu frv., að það verði sæmileg lagasmíð, er til gagns megi verði fyrir þjóðina.

Jónas Þorbergsson: Hv. þm. Borgf. hefir nú í löngu máli gert grein fyrir afstöðu sinni, og eins og oft hefir komið fyrir áður, þá hefir hann nú reynzt hraustari ræðumaður heldur en aðrir hv. dm. hafa haft þol til að hlýða á. Þessi langa ræða hans virðist því hafa orðið þess valdandi, að nokkur upplausn er komin á fundinn. Óttast ég því, er ég tek nú til máls, að færri heyri mál mitt en ég hefði óskað.

Ég get þó verið þakklátur hv. þm. Borgf. fyrir undirtektir hans við brtt. mínar. Skal ég nú í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir innihaldi þeirra. Í öðrum tölul. 30. gr. frv. segir svo: „Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár“. Við þetta hefi ég leyft mér að gera brtt., er hljóðar svo: „Girðingar mega aldrei ná lengra

en í miðja aðalstraumlínu árinnar". Mér skilst, að það hafi verið tilgangur þeirra, er sömdu frv., svo og hv. landbn., að koma því til leiðar, að fyrir því sé séð, að laxinn hafi ávallt frjálsa leið til göngu upp árnar. Ég vil benda á, að varhugavert getur verið að setja undantekningarlaus ákvæði um þetta efni. Staðhættir geta verið svo ólíkir, að sitt eigi við á hverjum stað. Þannig getur straumlínan verið í miðri ánni, en veiðivélarnar mega ekki samkv. frv. ná yfir meira en ⅓ af breidd árinnar. Getur það orðið sama og að banna veiðina, en það mun þó ekki vera tilgangurinn með þessu ákvæði. En liggi hinsvegar straumlínan við bakka árinnar, þá er orðalagið í frv. of óákveðið til þess, að ekki geti orðið of nærri því gengið að hefta gönguna. Mér þykir því rétt, að þessu sé svo breytt, að ákveðið sé, að aldrei megi girða eða setja veiðivélar lengra en í miðja straumlínu. Er þá tryggt, að hinn hlutinn veitir veiðigöngunni jafnan óhindraða leið til þess að komast upp eftir ánni. Tel ég því, að með brtt. minni sé betur tryggður réttur veiðieigenda og ekki heldur gengið of nærri veiðinni.

Hin till. fjallar um það, að þar sem hlunnindi rýrna og þar með verðmæti jarðar við framkvæmd þessa frv., ef það verður að lögum, þá geti jarðareigandi krafizt endurmats á jörðinni. Það verður ekki hægt að álíta, að skylda beri þá menn, sem með þessum lögum yrðu sviptir veiðirétti eða veiðiréttur þeirra rýrður, til að svara sköttum og öðrum opinberum gjöldum af þeirri eign, sem þannig hefir verið rýrð. Ég held því, að ekki geti orðið ágreiningur um það, að þessi krafa sé réttmæt.

Hv. frsm. sagði, að hagsmunir einstaklinga yrðu að víkja fyrir hagsmunum heildarinnar, þegar þetta rækist á. Þetta er rétt. En þó er í 13. gr. frv., 3. málsl., gerð undantekning á þessu. Þar er gert ráð fyrir því, að ef laxveiði í sjó hefir verið sérstaklega metin til dýrleika í því fasteignamati, sem ætlazt er til, að öðlist gildi á þessu ári, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs, að hún skuli þá leyfð framvegis. Mér þykir þetta furðulegt ákvæði. Það mun vera ætlun frv. að banna alla laxveiði í sjó. En þarna á að veita undanþágu, ef tekið hefir verið tillit til veiðinnar við síðasta fasteignamat. Mér er kunnugt um það, að á ýmsum jörðum hefir verið beitt veiðiaðferðum, sem nú á að banna, en hingað til hafa verið leyfðar. En þessi nýju ákvæði verða sýnilega til að rýra verðgildi jarðanna. Það hlýtur að minnka við þessa nýju skipun. Ég vil því biðja hv. n. að taka til athugunar þá hlunnindaskerðingu, sem þetta hefir í för með sér fyrir þær laxveiðijarðir, sem gengið hafa kaupum og sölum fyrir miklu hærra verð vegna þessara hlunninda en ella mundi. Og ef hin umgetnu ákvæði 13. gr. þykja réttmæt, þá vil ég einnig biðja n. að athuga, hvort hún sér það ekki fært að gera ráð fyrir bótum fyrir þessa umræddu hlunnindaskerðingu. Í 73. gr. frv. er ráð fyrir því gert, að fyrir missi selveiðinytja vegna þessara laga komi fullar bætur. Að vísu leggur landbn. það til, að 3. málsgr. 73. gr. falli niður, en hún fjallar um skaðabætur til handa þeim jörðum, sem eru eign ríkis, kirkju eða bæjarfélags. En fyrir allar aðrar jarðir, þar sem selveiði er aftekin, eiga að koma fullar bætur.

Nú er það skoðun mín, að þegar almenn löggjöf rýrir eignir, t. d. með því að banna laxveiði í sjó, með því að ófriða sel eða rýra notagildi jarða og verðmæti með skertum veiðirétti, þá sé þó réttmætt, að ekki sé tekið neitt tillit til þess, og að einstaklingar verði að þola það tjón, sem þeir bíða vegna almennra ráðstafana, sem eru til nytja fyrir landsmenn yfirleitt. En ég vil þá líka, að allir sitji við sama borð hvað þetta snertir, og að ekki sé einum bætt upp samskonar tjón og það, sem annar verður að þola bótalaust. Þótt jarðir verði virtar upp, svo menn þurfi ekki að borga skatt af skerðingu eignar sinnar vegna þessara laga, þá er það vitanlega miklu minna en þær bætur, sem öðrum mönnum eru ætlaðar samkv. 73. og 13. gr. En ef vissum flokki manna verður bætt upp, þá á líka að bæta öllum upp, sem skaða bíða, þar til sannað er, að ráðstöfunin skerði ekki lengur verðmæti jarðarinnar. Ég mun því geyma mér rétt til þess að koma fram með brtt. um þetta til 3. umr. En við

þessa umr. tel ég það miklu skipta, ef fallizt verður á till. minar.

ATKVGR.

Brtt. 304,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 338,1.a felld með 13:10 atkv.

— 338,1.b felld með 15:5 atkv.

— 304,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 338,2 felld með 14:4 atkv.

— 304,3.a samþ. með 17:2 atkv.

— 304,3.b samþ. með 17 shlj. atkv.

— 304,3.c samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 304,4 samþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 304,5.a—c samþ. með 18 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 304,6.a samþ. með 15:5 atkv.

— 304,6.b samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 304,7 samþ. með 16:1 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 304,8 samþ. með 16 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 338,3 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, EA, GÍ, HStef, HJ, JAJ, JÓl, MG, PO.

nei: StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, JörB.

Fjórir þm. (VJ, JJós, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 304,9.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 304,9.b samþ. með 19 shlj. atkv.

— 304,9.c samþ. án atkvgr.

16. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 338.4 tekin aftur.

— 304,10, fyrri hl., felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, HStef, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, SvÓ, BÁ,

nei: HJ, HG, HV, IngB, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BKr, JörB.

Fjórir þm. (JJós, MJ, ÓTh, VJ) fjarstaddir.

Brtt. 331 felld með 16:4 atkv.

— 304,10 síðari hl., samþ. með 16 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

18.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 304,11.a—b samþ. án atkvgr.

21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

22.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 304,12 samþ. með 18 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

26.—27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 338,5.a felld með 14:9 atkv.

— 338,5.b felld með 12:8 atkv.

28. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 338,6.a tekin aftur.

— 338,6.b felld með 16:5 atkv.

— 338,6.c felld með 14:7 atkv.

29. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 350,1 felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, SvbH, SvÓ, ÁÁ, EA, GÍ, HStef, JAJ,

nei: StgrS, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

Fjórir þm. (MJ, ÓTh, VJ, JJós) fjarstaddir.

30. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 338,8 felld með 13:10 atkv.

31. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

32.—34. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

35.—38. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

39.—47. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 304,13 samþ. með 16 shlj. atkv.

48. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

49.—55. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

56.—57. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 304,14 samþ. án atkvgr.

58. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 304,15 samþ. með 15 shlj. atkv.

59. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 304,16 samþ. án atkvgr.
60. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
61.—63. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 304,17, fyrri málsgr., samþ. með 18 shlj. atkv.
— 304,17, síðari málsgr., samþ. með 18 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
65.—70 gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
71.—72. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 304,18 samþ. með 13:8 atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv.
74.—75. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 304,19 samþ. með 20 shlj. atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
77.—78. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
79.—82. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
83. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 350,2 (ný gr., verður 84. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
84. gr. (verður 85. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
85.—92. gr. (verða 86.—93. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
93. gr. (verður 94. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 304,20 (ný gr., verður 95. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 388, 410).

Jónas Þorbergsson: Ég leyfi mér að taka undir ósk hv. frsm. landbn. um það, að þetta mál verði tekið af dagskrá nú. Hefi ég tekið eftir því við nánari athugun till. þeirrar, er ég bar fram á þskj. 410, að það vantar inn í tilvitnun í 1. gr. till., og myndi ég nota frestinn til að bæta úr þessu. Auk þess er það ljóst, að mikill misskilningur ríkir um till. mína. Vildi ég því helzt geta unnið með n. og haft þá tilhögun á málinu, sem allir gætu sætt sig við. Þætti mér gott að heyra undirtektir hæstv. forsrh. um þetta. Veit ég ekki betur en að hann hafi oftast orðið við slíkum tilmælum sem þessum, ef þm. hafa þótzt eitthvað vanbúnir. Þetta er 3. umr. málsins og gefst því ekki tími til að lagfæra þetta seinna.

Forseti (JörB): Þetta mál hefir nú verið fyrir nokkrum undanförnum þingum. Get ég reyndar viðurkennt, að hv. þm. Dal. hefir ekki haft tækifæri til að sinna málinu hér fyrr en nú. En ég hafði búizt við, að landbn. hefði ekki þurft langan tíma til að átta sig á till. þeirri, sem fyrir liggur. Þó horfir málið öðruvísi við, ef bæta á við nýrri till. En þar sem nú er orðið áliðið þingtímann og umr. um fjárl. byrja á morgun og standa yfir þann dag allan og sennilega líka á mánudag, er varla hægt að taka málið fyrir þá. Hinsvegar er það fullmikið að fresta því til þriðjudags, og væri þá helzt að athuga, hvort horfur væru á því, að það gæti komið á undan fjárl. á morgun, og yrðu þá væntanlega ekki langar umr. um málið.

Bjarni Ásgeirsson: Hæstv. forseti talaði um það, að landbn. ætti ekki að þurfa langan tíma til að glöggva sig á till. Hún kom nú á fund í morgun, og var þá till. ekki komin fram. Hefir hún því ekki getað átt tal við hv. flm. um hana. Vildi ég þess vegna æskja þess, að n. gæfist kostur á að athuga þessa till. með hv. flm., áður en hún kemur til atkv.

Forseti (JörB): Ég vil fúslega verða við tilmælum hv. þdm. um það, að veita frest til íhugunar málsins, en nokkrum takmörkunum verður þó slíkur dráttur að vera háður. Hv. þm. Mýr. gat þess, að till. hv. flm. hafi ekki legið fyrir í morgun, þar sem henni var ekki útbýtt fyrr en í dag, og mun það rétt vera. Ég sé ekki nema einn flm. á till., en þó ætla ég, að fleiri muni standa á bak við.

Hannes Jónsson: Mér finnst einkennilegur leikur leikinn í þessu máli, ef það á að vera næg ástæða til að taka málið af dagskrá, að till. sé svo seint fram komin, að n. hafi ekki getað athugað hana. Má svo lengi halda áfram. Sé ég ekki ástæðu til að draga málið lengur. Ætti það að vera vorkunnarlaust fyrir hv. þdm. að taka afstöðu til þessarar brtt. án þess

að málinu sé lengur frestað. Vil ég beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann haldi áfram umr.

Jónas Þorbergsson: Ég veit ekki betur en að það sé almenn regla hér í deild, að ef þm., hvað þá n., óskar þess um eitthvert mál, að það sé tekið af dagskrá, þá sé orðið við slíkum tilmælum. Sé ég ekki, að þetta mál sé nokkur undantekning. Er óskað eftir því, að það sé tekið af dagskrá, til þess að till.manni og n. gefist kostur á að athuga það nánar. Er nú búið að afgreiða hér 10 eða 11 mál í dag, og hefir enginn tími gefizt frá umr. til þess að athuga þetta. Í þessari till., sem um er að ræða, er leitast við að bæta úr misræmi, sem er í lagabálkinum. Er ekki rétt að fyrirmuna mönnum að bera sig saman um þetta. Ef hæstv. forseti kýs að beita þeirri aðferð að synja um þetta, þá munu umr. haldast út þennan fundartíma og þann næsta; svo mikill spámaður er ég og kunnugur vinnubrögðum þingsins.

Forseti (JörB): Það hefir engin tilkynning komið frá mér um það ennþá, hvenær fundi verði slitið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Landbn. hefir nú haft málið til meðferðar í 2 mánuði, og er ekki ástæða til að tefja gang þess, þótt þessi brtt. komi fram, og allra sízt, þótt fram komi hótun um það að hafa málþóf, ef málið sé ekki tekið af dagskrá.

Jónas Þorbergsson: Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég taka það fram, að það fólst engin hótun um málþóf frá minni hendi í því, sem ég sagði. En þetta mál orkar tvímælis, og hafa í slíkum málum oftast orðið langar umr. hér í hv. d., og minnist ég þess ekki, að hæstv. forseti hafi séð sér fært annað en að slíta fundi, þótt málþófi hafi verið beitt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég verð að segja, að það er meira kapp lagt á þetta mál, að koma því af, en mörg stórmál, sem hér hafa nýlega legið fyrir og tekin hafa verið svo seint á dagskrá, að þau hafa ekki fengið afgreiðslu. Þó að landbn. hafi verið lengi með þetta mál, þá hefir henni samt ekki gefizt kostur á að athuga ýmislegt. Þarf það ekki að kosta vonzku, þó að við förum fram á þessa frestun. Hefir það verið gert um flest þau mál, sem líkt stóð á um. Held ég fast við það, að landbn. fái að segja álit sitt.

Hannes Jónsson: Ég get ekki annað séð en að það hafi verið ásetningur hv þm. Dal. að koma seint með brtt., svo að víst væri, að landbn. gæti ekki verið búin að athuga hana áður en til umr. kæmi. Er þetta fyrirhyggja hjá honum, og er líklegt, að hann hafi eitthvað í bakhöndinni, þegar málið á að koma á dagskrá aftur, eftir því sem ráða má af hótun hans um málþóf. Vil ég benda honum á, að það er til aðferð til að stinga upp í hv. þm., ef hann beitir málþófi, þ. e. að skera niður umr. Hefir hann sjálfur verið þátttakandi í því að beita slíkri ráðstöfun.

Jónas Þorbergsson: Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, vil ég taka það fram, að ég kom með brtt. mína eins fljótt og hægt var. Frv. kom ekki úr prentun fyrr en seint í gærmorgun, og sendi ég brtt. mína samstundis í prentun. Var henni því ekki útbýtt fyrr en í morgun. Hér er ekki um neina undirhyggju að ræða. Er miklu torskildara það ofurkapp, sem virðist vera lagt á það að reka málið með offorsi gegnum deildina, þar sem mönnum gefst naumast kostur á að koma fram með brtt., hvað þá að hæstv. forseti vilji vera svo eftirlátur, að taka málið af dagskrá. — Hvað snertir hótun hv. þm. V.-Húnv. um það, að hann hafi ráð á því að stinga upp í þdm. með því að skera niður umr., þá er slíkt ekki á valdi hans eingöngu, heldur deildarinnar. Og hann mun ekki hafa ráð hv. d. í hendi sér, þótt hann gerist hér mikill á lofti.

Forseti (JörB): Ég ætla, að það þurfi ekki að taka langa stund að bera sig saman um þessa till. Viðvíkjandi orðum hv. þm. Mýr., að mál hafi hér verið tekin svo seint á dagskrá, að þau hafi ekki fengið afgreiðslu, get ég þess, að þau mál, sem hann á við, hafa oft verið tekin fram fyrir önnur mál. Vil ég minna hv. frsm. landbn. á það, að hjá henni liggja nauð-

synleg mál, sem hafa legið fyrir síðari þingum, og bólar ekki á þeim.

Til þess að vekja ekki frekari ágreining, hefi ég í hyggju að miðla málum og fresta málinu um sinn. Mun ég halda fundi áfram eftir kvöldverð, og verður málið þá tekið fyrir. Vona ég, að hv. flm. og hv. landbn. geti borið ráð sín saman, og ef hann vill koma með brtt., þá vænti ég, að hv. deild leyfi afbrigði. Vænti ég þess, að hv. flm. og landbn. geti sætt sig við þetta.

Jónas Þorbergsson: Ég vil geta þess, út af því, sem hæstv. forseti sagði, að ég hefi verið boðaður á fund fjvn. kl. 6, og mun fundur standa til kl. 7. Síðan hefi ég hugsað mér að fá mér eitthvað að borða, eins og aðrir dauðlegir menn. Sé ég því ekki, að mér geti gefizt kostur á að ræða þetta við hv. landbn. fyrir kvöldið.

Hannes Jónsson: Það eru léleg rök hjá hv. þm. Dal., að hann hafi ekki getað borið fram brtt. sína af því, að hann hafi ekki séð frv. prentað fyrr en í gær. Hélt ég, að hann hefði fylgzt svo með afgreiðslu málsins við 2. umr., að hann vissi um innihald frv. Hefði hann þá getað gefið n. bendingar um það, hvaða efnisbreytingar hann vildi gera á frv., og hefði þá enginn vafi leikið á því nú, hvort n. gæti fallizt á þessa skoðun hans eða ekki. Þetta gerði hv. þm. ekki, og sýnist því afstaða hans benda til þess, að hann hafi hugsað sér að fleyga málið á síðustu stundu eða þá tefja fyrir framgangi þess.

Ég var ekki með neina hótun við hv. þm., en ég benti honum á, hverju væri hægt að svara honum, ef hann framkvæmdi hótun sína um málþóf. Og þó hv. þm. finnist ég vera mikill á lofti í þessu máli, þá vil ég segja honum það, að hann mun komast að raun um, að fleiri en ég muni standa í vegi hans í þessu máli, hversu mikið sem hann belgir sig.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég óska þess fyrir hönd n., að mál þetta verði tekið út af dagskrá, svo að henni gefist kostur á að athuga þær brtt., sem fram eru komnar.

Forseti (JörB): Ég get að því leyti orðið við tilmælum hv. n., að ég skal fresta málinu um stund, en ég lofa engu um það, að taka það út af dagskrá í dag.

Umr. frestað um stund.

Síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

Bjarni Ásgeirsson: Ég kemst ekki hjá því að bera sakir af landbn. Hæstv. forseti bar það á n., að hún lægi eins og ormur á gulli á þeim málum, sem til hennar hefir verið vísað. Þetta er ekki rétt! Ég hygg að vísu, að landbn. hafi fengið fleiri stórmál til afgreiðslu á þessu þingi en nokkur n. önnur og hefir n. þó þegar afgr. þau öll nema eitt, sem nú er unnið duglega að að afgreiða og mun koma innan skamms. Ég held mér sé því óhætt að segja, að ef allar n. þingsins hreinsuðu málin eins vel af höndum sér og landbn., mundu þm. ekki hafa ástæðu til að kvarta undan afgreiðslu mála hér í þinginu.

Magnús Guðmundsson: Vegna ummæla hæstv. forseta áðan, vil ég skýra frá því, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir ákveðið að halda flokksfund í kvöld. Það var sagt hér í dag, að þingfundur mundi ekki verða haldinn eftir kl. 8 í kvöld, og því boðuðum við til flokksfundar á þessum tíma. Er mjög áríðandi mál, sem fyrir liggur, og verður því ekki hægt að fresta fundinum.

Forseti (JörB): Mér var ekki kunnugt áður um þessar ákvarðanir.

Jónas Þorbergsson: Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. V.-Húnv. — Ég veit ekki betur en að sú sé þingvenja um starfsháttu þm., að þeir taki frv. til athugunar, þegar þau hafa verið prentuð eftir hverja umr., og að þeim sé gefinn kostur á að bera fram þær brtt., sem þeir óska eftir að bera fram, en mér vannst ekki tími til að koma með brtt. mínar fyrr en raun var á, og kemur enda oft fyrir, að þm. beri fram skriflegar brtt., án þess að nokkuð þyki við það að athuga. Þessar aðfinnslur hv. þm V.-Húnv. eru því ekki annað en hótfyndni og jafn-

vel getsakir um undirhyggju af minni hálfu, og er þó nær að álíta, að einhver undirhyggja búi á bak við þessa sjúklegu áfergju hv. þm. V.-Húnv. sjálfs til að reka mál þetta með offorsi í gegnum deildina.

Forseti (JörB): Þessum umr. verður nú frestað um sinn.

Í fundarlok tók forseti málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 388, 410, 436).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 436. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér 2 brtt. við þetta mál á þskj. 436. Fyrri brtt., við 17. gr., er um það, að herða á friðunarákvæðum fyrir ádráttarveiði. Eins og vitanlegt er, er aðaltilgangur frv. að auka friðun á laxi, til þess að geta á þann hátt spornað við því, að laxinn eyðileggist og hjálpa til að fjölga honum. Þó að þessi friðun geti skert eitthvað veiðina á vissum jörðum í bili, þá getur það síðar orðið til þess að auka hana og þannig hjálpa mönnum til að vinna upp hallann, sem þeir kunna að verða fyrir í bili, ef veiðin rýrnar eitthvað. En nú á að samþ. ákvæði, sem auka friðunartímann við ósana. Margir eru þeirrar skoðunar, að þó að ósaveiði sé hættuleg fyrir laxinn, þá sé ádráttarveiðin ennþá skaðlegri. Þess vegna álíta sumir, að ef til vill væri réttara að banna alla ádráttarveiði. Svo langt hefir n. ekki viljað ganga, en í frv. eru ákvæði um, að atvmrh. geti, eftir till. veiðimálan. og veiðimálastjóra, friðað ádrætti og jafnvel heilar ár. Nú var rætt um það í n. að auka hina almennu ádráttarfriðun fram yfir það, sem er í frv., þannig að leyfa ekki ádrátt nema 3 daga í viku, í staðinn fyrir 4 daga. Þessar till. komu fram í n. áður en málið var til 2. umr., en voru felldar vegna þess að fellt hafði verið í n. að auka friðunina við ósa jafnmikið og till. frv. fara fram á. En ég býst við, að d. muni einnig geta fallizt á að herða á friðuninni uppi í ánum. Brtt. fer fram á, að í staðinn fyrir, að leyft er að draga á í 4 daga, eins og nú er í frv., sé það fært niður í 3 daga, og heimildin um að veiða megi í 5 daga sé færð niður í 4 daga.

Önnur brtt. er við 33. gr., um það, að þar sem ár renna í kvíslum, tveimur eða fleiri, þá megi atvmrh. heimila, eftir till. veiðimálastjóra, að leggja veiðivélar út í miðja kvísl, ef ekki er lagt nema í eina. Það er gert með tilliti til staða, þar sem ég er kunnugur og ákvæði frv. eins og þau eru nú mundu geta valdið miklu tjóni fyrir hlutaðeigandi veiðieiganda. En sjálfsagt verður að athuga áður en leyfið er veitt, hvort það verði til verulegs tjóns fyrir fiskiveiðar og fiskigöngur í ánum og þar af leiðandi fyrir alla veiðieigendur. Fleira hefi ég svo ekki um þessar till. mínar að segja.

Jónas Þorbergsson: Það verður sennilega um þetta frv. eins og marga aðra yfirgripsmikla lagabálka, að það verður ekki við fyrstu smíð í alla staði fullkomið. Má gera ráð fyrir því, að enda þótt það nú í einhverri mynd nái samþykki hér á þingi, mun reynslan sýna agnúana og færa það til samræmis við þær breytilegu ástæður, sem því er ætlað að hafa áhrif á og snerta. Mér hefir virzt, að á frv. væru ennþá verulegir agnúar. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 410 og við hana brtt. á þskj. 437. Aðaltilgangur minn með þessum brtt. er að reyna að koma því til leiðar, að færð verði til meira samræmis þau ákvæði í frv., sem snerta skerðingu eignarréttar, afnotaréttar og hlunnindaréttar einstakra manna í landinu. Mér virðist á þessu vera verulegur misbrestur eins og frv. liggur nú fyrir. Ég skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um hinar einstöku till. eða liði þeirra till., sem ég hefi borið fram á þskj. 410. 1. liður gerir ráð fyrir því, að veita megi undanþágu frá þeim ákvæðum, að aðeins megi girða ⅓ hluta ár, ef þeir staðhættir eru fyrir hendi, að slík ráðstöfun, sem frv. gerir nú ráð fyrir, mundi skerða stórlega eða jafnvel svipta jarðareiganda aðstöðu til veiðinnar. Ég hefi með till. á þskj. 437 borið fram breyt. á þessum lið, þannig að ég ætlast til, að inn í hann komi tilvísun til 3. málsgr. 27. gr., sem hefir af vangá fallið úr, þegar ég samdi aðaltill. Enn-

fremur skal ég leyfa mér að lýsa yfir því, að ég mun bera fram viðaukatill. við þennan lið, brtt., sem ég ætlast til, að hljóði á þessa leið: „Þó mega veiðivélar aldrei ná lengra en út í miðja aðalstraumlínu og aldrei lengra en út í miðja á". Ef fyrsti liður er samþ. eins og hann er, þá eru ekki takmörk sett gegn því, að leggja megi lengra en út í miðja aðalstraumlínu. En samkv. þeirri till., sem ég bar fram við 2. umr., gerði ég ráð fyrir, að þessi takmörkun væri bundin við miðja aðalstraumlínu. Það fannst mér sanngjarnt og mundi helzt falla saman við breytilegar ástæður, sem fyrir hendi kynnu að vera á hverjum stað. Nú var það fellt, og til þess að ná þessari takmörkun, þá hefi ég leyft mér að bera fram við þennan lið, með því að hann tryggir það ekki, að ekki sé gengið lengra en ég hefi óskað eftir að gengið yrði í þessu efni, breytingu, sem yrði til þess að draga úr þeirri andúð, sem kynni að verða gegn því, að þessi takmörkun yrði þannig ákveðin. Ég hefi áður tekið það fram í umr. um þetta mál, að ég teldi varhugavert og óskynsamlegt að setja í lög jafneinstrengingslegt ákvæði eins og það, að hvergi megi setja veiðitæki lengra en út í ⅓ hluta árinnar, því breytilegar ástæður, svo sem straumafar og landslag, getur gert óhjákvæmilegt og nauðsynlegt, að hægt sé að víkja út frá þessu, og þá sé skynsamlegt að hafa opnar leiðir til þess, að þetta megi gera og það sé undir eftirliti og með heimild þeirra manna, sem hafa aðstöðu til að kynna sér þetta á hverjum stað og eiga að sjá um, að lögin séu framkvæmd á þann réttasta og bezta hátt, en þó þannig, að þau nái sínum aðaltilgangi. Ég vonast því fastlega til, að hv. dm. geti fallizt á, að þessar brtt. séu eftir atvikum réttlátar og skynsamlegar.

Þá kem ég að því, sem í raun og veru er aðalefni þessarar till og ég geri ráð fyrir, að orki frekast tvímælis og valdi ef til vill nokkurri mótspyrnu í d. Það er sú till., sem ég ber fram um það, að sama sé látið gilda um missi laxveiðahlunninda á einstökum jörðum af völdum þessara laga eins og yfirleitt gildir um missi selveiðanytja og laxveiðanytja í sjó.

Ef lögin valda því, að eign einstakra manna rýrnar, þá er viðurkennt í tveim tilfellum, að bætur skuli koma fyrir. Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að laxveiði, sem stunduð hefir verið í sjó og tekið hefir verið tillit til í fasteignamati, megi haldast áfram. Þar er því vikið frá þeirri aðalákvörðun laganna að banna laxveiði í sjó, til þess að eigandi þeirrar veiði skuli ekki verða fyrir tjóni. Og í 73. gr. frv. er svo ákveðið, að ef einhverjir missa selveiðinytjar vegna framkvæmda laganna, þá skuli það tjón að fullu bætt.

Nú er það kunnugt, að verðmæti margra jarða hér á landi hefir að meira eða minna leyti byggzt á laxveiðinytjum. Þær hafa gengið kaupum og sölu með sérstöku tilliti til þessa. Í fasteignamati er tekið fullt tillit til þessara gæða, og eigendur jarðanna hafa orðið að borga skyldur og skatta af þeim. Það hefir því verið viðurkennd stefna með þjóðinni, að fullt tillit bæri að taka til þessara hlunninda, og kaupendur að slíkum jörðum hafa orðið að gjalda fullt verð fyrir þau. Ég get því ekki séð, að ef það er nauðsynlegt, sanngjarnt og sjálfsagt að bæta fyrir missi þessara hlunninda á einum stað, þá eigi sú regla ekki líka að gilda alstaðar. Í brtt. minni er þó ekki farið lengra en það, að ef ráðstafanir þær, sem gerðar eru samkv. l. þessum, valda verulegu tjóni, þá sé skylt að bæta það tjón á sama hátt og missi selveiðinytja samkv. frv. En þessar bætur mundu þá fyrst koma til greina, þegar sannað væri, að veiðinot hefðu rýrnað vegna aðgerða laganna, og þá yrðu bætur borgaðar eftir mati. Er það ekki viðsjárverðara en um annað bæði í þessum lögum sem öðrum, sem ekki verður komizt hjá að leggja undir mat. Ég skal viðurkenna það, að ég er ekki sterkur í lögfræðinni. En ég sé ekki annað en að þær ráðstafanir, sem gerðar verða samkv. frv., ef mínar brtt. verða ekki samþ., komi í beinan bág við 63. gr. stjórnarskrárinnar, er kveður svo á, að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsheill krefji, enda svo fyrir mælt, að fullt verð komi fyrir. Í frv. þessu eru fyrirmæli, sem rýra munu laxveiðinot einstakra manna, og það bótalaust. Því má að vísu halda fram, og það með miklum rétti, að það sé gert vegna almenningsheilla. En þá skilst mér

líka nauðsynlegt að samþ. brtt. mínar, sem koma í veg fyrir, að ákvæði frv. verði í ósamræmi við 63. gr. stjskr.

Ég hefi nú í viðtali, sem ég hefi átt við nokkra hv. þm. út af brtt. mínum og málinu í heild sinni, heyrt ýmsar mótbárur, sem ég býst við, að komi fram undir umr. Skal ég því minnast á þær helztu:

Fyrsta mótbáran er sú, að það sé stefnt að því með frv., að laxveiði aukist svo vegna aðgerða þess, að þótt veiðieigendur við ósana biðu nokkurn halla í bili, þá myndi laxveiði fljótt aukast svo, að þeir fengju hann síðar uppbættan með aukinni veiði. Það er nú rétt, að þetta er tilgangur frv. En þó svo sé, þá getur auðveldlega farið svo, að þessi veiðiaukning komi ekki fram, og sízt alstaðar. Og því síður má slá því föstu, að þessi veiðiaukning komi svo fljótt fram, að það valdi ekki einstökum mönnum, sem byggja afkomu sína nú á laxveiði, verulegu tjóni, því að hætt er við, að þess verði víða verulega langt að bíða, að laxganga aukist vegna aðgerða laganna.

Í öðru lagi er fyrir því gert ráð með bráðabirgðaákvæði frv., að skotið sé á frest eftirliti með veiðinni og fjárveitingum til stuðnings fiskirækt í landinu. Að þessu leyti skortir því mikið á, að afgreiðsla þessa máls megi teljast viðunandi. Með þessum ákvæðum er kippt í burt þeim tveimur höfuðatriðum þessa máls, sem vera ættu samferða hinum öðrum ákvæðum frv. Það er því langt frá því, þótt frv. verði samþ., að máli þessu sé komið í æskilegt horf. Í þeim atriðum, sem lagt er til að frestað verði, felst einmitt laukrétt stefna. Ef þessum málum ætti að verða komið í æskilegt horf, þá þyrfti helzt hvert veiðihverfi að eiga ósajarðirnar, sem heyra ám þeirra til, og stunda þar veiði í félagi. Sá lax, sem þar veiðist fyrst á vorin, er beztur og verðmestur. Það er því hreinn hagur, að nokkuð sé veitt af honum þar, áður en hann kemst upp í bergvatnsárnar, sem eru margar svo litlar, að þar má gersópa laxinum í net og stráðrepa hann fyrir hrygningartíma. Þeir, sem því leggja kapp á, að laxinum sé hleypt upp í árnar án eftirlits með veiðinni þar, vilja friða hann við ósana, þar sem hann er verðmætastur, en hugsa svo ekkert um, þótt hann sé stráðrepinn uppi í hinum litlu bergvatnsám. Þetta kalla ég að hleypa laxinum úr öskunni í eldinn, því að eftir því sem fengurinn verður meiri, verður meira kapp lagt á að veiða og nær gengið stofninum en ella. Og með slíkum hætti verður ekki takmarki laganna náð.

Ef veiðin á að verða sem mest að gagni, þá verður það á þann hátt, að leyft sé að veiða við ósana, þar sem laxinn er verðmestur, með skynsamlegum takmörkunum. Það þarf að auka laxgengdina með klaki og góðu eftirliti. Hitt er ekki rétt aðferð, að vernda laxinn á þann hátt, að friða ósana til þess eins að laxinn komizt heim að bæjardyrum þeirra, sem búa við smáárnar, og sé drepinn þar. Í slíkum ám er honum miklu meiri hætta búin en við ósana.

En þótt sú brtt. mín, sem að þessu lýtur, verði samþ., þá get ég ekki verið samþykkur því ranglæti, að sumum verði bættur upp að fullu sá skaði, sem þeir verða fyrir vegna framkvæmda þessara laga, en að aðrir verði að þola sama tjón bótalaust. Mér finnst, að það væri minnkun fyrir Alþingi að samþ. slík ákvæði. Og ég tel, að brtt. mínar séu prófsteinninn á hv. deild, hvort hún vill ganga svo frá þessu máli.

Ég mun ekki vekja neitt málþóf um þetta frekar en um önnur mál. Ég býst heldur ekki við, að málið upplýsist mikið við langar umr. Heppilegast tel ég því, að umr. fari að styttast, en atkv. látin skera úr.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. fors. skrifl. brtt. við 1. málsgr. brtt. á þskj. 410.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 449) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Það er bezt að byrja með þeirri yfirlýsingu, að ég ætla ekki að stofna til neins málþófs, þó að ég kveðji mér hljóðs. Ég tek þetta fram til þess að róa hæstv. forseta og hv. d., svo að ekki verði farið að grípa til neins örþrifaráðs.

Ég ætlaði að skýra frá skoðun minni á frv. við 2. umr., en hæstv. forseti sleit henni þá svo skjótt, að það fórst fyrir.

Ég ætla því að gera það nú, áður en málið fer út úr deildinni.

Ég hefði talið heppilegt, að héruðin hefðu fengið meiri sjálfsákvörðunarrétt um veiðina en er eftir frv. Aðstaðan er svo ólík í hinum ýmsu héruðum, að erfitt er að setja ákvæði, sem alstaðar eiga við. Þá þykir mér óviðfelldið, að inn í allt frv. eru spunnin ákvæði, sem snerta veiðimálastjóra, en svo er bráðabirgðaákvæði um að fresta því, að hann verði skipaður. Ef það er meiningin, að það embætti verði ekki sett á stofn á næstunni — og því er ég fylgjandi —, þá hefði ég kunnað miklu betur við, að frv. væri breytt í þessu efni og allt það numið burt úr því, sem við kemur honum og starfi hans. Nafnið, veiðimálastjóri, finnst mér líka hálfeinkennilegt. Hann virðist eiga eingöngu að hafa eftirlit með laxveiðinni, en ekki með öðrum veiðum, sem þó eru miklu verðmeiri. Þetta er þó aukaatriði, en nafnið bendir til, að hann eigi að hafa með höndum umsjón yfir allri veiði landsmanna, þótt aðeins sé um laxveiðitíma að ræða. En það, sem er aðalatriðið og ég óttast, að komi í ljós, ef frv. þetta verður að l. og ósarnir verði friðaðir og laxinn gengur þess vegna meira upp í árnar, er það, að veiðin aukist að sönnu í smáánum, þar sem hægt er að ná hverri bröndu, en að það verði aðeins til bráðabirgða og að ósafriðunin verði því ekki til að auka laxgengdina upp í árnar, nema í svip. Nú er svo, að sá lax, sem kominn er upp í árnar og búinn að liggja þar eitthvað, er orðinn verðminni og óhæfur til útflutnings, vegna þess hve horaður hann er. Ef því friðunarákvæði frv. verða til þess eins að minnka ósaveiðina, sem er verðmætasta veiðin, en auka veiðina í uppánum án þess að heildarveiðin aukist, þá er enginn gróði að þeim friðunarákvæðum. Þvert á móti. Það er ekkert gagn í því, þótt laxinum sé leyft að ganga upp í árnar, ef hann er svo veiddur þar horaður áður en hann hrygnir.

Út af þeim brtt., sem fram eru komnar, vil ég taka fram, að mér skilst ekki, að neitt réttlæti sé í því, ef þeir, sem missa laxveiði í sjó og selveiði fá fullar bætur, en þeir, sem missa laxveiði við ósana, fá engar bætur. Mér skilst, að þetta sé réttlætiskrafa, að sama gangi yfir alla og ekki verði þannig gert upp á milli manna. Því er að vísu haldið fram, að slíkar bætur mundu víða geta komið til greina, og erfitt yrði að meta, á hve miklum rökum slíkar kröfur yrðu byggðar. Þetta er rétt. En það er oft erfitt og fyrirhafnarsamt að fullnægja réttlætinu og er þó gert það, sem hægt er til þess. En hér á ekki einu sinni að reyna að fullnægja því. Ég held þó, að ekki verði erfiðara að meta þetta en svo margt annað, sem þó verður ekki komizt hjá að meta. Þess ber þó að gæta, að sönnunarskyldan hvílir á þeim, sem fyrir tjóninu verða. Og ef þeir geta sýnt það og sannað, að þeir verði fyrir svo og svo miklu tjóni af völdum laganna, þá finnst mér það vera skylda hvers manns með óbrjálaðri réttlætistilfinningu að búa svo um, að þeirri kröfu verði sinnt á sanngjarnan hátt. Ég er því samþ. brtt. hv. þm. Dal. um þetta efni. Mér finnst ekki hægt að samþ. frv. svo, að ekki geti komið bætur til þeirra manna, er tapa mikilsverðum hlunnindum. Mín réttlætistilfinning segir, að það sé rangt. — Ég skal svo ekki hafa mál mitt lengra. En það er spá mín, að ef frv. verður samþ. eins og það nú liggur fyrir, þá muni það valda mikilli óánægju víða um land og fljótlega koma fram áskoranir um, að l. verði breytt.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi sem frsm. þessa frv. lítið að segja. Ég vil þó geta þess, að nokkrar smávillur hafa slæðzt í frv. við prentun. Vona ég, að hæstv. forseti sjái fært að láta leiðrétta þær, þegar frv. verður prentuð upp. Þessar villur hefi ég orðið var við: Í 13. gr. er vitnað til 85. gr., en á að vera 84. gr. Í 34. gr. 2. málsgr. kemur fyrir orðið „fiskur“, en á að vera: lax. Þessi brtt. var samþ. hér í hv. d. við 2. umr., en hefir fallið úr við prentun. — N. kom ekki svo fljótt auga á þessar villur, að hún gæti komið fram með brtt. Vona ég því, að hæstv. forseti láti leiðrétta þetta.

Um brtt. þær, sem fram hafa komið, hefir n. óbundin atkvæði. Það, sem ég því segi um þær, verður frá mínu eigin sjónarmiði, en ekki n. sameiginlega.

Ég vil þá víkja að brtt. á þskj. 410. Hv. flm. hennar hefir nú flutt alllangt

mál, bæði um hana og önnur einstök atriði frv. Var ekki laust við, að hann kæmist í nokkurn hita. Ég mun þó ekki bera við að þeim glæðum né verða þess valdandi, að umr. lengist mjög, þótt ég hinsvegar vilji taka afstöðu til frv. í sambandi við þær brtt., er fram hafa komið.

Hv. þm. Dal. sá ýmsa agnúa á frv. og taldi brtt. sínar til þess gerðar að sverfa þá af. Ég er þó hræddur um, að þær verði ekki til þess, þótt þær verði samþ. Brtt. sanna það líka sjálfar, þar sem sýnt er, að þær eru fljótfærnislega fram bornar. Fyrst kom hv. þm. Dal. fram með brtt. á þskj. 410, en hefir svo síðar orðið að koma með brtt. við hana á þskj. 437, og svo loks nú til frekari áréttingar skrifl. brtt. sem viðauka við till. Þetta sýnir, að hv. þm. hefir ekki hugsað málið mjög áður en hann bar till. sína fram. Brtt. hv. þm. Dal. á þskj. 410 er að vísu ein, en er þó í raun og veru í tveim liðum, annarsvegar 1. mgr., hinsvegar 2., 3. og 4. mgr., og má því fella annan liðinn, þótt hinn sé samþ.

Ég vil fyrst segja fáein orð um fyrri liðinn; með honum er veitt undanþága frá 3. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 30. gr., og þar með undanþága frá öllum helztu ákvæðum frv. um það, hvernig megi setja veiðivélar í vötn, eða m. ö. o. undanþága frá því, sem er hyrningarsteinn frv. að því er snertir friðun laxins á göngu hans upp eftir ánum. Þessi ákvæði eru eitt af höfuðatriðum frv. Eins og brtt. hv. þm. Dal. liggur fyrir, eru í raun og veru engin takmörk sett um það, hvernig girðingum skuli fyrir komið; menn geta fengið undanþágu til að þvergirða ár. Er því samkv. brtt. hv. þm. Dal. um afturför að ræða frá ákvæðum laxalaganna frá 1886, því að samkv. þeim mátti þó aldrei leggja nema í miðja á. Nú hefir hv. þm. að vísu séð að sér og flutt skrifl. brtt. um, að þó megi ekki girða nema í miðja á, og þó aldrei nema í miðja straumlínu. Það er að vísu bót frá fyrri till. hans, svo að nú er hægt að fara að ræða um brtt. En það verð ég að segja, að ég get samt ekki greitt því atkv., að svo mjög verði leyft að rýmka til um þetta atriði. Hv. þm. taldi, að það mundi verða tryggast að miða við miðja straumlínu. En það mundi þó oft reynast allmikið álitamál, hvar væri mið straumlína. Það mundi verða sífellt deiluatriði og illt að beita við það nokkru eftirliti.

Hv. þm. taldi ekki rétt að setja svo einstrengingslega reglu, að ekki mættu net ná nema ⅓ út í á. En það er nú svo, að ef markið á að nást, að hindra rányrkjuna, þá verður að setja ströng ákvæði. Því verður ekki mótmælt, að veiði hefir stórkostlega rýrnað á síðari árum. Það hefir ekki stafað frá náttúrunni sjálfri — hún getur gefið eins mikið og áður —, heldur mönnunum. Laxalögin 1886 hafa ekki getað hindrað rányrkjuna. Þau leyfa að leggja net út í miðjar ár. Reynslan hefir sýnt, að það er ekki nóg. Nú viljum við reyna að hafa ⅔ ánna frjálsa. Frá þessu ákvæði vil ég engar undanþágur veita.

Hv. þm. Dal. flytur þessa brtt. á þeim grundvelli, að við frv. muni laxveiði gereyðileggjast á sumum jörðum. Ég hefi ekki þá trú. Hitt skal ég ganga inn á, að það muni rýra veiðina að nokkru, menn verði að breyta veiðiaðferðum, taka upp nýjar lagnir og breyta til á ýmsan hátt, sem veldur erfiðleikum og nokkrum kostnaði. En það mun verða erfitt að benda á dæmi þess, að veiði eyðileggist með öllu á jörð. Ég þykist þess fullviss, að slíkt eigi sér hvergi stað. Nú má benda á mjög margt í þessu sambandi. Hv. þm. sagði, að þjóðfélagið hefði viðurkennt þessi hlunnindi jarðanna og þau væru metin til fasteignaverðs og varin af ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. Það er nú almennt orðin venja að vitna í stjskr., þegar takmarka skal á einn eða annan hátt rétt manna til þess að fara með náttúrunytjar eftir eigin höfði, án þess að taka tillit til, hvernig þeim er haldið við. En ég lít svo á, að það sé ekkert athugavert við það, þótt umráðaréttur einstaklinga sé takmarkaður, þegar það er gert til að vernda hlunnindin og sjá um, að þau komi að betri notum. Og því getur enginn neitað, að friðunarákvæði frv. þess, sem hér liggur fyrir, stuðla mjög að því að skapa skilyrði fyrir aukinni fiskirækt, og þar af leiðandi möguleika til bættrar afkomu almennings síðar.

Síðari liðir brtt. fjalla um bætur fyrir rýrnun á laxveiði, er fara skal um á sama

hátt og bætur fyrir selveiðamissi. En hér er um tvennt ólíkt að ræða. Bæturnar fyrir missi selveiðinytja eru byggðar á því, að þar eru eyðilagðar nytjar, sem ekki geta komið aftur í sömu mynd, en frv. er einmitt byggt á því, að friða laxinn fyrir sjálfum eigendum jarðanna, svo veiðin aukist frá því, sem nú er. Og nú vil ég spyrja þá hv. þm. Dal. og hv. samþm. minn, er hér var mest að minna á réttlætið í sambandi við þetta mál. Hvernig fer, ef svo verður áfram haldið, sem helzt lítur nú út fyrir, að veiðin gangi til þurrðar og ef til vill eyðileggist með öllu? Sumstaðar er lax alveg hættur að ganga í ár, þar sem mikil veiði var áður. Annarsstaðar hefir veiðin rýrnað stórlega. Og ef svo verður haldið áfram og veiðin eyðilögð í fleiri og fleiri ám, hvers virði verður veiðirétturinn þá? Ég held, að það sé einmitt ein æðsta skylda löggjafans að grípa fram fyrir hendur borgaranna, þegar þeir geta ekki séð sér farborða sjálfir. Það liggur í hlutarins eðli, að þótt einhver vildi friða fyrir sínu landi, þá kemur það að engu gagni, nema félagsskapur sé með öllum eigendum veiðivatnsins. Að því þarf löggjöfin að styðja. Ég fyrir mitt leyti er því ekki eins næmur á þessar réttlætiskröfur og hræddur við skerðing á eignarrétti, þótt nokkuð sé takmarkaður umráðaréttur manna á vissum verðmætum, þegar almannaheill krefst þess, eins og þessir tveir hv. þm. Mér virðist það nóg vernd og nægar bætur, að verði lögin framkvæmd eins og til er ætlazt, þá eykst laxgengdin, og þess hagnaðar njóta þeir. Hv. 2. þm. Skagf. kom inn á það, að það myndi nokkuð erfitt í framkvæmdinni að meta þessar bætur, en þó taldi hann erfiðleikana ekki svo mikla, að þeirra vegna gæti hann fallið frá þessari kröfu. En ég hygg, að það yrði ókleift. Það má ganga út frá því, að kröfur kæmu frá fjölmörgum veiðieigendum, ekki aðeins þeim, er við ósana búa, heldur einnig öðrum. Það má yfirleitt búast við, að um svo að segja hverja einustu jörð væri hægt að segja með nokkrum rökum, að veiðirýrnun hefði átt sér stað vegna friðunarákvæða laganna, og þá fyrst og fremst af því, að veiðitími er mjög styttur frá því, sem áður var. Hvernig getur nokkrum dottið í hug, að farið verði að greiða bætur fyrir slíkt. Enda hníga engin rök að því, þar sem hér er um friðun að ræða, sem síðar kemur eigendum sjálfum fyrst og fremst til góða. Ég þykist þess fullviss, að ef opnuð væri leið til þess í lögunum, mundu svo almennar kröfur koma um skaðabætur fyrir missi veiðinytja, að hið mesta öngþveiti yrði úr og engin leið að ná neinu samræmi.

Hv. þm. Dal. talaði um það, að í raun og veru væri verið að vísa laxinum úr öskunni í eldinn, með því að friða hann við ósana, til þess að hann verði veiddur upp til fjalla. Þessu er því til að svara, að laxinn verður að komast upp í bergvatnsárnar til að hrygna. Hann hrygnir ekki í jökulvatni. Í þessu sambandi vil ég minna á, að í frv. eru ströng ákvæði til að takmarka ádrátt, sem er einmitt hættulegasta veiðiaðferðin. Það er bannað að draga á nema 4 daga í viku, og hv. þm. Mýr. hefir flutt brtt. um að færa það niður í 3 daga, og mun ég fyrir mitt leyti greiða þeirri till. atkv. Auk þessu eru bergvatnsárnar oft leigðar til stangarveiða, og er það mesta tryggingin fyrir því, að laxinn fái að hrygna í næði.

Hv. þm. Dal. hefir flutt þetta mál eins og með frv. sé einungis verið að ganga á rétt ósabænda, en ekki verið að friða fiskistofninn. Hann talaði um, að það væri minnkun fyrir Alþingi að ganga svo frá frv. Ég get ekki fallizt á þetta. Mér þykir það ekki minnkun fyrir þingið, þótt það reyni að friða þann fiskistofn, sem eftir er í ánum, svo að hann eyðist ekki með öllu, og enn hafa engin rök verið færð fyrir því, að veiðirýrnun verði svo mikil á einstökum jörðum, að ástæða sé til að ákveða bætur fyrir. Ástæða mín fyrir því að neita bótum byggist á því, að frv. er fyrst og fremst ætlað að vernda veiðina, og þótt hún rýrni í svip, þá réttlætist það af því, að hún verður meiri og tryggari þegar fram líða stundir. Löggjöfin hefir margoft áður farið svipað að, t. d. þegar rjúpurnar voru friðaðar. Þá mun engum hafa dottið í hug að heimta bætur til þeirra jarða, er rjúpnaveiðar voru sérstaklega stundaðar á. Mörg fleiri dæmi mætti nefna, er sýna það, að oft er gripið til svipaðra ráðstafana án bóta.

Að síðustu skal ég nefna þau ummæli

hv. þm., þar sem hann minntist á, að sér virtist illa frá málinu gengið, einkum með tilliti til þess, að fresta má um sinn 11. og 12. kafla frv. um eftirlit og stjórn veiðimála og styrk til fiskiræktar. Eins og hv. þm. veit, þá lagði n. þetta til eingöngu vegna yfirstandandi örðugleika ríkissjóðs. En ég vil benda á, að það er ekki rétt, að allt eftirlit og stjórn þessara mála falli niður. Samkv. bráðabirgðaákvæðum frv. er ætlazt til þess, að sá maður, er haft hefir eftirlit með laxa- og silungaklaki hjá Búnaðarfélaginu undanfarið, gegni þessum störfum, sem veiðimálastjóra er ætlað að vinna. Þá er og ætlazt til, að hreppstjórar fyrst um sinn annist störf eftirlitsmanna við fiskivötn. Það er því alls ekki rétt, að öllu eftirliti skuli frestað í bráð; því er aðeins komið fyrir á ódýrari hátt en ætlazt er til með frv., en það skal játað, ekki eins öruggu og æskilegt væri.

Hv. samþm. mínum, 2. þm. Skagf., hefi ég að nokkru svarað um leið og hv. þm. Dal. Hann minntist á það, að það væri að sínu áliti betra að veita héruðunum meiri sjálfsákvörðunarrétt um þessi mál en frv. fer fram á. Þetta getur haft nokkuð til síns máls, en hættan er þó sú, að ekkert verði úr framkvæmdum. Þetta eiga að vera heildarlög, og meiningin er, að fiskiræktarfélög taki friðunarstarfið að sér innan þess ramma, sem lögin ákveða. Ég get ekki fallizt á að leggja þetta á vald héraðanna; ég óttast, að víða mundi ekkert verða aðhafzt og friðun fara meir í handaskolum en annars. Enda eru ýms ákvæði frv. svo rúm, að héruðin geta nokkuð hreyft til veiðitíma o. fl. eftir því, sem ástæður heimta á hverjum stað. En að áliti fróðra manna er lax nú svo mjög eyddur, að víða er erfitt að fá nóg til stofnræktar. Þetta er að vísu nokkuð misjafnt eftir héruðum, en víða er hann alveg upprættur.

Ég ætla ekki að lengja umr. þessar úr hófi fram, en þetta verð ég þó að taka fram, einkum vegna ummæla hv. þm. Dal.

Um brtt. hv. þm. Mýr. skal ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. með þeirri fyrri, um að banna ádrátt nema 3 daga í viku, í stað 4 daga, eins og nú er í frv. Um síðari till. hans skal ég taka það fram, að ég álít réttara að samþ. hana en 1. liðinn í till hv. þm. Dal., en lít þó svo á, að ekki sé ástæða til að samþ. hana heldur.

Jónas Þorbergsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið úr þessu. Ég leitaðist við í síðustu ræðu minni að skýra afstöðu mína til frv. og þeirra brtt., sem ég flyt. Ég sé ekki ástæðu til að leggja slíkt kapp á að koma fram löggjöf, sem tvímælis orkar í verulegum atriðum.

Mig furðar á þeim rökum, sem borin hafa verið fram móti till. mínum. Í öðru orðinu er því haldið fram, að veiðin við ósana muni ekkert rýrna, í hinu orðinu, að fiskgengdin í ánum muni stórum aukast. Þetta tvennt er ósamrímanlegt; annaðhvort hlýtur ósveiðin að minnka, ef laxinn á að fá greiðari göngu upp í árnar og veiðin að aukast þar, eða ósveiðin minnkar ekki, og getur veiðin eða fiskigengdin þá ekki aukizt upp um árnar. Ég tel það algerlega rangt að hraða þessu máli áfram nú. Úr því að sleppa á öllu eftirliti og öllum styrk til fiskiræktar, þá tel ég, að verr sé af stað farið en heima setið, og að það muni ekki bæta úr núverandi ástandi, heldur færa það til enn verra horfs. Með frv. er verið að opna fiskinum leið upp í bergvatnsárnar, þar sem auðgengara er að honum og hann verður enn freklegar veiddur en nú er gert. Í stað þess, sem nú er veitt við ósana, og er markaðsvara, yrði gengið enn nær stofninum í bergvatnsánum, þar sem laxinn er ekki markaðsvara. Þessi yrði afleiðingin af frv. óbreyttu. Ég er fylgjandi þeirri aðalstefnu frv. að stuðla að fiskirækt, en úr því að þeim aðalatriðum frv., er lúta að stjórn veiðimála og eftirliti og styrk til fiskiræktar, á að skjóta á frest um óákveðinn tíma, þá tel ég varla tímabært eða ómaksins vert að setja þessi l., því að á meðan styðja þau ekki aðalhugsun frv., heldur auka aðeins á rányrkjuna í þessu efni.

Ég er svo óánægður yfir þessari afgreiðslu málsins sem mest má verða. Það er ekki vegna þess, að ég sé á móti því, sem á að vera aðaltilgangur frv; það er langt frá því. En ég er hræddur um, að það, sem næst með afgreiðslu frv. á þennan hátt, verði málinu til tjóns. Við eigum

að keppa að því að stunda fiskirækt, en ekki auka rányrkjuna, eins og hér er stofnað til.

Sveinn Ólafsson: Það er ekki undarlegt, þótt ágreiningur hafi risið út af þessu frv. Að vísu er frv. að stofni til þarft og gott að því leyti, sem það lýtur að almennum ákvæðum um veiði í vötnum. En upp í frv. hefir verið tekið margt, sem ætti eftir eðli málsins og landsháttum að falla undir samþykktarvald sýslunefnda eða sveitarfélaga. Í frv. er ekki tekið tillit til breytilegra ástæðna í ýmsum landshlutum, og það er fyrirsjáanlegt, ef þetta verður að lögum, að þá hlýtur að rísa upp megn óánægja yfir nærgöngulum og óþörfum ákvæðum laganna víðsvegar um landið, af því að landeigendur og búendur á vissum svæðum verða sviptir veiðirétti, sem um aldir hefir óvefengdur verið og öllum meinalaus. Það tvennt þarf glögglega að aðgreina, ef vel á að fara, sem heima á í almennum lögum, og hitt, sem eftir staðháttum og venjum fellur eðlilega undir samþykktarvald héraðanna.

Ég ætla ekki að tefja tímann með því að vitna í einstakar gr. frv. eða taka upp það, sem áður hefir verið sagt, en ég get undirskrifað allt það, sem þeir hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Skagf. hafa sagt um þetta mál. Ég er sammála þeim um, að hér hafi höfundum mistekizt átakanlega, þegar frv. var búinn sá búningur, sem það nú hefir fengið. Það virðist ekki skipta miklu máli í augum þeirra manna, sem samið hafa og flutt þetta frv., þó að það kunni að snerta illa fáeina búendur, en reynslan mun síðar sýna stórgalla á frv. þessu, ef lögfest verður. Mér er þetta vel ljóst og skal t. d. geta þess, að á nokkrum stöðum í nágrenni mínu hagar svo til, að samkv. ákvæðum frv. yrði aldagamall veiðiréttur alveg tekinn af búendum og landeigendum, og það réttur, sem aldrei hefir verið vefengdur eða nokkrum manni er hagur að fella. Í þessu máli verður því að leita álits og samþykkis héraða og hlutaðeigenda. Staðhættirnir eru svo breytilegir, að ekki er fært að setja heildarlög um þessi atriði, nema með þeim hætti að ætla héruðum og einstaklingum svigrúm til samþykkta um skaðlega tilhögun. Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Þar sem á frv. þessu eru ennþá allmikil missmíði, einkum að því er snertir ákvæði vegna breytilegra staðhátta frá einu héraði til annars, og með því að ætla verður, að ríkisstjórnin leggi frv. fyrir næsta þing í haldkvæmara búningi, telur deildin ekki ástæðu til að ræða frv. frekar að þessu sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 388, 410, 436, 437, 449).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. S.-M. felld með 16 : 6 atkv.

Brtt. 436,1.a samþ. með 15 : 6 atkv.

— 436,1.b samþ. án atkvgr.

— 436,2 samþ. með 14 : 11 atkv.

— 437 felld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, ÞJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, VJ.

nei: HStef, HJ, HV, IngB, LH, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.

HG, BKr greiddu ekki atkv.

Brtt. 449 samþ. með 16 : 6 atkv.

— 410, svo breytt, felld með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, EA, GÍ, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PO.

nei: StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, LH, JörB.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, HG, HV, IngB, JÓl, LH, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, JörB.

nei: JJós, JAJ, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, SvÓ, EA, GÍ.

PO greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 454).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 643).

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Það er hér um mjög merkilegt mál að ræða og allmikinn lagabálk, eitthvað upp undir 100 gr. Það fjallar um allmikilvæga atvinnugrein fyrir marga landsbúa, lax- og silungsveiði, því að hún er á mörgum jörðum mikilsverð tekjugrein fyrir bændur. Tilgangur frv. er vitanlega fyrst og fremst sá, að efla þessa atvinnugrein, sem ætlazt er til, að gert sé með ýmsu móti. Fyrst og fremst er lengdur sá tími, sem laxinn skal vera friðaður, frá því sem er í núgildandi l. frá 1886, svo að í viku hverri á samkv. 17. gr. frv. að vera óheimilt að veiða í 60 klst., í stað þess, að nú eru það aðeins 36 klst., og auk þess er ádráttur aðeins leyfður 3—4 daga, í stað þess að nú er það mestalla vikuna. Þessi friðunarákvæði tryggja því mjög, að laxinn geti frekar aukizt, og ekki síður hitt, að hann geti komið að jafnari notum þeim, sem búa við sama fiskihverfið, að hann fái að ganga óhrindraðri upp um vötn en nú er. Þá er líka gert ráð fyrir, að heimilt sé að banna að veiða í hyljum og hrygningarsvæðum, og það getur haft mjög mikla þýðingu. Loks er gert ráð fyrir ýmsum ráðstöfunum til þess að auka fiskirækt, og einnig er gert ráð fyrir að gera ráðstafanir til að gera fiskvegi eins og gert hefir verið við Lagarfljót og víðar. Svo loks til þess að ýta undir þetta, er gert ráð fyrir ákveðnum styrk úr ríkissjóði. Þá er enn eitt merkilegt ákvæði sem heimilar, að menn við sama fiskihverfi geti haft félagsveiði. Allt þetta telur meiri hl. n. mjög mikils virði, að sé samþ. En ég skal geta þess, að það er aðeins meiri hl., því að einn nm. hefir ekki getað orðið okkur hinum samdóma um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hann telur, að á því séu miklir annmarkar. En ég skal geta þess fyrir hönd n., að því verður ekki neitað, að nokkur missmíði eru á frv., en þau eru svo smávægileg, að hún telur ekki fært þeirra hluta vegna að hika við að afgreiða það nú.[1])

Ég geri ráð fyrir, að þetta ákvæði og önnur, sem tvímælis orka, verði tekin fyrir á næsta þingi. Sama mætti segja um ákvæði 18. gr., að ástæða væri til að kveða nánar á um heimild ráðh. til að banna laxveiði alveg um ákveðinn tíma. Í frv. er svo til orða tekið, að ráðh megi banna veiði með öllu, ef fiskur sé í gereyðingu, en svo virðist, sem ástæða gæti verið til að banna veiði áður en svo langt væri komið. Um önnur ákvæði getur og verið álitamál, t. d. að veiðitími megi vera frá 20. maí til 15. sept. Ég býst við, að sumum þyki athugavert að leyfa veiði svo langt fram á haustið, en þar sem svo er ákveðið, að héraðsstjórnir megi ákveða, hvenær veiðin byrji og hvenær hún hætti, gerir þetta ákvæði ekki skaða, því þar sem þessi haustveiði væri álitin skaðleg, myndu sýslunefndir ekki leyfa veiði svo lengi fram eftir.

Þetta, sem ég hefi drepið á, eru smávægilegir agnúar, en frv. sjálft hinsvegar svo mikilsvert til að tryggja eflingu þessarar fiskiræktar, að meiri hl. n. vill ekki tefla því í tvísýnu með því að breyta því nú, heldur leiða aðalbálkinn í lög og taka til athugunar á næsta þingi, hvaða smábreytingar þurfi að gera á lögunum. Þetta hefir verið gert áður við ýms lög, svo að hér væri ekki um neitt einsdæmi að ræða, þótt ég skuli játa, að æskilegra hefði verið, að engir agnúar hefðu verið á frv. — Ein prentvilla er í frv., sem nefndin væntir, að leiðrétta megi við endurprentun. Í 3. málsgr. 23. gr. vantar orðið „ekki“ í síðasta málsl.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, fyrr en minni hl. hefir gert grein fyrir sínum aths. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Pétur Magnússon: Eins og frsm. meiri hl. gat um, hefir allshn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég hefi

---

1) Vantar kafla í ræðuna. — JónJ.

ekki getað fylgt samnm. mínum um það að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó leit út fyrir um tíma, að samkomulag næðist um breytingar, og eins og ræða hv. frsm. meiri hl. bar með sér, er meiri hl. ekki ánægður með frv. eins og það er. En þó hefir meiri hl. komizt að þeirri niðurstöðu, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt af hræðslu við að það dagaði uppi. Mér þykir þetta ekki vera veigamiklar röksemdir, þar sem um svo mikilsvert mál er að ræða. Ég álít, að ef menn sjá missmíði á frv., eigi að laga þau áður en frv. er gert að lögum. Ef samkomulag hefði getað orðið í n. um það að laga stærstu ágalla frv., myndi ég hafa fylgt samnm. mínum í því að leggja til, að frv. næði fram að ganga, enda þótt mér sé ljóst, að það getur ekki orðið frambúðarlöggjöf nema með gagngerðum breytingum.

Ég mun aðeins ræða um frv. að því er það snertir laxveiðina. Við ákvæði þess um silungsveiði hefi ég ekki margt að athuga, enda er ég síður dómbær á því sviði. Ég verð að biðja hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég mun tala meira almennt um málið en gerist við 2. umr., af því að það fór umræðulaust gegnum 1. umr.

Gildandi laxveiðilöggjöf er frá 1886. Ég veit ekki, hvort rétt er að segja, að hún sé úrelt, því að hún hefir verið gölluð frá upphafi og samin af litlum skilningi á því, hvers virði laxveiðin getur orðið landsmönnum. Ég segi þetta ekki í ámælisskyni. Mönnum var eðlilega óljóst þá en nú gildi laxins sem markaðsvöru. Samgöngur voru mjög erfiðar og því erfitt að koma laxinum á markað. Það á ekki við að fara að rekja þessa löggjöf hér nema til samanburðar við frv., sem fyrir liggur.

Ég vil þá í fáum orðum minnast nokkuð á tilhögun laxveiðanna og hagnýtingu aflans hér á landi til þessa. Veiðiaðferðir í stórám hafa verið lagnet, kistur á stöku stað og nú síðustu árin girðingar á nokkrum stöðum. Í bergvötnum hefir ádráttur næstum undantekningarlaust verið aðalveiðiaðferðin. Í allmörgum ám hefir þó stangarveiði verið stunduð sem aðalveiði, einkum á Suðurlandi, og hefir sú veiði þótt gefa eigendum meiri arð en netaveiði áður. Fyrir fáum árum hófust tilraunir með laxaklak. Hafa þær gefizt mjög vel á einum stað austanfjalls og er talið, að laxamergð hafi aukizt þar að mun. Klakið hefir víðar orðið að talsverður gagni, en þó ekki eins miklu og við hefði mátt búast, vegna þess hve illa hefir gengið að ná í klakfisk. 1929 voru sett lög um fiskiræktarfélög og samkv. þeim lögum hafa nokkur félög verið stofnuð til að beita sér fyrir klaki og glæða áhuga á þessum málum. Hafa þau og vafalaust þegar gert nokkurt gagn, þótt ef til vill megi segja, að enn sjáist ekki mikill árangur af starfi þeirra.

Þá kem ég að hagnýtingu aflans. Auk þess sem laxinn hefir vitanlega ávallt verið notaður allmikið til matar á laxveiðijörðunum, var hann um langt tímabil aðallega fluttur saltaður á erlendan markað. En verðið var mjög lágt, svo lágt, að ég man, að á mínum uppvaxtarárum þætti þessi sala vafasamur búhnykkur, samanborið við það að leggja laxinn til heimilisins. Á síðustu árum hefir laxinn verið fluttur út kældur eða frystur. Nokkuð hefir þó jafnan verið selt á innlendum markaði. En vandkvæði hafa mikil verið á þessum útflutningi, vegna þess að laxinn hefir verið veiddur í net og orðið að drepa hann og geyma lengi áður en hann komst á markaðsstað. Laxinn hefir því ekki orðið fyrsta flokks vara og alloft komið fyrir, að hann hefir komið út stórskemmdur. En á síðari árum hefir sumstaðar tekizt að geyma laxinn lifandi, unz hann er fluttur í skip, og á þann hátt hefir tekizt að koma honum til annara landa sem fyrsta flokks vöru. Reynt hefir verið að reykja lax til útflutnings, en orðið erfitt að koma honum á markað sem 1. flokks vöru.

Mér finnst rétt, áður en ég fer að ræða hin nýju ákvæði, sem felast í þessu frv., að gera grein fyrir verðgildi laxveiðanna hér á landi. Ég hefi drepið á hagnýtingu aflans og sýnt fram á, að svo framarlega sem lax er veiddur þannig, að hægt sé að koma honum á markaðinn sem 1. fl. vöru, er hann jafnverðmætur og lax annarsstaðar. Laxinn er ef til vill hinn verðmætasti fiskur í heimi. Verðið getur komizt upp í 3—4 kr. pundið, þegar bezt lætur. En venjulegt verð á enskum markaði mun

vera um 2 kr. pundið. En skilyrðið til þess, að laxinn sé fyrsta flokks vara, er að hann sé nýrunninn, er hann er veiddur. Um leið og silfurliturinn fer af honum er hann verðlaus á erlendum markaði. Skilyrðið er því, að laxinn sé veiddur á stöðum ekki mjög langt frá sjó, því að silfurliturinn fer fljótt af honum í ósöltu vatni. Ef laxinn er veiddur nýkominn úr sjó og rétt farið að, getur hann því orðið hin mesta auðsuppspretta. Stangarveiði þykir alstaðar hin bezta skemmtun, sem auðugir laxveiðimenn vilja gjalda stórfé fyrir. Englendingar leggja á sig ferðalög út um víða veröld, ef þeir geta náð í góða stangarveiðiá. Dæmi eru til þess, að greidd hafa verið 1000 sterlingspund á ári fyrir góðan veiðihyl þar heima. Mér er auðvitað fyllilega ljóst, að við getum aldrei fengið slíka leigu eftir okkar ár, en hins er ég fullviss, að ef veiðin er hyggilega stunduð og hæfilega mikill lax í ánum, mætti leigja árnar fyrir stórfé. Laxveiðin getur því orðið auðsuppspretta á tvennan hátt: með því að veiða laxinn til útflutnings sem 1. fl. vöru, og með því að leigja hinar smærri ár til stangarveiða. Ég álít það hlutverk löggjafarinnar að stuðla að því, að heildararðurinn af laxveiðinni verði sem mestur, laxamergð aukizt og árnar séu skynsemlega hagnýttar, þannig að þær gefi eigendunum sem mestan arð. Þetta verður þó ekki gert með löggjöfinni einni saman, heldur verða eigendur ánna að fá betri skilning á málinu, og það er auðvitað fyrir mestu.

Um frv. er það að segja, að það hefir fengið allrækilegan undirbúning, enda hefir unnið að því sá maður, sem mest og bezt innlendra manna hefir kynnt sér lifnaðarhætti laxins. Frv. hefir einnig ýmsa kosti fram yfir gildandi löggjöf. Má þar telja ákvæðin um veiðifélög, en þar vildi ég þó breyta einu atriði. Þessi kafli kveður á um það, hvernig bindast eigi samtökum um laxveiði. Mér er ljóst, að slík samveiði muni eiga framtíð fyrir sér og að helzt ætti ekki að veiða lax öðruvísi. Þá tel ég og 10., 11. og 13. kafla frv. vera til bóta; þó að nokkurn kostnað kunni að leiða af 11. kafla, álít ég, að eigi megi horfa í það, ef ákvæði hans miða að því að efla og tryggja laxveiðina.

Vil ég því næst víkja að þeim breyt., sem frv. gerir um tilhögun á laxveiði í 4. og 6. kafla.

Fyrsta breyt. er sú, að banna að veiða lax í sjó, en nú eru engar hömlur á það lagðar. Þetta bann mun vera byggt á erlendri reynslu. Í Noregi og víðar er megn andúð gegn laxveiði í sjó, með því að hún er talin spilla svo mjög fyrir árveiði. Ég mun ekki setja mig upp á móti þessu ákvæði, en tel þó vafasamt, að rétt sé, að bann þetta verði skilyrðislaust. Sjóveiddi laxinn er mjög verðmætur og mætti því leyfa veiði á honum með takmörkunum. Í 3. málsgr. 13. gr. segir og, að lax megi veiða í sjó, ef laxveiðin sé metin til dýrleika í fasteignamati. Þetta álít ég hæpið, ef veiðin er skaðleg á annað borð. Annars hefi ég heyrt, að ekki standi þannig á nema á einum stað eða örfáum stöðum á landinu, svo að þetta hefir ekki almenna þýðingu.

Önnur breyting er í 15. gr., þar sem bannað er að veiða lax í ósum með ádrætti. Ég verð að segja, að þótt ég sé ekki ginnkeyptur fyrir þeirri veiði, tel ég vafasamt, að frekar sé ástæða til að banna ádrátt í ósum en á hrygningarstöðvum. Fiskstofni árinnar getur stafað hætta af hvorutveggja, en sá er munurinn, að laxinn, sem veiðist í ósunum, er verðmæt vara, en sá, sem veiddur er á hrygningarstöðum verðlítill. — Og hæpið virðist mér, að unnt sé að svipta ósajarðirnar öllum veiðirétti — eins og raunin mundi sumstaðar verða af þessu ákvæði — án þess að nokkurt endurgjald komi móti. Sanngjarnt er það a. m. k. ekki, og sízt þegar engu óhættulegri veiði er lögheimiluð á öðrum stöðum.

Þá er í 17. gr. breyting á hinum vikulega friðunartíma. Hann er lengdur úr 36 stundum, eins og hann er nú, og í 60 stundir. Við þessu er ekkert að segja, ef ráð er fyrir því gert, að þetta sé öruggt til að auka laxmagnið í ánum. En svo er ekki, eins og ég kem að síðar, og þá er ákvæðið líka vafasamara.

Í sömu gr. er breytt ákvæðunum um ádrátt, þannig að ádráttarveiði er bönnuð í 2—3 daga í viku hverri. Nú er slíkt bann ekki í lögum. Á flestum stöðum er þetta alveg þýðingarlaust ákvæði, því að óvíða mun oftar dregið á hvort sem er. Það er

ekki verið að eltast við einn og einn lax, heldur er honum lofað að hópast saman undir ádráttinn. A. m. k. er það svo ofan til í ám.

18. gr. heimilar ráðh., eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði í ám, aðra en stangarveiði, undir tilteknum skilyrðum. Þetta er í sjálfu sér gott ákvæði, en gallinn er sá, að það er of þröngt til að koma að verulegu gagni. Skilyrðið er það, að fiskistofni árinnar sé slík hætta búin af annari veiði, að hann liggi undir gereyðingu. Það verður sjálfsagt ávallt erfitt að kveða á um það, hvort hætta sé á gereyðingu laxstofnsins í einhverri á, enda á vissulega að leggja hömlur við veiði fyrr en svo er komið.

Í 27., 28. og 30. gr. eru ákvæði um það, hversu langt kistur, lagnet og girðingar megi ná út í ár. Er þetta stytt frá því, sem nú er, þar sem það nú má ná út í miðja á, en samkv. frv. má það ekki ná yfir meira en ⅓ hluta árinnar, og stundum aðeins ¼. Það er líkt um þetta að segja sem hinn vikulega friðunartíma. Ef því má örugglega treysta, að þetta verði til þess að auka laxmagnið í ám, þá er ekkert út á það að setja, en af því að önnur ákvæði frv. verka gagnstætt því, þá tel ég þetta allt vafasamara.

Í 28. gr. er möskvastærðin minnkuð. Mega net ekki vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, og samsvarar það hér um bil því, að möskvinn sé 18—19 cm. ummáls. Nú er lágmarkið 23 cm. Þetta er ekki þýðingarmikið ákvæði. Það verkar þannig, ef farið er niður í lágmarkið, að meira veiðist af smálaxi, en sá stærri ánetjast síður. En ég tel ekki líklegt, að margir noti sér þetta, því að flestir munu hafa verið fyrir ofan þá stærð, sem nú er leyfð.

Í 28. gr. er ádráttur bannaður yfir meira en ⅔ hluta ár í senn. Þetta er algerlega þýðingarlaust ákvæði, að ég hygg. Alstaðar þar, sem ég þekki til, hagar svo til, að hægt er að sópa árnar, þótt ekki sé farið yfir meira í einu en ⅔ hluta af breiddinni, af því að ekki er takmarkað um leið, hversu oft má fara með netið yfir ádráttarsvæðið.

Þá hefi ég gert grein fyrir þeim höfuðbreytingum, sem frv. gerir á núgildandi löggjöf. Smærri atriði sé ég ekki ástæðu til að fara út í að svo stöddu.

Ég er ekki í vafa um, að tilætlunin með frv. er sú, að auka laxmagnið í ánum. Til þess bendir margt í frv., svo sem takmörkun ósaveiðanna, lenging friðunartímans, stytting netanna o. fl. Ég er heldur ekki í vafa um, að fyrir þessi ákvæði kemst meiri lax upp í árnar. En gallinn er sá, að ádráttarveiðin er raunverulega ekki takmörkuð. En ádrátturinn er aðalveiðiaðferðin í smáánum, og með honum er víða auðvelt að ná öllum laxi, sem í þær gengur, gersópa árnar. Ég get fullyrt, að það er ekki óvíða, sem svo er ástatt. Eins og ég gat um áður, þá er ekki leyft að draga yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár. En þetta eru engar hömlur á ádráttarveiðinni, því að eftir sem áður má sópa laxinum úr ánum með því að draga nógu oft á, enda liggur laxinn oftast nær á vissum stöðum í ánum, og þangað fara veiðimenn vitanlega með net sín. Auk þess er algerlega ómögulegt að hafa eftirlit með þessu ákvæði.

Af þessu er það ljóst, að frv. uppfyllir ekki fyrra skilyrðið, sem ég gat um, að gera þyrfti til nýrrar laxveiðilöggjafar, nefnilega það, að stuðla að aukningu laxstofnsins. En þó verð ég að telja það ennþá verr uppfylla síðara skilyrðið, að veiðin verði heppilega hagnýtt. Það má segja, að því sé algerlega snúið við. Það eru lagðar stórar hömlur á laxveiði þar, sem laxinn er verðmikill, til þess að láta taka hann þar, sem hann er raunverulega verðlaus.

Þessi ákvæði geta ekki byggzt á öðru en því, að höfundar frv. hafi ekki litið á laxveiðarnar sem atvinnugrein og auðsuppsprettu, heldur aðeins sem búsþægindi. Þeir hafa miðað við það, að menn gætu fengið sér í soðið. Þessa skoðun sýna ákvæði 2. og 3. gr. bezt, og það svo að óhrekjanlegt er.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að ef jörð er byggð á leigu, þá sé skylt að láta veiði fylgja ábúðinni. Það liggur í augum uppi, að það er óeðlilegt að taka samningsréttinn af mönnum í þessu efni. Það mun reynast erfitt að færa rök fyrir því, að sú hætta fylgi þessu, að réttmætt sé að takmarka samningsfrelsi manna, fara út í svo óvenjulegar öfgar eins og það er að

lanna mönnum að semja um fjárhagsmál sín. Svo hagar víða til, að landeigandi hefir betri skilyrði til að hagnýta veiðina en leiguliði hans. Hvers vegna á að banna þeim, er mikið getur haft upp úr veiðinni, að hagnýta sér hana, en neyða hinn til þess, er verri skilyrði hefir? Ég sé ekki önnur rök fyrir því en þau, að tryggja eigi, að ábúandi geti fengið sér í soðið. Þá kemur þetta ekki síður fram í 3. gr. Þar er svo ákveðið, að þar, sem veiði hefir skilizt frá jörðu, skuli landeigendur eiga rétt á að leysa til sín veiðina. Þess er fyrst að geta, að ákvæði þetta kemur að mínu áliti berlega í bága við stjórnarskrána. Stjskr. mælir svo fyrir, að ekki megi svipta menn eign sinni nema almenningsheill krefjist, enda þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir. Hér verður að vísu lagaboðið til og fullt verð á að koma fyrir, en mér þætti gaman að heyra rök fyrir því, hver almannaheill krefst þessa. Fyrst og fremst kemur þetta aðeins á tiltölulega fáum stöðum til greina. Ennfremur er það kunnugt, að með þessar ár hefir verið betur farið en nokkrar aðrar ár. Þær hafa undantekningarlaust eingöngu verið notaðar til stangarveiða, og eigendurnir hafa mest um það hugsað að fá aukið laxmagnið, til þess að þær uppfylli betur þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar. Víða hefir veiðirétturinn verið lítils virði, þegar hann var látinn af hendi, en hefir orðið mikils virði við það, að hann var seldur. Hvernig á svo af viti að halda því fram, að almenningsheill krefjist, að veiðin sé aftur sameinuð landeignunum? Ég skil það ekki.

Ég segi, að þessar tvær gr. bendi ákveðið til þess, að höf. frv. hafi litið á laxveiðarnar aðeins sem búsþægindi, en ekki eins og atvinnugrein og auðsuppsprettu.

Það er eitt ákvæði enn, sem rétt er að minnast á í þessu sambandi. Það er 16. gr. Þar er svo ákveðið, að lax megi ekki veiða nema á timabilinu 20. maí til 15. sept. Í næstu mgr. er þess getið, að hvergi megi þó stunda veiði lengur en 3 mán. Það gæti því verið heimilt samkv. þessu að veiða lax frá 15. júní til 15. sept. En hvernig lítur hann út, þessi septemberveiddi lax? Hann er þá búinn að vera í fersku vatni í minnst hálfan annan mánuð, orðinn horaður, rauður á litinn og kominn upp á hrygningarsvæðin. Þar er honum sópað upp. Hann er þá yfirleitt óætur nýr. Hann er saltaður niður í tunnur og er nákvæmlega jafnmikils virði og jafnmikill þungi af þorski. Ef þetta er ekki skilningsleysi á gildi laxveiðanna, þá veit ég ekki, hvað það er. Þetta er endurtekning á sögunni af hænunni, sem verpti gulleggjum og var því slátrað. Ef mönnum væri leyft að veiða laxinn á skynsamlegan hátt og nota smáárnar til stangarveiði, þá er ekki vafi á því, að landið fær stórfé fyrir laxinn. En hér á að lögfesta áframhaldandi allraverstu vitleysurnar í núgildandi laxveiðilöggjöf og færa þær út í öfgar. Hingað til hefir það verið undantekning, að leyft hafi verið að veiða lax fram í september.

Ég fæ því ekki annað séð en að breytingar þær, sem frv. gerir, leggi stórbömlur á laxveiðina þar, sem hún gefur góðan arð, laxinn er útflutningsvara og verðmikill. Aftur eru litlar hömlur lagðar á það, að laxinn sé dreginn upp úr smáánum, þar sem auðvelt er að taka hann, en hann er verðlítill og hættast er við, að honum verði útrýmt.

Ég hefi nú fært rök að því, að frv. þetta nær ekki tilgangi þeim, sem ætlazt verður til.

En nú verð ég að játa, að ég hefi ekki annað gert en að rífa niður. Ég býst við, að menn muni gera kröfu til mín um að koma með eitthvað annað betra. Ég veit ekki, hvort það er sanngjörn krafa að gera til mín. Ég hefi ekki haft frv. til meðferðar lengur en hálfan mán. til þrjár vikur. Málið er margþætt og flókið, og það er ekki eðlilegt að ætlast til, að maður geri sér grein fyrir því á stuttum tíma, á hvern hátt það verður bezt leyst.

Mér hafa þó hugkvæmzt tveir möguleikar til þess að koma veiðilöggjöfinni á skynsamlegri rekspöl. Það má vel vera, að á þeim reynist ýms tormerki, en ég tel þó rétt að hreyfa þeim hér.

Mér hefir fyrst dottið það í hug, að flokka mætti árnar, bæði að því er snertir veiðitímann og veiðiaðferðina. Náttúrlega vakir það fyrir mér, að í hverri á væru þau veiðitæki viðhöfð og sá veiðitími valinn, er bezt svaraði tilganginum, þeim, að veiðin yrði sem verðmest og

laxastofninn ykist. Þessi flokkun gæti verið sett í löggjöfina sjálfa, þó að á því gætu orðið ýms tormerki. Eðilegra væri sennilega, að stjórnin annaðist flokkunina í samráði við veiðimálastjóra. Ég er í engum vafa um, að ef þetta reyndist framkvæmanlegt og flokkunin tækist vel, þá gæti þetta orðið hin mesta lyftistöng fyrir laxveiðarnar.

Hin leiðin, sem mér hefir dottið í hug, er sú, að banna allar netaveiðar, bæði ofarlega og neðarlega í ám, nema um einhvern vissan, tiltölulega stuttan tíma. Ég hefi ekki hugsað það nákvæmlega, hversu lengi ætti að leyfa netaveiðina; það mætti nefna einn eða hálfan annan mánuð. Væri þessi leið farin, þyrfti ekki að setja sérstakar hömlur á veiðina neðarlega í ám, þar sem hún er verðmest. Þetta yrði til þess, að veiðin byrjaði ekki fyrr en töluverður lax er kominn í árnar. Ég tel líka sjálfsagt, að stundað verði klak, þótt ég hafi ekki gert það að sérstöku umtalsefni.

Það er ljóst, hvor þessara leiða sem farin væri, að þá þyrfti að umsteypa frv. að mjög miklu leyti. Það er með öllu ókleift á þessu þingi. Það þarf rækilegan undirbúning og mikla vinnu, ef vel á að verða af hendi leyst. Því hefi ég leyft mér að bera fram rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

Með því að deildin lítur svo á, að brýn þörf sé á nýrri laxveiðilöggjöf, er stuðlað geti að aukinni laxmergð og skynsamlegri notkun laxveiðiánna, en telur hinsvegar, að frv. það, er hér liggur fyrir um þetta efni, nái ekki fyrrnefndum tilgangi, þá skorar hún á landsstjórnina að láta undirbúa málið frekar undir næsta þing, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði dagskrártill. mín felld, mun ég bera fram brtt. við frv. við 3. umr., við þær gr. þess, er mér sýnist mest gallaðar, án þess að raska að öðru leyti þeim grundvelli, sem frv. er byggt á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég gat ekki verið viðstaddur upphaf þessarar umr., og fór ræða hv. frsm. meiri hl. því fram hjá mér, en þar bætir það úr skák, að ég mun ekki hafa þurft að gera miklar aths. við ræðu hans, því að skoðanir okkar munu falla nokkurn veginn saman í þessu máli. Hinsvegar gafst mér tækifæri til að hlusta á hina ýtarlegu ræðu, sem hv. frsm. minni hl. hélt í þessu máli, en hann telur frv. svo gallað, að hann ber fram rökst. dagskrá um að vísa málinu frá til nýs undirbúnings, og viðurkenndi hann þó, að málið væri að sumu leyti vel undirbúið. Vil ég út af þessu minna á það, að þetta mál hefir fengið alveg óvenjulega góðan undirbúning. Að undirbúningi þess unnu þrír menn, og fór hv. frsm. minni hl. einmitt mjög lofsamlegum orðum um einn þeirra og viðurkenndi, að hann hefði einna bezta þekkingu á þessum málum, náttúrufræðinginn Pálma Hannesson rektor, sem auk náms síns hefir verið starfsmaður hjá Fiskifélaginu og Búnaðarfélaginu og ráðunautur í klakmálunum og haft umsjón með þessari starfsemi. Verður því ekki annað sagt en að vel hafi verið séð fyrir þekkingunni á erlendri löggjöf og reynslunni hér heima og erlendis í þessum efnum. Annar maðurinn, sem starfaði að undirbúningi þessa frv., var einhver bezti lögfræðingur landsins, Ólafur Lárusson prófessor, og þriðji maðurinn var hæstv. forseti Nd., sem um nokkur ár starfaði í mþn. í landbúnaðarmálum og var form. þeirrar n. Samdi n. rökstutt og ýtarlegt álitsskjal um málið, sem fylgdi frv., er það fyrst var lagt fyrir þingið, 1930, enda er ekki vafi á því, að þessir menn hafa unnið mikið og gott starf með undirbúningi þessarar löggjafar, sem þeir hafa reynt að sníða í öllu eftir reynslu manna í þessum efnum hér og utanlands.

Um það er ekki að villast, enda er það og viðurkennt af hv. frsm. minni hl., að höfuðtilgangur þessarar löggjafar er að reyna að hindra þá þróun, sem verið hefir hér til þessa um þessa auðsuppsprettu, lax- og silungsveiðina, sem alltaf fer stórþverrandi. Höfuðtilgangurinn með þessari löggjöf er að reyna að tryggja, varðveita og auka þessa auðsuppsprettu fyrir landsins börn nú og í framtíðinni. Ég þarf ekki að eyða löngu máli til að rökstyðja það, hversu lax- og silungsveiðin hefir gengið til þurrðar. Er hvorttveggja, að rökin fyrir því eru mörg og mikil, enda er þetta alviðurkennt. — Vil ég fyrst minna á það, að örnefni benda víða

til þess, að verið hafi töluverð laxveiði áður, þar sem hún er þorrin nú. Þá munu og þeir, sem hafa kynnt sér hina nákvæmu og ágætu jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem nú er verið að gefa út — en sú bók hefir að geyma lýsingu á jörðunum hér á landi eins og þær voru fyrir 200 árum —, hafi tekið eftir því, hversu það er ákaflega áberandi, hvað laxveiðin hefir minnkað mikið. Hefi ég einkum tekið eftir þessu um Borgarfjörð, þar sem ég er sérstaklega kunnugur, hversu lax- og silungsveiðin hefir gengið þar til þurrðar, og vita þó allir, sem þekkja til þessarar bókar, að þar er ekki gert meira úr hlutunum en vert er, heldur þvert á móti gert minna úr hlunnindum og kostum jarða en við jafnvel mundum telja rétt. Hinsvegar má svo benda á það, að laxveiðin hefir víða farið stórþverrandi nú á síðustu árum, og stafar þetta fyrst og fremst af því, að á síðari árum hafa menn komizt upp á að nota fullkomnari veiðitæki og þannig tekizt að ná óhóflega miklu af laxi, enda er það viðurkennt, að vart sé nú nóg eftir til þess að halda við stofninum, hvað þá heldur til að auka hann og tryggja veiðina. Vil ég segja það — og ég átti frumkvæðið að því, að n. var skipuð til að vinna að þessum málum —, að tilgangurinn með þessari löggjöf er eingöngu sá, að stuðla að því að tryggja þessa auðsuppsprettu, sem laxveiðin er, fyrir landsins börn. Ég hefi þá trú, og er enda viss um, að með skynsamlegri löggjöf er hægt að hafa stórum auknar nytjar af laxveiðinni. Það má að vísu segja það um þessa lagasmíð sem annað, að hún er ekki alfullkomin, en út af gagnrýni hv. frsm. minni hl. á frv., sérstaklega viðvíkjandi ádráttarveiðinni, sem honum fannst ekki nægilega takmörkuð með ákvæðum frv., vil ég segja það, að ég er fús til samvinnu við hann um að bæta úr því. Mun ég ekki standa á móti því, að reynt sé að fullkomna þau ákvæði frv., sem miða að því að tryggja höfuðtilgang þess, en ég er síður fús til hins, sem meira bar á í Nd. en hér, að fara að draga úr þeim ákvæðum frv., sem miða að því að hindra, að svo óhóflega mikið sé veitt af laxi og nú er gert neðan til í ám og í sjó. Er ég ófáanlegur til þess að draga úr löggjöfinni um þau atriði, sem nauðsynleg eru til að tryggja það, að nóg af laxi gangi upp eftir ánum til þess að halda við stofninum, en get gengið með hv. frsm. minni hl., á meðan hann leggur áherzluna á það, að hindra óhæfilega ádráttarveiði, og er reiðubúinn til að eiga samvinnu við hann um að skýra þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, og gæti ef til vill komið til mála að alfriða einhverja hylji, sem menn vita um af langri reynslu, að hafa reynzt ágætir hrygningarstaðir. Um þetta er ég fús til samvinnu við hv. frsm. minni hl., en af því leiðir þó engan veginn, að ég geti gengið inn á að vísa málinu frá nú. Eins og ég áður sagði, hefir verið lögð mikil og ágæt vinna í þetta frv., enda hefir það að geyma mörg þörf og góð ákvæði, og tel ég því sjálfsagt, að frv. verði látið ganga fram nú og reynslan látin sker úr, hvernig þessi löggjöf gefst. Það er og vitanlegt um löggjöf eins og þessa, að hana þarf að endurskoða eftir stuttan tíma; á þetta þó einkum við að því er snertir ósaveiðina og ádráttarveiði frammi í ám. Aðaltilgangurinn með þessari löggjöf er að reyna að koma því til leiðar, að meiri nytjar verði að ánum en nú er og tryggja það, að veiðin í þeim gangi ekki til þurrðar, og samkv. því er ég, eins og ég reyndar áður sagði, fús til samvinnu um allt það, sem miðar meira í friðunaráttina, en ég legg áherzlu á það, að frv. verði að lögum nú og reynslan verði látin skera úr því, hvernig það gefst.

Hv. frsm. minni hl. fór lítið inn á einstök atriði, og skal ég ekki gera það heldur, en ég vil þó drepa á eitt atriði, sem hv. frsm. minni hl. talaði um og taldi vera stjórnarskrárbrot. Ég er að vísu ekki lögfræðingur, og skal því ekki fara út í þá hlið málsins, en ég vil segja það, að þótt svo sé, eiga menn samt ekki mikið í hættu, því að það liggur opið fyrir að láta dómstólana skera úr þessu. Annars verð ég að segja það, að ég hefi ekki mikla trú á því, að maður eins og Ólafur Lárusson prófessor hafi skilizt svo við frv., að hér geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða.

Skal ég svo ekki að sinni tefja þessar umr. meira. Ég vona, að málið verði látið ganga áfram, og er fús til að stuðla að því, að svo miklu leyti, sem við verður

komið, að fram fáist aukning á þeim ákvæðum frv., sem einkum miða í þá átt að styðja höfuðtilgang þess, en legg aðaláherzluna á það, að reynslan verði látin skera úr í þessum efnum, en löggjöfin endurskoðuð, er lengra líður frá.

Magnús Torfason: Ég hefði kunnað betur við það, að hv. 4. landsk. hefði komið með dagskrártill. sína við 3. umr., eftir að hafa borið þær brtt. fram, sem hann boðaði nú, og svo hefði farið, að d. hefði haft þær að engu. Að öðru leyti get ég verið honum sammála um það, að frv. er ekki fullkomið, og ber margt til þess.

Ég hefi litið svo á, að þetta frv. væri svo undir komið, að farið væri bil beggja, til þess bæði að fullnægja þeim, sem búa ofar við árnar, sem þá vanalega eru smáar, og eins hinum, sem búa neðar við árnar, sérstaklega stórárnar, og býst ég við, að þeir annmarkar, sem hv. 4. landsk. benti á, stafi af þessu. Hinsvegar get ég þó ekki gert lítið úr því, að með þessu frv. ef að lögum verður, er komin hreyfing á þetta mál. Hafa verið gerðar margar og ítrekaðar tilraunir áður til þess að breyta laxalögunum, sem nú eru í gildi, en þó að þjóðkunnir þingskörungar hafi lagt sig í framkróka í þessu efni, hefir engin leiðrétting þar á fengizt. Það er ekki vafi á því, að gildandi löggjöf verður til þess, að veiðin þverrar í ánum, eins og reynsla síðustu ára hefir sýnt, og enda er játað hér í d. En ég verð að líta svo á, að yrði þetta frv. að lögum, sé það fyrst og fremst til þess að fá reynslu, en hún fæst engin af l. eins og þau eru, en það er hinsvegar hægt að gera sér vonir um ýmiskonar reynslu af nýjum lögum, sakir þess, að ætlazt er til mikils félagsskapar meðal manna, sem hafa laxveiðinot, en það er held ég áreiðanlegt, að allt mundi standa í stað og hver höndin verða uppi á móti annari, ef ekki kemur ný löggjöf með reynslu í þessum efnum. Það er ekki vafi á því, að það, sem einkum veldur erfiðleikum um að setja löggjöf um þetta efni, er sú staðreynd, að árnar og veiðivötnin eru ein óslitin heild, því að öll áin er nauðsynleg fyrir veiðina, eins langt og fiskur gengur. Það væri því eðlilegast, að arðurinn af veiðinni kæmi mönnum að gagni í félagi, en eins og stendur er ekki vafi á því, að ekki er hægt að koma á slíkum félagsskap. En þegar þessi löggjöf er komin á og mönnum þannig er þrýst til félagsskapar um það, sem að veiðinni lýtur, klak o. fl., t. d. ófriðun selsins, efast ég ekki um, að menn muni laðast til að líta á ána sem eina óslitna heild og lærast að taka laxinn þar, sem það er arðvænlegast og kostnaðarminnst og hann verður bezt vara, og að smáárnar verða aðeins notaðar til stangarveiða. Ég skoða því frv., þó að ófullkomið sé, sem nauðsynlegan undirbúning til að fá betri og fullkomnari löggjöf um þetta efni. Játa ég, að ýmsir agnúar eru á frv., sem ég hefði kosið lagfærða, en þar sem ég get ekki búizt við því, að frv. nái samþykki þingsins nú, ef farið verður að breyta því, hefi ég snúizt að því að vera með frv. eins og það liggur fyrir. Hvað snertir veiðarnar í þeirri ánni, sem mér er næst, er mér það nægilegt, að selurinn er ófriðaður í ánni með þessu móti. Er það ákvæði, sem hefir verið borið upp á mörgum þingum, en fyrir öfugstreymi tímanna og örlaganna hefir það aldrei náð fram að ganga, eins sjálfsagt mál og það er. Er það sérstaklega 72. gr. frv., sem um þetta hljóðar, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp tvær línur úr þessari grein:

„Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax og göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð".

Þegar maður les þessa setningu, virðist hún lítt skiljanleg, en laxafræðingurinn okkar hefir skýrt frá því, að orðin „nær árósi" eigi við strandlengjuna beggja megin árinnar, og að ekki megi friða selalátur á því svæði. Skilst ákvæðið með þessu móti, og er þá vel farið.

Ég skal ekki fara mikið út í þetta mál á þessu stigi þess, en ég vil þó leiða athygli að 33. gr. frv. Hún hljóðar svo:

„Nú rennur á í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri, sem væri hún sjálfstæð á".

Í 1. gr. frv., sem kveður á um merkingu ýmsra orða, finnst ekki orðið kvísl. Þetta gæti því átt við allar kvíslar, hve litlar sem eru, og eins smásandkvíslar, sem breytast frá degi til dags. Slíkar sand-

kvíslar eru jafnan nær árósum, og ef ákvæðið væri skilið eftir orðanna hljóðan, mundi það gera það að verkum, að enginn lax yrði veiddur a. m. k. upp undir Arnarbæli í Ölfusi. Nú vill svo til, að í orðaskýringunum er talað um leirur, og eru leirur kallaðar þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð. Skilst mér, að sandkvíslar falli undir þessa skýrgreiningu á orðinu „leirur“ og ef skilja á orðið kvísl í samræmi við þetta, þannig, að það eigi ekki við um hinar svokölluðu leirur, get ég sætt mig við það fyrir mitt leyti, en ég verð þó að krefjast þess, að þeir menn, sem einkum standa að þessu máli, og á ég þar sérstaklega við hæstv. forsrh. og hv. frsm. meiri hl., lýsi yfir því, hvort rétt sé, að skýra eigi ákvæði 33. gr. í samræmi við skýrgreininguna á orðinu leirur í 1. gr., þannig, að kvísl eigi ekki við þau svæði.

Ég hefi þá von, að sá félagsskapur, sem hlýtur að myndast, ef frv. þetta verður að lögum, geri það léttara og hjálpi til þess, að menn hlýddu betur þessum lögum en hingað til hefir orðið, a. m. k. þar, sem um er að ræða sameiginlega hagsmuni manna á allstórum svæðum. Og ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að ef svo væri ekki, þá er tilgangslaust að setja lög um þetta efni. Þess vegna legg ég áherzlu á, að frv. þetta nái fram að ganga, að ég er þeirrar trúar, að þessi félagsskapur komist á. Fyrr en sú félagshugsun, sem í frv. felst, hefir náð rótum, býst ég við, að slík lög komi ekki að neinu verulegu gagni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út af fyrirspurn hv. 2. þm. Árn., að það er augljóst mál, að um Ölfusá upp undir Arnarbæli á við skilgreining frumvarpsins um „leirur“. Þar eiga ekki við ákvæði frv. um kvíslar.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Magnússon: Það hefir ekki verið mikill ágreiningur um það hér í d., að þetta frv. er allmjög gallað. Hefi ég áður drepið á skoðun samnm. minna á málinu, en þeir hafa látið það ótvírætt í ljós, að frv. væri á margan hátt gallað, og í gær kom þetta sama fram bæði hjá hæstv. forsrh., og hv. 2. þm. Árn. Ágreiningurinn stendur því ekki um það, heldur greinir okkur á um, hverja afgreiðslu málið eigi að fá að þessu sinni. Samnefndarmenn mínir, og eins þeir hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Árn., telja heppilegast að samþykkja frv. nú, með það fyrir augum að endurbæta þessa löggjöf á næstu árum, en ég er á annari skoðun um þetta. Ég óttast það, að ef slíkur lagabálkur sem þessi verður samþ. nú, um efni, sem eins miklum vandkvæðum er bundið að setja lög um, muni svo fara, að langur tími líði áður en hafizt verður handa öðru sinni um endurskoðun þessarar löggjafar.

Það er öllum ljóst, mér ekki síður en öðrum, að hin mesta þörf er á að endurskoða þá löggjöf, sem við nú eigum við að búa í þessum efnum. Gildandi laxveiðalöggjöf er mjög ófullkomin, og enda hætta á, að laxveiðin rýrni mikið og upprætist jafnvel með öllu í sumum ám, ef haldið er áfram eins og nú er gert. Hinsvegar er enginn vafi á því, að unnið verður hvíldarlaust að því að fá bætta löggjöf í þessum efnum, ef afgreiðslu málsins verður frestað nú, og hefi ég því gert það að till. minni, að málinu verði vísað til stj. til frekari undirbúnings. Ég hefi að vísu ekki gert neinar till. um það, á hvern hátt stj. héldi áfram þessum undirbúningi, en ég geri ráð fyrir því, að stj. mundi skipa mann eða menn til að endurskoða frv. og breyta því í það horf, sem nauðsynlegt er, til þess að ná því takmarki, sem liggur á bak við þessa löggjöf.

Í mínum augum er skynsamlegra að fresta málinu í þetta sinn, svo að hægt sé að vinna áfram að undirbúningi þess, en að fara að samþykkja þetta frv., sem allir eru sammála um, að sé mjög ófullkomið, enda hefir reynslan sýnt það, að þegar slíkir lagabálkar sem þessi hafa náð gildi, hefir ætíð liðið langur tími þangað til hafizt hefir verið handa um endurskoðun þeirra.

Hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína í gær

með því að fara nokkrum orðum um þá menn, sem unnið hafa að undirbúningi frv., og notaði hann sterk orð til þess að lofa þá. Var þó óþarfi af hæstv. ráðh. að fara að taka málstað þessara manna sérstaklega, því að ég hafði ekki á þá ráðizt, en fór þvert á móti viðurkenningarorðum um þá, og játaði um einn þeirra, að hann hefði meiri þekkingu á lífsháttum laxins og göngum en nokkur maður annar hérlendur. En þó að hér eigi þannig góðir menn í hlut, hefir það ekki áhrif á mig í þá átt, að ekki megi gagnrýna verk þeirra, og ef frv. er gallað, eins og hæstv. forsrh. játar að sé, er það ekki betra fyrir það, þó að góðir menn standi að því. Þótt ég vefengi því ekki, að hér eigi góðir menn hlut að máli, er mér hinsvegar engu síður ljóst, að þeir hafa ekki skilning á því, hver þáttur laxveiðin gæti verið í atvinnuvegum landsmanna og hvílíka auðsuppsprettu hér er um að ræða, ef hún væri hagnýtt svo sem vera ætti. Það er sýnilegt, að höfundar frv. hafa ekki kynnzt atvinnuhlið þessa máls, og sá þeirra, sem mest áhrif mun hafa haft um samning frv., mun að kalla eingöngu hafa stundað haustveiðina, sem er miðuð við það að veiða til heimilisþarfa aðallega. Getur að vísu verið, að menn álíti þetta rétta meðferð á laxveiðunum, en það er á misskilningi byggt.

Hæstv. forsrh. gat þess, að laxveiðarnar hefðu gengið til þurrðar síðan á dögum Árna Magnússonar, og vildi hann með því rökstyðja nauðsynina á nýrri laxveiðalöggjöf. En það er enginn ágreiningur um það, að þörf sé að breyta núgildandi löggjöf í þessum efnum. Um það eru allir sammála. Hinsvegar vil ég leiða athygli að því, að ekki verður mikið upp úr því lagt, þó að laxveiði hafi sumstaðar verið talin mikil á dögum Árna Magnússonar, þar sem hún er lítil nú eða jafnvel þorrin með öllu. Á þeim tímum þekktu menn ekki þau veiðitæki, sem nú eru notuð, en munu eingöngu hafa veitt í ádrátt, en síðan farið var að veiða neðan til í ánum og meginið af laxinum tekið þar, er ekki nema eðlilegt, að laxinn hafi minnkað í smáánum, svo að þetta sannar það engan veginn, að laxinn hafi gengið til þurrðar frá því á dögum Árna Magnússonar. Og ég efast ekki um það, að laxveiðin hafi verið rekin af sama skilningsleysinu þá sem nú, og laxinn veiddur á hrygningarstöðvunum og aukningin því aldrei eins mikil og hún hefði getað orðið.

Þá gat hæstv. forsrh. þess, að í Nd. hefði verið barizt um ósaveiðina, en mín afstaða til þessa máls er önnur. Ég lít svo á, að réttmætt sé að takmarka ósaveiðina, en með því skilyrði þó, að laxamergðin í ánum sé aukin. Fæ ég ekki séð, að neinn siðferðislegur réttur sé til þess að banna mönnum að veiða laxinn við árósana, þar sem hann er mjög mikils virði, ef hann síðan er veiddur eftir tvo mánuði ofar í ánum og þá ekki nema mjög lítils virði. En hinsvegar álít ég réttmætt, eins og ég áður sagði, að takmarka ósaveiðina, ef svo er um búið, að það verður til að auka laxgengdina í ánum, því að slíkt kemur öllum jafnt að góðu og gefur meiri veiði. Ég þóttist hafa sýnt fram á það með rökum, að þessi löggjöf væri ekki líkleg til að auka veiðina, en hinsvegar miðar hún að því að jafna veiðina með því að takmarka veiðina við ósana, til þess að laxinn síðan sé veiddur í uppánum, þar sem hann er lítils virði, eins og veiðin er rekin enn þann dag í dag. Það gladdi mig þó að heyra, að hæstv. forsrh. er fús til samvinnu um að lagfæra frv., og nefndi hann þar sérstaklega til meiri takmörkun á ádráttarveiðinni, og virtist jafnvel tilleiðanlegur til að samþ. alfriðun á tilteknum hyljum í ánum. En það er því miður engin leið að lagfæra frv. nema með því að umsteypa því frá rótum, og slíkt verður ekki gert nema með miklum undirbúningi og mikilli vinnu, því að það verður að vinna á öðrum grundvelli en laxveiðan. gerði. Ég vil þó ekki með þessu segja, að ekki sé hægt að lagfæra frv. í einstökum atriðum, og ég er þakklátur hæstv. forsrh. fyrir það, að hann er fús til samvinnu um að bæta úr helztu ágöllunum, en að því er snertir takmörkun ádráttaveiðinnar og alfriðun einstakra hylja, þá hefi ég litla trú á, að slík lagaákvæði megi koma að gagni, vegna þess, hve erfitt verður að hafa eftirlit með því, að l. sé framfylgt. Þeir, sem þekkja til veiðiskapar, vita það, að í fáum efnum er erfiðara að fara ekki út fyrir settar reglur. Ef menn vita af veiðinni,

freistast þeir til að taka hana, hvað sem l. segja, og ef menn á annað borð mega draga á, er ég hræddur um, að þeir muni ekki, hvaða drættir eru friðaðir og hvaða drætti þeir mega fara í.

Þá drap hæstv. ráðh. á ákvæði 3. gr. frv. Ekki gerði hann neina tilraun til að sýna fram á, að almenningsþörf krefðist, að veiði, sem skilizt hefði frá jörðu, væri sameinuð henni aftur. Hann sagðist aðeins ekki trúa því, að jafngóður lögfræðingur og Ólafur prof. Lárusson léti frá sér fara frv., er fæli í sér brot á stjskr., en annars væri það lögfræðinganna að dæma um, hvort svo væri. — Nú vil ég aðeins benda hæstv. ráðh. á það, að enga lögfræðiskunnáttu þarf til að skapa sér sjálfstæða skoðun á þessu atriði. Ráðh. á að vera eins fær um að leita eftir almenningsþörfinni í þessu efni eins og hvaða lögfræðingur sem er. Það þýðir honum því ekki að ætla að skjóta málinu frá sér á þennan hátt — þótt hann sýnilega hafi ekki komið auka á „almenningsþörfina". Hæstv. ráðh. sagði, að menn ættu ekki mikið á hættu, þó að ákvæði þetta væri lögfest, enda þótt það komi í bága við stjskr., því að þá væri ekki annað en leita dómstólanna. En ég hélt nú sannast að segja, að það væri ekki síður í verkahring forsrh. en annara, er sæti eiga á Alþingi, að gæta þess, að löggjöfin fari ekki út fyrir þær takmarkanir, er stjskr. setur. Og hverrar verndar, sem menn annars mega vænta frá dómstólunum gegn hinu alm. löggjafarvaldi, þá held ég, að heppilegast sé, að til hennar þurfi ekki að taka. Þinginu ber vissulega skylda til að gæta þess vandlega, að eigi séu sett lög, er reka sig á stjórnskipulög landsins.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að þó að hann væri mjög óánægður með frv., þá vildi hann gera tilraun með það. En ég vil segja honum, að það þarf enga tilraun að gera með slíka lagasetningu. Það er fyrirfram vitað, hvernig hún reynist. Niðurstaðan verður nákvæmlega hin sama og hingað til hefir verið. Árnar verða tæmdar af laxi eftir því sem föng standa til. Munurinn aðeins sá, að verðgildi hans verður minna. Hv. d. ætti því að geta sparað sér þá tilraun, sem hér er um að ræða.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. 4. landsk. hélt því fram, að í raun og veru væri ekki ágreiningur um það, að á frv. væru alvarlegir ágallar. Ég verð að mótmæla því fyrir hönd meiri hl. n. Meiri hl. n. vill ekki kannast við það, að á frv. séu alvarlegir gallar, heldur aðeins nokkur smíðalýti, sem ég benti á, að væri á frv., t. d. í 82. gr. En hv. 4. landsk. hefir ekki talið það svo mikilvægt, að hann hafi minnzt á það. (PM: Það er nú bara aukaatriði). Já, hv. þm. segir eins og rétt er, að það sé bara aukaatriði. En þetta atriði, sem hann minntist á um ádráttarveiðina, getur orkað tvímælis. En þó hygg ég, að ákvæðin um hana séu tvímælalaust til bóta frá því, sem nú er. Og þá tel ég löggjöfina ekki stórgallaða þegar yfirleitt allir verða að viðurkenna, að hún er til stórbóta, þótt tvímælis orki um, hvort hún mætti vera enn betri.

Hv. þm. hélt hér langan fræðilestur um laxagöngur, og er ég honum þakklátur fyrir það, því að hann er fróður um þá hluti. Um það er ekki nema gott að segja, og vitanlega er það rétt, sem hann sagði, að tilgangur frv. ætti að vera fyrst og fremst að auka heildararð af laxveiði. Ég lít svo á, að ýms ákvæði þessa frumv. séu vel fallin til þess að auka heildararð af laxveiðinni, og þess vegna er ég með því, að frv. verði leitt í lög. Það voru líka nokkur atriði, sem mér fannst hann leggja höfuðáherzluna á, fyrst og fremst það, að ádráttarveiði væri ekki bönnuð. Það getur verið, að til þess væri nokkur ástæða, en tvímælalaust er gengið lengra í þá átt með þessu frv. en nú í gildandi l., því að fyrst og fremst er hún takmörkuð að því leyti, að ekki má draga öðruvísi en að ⅓ af breidd árinnar sé frjáls, og svo má ekki stunda ádráttarveiði nema 3 daga í viku, í staðinn fyrir 6 daga eins og er í núgildandi l. Svo þetta virðist vera til bóta frá núgildandi l., jafnvel frá hans sjónarmiði. Ég taldi það dálítið varhugavert að gera svo mikla breyt. frá því, sem nú er, að banna alveg ádrátt, meðfram af því, að ár eru ekki svo rannsakaðar sem skyldi. Pálmi Hannesson, sem mest hefir kynnt sér þetta í ám á Suðurlandi, er þó alls ekki klár á því, hvar hrygningarstaðirnir eru helzt. Ég held því, að það sé of stórt spor

stigið með því að gera þetta í einu vetfangi. En áhugi manna hefir mikið aukizt á seinni árum og menn munu því meir leggja sig eftir þessu, og ef framtíðin leiðir í ljós, að á þessu sé þörf, að þarna sé gengið lengra, þá efast ég ekki um, að þetta verði gert innan skamms tíma. Ég sé ekki annað en að ákvæði frv. í þessu aðalatriði hv. þm. séu til stórbóta frá núgildandi l., þó að ekki sé gengið eins langt og frsm. minni hl. vill. Hann segir, að hægt sé að sópa ána, þó að svo sé ákveðið, að ⅓ af breidd árinnar sé frjáls. Ég held, að varla sé hægt að hugsa sér það. Laxinn styggist og flýr í þann þriðja partinn, sem eftir er.

Þá hélt hann því fram, að ekki væru nógu ströng ákvæðin í 18. gr., að friða mætti árnar. En þó er þetta miklu meiri heimild til að friða ár og banna veiði heldur en nú. Í núgildandi l. er ekki nein heimild til að banna veiði í ám.

Þriðja atriðið, sem hann minntist á viðvíkjandi veiðinni, var að heimilt væri að veiða of langt fram á haustið. Ég býst við, að það sé nokkuð til í því, en menn eru ákaflega viðkvæmir fyrir þessu, sérstaklega á Suðurlandi. Á Norðurlandi er veiði ekki stunduð svo langt fram eftir haustinu. Á Suðurlandi er það brennandi kappsmál fyrir mönnum, að þessu séu ekki of mikil takmörk sett. Eftir l. má veiða í 3 mán., en það er lagt á vald sýslunefndar í hverju héraði, hvaða 3 mán. það eru. Þetta er þrátt fyrir allt ekki til spjalla frá núgildandi lögum.

Þá er það stjórnarskrárbrotið, sem hv. þm. hafði mest við að athuga. Hann telur 2 ákvæði í frv. stappa nærri því að vera stjórnarskrárbrot. Ólafur Lárusson ætlaði að láta mig hafa ýms „sítöt“ til þess að sýna fram á fordæmi. En ég er ekki búinn að fá þau enn. Ég verð að segja eins og hæstv. forsrh., að mér finnst, að okkur leikmönnum sé vorkunn, þó að við byggjum á því, sem prófessorar í lögum og hæstaréttardómarar telja tvímælalaust öruggt gegn stjórnarskrárbroti. Og þó að lögfræðingar heimti stundum, að við tökum mikið tillit til þeirra, þá finnst mér þó, að þeir geti skilið það, að að vissu leyti sé það almenningsþörf, sem krefst þess, að ganga laxins sé ekki heft meira en það, að ekki séu lögð net lengra en ⅓ úr í ána. (PM: Hver er að tala um stjórnarskrárbrot í þessu sambandi?). Það getur verið, að hv. þm. telji það ekki nú, en það hefir þó áreiðanlega borið á góma hjá honum.

Samkv. 3. gr. er það vitanlegt, að við lítum yfirleitt svo á, að jörðum sé það fyrir beztu, að þær séu ekki rýrðar að þeim hlunnindum, sem þeim hafa fylgt frá fornu fari, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. En nú getur það orðið álitamál í hverju tilfelli, og skal ég ekki segja, hvort þessu verður framfylgt, en þó finnst mér rétt, að svona ákvæði standi, ef þau koma ekki í bága við stjskr. Um það atriði finnst mér ástæða til að byggja á Ólaf Lárusson, sem hefir kynnt sér þetta sérstaklega.

Þá var það eitt atriði, sem hv. frsm. minni hl. taldi mjög athugunarvert, og það er um þetta, að veiði eigi að láta fylgja ábúð, þegar jörð er leigð samkv. 2. gr., og það bendir til þess, að menn hugsa sér þetta til þess að fá í soðið, en ekki sem atvinnuveg. Það er rétt, að jarðir halda þeim hlunnindum, sem þær hafa haft frá fornu fari. Hinsvegar er opnuð leið til þess samkv. l., að menn geti stundað félagsveiði og veitt á þeim stöðum, sem hagkvæmast er, ef menn leggja mikið upp úr því að stunda veiði til sölu. Þetta getur vel samrímzt l. Þá er tryggging fyrir því, að menn upp með ánum geta notið veiðinnar, og ef menn telja arðvænlegra fyrir fiskihverfin að stunda veiði vegna sölu, þá geta þeir stundað veiði í félagsskap.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, þá varð ég forviða á því, að hann skyldi halda því fram, að þessi lagabálkur væri ófullkominn. Mér finnst, að til hans hafi verið vandað meira en til margra annara l. Hvað því viðvíkur, sem hann talaði um 33. gr., þá svaraði hæstv. forsrh. því, að vitanlega væri ekki í 33. gr. átt við kvíslar á leirum, heldur fastar kvíslar í föstum farvegi, en ekki í breytilegum ám eða sandi.

Þá er um þetta að ræða, hvort ástæða er til að samþ. frv. Ég þykist hafa leitt rök að því, að á því eru svo miklir kostir, að mikils virði er að fá það samþ. Hinsvegar get ég ekki fallizt á, að á því séu neinir þeir gallar, sem geri það óum-

flýjanlegt að lagfæra frv. á þessu þingi. Nú er að okkar allra áliti liðið að þinglausnum, og því virðist ekki fært að hrekja málið milli d. fyrir ekki stærri hlut en þetta.

Magnús Torfason: Ég vil byrja með því að lýsa því yfir, að með orðum mínum um, að þessi lagabálkur væri ófullkominn, átti ég alls ekki við starfið, sem lagt hefði verið í þetta frv. Ég býst við, að það hafi verið vandað til þessa frv. eins og til flestra annara lagabálka. En hitt er annað mál, að það er sjálfsagt vandasamara að gera þessi l. vel úr garði en flest önnur l. Ég hélt, að ég hefði tekið það fram, að þetta er hagsmunamál mýmargra manna og þess vegna muni ekki vera unnt að setja þau l. til friðunar á laxi, sem menn vildu gjarnan vera láta. Ég vil benda á í þessu sambandi, að þetta eru ekki aðeins skipunarlög, heldur líka heimildarlög. Það á að mynda samkv. þessum lögum ýmiskonar félagsskap, fiskiræktarfélög, veiðifélög og félagsskap, sem á að standast kostnað við ýmsar ráðstafanir til þess að auka fiskigengd í ám. Þess vegna er ég hræddur um, að það tjái ekki að hafa þær almennu reglur miklu harðari en hér er gert. Mér þætti líklegt, að ef þessar reglur yrðu settar harðari, þá yrði það til þess, að þessi félagsskapur kæmist ekki á.

Það hefir verið sagt hér, að það væri betra að fresta frv. og bíða betri tíma, þangað til það skýrðist fyrir mönnum, hvað hér væri í húfi. Ég skil ekki, að þetta yrði gert á annan hátt en þann, að það væri farin einhverskonar laxaherferð um öll héruð, inn á hvert heimili þeirra manna, sem eiga land að veiðiám eða hafa von um það á sínum tíma að geta náð til einhverrar veiði. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þetta mál sé svo mikils virði, að það væri vert að gera eitthvað í þessa átt. En mér skilst, að það sé nú samt ekki hægt eins og stendur að gera annað, sem fremur ýtir undir þetta, en að samþ. frv. með öllum þeim margháttaða félagsskap, sem þessum l. fylgja, og nærfærni þeirra manna, sem er ætlazt til í þessum l. að hafi umsjón með veiðinni og kynni sér veiðiárnar og göngu laxanna o. s. frv.; þá hélt ég að það væri einmitt undirbúin herferð í þessu efni, herferð, sem gerði það að verkum smátt og smátt að kynna mönnum málið, og þar á meðal að sýna mönnum fram á, að hér sé um virkilega auðsuppsprettu að ræða, en ekki aðeins lítilfjörleg búþægindi. Í því sambandi var þess getið, að sá maður, sem muni hafa ráðið mestu um frv., hafi að vísu haft tækifæri til þess að kynna sér nokkuð veiði í vötnum, en það hafi staðið svo á, að hans þekking næði aðeins til þannig lagaðrar veiði, sem fremur mætti virði til búþægindа.

Ég get lýst yfir því, að ég hefi oft átt tal við þennan mann um þessi efni og veit, að hann hefir fullan skilning á þessu máli, sem mikilsverðu atvinnumáli fyrir þjóðina. Ég get ekki hugsað mér, að hann sé eins og „karlinn í kassanum“, sem sér ekki út fyrir lokið, og það því síður, sem hann hefir ábúð á jörð, sem er leigð honum frá ári til árs og hann verður að fara frá hvenær sem nægilega hátt boð kemur í hana, en henni er haldið í svo háu verði, að ekki er fyrir nokkurn kristilegan bónda að kaupa hana, og er það þó hlálegt, þar sem um er að ræða okkar forna og fyrsta biskupssetur.

Ég hefi þá trú, að ekki verði komizt lengra í þessu máli eins og stendur og þýði því ekki að draga frv. á langinn.

Hv. 4. landsk. sagði, að hvorki þyrfti né væri rétt að samþ. þessi lög með þeim skilningi, að þau væru nokkurskonar tilraun, því að áhrifin væru þegar séð, að laxinn yrði tekinn alstaðar í ánum, þar sem til hans næðist. Ég get ekki fullhermt um þetta. Ég get fullyrt það eitt, að **nú** er laxinn tekinn þar, sem til hans næst. En ummæli hv. 4. landsk. um áhrif þessa frv., ef að lögum verður, eru aðeins spádómur, og þótt hv. 4. landsk. sé spámannlega vaxinn, verð ég að líta svo á, að minn spádómur, að ákvæði frv. verði til þess, að menn hætti við þá rányrkju, sem nú tíðkast, hafi við eins mikil rök að styðjast.

Í þessu frv. eru ýms friðunarákvæði bæði neðan og ofan við ár, og þó er það mikilsverðast, að nú er laxinn friðaður fyrir aðalóvininum, selnum. Ég get ekki hugsað mér annað en að þeir, sem búa ofar með ánum, sjái hvað fyrir þá er

gert, og hafi þá mannsparta að vera þakklátir fyrir það og níðast ekki á lögunum. Með þessu frv. er vitnað til drengskapar manna, og eftir því sem ég þekki íslenzka bændur, er ég ekki í vafa um, að slíkt hefir mikil áhrif til góðs á hugsunarhátt manna í þessu efni.

Jón Baldvinsson: Þetta laxamál er gamall kunningi, og hefir gengið seint að koma fram löggjöf um það. Fyrir nokkrum þingum hafa legið breytingar í þá átt, að takmarka ósaveiði og gera göngur laxins upp eftir ánum auðveldari. Hér í þessum umr. hafa ekki komið fram nein rök með ósaveiði fyrr en hjá hv. 4. landsk. En það eru þau rök, að nýrunninn lax, sem veiddur er við ósana, sé verðmætari en annar lax, sem er orðinn lítilsháttar leginn. Ég hefi verið að bíða eftir þessu frá þeim, sem hafa hagsmuna að gæta við ósa, því að þetta eru hin einu rök, sem hægt er að færa ósaveiðinni til stuðnings. En þar kemur aftur á móti, að með ósaveiðinni eru þeir, sem ofar búa við árnar, sviptir veiði. Mér virðist eins og hv. 2. þm. Árn., að í framtíðinni verði að vera samvinna um að nytja árnar. Nú er laxveiðin að mestu ránveiði, fyrst hjá ósabændum, er flestir reyna að taka hvern fisk, er í á gengur að vori, og síðan á haustin eru hrygningarhyljir þurrkaðir af laxi hjá þeim, sem efst búa við árnar. Hv. 4. landsk. hefir látið í ljós við mig, að réttast myndi vera að flokka árnar og banna alla veiði nema stangarveiði í nokkrum hluta þeirra. Ég er honum sammála um það, að beztu nytjar, sem bændur geta haft af smáánum, eru að leigja þær út til stangarveiði, en friða þær alveg að öðru leyti. En nú er það svo, að þótt einhver hluti ánna sé leigður til stangarveiði, vilja bændur líka veiða stofninn með ádrætti. Ég þekki á hér í nágrenninu, þar sem var góð veiði fyrir 18 árum, en nú veiðast þar í mesta lagi 10—12 laxar á ári, og stundum ekki nema einn eða tveir. 12 bændur eiga land að ánni og höfðu þeir áður um 100—200 kr. tekjur af ánni á ári, en nú sjá þeir enga krónu fyrir lax, af því að ósabændur gátu leyft ádrátt í ósnum. Sá lax, er þar hefir veiðzt, hefir að vísu verið verðmætur, en hvað sem því líður, varð niðurstaðan sú, að stofninn var upprættur og nú sést þar enginn lax framar. Þetta er afleiðingin af því, að ósaveiði var ekki bönnuð.

Mitt álit er, að þetta frv. gangi heldur skammt um friðun, en þó er margt í því til bóta, einkum ef veiðimálastjóra væri falið að skrásetja árnar, svo að fullkomnari löggjöf gæti orðið sett síðar.

Það er fullkomlega eðlilegt, að ekki hafi gengið vel að koma löggjöf fram um þessi efni hér á þingi. Í slíkum málum verður jafnan hagsmunaárekstur. Þeir, sem neðar búa við árnar, veiða oft mikið og hafa af því talsverðar tekjur, og þeir, sem ofar búa, sjá ofsjónum yfir því. Þetta bendir til þess, að koma þurfi á samvinnu allra veiðieigenda og friða ósana a. m. k. í smáánum. Þetta frv. er spor í áttina til þessa framtíðarskipulags, og mun ég því greiða því atkv.

Hér hefir verið deilt um 3. gr., enda er hún vafasöm og mun ég því ekki treystast til að greiða atkv. um hana. (**JakM:** Svo að hún geti þó gengið fram). Ég held, að eins og nú stendur þurfi leyfi ráðh. til að selja veiðirétt frá landareign, svo að þetta er takmörkunum bundið. Hinsvegar er víst, að þar sem fáir menn eiga veiðirétt og árnar eru friðaðar fyrir öðru en stangarveiði, eru árnar fullar af laxi, og er auðvitað ekki annað en gott um það að segja.

Í trausti þess, að upp úr þessu frv. komi ný löggjöf, sem tryggir veiðieigendum meiri arð í skjóli samvinnu þeirrar, sem þetta frv. er grundvöllur að, mun ég greiða frv. atkv. mitt.

Pétur Magnússon: Ég þarf engu að svara hv. 2. landsk., þar sem við erum sammála í nálega öllum atriðum, en greinir aðeins á um það, hvaða afgreiðslu frv. eigi að fá. Hann telur, að frv. gangi of skammt, en af því að hann sér kosti á því, ætlar hann að greiða því atkv. eins og hv. 2. þm. Árn.

Ég sé ekki, hvernig þetta frv. á að koma til framkvæmda nema veiðimálastjórn sé skipuð strax, en það á hún ekki að verða eftir frv. Ýms ákvæði frv. eru bundin við það, að veiðimálastjóri taki þegar til starfa, og því er ófært að fresta því.

Mig greinir lítið á við hv. 2. þm Árn. Hann talaði um sömu kosti frv. og ég í

gær, veiðifélögin, ófriðun sels, klak, veiðimálastjórn o. þ. h. Þetta er allt til framfara, eins og ég hefi þegar tekið fram. Að vísu er heimilt að stofna félagsskap um veiði eftir laxveiðalögunum frá 1886, en hér eru nánari ákvæði, sem verða til að ýta undir, að stofnun slíks félagsskapar komist í framkvæmd. Hinsvegar legg ég lítið upp úr ákvæðinu um friðun í hyljum. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að með því væri vitnað til drengskapar manna. Ég skal ekki bera brigður á þennan drengskap, en hv. þm. veit eins vel og ég, að freistingin er sterk fyrir veiðimenn að fara út fyrir settar reglur. Þar að auki myndi þetta ákvæði sjaldan koma til framkvæmda, því að í 18. gr. stendur, að því skuli ekki beitt nema þar, sem laxinum sé gereyðing búin að öðrum kosti. Ákvæði þessu yrði því óvíða beitt og myndi því sjaldan verða til þess að auka laxveiðina í ánum.

Hv. þm. var að tala um, að ekki þýddi fyrir okkur að vera að spá um reynsluna af þessari löggjöf. Við höfum þegar reynsluna. Frv. gerir ekki aðra breyt. á tilhögun veiðinnar en að flytja veiðina til, að neðan og upp eftir. Því getum við sparað okkur alla spádóma.

Ég vil þessu næst drepa á nokkur atriði hjá hv. frsm. meiri hl. Hann kvað mig hafa viðurkennt, að allar breyt. frv. væru til bóta. Þetta er alveg óskiljanlegur misskilningur. Það er rétt, að sumt er til bóta, en sumt hreint og beint til skaða, eins og ákvæði 2. og 3. gr., og jafnframt sú höfuðbreyt. að flytja veiðina neðan að og upp eftir ánum. Takmörkun á ósaveiði er góð, ef hún verður til að auka veiði í ánum, en hitt er afturför, að banna laxveiði þar, sem laxinn er verðmestur, en leyfa hana þar, sem hann er verðlaus.

Það er alveg rétt hjá hv. 2. landsk., að smáárnar gefa bændunum mestan arð þannig, að þær séu leigðar til stangarveiði og aldrei komi net í þær.

Þá minntist hv. þm. á aðra gr., þar sem gert er að skyldu að láta veiði jarðar fylgja ábúð. En ef svo stendur á, að veiðin er miklu verðmætari eiganda en hún getur orðið ábúanda, hví á þá að taka samningsréttinn af mönnum? Þannig getur staðið á, og hlýtur þetta ákvæði þá að verða til tjóns fyrir annanhvorn. Vel má hugsa sér, að á, sem leigujörð á land að, hafi verið leigð til stangarveiði um ákveðinn tíma. Svo rennur sá leigutími út og þá á eigandinn að vera skyldur til að leigja ábúanda ána. Nú vill eigandi leigja ána áfram til stangarveiði til að fjölga laxinum og hafa meira upp úr ánni. Leiguliði vill hinsvegar fá ána til að veiða í soðið, eins og sumir hv. þm. vilja. Nú verður landeigandi annaðhvort að losa sig við leigjanda, eða að áin verður honum einskis virði, því að ekki er hægt að hækka afgjald jarðarinnar, svo að teljandi sé, þótt áin fylgi með, af því að veiðin verður leiguliða svo lítils virði.

Þá er 3. gr. Ég ætla ekki að deila við hv. frsm. um hana, en ég hefi ekki heyrt færð fram nein rök gegn því, sem ég hefi sagt. Hann vildi halda því fram, að ég hefði sagt, að það væru fleiri stjórnarskrárbrot í frv., og nefndi þar til takmarkanir á netalengd o. fl. En þetta er misskilningur. Ég ympraði aðeins á, að ákvæði 15. gr. gætu verið hæpin, þar sem bannaður er ádráttur í ósum í sjó og leirum við sjó. Þarna stendur svo á, að tekinn er af mörgum arðberandi veiðiréttur án þess að nokkuð komi í staðinn. Veiðieigendur missa með öllu veiði sína og arð af ánni. Þeir geta ekki hagnýtt sér veiðina nema á þennan eina hátt, en hagsmunir annara heimta, að þeim sé bönnuð þessi eina veiðiaðferð, sem þeir geta notað. Ég er í vafa um, hvort hægt er að taka þennan veiðirétt af mönnum án endurgjalds. A. m. k. eiga hlutaðeigendur sanngirniskröfu til þess að fá bætur.

Ég hefi nú drepið á aðalatriðin, sem hv. frsm. meiri hl. gerði að umtalsefni, og læt því útrætt um málið.

Magnús Torfason: Það eru aðeins örfá orð út af ákvæði 2. gr. frv., þar sem lagðar eru hömlur á, að menn skilji veiðirétt frá jörðum. Hv. 4. landsk. gerði þetta ákvæði að umtalsefni og taldi það stjórnarskrárbrot. Ég vil aðeins geta þess, að í 6. gr. vatnalaganna er ákvæði um það, að ekki megi skilja frá jörð vatn til heimilisþarfa, búsþarfa og jarðræktar. Ákvæði, sem miða í sömu átt og ákvæði 3. gr. frv., eru því til í löggjöfinni. Þó er ég ekki að segja, að þau falli alveg saman, en þau

víkja að sama punkti. Ákvæði það, sem hér er um deilt, getur haft mjög mikla þýðingu, svo mikla, að óhætt mun að fullyrða, að jarðir, sem veiðirétt hafa, myndu margar hverjar fara í eyði, ef hann yrði af þeim tekinn. Mér er t. d. óhætt að segja, að sumar jarðir í Grafningi og Þingvallasveit myndu ekki vera byggðar, ef veiðirétturinn hefði verið af þeim tekinn. Eins og menn vita, er ófögnuður mikill af mýbiti í Grafningnum. Kveður svo mjög að þessu, að ókunnugir fást tæplega í vinnu austur þangað; menn vilja nefnil. ógjarnan leggja sig undir varginn. Það er því það eina, sem heldur mönnum við jarðirnar þarna, að gnægð góðfiskjar er í vötnunum. Yrði veiðiréttturinn tekinn frá þeim, myndu þær þegar fara í eyði. Það þarf því ekki að lýsa því, hvaða ófarnaður það yrði fyrir hlutaðeigandi hreppsfélög, ef þetta yrði gert. En eins og vitanlegt er, eru menn alltaf meira og minna að seilast eftir veiðirétti hér á landi, og því mætti búast við, að það færi í vöxt, að veiðiréttur væri tekinn frá jörðum, ef ekki verða settar sérstakar hömlur gegn því.

Ég get verið sammála hv. 4. landsk. um það, að frv. þetta víki að því, að gera veiðina jafnari í ánum; þó myndi ekki svo verða alstaðar. Ég er t. d. ekki í vafa um, að það yrði veitt eins mikið í Ölfusá upp að Sogi og nú, ef þá ekki meira.

Það, sem okkur, hv. 4. landsk. og mig, greinir á um, er það, hvort bændur þeir, er ofar búa við árnar, meti meira að afla sér lítilfjörlegra búsþæginda í svipinn, heldur en að vernda veiðina fyrir framtíðina. Ég sagðist hafa litla trú á því, að bændur væru svo skammsýnir að sópa árnar fyrir litla stundarhagsmuni. Ég sé því ekki betur en að ágreiningur okkar botni í því, að ég hefi betri trú á bændum en hann, trú, sem mér hefir alltaf orðið vel að, en hann fer eftir þeirri reynslu, sem hann hefir fengið af bændum. Hér er því það haf staðfest milli okkar, sem ekki verður yfir stigið.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. frsm. minni hl. hélt því fram, að ég hefði rangfært ummæli sín. Hafi ég gert það, er víst, að ég hefi ekki gert það viljandi, því að til þess hafði ég enga löngun.

Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Árn., að vel geti svo farið, að jarðir byggist ekki, ef veiðirétturinn er frá þeim tekinn. Tel ég því röksemdafærslu hv. 4. landsk. um þetta atriði mjög orka tvímælis.

Þá vildi hv. 4. landsk. halda því fram, að þau ákvæði frv. þessa, sem ganga í þá átt að flytja veiðina til í ánum, auka hana fyrir þá, sem ofar búa, væri skemmd á laxveiðalögunum. En þetta er ekki rétt. Veiðin á að skiptast sem jafnast milli þeirra manna, er veiðirétt eiga, en jafnframt á að setja ákvæði um það, hvernig stunda beri veiðina, svo að hún verði sem arðvænlegust fyrir alla, er hennar eiga að njóta.

Hitt atriðið, sem hann hélt fram, að æskilegt væri að banna í sumum tilfellum alla veiði í ám, nema stangarveiði, þá er opin leið til þess samkv. 18. gr. Þar er ráðh. heimilað að banna alla veiði aðra en stangarveiði, í samráði við veiðimálastjóra, ef þess telst brýn þörf, svo að það atriði er einnig stórbót frá núgildandi löggjöf.

Mér skildist hv. þm. helzt gera „grín“ að því að veiða í soðið, eins og hann kallaði það. En það geri ég ekki. Mér finnst nefnil. fullmikið að því gert að flytja beztu afurðirnar frá búunum til kaupstaðanna, og nota aftur ódýrari fæðutegundir. Nýmetið er engu síður nauðsynlegt fyrir sveitafólkið en kaupstaðabúana.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að afleiðingin af því, ef leiguliði fengi skilmálalaust yfirráðin yfir veiðiréttinum, en landeigandi engin, gæti orðið sú, að í mörgum tilfellum yrði veiðin ekki eins arðsöm, því að landeigandi hefði oft betri tök á að hagnýta hana en leiguliði. Þetta getur vel verið rétt, eins og nú standa sakir, í einstöku tilfellum. En ég býst við, að það breytist, því að þegar veiðin fer að aukast, myndast eðlilega sölufélög til þess að koma veiðinni í verð.

Læt ég svo útrætt um þetta mál í bili.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 4. landsk. felld með 8 : 6 atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PM, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

JBald[1]) greiddi ekki atkv.

4.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

10.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

13.—21. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

22.—24. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

25.—34. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

35.—38. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

39.—55. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

56.—70. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

71.—73. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

74.—78. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

79.—82. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

83.—85. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

86.—93. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

94. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

95. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. og 77. fundi í Ed., 14. og 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 19. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 454, 735, 749, 757, 764).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 764. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ef sú rökst. dagskrá, sem ég bar þá fram, væri felld, þá myndi ég við 3. umr. bera fram brtt. við frv. Þessar brtt. eru nú fram komnar á þskj. 735.

Ég skal nú þegar geta þess, til að fyrirbyggja misskilning, að jafnvel þótt allar þessar brtt. verði samþ., þá álít ég þetta frv. samt ekki komið í það form, sem við megi una til frambúðar. Ég hefi þó flutt þessar till., af því að þær bæta allar að nokkru úr ágöllum, sem ég tel vera á frv. Hinsvegar hefi ég ekki treyst mér til að bera fram till., er bæti úr þeim ágöllum, er ég tel stærsta á frv., sem sé um sjálfa tilhögun laxveiðinnar, því að til þess þarf miklu meiri undirbúning en unnt er að framkvæma á stuttum tíma. Ég hefi í raun og veru gert grein fyrir þessum brtt. við 2. umr., þó að þær liggi ekki fyrir fyrr en nú, og skal ég því ekki vera margorður um þær að þessu sinni.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. 3. málsl. Eins og þetta ákvæði er nú í frv., er skilyrðislaust óheimilt að taka veiði undan ábúð. Ég er þeirrar skoðunar, að rétt hefði verið að fella þetta ákvæði alveg niður. Ég hefi ekki getað komið auga á neitt því til réttlætingar að taka þannig samningafrelsið af mönnum um þetta atriði, sem er vitanlega ekkert nema fjárhagsatriði.

Því hefir verið slegið fram, að betur sé farið með veiðina, ef hún fylgir ábúð heldur en ef eigandi hefir hana sjálfur til umráða. Í mínum augum er þetta fáránlegasti misskilningur. Ef þetta væri rétt, þá væri mannlegt eðli öðruvísi í þessu efni heldur en það er almennt talið að vera, því að það er venjulega talið svo, að eigandinn sé líklegri til að fara vel með hlutina heldur en sá, sem hefir þá til láns. Sá, sem fær veiði á leigu, oft til mjög skamms tíma, hugsar auðvitað mest um að hafa sem mest upp úr veiðinni þann tíma, sem hann hefir umráð yfir henni. Veiðieigandinn aftur á móti ætti að hugsa mest um vöxt og viðgang fiskistofnsins, af því að hann nýtur þess, ef veiðin eykst.

Auk þess verður að gæta þess, að tíðasta orsökin til þess, að veiði er tekin undan ábúð, er sú, að veiðieigandinn vill nota veiðina sem stangarveiði, annaðhvort handa sjálfum sér eða öðrum. Og um það verður varla deilt, að í fjöldamörgum laxveiðiám er stangarveiðin sú eina skynsamlega veiðiaðferð, og jafnframt sú, er mestar líkur gefur fyrir arði af ánum. En það er engin trygging fyrir því, að leiguliði noti ána fyrir stangarveiði, þó að sú veiðiaðferð væri skynsamlegust og eigandi vildi sjálfur nota ána á þann veg. Þvert á móti er mjög mikil hætta á, að margir leiguliðar hugsuðu um það eitt, að ná sem mestum laxi

1) Með svofelldri grg.: Ég tók það fram í ræðu minni hér í dag, að ég vildi ekki bregða fæti fyrir frv. með því að vera á móti þessari gr., en með henni get ég ekki greitt atkv. En nú hefir hv. frsm. meiri hl. lýst því yfir, að málið myndi ekki geta náð fram að ganga á þessu þingi ef því væri breytt nú. Mun ég því ekki greiða atkv.

alveg án tillits til framtíðar verðmætis árinnar.

Af þessum ástæðum hefði ég helzt kosið, að þetta ákvæði í 3. málsgr. félli alveg niður. Ég hefi þó ekki séð mér fært að bera fram till. um það, af því að ég þykist skilja af undirtektum hv. þd. undir þetta mál, að vonlaust sé, að slík brtt. yrði samþ. Ég hefi því látið mér nægja að bera fram brtt. um undanþágu frá þessu ákvæði þannig, að veiðiréttur skuli fylgja jörðinni, nema öðruvísi semjist. Ég álít það alveg fráleitt, að veiðin skuli fortakslaust fylgja jörðinni, jafnvel þótt bæði eigandi og ábúandi vilji heldur, að hún sé tekin undan. Það getur vel staðið svo á, að ábúandi telji sér hagnað í því að vera laus við veiðina, og virðist þá bein fjarstæða að neyða hann til að taka hana, þó landeigandi einnig vilji skilja hana frá ábúðinni.

Nú liggja fyrir tvær brtt. við þessa till. mína. Önnur er frá hv. 3. landsk., að aftan við till. bætist: „og veiðimálastjóri samþykkir". Hin brtt. er frá hv. 2. þm. Árn., að aftan við brtt. mína bætist: „og atvinnumálaráðherra samþykkir". Ég verð að segja það, að ég sé ekki mikla ástæðu til, að slíkt samþykki þurfi hér að koma til, ef báðir málsaðiljar eru sammála um, að veiðin skuli undanþegin ábúðinni. Þó skal ég játa það, að jafnvel þótt þessi viðbót væri samþ., þá teldi ég þó nokkuð á unnið. Ef önnurhvor af þessum tveimur till. á að ná fram að ganga, þá vil ég fremur mæla með till. hv. 2. þm. Árn. Ég álít eðlilegra að leggja þetta undir æðstu yfirstjórn veiðimálanna heldur en undir það stjórnarvald, sem í raun og veru hefir ekki nema ráðgefandi vald um veiðimál. Ég hygg líka, að ráðh. mundi bera slík mál undir veiðimálastjóra, svo að mér virðist, að þótt brtt. hv. 2. þm. Árn. yrði samþ., þá vinnist þar með líka það, sem hv. 3. landsk. vill fá með sinni brtt.

Ég býst því við, að ég greiði a. m. k. ekki atkv. á móti brtt. hv. 2. þm. Árn., og er það vitanlega eingöngu af ótta við það, að ef sú viðaukatill. fellur, þá verði mín till. felld á eftir. Ég legg áherzlu á það, að gera megi ráð fyrir, að þetta samþykki atvmrh. yrði veitt í öllum tilfellum öðrum en þeim, þegar sérstaklega athugavert þætti að taka veiðina undan ábúð. Með þeim skilningi get ég fallizt á að leggja ekki á móti þessari till.

Næsta brtt. mín er við 3. gr. Þar er svo gert ráð fyrir, að þar, sem veiði hefir verið leyst frá jörð, hafi jarðareigandi innlausnarrétt á veiðinni um ótiltekinn tíma. Ég hefi áður látið þá skoðun í ljós, að þetta væri brot á stjskr., það sé ekki með rökum hægt að benda á neina þá almenningsþörf, sem geri heimilt að beita slíku eignarnámi, sem hér er um að ræða. Helmingur þessarar hv. d. var þeirrar skoðunar við 2. umr., að ekki væri ástæða til að fella þetta ákvæði niður. Til þess að bæta þó eitthvað úr þeim ágalla, sem ég tel vera á þessu, ber ég fram þá till., að ef innlausnar er ekki krafizt innan þriggja ára frá því að lögin ganga í gildi, þá falli innlausnarrétturinn niður. Ég sé ekki, hvaða sanngirni það er að láta þá, sem eignazt hafa veiðirétt án landsréttinda, bíða þannig í óvissu um ótiltekið tímabil um það, hvort þeir þurfi að láta þennan rétt af hendi. Þeir þurfa oft að gera ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi þessum eignum sínum, og þurfa því að geta vitað eitthvað um það, hvort þeir fá að njóta eignarinnar framvegis. Það þarf ekki að benda á annað en það, hversu algengt það er, að menn, sem stunda stangarveiði, þurfa að reisa hús við þá á, sem þeir veiða í. Fylgir því ekki lítill kostnaður. Ég álít því skylt að setja hér einhver tímaákvæði og sé enga ástæðu til að hafa þann tíma lengri en 3 ár. Sá tími ætti að vera nægur fyrir þann, sem innlausnarréttinn á, til þess að gera þær nauðsynlegu ráðstafanir til að innleysa veiðiréttinn aftur.

Hv. 3. landsk. hefir einnig borið fram brtt. við þetta ákvæði. Hann vill ganga skemmra en ég og leggur til, að innlausnarfresturinn sé 10 ár. Mér virðist sá frestur allt of langur, en þó mun ég greiða atkv. með brtt. hans, ef mín brtt. fellur. Vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti beri upp mína brtt. fyrst, þar sem hún gengur lengra.

Næsta brtt. mín er við 16. gr. Er hún þess efnis, að veiðitíminn — annað en stangarveiði — sé styttur og nái eigi lengra en til 15. ágúst, í staðinn fyrir það, að nú er svo ákveðið í frv., að hann skuli

ná til 15. sept. Ég skal taka það fram, að þetta er eina brtt., sem ég tel nokkru varða um tilhögun laxveiðinnar og sem gerði það að nokkrum mun líklegra, ef samþ. yrði, að veiðiárnar yrðu bættar.

Ég lýsti því allýtarlega við 2. umr., hversu lítið gagn verður yfirleitt af haustveiðinni. Nálega allur sá lax, sem veiddur er á þessum tíma, er leginn og magur og þar af leiðandi engin verzlunarvara. Hann verður þá ekki notaður öðruvísi en í heimilið og er að engu leyti betri en hvert annað saltmeti, sem lagt er til heimilisins. Hinsvegar er það svo, að það er einmitt þessi veiði, sem er allra hættulegust fyrir laxinn. Engin veiði er eins hættuleg eins og ádráttarveiði á hrygningarstöðunum, en það er einmitt sú veiði, sem hér er um að ræða. Ég tel því mjög mikið undir því komið, að þessi brtt. verði samþ., því að það mundi verða til þess, að lax mundi vaxa í ánum að talsverðum mun. Þessi tilhögun mundi engu síður verða til bóta fyrir þá, sem uppi til fjalla búa og helzt njóta þessarar septemberveiði, heldur en þá, sem búa við ósana og veiða framan af sumri, því að við þessa breyt. yrðu árnar laxríkari og útgengilegri fyrir stangarveiði, og það mun undantekningarlítið vera svo, að septemberveiðin er aðeins stunduð í þeim ám, sem aðeins ætti að nota til stangarveiði.

Við þessa brtt. hefi ég borið fram varatill., að veiðitíminn skuli ná til 1. sept., ef svo kynni að fara, að aðaltill., þar sem farið er fram á, að veiði sé aðeins leyfileg til 15. ágúst, yrði felld.

Þá hefi ég einnig lagt til, að sú breyt. verði gerð á þessari sömu gr., að veiðitíminn verði aðeins 2 mán., í staðinn fyrir það, að nú er gert ráð fyrir í frv., að hann sé 3 mán. Þessi brtt. þarf engrar skýringar við. Hún miðar til þess að draga úr óhæfilega mikilli laxveiði og gera veiðina arðvænlegri en hún er nú.

Næsta brtt. mín er við 18. gr. 3. lið. Þessi gr. heimilar ráðh. að friða heilar ár fyrir allri veiði annari en stangarveiði, ef útlit er fyrir, að ekki sé hægt með öðru móti að vernda fiskistofn þeirrar ár frá gereyðingu. Að mínu áliti gengur þetta ákvæði svo skammt, að útlit er til, að því verði sjaldan eða aldrei beitt. Það er sjaldan unnt að segja með fullri vissu, að stefnt sé til gereyðingar á fiskistofni einhverrar ár, þó óskynsamlega sé veitt. Ég vil því gera dálitla rýmkun á þessu og orða þennan lið þannig, að friða megi ár fyrir allri veiði nema stangarveiði, ef svo hagar til, að friðun sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir stórkostlega rýrnun eða gereyðingu á fiskistofni árinnar. Ef þessi brtt. væri samþ., væru nokkru meiri líkur til, að ráðh. gæti í einstökum tilfellum tekið fram fyrir hendurnar á þeim, sem stunda veiðina þannig, að líklegt væri, að það yrði til að uppræta laxinn að mestu eða öllu leyti.

Brtt. við 23. gr. er leiðrétting á prentvillu. Þarf ég ekkert um það að ræða. Næst er brtt. við 30. gr. Í 28. gr. er svo ákveðið, að aldrei megi lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd ár eða óss séu utan þeirra. En í 30. gr. eru ákvæði um það, að girðingar megi ná yfir ⅓ ár, eins og netin, en ekki nema ¼, þegar um ósa eða leirur er að ræða. Ég tel það mjög óheppilegt, að heimilt sé að lagnet nái lengra út í ósa og leirur en girðingarnar. Ég held einmitt, að girðingar séu góð og heppileg tæki til laxveiða. Þær gera mögulegt að geyma laxinn lifandi og varðveita hann þannig óskemmdan og gera hann því að ágætri verzlunarvöru. Ég held því, að hér sé farið öfugt að. Það ætti frekar að styðja það, að menn notuðu girðingar til laxveiða, með því að leyfa, að þær mættu ná lengra út en króknetin. Girðingar eru líklega heldur óveiðnari en króknet, en þær eru mjög hentugt veiðarfæri, vegna þess hve vel þær fara með laxinn. Ég tel því, að hér sé farið aftan að siðunum. En ég hefi þó ekki farið lengra í brtt. minni en það, að leggja til, að sama gangi yfir bæði þessi veiðitæki, netin og girðingarnar.

Hv. 3. landsk. hefir nú gert brtt. við 28. gr., er kveður svo á, að ekki megi heldur leggja net yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Ég álít nú þetta hvað ósana snertir alveg ástæðulaust. Ég get ekki skilið, hvers vegna hér er verið að greina á milli óss eða ár. Ég hugsa mér t. d. Hvítá í Borgarfirði, sem ég þekki einna bezt. Eftir skilgreiningu frv. heitir þar ós, sem sjávarfalla gætir. En

hvers vegna á að setja aðrar reglur fyrir þann hluta árinnar? Það er sannarlega sízt auðveldara að ná laxinum á því svæði, sem áin er vatnsmest og breiðust. Svo er þetta víðar. Það er einmitt miklu minni hætta á, að laxinn sé tekinn í ógengd neðst, þar sem áin er mikil. Ofar, þar sem áin fer minnkandi og er orðin lítil, er miklu auðveldara að ráða við að tæma hana. Ég mun því greiða atkv. gegn brtt. hv. 3. landsk., en hitt tel ég skynsamlegt, að girðingar séu leyfðar jafnlangt út í ósa eða leirur og net eru leyfð nú samkv. frv.

7. brtt., við 59. gr., er sjálfsögð leiðrétting á prentvillu eða ritvillu.

Um 8. brtt., sem er við 62. gr., er heldur ekki mikið að segja. Þó er þar um nokkra efnisbreyt. að ræða. Grein þessi mælir svo fyrir, að þegar annar stofnfundur veiðifélags er haldinn — en á þeim fundi skal tekin fullnaðarákvörðun um stofnun félagsins —, þá þurfi samþykki ⅔ hluta þeirra manna, er boða skal á þann fund samkv. 59. gr. frv., eða umboðsmanna þeirra, til þess að félag sé löglega stofnað. Ég tel nú óþarft að leggja slíkar hömlur á stofnun veiðifélaga, með því að heimta jafnsterkt meirihl.vald fyrir löglegri stofnun og gert er í þessari gr. Ég tel það til bóta, að veiðifélög séu stofnuð sem víðast, en þá er heldur ekki rétt að gera skilyrðin fyrir stofnun þeirra of örðug. Það er vitanlega rétt og sjálfsagt, að öllum, sem hlut eiga að máli, gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna við stofnun slíks félagsskapar. Og fyrir því tel ég, að sé séð í frv. Ég álít, að nóg sé, að ⅔ þeirra manna, er stofnfund sækja, samþ. stofnun félagsins. Ég get varla talið það skaða, þó að þeir, sem ekki hafa meiri áhuga fyrir þessum málum en svo, að þeir sækja ekki stofnfund, hafi heldur ekki íhlutunarrétt, með því einu að vera fjarverandi, um það, hvort félagið skuli stofnað.

9. brtt. mín mun tæplega orka tvímælis. Hún ákveður, að niður falli úr frv. síðasti málsl. 82. gr., sem er um það, að ræktunarsjóður megi veita fiskiræktarfélögum lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna. En þetta ákvæði stangast við ræktunarsjóðslögin, og kemur því ekki til mála, af þeirri ástæðu, að það verði látið standa í lögunum, ef frv. þetta verður samþ.

Ég hefi gleymt að minnast á eina brtt., sem ég á. Hún er á þskj 764 og er við 16. gr. 1. lið. Hún stendur í sambandi við það, að ég hefi lagt til, að hinn almenni veiðitími verði styttur og ekki látinn ná lengra fram eftir sumrinu en til 15. ágúst. En ég tel ekki rétt, að hið sama gildi fyrir stangarveiði. Þetta er því viðaukatill., sem heimilar þá veiði eftir þann tíma, eftir því sem ástæður þykja til. Ég sé ekki ástæðu til að setja nánari reglur í lögin um það, en tel, að það falli undir ákvæði gr. að heimila, hvenær þá veiði megi stunda.

Ég hefi þá drepið á allar brtt. mínar og hv. 3. landsk. Ég vil enda mál mitt með því að láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. greiði atkv. um þessar brtt. án alls ótta um það, þó þær verði samþ., að frv. nái ekki samþ. á þessu þingi. En sá ótti virtist miklu ráða um atkvgr. við 2. umr. Ef menn vilja gæta að því, hvaða breyt. urðu á frv. í Nd. frá því það var borið fram og til þess að það kom hingað, þá þarf ekki að óttast, að frv. falli þar, þó þessar brtt. verði samþ.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til að mæla með brtt. á þskj. 749, sem ég hefi borið fram við 1. brtt. á þskj. 735, frá hv. 4. landsk. Ég get ekki séð, að sú brtt. hans út af fyrir sig, eins og hún er, eigi eiginlega nokkurn rétt á sér. Það væri þá miklu nær að þurrka 3. lið 2. gr. hreinlega út. Ábúandi og eigandi jarðar standa ekki jafnt að vígi um slíka samninga. Þegar leigutaki óskar eftir að fá jörð, þá verður hann að ganga að þeim samningum, sem jarðareigandi vill vera láta. Annars fær hann ekki jörðina. Hún verður þá öðrum leigð. Ég geri ráð fyrir því, að samningar um þetta færu þá helzt fram, þegar ábúendaskipti verða og jörðin er nýjum manni leigð. Ég get játað, eftir að hafa aflað mér æðri og betri þekkingar á þessu atriði, að það geta komið fyrir tilfelli, þar sem óþægilegt væri og enda ófært að láta veiði fylgja ábúðarrétti. Þetta getur átt jafnt við, hvort sem eigandi er einstaklingur eða jörðin er opinber eign, og á sérstaklega við um það, er eigendur geta ekki stund-

að ábúð á jörðinni, en vilja ekki láta veiðiréttinn af höndum. Ég lít því svo á, að rétt sé að hafa þarna vindauga til að smjúga í gegnum í þessum tilfellum, á þann hátt að leggja þetta undir samþykki atvmrh., ef skilja á veiði frá ábúð. — Brtt., sem fram hefir komið um þetta frá hv. 3. landsk., sé ég ekki, að sé til neinna bóta. Hún ákveður, að leitað sé samþykkis veiðimálastjóra um þetta. Ég tel sjálfsagt að leggja þetta undir samþykki atvmrh., sem vitanlega mundi leita álits veiðimálastjóra. Það þýðir þá, að það verða tveir menn, er um þetta fjalla, og þarf yfirleitt samþykki beggja til þess að slíkir samningar verði gerðir, enda vildi ég, að sem tryggilegast væri um þetta búið.

Ég verð að vera sammála einni brtt. hv. 4. landsk. Það er 4. brtt. hans. Er hún við 3. lið 18. gr. Ég álít eins og hann, að vald atvmrh. til að friða veiðivatn sé of takmarkað eins og frá því er gengið í frv., og því fari till. hans um að rýmka þetta vald ráðh. í rétta átt. En ég tel þó, að hún gangi ekki nógu langt. Ég mun því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um það, að í staðinn fyrir orðið „stórkostlega" komi „verulega", sem gengur lengra í þá átt að friða en hitt orðið.

Ég þarf svo ekki að tala meira um þetta mál. Ég mun sýna það með atkv. mínu, hverjar af þeim brtt., sem fyrir liggja, ég tel rétt, að séu samþ. og hverjar ekki. Ég vil enda mál mitt með því að segja, að ég sé ekki, að það sé framin nein synd á móti stjórnarskránni — né heilögum anda —, þó að frv. verði samþ., einkum með þeim brtt., sem fram eru komnar.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Við 2. umr. urðu allmiklar umr. um þetta frv. Ég lagði það þá til f. h. meiri hl. n., að frv. yrði samþ. óbreytt hér í þessari hv. deild. Gerðum við það af því, að við bjuggumst þá við, að komið væri svo nærri þinglausnum, að vafasamt væri, hvort málið fengi fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, ef farið væri að flækja því milli deilda. Ég hefði fyrir mitt leyti helzt viljað óska þess, að frv. væri samþ. óbreytt hér við þessa umr., svo að það gæti orðið að lögum í dag. En mér virtist allt benda til þess, að svo mundi ekki verða, og hefi því borið fram nokkrar brtt., er ég tel, að bæta myndu frv., ef þær verða samþ. Eins og ég gat um við 2. umr., viðurkenndi meiri hl. n., að á frv. væru nokkur smíðalýti, sem honum þóttu þó ekki vera svo stór, að þeirra vegna væri ástæða til að flækja frv. milli deilda.

Hv. 4. landsk. hefir flutt allstórar brtt. við frv. og talað fyrir þeim. Mun ég taka þær til athugunar í sambandi við mínar brtt.

1. brtt. hv. 4. landsk. er um það, að breyta 3. lið 2. gr., sem ákveður skilmálalaust, að veiði fylgi jörð, sem byggð er á leigu. Hefir hann lagt til, að bætt verði við gr.: „nema öðruvísi semjist". — Með þeirri viðbót tel ég, að það sé algerlega lagt á vald landsdrottins, hvort veiði verður látin fylgja leigujörð eða ekki. Ég tel óheppilegt, að þannig verði frá þessu gengið. Ég tel, að bezt sé og hagfelldast, að sem mest af þeim gæðum, sem hver jörð hefir til að bera, sé látið fylgja henni. Búskapurinn er sannarlega ekki of blómlegur eða fjölbreyttur, þó að hlunnindi, sem til eru, séu látin fylgja. Og löggjöfinni ber sannarlega að styðja að því, að svo verði gert. Það hefir nóg verið að því gert, og þó frekar of mikið, að rýja jarðir hlunnindum, þó að ekki séu opnaðir möguleikar fyrir því í þessu frv. En það er einmitt það, sem þessi till. hv. 4. landsk. gerir. Ég hefi því gert viðbótartill. um, að til þess að þá samninga megi gera þurfi samþykki veiðimálastjóra. Hv. 2. þm. Árn. vill, að þessir samningar séu lagðir undir samþykki atvmrh. Það tel ég óheppilegri leið. Ráðh. hefir einatt í mörgu að snúast, og er engin ástæða til þess að bæta við hann úrskurðum á ekki stærri atriðum, en sem þó gætu oft komið fyrir. Auk þess má gera ráð fyrir því, að atvmrh. hafi ekki næga þekkingu til að dæma um þetta í hverju einstöku tilfelli. Er því réttara, að þetta sé borið beint undir veiðimálastjóra, sem á stöðu sinnar vegna að geta verið kunnugur þessum málum, og fela honum úrskurð um það. Hann mundi hvort sem er ráða mestu um þetta, og er þá bara krókaleið að fara með þetta fyrir ráðh. Að leggja þetta undir veiðimálastjóra útilokar líka frekar, að pólitík, sem margir eru nú svo

hræddir við, hafi áhrif á slíka úrskurði. Ég vona því, að hv. þdm. geti samþ. brtt. mína, sem er við 1. brtt. hv. 4. landsk., og láti veiðimálastjórann eða þann, sem er í hans stað, um að samþ. þetta.

Þá er 2. brtt. mín, sem er við hina margumtöluðu 3. gr. frv., sem að dómi hv. 4. landsk. á að fela í sér eitthvert voðalegt stjórnarskrárbrot. Hann leggur þó ekki til, að gr. verði felld niður, en vill milda það með því, að sú heimild, sem í gr. felst, gildi ekki nema til 3 ára. Mér finnst nú, ef svo þröngt tímatakmark er sett, að innlausnarfrestur verði þá sama sem enginn. Það getur verið, að rétt sé að takmarka hann eitthvað, en þá verður líka að tiltaka svo rúman tíma, að hann komi að einhverju gagni. Nú eru þeir erfiðleikar í landi hér, að ef ætlazt er til, að búið verði að innleysa veiðiréttinn innan 3 ára, þá má gera ráð fyrir, að slíkt yrði til þess að útiloka alveg, að það verði gert. Ég hefi því lagt til, að þessi innlausnarfrestur á veiðinni verði ákveðinn 10 ár. Er þá farið bil beggja um þær báðar stefnur, sem uppi eru, aðra að hafa innlausnarfrestinn ótakmarkaðan og hina að gera hann að sama sem engu. Vona ég, að talsmenn þeirra beggja megi vel við una, ef brtt. mín verður samþ.

Næst er 3. brtt. hv. 4. landsk. Er hún í þremur stafl. og með tilheyrandi varatill. o. fl. o. fl. A-liður till. er um það, að veiðitíminn verði styttur frá 15. sept. til 15. ágúst. Þetta held ég, að sé alveg óhæfileg takmörkun á veiðitímanum. Það mundi sama og alveg útiloka fjölda bænda, sem búa við ofanverðar ár, frá allri veiði. Silungur gengur víða ekki í árnar fyrr en seint í ágúst, og jafnvel ekki fyrr en í september eða síðar. Hér er því áreiðanlega um allt of mikla takmörkun að ræða, enda hefir hv. flm. brtt. séð þetta sjálfur, því að hann flytur strax við þetta varatill. um, að veiðin hætti 1. sept. Þetta mun vera sönnu nær. A. m. k. hygg ég, að þetta komi ekki svo mjög að sök á Norðurlandi. En mér er sagt, að á Suðurlandi sumstaðar fari veiðin ekki að ganga fyrr en í september. En mér skilst þó, að ef brtt. á þskj. 764, sem heimilar stangarveiði eftir þann tíma, verður samþ., geri það nokkra bót á þessu. Ég mun því sjá mér fært að samþ. varatill., ef brtt. á þskj. 764 verður líka samþ.

Þá er b-liður sömu till. Er hún um það, að stytta laxveiðitímann yfirleitt um 1 mánuð, — úr 3 mán. niður í 2 mánuði. Það má nú vera, að þetta ákvæði verði til þess að auka laxgengdina nokkuð. En ég tel, að veiðin verði takmörkuð um of með þessu ákvæði. Það er ekki svo langur tími fyrir þá, sem stunda veiðina, þó að þeim sé leyft að gera það í 3 mánuði. Ég tel því hæfilegt að klípa af þeim tíma þriðjunginn og legg áherzlu á, að þessi brtt. verði felld.

C-liður brtt. stendur í sambandi við a-lið hennar, og hafa báðir þessir liðir samsvarandi varatill. Get ég verið með þeim, eins og ég gat um áðan.

Þá er 4. brtt. hv. 4. landsk. Við hana er svo skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn. Eru þær að mínu viti tvímælalaust til bóta. Þær gefa ráðh. heimild til að ákveða meiri friðun á ám, ef hætta er á, að veiði rýrni vegna of mikillar veiði. Er ég þeim því meðmæltur og tel þær vera til bóta.

5. brtt. er leiðrétting á prentvillu í 23. gr. frv. — Gat ég hennar við 2. umr. og mæltist þá til, að hún yrði leiðrétt við endurprentun frv. En nú er ekki búið að því, og er þá gott að samþ. þessa brtt., svo hún minni á, að þetta verði leiðrétt.

Kem ég þá að 6. brtt. hv. 4. landsk., sem er um það að heimila, að girðingar megi leggja lengra út en um getur í 30. gr. frv., en þar er svo ákveðið, að þær megi ekki ná yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Eg játa, að ósamræmi er á milli þessa ákvæðis og ákvæða 28. gr., sem leyfa, að net nái yfir þriðjung af breidd þessara veiðistaða. Nú hygg ég, að öruggast sé, til þess að lax geti gengið upp í árnar, að sem skemmst sé lagt út í leirur eða ósa. Ég hefi því gert brtt., sem er öfug við brtt. hv. 4. landsk., en samræmir þó ákvæðin í 28. og 30. gr. Er hún sprottin upp af þeirri skoðun minni, að réttara sé að þrengja þetta ákvæði heldur en rýmka. Ég legg því til, að ekki megi leggja netum út í leirur og ósa lengra en sem svarar mest ¼ af breiddinni. Ég get getið þess, að ég hefi borið mig saman við Pálma Hannesson um þetta, og hann leggur eindregið til, að þessi leið verði farin. Ég legg því eindregið til, að 6. brtt. hv. 4.

landsk. verði felld, en min brtt. (3. b.) verði samþ. í staðinn.

7. brtt. hv. 4. landsk. er aðeins lagfæring á máli og er sjálfsögð.

8. brtt. er álitamál. Þar er gert ráð fyrir að breyta ákvæðum 62. gr. um stofnun veiðifélaga. Hv. þm. er hræddur um, að erfitt verði að ná saman fundi, ef svo margir þurfa að mæta sem gr. gerir ráð fyrir. En af því að hér er um mikil fjárréttindi að ræða, þykir mér óvarlegt að ganga svo langt sem hv. þm. vill fara. Ég vil því heldur leggja á móti þessari brtt.

Síðasta brtt. hv. 4. landsk. er við 82. gr., að síðasti málsl. falli niður. Ég býst við, að það sé rétt, en þá rís það spursmál, hvort ekki sé rétt að tryggja lánsfé annarsstaðar frá.

Sem sagt legg ég áherzlu á, að 2. brtt. hv. 4. landsk. sé felld, sömuleiðis 3.a, aðaltill., og 3.b, og loks 6, og helzt 8. Aðrar till. hans tel ég til bóta flestar, og sumar allsæmilegar.

Jón Baldvinsson: Þessu máli sýnist vikja nokkuð öðruvísi við nú en við 2. umr. Þá var sá uppi að samþ. frv. óbreytt. Nú eru komnar hér fram mjög margar brtt., og er líklegt, að einhverjar verði samþ. En það hefir þá þýðingu, að frv. verður að fara aftur til Nd. Ég lít svo á, að í frv. felist réttarbætur, og var við 2. umr. búinn að sætta mig við að samþ. það óbreytt, þótt ég hafi ýmislegt við það að athuga, til þess að verða því ekki að falli. En líkurnar fyrir því, að frv. verði hér breytt, hafa breytt afstöðu minni, og mun ég því fylgja þeim brtt., sem ég tel vera til bóta, og flytja sjálfur eina.

Það er 3. gr., sem mér er mestur þyrnir í augum, eins og ég gat um við 2. umr. Það er þó ekki af því, að ég telji rétt að banda við því, að veiðiréttur fylgi jörðum þeim, er að liggja, ef með því væri séð fyrir því, að veiðin ykist. En ég er hræddur um, að ef nú er krafizt innlausnar á ám, sem nú er góð veiði í, einmitt fyrir það, að þær hafa skilizt frá jörðunum og ádráttur því lagzt niður, þá verði veiðin alveg upprætt aftur. Nú sé ég, að fram eru komnar till. frá hv. 4. landsk. og hv. 3. landsk. um að takmarka innlausnarréttinn við vissan árafjölda, önnur 3 ár, hin 10 ár, eftir að lögin öðlast gildi. Ég mun fylgja þeim till., og er þetta atriði þó ekki það merkilegasta í þessu máli. Ég álít það nauðsynlegt að tryggja með einhverjum hætti, að veiðinni verði haldið við, er innlausnin hefir farið fram. Þá álít ég það fullkomlega réttmætt, að bændum sé fenginn þessi réttur. Ég álít, að þetta verði bezt tryggt með því, að bændur stofni með sér veiðifélög, og vil því leyfa mér að flytja skrifl. brtt. svo hljóðandi:

„Þó er því aðeins hægt að krefjast innlausnar á veiðirétti, að veiðifélag sé stofnað til að hagnýta veiðina".

Þá fyrst er réttmætt að afhenda árnar, þegar trygging er fengin fyrir því, að farið verði vel með veiðina. Og sú trygging ætti að liggja í því, að veiðifélag sé stofnað áður en veiðin er innleyst. Ég get ekki treyst því, að sæmilega verði með veiðina farið, ef hver jarðeigandi á að innleysa sinn rétt og hagnýta hann eftir sinni vild. Það er fyrst þegar búið er að ala upp þann hugsunarhátt hjá mönnum, að meira gagn sé að ræktun fiskistofnsins en rányrkja, að óhætt er að sleppa ánum við þá.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða fleiri brtt., en mun við atkvgr. sýna afstöðu mína til þeirra.

Pétur Magnússon: Þessi sömu atriði, sem nú eru rædd hér, voru talsvert ýtarlega rædd við 2. umr. Ég sé því ekki ástæðu til að fara mikið út í þau nú aftur. —

Það eru þó fáein atriði hjá hv. 3. landsk., sem ég vil víkja að. Hann ræddi um 2. gr. og skylduna til að láta veiði fylgja ábúð á leigujörð. Hann ræddi það mál á þeim grundvelli, að það væri fyrirfram vitanlegt, að það væri hagnaður fyrir ábúanda, að veiðin fylgdi ábúðinni. Ég vil vefengja þessa fullyrðingu. Ég hygg, að það sé alveg undir hælinn lagt, að ábúanda verði að þessu hagur. Ég geri ráð fyrir því, að eftirgjald jarðarinnar hækki um sannvirði veiðinnar. En það er engan veginn víst, að ábúandi hafi sannvirði upp úr veiðinni. Hann getur verið illa lagaður fyrir veiðiskap eða skort getu til að hagnýta sér hana eins og hægt væri. Ég hygg, að ábúanda geti orðið hagnaður að því að vera laus við veiðina í eins

mörgum tilfellum og hitt. Hitt er þó aðalatriðið í mínum augum, að ekki verði sett ákvæði í lögin, er geta fyrirgirt það, að veiðin verði notuð á hinn skynsamasta hátt. Það er stærsta atriðið, að veiðin verði notuð svo, að hún gefi sem mestan heildararð.

Þá taldi hann sér ekki fært að fylgja brtt. minni um að takmarka veiðitímann við 15. ág. í stað 15. sept., vegna þess að í ýmsar ár gengi silungur ekki fyrir þann tíma og myndi því silungsveiði verða með öllu útilokuð þar, ef brtt. væri samþ. Ég vil þó benda á, að samkv. 16. gr. getur ráðh. heimilað að veiða lengur göngusilung. Í ýmsar ár gengur silungur heldur ekki fyrr en eftir 15. sept. Mér er kunnugt um það, að í Borgarfirði gengur silungur ekki fyrr en í sept. —okt. Aðalsilungsveiðin ofanvert við Hvítá er stunduð frá veturnóttum og fram á jólaföstu. En það er vitanlega gengið út frá því, að ráðh. veiti undanþágu þar, sem svona stendur á. Ég get því ekki séð, að þetta sé nokkur mótbára gegn brtt. minni.

Þá taldi hann tveggja mánaða veiðitíma vera svo mikla skerðingu á veiðiréttí margra manna, að hann gæti ekki verið slíku ákvæði fylgjandi. Þetta fer nú eftir því, hvernig á málið er litið. Neðan til við árnar stendur veiðitíminn ekki miklu lengur en 2 mán. — laxinn er þá genginn upp. Ofan til í ánum er stangarveiðin undanskilin. Það verður því aðeins ádráttarveiði á hrygningarstöðvunum, sem takmörkuð verður. En ég tel það bættan skaða, þótt hún sé eitthvað takmörkuð. Hún er engum til sóma og ætti sem fyrst að hverfa með öllu úr sögunni. Ég er sannfærður um, eins og ég hefi drepið á, að veiðimálin komast ekki í sæmilegt horf fyrr en hún er lögð niður.

Út af 3. brtt. minni vil ég geta þess, að ég hefi rekið mig á, að stöku þdm., sem þó telja sjálfsagt að setja einhvern frest, þykir frestur minn vera helzt til stuttur, þótt þeim þyki hinsvegar fresturinn verða of langur samkv. till. hv. 3. landsk. Ég mun því bera fram skrifl. brtt., varatill. við brtt. mína, og fara meðalveginn, 5 ár. Það mun verða erfitt að sýna fram á, að þeir, sem innlausnarréttinn eiga, hafi nokkra sanngirniskröfu til lengri umhugsunarfrests.

Ég álít brtt. hv. 2. landsk. vera til bóta. Ég held, að það sé í allan stað sanngjarnt og skynsamlegt að reyna að setja einhver ákvæði um þessar ár, sem margar eru nú með beztu veiðiám landsins, til að koma í veg fyrir, að þær verði gereyðilagðar á skömmum tíma. Ég held, að brtt. miði í þá átt, og geri mér vonir um, að veiðifélögin verði til þess að koma betra lagi á veiðiskapinn en verið hefir.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Ég játa, að brtt. hv. 2. landsk. hefir nokkuð til síns máls. Þó finnst mér hún gera helzt til mikla takmörkun á rétti landeigenda samkv. 1. mgr., og ég sé ekki beina ástæðu til að setja svona skilyrði. En sérstaklega vil ég mælast til þess við hv. flm., að hann breyti „veiðifélagi“ í „fiskiræktarfélag“. Mér skilst, að hugmyndin sé sú, að tryggja það, að eins vel verði séð fyrir fiskirækt og áður, og það verður bezt tryggt með stofnun fiskiræktarfélags. Ég vona, að hv. flm. fallist á þessa breyt., annars mun ég sjálfur bera fram brtt. þessa efnis við brtt. hans.

Þá vil ég víkja að hv. 4. landsk. Út af 1. brtt. sinni hefir hann nú sjálfur komizt á þá skoðun, að frestur sinn sé helzt til stuttur, og ber því sjálfur fram brtt. við sína fyrri till. um að hafa hann 5 ár. Þetta er vitanlega til bóta. En hitt er þó öruggara, að hafa frestinn 10 ár. Það er sjálfsagt að veita mönnum nægan frest til innlausnar, og hann þarf að vera nokkuð langur, fyrst og fremst vegna kreppunnar nú og í öðru lagi vegna þess, að fiskirækt öll er í framför og skilningur á henni fer vaxandi og því ekki víst, að menn bregði svo skjótt við.

Þá minntist hann á brtt. sína, 3.a, um takmörkun haustveiða. Hann hélt því fram, að ég hefði einungis talið hana bagalega vegna silungsveiðanna. En það er ekki rétt. Það er ekki síður vegna laxveiðanna. Lax gengur víða ekki upp í árnar fyrr en síðast í ágúst, bæði hér austanfjalls og eins uppi í Borgarfirði. Það er því óhæfa vegna eigenda slíkra vatnsfalla að takmarka veiðina svo mjög. Efast ég um, að þetta sé rétt, að því er tekur til alls landsins. Ég þekki ósabænd-

ur, sem veiða 3 mánuði, og fyllilega það stundum, og væri æskilegt, að þeir veiddu ekki lengur, en hinsvegar veitir þeim, sem ofar búa, ekki af að fá að stunda veiðina lengur, því að það hefir viljað ganga svo, að uppbændurnir hefðu litla laxveiði fyrr en hinir eru hættir.

Þá talaði hv. þm. um það, að ekki væri nein hætta í því fólgin, þó að lagt væri svo langt út í ósana. Hefi ég að vísu ekki nóga þekkingu á þessum hlutum, því að ég hefi ekki stundað ósaveiðar, en mér hefir þó skilizt það, að um því meiri takmörkun væri að ræða, því lengra sem lagt væri út í ána, og sá maðurinn, sem mest hefir haft með þetta að gera, leggur mikla áherzlu á það, að þetta sé ekki takmarkað meira en nú er í frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vil aðeins að lokum endurtaka þau tilmæli mín til hv. 2. landsk., að hann setji „fiskiræktarfélag“ í stað „veiðifélags“ í brtt. sinni.

Jón Baldvinsson: Ég var í nokkrum vafa um það, hvort ég ætti heldur að hafa orðið veiðifélag eða fiskiræktarfélag í brtt. minni, en ég komst þó að þeirri niðurstöðu, að heppilegra mundi verða að miða við veiðifélögin. Þar, sem svo er ástatt, að á eða veiðivatn, sem krafizt er innlausnar á, er full af veiði, er eðlilegra, að veiðifélag sé stofnað, sem hagnýtir veiðina fyrir félagsmenn eða leigir hana út til stangarveiða. Er ekki víst, að nauðsynlegt verði talið að stofna fiskiræktarfélag undir þessum kringumstæðum, en vitanlega má þó líka stofna það, og svo verður auðvitað gert, þar sem veiði væri lítil eða þörf á að auka hana. — Annars er ekki gerður mikill munur á þessum tvennskonar félagsskap í l., og skiptir þetta því ekki miklu máli, en við athugun á þessu tvennu þótti mér réttara að miða þetta við veiðifélögin, og get ég því ekki orðið við þessum tilmælum hv. 3. landsk.

ATKVGR.

Afbrigði um 3 skrifl. brtt. (verða þskj. 772) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 749 samþ. með 8:1 atkv.

— 757,1 þar með fallin.

Brtt. 735,1, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

— 772,I samþ. með 8:1 atkv.

— 735,2 felld með 7:6 atkv.

— 772,II samþ. með 8:6 atkv.

— 757,2 þar með fallin.

— 735,3.a (aðaltill.) felld með 7:5 atkv.

— 735,3.a (varatill.) samþ. með 10:1 atkv.

— 764 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 735,3.b felld með 7:6 atkv.

— 735,3.c (aðaltill.) tekin aftur.

— 735,3.c (varatill.) samþ. án atkvgr.

— 772,III samþ. án atkvgr.

— 735,4, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

— 735,5 samþ. án atkvgr.

— 757,3.a tekin aftur.

— 757,3.b felld með 7:7 atkv.

— 735,6 samþ. með 8:6 atkv.

— 757,4 tekin aftur.

— 735,7 samþ. án atkvgr.

— 735,8 samþ. með 8:5 atkv.

— 735,9 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj atkv. og endursent Nd.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 773).

Á 80. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Hv. Ed. hefir gert nokkrar breyt. á þessu frv. Landbn. hefir tekið þær til athugunar og komizt að þeirri aðalniðurstöðu, að rétt sé að leggja það til, að hv. deild samþ. frv. óbreytt nú við þessa umr. Annars eru um það skiptar skoðanir innan n., hvort þær breyt., sem gerðar voru í Ed., séu allar til bóta. En hinsvegar var það þó sameiginlegt álit, að ekki væri rétt þeirra vegna að hrekja málið milli deilda heldur varð eins, og ég gat um, samkomulag um að samþ. frv. óbreytt. Er því ástæðulaust að fara um frv. mörgum orðum. Ég vil þó geta þess, að slæðzt hefir villa inn í frv., er það var endurprentað eftir 3. umr. í Ed. Þar var samþ. brtt.,

sem lent hefir sem viðbót við 1. málsl. 2. gr., en þessi viðbót, sem hljóðar svo: „nema öðruvísi semjist og atvinnumálaráðherra samþykki“, átti víst ekki að standa þarna, heldur við 3. lið sömu gr. Á því 3. liður 2. gr. að hljóða svo: „Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni, nema öðruvísi semjist og atvinnumálaráðherra samþykki“. — Vil ég fyrir hönd landbn. óska þess, að hæstv. forseti sjái um, að þetta verði leiðrétt. — Annars vil ég geta þess, að n. hefir enga aðstöðu haft til að athuga með vissu, hvort ekki kunni að vera fleiri slíkar villur í frv. Ber því landbn. Nd. enga ábyrgð á því.

Fyrir n. hönd hefi ég þá ekki fleira um þetta að segja. En frá mínu eigin sjónarmiði skal ég geta þess, að ég tel sumar brtt. Ed. þannig gerðar, að ég tel sízt, að þær séu til bóta og álít, að sumar þeirra beinlínis spilli frv. Ég vil t. d. nefna þær breyt., sem gerðar voru á 3. gr. frv., sem veitir heimild til innlausnar á veiðirétti, sem skilinn hefir verið frá jörðum. Þessi innlausnarréttur var ekki bundinn við neitt ákveðið tímatakmark, er frv. fór héðan. En í Ed. var þessu breytt svo, að rétturinn til innlausnar fellur niður, ef hann hefir ekki verið notaður innan 5 ára frá því að lög þessi ganga í gildi. Sömuleiðis þarf veiðifélag að vera stofnað til að hagnýta veiðina. Að mínu áliti er þetta skemmd á frv. Þessi skilyrði munu reynast allt of þröng til þess að þeim tilgangi verði náð, að veiðin náist aftur undir jarðirnar. Ég tel því, að betra hefði verið, að þetta hefði verið í því formi, er það var þegar frv. fór héðan. Þó tel ég þær breyt., sem gerðar hafa verið á 16. gr., ennþá skaðlegri og óréttlátari. Eins og frv. var, þegar það fór héðan, mátti veiðitími standa til 15. sept. En þessu var breytt svo í Ed., að frv. ákveður nú, að hann megi ekki standa lengur en til 1. sept. ár hvert. Undan þessu ákvæði er þó þegin stangarveiði.

Ég hygg nú, að þetta ákvæði, að stytta þannig veiðitímann að haustinu, muni verða til þess að gera veiðina ofan til í sumum ám einskis virði, því að sumstaðar fer laxinn ekki að ganga upp í árnar fyrr en um sama leyti og friðun hefst. Nú er að vísu talið, að sú veiði sé hættuleg, enda er mikið til þess gert að friða ár ofantil, þar sem talið er, að laxinn hrygni, þar sem veiði er ekki leyfð lengur en 3 daga í viku, og auk þess gefin heimild til að friða algerlega vissa staði í ám fyrir öllum ádrætti, þar sem sýnt þykir, að veruleg hætta geti af hlotizt fyrir fiskstofn árinnar. Ég álít, að hér sé of langt gengið. Og það kæmi mér alls ekki á óvart, þó að bráðlega kæmi fram svo miklar kvartanir víðsvegar að, að Alþ. neyddist til að breyta þessum ákvæðum áður en langt um líður.

Að lokum vil ég minnast á breytingu, sem gerð hefir verið á 30. gr. Hún er sú, að rýmkað hefir verið um girðingaveiði við ósa og á leirum. Áður máttu þær girðingar ekki ná yfir meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru, en í Ed. hefir þessu verið breytt í ⅓. Ég lít svo á, að þessi breyt. sé til skaða. Álít ég enga ástæðu til þess að gera ósveiðina rýmri heldur en ákveðið var í frumv. þegar það fór héðan úr deildinni.

Eins og séð verður af þessu, þá miða þessar breyt. í þá átt að torvelda göngu veiðinnar um ósana, en takmarka veiðina ofar í ánum. Þetta getur að vísu haft nokkuð til síns máls, en ég hygg þó, að Ed. hafi fullmikið að því gert að víkka veiðimöguleikana neðan til, en þrengja þá í efri hluta ánna. Hygg ég, að þegar frv. fór héðan, þá hafi hagsmuna beggja aðilja verið sanngjarnlega gætt, þeirra, sem búa við ósana, og hinna, sem búa fram með efri hluta ánna. Þessi þrjú atriði, er ég hefi nefnt, álít ég einkum miður fara í frv. En sumar þær breyt. aðrar, sem gerðar hafa verið á frv., tel ég vera fremur til bóta. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég tel ekki, að orð mín þurfi að vekja neinar deilur, þegar þess er gætt, að n. leggur til, að frv. verði gert að l. eins og það er nú, að viðbættum leiðréttingum, þótt ég og fleiri álítum að vísu, að framannefndar breytingar séu til spillis frv.

Sveinn Ólafsson: Ég hefi áður borið fram rökstudda dagskrá til afgreiðslu á þessu máli, sem þó var felld. Ég tel mér skylt, þar sem ég tel ýmsar réttarbætur felast í þessu frv. — þótt ég álíti allverulega galla á því vera og geti því ekki

veitt því samþykki mitt eins og það er — að vera sjálfum mér samkvæmur og leggja enn til, að málinu verði frestað eða vísað til stjórnarinnar, í þeirri von, að hún leggi það betur undirbúið fyrir næsta þing.

Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að sú búningsbót, sem frv. átti að fá í Ed., sé harla lítils virði. Hann benti á 16. og 30. gr. frv., sem alls ekki hafa verið bættar. Og við því máttu þær því síður, sem þær voru áður stórgallaðar. Ég álít því, að ef frv. þetta er enn tekið til yfirvegunar og þeirri athugun ekki flaustrað af, þá sé þess að vænta, að það síðar geti komið fram í viðhlítandi búningi, t. d. á næsta þingi. Ég vil benda á örfá atriði til stuðnings skoðun minni um galla frv. Í 14. gr. frv. er svo ákveðið, að ekki megi hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra frá hvorri hlið. Þetta ákvæði fyrirbyggir alveg ádráttarveiði, þar sem svo hagar til, að silungsár falla í fjarðarbotna og veiðisæl grynnsli eru til beggja handa, en fjarðabotnarnir ekki breiðari en svo, að hálfri röst nemi hvorumegin ár. En þannig hagar til víðast á Austurlandi, og einnig á Vesturlandi. Mér virðist þetta hastarlega og óþarfa ákvæði muni alveg fyrirbyggja ádrátt fyrir smáupsa, kola, fisk og öll slík veiðinot í framtíðinni, þar sem staðhættir eru svo sem ég lýsti. Ég hefði haldið nægilegt að tiltaka 100—200 m. friðun hvorumegin óss, og engar skynsamlegar líkur veit ég til þess, að svona víðtækt bann þurfi til að tryggja það, að laxinn gangi í árnar. Ég hygg, þótt laxveiði sé hverfandi lítil í smáám á þeim stöðum, er ég nefndi, þá megi auka hana talsvert með laxaklaki, og þurfi þá eigi önnur veiðinot að hverfa. Líkt þessu er farið ákvæðum 16. gr., þar sem svo er ákveðið, að göngusilung megi ekki veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 1. sept. ár hvert. Nú eru margir þeir staðir, þar sem göngusilungur byrjar ekki göngu sína fyrr en í síðari hluta ágústmánaðar, eða jafnvel ekki fyrr en í september. Verða því þeir menn, er við slíkar veiðiár búa, með öllu sviptir veiðirétti, sem fylgt hefir jörðum þeirra frá landnámstíð — veiðirétti, sem enginn hefir vefengt í margar aldir.

Þá eru m. a. þau ákvæði í 29. gr., að ef ádráttarveiði er stunduð í straumvatni, þá megi ekki draga á yfir meira en $^2/_3$ af breidd veiðiár, eða svo, að $^1/_3$ af breidd hennar sé jafnan utan við ádráttinn. En því er nú svo varið, að þegar um smáár er að ræða — og þær eru margar til —, þá er ekki mögulegt að fara eftir svona fyrirmælum. Þessu er aðeins hægt að koma við í stórám, eða breiðum og lygnum vötnum, þar sem öðrum netenda er fleytt fram með bát. Ákvæðið útilokar því veiðieigendur í smáám með öllu frá því að geta hagnýtt sér veiðina.

Eins og ég hefi áður tekið fram, legg ég til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, og ef svo færi, vænti ég, að það komi í annað sinn betur athugað og undirbúið en nú. Ef sú till. mín fellur, verð ég að greiða atkv. á móti frv., því að ég álít það stórgallað eins og það er nú.

ATKVGR.

Till. 1. þm. S.-M. um að vísa málinu til stjórnarinnar felld með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JónasÞ, MG, SvÓ, GÍ.

nei: IngB, JÓl, LH, PO, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, JörB.

Sex þm. (JJós, MJ, ÓTh, SvbH, ÁÁ, EA,) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, IngB, JÓl, LH, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, JörB.

nei: JAJ, MG, SvÓ, GÍ.

JónasÞ, PO greiddu ekki atkv.

Sex þm. (JJós, MJ, ÓTh, SvbH, ÁÁ, EA) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 790).

9. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er eins um þetta mál og hin önnur, sem á dagskránni eru, að það hefir legið fyrir þinginu fyrr. Frv. var samið af vegamálastjóra og hefir verið yfirfarið af honum enn á ný.

Að umr. lokinni óska ég málinu vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 237).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er frá hálfu löggjafarvaldsins lagður grundvöllur að því, hvernig leysa skuli vatnamál Rangæinga. En það mál hefir verið æðierfitt úrlausnar- og viðfangsefni þessarar hv. d. nú um all-langt skeið.

Hverjum þeim, sem um héraðið fer, fær ekki dulizt það tvennt, sem einkum veldur þar erfiðleikum og eyðileggingu þess, en það eru hinar erfiðu samgöngur vegna vatnanna Markarfljóts, Affalls, Þverár og Ála, og sá ágangur, er vötn þessi valda með landbroti og aurburði á hið gróna land. Hefir kveðið svo rammt að því, að heilum sveitum og stórum hlutum þeirra hefir verið hin mesta hætta búin, og jafnvel horft til auðnar stundum. Áður hefir verið gert nokkuð frá hendi hins opinbera til varnar landspjöllum þessum. Það mun hafa verið fyrst árið 1911, að veittar voru í fjáraukalögum 2400 kr. til þess að byggja Seljalandsgarðinn til varnar Eyjafjallasveit, sem þá var í mikilli hættu vegna þess, að Markarfljót tók sér framrás austur með Eyjafjöllum og flæddi þar yfir engjar sveitarinnar. Árið 1915 voru síðan veittar 15 þús. kr. í sama skyni. En hvorttveggja þetta var aðeins lítill hluti þess, sem verkið kostaði. Var því fyrirsjáanlegt, að frekari aðgerða og meira framlags þurfti frá hendi hins opinbera, ef reisa ætti skorður við skemmdunum. Með það fyrir augum voru fyrirhleðslulögin samþ. á þingi 1917. Í þeim er svo ákveðið, að ¾ hlutar kostnaðar við fyrirhleðsluna skuli greiddir úr ríkissjóði, en ¼ úr sýslusjóði. Eftir þessum l. voru gerð allmikil mannvirki þar eystra, þegar fyrirhleðslan var sett í Djúpós og Valalæk. Varð sú aðgerð til þess, að bjargað varð heilu sveitarþorpi og allmörgum öðrum bæjum frá eyðileggingu af ágangi vatnsins. En það varð ljóst, að á þessum grundvelli myndi ókleift að bjarga öllu, sem bjarga þurfti. Og þegar tekið var tillit til þess, að samgöngumálum héraðsins varð ekki komið í gott horf nema fyrirhleðslum væri komið upp um leið, gerði vegamálastjóri athugun á því, hvernig þessum málum, samgöngum og fyrirhleðslum, yrði ráðið til lykta á sem beztan og hagkvæmastan hátt. Ein af þeim till., sem hann gerði, hin kostnaðarminnsta og að því er virðist framkvæmanlegasta, felst einmitt í þessu frv. Er lögð megináherzla á að koma samgöngunum í gott horf, og því jafnframt ráðgerðar nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess. Hinar till. ganga meira í þá átt að fá varanlegar fyrirhleðslur og landvarnir, en þær yrðu allar stórum dýrari en þessi, er í frv. felst. Eftir till. í þessu frv. er ætlazt til, að settar verði bráðabirgðabrýr á útvötnin, Þverá, Affall og Ála, en síðan ein aðalbrú á sjálft Markarfljót. Er það gert með það fyrir augum, að vötnunum verði veitt í farveg Markarfljóts, og bráðabirgðabrýrnar verði að því loknu óþarfar, a. m. k. svo langar sem þær þurfa að vera fyrst um sinn.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að fyrirhleðslur þær, sem gera þarf innan við Hlíðarenda í Fljótshlíð, skuli kostaðar að ⅞ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅛ hluta úr sýslusjóði. En hinsvegar er svo til ætlazt, að sömu ákvæði og áður gildi um aðrar aðgerðir til landvarna, eftir því, sem frv. leggur til. N. telur það þó rétt, að rýmkað verði um þetta, svo að ekki yrðu aðeins þær varnir, sem gera þarf innan við Hlíðarenda, kostaðar að ⅞ hlutum úr ríkissjóði, heldur einnig þær varnir, sem gera þarf vegna aðgerða annarsstaðar, við að vötnunum er veitt í aðra farvegi. Það er tilætlun frv. þessa, að ef hægt verður að veita öllum vötnunum í

farveg Markarfljóts, verði þær jarðir, sem þurfa að verja sig vegna hins aukna vatnsmagns fljótsins, jafnréttháar til framlags úr ríkissjóði og þær aðrar jarðir, sem varðar verða með hæstu framlagi þaðan, og þó jafnvel öllu heldur meira. Seljalandsgarðinn þarf líklega bæði að treysta og lengja, ef vatnsmagnið kemur allt í austurvötnin, og n. hefir lagt til, að það, sem gera þarf við þennan varnargerð vegna aðgerða annarsstaðar að, skuli einnig kostað að 7/8 hlutum úr ríkissjóði.

Ég gat ekki orðið öðrum meðnm. mínum sammála um þessi efni. Ég tel, að farið sé of skammt og að allar þær fyrirhleðslur, sem á einn eða annan hátt ganga í þá átt að gera samgöngurnar tryggari og veita vötnunum saman, til þess að þau haldist í austurfarveginum, beri að telja sem beina samgöngubót, og því eigi þær að greiðast úr ríkissjóði eins og samgöngubæturnar. Það er sýnt, að samgöngubætur verða aldrei fulltryggðar til frambúðar nema á þann hátt, að náist að skorða rennsli vatnanna og veita þeim í ákveðinn farveg, svo að þau hlaupi ekki eins til og þau nú gera. Ef það er ekki gert, getur vel farið svo, að þær brýr, sem reistar kynnu að verða á vötnum þessum, verði gagnslausar og á þurru landi innan fárra ára, þar sem vötnin brjóta sér stöðugt nýja og nýja farvegi. Það er því höfuðskilyrði fyrir bættum samgöngum, að hægt sé að halda vötnunum í ákveðnum farvegum. Þegar tekið er tillit til þess, að verkið á fyrst og fremst að framkvæma sem samgöngubót, og einkum tekið tillit til þess, hvernig þeim verði bezt hagað í frv. þessu, er ekki rétt að jafna nokkrum hluta þess verks, sem þarna þarf að gera, niður á t. d. Rangárvallasýslu, sem að nokkru leyti hefir ekki nema óbeinan hagnað af þessu, þ. e. a. s. sá hluti sýslunnar, sem er utan vatnanna, en V.-Skaftafellssýsla hefir hinsvegar jafnmikið gagn af þeim eins og sá hluti Rangárvallasýslu, sem hefir hann mestan. Ég vildi samt ekki, þar sem um jafnmikilsvert mál var að ræða og áríðandi að nái fram að ganga, fara að gera ágreining í n. málinu til tafar, en áskildi mér rétt til þess að bera fram brtt., er málið kemur til 3. umr., og sker d. þá úr um það, hvernig þetta mál lítur út í hennar augum.

Ég hefi þegar fyrir n. hönd gert grein fyrir annari brtt., þar sem n. leggur til, að meiri hluti fyrirhleðslanna komi undir greiðsluákvæðin um 7/8 og 1/8, og sem ég tel vera að allmikla bót.

Fyrsta brtt. n. er, að í stað orðanna „norðan við“ komi: nálægt. Er ekki ennþá ákveðið, hvar brúin á að vera, en líklegt, að hún verði eins sunnan við Ossabæ, og því rétt að breyta þessu orðalagi.

Þá er ennfremur sú brtt., sem n. gerir við 3. gr. frv., 2. mgr., um niðurjöfnun fyrirhleðslukostnaðarins. Í frvgr. er ætlazt til, að miðað sé í niðurjöfnuninni við þær skemmdir, sem þegar eru orðnar á jörðunum af ágangi vatnsfalla, en sem ætla má, að létti af með fyrirhleðslunni. Þessu orðalagi vill n. breyta á þann hátt, að miðað verði við þann hagnað, sem jarðirnar þegar hafa fengið samkv. mati í hvert sinn. Það liggur í augum uppi, að réttari er sá mælikvarði, að miða við þann hagnað, sem fenginn er á hverjum tíma. Annars myndu þær jarðir, sem þegar eru orðnar verst úti, fá þyngstar álögur. Er ekki að efa, að heppilegra væri fyrir eigendurna að ganga burt frá jörðunum, sem þegar eru að leggjast í auðn, en sæta slíkum kjörum.

Síðasta brtt. n. er einungis til þess að samræma 7. gr. frv. við brtt., sem gerð var við 2. gr. um hlutföll þau, sem miða skal greiðslurnar við.

Þá skal ég aðeins geta þess, að samgmn. hefir hugsað sér að bera fram eina brtt. enn, er þetta mál kemur til 3. umr. Fjallar hún um það, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að taka lán til þessara framkvæmda. Er ætlazt til, að heimild þessi verði eins og í brúarlögunum. Kemur það til af því, að á sumarþinginu var ákveðið að veita í fjárlögum 62 þús. kr. til brúargerðar á Þverá, ef fé yrði fyrir hendi. En þegar séð varð, að vart myndi að treysta, að slíkt fé fengist að þessu sinni, vegna hins erfiða fjárhags ríkissjóðs, þá hófust sýslubúar handa til að safna fé innan sýslunnar til að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd. Hafa þeir boðið að lána ríkissjóði 100 þús. kr. til þessara framkvæmda nú þegar á sumri komanda. Er því í alla staði eðli-

legra, að þessi lánsheimild komi hér inn í frv. sjálft, eins og lánsheimildirnar í brúalögunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál að sinni. Vil aðeins, eins og n. tekur fram í áliti sínu, leggja áherzlu á það, að frv. nái sem greiðastri afgreiðslu í d., þar sem þegar er hafinn undirbúningur að framkvæma nokkurn hluta verksins í sumar. Er því nauðsyn að flýta þessu máli, og vænti ég skilnings hv. d. og velviljaðrar aðstoðar við það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vona fastlega, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu bæði frá þessari hv. d. og Alþingi í heild.

Þetta er í þriðja skipti, sem málið er fram borið. Fyrst á vetrarþinginu síðasta, síðan á sumarþingi, og svo nú á þessu þingi. Málið hefir því fengið rækilegan undirbúning, ekki sízt, þar sem öll undirbúningsvinna er innt af hendi frá vegamálastjóra, samkv. ósk atvmrn. Vona ég, þar sem hv. samgmn. hefir öll orðið sammála um frv., að það fái greiðan gang gegnum þingið.

Það kom fram í ræðu hv. frsm., að hann sem annar af þm. þess héraðs, sem hér á mest hlut að máli, álítur, að um eitt atriði mætti öðruvísi skipa en í frv. er gert ráð fyrir. Ég fyrir mitt leyti vil leggja áherzlu á það, að hugsa fyrst og fremst um samgöngumálin í sambandi við afgreiðslu frv. Þær ákvarðanir, sem gera þyrfti í framtíðinni, yrðu þá að bíða síðari tíma. Aðalatriðið er að geta leyst samgöngumálin á heppilegan hátt, að hægt verði að opna þessa leið fyrir bifreiðum og óhindruðum samgöngum, ekki einungis fyrir Rangárvallasýslu, heldur einnig V.-Skaftafellssýslu.

Ég lít svo á, að það, að koma einhverri stjórn á rennsli hinna miklu vatnsfalla á þessum slóðum, sé svo flókið og erfitt mál, að margt sé enn óathugað í því sambandi. Því tel ég æskilegast að afgreiða þetta mál fyrst og fremst sem samgöngumál, en bíða með hitt unz tíminn leiðir í ljós, hvað þar mun heppilegast. Ég fyrir mitt leyti óttast mjög, að þess verði langt að bíða, að við Íslendingar höfum það fjárhagslega bolmagn, sem þarf til þess að stokkleggja þessi vötn. Ég hygg, að þau náttúruöfl, sem þar ríkja, verði ekki vort meðfæri í náinni framtíð.

Ég vil minna á, hversu gleðilegt það er, að síðan þetta frv. var borið fram, hefir austur í Rangárvallasýslu verið safnað um 100 þús. króna til þessa fyrirtækis, sem frv. ræðir um. Sýnir það bezt, hversu mikið héraðsbúar vilja á sig leggja fyrir framgang þessa máls. Út frá þessu þykir mér mjög vænt um, að hv. n. skuli ætla að bera fram brtt. þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að taka þetta fé, sem þegar hefir safnazt, að láni. Vil ég svo leyfa mér að þakka n. fyrir góða afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 237,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 237,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 237,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 237,4 (ný 7. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 271, 277, 283).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 283. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það er ekki þörf á að minnast frekar á þessa brtt. Ég talaði um hana við 2. umr., þegar ég boðaði framkomu hennar í d. Á þskj. 277 er brtt. frá samgmn. um að heimila ríkisstj. að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1. gr. frv., og er hún fram komin vegna þess, að heimild þarf til að taka það fé að láni til framkvæmdanna, sem Rangæingar hafa nú sjálfir boðið fram til þess. Og mun sú upphæð alls um 100 þús. kr. Vænti ég þess, að hv. d. leggist ekki á móti því, að þetta verði tekið inn í lögin.

Brtt. á þskj. 283 er flutt af okkur báðum þm. Rang. Eins og ég minntist á síðast, vildi ég ekki gera ágreining í n. út af því, að n. vildi ekki fallast á það, að allar framkvæmdir, sem ákveðnar eru í frv., væru greiddar úr ríkissjóði, þó að ég hafi haldið því fram, að þetta væri fyrst og fremst samgöngumál, en ekki landvarnarmál. Því höfum við gert þá brtt. við 2. gr., að í 3. málsgr. komi í stað orðsins „þannig" orðin „af ríkissjóði", en í stað 4. og 5. málsgr. komi: „Þó getur atvmrh., að fengnum till. sýslun. Rangárvallasýslu, látið jafna niður allt að ⅛ kostnaðarins". Vona ég, að hv. d. sjái, að hér er ekki farið fram á annað en venja er til, þegar um samgöngubætur er að ræða á þjóðvegum. Er því sjálfsagt, að ríkissjóður greiði það, sem farið er fram á í brtt.

Jón Ólafsson: Ég þarf litlu við að bæta það, sem hv. samþm. minn sagði. Vil ég þó benda á það, að í 4. og 5. málsgr. 2. gr. er beinlínis fyrirskipað að jafna niður ⅛ af kostnaði við nauðsynlegar fyrirhleðslur á þessu vatnasvæði, en auk þess býst ég við, að margur geti fallizt á, að um leið og byggðir eru garðar fyrir sunnan og norðan Stóru Dímon, sé nauðsynlegt að hafa flóðgáttirnar til þess að ekki teppist umferð um vegi á þessu svæði, og að þær séu kostaðar af ríkissjóði. Er það óeðlilegt að ákveða að jafna þessu niður á hlutaðeigendur, sem vafalaust yrði slíkur kostnaður um megn. Sama er að segja um fyrirhleðslur fyrir Þverá, ef veita á henni í annan farveg, að ótækt er að jafna þeim kostnaði niður á fáar jarðir, sem njóta góðs af. En það er beinlínis tekið fram í liðnum, sem við viljum fella niður, að jafna skuli þessu niður, og myndi það ekki verða lítil kvöð á jarðir, sem búnar eru að þola miklar skemmdir af vatnagangi undanfarið. Þessar jarðir, sem eru fáar og litlar að mati, eru ekki færar um að bera slíkan kostnað. Og ekki er gert ráð fyrir að bera undir eigendur þessara jarða, hvenær byrja skuli á verkinu eða spyrja þá, hvort þeir treysti sér til að bera slíkan kostnað. Sýnist mér því, að þessu athuguðu, alveg nóg, að atvmrh. hafi heimild til niðurjöfnunar allt að ⅛ kostnaðarins í samráði við og eftir till. sýslun. Er þá kominn nokkurskonar málsvari fyrir þessa menn.

Þá vil ég geta þess, að þeir eru heldur ekki tryggðir gegn því, að fyrirhleðsla kunni að bila, svo að ekkert gagn verði að henni og þeir standi uppi varnarlausir, því að það er skylda að jafna niður, hvort sem árangur verður eða ekki. Þessi brtt. er fram komin til að reyna að tryggja það, að jafnað verði niður á þessa bændur eins og þeir geta borið og verður ekki um megn. Vona ég, að hv. þdm. geti fallizt á þetta, og held ég, að þessi brtt. sé í samræmi við ýmsar þær breyt., sem n. hefir gert á frv.

Þarf ég svo ekki að fjölyrða um brtt. á þskj. 277, því að ég býst ekki við því, að ágreiningur geti orðið um hana. Þetta mál hefir fengið óvenjugóðar undirtektir í sýslunni frá því er fundur var kallaður saman 15. jan. og Sveinbjörn Högnason og Andrés Andrésson bóndi á Hemlu tóku að sér að gangast fyrir söfnuninni, með aðstoð hreppstjóra og oddvita héraðsins. Árangurinn hefir orðið svo glæsilegur, að það myndu verða mikil vonbrigði fyrir þessa menn, ef ríkisábyrgð fengist ekki. Vona ég, að þetta mál gangi vel í gegnum Alþingi.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil aðeins upplýsa, að skoðun meiri hl. samgmn. er sú, að lántökuheimildin nái aðeins til brúargerða á Þverá og Affall. Öllum er kunnugt, að sýslubúar í Rangárvallasýslu hafa lofað að leggja fram allmikið fé, en hinsvegar er engin heimild fyrir því í frv. að taka lán til þessara brúargerða. Nú er samgmn. einhuga um að veita þessa heimild, og finnst mér ekki rétt að leggjast á móti því, en þó vil ég ekki, að ríkið taki ábyrgð á öllu, sem þarf til framkvæmda þessa máls, og vil ég láta fara fram nákvæmari rannsókn, áður en byrjað er á framkvæmdum á verkinu. Vænti ég þess, að báðir hv. þm. Rang. séu því samþykkir, að heimildin nái aðeins til að brúa Þverá og Affall, því að um annað var ekki talað í samgmn. Ber ég hér fram skrifl. brtt. um, að lántökuheimildin sé bundin við 1. og 2. tölul. 1. gr. frv., til þess að taka af öll tvímæli um það, að lánið verði einungis tekið til að brúa Þverá og Affall.

Þá finnst mér brtt. á þskj. 283 nokkuð

undarleg. Hv. þm. Rang. vilja koma öllu þessu fyrirhleðsluverki á ríkissjóð. Meiri hl. samgmn. kom til móts við þessa hv. þm. með því að leggja til, að ríkissjóður greiði 7/8 hluta af kostnaði við endurbætur á Seljalandsgarði. Hinsvegar eru flóðgarðar kostaðir af ríkinu að 3/4, en sýslubúum að 1/4. Mikið af þessum vötnum veitir ágang á einstakar jarðir, og er því ekki ósanngjarnt, að þeir, sem losna við ágang vatnanna, borgi eitthvað. Samgmn. leggur eindregið á móti till. á þskj. 283. Með löggjöfinni frá 1923 er lagt á vald sýslun. að jafna niður þeim kostnaði, sem sýslan lætur af hendi. Ef brtt. á þskj. 283 verður samþ., þá verða 3. og 4. gr. frv. óþarfar, því að samkv. brtt. á ríkið að kosta allt. Hitt mun reynast erfiðara að fá samþykki Rangæinga eftir á um að jafna niður einhverjum hluta kostnaðarins, þegar ríkissjóður hefir greitt hann allan fyrirfram. Ég er sem samgmnm. hlynntur þessu frv., en get þó ekki gengið lengra en ég nú hefi lýst. Hefi ég því gert brtt., sem ég mun nú afhenda hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svolátandi skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 277 frá hv. þm. N.-Ísf.

„Við 1. Á eftir orðunum „taldar eru í" kemur: 1. og 2. lið".

Þarf tvöföld afbrigði fyrir þessa brtt., þar sem hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 302) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil fyrst geta þess, að ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. N.-Ísf. Það hefir ekki staðið til, að lán yrði tekið nú, nema til þess að framkvæma það, sem stendur í 1. og 2. lið 1. gr. frv. Það hefir bara verið vangá að láta heimildina ná yfir meira. Þá hafa hv. þm. Rang. borið fram þá brtt., er þeir boðuðu við 2. umr., að þeir mundu koma fram með við 3. umr. Hún er sú, að þeir hv. þm. vilja ekki láta sér nægja, að með frv. þessu sé leyst samgöngumálið, heldur vilja þeir líka taka með kostnað við fyrirhleðslur, sem að vísu má jafna niður að 1/8, að fengnum till. sýslunefndar Rangæinga. Það er nú vitanlegt, hvert stefnir með slíkum till. Á þessu stigi er samgöngumálið vitanlega aðalatriðið. Hitt, um fyrirhleðslurnar, er stórt mál og vandasamt og ekki nærri svo undirbúið, að rétt sé nú þegar að taka ákvörðun um það. Og ég tel það vafasamt, hvort rétt sé fyrir hv. þm. að halda fast við þessa till. Ef þeir vilja leggja kapp á að fá frv. samþ., þá gæti svo farið, að þessi till. þeirra stofnaði því í voða, en um efni brtt. er engin þörf að taka ákvörðun nú. Það væri þá réttara að gera það í sérstöku frv., svo að þetta lenti ekki í hættu þess vegna. Það er ljóst af orðum hv. þm. N.-Ísf., að 1/5 hlutar samgmn. eru andvígir till. Er því frv. í hættu stefnt, ef haldið er fast við brtt.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það má vel vera, að rétt sé hjá hv. þm. N.-Ísf., að ég hafi ekki sýnt honum brtt. á þskj. 277 áður en hún fór í prentun, þótt ég geti ekki betur munað en ég hafi gert það. En hafi svo verið, sem ég efa, þá hefir það áreiðanlega stafað af því, að hann hefir ekki verið viðstaddur, en till. bar ég undir þá nm., er ég náði í, og þeir, sem sáu hana, voru samþykkir henni. Það var meining mín með brtt., að í henni fælist almenn heimild, líkt og er í brúalögunum. En ef það má ekki standa í þessum l., þá væri máske rétt, að þessar brýr væru teknar inn í brúalögin, og kæmi það í sama stað niður. Ef illa gengur fyrir ríkinu að afla fjár til þessara mannvirkja, en Rangæingar eða aðrir, sem hlut eiga að máli og áhuga hafa, hinsvegar hefðu magn til þess að afla fjár áfram, hví má þá ekki ríkið taka lán hjá þeim, svo sem nú er áformað að gera? Í brtt. er ekki farið fram á neitt annað né meira en nú er gildandi í hinum almennu brúalögum. En ég skal þó ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Ég vil þá heldur fá hinar brýrnar inn í brúal. þau, sem nú liggja fyrir þinginu; er þá hinum sama tilgangi náð.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að það sé meining okkar þm. Rang. með brtt. á þskj. 283 að koma öllum kostnaðinum á ríkissjóðinn. Þar er atvmrh. einmitt

veitt heimild til að láta jafna niður allt að ⅛ hluta kostnaðarins, að fengnum till. sýslun. Rang. Það er allt annað að gera eitthvað að fengnum till., ellegar að samþykki þurfi til. Hæstv. forsrh. áleit, að við gætum með brtt. okkar stofnað frv. í hættu. Hann áleit, að þm., sem víst allir bera góðan hug til þessa þarfa máls og vilja styðja það, gæti snúizt hugur, ef við þm. Rang. héldum fast fram till. okkar. Ég get nú varla álitið, að hér sé öðru né meira en till. sjálfri stofnað í hættu, því að vitanlega geta hv. þm. fellt hana, ef þeim sýnist svo, en sýnt eftir sem áður góðan hug til frv. Og ég vil vona, að svo fari, enda þótt þeir sjái sér ekki fært að samþ. brtt. okkar. Í þessu frv. er í raun og veru ekki um annað að ræða en lausn samgöngumálsins. Þær fyrirhleðslur, sem frv. ráðgerir, eru ekki aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru vegna samgangnanna. Fljótshlíðarmegin eru þær liðir í því að veita vatninu austur eftir, til að ná þeim undir framtíðarbrúna á Markarfljóti, sem á að verða sú eina varanlega brú á vötnunum, og Eyjafjallamegin eru þær nauðsynlegar til varna vegna þess aukna vatnsmagns, sem af þeim aðgerðum leiðir. Eyjafjallamegin þarf áreiðanlega að auka varnirnar við það, að vatninu verður þannig veitt austur á. Það er nauðsynlegt vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum. Þarf þá og að styrkja og endurbæta Seljalandsgarðinn. Allar þessar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem um er getið, eru því ábyggilega liðir í sjálfum samgöngubótunum, sem áformaðar eru.

Ég hefi veitt því eftirtekt, að í umr. um vatnamálin á þinginu 1917 var það skoðun þó nokkurra þm., að greiða bæri úr ríkissjóði eingöngu kostnað við þau mannvirki, þótt um engar samgöngubætur væri að ræða, en eingöngu landvarnir. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli eftir Bjarna heitinn Jónsson frá Vogi, þessu til sönnunar. Hann segir svo (Alþt. 1917, B. 796):

„Þetta er björgunarfyrirtæki, vörn fyrir voða, er sækir á eitt hérað í hjarta landsins". Og ennfremur segir hann: „Það er sama, hver voðinn er, hvort heldur Markarfljót, brim, eldgos eða sandfok. Hver myndi heimta verðhækkunarskatt af löndum, sem varin eru gegn sandfoki? Það er skylda alþjóðar að verja einstaka landshluta og einstaklinga þeim hættum, er ógna og þeir fá ekki rönd reist við".

Þetta segir nú einn þm., sem ekki er þm. Rang., heldur Dal. Og í það sinn var eingöngu talað um þetta sem landvarnir, en ekki sem samgöngubætur fyrir bæði Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, eins og nú er gert. Það er því eðlilegt og í samræmi við aðra löggjöf um samgöngubætur, að ríkissjóður kosti þessa. Fram á þetta hefi ég viljað sýna. Og ég vænti þess, að hv. þdm. sjái enga ósanngirni í þessari kröfu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég efa ekki, að hv. 2. þm. Rang. fari rétt með það, að Bjarni heit. frá Vogi hafi haldið því fram, að ríkissjóður ætti að kosta allar landvarnir þarna fyrir austan. En Alþ. féllst þó ekki á þá skipun í það sinn, heldur ákvað, að ríkissjóður skyldi greiða ¾, en ¼ kostnaðar skyldi jafnað niður á vatnasvæðinu. Svo að ef stefna Alþ. er hin sama nú og hún var þá, mun ekki nást samþykki fyrir því, að ríkið greiði allan landvarnarkostnaðinn. Samþykkt brtt. á þskj. 283 mun þá verða til þess, að frv. verður felld, og væri það illt. Ég álít heppilegast að blanda ekki landvörnunum inn í þetta, heldur láta frv. halda áfram sem hreint samgöngumál. Landvarnirnar eru mikið vandamál, sem hvergi nærri því er leyst hvað undirbúning snertir, og þurfa mikillar rannsóknar enn. Er lítt hugsanlegt, að út í þær verði lagt án þess eitthvert tillag komi á móti. Samgöngubætur eru heldur ekki allar eingöngu kostaðar af ríkinu. Til þeirra eru oft veitt framlög frá öðrum stöðum í ýmsri mynd.

Lárus Helgason: Þetta mál er svo vaxið, að varla getur talizt óeðlilegt, þótt ég segði nokkur orð um það. Ég skal þó ekki eyða miklum tíma frá þinginu.

Mér hefir virzt, að þetta, að brúargerðum og landvörnum hefir verið blandað saman, hafi frá byrjun tafið fyrir framgangi brúarmálanna. Er það líka eðlilegt, því að enginn getur enn sagt það með nokkrum líkum, hvað mikið muni

kosta að koma vötnunum þarna í eitt svo varanlega, að fullt gagn verði að. Hið eina, sem ég trúi á, að takast megi í þessu máli, er sú leið, sem nú er ákveðin, að brúa vötnin og byrja þá á Þverá og Affalli. Ég hefi oftsinnis og á öllum árstímum farið yfir þessi vötn og þykist þeim því sæmilega kunnugur. Og ég veit það, að á veturna breyta þessi vötn sér svo, að erfitt mun að gera þá fyrirhleðslu, sem dugir til þess að ná valdi yfir þeim. Hitt mun sönnu nær, að láta náttúruna ráða sem mestu, en búa svo um hnútana með þær brýr, sem settar verða, að þær komi að fullu gagni sem samgöngubót án tillits til þess, hvort vatnsmagnið rennur í Þverá, Markarfljót, Affall o. s. frv. En á því hefi ég litla trú, að það borgi sig að vernda einhverja landshluta, sem eru hverfandi lítils virði móts við það fé, sem slík framkvæmd mundi kosta, í öllu falli ekki í sambandi við samgöngubætur. Mér virðist Þverá vera búin að brjóta svo mikið, að hún muni vart geta náð miklu meira landi á næstu árum, eða jafnvel um langt skeið. Enginn einstaklingur, sem ætti þær jarðir, sem í hættu eru, mundi, hvað ríkur sem hann væri, vilja leggja fé sitt í það verk.

Þegar búið er að brúa Þverá og Affall, koma Álarnir næst. Ég hefi trú á því, að fyrir þá megi hlaða, svo að vatnið falli í Markarfljót. En á hitt trúi ég ekki, að hægt sé að stokkleggja öll vötnin svo vel, að varanlegt verði, nema þá með of fjár. Ég hefi þá trú, að þeim brúm, sem byggðar verða nú, verði haldið við um aldur og æfi og við þær aukið eftir þörfum, og við það látið sitja. Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að rétt væri að blanda ekki þessu tvennu saman, samgöngubótum og fyrirhleðslu til landvarna. Þegar byrjunin er hafin, þá verður fljótlega haldið áfram að brúa vötnin, ef fjárhagur verður ekki því erfiðari næstu ár. En að stokkleggja vötnin kostar svo mikið fé, að ég hefi enga trú á því, að það verði nokkurntíma gert.

Jón Ólafsson: Mér heyrist hljóðið í þeim hv. þm., sem talað hafa, vera svo, að þeir muni vera tregir til að samþ. brtt. okkar þm. Rang. En í 6. og 7. lið 1. gr. er gert ráð fyrir miklum mannvirkjum, sem ætlazt er til, að héraðsbúar kosti að ⅛ hluta. Þeim, sem ráða fyrir slíku verki, er því fengið vald til að framkvæma stórvirki og láta jafna ⅛ af kostnaðinum niður á héraðsbúa, jafnt máske þá, sem engan hag hafa af framkvæmdunum. Í brtt. okkar þm. Rang. er ekki farið fram á það, að tillag héraðsins sé gefið eftir, heldur aðeins að héraðsbúum sé tryggður réttur um að taka málið til athugunar, áður en í mannvirki er ráðizt. Þetta vildi ég, að hv. þm. skildist.

Það er rangt hjá hv. þm. N.-Ísf., að við viljum ekki, að Rangæingar leggi neitt fram. Við viljum aðeins, að framlög þeirra séu gerð að yfirlögðu ráði og með vilja þeirra sjálfra um að ráðizt sé í framkvæmdina. Ef brtt. verður samþ., þá er það trygging fyrir því, að héraðsbúar eða sýslunefnd þeirra verður um það spurð, hvort Rangæingar séu tilbúnir að leggja fé í slík mannvirki. Ef þarna verður gert stórvirki, þá yrði ríkissjóður hvort sem er að leggja fram féð í byrjun, og til framhalds þar til verki er lokið. Gæti svo farið þá, sem annarsstaðar hefir átt sér stað, þar sem ríkissjóður hefir lagt allt féð fram, að þeir, sem áttu að endurgreiða, gátu það ekki, svo að ríkissjóður hefir orðið að greiða það allt **án þess** að eiga von á endurgreiðslu.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi 3. og 4. gr. óþarfar, ef breytingar okkar væru samþ. En hann kom ekki með neitt sem benti á, að svo væri. Hér er ekki farið fram á að gefa bændunum eftir neitt af því, sem réttmætt er að leggja á þá og þeir geta borið. En þar fyrir er enginn óþarfi að hafa ákvæði um, á hvern hátt ætti að leggja það á, sem eftir ýtarlega athugun yrði jafnað niður.

Ég verð að segja það um Seljalandsgarðinn, að það er ranglátt að láta viðkomandi bændur kosta þær endurbætur á honum, sem gera þarf vegna þess að vatnsmagnið eykst í Markarfljóti við þær fyrirhleðslur, sem samgöngurnar krefjast, að gerðar séu. Þegar hlaðið hefir verið fyrir Þverá og máske nokkuð af Álunum, til þess að veita vatnsmagninu undir eina brú og þar af verði Seljalandsgarðurinn ónógur, þá er það skylda ríkisins að kosta endurbætur á honum. Eftir frv. eiga bændur að bera ⅛ af þeim kostnaði,

en það eru hin mestu rangindi að mínu áliti.

Hæstv. atvmrh. var að kvíða því, að frv. yrði fellt vegna brtt. okkar. En ég held nú, að hann hafi nóg lið til að fella þær, svo að ekki þurfi að verða vandræði úr. En ef hv. þm. fást ekki til að fallast á að koma málinu í það horf, sem það hlýtur að komast í, verða Rangæingar að fá að segja til um, hvaða mannvirki eru gerð á þeirra kostnað. Þeir hljóta að fá því ráðið, að ekki séu lagðar á þá þær drápsklyfjar, sem þeir ekki geta risið undir.

Það má vera, að fyrirhleðslurnar fyrir Þverá séu, eins og hv. þm. V.-Skaft. hélt fram, óframkvæmanlegar eða óviðráðanlegar vegna kostnaðar. Og ef þó verður í þær ráðizt, hygg ég, að sá hluti, sem bændunum er ætlað að greiða, sé þeim ofvaxinn, og að binda þeim slíka bagga sé helzta ráðið til að flæma þá af jörðum sínum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af ummælum hv. 1. þm. Rang. skal ég lýsa því yfir, að meðan ég er atvmrh. skal ekki ráðizt í neinar framkvæmdir þarna austur frá að Rangæingum nauðugum. Það skal ekki lagt út í svo stórkostlegar framkvæmdir, að þær verði til þess að flæma bændur af jörðum sínum, þó að ríkið kosti þær að $^7/_8$ hlutum, en bændum sé aðeins ætlað að leggja fram $^1/_8$ hluta.

Ég vil benda á, að brtt. hv. þm. Rang. gera ekki aðeins breyt. á 4. málsgr. 2. gr., heldur fella þær einnig niður 5. málsgr., sem er ákvæði í samræmi við gildandi lög um aðrar framkvæmdir en þær, sem taldar eru í 4. málsgr., fyrirhleðslur og flóðgáttir til áveitu, skuli kostaðar af sömu aðilum að $^3/_4$ og $^1/_4$ hluta. Með brtt. væri því málið fært að nokkru leyti inn á nýjan vettvang.

Jón Ólafsson: Ég vil benda hæstv. atvmrh. á það, að með ákvæðum frv. viðvíkjandi Seljalandsgarðinum er farið inn á nýja braut. Á viðkomandi bændur er lögð sú kvöð, að þeir kosti að $^1/_8$ hluta endurbætur á skemmdum á garðinum, sem gera þarf beinlínis vegna ráðstafana ríkisins til samgöngubóta. Það er alveg nýtt að skylda menn til að leggja fram fé til endurbóta, sem beinlínis stafa af því, að vegna ráðstafana hins opinbera nægir ekki það mannvirki, sem bændur hafa að mestu á sinn kostnað komið sér upp.

Þetta eru óþolandi kvaðir, sem ég fyrir þeirra hönd mótmæli.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil minna hv. þm. Rang. á, að með frv. er gerð sú mikla breyt. frá því, sem er í gildandi l., að öll stærri mannvirki, sem þar um ræðir, skuli kostuð að $^7/_8$ hlutum úr ríkissjóði í stað $^3/_4$ hluta, eins og nú er ákveðið. Og loks höfum við í samgmn. gengið inn á, að ríkið kostaði viðhald og viðbætur á Seljalandsgarðinum að $^7/_8$ hlutum, og finnst mér það svo langt gengið sem frekast er hægt. Hinsvegar fara brtt. hv. þm. Rang. fram á, að kostaðar séu úr ríkissjóði að öllu leyti flóðgáttir, sem gerðar eru til þess að fá vatn til áveitu, og fleiri slík mannvirki. Það finnst mér óvenjulangt gengið. Það er að vísu sagt í brtt., að atvmrh. geti, að fengnum till. sýslunefndar Rangárvallasýslu, jafnað niður allt að $^1/_8$ kostnaðarins við þessi verk. En ég get búizt við, að sýslunefndin yrði treg á að leggja það til. Svo er ekkert getið um, á hverja á að jafna þessu niður; það mætti kannske jafna því niður á einhverja aðra en Rangæinga, eftir orðanna hljóðan.

Ég hygg, að hv. þm. Rang. geti vel unað við frv. eins og það er, hvað snertir ákvæði þess um framlög ríkissjóðs.

Lárus Helgason: Hv. 1. þm. Rang. minntist sérstaklega á Seljalandsgarðinn og taldi, að það gæti orðið bændum undir Eyjafjöllum óviðráðanlegt að greiða þann hluta af kostnaðinum við endurbætur og viðhald á honum. Ég held, að ekki sé mikil hætta á þessu í næstu framtíð. Það er búið að hlaða þarna nokkuð öflugan garð, og það hefir þegar reynt talsvert á hann síðustu árin. Næstum því öll vötnin hafa stundum runnið fram í Markarfljóti; Þverá, Affall og Álarnir hefir orðið vatnslaust að kalla á sama tíma, sem allt vatnið hefir runnið fram í Markarfljóti, og hefir þó ekki borið á, að garðurinn hafi bilað nema lítið eitt í

tvö skipti á umræddum tíma. Ef breyta ætti varanlega rennsli vatnanna, held ég, að það yrði svo gífurlega kostnaðarsamt, að það er hlutur, sem ég vil ekki leggja til, að lagt sé út í. Þó vatnsmagnið úr Þverá, Affalli og Álum hafi stöku sinnum fallið að mestu leyti fram í Markarfljóti, og ekki orðið að tjóni hvað jarðirnar snertir, mundi öðruvísi fara, ef svo yrði um búið, að vatn þetta rynni þar allt af fram; þá tel ég víst, að mikið þyrfti að treysta Seljalandsgarðinn og auka við hann. En með því að brúa vötnin öll að mestu þar, sem þau eru, kemur ekki til þessa. Þá reynir minna á garðinn.

Ég skil ekki, hvað átt er við með þessum flóðgáttum, sem talað er um í 1. og 2. gr. frv. Ég hefði haldið, að ef hlaða á fyrir vötnin og breyta rennsli þeirra, þá ætti ekki við að hafa þar á neinar flóðgáttir. Ég held, að of dýrt verði í framkvæmdinni að hugsa um að hafa vald á þessum vötnum til áveitu. Ef lagt er í það stórvirki að hlaða fyrir þau, held ég, að það sé bezt að hafa garðana kyrra, ef svo vel tækist til, að þeir gætu setið kyrrir. Mér er ómögulegt að skilja, að hugsa eigi um áveitu niðri í Landeyjum í sambandi við þetta verk. Ég held, að við megum vel við una, ef vötnin yrðu brúuð á næstu árum, á þann hátt, sem nú er í ráði. Nú hefir vegamálastjóri lagt til, að vötnin væru brúuð þarna neðra, þar sem þau eru, og það er mín trú, að þar verði þau brúuð til frambúðar, án þess að mögulegt teljist að vernda um leið litla landskika, sem ekki kosta neitt, samanborið við það fé, sem þyrfti til að verja þá.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það er rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að Skaftfellingar mega vel við þetta frv. una. Ég býst við, að hann hafi haft þá í huga, þegar hann sagði, að „við“ mættum vel við una, ef vötnin væru brúuð. Það er ekki ætlazt til, að neinu sé jafnað niður á Skaftfellinga. Öðru máli gegnir um Rangæinga. Á þá á að leggja kostnað, sem leiðir af samgöngubótum, er gerðar eru m. a. fyrir Skaftfellinga jafnt og jafnvel almennara en þá sjálfa.

Mér virtist gæta nokkurs misskilnings hjá hæstv. forsrh., þegar hann talaði um, að ekki mætti blanda saman fyrirhleðslunum og samgöngubótunum. Allir sjá, að í frv. er gert ráð fyrir fyrirhleðslum til þess að hægt sé að koma samgöngubótunum á.

Það er óhugsandi, eins og þessi vötn haga sér, að koma á samgöngunum austur, nema hafa um leið áhrif á, hvar vötnin renna. Það er ekki rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að ekki sé hægt að hafa vald á, hvar þau renna. Væri það ekki hægt, væri heldur ekki hægt að koma á samgöngubótunum austur yfir þau. Að leysa þetta mál sem samgöngumál er óhugsandi nema í sambandi við fyrirhleðslur, enda er beinlínis gert ráð fyrir í frv. sjálfu, að reynt skuli að ná vatninu austur á bóginn. Það mætti e. t. v. halda, fljótt á litið, að í frv. sé aðeins átt við fyrirhleðslu við sjálfar brýrnar. En tökum t. d. fyrirhleðslurnar, sem talað er um í 4. lið 1. gr. Þegar búið er að gera garð til þess að veita Álum og Markarfljóti að brúaropinu, þarf einnig að gera garð undir Eyjafjöllum, til að vernda land frá eyðileggingu. Annars verður þar stórkostlegur skaði, sem stafar beinlínis af fyrirhleðslunni, sem gerð er vegna samgöngubótanna. Er hægt að segja, að sá garður eða þær varnir komi ekki samgöngubótunum við?

Hv. samþm. minn minntist réttilega nokkuð á Seljalandsgarðinn, svo að ég þarf litlu þar við að bæta. Hv. þm. V.-Sk. vildi halda fram, að hann væri kominn í svo gott lag, að hann mundi standast vatnsmagnið að mestu leyti, svo að í sambandi við hann yrði vart um mikinn kostnað að ræða. Ég man ekki betur en þessi garður sé nú um 800 metrar, en gert er ráð fyrir, ef auknu vatnsmagni er veitt þarna fram, að það þurfi að lengja hann upp í 1200 metra og styrkja hann jafnframt að mun. Þegar hafa tvívegis komið skörð í hann, svo að endurbóta hefir þurft við. Það mun því ekki vera lítill kostnaður, sem leggja þarf í, ef fyrirbyggja á, að vatnið flæði austur með Eyjafjöllum og eyðileggi engjarnar og gróið land þar.

Þá hélt hv. þm. V.-Sk. því fram, að vart gæti verið um meiri skemmdir að ræða af völdum Þverár en orðnar eru. En ég get sagt hv. þm., að ég talaði nýverið austur, og mér var sagt, að áin hefði ald-

rei verið stórvirkari en einmitt þessa dagana. Á einum bænum brýtur hún fleiri faðma af grónu túni á degi hverjum, og það er ekki annað fyrirsjáanlegt en að hún geti í náinni framtíð tekið öll túnin í Innhlíðinni. Ég veit ekki, hvað er raunalegra en að sjá þannig rifna niður eina fegurstu sveit landsins án þess nokkuð sé að gert. Of ef ekki er þegar tekið í taumana með einurð og dugnaði, þá munu ekki líða mörg ár þangað til þessi sveit er ekki lengur byggð, þangað til einnig eiga þar við orð skáldsins: „Þar sem að áður akrar huldu völl, ólgandi Þverá veltur yfir sanda“ -- að þar verði ekkert nema sandar og auðnir einar eftir.

Þá taldi hæstv. forsrh. það koma í bága við gildandi lög, ef felld væri niður síðasta málsgr. 2. gr. í frv. Ég býst við, að hæstv. ráðh. eigi við l. frá 1917 um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót. En í síðustu gr. frv. er einmitt tekið fram, að þessi l. skuli falla úr gildi, svo að brtt. okkar geta ekki valdið neinum árekstri við þau.

Hv. þm. N.-Ísf. var að tala um, að ekki væri rétt að kosta flóðgáttir að öllu leyti af ríkissjóði. Eftir till. okkar gildir líka sama um þær og fyrirhleðslurnar, og jafna má niður á sýslubúa eftir hagnaði af þeim ⅛ hluta kostnaðarins. Ég tel sjálfsagt að gera flóðgáttir til áveitu niður í Landeyjar og nota heimildina um niðurjöfnun að því er þann kostnað snertir; er ég sannfærður um, að sýslunefnd Rangárvallasýslu mundi ekkert hafa á móti því. Annars mun þar ekki vera um neinn verulegan kostnað að ræða; það mun vera gert ráð fyrir einum tveimur flóðgáttum, eða svo.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um, að ekkert væri tekið fram um það, á hverja ætti að jafna niður þeim hluta kostnaðarins, sem sýslan á að leggja fram samkv. brtt. okkar. En þetta er misskilningur. 3. gr. frv. á ekki að falla niður, og hún ræðir um, hvernig þessi niðurjöfnun á að vera.

Ég hygg, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að benda á til þess að sýna, hvað órjúfanlega eru tengdar þær framkvæmdir, sem gera þarf til að bæta samgöngurnar yfir vötnin og til að vernda landið fyrir ágangi og eyðileggingu af þeirra völdum.

Lárus Helgason: Hv. 2. þm. Rang. þótti eðlilegt, að ég segði, að við mættum vel við una, að þetta mál væri leyst á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, því að ég mundi hafa talað þar sem Skaftfellingur, en um Rangæinga væri öðru máli að gegna. En mér finnst, að Rangæingar mættu einnig vel við una, og það engu síður en við Skaftfellingar, ef vötnin eru brúuð, þó að ekki sé um leið verið að fást við áveitur og stórkostlegar fyrirhleðslur.

Ég viðurkenni, að það er náttúrlega mjög viðkvæmt mál, ef jarðir fara í eyði. En á þeim tímum, sem nú eru, held ég það sé ennþá viðkvæmara og óheppilegra, ef horfið er að því að eyða geysilega miklu fé til þess að vernda örfáar jarðir, eða jafnvel hluta af þeim, og það því fremur, sem erfitt mun að afla þessa fjár. Mér er ekki geðfellt að deila um þetta við hv. þm. Rang., en ég verð að láta mitt álit í ljós, því að ég þykist málinu kunnugur engu síður en þeir.

Ég tel það rangt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að ekki mundi líða á löngu þangað til Fljótshlíð legðist í auðn, ef ekki væri að gert. Hann meinar þetta held ég ekki. Það getur ekki verið um að ræða nema örfáar jarðir. Áin brýtur af landinu aðeins á nokkrum kafla og hefir verið að því í hundruð ára. Ég hefi enga trú á, að hún fari nú að verða svo stórvirk, að ástæða sé til að tala um, að þessi „fagra sveit“ muni á skömmum tíma leggjast í auðn. Það eru e. t. v. einhverjir partar af jörðum í hættu, sem lítt byggilegar kynnu að verða nema með tilkostnaði. En það yrði eflaust mjög dýrt að tryggja þær, og á ekki við að setja það í samband við þetta samgöngumál.

Ég gat þess áðan, og því hefir ekki verið mótmælt, því að það er ekki hægt, að ég veit til þess, að komið hefir fyrir, að svo að segja allt vatnið úr Þverá, Affalli og Álum hefir runnið fram í Markarfljót. Það gerði það síðast nú í haust, og það hefir ekki borið á, að Seljalandsgarðurinn hafi bilað. Hinsvegar veit ég, að ef hlaðið væri fyrir vötnin, svo að þau rynnu þannig alltaf framvegis, þá yrðu

Eyjafjöllin í mikilli hættu, jafnvel þó að miklu fé væri varið í Seljalandsgarðinn. Það er nokkuð annað, þó að vötnin skvampist þarna fram einstöku sinnum; af því stafar minni hætta.

Þá voru hv. þm. að tala um áveitur niðri í Landeyjum. Þarna kemur það, til hvers þessar flóðgáttir eiga að vera. Um leið og menn vilja reyna að ná tökum á þessum óhemjulegu og óviðráðanlegu vatnsföllum, sem eyðileggja á jafnátakanlegan hátt og hv. 2. þm. Rang. lýsti, og brúa þau, á að fara að dreifa þeim niður um allar Landeyjar. Ég held, að það sé alls ekki hyggileg aðferð. Það væri hyggilegra fyrir þá í Landeyjunum að auka túnin sín, þar sem því verður komið við.

Ég skal svo ekki tefja tímann meira. Aths. er víst orðin nógu löng.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég vildi aðeins leiðrétta dálítinn misskilning hjá hv. þm. V.-Sk. Hann vildi halda því fram, og ég hélt, að það væri rétt, að hann væri eins kunnugur þarna eins og við þm. héraðsins. En ég sé, að það gætti misskilnings hjá honum um ýms atriði á þessum svæðum, sem sýnir það, að hann er ekki eins kunnugur þar og við. Og má benda til þess, að hann heldur því fram, að Fljótshlíðinnni sé ekki hætta búin fyrir utan Hlíðarenda. Það er rétt, að það er mest fyrir innan Hlíðarenda, í Innhlíðinni, sem skemmdirnar eru, svo að það getur varla liðið á löngu áður en sá hluti er allur í auðn. En þar með er ekki allt upp talið. Á síðustu árum hafa verið mikil landbrot utar í Hlíðinni, og það alla leið út á móts við Breiðabólstað. Þar hafa farið í auðn allstór svæði, sem áin hefir lagt undir sig.

Um þessar flóðgáttir býst ég við, að sé ekki neitt verulegt, sem þess sé vert að fara að deila um. Að ekki hafi verið notað vatn áður þarna í Landeyjunum, er ekki rétt. Það er mjög almennt, að vatn úr þessum ám sé notað til áveitu. Og það er eitt af því, sem gerir þessar sveitir svo byggilegar, hvað vatnið er þar gott til áveitu. Það er sjálfsagt að halda áfram að gera þessum sveitum mögulegt að nota vatnið til áveitu þótt fyrirhleðslurnar komi. Þegar fyrirhleðsla var gerð fyrir Djúpós og Valalæk, þá tók vatnið af Safamýri og þurrkaðist hún upp. En nú kemur það í ljós, að það verður að ná vatninu aftur til áveitu. Það verður að stefna að því, að ná tökum á vötnunum þannig, að hægt sé að verjast skemmdum af ágangi af þeim, en jafnframt að taka þau svo í þjónustu sína sem frekast má að gagni verða.

ATKVGR.

Brtt. 283,a felld með 15:5 atkv.
— 283,b tekin aftur.
— 302 samþ. með 17:1 atkv.
— 271,1, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 271,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 303).

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 303, n. 441).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og hv. þdm. er kunnugt, er þetta mál ekki alveg nýtt hér á Alþingi. Mönnum mun vera kunnugt um það, og yfirleitt kunnugra en mér, að vatnasvæði þetta á Rangárvöllum er nú orðið einn hinn mesti farartálmi, sem til er í byggðum þessa lands, þó að samgöngumálum okkar sé ekki komið lengra áleiðis en það, að segja má að við séum í miðjum klíðum í þeim efnum. Ég er ekki svo kunnugur þarna austur frá, að ég geti af eigin reynslu lýst þeim erfiðleikum, sem þessi stóru vatnsföll valda, en bæði af þeim skjölum, sem fyrir hafa legið um þetta efni, og af viðræðum við vegamálastjóra er okkur nm. það ljóst, að hér er um mjög stór samgöngumál að ræða og að

brýn nauðsyn er á að hefjast handa og ráða bót á þeim vandræðum, sem þessi mikli farartálmi veldur.

Sú lausn þessa máls, sem frv. gerir ráð fyrir, er að nokkru leyti aðeins byrjun, þannig að á bak við liggur, að þó gert sé það, sem rætt er um í frv., þá muni þurfa meiri framkvæmdir þarna í framtíðinni. En þær framkvæmdir munu frekar heyra undir annað en samgöngubætur. Það, sem átt er við með frv., er hinsvegar það, að byrjað sé á að ráða bót á samgönguvandræðunum með því að brúa Þverá og Affall og síðan Markarfljót.

Samgmn. hefir átt ýtarlegt tal við vegamálastjóra um þetta mál. Af þeim ýtarlegu upplýsingum, sem hann hefir gefið n. og að nokkru leyti má finna í þingtíðindunum frá 1931, í grg., sem þá fylgdi þessu frv., hefir n. sannfærzt um, að óhjákvæmilegt væri að sinna þessu máli, og að það væri þá aðgengilegast að gera það á þann hátt, sem með þessu frv. er ákveðið. Sérstaklega virðist þetta þing ekki geta gengið fram hjá því að skipa þessu máli með lögum, þar sem héraðsbúar hafa hafizt handa um fjársöfnun og bjóða nú fram fé að láni, til þess að hinar fyrstu framkvæmdir geti byrjað.

N. flytur hér eina smávægilega brtt. við frv. Hún er við 10. gr. og er í því fólgin, að þar sem nefndir eru 1. og 2. liður 1. gr., komi í staðinn: 1. til 4. lið 1. gr. Eins og sjá má af 10. gr. frv., er ríkissjóði heimiluð lántaka til þess að hefja með þær framkvæmdir, sem ákveðnar eru í frv. Fé, sem héraðsbúar eru búnir að safna í því skyni að lána ríkissjóði, mun vera um 100 þús. kr., og gert er ráð fyrir, að það muni nægja til þess að brúa Þverá og Affall. En Rangæingar munu það stórhuga að þeir munu beita sínum ýtrustu kröftum til þess, að lengra verði hægt að ganga og brú komi á Markarfljót líka innan tíðar. Og ég hefi fyrir því góðar heimildir, að þegar búið er að framkvæma það, sem tilgreint er í 1. og 2. lið 1. gr., þá muni þeir hugsa sér að hefja fjársöfnun á ný, til þess að komið geti brú á Markarfljót líka. Þess vegna vilja þeir fá þessa breyt. á frv., að ríkissjóði sé heimilað að taka líka lán til þeirra framkvæmda, sem greindar eru í 3. og 4. lið 1. gr., sem er brú á Markarfljót og nauðsynlegar fyrirhleðslur í sambandi við hana.

Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að skýra þetta mál frekar fyrir hv. þdm., enda brestur mig til þess persónulegan kunnugleika, eins og ég tók áður fram. En það er mér óhætt að segja fyrir hönd samgmn., að hún telur, að þingið eigi að mæta þessu mikla nauðsynjamáli með fullum skilningi og samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir, með þeirri einu breyt., sem n. flytur á þskj. 441. Ég þykist vita, að frv. mæti ekki neinni andstöðu hér í hv. d., og hefi því ekki þessi orð mín fleiri.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu þessa máls.

Ég vil geta þess út af brtt. n., að í hv. Nd. kom fram brtt. í þá átt, að lántökuheimildin gæti náð til allra þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir, að komið gæti til samkv. 1. gr. þessa frv. En það var lögð áherzla á það af miklum meiri hl. þeirrar d., að lánsheimildin væri aðeins bundin við sjálfar samgöngubæturnar. Af því að ég veit, að þetta atriði getur ráðið úrslitum málsins í hv. Nd., vil ég leggja áherzlu á það, að hér er aðeins að ræða um lánsheimild til hinna eiginlegu samgöngubóta, en ekki til þeirra annara mannvirkja og fyrirhleðslna, sem gert er ráð fyrir, að komi til síðar og getið er um í 1. gr. frv. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þar sé um svo stórt og vandasamt mál að ræða, að leita þurfi til þingsins aftur áður en að farið er á stað með það. En hinsvegar geri ég ekki ráð fyrir, að það valdi ágreiningi milli d., þó að lánsheimildin sé færð þannig út, að hún nái til brúargerðar yfir Markarfljót og þeirra fyrirhleðslna, sem nauðsynlegar eru til þess að leysa samgöngumálið, en ekki til annars. Og þannig skil ég lánsheimildina og brtt. n.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af orðum hæstv. forsrh. vil ég taka það fram fyrir n. hönd, að þar sem við berum fram brtt. um, að lánsheimildin nái til framkvæmda 3. og 4. liðar, þá er það aðeins með tilliti til samgöngubótanna. Lánsheimildina ber því ekki að skilja þann-

ig, að hún nái til hinna almennu fyrirhleðslna fyrir þessi vötn. N. er ljóst, að þar er að ræða um mjög stórvægilegt mál, sem er nokkuð annars eðlis en það, sem frv. ræðir fyrst og fremst um, og sem þess vegna verður að leysast á öðrum grundvelli.

Jón Jónsson: Ég býst við, að frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi allmikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Með ákvæði 10. gr. er ríkisstj. heimilað að taka lán til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 1. og 2. lið 1. gr., og er ríkissjóði þar með bundinn nokkuð þungur baggi. Finnst mér gengið alllangt á móti þörfum Rangæinga með frv., þótt ekki sé bætt inn í það lánsheimild til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í 3. og 4. lið 1. gr., eins og samgmn. leggur til. Með því móti finnst mér Rangárvallasýslu gert hærra undir höfði en öðrum héruðum, sem þurfa að bíða eftir að fá sínar brýr þangað til fé er veitt til þeirra í fjárlögum. Ég sé mér því ekki fært að ganga lengra en það, að greiða atkv. með frv. óbreyttu eins og það liggur nú fyrir. Er það sérstaklega með tilliti til hinna örðugu tíma, sem yfir standa nú, að mér finnst ekki rétt að hvetja til meiri lántaka en brýnasta nauðsyn er á. Mun ég því greiða atkv. á móti brtt. hv. samgmn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil út af ummælum hv. 3. landsk. geta þess, að það er ekki tilætlunin að nota lánsheimildina til þess að afla fjár einhversstaðar eða einhversstaðar, heldur á því aðeins að nota hana, að héraðið sjálft leggi fram féð. Það er því ekki um neina sérstaka aðstöðu að ræða fyrir þetta hérað; það sama hefir verið gert fyrir önnur héruð, hafi þau boðið fram fé til þess að flýta fyrir framkvæmdum hjá sér, t. d. Skagafjörð.

Pétur Magnússon: Mig langar aðeins að biðja um skýringu á einu atriði í frv. Það stendur í 2. gr., að brýrnar á Þverá og Affall skuli gera sem „fulltraustar bráðabirgðabrýr". Hvernig stendur á því, að þarna er notað orðið „bráðabirgðabrýr"?

Frsm. (Ingvar Pálmason): Hv. 3. landsk. kvaðst líta svo á, að með þessu frv. væri ákveðið að ráðast í mjög fjárfrekar og stórkostlegar framkvæmdir, og er það að vissu leyti rétt. En það verður líka að líta á, hvernig frv. mælir fyrir um, að þessar framkvæmdir verði af hendi leystar. Í sambandi við það vil ég upplýsa, að þær tvær brýr, sem frv. gerir ráð fyrir, að fyrst verði byggðar og sem lánsheimild 10. gr. nær til, eiga samkv. áætlun vegamálastjóra að kosta 100 þús. kr. Það, sem svo næst getur komið til mála að leggja í eftir brtt. samgmn., er brú á Markarfljót og nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að hún komi að notum. Samkv. sömu áætlun á það verk að kosta 130 þús. kr., og vegur austan Markarfljóts 10 þús. kr. Þetta eru þær upphæðir, sem samgmn. ætlast til, að stj. sé heimilað að taka að láni til framkvæmdanna. Og með brtt. sinni vill n. opna leið til þess, að ef Rangæingar sjá sér fært að sýna eins mikinn áhuga á að fá brú á Markarfljót eins og þeir hafa þegar sýnt á því að fá Þverá og Affall brúuð, þá geti ríkið mætt þeim áhuga og tekið það fé að láni, sem þeir safna og bjóða fram til þess að flýta verkinu. Það er alls ekki meiningin, að lánsheimildin sé notuð á annan hátt, og eftir að það hefir komið greinilega fram við umr., skil ég ekki í því, að hún verði öðruvísi skilin. Það eru því 240 þús. kr., sem til mála gæti komið, að lagðar yrðu í þessar framkvæmdir samkv. frv. og brtt. okkar, á þann hátt, að ríkissjóður tæki þær að láni hjá héraðsbúum sjálfum. Ég mun ekki gera það að neinu persónulegu kappsmáli, að brtt. okkar verði samþ., enda hefi ég enga ástæðu til þess. En mér finnst rétt, að þingið mæti þeim mikla áhuga, sem Rangæingar hafa sýnt í verkinu á því að leysa þetta mikilsverða mál, með því að hafa umrædda heimild til.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 4. landsk. skal ég gefa þær upplýsingar, sem ég get. Það er rétt, að gert er ráð fyrir, að brýrnar á Þverá og Affall séu byggðar sem bráðabirgðabrýr. Þær eiga þannig ekki að vera úr steinsteypu. Það byggist á því, að þó að sú lausn á samgöngumáli Rangæinga sé valin, sem hér er gert ráð fyrir, þá er vatnamálið í heild ekki fullleyst,

eftir er að beizla þessi stóru vötn, svo að þau geri ekki eins mikinn usla og þau hafa gert og halda áfram að gera, ef þau eru látin sjálfráð. Það mál er nokkuð annars eðlis en það, sem hér er verið að leysa. Ég hygg, að þær framkvæmdir allar muni kosta um 2 millj. kr., eftir því sem vegamálastjóri kemst næst. En þótt sú áætlun verði fyrirsjáanlega ekki framkvæmd til fulls á næstu árum, virðist ekki rétt að láta undir höfuð leggjast að gera tilraun til þess að leysa samgöngumálið út af fyrir sig, þar sem vegamálastjóri álítur þá lausn þess, sem hér er um að ræða, fullnægjandi um nokkurt áraskeið, og að vötnin muni ekki breyta sér meira en það, að fyrstu framkvæmdirnar muni koma að fullum notum, þangað til mannshöndin hefir náð yfirráðum yfir vötnunum og beint þeim í einn farveg, farveg Markarfljóts.

Brúna á Markarfljót er gert ráð fyrir að byggja svo öfluga í upphafi, að hún nægi einnig þegar búið er að leysa vatnamálið, veita öllum vötnunum í Markarfljót. En þá verða brýrnar á Þverá og Affalli ekki lengur nauðsynlegar; önnur þeirra verður alveg óþörf og hin a. m. k. óþarflega löng. Þess vegna á að byggja þær sem bráðabirgðabrýr.

Ég verð að biðja hv. þdm. velvirðingar á því, að eins og ég tók fram í upphafi, tala ég ekki um þetta mál af persónulegum kunnugleika, heldur byggi ég á upplýsingum vegamálastjóra og annara kunnugra manna, því að ég hefi aldrei komið þarna austur. — Ég veit ekki, hvort þessar skýringar mínar nægja hv. 4. landsk. Ef þær gera það ekki, vil ég leyfa mér, að vísa til Alþt. frá vetrarþinginu í fyrra. Þar eru áætlanir og álit vegamálastjóra um þetta efni prentað sem fskj. með frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 441 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, HSteins, IP, JBald, JónasJ, PH, PM, BSn,

nei: GL, JakM, JónJ, JónÞ, MT, GÓ.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 484).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 484).

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IngB, JJós, MG, MJ, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, GÍ, HStef, JörB.

JAJ greiddi ekki atkv.[1])

Tíu þm. (HV, JÓl, JónasÞ, LH, ÓTh, SvÓ, BÁ, BKr, EA, HJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

10. Vegur frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Nd., 18 febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Um frv. þetta er hið sama að segja og hið næsta á undan (Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts). Það var upphaflega

1) Með svofelldri grg.: Vegna þess, að það hefir verið komið inn í frv. viðtækari lánsheimild en ég get fylgt, en ég vil þó ekki greiða atkv. á móti frv., greiði ég ekki atkv.

samið af vegamálastjóra, og nú hafa verið gerðar á því smábreyt. í samráði við hann. Ég vil mjög eindregið óska þess, að bæði þessi mál megi fá afgreiðslu frá þessu þingi.

Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 296).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það hefir nú um langt skeið verið viðfangsefni, á hvern hátt eigi að bæta samgöngur milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, þannig að örugg leið fáist til flutninga alla tíma árs. Það hafa verið lagðar til ýmsar leiðir, en aldrei komið fram nein ákveðin lausn, fullkomlega áætluð, fyrr en með þessu frv., sem kallast mætti ákveðin lausn til bráðabirgða. Hv. þm. er kunnugt um, hvernig sú leið er hugsuð, sem frv. fer fram á að tekin verði í þessu máli, sem sé að lögð verði vetrarbraut til bráðabirgða á öðrum stað en vegurinn nú er yfir heiðina, þar sem snjóléttara er talið. Og það má telja víst, eftir því sem kunnugir álíta og sérfræðingur hefir rannsakað, að þar mun vera miklu betra vegarstæði, sérstaklega vegna snjólaga, og ef vegurinn er lagður sem vetrarbraut, verður hann að vera upphleyptur meira en vegurinn, sem nú liggur yfir Hellisheiði. En hinsvegar vil ég segja það, að ég tel með þessu frv. hvergi nærri bent á fullnægjandi leið til þess að leysa þetta mál, sem ég álít stærsta og mesta fjárhagsmálið fyrir Suðurland nú á næstunni, ekki einungis fyrir sveitirnar austanfjalls, heldur líka fyrir Reykjavíkurbæ og Hafnarfjörð. Það er alveg víst, að ef ekki tekst að gera þær samgöngur til hafnarinnar og á markaðsstaðina í Reykjavík nokkurnveginn öruggar allan hluta árs, þá mun verða mjög erfitt um alla framleiðslu í þessum sveitum. Ég er sannfærður um það, að Reykjavíkurbær mun hafa þar mikilla hagsmuna að gæta, og rætur dýrtíðarinnar hér í bænum mun að nokkru leyti að rekja þangað, hversu erfitt er fyrir Reykjavík að hafa stöðugt samband við sveitirnar og ná framleiðslu þeirra í nægilega stórum stíl og jafnóðum.

Ég hefi skrifað undir álit samgmn. um það að ráða d. til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, ekki þó vegna þess að ég álíti, að hér sé um framtíðarlausn málsins að ræða, ekki vegna þess, að ég sé að öllu ánægður með það, heldur vegna þess, að ég álít að hér sé um þá leið að ræða, sem er framkvæmanlegust í bili, eins og nú standa sakir, og vegna þess að ég vil ekki hrinda frá mér neinni hönd, sem er framrétt til þess að bæta þá miklu erfiðleika, sem nú eru um samgöngur austur yfir fjallið.

Það er tvennt í þessu frv., sem ég tel nokkuð varhugavert og þyrfti betri athugunar við. Ég tel það varhugavert að áætla veginn ekki nema 3 m., þar sem kunnugt er, að vegurinn yfir Hellisheiði, sem er miklu breiðari, er oft lítt fær fyrir hálku að vetri til. Annað atriði teldi ég, að þyrfti einnig að aðgæta betur. Það er, hversu miklu dýrara það yrði að leggja veginn með það fyrir augum, að þar kæmi síðar járnbraut, því ég efast ekki um, að í framtíðinni verður járnbrautin eina lausnin, sem talin verður fullnægjandi, hvort sem það verður langt eða skammt að bíða eftir því. En þetta hefir ekki verið athugað af vegamálastjóra, þegar hann gerði áætlanir um þennan veg. En ég tel, að með þessu frv. sé allmikil bót frá því sem nú er. Erfiðleikarnir eru svo miklir um samgöngur sem stendur, að sjálfsagt er að taka þakksamlega hverri hjálp, sem býðst til að bæta úr brýnustu þörfinni.

Magnús Guðmundsson: Ég heyri það, að hv. frsm. lítur á þennan veg sem einskonar undirbúning undir járnbraut. Ég man ekki vel, hvað þessi vegur á að kosta; mig minnir, að hann eigi að vera mjög dýr. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. hefir athugað það, að ef þessi vegur verður gerður eins og hér er áætlað, mundi hann verða nokkru dýrari en vera þyrfti sem undirbúningur undir járnbraut. Fyrir mér stendur þetta þannig, að ég get eins ímyndað mér, að verði þessi vegur

lagður, þá verði það til að seinka fyrir þeim samgöngubótum við Suðurland, sem duga. Ég segi fyrir mig, að væri ég þm. héraðanna austanfjalls, þá mundi ég hugsa mig um tvisvar áður en ég gengi að þessu frv. Það ræður af líkum, að þegar ríkissjóður er búinn að leggja stórfé í þennan veg, sem á að heita vetrarvegur, þá geti það haft allóþægileg áhrif á frekari fjárframlög að sinni. Ég ætla ekkert að fara út í járnbrautarmálið að þessu sinni. Tilboði um járnbraut fyrir 2 millj. gegn sérleyfi um virkjun fossanna í Þjórsá var ekki tekið. En út í það mun ég ekki fara nánar nema sérstakt tilefni gefist.

Ég mun sem á þinginu í fyrra hvorki greiða atkv. með eða móti þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel heppilegt, að járnbrautarmálinu sé sem minnst blandað inn í þessar umr. Það liggur ekki fyrir hér. Að blanda járnbrautarmálinu í þetta á ekki við. Og það undrar mig, ef hv. 2. þm. Skagf. er tilbúinn að leggja allar þær mörgu millj. fram, sem járnbraut kostar. En tilboð um járnbraut, slíkt sem hann lýsti áðan, hefir mér vitanlega aldrei legið fyrir.

Magnús Guðmundsson: Mér kemur það undarlega fyrir að heyra það, að tilboð það, er ég lýsti, hafi aldrei legið fyrir. Þingið samþ. þó sérleyfislög byggð á því. Þó neitar hæstv. ráðh. Ég hefi aldrei heyrt annað eins. Hér er nú verið að tala um tilboð af hálfu ríkissjóðs um nýjan veg austur. En ég veit sannarlega ekki, hvenær sá vegur kemur. Það er ekki útlit fyrir, að stórar upphæðir muni verða handbærar fyrst um sinn til að leggja í hann. Þetta tilboð er því meira á orði en á borði.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess, að mér barst beiðni um sérleyfi. En ég hefi hvorki orðið var við nein tilboð, eða neinar minnstu líkur fyrir því, að járnbraut hefði nokkurntíma verið lögð austur.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég liti á þetta sem undirbúning undir járnbraut. En ég tók það einmitt fram, að það væri galli, að ekki hefði verið rannsakað, hve dýrt væri að byggja þennan veg á þann hátt, að hann gæti verið undirstaða að járnbraut. Ég hefði viljað, að rannsakað væri, hve mikið þetta kostar. Hv. þm. sagði, að ef hann væri þm. fyrir þetta hérað, þá væri hann á móti þessu, af því að það gæfi ekki fulla lausn á samgöngumálinu. En ég sem þm. í þessu héraði álít einmitt áþyrgðarhluta að vera á móti því, sem getur horft til hagsbóta fyrir samgöngumál þessa héraðs. Ég er heldur ekki á sama máli og hv. 2. þm. Skagf., að þessi vegur tefji fyrir járnbraut eða eyðileggi vonina um hana. Sá vegur, sem nú er, sýnir átakanlega, að þörf er fyrir betri veg austur og ýtir undir, að hann sé lagður. Ef sá vegur kemur og verður sæmilegur, þá vex flutningamagnið og herðir á fullkomnari lausn samgöngumálsins. Hin sterkustu og eiginlega hin einu rök Björns Kristjánssonar gegn járnbrautarmálinu hér fyrrum voru þau, að flutningaþörfin væri svo lítil, að járnbraut gæti ekki borið sig. Ég held að hann telji aðeins 12—15 tonn, sem flytja þurfi yfir Hellisheiði að vetrinum. En það var eðlilegt, að lítið væri flutt, meðan engir möguleikar voru til að flytja. En við bætta flutningamöguleika vex framleiðslan og krefst enn betri samgangna. Hver bót í þessu efni knýr aðra fram, unz fullkomin lausn er fengin, — eða svo lít ég á þessi mál. Ég er því af þessum ástæðum með hverri þeirri verulegri samgöngubót, sem fáanleg er. — Ég vil ekki draga inn í þessar umr. slíkt hégómamál sem Titan-sérleyfið var. Ég er viss um, að það mál var til stórrar bölvunar, því að það dró á langinn, að hafizt yrði handa um viðráðanlegar framkvæmdir á þeim tíma. Ég er sammála um, að ekki sé vert að draga járnbrautarmálið inn í þetta mál. En ég tel mér skylt að geta þess, að þótt ég fyrir héraðsins hönd taki þakklátlega á móti þeirri samgöngubót, sem felst í þessu frv., þá tel ég það þó ekki fulla lausn á samgöngumálum Suðurlandsundirlendisins. Það mál tel ég ekki tryggt fyrr en komin er járnbraut, sem gengur óhindruð alla tíma árs, hvernig sem viðrar.

Magnús Guðmundsson: Það er alveg hið sama uppi á teningnum nú og í fyrra, en það er þessi tvískinnungur í hugsun þeirra, sem þetta frv. vilja styðja. Sumir tala um þetta sem bráðabirgðalausn og telja, að járnbraut muni koma síðar. En hæstv. forsrh. hugsar ekki svo. Hann ætlast til, að þetta verði fullnaðarlausn, því að hann er á móti járnbraut og hefir alltaf verið það.

Hv. 2. þm. Rang. sagðist ekki vilja ræða mikið slíkt hégómamál sem Titansérleyfið hefði verið. Ja, það var nú ekki meira hégómamál en það, að báðir þm. Rang. voru með því á sínum tíma. Voru þeir þó ekkert óvitrari en hv. 2. þm. þeirra er nú. Hann kallar það hégómamál, en ég veit ekki betur en að ég eigi enn geymt bréf í skúffu hjá mér, sem sannar það, að framkvæmd verksins var tryggð, ef sérleyfið fengist. Það vantaði ekki fé, — en það vantaði annað. Það vantaði viljann hjá hinni íslenzku ríkisstjórn til að veita sérleyfið.

Ég sagði ekki, að ég mundi vera í móti þessu máli, ef ég væri þm. Rang., heldur að ég mundi hugsa mig um tvisvar áður en ég gyldi því jákvæði. Hv. 2. þm. Rang. segist vilja vera með þessu máli í þeirri trú, að það flýti fyrir fullkominni lausn samgöngumálsins, en aðra grunar þó, að þetta verði til að seinka henni. Og það er augljóst, að þegar búið er að leggja stórfé í þennan veg, þá verður ekki bráðlega stórfé fyrir hendi til að leggja í aðrar samgöngubætur á sama svæði.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. Skagf. virðist vera orðinn hinn eini sanni og ómengaði járnbrautarmaður. Viðvíkjandi Titan þetta: Það getur vel verið rétt, að hann eigi eitthvert bréf geymt í púltinu hjá sér um þetta. En ég vil lýsa því yfir, að til mín sem ráðh. hefir aldrei neitt bréf komið, er sýndi nokkrar minnstu líkur fyrir því, að Titanfélagið ætti yfir fé að ráða til þessara framkvæmda.

Hv. þm. talar um tvískinnung hjá öðrum í þessu máli. En sjálfur hefir hann lýst yfir því, að hann muni ekki greiða atkv. um það. Ég veit nú ekki, hvað tvískinnungur er, ef það er einmitt ekki þessi afstaða hv. þm.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það virðist svo sem hv. 2. þm. Skagf. sé þetta mál mjög hugleikið. Að vísu er ekkert á móti því, að málið sé rætt, því að eflaust má skoða það, eins og flest önnur mál, frá fleiri en einni hlið. Hv. þm. gat þess, að ég væri ekki neitt vitrari maður en fyrirrennarar mínir í þingsalnum hefðu verið úr mínu héraði í þessu máli. Ég ætla ekkert að deila við hann um það og álít slíkt atriði vera utan þessa vettvangs. En ég kallaði Titanmálið hégómamál, og ég held, að reynslan hafi sýnt, að sá dómur er á viti byggður. Ég hefi álitið, að það hefði verið til trafala og tafar fyrir bættri úrlausn samgöngumálsins. Ég hélt nú, að sá draugur væri niður kveðinn, svo að hann tefði ekki lengur fyrir, en nú virðist sem hv. 2. þm. Skagf. sé að reyna að blása í hann nýju lífi, í þeirri von, að hann geti tafið fyrir enn og eyðilagt þá umbót, sem hér er um að ræða. Eins og ég hefi þegar sagt, þá tel ég ekki þetta fullkomna né endanlega lausn á málinu, en ég veit, að héraðsbúar þar eystra álíta almennt, að þessi úrlausn sé þó svo mikils virði, að sjálfsagt sé að taka við henni. Og ég fyrir mitt leyti er alveg á sama máli í því efni.

Jón Ólafsson: Ég skal ekki lengja mikið umr., en ég kann þó ekki við, að umr. fari svo fram, að ég segi ekki nokkur orð.

Það er öllum ljóst, að samgöngurnar austur eru í hinu mesta ólagi. Einnig samgöngurnar með bifreiðum eru alveg óviðunandi. Flutningur á bílhlassi kostar nú austan úr Fljótshlíð um 90 kr., og útilokað er, að hægt sé að flytja til Rvíkur með minni kostnaði. Sláturfé verður að reka og í öllu að hegða sér eftir gamla laginu. Með þessu lagi á flutningum er ekki hægt að hugsa sér neina breyt. til bóta um framleiðsluna þar eystra. Járnbraut er eina viðunanlega lausnin á samgöngumálinu. Það er margsannað, að hún mundi gera flutningana miklu ódýrari og margfalda flutningaþörfina mjög fljótlega. En svo er á það að líta, hve mikla von megi gera sér um járnbraut í nálægri framtíð. Ég fyrir mitt leyti hefi litla von um það. En ég er líka vonlítill um þennan veg, ef sú áætlun, sem gerð

hefir verið um hann, er lögð til grundvallar. En þó eru meiri líkur um að fá hann en járnbraut í náinni framtíð. Í raun og veru tel ég þó sama, hvort frv. þetta er samþ. nú eða ekki, — nema þá að eitthvert fyrirheit fylgi. En ég veit þó, að ekki muni gott að gefa það eins og ástæður eru nú. Ég vil þó fá að vita, hvert áhugamál þetta er hæstv. ráðh., vegna þess að frv. þetta, eins og talað hefir verið um, bægir samgöngumálinu frá því, sem er aðalhugsunin, út á aukaleið, sem hætt er við, að síðar mundi bægja járnbraut frá.

Sveitirnar austanfjalls eru hafnlausar og því engra framkvæmda að vænta á þeim sviðum, er byggist á greiðum og ódýrum samgöngum. Ég er því ekki með neinni hrifningu yfir að fá lög, sem vonlaust er, að komi til framkvæmda á næstu árum. Þetta frv. má því allt eins bíða, til frekari athugunar um, hvort hægt sé að fá lán. Og ef féð fæst, þá má taka til athugunar, í hverskonar fyrirtæki á að leggja, veg eða járnbraut, eftir því sem tímarnir þá gefa tilefni til.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Rang., að frv. þetta tiltekur ekki neitt ákveðið ár, sem verkið verði framkvæmt á. Hann var nú svo sanngjarn að játa það, að ég gæti ekki gefið neitt ákveðið fyrirheit um þetta. En hv. þm. óskaði þó að heyra, hver minn hugur væri til þessa máls. Hvort hér væri einungis um fyrirslátt að ræða eða hvort það væri vilji minn að koma þessu verki í framkvæmd svo fljótt sem ástæður leyfa. Ég er fús til að láta í ljós minn hug til málsins. Ég hefi lýst því yfir þar eystra, og ég hefi lýst því yfir hér, að ég hefi fullan vilja á að gera mitt til að leysa þetta samgöngumál á viðunandi hátt. Og ég tel það eitt af meiri nauðsynjamálum þjóðarinnar að gera það svo fljótt sem unnt er.

Ég hefi sannfærzt um það af rannsókn vegamálastjóra, sem hann hefir framkvæmt að minni ósk, að hægt sé að fá viðunanlega lausn á því á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Það er von mín, að þetta verk geti komizt í framkvæmd í náinni framtíð, og mér er það áhugamál, að þetta verði gert svo fljótt sem hægt er.

Lárus Helgason: Það eru nú 40—50 ár síðan fyrst var farið að leggja vegi hér á landi svo teljandi sé. Þá var ekki athugað svo vel sem skyldi, hvernig snjóa legði. En síðar kom í ljós, að fenginni reynslu, að ekki var þýðingarlaust, að vegarstæði væru vel valin. Þetta frv. er fram komið vegna þess, að gamla vegarstæðið var ekki vel valið með tilliti til þessa. Að þessu leyti er frv. spor í rétta átt. Ég veit, að þótt frv. þetta verði lögfest, þá breytir það ekki miklu næstu ár, því vonlítið er, að fé verði fyrir hendi svo bráðlega til að framkvæma fyrirhugað verk. En samþykkt frv. ætti þó ekki á neinn hátt að verða framkvæmd verksins til tafar. Þar sem ákveðið er í frv., að leggja skuli þennan veg, þá kynni ég betur við, að þar stæði til viðbótar: þegar fé er fyrir hendi. — Það er vitanlegt, að nú er ekki fé til margra hluta, og verður þá að meta mest það, sem ekki getur dregizt. Sýnist mér því réttmætt að koma fram með slíka brtt., og má vera, að ég geri það seinna. Mér finnst ekki rétt að tefja tímann með því að blanda járnbrautinni í þetta mál; um það mál er áður mikið búið að rita og tala, og getur enginn sagt með vissu, hvort réttara er að leggja járnbraut eða þá veg, sem ekki færi undir snjó, eins og nú er. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þegar slíkur vegur er lagður, þá er það mikið og dýrmætt spor til að bæta samgöngurnar austur fyrir fjall. Þessi kafli, Hellisheiði, hefir oft lokað samgöngum langan tíma í hörðum vetrum. Nú um nokkur ár hefir þessa ekki gætt svo mjög, vegna hinna mildu vetra. En það mundi sýna sig, hvenær sem snjóavetur gengi í garð, hvort ekki yrði annað uppi á teningnum. Ég hefi oft farið þessa leið um sumarmál, þegar hjarn hefir verið svo mikið, að á köflum hafa símastaurarnir lítið staðið upp úr hjarnbreiðunni. Það er nokkuð annað en nú þekkist, þegar allt er autt og hægt að bruna þarna áfram á bílum lengst af vetrinum. Ég tel alveg réttmætt að koma þessum vegi á. Vegarstæðið hygg ég, að sé valið svo vel sem auðið er. Vegamálastjóri hefir gert það, með tilstyrk kunnugra manna, og rannsakað það eftir föngum. Ég tel því sjálfsagt að halda sig við þennan veg og blanda járnbraut ekk-

ert inn í málið. Við ættum því að vera einhuga um að láta frv. ganga í gegnum þingið og verða að lögum.

Jón Ólafsson: Ég get verið þakklátur hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans og loforð það, sem skein út úr orðum hans. En ég hefði kunnað betur við, að frv. hefði nú fylgt þó ekki væri nema lítil fjárveiting af fé því, sem nú er á annað borð veitt til vegagerða, svo sjá mætti í reynd einhver merki þess, að þetta sé að skoðun hæstv. ráðh. mesta samgönguvandamálið. Það er það sannarlega, og ég geri ráð fyrir, að um það verði ekki þagnað fyrr en fengizt hafa hinar fullkomnustu vegabætur, nefnil. járnbraut. Þetta millispor er e. t. v. brúkað til þess að tefja fullkomnari framkvæmdir. Þótt illa blási nú, þá er samt ekki gott að segja, hvort lengur þyrfti að bíða eftir járnbraut en þessum framkvæmdum. Ég veit, að flutningar bænda austur og austan eru margfalt meiri en það, sem þarf til að reka járnbraut. Mestu máli skiptir það þó, að mikið af afurðum verður aldrei flutt á öðru en járnbraut.

Ég sé ekkert á móti því að samþ. þetta frv., en ég vil leggja mikla áherzlu á, að byrjað verði sem fyrst, helzt þegar eftir þetta þing. Það er augljóst, að vegagerðin stendur yfir í nokkur ár, og hún má ekki dragast verulega héðan af.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BKr, EA, GÍ, HStef, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, PO, StgrS, SvbH, JörB.

HG,[1]) MG greiddu ekki atkv.

Níu þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, HJ, HV, JJós, MJ, ÓTh, SvÓ) fjarstaddir.

2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 296 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BKr, JörB.

MG greiddi ekki atkv.

Tólf þm. (ÁÁ, BJ, BÁ, EA, HJ, HG, HV, JJós, MJ, ÓTh, SvÓ, VJ) fjarstaddir.

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 322, 327).

Halldór Stefánsson: Það eru aðeins örfá orð. Það hefir komið fram í umr. um þetta mál, einkum af hendi hv. frsm. n., að það væri gengið út frá þessu máli sem bráðabirgðalausn á samgöngubótum fyrir héruðin austanfjalls. Ég hafði skilið það svo, að upphaflega hefði þetta verið hugsað sem endanleg lausn á þessu máli og þætti bæði viðunandi og helzta tiltækilega samgöngubótin fyrir þessi héruð. En ég verð að segja það, að ef þetta á að skoðast aðeins sem bráðabirgðalausn, þá er hér ekki um nokkurn skynsamlegan grundvöll að ræða. Við höfum veg þarna austur, sem ekki er verri heldur en almennt gerist um vegi hér hjá okkur, og ef svo á að fara að kosta milljónum til að leggja annan veg við hliðina, og það svo aðeins er bráðabirgðalausn, þá verð ég að segja það, að það er svo hörmuleg afgreiðsla sem verið getur á einu máli. Ef það vakir fyrir mönnum, að þessi nýi vegur verði aðeins bráðabirgðalausn á þessu máli, þá skil ég ekki hugsanagang þeirra, því að það má þó vera ljóst, að það, að fyrst á að leggja milljónaveg til bráðabirgðaúrlausnar, muni þó ekki flýta fyrir því, að ráðizt verði í að leggja milljónir í járnbraut á eftir. Ég skil ekki — nema ég hafi misskilið tilgang hæstv. stj. —, hvernig hæstv. atvmrh. getur farið að taka athugasemdalaust við ummælum hv. frsm. n. Nema það sé hreinlega viðurkennt, að þessi lausn sé hugsuð sem endanleg lausn á samgöngunum austur, mun ég greiða atkv. á móti þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal fyrst geta þess um brtt. frá hv. þm. V.-Sk. á þskj. 327, að ég hefi spurt form. samgmn. (SvÓ) að því, hvort hún hafi nokkuð við hana að athuga, og kvað hann það ekki vera, enda finnst

1) Ég fæ ekki betur séð en það skipti engu máli, hvort d. samþykkir frv. þetta eða ekki. Það er borið fram á þeim tíma, sem fé til vegagerða er skorið niður í fjárl., og eingöngu í því skyni, að slá ryki í augu fólks. Ég vil engan þátt eiga í þeim skrípaleik og greiði því ekki atkv.

mér ekki ástæða til þess. (**Forseti:** Hún er tekin aftur). Þá þarf ekki meira um það.

Út af ummælum hv. 1. þm. N.-M. vil ég segja það, að ég get náttúrlega ekki ráðið við það, hvaða ummæli ýmsir hv. þm. hafa í sambandi við afgreiðslu þessa máls eða annara. Ég get látið það í ljós af minni hálfu, að ég hefi hugsað mér þetta og geri mér von um það sem endanlega lausn á þessu samgöngumáli. Ég geri mér von um það, en náttúrlega get ég ekki, eða austanþm. né neinn annar sagt, hvaða ákvarðanir Alþ. kann að taka í framtíðinni í þessum málum eða öðrum. Maður getur aldrei vitað hvað Alþ. kann að gera einhverntíma síðar. En það er mín trú, að þetta verði endanleg lausn á þessu máli. En það getur þar fyrir náttúrlega vel verið, að eftir svo sem 15—20 ár eða lengri tíma verði teknar upp allt aðrar samgöngur þarna austur yfir, t. d. flugsamgöngur eða eitthvað svoleiðis.

Halldór Stefánsson: Hæstv. ráðh. segir, að hann geri sér von um, að þetta verði endanleg lausn á þessu máli, en að hann geti ekki ráðið við, hvernig aðrir líti á það. Mér þykir það höfuðmunur, hvort þessi fyrirhugaði nýi vegur er hugsaður sem bráðabirgðalausn eða menn hugsa sér, að það sé sú lausn, sem endanlega eigi að taka í þessu máli. Og ég vil ákveðið segja það, að ef það kemur ekki fullkomlega ákveðið fram, að þetta sé sú endanlega lausn, sem eigi að taka á þessum tíma — ég er ekki að tala neitt um það, hvað menn muni gera einhverntíma í framtíðinni, eftir mannsaldra, en miðað við þann tíma, sem þetta er gert — þá get ég ekki séð, að það sé að neinu leyti forsvaranleg afstaða að fylgja því, að leggja milljónir í að leggja nýjan veg við hliðina á öðrum vegi — að færa til veg, sem þó er í betra lagi þeirra vega, sem við höfum, aðeins til að fá hann á betri stað, og eiga það svo yfir höfði sér, að þetta sé alveg ófullnægjandi samgöngubót fyrir þessi héruð. Ég verð að segja það, að afgreiðsla málsins á þeim grundvelli er alveg óviðunandi og óforsvaranleg.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Um þetta gildir önnur hliðstæð staðreynd, sem sé sú, að það er ómögulegt fyrir nútíðina að binda hendur þingsins um það, hvað það geri í framtíðinni, eða fulltrúa héraðanna fyrir austan um það, hvaða kröfur þeir megi gera síðar fyrir hönd sinna héraða, eða vilji láta þingið gera. Það er alveg eins með þetta eins og — svo ég taki dæmi — þegar Lagarfljótsbrúin var byggð. Engum manni datt þá í hug að fara fram á það, að engin önnur brú yrði byggð á það í Fljótsdalshéraði. Það, sem hér liggur fyrir að greiða atkv. um, er ekki það, hvað menn kunni að gera í þessum málum einhverntíma í framtíðinni, heldur það, hvort eigi að afgreiða málið á þessum grundvelli nú, og við því segi ég hiklaust já. Ég held, að með þessu frv. sé verið að leysa nú á viðunanlegan hátt úr hinni brýnu þörf héraðanna fyrir austan fjall fyrir bættar samgöngur, sem muni duga þeim um langan tíma.

Halldór Stefánsson: Það er aðeins örstutt aths. út af samanburði hæstv. ráðh. á brú á Lagarfljót og brú við hliðina og þessum vegi og vegi við hliðina. Sagði hann, að engum hefði dottið í hug að heimta yfirlýsingu um það, að aldrei yrði beðið um brú við hliðina á Lagarfljótsbrúnni. Ég get vel trúað því, að það hafi engum dottið í hug að heimta slíka yfirlýsingu. Það hefði heldur engum dottið í hug að fyrra bragði að fara fram á slíka yfirlýsingu hér, ef héruðin hefðu ekki verið að biðja um annað samgöngutæki í sambandi við þennan veg. En það er sá munur á, að þegar Lagarfljótsbrúin var byggð, var enginn, sem var að biðja um brú við hliðina á henni. En hér er verið að gera kröfu um veg við hliðina á vegi. (**BÁ:** Ofan á veg). Já, næstum því, og svo um nýja og dýra samgöngubót þar á eftir.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefi til þessa, að þessu sinni, ekki tekið þátt í umr. og lítið lagt til þessa máls. Er það þó ekki fyrir þá sök, að þetta mál snerti ekki mitt kjördæmi allmikið, heldur af því, að mér hefir sýnzt það eiga svo góðum viðtökum að fagna hér í hv. d., að það myndi fá svo tímanlega afgreiðslu héðan

á þessu þingi, að hv. Ed. myndi vinnast nægur tími til að afgreiða það.

Það er erfitt að segja, hve mikil bót verður að þessari vegarlagningu fyrir samgöngurnar austur. En það er þó ljóst, að hún ræður mikla bót á þeim frá því, sem nú er. Samgöngurnar austur yfir fjall að vetrarlagi eru nú svo erfiðar, langtímum saman, að þær mega heita lítt kleifar, bæði sakir kostnaðar og yfirferðar. Nú er viðskiptum svo háttað milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur annarsvegar og Suðurlandsundirlendisins hinsvegar, að það má kallast mjög aðkallandi nauðsyn, bæði vetur jafnt sem sumar, að vöruflutningar teppist ekki milli þessara staða. En það hefir sýnt sig, að þrátt fyrir það, að marga undanfarna vetur hefir verið með snjóléttasta móti, hefir það verið hlutaðeigandi héruðum lítt bærilegt að annast flutninga yfir Hellisheiði, sakir kostnaðar. Mjólkurbúin þar eystra hafa tjáð mér, að á síðasta vetri hafi kostnaðurinn við mjólkurflutninga þeirra stundum komizt upp í 10—17 aura á lítra. Það má nú vera öllum ljóst, hver blóðtaka það er íbúum héraðanna, ef þeir eiga að annast flutninga frá Suðurlandsundirlendinu með slíkum kostnaði. Lega vegarins yfir Hellisheiði er svo, að það er ekki unnt að halda uppi ferðum um hann, ef nokkra snjóa leggur að ráði, öðruvísi en með ærnum kostnaði. Og ég get ekki hugsað annað en að menn þreytist svo á þeim flutningum, að þeir fyrr en varir leggi árar í bát, ef ekkert er að gert. En það væri Reykjavík og Hafnarfirði, ekki síður en héruðunum fyrir austan Hellisheiði, óbætanlegt tjón, ef þannig færi. Efast ég ekki um, að öllum hv. dm. sé það ljóst, hvert tjón af því hlytist.

Viðvíkjandi till. þeim, sem fyrir liggja, þá treysti ég mér ekki til að segja, hvort með þeim séu fullar bætur ráðnar á samgöngumálum héraðanna fyrir austan Hellisheiði. En að allmikil bót yrði að þeim, það efast ég ekkert um. Fyrst er nú það, að lega hins nýja vegar er ráðgerð á þeim stað, sem snjóléttara er en þar, sem gamli vegurinn liggur, og kunnugir telja, að verði veginum hleypt nokkuð upp þar, sem snjóþyngst er, þá muni hann lengstum verða fær. En ef mjög mikla snjóa leggur, mun það þó verða talsverðum annmörkum bundið að halda uppi ferðum eftir þessum nýja vegi. En hreinskilnislega sagt, þá sé ég ekki, eins og tímarnir eru nú og framundan, að nokkur önnur lausn á samgöngumáli Sunnlendinga fáist en þessi. Og þó það sýni sig fyrr eða síðar, að þessi umbót sé svo ófullkomin, að hún sé lítt við unandi, þá munu vafalaust þeir menn, sem við löggjafarmálin fást þá, ráða þar á þá bót, sem þá kann að þykja skynsamlegust og heppilegust.

Þetta mál er þannig vaxið, að það þolir ekki meiri drátt en á því er orðinn, því að hvert ár, sem líður án þess að nokkuð sé að gert, leiðir af sér óbætanlegt tjón fyrir héruðin eystra, hér í Rvík og í Hafnarfirði.

Svo vil ég aðeins segja það, að undir framkvæmd þessa máls — og þar verður maður að treysta því, að sú ríkisstj., sem verkið lætur framkvæma, og þeir menn, sem hún felur framkvæmd þess, geri sitt bezta — undir því, hve heppilega vegurinn er gerður og vel frá honum gengið, er það komið, hversu mikil samgöngubót hann verður.

Hinsvegar er málið þannig vaxið, að það þolir enga bið. Af drætti á framkvæmdum stafar mikið tjón, bæði fyrir íbúa héraðanna austanfjalls, og engu síður fyrir menn hér vestan við heiði, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði.

Ég get svo látið að mestu útrætt um þetta mál; aðeins vildi ég taka það fram, að ég treysti því, að ríkisstj. muni, þegar til framkvæmda kemur, láta rækilega undirbúa málið og rannsaka sem bezt, hvar heppilegast sé að leggja fyrirhugaðan veg. Ég veit ekki, hversu ýtarleg eða áreiðanleg sú rannsókn er, sem gerð hefir verið á vegarstæðinu, en tel sjálfsagt, að í því efni verði leitast við að vanda undirbúninginn eins vel og föng eru á. — Ég vænti þess svo, að hv. þdm. leyfi þessu frv. að fá sömu afgreiðslu við þessa umr. sem hinar fyrri, og lofi því að ganga fram.

Út af brtt. hv. þm. V.-Sk. á þskj. 327 skal ég geta þess, að ég hafði óskað þess við hv. flm., að hann tæki brtt. aftur, og varð það að samkomulagi, því að við nánari athugun kom okkur saman um, að hún væri óþörf og skipti litlu máli, hvort hún verður samþ. eða ekki. Ákvæði frv.

um þetta efni eru hin sömu og í vegalögunum, og í 4. gr. frv. er einmitt ákvæði um það atriði, sem brtt. fjallar um, og þess vegna ætla ég að hún sé óþörf, en þar sem hv. þm. V.-Sk. er ekki hér mættur, veit ég ekki, hvernig á að fara með brtt., en komi hún hinsvegar til atkv., þá óska ég, að hv. þdm. felli hana. Ég læt svo máli mínu lokið, en vænti þess, að hv. d. taki frv. með velvild og samþ. það við þessa síðustu umr.

Magnús Guðmundsson: Ég get ekki annað en glaðzt yfir því, að það eru hér í hv. d. fleiri en ég, sem finna, að það er tvískinnungur í þessu máli Ég á þar við það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði um þetta frv. Það er auðsætt, að ef á að leggja margar milljónir í þennan veg, þá verður ekki létt fyrir hið opinbera að leggja að nýju og bráðlega fram mikið fé til samgöngubóta á þessu svæði. Það er talað um bráðar bætur á þeim samgönguvandræðum, sem hér eru fyrir hendi, en mér skilst, að til þeirra þurfi meira fé heldur en fáanlegt er úr ríkissjóði á skömmum tíma. Mér skilst, að kostnaðurinn við að leggja veg þennan austur yfir heiði eftir till. vegamálastjóra frá í fyrra muni nema ekki minni upphæð en hátt á 4. millj. kr., og það sýnist eftir útlitinu nú hljóta að taka langan tíma að leggja þann veg.

En af því að ég vil ekki spilla fyrir þessu máli og ekki tefja fyrir framgangi þess, mun ég haga mér nú eins og við fyrri umr. þess og sitja hjá við atkvgr. En ég vil gjarnan, að það sjáist í þingtíðindunum, að það hafi ekki allir treyst því, að þetta frv. yrði til þess að fá fullkomna og bráða lausn á þessu máli. Ég vil, að seinni tíminn sjái það, að til hafi verið menn, sem hafa séð, að þetta er hvorki skjót lausn né fullnaðarlausn þessa máls.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af ummælum hæstv. forseta hefi ég ekki ástæðu til að segja neitt. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sú afstaða, sem hann tekur til málsins, er hin skynsamlegasta fyrir íbúana austanfjalls. En út af ummælum hv. 2. þm. Skagf. um tvískinnung í þessu máli, þá skil ég, að hann meinar þar járnbrautarhugmyndina, sem lengi hefir verið uppi. En ég álít einmitt, að með samþykkt þessa frv. getum við alveg losnað við þennan tvískinnung, sem verið hefir í málinu. Og ég hefi þá trú, að við með þessu frv. leysum þetta mál á forsvaranlegan hátt fyrir sjáanlega framtíð.

Magnús Guðmundsson: Ég veit, að hæstv. atvmrh. álítur, að þetta frv. slái niður þeim tvískinnungi, sem verið hefir um þetta mál, en það er einmitt það, sem okkur greinir á um, því að ég álít, að svo muni ekki verða. Það mun í framtíðinni sýna sig glöggt, að þessi úrlausn reynist ófullnægjandi og að hugmyndin um járnbrautina mun aftur koma fram.

ATKVGR.
Brtt. 327 felld með 9:7 atkv.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 322).

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 422).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er fram komið sem tilraun til lausnar á vetrarsamgöngum milli Rvíkur og austurhéraðanna. Eins og menn vita, hefir þetta mál verið mikið rætt, bæði meðal þjóðarinnar og á Alþingi, og þótt þessi lausn, sem nú kemur fram, sé sú yngsta, get ég sagt fyrir mig, að eftir þeim litlu möguleikum, sem ég hefi haft til að kynna mér þetta mál, tel ég hana tiltækilegasta. Hér er ætlazt til þess, að nýr vegur verði lagður milli austurhéraðanna og Rvíkur, og á hann eingöngu að vera vetrarvegur til að byrja með. N. kvaddi vegamálastj. á fund sinn út af þessu máli, og telur hann, að sú lausn á þessu máli, sem kem-

ur fram í frv., sé mjög aðgengileg. N. hefi engin betri gögn að fara eftir en skýrslur hans og áætlanir um þetta mál, því að allir nm. eru þessu svæði lítt kunnir, auk þess sem enginn þeirra hefir sérþekkingu á þessum málum. Og fyrir þá, sem ekki hafa sérþekkingu á þessum málum, hlýtur álit vegamálastjóra að vera bezta leiðarstjarnan. Hann er þessari leið þaulkunnugur, og hefir þar að auki fullkomna menntun til þess að geta dæmt um faglega hlið þessara mála. Auk þess lætur hann sér sérstaklega annt um þetta mál.

Það er ekki á mínu færi að fara út í einstakar hliðar þessa máls, enda sé ég ekki ástæðu til þess, en vil að lokum aðeins lýsa yfir því fyrir hönd meiri hl. n., að hann leggur til, að þetta frv. verði samþ.

Halldór Steinsson: Ég hefi skrifað undir nál. samgmn. með fyrirvara. Hér á að ákveða með lögum, að leggja skuli nýjan veg, sem vegamálastjóri telur, að muni kosta um 2 milljónir. Ég lít svo á, að ekki sé rétt að ákveða þetta nú þegar með lögum, sérstaklega þar sem ennfremur er ákveðið í frv., að gamla veginum skuli haldið við eftir sem áður.

Vitanlega er nú ekkert fé fyrir hendi til þess að leggja í slíka vegagerð, og ég er yfirleitt andvígur þeirri stefnu, sem nú er farið að brydda á hér í þinginu, að lögleiða fjárútlát langt fram í tímann, sem svo kannske ekki er hægt að greiða, þegar sá tími kemur. Af slíkum frv. má nefna t. d. frv. um byggingu handa Háskóla Íslands. Það verður ekki til annars en að koma hringli á alla löggjöfina, ef það, sem á að koma til framkvæmda um 1940, er ákveðið strax 1932, og þegar til framkvæmdanna á að koma, er kannske ekkert fé til, svo að hægt sé að framfylgja lögunum, og þá verður auðvitað að breyta þeim. Af þessum ástæðum skrifaði ég undir nál. með fyrirvara; ég tel alls ekki tímabært að ákveða með lögum svona dýra vegi, þegar ekkert fé er fyrir hendi til þess að framkvæma byggingu þeirra.

Magnús Torfason: Mér kom ekkert á óvart, þótt hv. þm. Snæf. léti sér ekki annt um þennan veg. Hann á heima þarna vestur á Nesinu, og mun því sjaldan þurfa að fara um þennan veg eða hafa nokkrar nytjar af honum. Ég get þó ekki neitað því, að mér komu á óvart þær ástæður, sem hv. þm. færði fyrir máli sínu. Þessar ástæður bera það með sér, að hv. þm. er ekki svo kunnugur þessu máli sem skyldi, og legg ég honum það ekki til lasts. Hann fann sérstaklega að því, að það ætti að halda við gamla veginum yfir Hellisheiði. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að þessi vegur yrði lagður niður, en samkv. brtt. frá mér á vetrarþinginu í fyrra var það tekið upp að halda gamla veginum við, og spara með því stórfé á þeim nýja. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir, að sá vegur yrði malbikaður og hefði sú malbikun kostað einar 3 millj. kr., og átti ekki að leggja eldri veginn niður fyrr en sú malbikun væri um garð gengin. Fyrir mitt leyti leit ég svo á, að þessi nýi vegur ætti fyrst og fremst að verða vetrarvegur, aðeins notaður ¼ hluta ársins, og á þeim tíma er stórum minni flutningur en endranær. Þessi nýi vegur á að verða 13 km. lengri en sá, sem nú er. En það hefir yfirleitt verið lögmál, að stytta vegi, en ekki lengja þá. Og með tilliti til þess, að mér fannst, að langt myndi líða þar til búið væri að malbika veginn, fannst mér réttara að sleppa því og halda heldur gamla veginum við. Þessi breyt. hefir því í för með sér 2 millj. kr. sparnað fyrir ríkissjóð, og er því frv. í sinni núv. mynd hreinasta sparnaðartillaga. Mér kemur því mjög á óvart, að amazt sé við því, að gamla veginum yfir Hellisheiði skuli haldið við.

Ég var í fyrra í samgmn. ásamt hv. þm. Snæf., og ég man eftir því, að þessi hv. þm. vildi koma heilmörgum brúm inn í brúalögin, og ég veit ekki betur en að hann hafi samþ. þau lög með mestu ánægju. Það stendur líkt á með þau lög eins og þetta frv., hvorttveggja er framtíðarmál. Og við næsta mál á undan þessu, sem var um vega- og brúargerð í Rangárvallasýslu, hreyfði hv. þm. engum mótmælum, og er þó líkt ástatt með það og þetta. Andstaða hans kemur því ókunnuglega fyrir.

Þá kem ég að þeirri mótbáru hv. þm., sem helzt er þess verð, að á hana sé litið. Það var sú staðhæfing, að engin ástæða

væri til þess að flýta þessum lögum, af því að ekkert fé væri til framkvæmda. Við því er það að segja, að verði frv. gert að lögum nú, verður ekkert kapp lagt á það, að halda við þeim vegarspottum, sem leggja á niður. Auk þess eru kaflar á þessum nýja vegi, sem ég býst við, að nú þegar verði lagt í á næsta sumri, af þeirri sjálfsögðu ástæðu að þegar fer að nálgast Reykjavík, er vegurinn að austan sumstaðar illfær, og verður að laga það eins fljótt og unnt er.

Mér fannst hv. þm. ekki leggja svo mikið kapp á þessa mótstöðu sína, að ég vona, að hann beiti sér ekki mjög á móti því, að frv. verði nú gert að lögum á þessu þingi.

Halldór Steinsson: Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Árn., að skinið hafi út úr ræðu minni, að ég léti mér ekki annt um þennan veg. Ég mun ekki frekar amast við þessum vegi en öðrum. Ég tel það ágætt, að við gætum fengið sem flesta vegi. Ég talaði um það í fyrri ræðu minni, að ég sæi ekki fram á, að hægt yrði að byrja á þessum vegi í náinni framtíð, og þess vegna væri það þarfleysa að hafa ákvæði um hann í lögum nú þegar. Hv þm. minntist á, að ég hefði hagað mér öðruvísi í næsta máli hér á undan, en þar er allt öðru máli að gegna. Til þess að hægt sé að byrja á þeim framkvæmdum, sem þar er farið fram á, hafa sýslubúar safnað 100 þús. kr. Mér vitanlega er ekkert slíkt fyrir hendi í þessu máli, og aðstaðan því allt önnur. Þá bar hv. þm. þetta frv. saman við brúalögin, sem ekki eru á neinn hátt sambærileg við þetta. Ef þetta hefði verið till. um að taka þennan veg í þjóðvegatölu, þá hefði mátt bera það saman.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að hæstv. stj. gefi þær upplýsingar, hvort það fé sé eða verði fyrir hendi á næstu árum, sem þarf til þess að leggja í þennan veg, sem þegar hefir verið lýst yfir, að muni kosta a. m. k. 2 millj. kr. Og ef svo er ekki, sé ég enga þörf á að lögfesta þetta nú, enda alltaf hægurinn hjá, þegar fé er til.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er vitanlega rétt hjá hv. þm. Snæf., að nú er ekki fé til, svo að hægt sé að leggja út í framkvæmdir þær, er frv. gerir ráð fyrir. Ríkisstj. hefir ekki treyst sér til þess að leggja til í fjárl., sem fyrir þessu þingi liggja, að upphæð verði veitt í því skyni að byrja á þessum framkvæmdum. Samt lít ég svo á, að það hafi mikla þýðingu, að nú verði tekin ákvörðun í þessu máli. Það er t. d. mikilsvert fyrir vegamálastjóra að geta haft hliðsjón af þeirri ákvörðun hvað snertir viðgerðir á Hellisheiði. Þá hefir það ekki svo lítið að segja, að frá Alþingi liggi fyrir skýlaus ákvörðun um lausn þessa samgöngumáls, sem svo mikið hefir verið deilt um. Ég legg sem sagt miklu áherzlu á það, að þetta mál fái góða afgreiðslu; ég lít líka svo á, að þarna sé um að ræða mjög forsvaranlega lausn þessa samgöngumáls, og það lausn, sem sýnilegt er, að vex okkur ekki yfir höfuð í framkvæmd. Þar að auki hefir þetta frv. að baki sér álit vegamálastjóra, sem hefir lagt mikla vinnu einmitt í þetta mál. Þótt féð sé ekki fyrir hendi nú, er mikil þörf á því, að þetta frv. verði samþ., og því fyrr, því betra.

Magnús Torfason: Ég get sem bezt gert hv. þm. Snæf. það til geðs að draga nokkuð úr því, sem ég sagði um það, að honum væri ekki vel við þennan veg. En ég held fast fram því, að honum er minna um veginn en brýrnar á Nesinu. (**HSteins:** Hvers vegna?). Blátt áfram af þeirri einföldu ástæðu, að þm. er sjálfum sér næstur, og segi ég það ekki hv. þm. til lasts. En hvað við víkur þessum vegi, þá sé ég ekki annað en að hægt væri að byrja á þeim köflum vegarins, sem nú eru ófærir að vetri til, þó að ekki verði lagt í allan veginn í einu. Annars er það nú svo, að helztu fjármálaspekingar heimsins halda, að með haustinu fari að rakna úr kreppunni. Ég fyrir mitt leyti vona, að svo verði, og þá botnar mótstaða hv. þm. Snæf. í því, að hann lítur svartar á framtíðina en ég.

Páll Hermannsson: Hv. þm. Snæf. gat þess, að í samgmn. hafi verið nokkur ágreiningur um þetta mál. Ég verð að segja það, að við hinir nm. munum hafa verið á svipaðri skoðun og hv. þm. Snæf.

í þessu máli. Það er vitanlegt, að fé vantar til framkvæmda nú, og vafasamt er, hvort rétt sé að binda framtíðinni stóra bagga.

En það, sem ýtti undir mig til þess að greiða fyrir frv., var það, að með því er drepið niður þeim ágreiningi, sem verið hefir um lausn þessa samgöngumáls. Þar hefir verið bent á ýmsar leiðir, t. d. járnbraut, yfirbyggðan veg. En lausn frv., sem liggur hér fyrir, er vafalítið sú bezta.

Ég vil minnast á þau ummæli, sem hér hafa fallið um það, hve annt mönnum væri um framkvæmdir. Ég tel það mjög eðlilegt, að mönnum sé annast um verklegar framkvæmdir í sínu eigin byggðarlagi. En yfirleitt finnst mér samgmn. láta sér annt um afgreiðslu allra þeirra mála, er hún fær í hendur, og þá engu síður hv. þm. Snæf. en aðrir nefndarmenn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 511).

---

11. Próf leikfimi- og íþróttakennara.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um próf leikfimi- og íþróttakennara (stjfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Frv. þetta er fram komið sökum þess, að flestir þeir menn, er leikfimi kenna hér á landi, hafa lært sína mennt í erlendum skólum og eftir mismunandi aðferðum. Hingað til hefir ríkið viðurkennt þessa menn, eftir að þeir hafa lokið námi sínu, með því að láta þá fá kennslustörf eftirlitslaust, en þetta er ekki gott, því að oft getur verið tölu verður misbrestur á því, að slíkir menn hafi nægilega þekkingu í uppeldisfræði, heilsufræði og æfingu við að kenna. Til þess að ráða bót á þessu er frv. þetta fram komið, og fer það fram á, að hér eftir verði þeir íþróttakennarar, sem ætla að starfa í þjónustu landsins, að inna af hendi prófraun í landinu sjálfu, er sýni, að þeir séu færir um að hafa þessa kennslu á hendi. Undir prófið er ekki ætlazt til, að aðrir gangi en þeir, sem hér eftir vilja fá slíka kennslu. Þeir, sem þegar hafa fengið hana, eru undanþegnir. Ég vona, að hv. þm. sjái, að þetta er réttmæt ráðstöfun. Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 158).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. ber með sér, hefir menntmn. orðið ásátt um að mæla með þessu frv. með allverulegum breyt., sem ég kem síðar að. N. telur, að eins og íþrótta- og leikfimikennslu er nú komið í landinu, sé rétt, að ríkið taki upp eftirlit með henni, eins og annari kennslu, og geri ákveðnar kröfur til þeirra manna, sem hana hafa á hendi. Engin ákvæði eru um það í l. nú, hverskonar próf leikfimikennarar þurfi að hafa. Skilningur hefir aukizt mjög á því á undanförnum árum, hverja þýðingu kennsla í leikfimi og íþróttum við skólana hefir, og þá jafnframt á því, að þeir, sem þetta kenna, þurfa ekki síður að hafa skilning á uppeldi og þekkingu í sinni grein heldur en kennarar í öðrum greinum. Það getur jafnvel haft spillandi áhrif og skaðleg, ef þeir eru ekki færir um að gegna starfi sínu.

N. mælir því einróma með því, að slíkt eftirlit og prófskilyrði séu sett leikfimikennurum við ríkisskólana og þá skóla,

sem ríkið styrkir, sem frv. fer fram á. Þó leggur n. til, að gerð sé talsverð breyt. á formshlið frv., að í stað 2. gr. komi tvær gr., og felst þar jafnframt í ofurlítil efnisbreyting.

N. leggur til, að skipuð sé prófnefnd til að dæma um kunnáttu þeirra manna, sem starfa vilja sem fimleika- og íþróttakennarar. Skal hún einnig skera úr um, hvort leikfimikennarar, sem hafa skírteini frá útlöndum um nám í þeim greinum, sem kunnátta er heimtuð í, skuli ganga undir próf að einhverju eða öllu leyti, eða hvort þau prófgögn, sem þeir hafa áður aflað sér, skuli tekin gild og talin fullnægjandi.

Prófnefndin á einnig samkv. till. n. að geta veitt fimleikakennurum undanþágu frá að taka próf í hverri einstakri grein, sem frv. setur að skilyrði, að þeir taki próf í, ef vitanlegt er, að þeir hafi lært nægilega mikið í þeirri grein annarsstaðar. T. d. er fyrirskipað, að nemendur í kennaraskólanum læri uppeldisfræði. Er því ekki ástæða til að láta menn, sem lokið hafa prófi þaðan, ganga aftur undir próf í þeirri grein. Og þannig getur verið um fleiri greinar, að menn hafi lært þær og tekið fullnægjandi próf í þeim annarsstaðar.

N. þótti rétt að bæta inn í frv. ákvæði um, hvernig haga skuli kostnaðinum við fyrirhugaða prófnefnd, til þess að á því geti ekki leikið vafi og menn þurfi ekki að óttast, að óeðlilegan kostnað leiði af henni. Er því tekið fram í brtt., að prófnefndarmennirnir skuli fá þóknun eftir sömu reglum sem prófdómendur við ríkisskólana.

Einnig er nefnd þessari samkv. brtt. veitt heimild til að taka tvo sérfræðinga í þeim greinum, sem prófa á í, sér til aðstoðar, þar sem ekki er við því að búast, að nefndarmennirnir þrír hafi sérfræðiþekkingu í þeim öllum.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara nánar út í nál. og brtt. n., þar sem hv. þm. munu vera búnir að kynna sér þær.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 158,a (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 158,b (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17 marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193).

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi með leyfi hæstv. forseta mega koma hér að skriflegri brtt. við frv.

Samkv. ákvæðum 1. gr. frv. er sú skylda lögð á herðar allra þeirra, sem eru fastir eða ráðnir leikfimikennarar í skólum landsins, að taka próf til starfa síns. Ég álít þetta rétt, en ákvæði gr. eru hinsvegar ekki nógu víðtæk, því að eins og kunnugt er, er stórmikill þáttur íþrótta og leikfimikennslunnar ekki í höndum skólanna, heldur í höndum íþróttafélaga og ungmennafélaga. Leikfimi- og íþróttakennsla þessara félaga er því svo mikill þáttur í þessari kennslu með þjóðinni, að sjálfsagt er, að prófskylduákvæði gr. nái einnig til hennar. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við frv., þess efnis, að aftan við gr. bætist svo hljóðandi málsliður: „Sama er um leikfimi- og íþróttakennara, sem eru fastir starfsmenn íþróttafélaga eða ungmennafélaga“.

Er hér um svo ljóst mál að ræða, að ég þykist ekki þurfa að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 206) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 206 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB,

nei: JJós, ÓTh.

JAJ, MJ[1]), PO greiddu ekki atkv.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. við frv., en þar sem ég hefi verið veikur undanfarna daga og frv. af þeim ástæðum farið framhjá mér, en ég hinsvegar er ekki allskostar ánægður með það eins og það er, þó að ekki sæi ég mér fært að bera fram brtt. við það nú, greiði ég ekki atkv.

Fimm þm. (HStef, JÓl, MG, SvbH, TrÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 207).
Á 34. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Ed., 23. marz var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til menntmn. með 8 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 447).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. hefir gengið gegnum hv. Nd. og var þar vel tekið. Efni frv. er að gera framvegis kröfur til kunnáttu þeirra manna, sem taka að sér kennslu í leikfimi og íþróttum, hvort heldur er við skóla eða fyrir einstök félög, á þann hátt, að á þeim hvíli prófskylda, þá er þeir taka við starfi.
Menntmn. hefir leitað umsagnar fræðslumálastjóra um frv., og lýsti hann því yfir, að hann væri frv. fylgjandi. Fræðslumálastjóri benti þó á, að kannske væri 1. gr. frv. dálítið tvíræð, mætti e. t. v. skilja hana svo, að hún næði jafnt til þeirra kennara, er starfað hafa að þessari kennslu undanfarið, og hinna, er byrja á slíkri kennslu. Mæltist hann jafnvel til, að tekin væri upp í frv. brtt. til þess að útiloka þetta. En eftir að hafa fært þetta í tal við hæstv. kennslumálaráðh. virðist n., að breyt. þessi muni vera óþörf, því að frvgr. eins og hún er eigi tvímælalaust aðeins við þá kennara, sem hljóta þessi störf eftir að frv. verður að lögum.
Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfi mér að óska þess fyrir hönd n., að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án akvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 510).

---

12. Brúargerðir.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um brúargerðir (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. var lagt fyrir þessa hv. deild í fyrra og afgr. hér þá, en dagaði upp í Nd. Vegamálastjóri hefir haft það til yfirsjónar á ný og gert við það nokkrar aths., og á þeim grundvelli er það borið fram nú. Ég hygg, að frv. þetta hafi legið fyrir hv. samgmn. í fyrra, og geri því að till. minni, að því, að umr. lokinni, verði vísað til hennar á ný.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 66, 79, 93).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 93. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er nú rúmur áratugur síðan sett voru lög um brúargerðir, en það var, eins og kunnugt er, gert árið 1919. Breyt. á þeim l. voru gerðar árið 1925. Eftir l. frá 1919 og breyt. frá 1925 voru taldar upp um 70 brýr á þjóðvegum landsins, sem ætlazt

var til, að yrðu byggðar, þegar ástæður leyfðu, næstu árin á eftir. Nú er svo komið, að af þessum 68 brúm, sem l. náðu til, er búið að reisa rétt um 60 brýr. En á sama tíma hafa verið byggðar um 40 brýr á öðrum vegum. Mönnum kemur saman um, að brúarl. frá 1919 hafi reynzt svo vel, að þau hafi átt mikinn þátt í hinum miklu framkvæmdum, sem orðið hafa á þessu sviði síðan þau voru sett. Og þegar svo á það er litið, að verkefni þau, sem l. lögðu fyrir, mega nú heita tæmd, þar sem ekki eru nema aðeins örfáar brýr eftir óbyggðar af þeim brúm, sem þau gerðu ráð fyrir, þá er það ljóst, að nú muni vera orðin þörf á nýjum brúarlögum.

Ríkisstj. lagði því fyrir vetrarþingið 1931 frv. til brúarl., sem vegamálastjóri hafði undirbúið og, að ég held, samið. Það var samþ. í þessari hv. d. alveg óbreytt, en dagaði uppi í hv. Nd. Aftur á sumarþinginu var samskonar frv. lagt fyrir þessa hv. d. Það náði þá einnig samþ. hér, en með allmiklum breyt., sem allar miðuðu að því að fjölga brúm á þeim ám, sem nefndar voru í frv., og bæta nýjum við. En það fór eins um frv. á sumarþinginu, að það dagaði uppi í hv. Nd.

Ég veit, að það þarf ekki langar umr. um þetta frv. hér í hv. d.; það er hv. dm. svo kunnugt. Það má heita, að frv. sé að mestu leyti eins og Ed. gekk frá því á sumarþinginu, aðeins fáeinum brúm sleppt af þeim, sem þá komust inn, sumum af því, að þær eru þegar reistar, en öðrum af því, að svo er litið á, að aðrar ástæður séu þess valdandi, að þær geti ekki komið inn í þetta frv. nú.

Þetta frv. gerir þó ráð fyrir einni breyt. frá því sem verið hefir í frv. á undanförnum þingum og í þeim l., sem gilt hafa um brúargerðir áður. Og breyt. er sú, að frv. ætlast til, að tillag ríkissjóðs hækki til þeirra brúa á sýsluvegum, sem eru dýrari en 8 þús. kr. Áður hefir þessu verið hagað svo, að tillag ríkisins hefir verið ⅔ til byggingar á stærri brúm á sýsluvegum, og ætlast frv. til, að það haldist óbreytt um brýr, sem ekki fara fram úr 8 þús. kr., en svo á eftir frv. tillag ríkisins að fara stighækkandi úr ⅔ upp í ¾, og gildir það um brýr, sem kosta frá 8—16 þús. kr., en framlag ríkisins verður ¾ til brúa, sem kosta 16 þús. kr. eða meira, á sýsluvegum.

Samgmn. hefir íhugað þetta frv. og fallizt á, að d. samþ. frv. óbreytt. Þó stendur svo á um einn nm., hv. þm. Snæf., að hann flytur dálitla brtt. við frv. og fer fram á, að bætt verði við 2 brúm, og hefir hann látið þess getið, að fylgi sitt við frv. gæti farið eftir því, hvernig hv. d. tæki í hans brtt. Hér liggur líka frammi önnur brtt., frá hv. 2. þm. Árn. Ég sé ekki ástæðu til að tala um þessar brtt. fyrr en eftir að flm. hafa mælt fyrir þeim. Ég held ég minnist þá ekki á fleira. En ég vil leggja til fyrir hönd meiri hl. samgmn. að hv. d. samþ. frv. óbreytt.

Halldór Steinsson: Eins og kunnugt er, flutti hæstv. stj. á síðasta þingi frv. til brúarl. Þetta frv. var lagt hér fram í þessari hv. d., og í samgmn. þessarar hv. d. voru gerðar á því þær breyt., að þær brýr, sem felast í brtt. mínum, skyldu teknar upp í frv. Að öðru leyti kom frv. óbreytt frá n. Þegar svo málið kom til 2. umr. hér í hv. d., komu fram margar brtt. við frv., og voru þær allar samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. dm. Nú leggur hæstv. stj. þetta frv. aftur fyrir þingið; eru nú teknar upp í það flestallar þær breyt., sem hv. Ed. gerði á frv. á síðasta þingi. En meðal þeirra fáu breyt., sem d. gerði á frv. og ekki eru teknar upp í þetta frv., eru þær 2 ár, sem brtt. mínar fjalla um. Og það er mjög undarlegt, að þeim ám skuli nú vera sleppt, þar sem þær höfðu ekki minna fylgi hér í hv. d. á síðasta þingi en aðrar ár, sem bætt var inn í frv. þá og nú hafa verið teknar upp í það. Og þetta er því undarlegra, þar sem þetta voru einu árnar, sem teknar voru upp í till. n. og hún lagði til, að samþ. væru hér í hv. d.

Ég þarf ekki að taka hér fram mörg rök fyrir þessum brtt. mínum. Ég vil aðeins geta þess, að þessar ár liggja í fjölfarinni sveit og að það er kominn á bifreiðaakstur um sveitina. En aðaltorfærurnar fyrir þann bifreiðaakstur eru þessar ár, og þó sérstaklega önnur þeirra. Það er nú farið í bifreiðum sunnan af Mýrum og alla leið til Ólafsvíkur, en á þeirri leið eru þessar ár, og þó sérstaklega Vatnsholtsá, oft farartálmi, bifreið-

ar hafa stundum orðið að snúa aftur við hana, en stundum setið fastar í henni. Þegar svo eins stendur á og hér og tillit er tekið til þess, að vegurinn um Staðarsveit verður bráðum tekinn upp í þjóðvegatölu, og að það er aðeins tímaspursmál, hvenær það verður gert, þá virðist sanngjarnt, að ríkissjóður kosti brúarbyggingar á þeim vegi. Eins og kunnugt er, hefi ég flutt brtt. um það á síðustu þingum að taka veginn um Staðarsveit í þjóðvegatölu, og þær till. væru fyrir löngu teknar til greina, ef ekki hefði alltaf verið þessi reipdráttur og hreppapólitík um vegamálin hér á hv. Alþingi. Till. um þetta hefir alltaf fengið góðar undirtektir í báðum d., en alltaf strandað á því, að það hafa komið svo margar till. úr öllum sýslum, nærri því að segja öllum hreppum landsins, um að taka vegi upp í þjóðvegatölu, að menn hafa ekki séð sér fært að afgr. málið í heild. En það verður ekki langt þangað til þessi vegur verður tekinn í þjóðvegatölu. Þess vegna mælir öll sanngirni með því, að þessar brýr verði teknar upp í frv. nú eins og á sumarþinginu.

Magnús Torfason: Ég hefi leyft mér að bera fram till. við 2. gr. A.I.d. um, að það verði bætt einni brú við í frv. Ég skal geta þess, að það er komin fram brtt. við frv. til breyt. á vegal. í Nd., þar sem farið er fram á, að vegur frá Flóabrautinni á svokallaða Reykjabraut, sem hefir verið lögð að nokkru leyti upp um Hvítá hjá Klébergi og að Minni-Borg, verði tekin í þjóðvegatölu. Samkv. þessu hefi ég gert brtt. við þennan lið frv.

Það er allgamalt mál hér um að ræða. Þegar Sogsbrúin var til meðferðar hér á þingi fyrir fullum 30 árum, voru allskiptar skoðanir um það, bæði í Grímsnesi og í Biskupstungum, hvort fyrst ætti að halla sér að því að fá brú á Sogið eða á Hvítá. Brúin á Sogið tengir hin stóru og góðu héruð „Grímsnesið góða“ og Biskupstungur við Reykjavík. En þessi brú tengir þessar góðu sveitir við niðursýsluna; hún tengir þær við Flóann, og er nokkurskonar hafnarvegur til Eyrarbakka og Stokkseyrar fyrir þessar sveitir. —

Það mun hafa verið mælt fyrir þessari brú eftir 1916, á stríðsárunum, og við lauslega áætlun gert ráð fyrir, að brú þarna myndi kosta nálægt 40 þús. kr. En það hefir ekki orðið úr því, að þessu væri framfylgt, af ýmsum ástæðum, sem ekki er hér þörf að greina, m. a. þeirri ástæðu, að verzlunin úr þessum sveitum hefir á þessum árum fallið meira til Rvíkur en til sjávarþorpanna í Árnessýslu. Ég get þó getið þess, að þær tíðu breytingar, sem orðið hafa á öllu verðlagi, hafa orðið þess valdandi, að verzlun við Rvík jókst. Það er ekki kleift að fá vörur eystra nema að sumarlagi. En það, sem sérstaklega hefir ýtt undir þetta, er annarsvegar það, að verzlunarfélagsskapur sá, sem menn hafa haft með höndum í Grímsnesi og Biskupstungum, er nú lagður niður, en hinsvegar það, að nú er stofnað til mikils verzlunarrekstrar á Selfossi, sem hefir sína aðalhöfn á Eyrarbakka. Ennfremur það, að eftir að Flóaáveitan komst á sjá menn, að nauðsynin á þessu hefir vaxið stórkostlega. Í þessum sveitum eru yfirleitt rytju-slægjur, mýrar og flóar innan um bithaga, sem vilja verða misbrestasamar í lökum grasárum og þurrkasumrum, og fengu menn af því illar búsifjar síðastl. sumar. Milli Grímsness og Flóa er ferjuvatn, en þegar kemur niður í Flóa, er ágæt mýri með kafagrasi. Til þeirra þurfa þessar uppsveitir að ná og bæta þar með beitarlönd sín og auka skilyrði sín til ræktunar.

Í út-Grímsnesinu eru ræktunarskilyrði hinsvegar lakari, en fjárræktarskilyrðin að sama skapi geysimikil, en þaðan er þriggja tíma leið að mjólkurbúi Flóamanna og yfir hraun og örðugan veg að sækja. Af þessum ástæðum og af því, að hér er um óvenjulega miklar og allsendis óhjákvæmilegar samgöngubætur að ræða, þá hefi ég leyft mér að flytja þessa brtt. Af sérstökum ástæðum hefi ég ekki getað fengið umsögn vegamálastjóra um þetta, en vil leyfa mér að vænta þess, að hv. n. taki brtt. mína til góðfúslegrar yfirvegunar, og þess vegna og í því trausti mun ég taka hana aftur til 3. umr., samkv. bendingu frá einum hv. nefndarmanni.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Snæf. benti réttilega á það, að flestar þær brýr, sem hv. Ed. setti inn í frv. á sumar-

þinginu, eru teknar upp í þetta frv. Út af þessu þykir mér rétt að taka það fram, að í frv. eru einungis tvennskonar brýr, annarsvegar endurbygging og nýbygging brúa á þjóðvegum og hinsvegar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum, og eru hinar síðarnefndu taldar upp í III. kap. frv. Það er nú auðvitað mál, að ríkið á að kosta að öllu brýr á þjóðvegunum, en að hve miklu leyti því ber að kosta aðrar brýr, er nokkurt álitamál. Hér í frv. er sú leið farin að ætla ríkinu að kosta að öllu leyti brýr á nokkrum stórvötnum utan þjóðvega. Upphaflega voru 9 slíkar brýr í frv., en eru nú orðnar 13 talsins. Nú ber þess að gæta um brýr þær, er hv. þm. Snæf. vill fá teknar upp í frv., að þær tilheyra hvorugum þessum flokki, eru sem sé ekki á þjóðvegum né yfir stórvötn, og ég ætla, að þær, eða a. m. k. önnur þeirra sé mjög ódýr. Hitt skal fúslega játað, að þessi vegur, sem brýrnar eru á, ætti að verða tekinn upp í þjóðvegatölu. Ég verð þó eins og sakir standa nú að leggjast á móti því, að þessar brýr verði teknar inn í frv., því að ef ætti að taka upp í þetta frv. brýr á væntanlegum þjóðvegum, þá þyddi það eitt af tvennu: annaðhvort yrði frv. óskapnaður eða það yrði drepið. Ég viðurkenni, að ríkið ætti að kosta að öllu bygging þessara tveggja brúa og annara, sem líkt stendur á um, en þó einungis með þeim fyrirvara, að vegirnir verði fyrst teknir upp í þjóðvegatölu. Annað er ekki hægt vegna annara brúa.

Um brtt. á þskj. 93 þarf ég ekki að fjölyrða, þar sem hún hefir verið tekin aftur til 3. umr., en það er sjálfsagt, að n. athugi tillöguna.

Halldór Steinsson: Ég skil ekki afstöðu hv. frsm. í þessu máli, eða a. m. k. virðist hann hafa skipt alleinkennilega um skoðun frá síðasta þingi. Hann játar í öðru orðinu, að ríkið ætti að kosta þessar brýr og að það sé sjálfsagt að taka þessa vegi upp í tölu þjóðvega, en á hinn bóginn er það eina ástæðan til þess, að n. leggst á móti þessu, að vegirnir eru ekki enn teknir upp í þjóðvegatölu. Ég verð nú að benda hv. þm. á það, að á sumarþinginu var hann á annari skoðun um þetta; þá hrúgaðist inn í brúarlagafrv. fjöldi brúa, sem ekki voru á þjóðvegum, og ég minnist þess ekki, að hv. þm. hafi haft neitt á móti því þá. Nú eru flestar brtt. þær, sem samþykktar voru í sumar, teknar upp hér, og ég þori að fullyrða, að þessar tvær brýr, sem ég óska að fá teknar upp í frv., eigi sízt minni rétt á sér en þær, sem annars eru í frv. Ég vona a. m. k. að hv. deild hafi ekki snúizt hugur að sama skapi og hv. frsm.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég verð að mótmæla því, að mér hafi snúizt hugur í þessu máli. Ég átti sæti í samgmn. á vetrarþinginu síðasta, og lagði n. þá til, að brúarlagafrv. yrði samþ. óbreytt, enda kom þá engin brtt. fram í deildinni. Á sumarþinginu féllst n. á að bæta inn í frv. nokkrum nýjum brúm. Ég var þessu mótfallinn og ég talaði á móti þessu við 2. umr. og benti hv. deild á, hvað hún hefði samþ. á vetrarþinginu um þessi efni. En þegar d. vildi ekki fallast á mína skoðun, þá sá ég vitaskuld ekki ástæðu til að þegja um óskir mínar og míns kjördæmis, en þess ber þó að geta, að allar þær brýr, sem ég lagði til, að teknar væru upp í frv., voru annaðhvort á þjóðvegum eða yfir stórvötn utan þjóðvega, m. ö. o. gátu vel átt heima í frv.

Ég þarf svo ekki að svara hv. þm. Snæf. fleiri orðum. Skal þó að lokum benda honum á það, eins og ég hefi áður tekið fram, að ef fara ætti þá leið að taka inn í frv. brýr á öllum þeim vegum, sem annaðhvort réttilega eða óréttilega eru enn ekki teknir upp í tölu þjóðvega, þá yrði frv. óskapnaður og á hinn bóginn mjög tvísýnt um framgang þess.

Ég held því að þessu athuguðu, að það verði eftir atvikum réttast að afgreiða málið á þeim grundvelli, sem meiri hl. n. hefir lagt til.

Halldór Steinsson: Ég get ekki skilið, að það þurfi að verða frv. að falli, þó að einhverjar brtt. við það nái fram að ganga. Um margar af þeim er víst, að þær eiga svo mikinn rétt á sér, að óforsvaranlegt væri að fella þær. Ég held, að þó þetta frv. sé stjórnarfrv. og sé athugað af vegamálastjóra, þá sé það ekki full sönnun þess, að alstaðar sé séð fyrir þörfunum og að þess vegna eigi að fella

allar brtt. við það. Annars þýðir ekki að karpa um þetta úr þessu; mönnum er þetta mál fullkunnugt frá síðasta þingi, og afstaða einstakra hv. þdm til þess þar með ráðin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 79 samþ. með 8:5 atkv.
— 93 tekin aftur.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 9. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 102, 111).

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að bera fram örlitla brtt. á þskj. 111 við 1. gr. frv., og er það engin efnisbreyt., heldur aðeins afnám fárra orða, sem er ofaukið, eftir því, sem gr. er orðuð að öðru leyti, og eru því eins og hortittir í ljóðlínu. Tilætlunin er sú, að heimild stj. sé því skilyrði einu bundin, að fé sé veitt til brúargerðarinnar í fjárl. En þessi orð gr. virðast benda til þess, að það eigi að vera skylda stj. að framkvæma brúargerð, ef fé er veitt til hennar í fjárl. Brtt. mína er því í raun og veru aðeins lagfæring á málfæri.

Frsm. (Páll Hermannsson): Samgmn. hefir á fundi í dag yfirvegað þessar tvær brtt., sem fyrir liggja, og fyrir n. hönd hefi ég ekkert um þær að segja nema það, að nm. hafa um þær óbundið atkv. Þó vil ég geta þess til upplýsinga um brtt. á þskj. 93, sem mér skilst að komi nú til atkv., að brúarstæði á Hvítá þarna er ekki rannsakað að sögn vegamálastjóra. Í öðru lagi vil ég benda á, að þessi vegur er ekki tekinn í þjóðvegatölu, svo það er nokkuð hæpið að setja brúna í þann kafla brúarlaganna.

Um brtt. á þskj. 111 hefi ég reyndar ekkert að segja. Hún felur það í sér, að stj. verður um brúagerðir eingöngu bundin við fjárlög. Í brúarlögunum frá 1919 er sama ákvæði og í frv. Og mér skilst, að það geti komið fyrir, að full þörf verði á að breyta frá fjárl., t. d. ef brú á fjölförnum vegi skemmist eða eyðileggst svo, að bráðra endurbóta þurfi, en öllu því fé, sem veitt er til brúagerða, er ráðstafað í fjárlögum.

Guðrún Lárusdóttir: Það er aðeins stutt aths. út af þeim kafla frv., sem fjallar um endurbyggingu trébrúa á þjóðvegum. Þar er talað um „Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi". Mér skilst, að verið geti um tvær ár að ræða, sem þetta getur átt við, Grafará, sem fellur út í Grafarós, og Hofsá sem fellur út í Hofsós. Mér virðist, að það gæti valdið misskilningi um það, hvora ána á að brúa. Líklega er átt við Grafará, sem fellur í Grafarós. En ég vil fá það upplýst, við hvora ána er átt.

Magnús Torfason: Ég hafði borið fram við 2. umr. brtt. við frv. þetta, um brú á Hvítá hjá Kiðjabergi. Eftir því sem umr. þá féllu og bendingum n. tók ég hana aftur til 3. umr. En á dagskránni í dag sé ég, að ekki er getið um þetta þskj. Líklega hefir það orðið af vangá, enda er það kunnugt, að hv. skrifstofustjóri hefir verið fjarverandi um nokkurn tíma undanfarið.

Það var fundið að till. þessari, að henni var ætlað rúm í kaflanum um brýr á þjóðvegum, en vegur sá, sem brúin á að koma á, er ekki ennþá tekinn í þjóðvegatölu. En það var gert vegna þess, að í Nd. liggur nú frv. til l. um að taka þennan veg í þjóðvegatölu. Nú hefi ég heyrt, að n. kunni betur við, að brtt. komi ekki inn í kaflann um brýr á þjóðvegum, heldur undir 2. gr. III. lið, um brýr á öðrum vegum en þjóðvegum. Úr því sem komið er vil ég bera fram skrifl. brtt., sem ég vænti, að hv. d. leyfi að komist að, þess efnis, að við 2. gr. III. 14 bætist Hvítá hjá Kiðjabergi og töluröðin breytist eftir því.

Ég hefi heyrt það á sumum, að þeim þyki mikið að hafa 3 brýr á þessari á. En það er ekki meira en á Hvítá í Borgarfirði. Á hana eru þegar komnar 3 brýr. Ég býst líka við, að það líði nokkuð langur tími þar til þessar brýr eru allar byggðar.

Ég skal drepa nokkuð á sögu þessa máls, sem ég hefi kynnt mér betur síðan 2. umr. var háð. Það var fyrst borið fram á þingmálafundi árið 1923 af báðum frambjóðendum heimastjórnarmanna, og varð enginn ágreiningur um það milli fundarmanna. Á öðrum þingmálafundi á Vatnsleysu kom það líka til tals, og Tungnamenn litu líka svo á, að það væri vel til þess fallið að fá framgang. Á fyrsta þingi, sem ég sat fyrir Árnessýslu, árið 1924, átti ég tal um þetta við vegamálastjóra, og án þess að ég ætli að fara að bera hann hér fyrir einhverjum sérstökum ummælum, get ég í stuttu máli sagt, að hann var þá allur með brúnni. En síðan þetta komst á dagskrá hefir Ferðafélagið unnið mikið að því að koma á ferðamannavegi um Þingvelli, Laugardal og Grímsnes, yfir Brúará og Iðu, á Hvítá og þaðan upp Þjórsárdal. Þetta yrði mjög ánægjulegur ferðamannavegur, og ég vil sízt mæla gegn honum. En það lítur svo út, að nú leggi vegamálastjóri öllu meiri áherzlu á þennan ferðamannaveg en hinn. En Árnesingar leggja nú samt meiri áherzlu á hinn veginn, og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef þeir mættu velja um að fá brú á Iðu eða á Hvítá hjá Kiðjabergi, þá mundu þeir velja Hvítá. En þetta er ekki svo að skilja, að vegamálastjóri sé á móti brú á Hvítá á þessum stað.

Að því er stærð brúarinnar snertir, þá hefi ég það frá skilgóðum manni, greinagóðum og nákvæmum í öllum athugunum, að aðalhafið yrði eitthvað frá 10—15 faðmar, eftir því hvar brúin yrði sett. Hvað kostnaðinn snertir, þá var þess getið á þingmálafundi þeim, sem ég gat um áðan, að hann mundi nema um 40 þús. kr. En þessi sami maður hefir sagt mér, að kostnaðurinn hefði verið áætlaður svipaður og á Rangárbrúnni.

Ég vænti þess, að þar sem ég hefi tekið til greina bendingar hv. n., þá fái till. góðar undirtektir. Það er full þörf á brúnni og enginn vafi á, að þetta er sú brúin í Árnessýslu, sem héraðsmenn meta mest.

Jón Þorláksson: Ég vil mæla með því, að brtt. um þessa brú verði samþ. og sett á sinn rétta stað í frv., en það er fyrir aftan 14. lið í III. kafla 2. gr. Þessarar brúar er sérstök þörf til að tengja saman tvö byggðarlög, Flóann og Grímsnesið. Þessi þörf hefir sérstaklega orðið brýn við það, að heyfengur manna jókst í Flóanum fyrir áveiturnar. En í vesturhluta Grímsnessins eru beitilönd góð, en slægjur litlar, og því þörf á aðfluttu heyi.

Ég er ekki vel ánægður með orðalag brtt.: „hjá Kiðjabergi". Það er um þrjá staði að velja undir brúna; en ef satt skal segja, þá er raunar enginn þeirra það langt frá Kiðjabergi, að talið verði, að stj. sé af orðalaginu bundin við einn þeirra öðrum fremur. Ég greiði atkv. með till. með þeim skilningi, að stj. sé ekki nánar bundin um val staðarins en það, að brúin komi einhversstaðar milli Kiðjabergs og Öndverðarness. Það fer eftir því, hvernig vegalagningu á þessu svæði verður hagað, hver staðurinn verður heppilegastur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 135) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. 6. landsk. áleit það tvírætt og jafnvel villandi, þar sem í frv. er talað um endurbyggingu á brúnni á Grafará í Skagafirði hjá Hofsós. Sjálfur er ég að vísu ekki svo kunnugur á þessum slóðum, að ég geti sagt um þetta af eigin reynd, en ég hefi borið það undir annan þm. þeirra Skagf. í Nd., og tjáði hann mér, að ekki væri nema um eina á að ræða með þessu nafni, svo að ekki yrði um það villzt, og væri einmitt meiningin að brúa ána hjá Hofsós. Annars munu þeir þm. Skagf., sem báðir eiga sæti í Nd., að sjálfsögðu leiðrétta þetta við meðferð málsins þar, ef þeir sjá þess þörf. —

Ég átti rétt í þessu tal við vegamálastjóra, og tjáði hann mér, að hann hefði nú látið mæla brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á tveim stöðum. Á öðrum staðnum reyndist svo, að brúin þyrfti að vera um 80 faðmar og mætti byggja hana í tvennu lagi, þ. e. með einum stöpli, en á hinum staðnum 60 faðmar, og verður þar að byggjast í einu lagi. Lét vegamálastjóri það uppi við mig jafnframt, að hann teldi, að þessi brú mundi aldrei

kosta undir 120 þús. kr., en hinsvegar taldi hann, að þessi brú mundi verða gerð áður en mjög langt liði, en þó myndu svo margar brýr verða byggðar á undan henni, að ekki væri ástæða til að taka hana upp í brúarl. að þessu sinni, heldur láta það bíða, þar til fyrir lægi kostnaðaráætlun um hana.

Magnús Torfason: Ég get verið þakklátur hv. 1. landsk. fyrir hans góðu undirtektir við till. mina, en að því er brúarstæðið snertir, vil ég ennfremur upplýsa það, að þm. Árn. í Nd. hefir gert ráð fyrir, að brúin verði sett á þessum stað, í till. þeim, sem hann hefir borið fram til breytinga á vegal. Hefir það komið í ljós, að þessi leið er heppilegri en sú, sem við hugsuðum okkur upphaflega; bæði betra um að ná í ofaníburð og auk þess styttra á Flóabrautina. — Að því er lengd brúarinnar snertir, þá skýtur þar allskökku við hjá vegamálastjóra, enda er þetta lausleg áætlun, og telur hann sennilega landbrýr með. Maðurinn, sem ég bar fyrir mig í þessu efni, hafði sína áætlun eftir mætum og gagnkunnugum manni þar austur, svo að ég ætla, að hún verði ekki rengd. — Ég skal að lokum geta þess, að ég get vel fallizt á, að till. mín komi inn í frv. á eftir brúnni hjá Iðu. Það skiptir engu máli, hvort byrjað er ofan eða neðan frá.

Guðrún Lárusdóttir: Þó að það séu að vísu smámunir, þá lít ég svo á, að fremur eigi að orða þetta með brúna á Grafará réttilega en ranglega. Grafará rennur hvergi svo nærri Hofsós, að hægt sé að kenna brúna við Hofsós, eins og gert er í frv., heldur við Grafarós, þar sem áin rennur til sjávar. Gæti ég og vel trúað, að Skagfirðingar kysu heldur, að farið væri rétt með þetta landfræðilega atriði í frv., þó að smámunir megi að vísu heita.

ATKVGR.
Brtt. 111 samþ. með 8 : 2 atkv.
— 135 samþ. með 9 : 3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 136).

Á 28. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil einungis leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, 160, 278, n. 370).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Þær breyt., sem frv. þetta gerir á brúalögunum frá 1919, eru í IV. kafla 2. gr. frv. En með þeim ákvæðum er hækkað tillag úr ríkissjóði til brúagerða, til verulegra muna til þeirra brúa, sem héruðin leggja fram á móti, einkum til stærri og dýrari brúa. Til brúagerða sem kosta 8—16 þús. kr., fer tillag ríkissjóðs smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr ⅔ hlutum í ¾ hluta af kostnaðinum. Í I. kafla 2. gr. eru taldar óbyggðar brýr á þjóðvegum, í II. kafla trébrýr á þjóðvegum, sem þarf að endurbyggja, og í III. kafla eru taldar nokkrar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

Þó að meiri hl. samgmn. telji þessa upptalningu í III. kafla óþarfa, þá hefir n. samt orðið sammála um að láta við þetta sitja eins og frá því er gengið í frv. af vegamálastjóra og stj.

Þegar samgmn. afgr. frv. til þd., var einn nm. fjarverandi utanbæjar, en stj. óskaði eftir, að n. flýtti sem mest fyrir afgreiðslu frv., og þess vegna var ekki beðið eftir því, að nm. gætu allir mætt á fundi. Þessi nm., hv. 2. þm. Rang., er ósammála meiri hl. n. í verulegum atriðum. Vildi hann sérstaklega, að upptalningin væri víðtækari á brúm yfir stórvötn í III. kafla 2. gr. En meiri hl. n. lítur svo á, að það sé lítilsvert atriði, hvort slíkar brýr eru þar taldar upp eða ekki, og býst við, að ef einhverjum verði bætt þar inn í, þá komi margar á eftir, svo að fyrirsjáanlegt er, að byggingu þeirra

verður ekki lokið á næstu áratugum. Aðalástæðan fyrir því, að n. vill fylgja þessu frv., er sú, að þar er lagt til að létta undir með héruðunum meira en verið hefir um byggingu á brúm utan þjóðvega. Og þar er þörfin mikil, því að vitanlegt er, að héruðin hafa litlar tekjur til að verja í þær framkvæmdir, en þörfin fyrir brýr er hinsvegar mikil. Að þessu leyti léttir frv. verulega undir með héruðunum.

Sveinbjörn Högnason: Út af ummælum hv. frsm. meiri hl. samgmn. um afgreiðslu málsins vil ég geta þess, að ég var ekki viðstaddur, er það var afgr., og hafði óskað, að það yrði afgr. á annan hátt. Það var vitað í n., að ég var ósammála um ýms atriði. En í það eina skipti, sem ég hefi ekki komið á nefndarfund, sér n. ástæðu til að gefa út þetta nál. Ég verð að líta svo á, að þetta hafi verið gert til að fara á bak við mig, eins og ég líka hefi sagt við form. n.

Afstaða mín var alls ekki sú, að ég teldi ekki upptalningu á brúm yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum nægilega víðtæka. En ég taldi, að sá kafli þyrfti breyt. við til þess að hann væri frambærilegur, og þyrfti því betri undirbúning. Frv. ber það líka allt með sér, að því hefir verið flaustrað af. Sem dæmi þess skal ég geta þess, að í 1. gr. er talin brú á á, sem ekki er til. Það vildi til, að ég var nauðakunnugur þarna og gat því upplýst um villuna, og nú er borin fram brtt. til leiðréttingar og tekin upp smáspræna í staðinn. Þetta sýnir, hve illa frv. er undirbúið, og slíkar villur geta vel verið víðar.

Sum héruðin fá engar brýr, en aftur á móti er hrúgað brúm á eina og sömu ána annarsstaðar. Ég álít það þingi og samgmn. til vanvirðu að afgreiða slíkt frv. fyrr en það hefir verið gaumgæfilega athugað.

Aðalatriðið er, að samræmis og réttlætis sé gætt í upptalningunni. En eins og ég hefi þegar sagt, er ekki því að heilsa.

Við hv. 1. þm. Rang. höfum borið fram brtt. við frv. á þskj. 278. Rangárvallasýslu er engin brú ætluð í III. kafla 2. gr. Hinsvegar eru áætlaðar margar brýr á sum stórvötn. Þannig eiga að vera eftir frv. 4 brýr á Hvítá í Árnessýslu og 4 á Hvítá í Borgarfirði. Um einu ána, sem við flytjum brtt. um að verði tekin upp, Tungnaá á Holtamannafrétti, er alveg eins ástatt eins og Hvítá norðan Bláfells sem tekin er upp í III. kafla. Sú brú á að vera til að létta mönnum veg með fénað sinn á afrétt og af og gera leiðina norður Kjalveg greiðari. Alveg hið sama gildir um brúna á Tungnaá, sem er sízt betra vatnsfall, en Sprengisandur, sem um leið verður opnaður, er betri fjallvegur en Kjölur.

Sama er að segja um brú á Ytri-Rangá, að hún á fullkomlega eins mikinn eða meiri rétt á sér eins og flestar þær brýr, sem taldar eru í III. kafla. Þessi á rennur langa leið um byggðir og er þó aðeins ein brú á henni, og ekki ætlazt til fleiri í frv. Svona má lengi telja. Þegar þvílíkt misræmi og ranglæti kemur fram, er vanvirða fyrir þingið að afgreiða slíkt. Ég skal játa það, að ég var fús til að fella III. kafla úr frv., svo að frsm. fór ekki með rétt mál um það atriði. Ég kýs miklu heldur enga áætlun en að ranglæti og misrétti skíni út úr henni. Og ég lýsi hér með yfir því, að ef ekki fást leiðréttingar á þeim kafla, mun ég leggja til við 3. umr., að hann falli niður.

Jónas Þorbergsson: Ég á brtt. á þskj. 360 um brýr á tvær ár í Dalasýslu, Miðá og Hörðudalsá, báðar á Skógstrandarleið. Ég býst við að flestir hv. þm. séu kunnugir staðháttum þarna og þessum leiðum. En það er almenningsálit vestra, að leggja verði veg af Vesturlandsvegi í Miðdölum og í Stykkishólm. Þessar ár eru báðar á þessari leið og báðar hinar mestu torfærur, einkum fyrir Skógstrendinga og Hörðudælinga, sem skipta við Búðardal og verða að sundleggja fé sitt í þeim á haustin. Enda banna þær með öllu bílferðir um Hörðudal og vestur á Skógarströnd. Ég vildi því eindregið óska þess, að hv. deild tæki þessar brýr upp í frv., því að þess mun ekki langt að bíða, að vegur verði lagður milli Stykkishólms og Vesturlandsbrautar, og þá verður óhjákvæmilegt að byggja þessar brýr.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég vil benda hv. þm. Dal. á, að brtt. hans á við III. kafla 2. gr., en ekki við 1. kafla þeirr-

ar gr. Vænti ég, að hann taki því till. aftur um sinn.

Ég veit vel, að þörfin fyrir brýr utan þjóðvega er víða mikil. En með frv. er stigið stórt spor á móts við héruðin, þar sem ákveðið er að ríkissjóður leggi fram allt að ¾ hlutum, en héruðin ¼. Í minu kjördæmi veit ég, að þetta muni verða mikill léttir, og svo mun víðar verða.

Út af ummælum hv. 2. þm. Rang., að við höfum afgr. málið, er hann var fjarverandi, er það að segja, að það var gert á þeim fundi af því að hæstv. atvmrh. hafði óskað eftir því við form. að málinu væri hraðað. Það er heldur ekki rétt með farið, að hv. þm. hafi ekki vantað nema á þennan eina fund, því að það hefir margoft komið fyrir.

Hv. þm. talaði um, að í frv. væri brú á á, sem ekki væri til, og átti þar víst við prentvillu í frv., Holtsá fyrir Hólsá. En hann má ekki djarft um tala, því að sjálfur ber hann fram brtt. um brú á á, sem ekki er til, Tunguá á Holtamannaafrétti (SvbH: Prentvilla!). Já, en hitt var líka misritað eða prentvilla.

Hv. þm. segir, að engar brýr séu áætlaðar í sínu kjördæmi eftir frv. (SvbH: Það hefi ég aldrei sagt). Jú, en hv. þm. þarf ekki annað en líta á frv. til að sjá þar 5 brýr í Rangárvallasýslu. Þetta fellur því niður af sjálfu sér. Hv. þm. kvaðst helzt leggja til, að III. kaflinn yrði felldur niður. Ég er honum sammála, að ekki saki svo mikið, þótt talsvert af brúm væri fellt úr honum, en öðrum er óhjákvæmilegt að halda, eins og brúm, sem tengja saman landshluta, en sýslurnar geta ekki ráðið við. Svo er um brúna á Jökusá á Fjöllum. Þeirri brú og reyndar fleirum í þeim kafla má alls ekki sleppa.

Það er rétt, að sumstaðar er gert ráð fyrir mörgum brúm á sama vatnsfallið. Við leggjum og til, að ein brú á Hvítá í Árnessýslu verði tekin út, en frv. samþ. með brtt. á þskj. 370.

Ég veit, að litla þýðingu hefir, þótt 30—40 brúm yrði hrúgað inn á III. kafla 2. gr. frv. í viðbót. Það myndi ekki flýta fyrir framkvæmdum. Hundruð brúa utan þjóðvega verða að bíða, unz fjárhagur ríkissjóðs og héraða leyfir að sinna þeim. En ég tel það þýðingarmesta atriði frv., að tillag ríkissjóðs hefir verið hækkað.

Jónas Þorbergsson: Ég mun taka þá leiðbeiningu hv. frsm. til greina að taka brtt. mína aftur til 3. umr. og bera þær þá fram við III. kafla. Brtt. voru miðaðar við, að þessi vegur yrði tekinn í þjóðvegatölu, enda veit ég, að svo verður gert strax og vegalögin verða samþ.

Sveinbjörn Högnason: Hv. frsm. segir, að ekki hafi verið farið á bak við mig um afgreiðslu málsins. Það getur hann sízt allra manna sagt, eða a. m. k. að ætlazt hafi verið til þess. Mér var ekki einu sinni sýnt nál. áður en það fór í prentsmiðjuna, og hefi ég þó vanizt, að svo væri gert, ef einhver nm. er fjarverandi á fundi, er slík ákvörðun er tekin. Þetta út af fyrir sig sýnir, að mótmæli hv. þm. koma í bága við raunveruleikann. Þá sagði hann, að mig hefði oftar vantað á fund en í þetta skipti. Við skulum þar láta fundarbækurnar tala sínu máli.

Hv. frsm. kvað nafnið á einni ánni hafa misritazt. En var það ekki skylda n. að sjá um, að ekki væri misritun í frv., sem hún var að afgreiða?

Ég sagði aldrei, að engin brú væri áætluð í mínu kjördæmi, heldur að þeim væri hrúgað á sama vatnsfallið annarsstaðar, en engin brú í III. kafla væri í Rangárvallasýslu.

Ég vil spyrja hv. frsm., hvort honum finnist þetta í raun og veru sæmileg áætlun fyrir hin næstu ár. Ég veit, að alstaðar er þörf fyrir brýrnar, en þegar slík áætlun er gerð, á þingið að líta víðar en í einn eða tvo staði. Hv. frsm. sagðist ekki vilja fella kaflann niður, en þó væru þær brýr, sem þar væru, engu betur komnar en hinar. Þegar þetta bætist nú við það ranglæti, sem í kaflanum felst, hika ég ekki við að leggja til, að hann verði felldur niður.

Jörundur Brynjólfsson: Það er engin furða, þótt menn láti þetta mál til sín taka, svo mjög sem það snertir samgöngumál hinna einstöku héraða. Mér finnst því ekki undarlegt, þótt raddir komi fram um endurbætur á þessu frv., þótt ég geti í aðalatriðum fallizt á skoðun hv. frsm.

Þó hygg ég, að þörf sé á að gera frekari ráðstafanir á stöku stað. Þannig get ég tekið undir með hv. 2. þm. Rang. um nauðsyn brúar á afrétti Holtamanna á veginum, er liggur norður Sprengisand. Menn verða oft að eiga í miklum brösum við að koma fénaði sínum á afrétt og lenda oft í miklum hrakningum.

Ég hygg því, að mjög vel væri til fallið hvað þessa brú snertir, sem hann hefir ásamt samþm. sínum borið hér fram, að hún kæmist inn í þetta frv. Bæði er það, eins og hann réttilega gat um, að þetta er á alfaravegi, en myndi verða mun fjölfarnara, ef brú væri komin á þetta mikla vatnsfall, auk þess, að þetta er, eins og tekið hefir verið fram, á leið til afréttar og oft mjög torvelt að komast yfir um. Hinsvegar get ég tekið undir það með hv. frsm. n., að ekki er vert að vera að hrúga inn í þetta frv. brúm á smáár, sem ekki kosta mikla fjármuni og ætlazt er til, að héruðin standi að mestu leyti sjálf straum af. Þó tel ég ekki vert, að þannig sé farið að, að samgmn. geri nú till. um, að tvær brýr á smáár séu felldar niður í þessu frv. og auk þess brú á Hvítá hjá Kiðjabergi. Ég hygg, að það sé af því, að hv. samgmn. þekki ekki til staðhátta þarna eystra, er hún gerir slíka till., eða hafi ekki fengið upplýsingar um nauðsynina til brúargerðarinnar. Í þessu efni er það ekki nægilegt, hversu **margar** brýr eru á einu vatnsfalli, heldur verður að hafa í huga, hversu umferð yfir vatnið er háttað. Þannig er ástatt, að ein einasta brú er yfir Hvítá (á Brúarhlöðum); brúin hjá Tryggvaskála er yfir Ölfusá. Þótt ekki skipti að vísu miklu máli, hvort nafnið er, þá er þessi brú neðst í byggðinni, en hin eina brú, sem er á Hvítá, er mjög ofarlega, eða skammt frá Gullfossi. Umferðin er að vísu mest yfir Ölfusárbrúna, en þó er einnig mikil umferð milli Biskupstungna og Hrunamannahrepps. Einnig koma margir ferðamenn til að sjá Gullfoss, fara inn í Þjórsárdal og austur um Fljótshlíð. Nú er gert ráð fyrir í þessu frv., að brú verði byggð á Iðu, og er það sökum þess, að Hvítá skiptir Grímsneslæknishéraði í tvennt, og er hún oft erfið yfirferðar að vetrarlagi og oft ómögulegt að komast yfir hana. Hefir það þrásinnis komið fyrir, að sækja hefir orðið lækni til Eyrarbakka, og það jafnvel innst innan úr Þjórsárdal. Að vetrarlagi er þetta mjög erfitt, því að ekki er hægt að koma bifreiðum við nema nokkurn hluta leiðarinnar. Tekur því oft langan tíma að sækja lækni, og þess vegna er það einmitt lagt til, að byggð verði brú á Iðu. Þess má geta, að ferðamenn munu fara mjög mikið um brúna, þegar hún er komin, þótt það sé fyrst og fremst vegna læknishéraðsins, að gert er ráð fyrir, að á þessi verði brúuð. Aðstaðan til brúargerðar er þarna mjög góð, klappir beggja vegna og brúin verður ekki löng. En hún kostar samt það mikla fjármuni, að ekki er á héraðsins færi að byggja hana.

Þá er einnig gert ráð fyrir í þessu frv., að brú verði byggð fyrir innan Bláfell. Ég skal fullkomlega viðurkenna, að hún er að nokkru leyti í þágu Biskupstungnamanna, sem eiga að sækja yfir Hvítá inn á afrétt sína, sem er mestmegnis innan við ána. En auk þess er brúin á Kjalvegi, sem er nú, þrátt fyrir hina miklu torfæru að komast yfir Hvítá, mjög fjölfarin. Get ég ekki betur séð en að það sé hin mesta nauðsyn að fá gerða brú á þessum stað. Þess má og geta, að mjög er fjölfarið inn á afrétt Biskupstungnamanna, sérstaklega að sumarlagi. Þangað er mikill ferðamannastraumur, en mikil hætta fyrir ókunnugt fólk að fara yfir Hvítá á þessum stað. Landslag er mjög fagurt fyrir innan Hvítá, og sækjast menn mjög eftir að koma þangað og eyða þar sumarleyfi sínu.

Um brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, sem samgmn. leggur til að sé numin burt úr frv., er nokkuð öðru máli að gegna. Frá Kiðjabergi er ekki mjög langt niður að brúnni, sem nú er. Ef ætlazt er til, að sú umferð, sem myndi verða um hina fyrirhuguðu brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, beinist yfir þá brú, sem ráðgerð er á Iðu, myndi það lengja veginn suður í Flóa um 40—50 km. Grímsnesbraut liggur hjá Seyðishólum í Grímsnesi, og kemur það oft fyrir, að á vetrum skeflir svo yfir veginn, að tekur fyrir alla bifreiðaumferð. Nú liggur vegurinn út Grímsnes eins og áður er sagt, og um brúna á Soginu, út með Ingólfsfjalli og niður um Ölfusárbrú að Tryggvaskála. Nú er í ráði, að Biskupstungnamenn, Grímsnesingar og

jafnvel Rangæingar, sérstaklega hinir fyrrnefndu, gerist þátttakendur í þeirri starfsemi, sem nú fer fram við Mjólkurbú Flóamanna. Er þetta ekki mjög tilfinnanleg vegalengd að sumarlagi, ef farið er út um Grímsnes og yfir Sogið, en að vetrarlagi er hún oft ófær. Frá Grímsnesbraut hjá Minniborg og niður að Kiðjabergi er sléttlendi og frá brúarstæðinu Flóamegin er að heita má bein lína í samband við þá vegi, sem verið er nú að leggja í Flóanum, og myndu geta orðið greiðfærar samgöngur að vetrarlagi um þann veg. Það er því þessum sveitum mjög brýn nauðsyn að fá brú hjá Kiðjabergi. En með því fyrirkomulagi, sem nú er, getur orðið algerlega ófært yfir ána, því að ferjustaður er þarna ekki góður. Auk þess sem vantar upphleyptan veg frá Hvítá og upp að Grímsnesbraut, er samgöngum þessum nauðsyn að fá brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, eins og óskað hefir verið eftir. En til viðbótar því, sem ég hefi tekið fram, má benda á, að væri brú þarna, þá myndu Grímsnesingar, sem hafa lítil engjalönd, en sauðfjárlönd mikil og góð kúabússkilyrði, sækja heyskap suður í Flóa, en það má telja lítt mögulegt eins og ástatt er nú. Ég vænti, að þegar hv. d. hefir heyrt þær ástæður, sem eru þess valdandi, að þessari brú var bætt í frv. í Ed., þá leyfi hún nú hinni fyrirhuguðu brú á Hvítá að standa áfram í frv. Ed. setti þessa brú inn í sökum þeirrar nauðsynjar, sem héraðsbúum er á því að fá þarna góða brú.

Ég skal ekki fjölyrða um málið frekar. Ég vona, að hv. d. líti á nauðsyn þess og fallist ekki á till. samgmn. um að fella þessa brú úr frv.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það verður sjálfsagt hægt að halda umr. um þetta mál áfram hér í d. í nokkra daga. Efalaust hafi allir hv. þdm. sömu söguna að segja úr sínum héruðum, að mikil nauðsyn sé á brúm. Aðalefni þessa frv. er einmitt þetta, að létta undir með héruðunum til þess að fá þessar brýr byggðar með miklu fjárframlagi úr ríkissjóði. Hv. 1. þm. Árn. viðurkenndi, að það væri ekkert sérstakt keppikefli að fá upptalningu á 100—200 brúm í III. kafla 2. gr., því að það er vitanlegt, að ekki verður ráðizt í nokkra framkvæmd á öllu því, sem þar stendur, eins og nú standa fjársakir. Og ég hygg óhætt að fullyrða, að ef gætt yrði svona hóflegs samræmis í byggingu nýrra brúa, þá verði aldrei á næstu 4—5 áratugum byggðar tvær brýr á Hvítá með jafnskömmu millibili og yrði milli brúnna hjá Iðu og Kiðjabergi. Af þessum ástæðum er sýnilegt, að hv. þm. getur ekki verið neitt kappsmál að fá þessar brýr taldar upp, nema til augnagamans fyrir sig og héraðsbúa, því að ég hygg, að þegar ráðizt verður verulega til framkvæmda í þessu efni, þá verði héruðin undir öllum kringumstæðum að taka þann bagga, sem þeim er ætlað að bera, ¼ af kostnaðinum. En sé veruleg þörf fyrir brýrnar, er héruðunum í langflestum tilfellum kleift að leggja fram ¼ kostnaðar. Ég undanskil hér samt Rangárvallasýslu, sem á ennþá fleiri vötn óbrúuð en t. d. Árnessýsla. Af þeim orsökum væri eðlilegra, að tekið væri upp í frv. eitthvað af hinum fyrirhuguðu brúm austan þjóðvegar í Rangárvallasýslu heldur en að bæta við í Árnessýslu. Það getur engan veginn réttlætt þessar brýr, að mikill ferðamannastraumur sé á þessu svæði. Eins og allir vita, er mest um ferðamenn um hásumarið, og þá er áhættulaust að fara yfir öll þessi vatnsföll; og þótt nota þyrfti ferju, þá er þar enginn tálmi fyrir menn, sem eru á skemmtiferðum, svo að ég myndi setja slíkar brýr aftur fyrir þær, sem nauðsynlegar eru innanhéraðssamgöngum, t. d. vöruflutningum o. þ. h. Ekki hygg ég, að ferðamannastraumur muni aukast mikið yfir fjallvegina Kjalveg og Stórasand, þegar fengið er sæmilegt bílvegasamband í sveitum landsins milli allra héraða Norður-, Suður- og Austurlands. Það er því ekkert nauðsynjamál fyrir viðkomandi héruð, hvort brýrnar standa í brúalögum eða ekki. Ég tel sjálfsagt, að þær brýr, sem héruðin leggja fram fé til að byggja, verði látnar ganga fyrir, því að það sýnir bezt nauðsynina fyrir brýrnar, ef héruðin vilja eitthvað á sig leggja til framkvæmdanna. Hinar brýrnar, sem ekki er lagt fé til frá héruðunum, eiga vissulega að koma á eftir. Ég undanskil þó Jökulsá á Fjöllum.

Það mun aðeins verða til þess að tefja

framkvæmdir við brúarbyggingar að setja óhæfilega mikið inn í III. kafla 2. gr., því að sýnilegt er, að minnstu af því verður komið í framkvæmd á næstu árum. Þá bíða menn í von um, að ríkissjóður taki á sig allan baggann, en sú von mun reynast löng í biðinni, og get ég hugsað mér að fá fleiri af þessum brúm undir IV. kafla, þar sem ákveðið er, að ríkissjóður leggi fram ¾ af kostnaði við byggingu brúnna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 160 teknar aftur.

— 370,1 samþ. án atkvgr.

— 370,2, við 2. tölul. samþ. með 12 : 5 atkv.

— 370,2 við 3. tölul., samþ. með 15 : 3 atkv.

— 370,2 við 15. tölul., samþ. með 14 : 5 atkv.

— 278, nýr 17. tölul., felld með 15 : 9 atkv.

— 278, nýr 18. tölul., felld með 13 : 5 atkv.

— 278, nýir 19.—20 tölul., felld með 13 : 4 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.

3.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 477, 478, 479, 505).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 505. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jónas Þorbergsson: Ég skal ekki lengja mikið umr. að þessu sinni. Ég flyt nú aftur brtt. þær, sem ég flutti við 2. umr., en tók þá aftur, af því að mér var bent á, að þær ættu frekar við 2. gr. laganna. Ég skal endurtaka það, að þessar till. eru því aðeins bornar fram, að framkvæmdanna er mjög mikil þörf fyrir þessi héruð, ár þær, sem þar eru teknar upp, eru mestu torfærur. Auk þess er óhugsandi, að á komist akvegur af Suðurlandsbraut til Stykkishólms, nema þessar ár verði brúaðar, en á þeirri samgöngubót er mjög mikil þörf, eins og kunnugt er.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég ber fram brtt. á þskj. 505, og get ég sagt um þær það sama og síðasti ræðumaður, að þær eru bornar fram af mikilli nauðsyn. Ein þessara áa er sjaldan reið nema um hásumarið, annars verður að sæta sjávarföllum og komast yfir hana á fjöru. Mér heyrðist á hv. dm. við 2. umr., að þeir hefðu í hyggju að bera fram margar brtt., því að vafalaust eru um allt land illfærar ár óbrúaðar. En ég sé ekki ástæðu til þess að láta ganga til atkv. um þessar brtt. mínar, því að ég vil ekki rjúfa það góða samkomulag, sem verið hefir í n. um þetta atriði, og því frekar, sem allir hv. dm., að undanskildum hv. þm. Dal., hafa látið sitja við hótanirnar frá 2. umr., og bera engar brtt. fram, og mun ég því taka brtt. mínar á þskj. 505 aftur. Ég held, að það sé aðeins til tafar að hrúga þessum ósköpum á III. kafla 2. gr. brúarlagafrv. Hér eru komin inn svo risavaxin fyrirtæki, að engin von er til þess, að sýslurnar rísi undir því að borga ¼ hluta þess kostnaðar. Ég vil þar nefna til Jökulsá á Fjöllum, sem áætlað er, að kosti 200 þús. kr., og hafa Norður- og Suður-Þingeyjarsýslur vafalaust ekki bolmagn til þess að standa undir ¼ hluta þess kostnaðar. Þessi brú er þó nauðsynleg til þess að tryggja vegarsamband við Austurland.

Jónas Þorbergsson: Hv. þm. N.-Ísf. virtist vera hneykslaður á því, að ég skyldi einn dm. verða til þess að bera fram brtt. við brúarlagafrv. nú. Hann virðist hafa borið sínar brtt. fram í þeim eina tilgangi að hrella mig, með því að taka þær svona hátíðlega áður. Ég skal taka það fram, að ég hefði áreiðanlega getað tínt á mitt skjal miklu fleiri ár en ég gerði, en ég tók aðeins þær, sem allramest nauðsynin var á. Samgöngur á og umhverfis Hvammsfjörð eru hinar ófullkomnustu bæði á sjó og landi. Væri á því ráðin veruleg bót með vegi milli Vesturlandsvegar og Stykkishólms. En

sú vegarbót er ekki hugsanleg án brúa á fyrrnefndar ár.

Þótt ég skilji afstöðu hv. samgmn. og hv. þm. N.-Ísf., hefi ég hugsað mér að taka till. mínar ekki aftur, af því að mér hefir verið uppálagt af mínum kjósendum að fylgja þessu máli eins fast fram og hægt væri.

Sveinn Ólafsson: Ég vil geta þess út af brtt. á þskj. 479, að þegar þetta mál var afgr. frá n., varð það að samkomulagi, að einstakir nm. féllu frá brtt. sínum, og voru þó sumar þeirra alls ekki smávægilegar. Þetta samkomulag í n. náðist einmitt vegna þess, að í 4. lið 1. gr. er gert ráð fyrir, að þau vötn, sem ekki eru talin í frv. þessu, geti tiltölulega auðveldlega komizt að samhliða þeim, sem nú eru talin, ef héruðin vilja eitthvað til vinna. Ég held, að hv. þm. Dal. hefði átt að láta sér nægja þessa huggun eins og við hinir, sem höfum dregið til baka till. um nýjar brýr, sem brýn nauðsyn er þó á, að komist inn í brúarlögin og byggðar verði fljótlega. Hv. þm. Dal. lét í ljós, að hann mundi ekki taka brtt. sínar aftur, eins og hv. frsm. n. gerði að sínu leyti og aðrir nm. hafa gert. Ég vonast enn til þess, að hann geri þetta, þótt ekki væri af öðrum ástæðum en þeim, að fylgja fordæmi n. í þessu máli. En vilji hann ekki falla frá þeim, mun ég greiða atkv. gegn þeim, því að ég sé enga ástæðu til þess að gera þessum smáám hærra undir höfði en öllum þeim fjölda illfærra vatnsfalla, sem bíða óbrúuð víðsvegar um land.

ATKVGR.

Brtt. 479,a—b felld með 14 : 2 atkv.
— 478 felld með 13 : 3 atkv.
— 505 teknar aftur.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 477).

Á 62. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 477, 543, 547).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 543 og 547. Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. hefir tekið þeim breyt. í Nd., að úr því hafa verið felldir þeir viðaukar, sem komust inn í það hér í þessari d., og liggur frv. því eins fyrir nú og það upphaflega var frá hendi vegamálastjóra, er það var lagt fyrir þingið.

Ég sé, að hér liggja fyrir tvær brtt. á þskj. 543 og 547, þar sem lagt er til, að upp í frv. verði aftur teknar þær brýr, sem hér voru áður samþ. og felldar voru úr frv. í Nd., og standa sömu menn að þessum till. og áður. Vil ég taka það fram, að við hv. 2. þm. S.-M., sem skipum meiri hl. í samgmn. í þessu máli, ráðum deildinni eindregið frá að samþykkja þessar till., eins og við enda einnig gerðum, þegar málið lá hér fyrir áður. Frv. virðist muni geta orðið að miklu liði eins og það er, ef það nær fram að ganga, og er því ekki rétt að vera að hrekja það milli deilda, enda þá nokkur hætta á því, að málið dagi uppi eða verði jafnvel fellt. Um þessar brtt. er og það að segja, að þótt nokkur dráttur verði á því, að umræddar brýr komist í brúarlögin, þarf sá dráttur ekki að verða því til hindrunar, að þessi mannvirki komist jafnskjótt í framkvæmd fyrir því, en það eru þó litlar líkur til þess, að ráðizt verði í þessar framkvæmdir á næstu árum, en hinsvegar sennilegt, að ekki líði mörg ár þar til nýjum brúm verður bætt í brúarlögin, og þá mundu þessar brýr koma með, enda þetta þá betur undirbúið. Með því að samþykkja þessar brtt. er frv. hinsvegar stefnt í tvísýnu, eins og ég áður sagði, og þar sem ekki eru líkur til þess, að það muni tefja fyrir þessum mannvirkjum, þótt þau séu ekki tekin í brúarlögin nú, vildi ég því eindregið ráða d. til þess að fella þessar till.

Magnús Torfason: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við frv. á þskj. 543, en með þessari brtt. er ekki farið í sama far og með þeirri brtt., sem ég flutti hér fyrr við þetta frv. Er ekki ætlazt til þess, að ríkissjóði stafi aukinn kostnaður af þessari till., því að svo er ráð fyrir gert, að hún komi í staðinn fyrir aðra brú, sem fyrir er í frv., þannig, að í staðinn fyrir að samkv. frv. á að brúa Hvítá hjá Iðu, fer till. mín fram á, að áin verði

brúuð hjá Kiðjabergi, og er þetta gert í samræmi við óskir og álit manna í Árnessýslu. Komst ég að því á síðasta sýslufundi, að meiri hl. Árnesinga leggur meiri áherzlu á að fá brúna þarna en hjá Iðu, og jafnvel þeir menn, sem búa þar í nágrenninu, létu svo um mælt við mig, að þeir gætu ekki verið svo rangsnúnir, enda þótt þeim kæmi vel að fá brú á ána hjá Iðu, að þeir ekki viðurkenndu, að meiri þörf væri á brú á ána hjá Kiðjabergi, enda gætu þeir náð til læknis í Laugarás, sem stendur á krikanum milli Hvítár, þar sem áin beygir í horn, með því að fara á ferju yfir ána hjá Iðu eða hjá Auðsholti. Að vísu er erfitt að komast yfir ána á vetrum, en með því að fara yfir Laxárbrúna er hægt að komast inn í Hrunamannahrepp án þess að þurfa að fara yfir Hvítá. Jafnframt er þarna ágætur staður fyrir kláfferju, sem getur dugað, því að þessi brú yrði ekki á kaupstaðavegi, heldur aðeins fyrir ferðalanga, og héraðsbúa að því leyti, sem hún mundi létta undir með læknisvitjanir. Ég býst og við því, að hv. d. muni geta fallizt á, að rétt sé að láta Árnesinga ráða því, hvar þeir vilja hafa brúna, og að d. muni því fremur samþ. þetta, þar sem með því væri að því stuðlað, að þýðingarmikil brú kæmi í brúarlögin.

Hv. frsm. skoraði á d. að breyta frv. í engu, og taldi hann, að frv. væri hætt í Nd., ef farið væri að breyta því hér nú. Get ég ekki skilið, að svo verði. Ég hefi ekki ástæðu til að ætla annað en að Nd. mundi sætta sig við þessa litlu brtt.; sérstaklega hefi ég þó ekki ástæðu til að ætla, að hv. samþm. minn muni setja sig á móti þessu, og það því fremur, sem það er álit manna þar eystra, sem mundu koma til með að nota Iðubrúna, að lítið sé varið í að fá brúna inn í brúarlögin, af því að brúin muni aldrei fást, en ef hinsvegar verður tekin upp kláfferja þarna, gerir það að verkum, að hún fengist strax. (**JónÞ:** Er ekki kláfferja hjá Iðu?). Nei, þar er aðeins dragferja, og aðallega notuð, þegar ná þarf í lækni eða um kirkjuferðir er að ræða.

Að því er það snertir að láta þessa brú bíða, þá er því til að svara, að svo var látið um mælt við fyrri meðferð þessa máls hér í d., og ég held, að það hafi verið endurtekið í Nd., að svo væri til ætlazt, að þetta væri áætlun, sem gilda ætti um 10 næstu ár, og er það langur biðtími fyrir svo nauðsynlega brú sem þessi er. Þá hefir og verið lögð áherzla á það, að samþykkja bæri frv. óbreytt eins og það væri komið frá hendi vegamálastjóra, en þótt hann sé góður maður og gott að eiga við hann samvinnu, eru verk hans þó varla svo alfullkomin og óbreytanleg, að Alþingi megi þar engu við hagga, og a. m. k. kemur það í bága við þá skoðun, sem kom fram hér í d. í sambandi við næsta mál hér á undan á dagskrá, þar sem nauðsynlegt var talið að láta fara fram rannsókn á vinnuhjálp forstjóranna við hinar ýmsu stofnanir ríkisins.

Ég hefi þessi orð ekki fleiri, en leyfi mér að vænta þess, að d. taki þessu máli vel.

Halldór Steinsson: Ég flyt hér nú aftur þær brtt., sem ég flutti hér við fyrri meðferð málsins í deildinni og samþ. voru hér þá með miklum meiri hl. atkv. Hefir Nd. fellt þær brýr, sem brtt. mínar fjalla um, út úr frv., og því fer ég nú fram á, að þær verði aftur teknar upp í frv.

Ég get ekki fallizt á það hjá hv. frsm., að frv. sé stefnt í voða, þótt þessar brtt. verði samþ. Ef ekki verða gerðar aðrar breyt. á frv. en hér liggja nú fyrir, þykist ég vita með vissu, að Nd. muni ganga að frv. eins og það kæmi til hennar aftur.

Hv. frsm. sagði, að ekki væri neinn skaði skeður, þó að þessar brýr kæmust ekki inn í frv. nú, af því að það mundi ekki tefja fyrir byggingu þeirra, þ. e., að þótt brýrnar væru settar í brúarlögin, mundu þær ekki verða byggðar í bráð fyrir því. En þetta má með sama rétti segja um allar brýr í frv., og eru þetta því fremur lítilmótlegar ástæður, enda vona ég fastlega, að d. verði sjálfri sér samkvæm og samþykki þessar brtt., sem hafa fengið samþykki mikils meiri hl. d. nú þrjú þing í röð.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég skil það vel, að þessir hv. þm., sem hér hafa talað, vilji halda fram brtt. sínum sem áður. Það er ekki nema fullkomlega eðlilegt frá þeirra sjónarmiði. En ég vildi leiðrétta misskilning, sem kom fram í

ræðu hv. þm. Snæf. Ég sagði, að þessi d. væri búin á 3 þingum að samþ. þessa breyt. Ég held því, að þetta sé misgáningur hjá hv. þm. Mig minnir það, að þegar brúarlögin lágu fyrir vetrarþinginu í fyrra, þá færi frv. gegnum þessa d. án þess að nokkur breyt. væri samþ. við það og án þess að nokkur brtt. væri borin fram. Ég vildi aðeins benda á, að d. hlýtur á þeim tíma að hafa hallazt að því að láta frv. fara gegnum þingið án þess að þessi till. stæði þar. Hv. þm. sagðist ekki sjá, að frv. væri neinn voði búinn, þó það færi aftur til Nd. og till. samþ. þar, ef ekki yrði um fleiri samþ. till. að ræða. En ég er hræddur um, að hættan í Nd. stafi af því, að ef þessi till. verður samþ., þá hlyti Nd. líka að samþ. fjölda margar aðrar till. (**MT:** Í minni till. felst engin viðbót). Nei, en það er vafasamt, hvort till. er ekki jafnhættuleg fyrir það. Frv. er nú gengið gegnum Nd. og kjördæmi hv. 2. þm. Árn., og það er líka fulltrúi í Nd., sem er áhrifamaður þar, og lítur út fyrir, að hann vilji hafa frv. eins og það er, en hv. 2. þm. Árn. vill breyta því. Annars vil ég ekkert þrátta um þetta. Þetta liggur opið fyrir hv. dm. og þeir munu átta sig á því, hvort þeir vilja samþ. það eða ekki. En ég endurtek það, að þeir, sem vilja frv. í heild vel, eiga nokkuð á hættu, ef þeir samþ. þessa brtt. nú.

Magnús Torfason: Ég vil aðeins standa upp til þess að mótmæla því harðlega að nokkur kritur sé á milli okkar samþm. út af þessu máli. Ég get lýst yfir því, að á þingmálafundum í vetur, þar sem lögð var áherzla á þetta mál, lýsti hv. samþm. minn því yfir skýrt og skorinort, að hann vildi gera allt, sem hann gæti, til þess að þetta kæmi inn í brúarlög, svo mér dettur ekki í hug, að hann reyni að setja fótinn fyrir málið, ef það kæmi fyrir Nd.

Jón Þorláksson: Mér er ómögulegt að fylgja hv. 2. þm. Árn. í því að vilja fella brúna á Hvítá úr þessu frv., en ég vil enn sem fyrr styðja hann í því að fá tekna inn brúna á Hvítá, ekki hjá Kiðjabergi, heldur nálægt Kiðjabergi. Ég ætla að leyfa mér, ef forseti vill bera það undir d., að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 543, sem felur þetta í sér.

Magnús Torfason: Ég stend upp til þess að lýsa því yfir, að ég get stutt þessa till., og til þess að benda hv. dm. á, að þó hin brúin standi, þá stendur hún þar eins og saklaust prjál og punt í l., því að við getum verið viss um, að sú brú kemst ekki á meðan við, sem hér erum, erum á lífi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 564) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 547 samþ. með 8 : 5 atkv.
-- 564 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 543, svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 565).

Á 66. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 565, 604).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): N. leggur til, eins og sjá má á þskj. 604, að viðaukar þeir, sem hv. Ed. hefir gert við frv., verði felldir niður, og frv. komið í sama horf og það var, er það fór héðan úr d. fyrir skömmu.

Hannes Jónsson: Mér sýnist ráð að láta sitja við það, sem hv. Ed. hefir gert. Þeir, sem vilja styðja að framkvæmd þessa máls, munu áreiðanlega sætta sig við þá afgreiðslu. Ef nú á enn að fara að breyta frv., fer það í Sþ., og er óséð um afdrif þess þar. Ég mun því greiða atkv. með frv. óbreyttu, og á móti öllum brtt., og vona, að sem flestir hv. þdm. geri það sama.

ATKVGR.

Brtt. 604 felldar með 11 : 7 atkv.

Frv. samþ. með 16 : 5 atkv., og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 626).

13. Brunabótafélag Íslands.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um Brunabótafélag Íslands (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 : 1 atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. var á ferðinni á þinginu 1930 og 1931. Hygg ég, að stafað hafi af tímaleysi en ekki andstöðu, að það náði á hvorugu þinginu samþykki. Á frv. hafa nú verið gerðar smábreyt. í samráði við stjórn sjóðsins. Vona ég, að eigi verði um þær ágreiningur og að málið nái afgreiðslu á þessu þingi. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 144).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. að mestu shlj. þessu hefir legið fyrir Alþingi 1930 og 1931 og þá borið fram í hv. Nd. og komst svo langt, að hv. d. samþ. það. Upphaflega er frv. samið af forstjóra Brunabótafélags Íslands með aðstoð manns, er mikla kunnugleika hefir á tryggingarmálum. Að þessu sinni er frv. borið fram af hæstv. stj. Hefir það áður gengið í gegnum hv. Nd. og verið athugað þar.

Helztu breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir á núgildandi l. um Brunabótafélag Íslands, eru þá þessar:

Í fyrsta lagi er tryggingarskyldan færð nokkuð út frá því, sem nú er, eins og 3. gr. frv. ber með sér, þar sem gert er ráð fyrir, að tryggingarskyldan nái einnig til íbúðarhúsa utan kaupstaða og kauptúna, en slíkar byggingar hafa áður verið í sérstökum flokki.

Í annan máta gerir frv. ráð fyrir, að sá hluti tryggingarskyldra eigna, sem áður hefir verið í sjálfsábyrgð, falli burt og að öll virðingarupphæð eignarinnar sé tryggð.

Þá er samkv. 4. gr. heimild til þess að tryggja lausafé, svo sem verzlunarvörur, skip eða báta á landi eða í höfn. Loks má minna á, að frv. opnar þá leið, að Brunabótafélag Íslands geti með tímanum tekið að sér brunabótatryggingar hér í Reykjavík, ef samningar um það nást; þó verður það sennilega ekki í bráð.

En af því að nú hefir verið fært nokkuð út verksvið félagsins að því leyti, að sveitabæir eru tryggingarskyldir og félaginu einnig heimilt að tryggja lausafé, þá leiðir af sjálfu sér, að áhættan er mismunandi mikil, og er tryggingunum því skipt í þrjá flokka og gildir þá samábyrgð innan hvers flokks fyrir sig.

Ég hefi þá með örfáum orðum drepið á þær helztu breyt., sem frv. þetta fer fram á, að gerðar séu á núgildandi lögum. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í hinar einstöku gr. frv., nema það sem brtt. n. á þskj. 144 gefa tilefni til.

Ég skal þá með nokkrum orðum víkja að brtt. Þær eru 8 að tölu og að mestu leyti lagfæringar eða leiðréttingar, en breyta að mjög litlu leyti efni frv.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. (**Forsrh.:** Á hún ekki við 3. gr.?). Jú, þetta er prentvilla; hér stendur við 1. gr., en á vitanlega að vera við 3. gr. og verður leiðrétt milli umr. Í frv. er ætlazt til, að skyldutrygging hvíli á geymsluhúsum, sem byggð eru áföst íbúðarhúsum. Nú er það svo allvíða í sveitum, að t. d. hlöður og gripahús eru byggð áföst íbúðarhúsinu og eru því í sameiginlegri brunahættu. N. þótti því rétt, þegar um slíkar sambyggingar er að ræða, að skyldutrygging hvíli á þeim öllum í sameiningu, og því er bætt við upptalninguna gripahúsum og hlöðum. Að vísu má segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en þó þótti réttara að láta þetta koma skýrt fram í lögunum.

Þá er það 2. brtt., og er hún við 5. gr. Eins og hún kemur fyrir sjónir býst ég við, að flestir líti á hana sem orðabreyt., en hún er um leið nokkur efnisbreyt. Það kom fram í n., að sumir nm. töldu rétt að hafa opna leið fyrir félagið, svo að það

gæti látið fara fram virðing á því, sem vátryggt er, eftir að tjón hefir orðið og áður en greitt er. En eins og frv. tekur fram, tryggir félagið alla virðingarupphæðina, og geta þá verið þau tilfelli, að verðmæti eigna hafi breytzt frá því virðingin var gerð. Með breytingunni er því ætlazt til, að félagið geti látið fara fram mat á eftir, og miðast þá tryggingin við allt verð húsanna.

Þriðja brtt. er við 8. gr. og aðeins leiðrétting. Hafði það verið leiðrétt í hv. Nd. í fyrra, en af vangá ekki tekið upp, þegar frv. var prentað nú.

Fjórða brtt. er aðeins lagfæring. Hefir þetta atriði verið borið undir forstjóra Brunabótafélagsins, og hefir hann ekki aðeins fallizt á það, heldur talið sjálfsagt að koma þessari breyt. inn í lögin.

Um 5. brtt. er sama að segja og 3. brtt., að hún er leiðrétting á prentvillu. Hv. Nd. hafði á þinginu 1931 samþ. að fella niður 12. gr. frv., en þegar frv. var prentað upp af nýju, hafði þessi gr. slæðzt með, og er því lagt til að nema hana á burt.

Þá er það 6. brtt., við 17. gr.; hún er eins og hinar aðrar aðeins til frekari skýringar. Það leiðir af sjálfu sér, að fastan gjalddaga verður aðeins hægt að ákveða á iðgjöldum þeirra fasteigna, sem eru í skyldutryggingu. En þar sem ekki er um skyldutryggingu að ræða eða aðeins um heimild, eins og t. d. um tryggingu lausafjár, þá þótti n. ekki fært að ákveða með lögum fastan gjalddaga, enda óþarft, því að í þeim tilfellum verður iðgjaldið ætíð greitt fyrirfram.

Sjöunda brtt. er fram komin vegna þess, að í frv. eru engin ákvæði um endurskoðun á ársreikningi félagsins. N. taldi rétt að hafa ákvæði um endurskoðun í sjálfum lögunum og tók til fyrirmyndar ákvæðið um endurskoðun í lögunum um slysatryggingar. Virtist n. það sambærilegt, þar sem báðar þessar stofnanir eru undir sömu stjórn.

Þá er það 8. og síðasta brtt., sem fer fram á að orða upp af nýju 21. gr. Þessi brtt. get ég búizt við, að valda kunni einhverjum ágreiningi. Frv. gerir ráð fyrir, að hreppsnefndum í sveitum sé skylt að annast umboðsstörf fyrir félagið gegn tilsvarandi ómakslaunum og umboðsmenn félagsins hafa. Þetta kann nú að vera kostur, en ókostur verður það samt að teljast, að umboðsmenn félagsins verða óþarflega margir á þennan hátt. Víða hagar svo til, þar sem félagið hefir nú þegar umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, að þeir gætu auðveldlega bætt á sig nærliggjandi sveitum. N. leit því svo á, að með því að hafa þetta óbundið sparaði félagið umboðslaun og þá yrði starfið svo mikið, að umboðsmennirnir gætu vænzt nokkurrar þóknunar, án þess þó að félagið þyrfti meira að greiða en áður, á meðan þóknunin skiptist margra á milli.

Hinsvegar má kannast við, að það kunni að vera nokkur styrkur fyrir félagið að hafa í lögum, að hreppsnefndir séu skyldar að annast þessi umboðsstörf. En ég óttast ekki, að í vandræðum lendi að fá þessi störf unnin, þó að vissum mönnum sé ekki skipað með lögum að inna þau af hendi. Í hreppsnefndum eiga venjulega sæti 3—5 menn, og eftir lögunum hvílir umboðsstarfið á allri hreppsnefndinni, en mundi í framkvæmdinni aðallega lenda á oddvitanum. Borgunin fyrir starfið mundi því verða óverulega lág, ef um einn hrepp er að ræða, og ekki rétt að skylda þá menn, er hreppsnefndina skipa, til þess að hafa það með höndum, eða íþyngja oddvitanum að óþörfu. Félaginu mundi ekki verða nein skotaskuld úr því að fá umboðsmenn í sveitum eins og í kauptúnum. En með því að sameina fleiri hreppa gæti einn umboðsmann munað dálítið um launin, en félagið tapar engu í við það.

Þá hefi ég lýst að nokkru brtt. n. En einn nm., hv. 1. landsk., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, en hann gildir ekki um þær brtt., sem n. hefir borið fram. Að vísu er mér kunnugt um, í hverju sá fyrirvari er fólginn, en tel ekki ástæðu til að skýra frá því að svo stöddu. En þess vil ég geta að endingu, að meiri hl. n. ræður hv. d. fastlega til að samþ. frv. með þeim brtt., sem bornar eru fram á þskj. 144.

Jón Þorláksson: Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að ég er samþykkur brtt. á þskj. 144, en hefi þó skrifað undir nál. með fyrirvara. Og í þeim fyrirvara fellst aðallega tvennt: Í fyrsta lagi álít ég frv.

svo illa úr garði búið og óvandvirknislega samið, að ég tel fulla nauðsyn á, að það væri vandlega athugað og um það fjallað af tryggingarfróðum manni. Ég treysti okkur í n. ekki til þess að hafa gætur á öllu því, sem þarf að lagfæra, svo að frv. verði gallalaust. Flestar brtt. n. eru aðeins lagfæringar á auðsæjum missmíðum frv., og tel ég því, að geti verið um fleiri missmíði að ræða frá sjónarmiði fróðra manna um þessi mál. Þess vegna er ég ragur við að greiða atkv. með frv. út úr hv. d. áður en það er athugað af slíkum manni eða mönnum. Þetta er þá fyrra atriðið í fyrirvara mínum.

Hitt atriði fyrirvarans á við 7. gr. frv., eða ákvæðin um endurtryggingar og samtryggingar félagsins hjá öðrum brunabótafélögum. Í núgildandi lögum um Brunabótafélag Íslands er svo ákveðið, að félagið endurtryggi það, sem einstakar vátryggingar, er félagið tekur að sér, fer fram úr 10 þús. kr., með hluttöku sveitarfélagsins í ábyrgðinni, en án hluttöku sveitarfélagsins endurtryggir félagið það, sem fer fram úr 7 þús. kr.

Nú mun þetta hafa verið svo í framkvæmdinni, að félagið endurtryggir helming upphæðarinnar, allt að 20 þús. kr., en með ákvæðum 7. gr. er farið fram á, að félagið hafi eigin ábyrgð á öllum steinhúsum, sem tryggð eru fyrir 20 þús. krónur og timburhúsum, sem tryggð eru fyrir 15 þús. kr.

Þetta þýðir það, að í mörgum þorpum, þar sem sambyggð hús eru, geta þau öll verið í hættu og brunnið í einu, og lendir þá skaðinn að mestu leyti á eigin ábyrgð félagsins, því að gera má ráð fyrir, að í flestum þorpum séu það aðeins fá hús í slíkum sambyggingum, sem fara fram yfir þá tryggingarupphæð, sem ákveðið er með frv., að þurfi að vera til þess, að endurtryggingar sé leitað hjá öðrum félögum. Þetta þykir mér afarógætilega farið og felli mig ekki við það, á meðan ekki liggja fyrir nægilegar rannsóknir um áhættu félagsins í þessu efni. Hér ber þess vel að gæta, að þótt litið sé svo á undir venjulegum kringumstæðum, að hver húseign sé í brunahættu út af fyrir sig og tryggingu út af fyrir sig, þá eru þær þó í brunahættu hver frá annari, þar sem þéttbýli er og hættan því sameiginleg.

Mér er gefin sú skýring á þessari ráðabreytni, að það sé álit núv. ráðamanna félagsins, að það beri halla af of miklum endurtryggingum, félagið mundi græða meira, ef endurtryggingarnar væru meira takmarkaðar. Þetta er hinn sami hugsunarháttur og hjá þeim einstaklingi, sem léti vera að vátryggja eignir sínar til þess að græða meira. Fyrir félagið er það hið sama að vera ekki endurtryggt sem fyrir einstaklinginn að vera óvátryggður og bera sjálfur hættuna.

Ég veit ekki, hvort félaginu hefir tekizt að fá endurtryggingu með sanngjörnum kjörum. Það gekk í fyrstu erfiðlega að fá endurtryggingu, því að tryggingarstarfsemi í nálægum löndum var þá, og er sjálfsagt enn, að mestu í höndum einkafyrirtækja, er litu þetta ríkisfyrirtæki ómildum augum. Samt fékkst hún og hefir haldizt hjá sama félaginu frá upphafi. Ef nú Brunabótafélagið telur sig tapa á endurtryggingunni, þá geta legið til þess tvær ástæður. Önnur sú, að lánið hafi svo fylgt félaginu, að stór óhöpp hafi ekki viljað til. Hitt gæti líka verið, að félagið nyti ekki sanngjarnra kjara við endurtrygginguna.

Ég er ófús á að auka áhættuna stórum frá því, sem hún hingað til hefir verið. Ef endurtryggingin er félaginu í óhag nú, þá vil ég vinna að því að fá hagkvæmari samninga. Nú, eftir 15—17 ára starf, ætti félaginu að vera auðveldara að ná góðum samningum við skiptavini sína en þegar það fyrst fór af stað. Sérstaklega ætti það að reynast unnt, ef endurtryggingin hefir hingað til verið rekin með mjög góðum hagnaði.

Ég tel vert að gefa þessu atriði sérstakan gaum. Það er mjög stórvægilegt, og þar sem ríkið ber ábyrgð á félaginu, ef illa fer, þá er það sérstök skylda ríkisins að gæta þess, að það endurtryggi gætilega, að áhætta félagsins takmarkist við það, sem því er sjálfu viðráðanlegt.

Fyrir utan þessi tvö atriði, sem fyrirvari minn einkum beinist að, vil ég minna á, að með frv. er fellt niður það ákvæði laganna frá 1915, sem býður að setja félaginu fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfélaganna og vátryggjenda, þegar

það er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75000 kr. Tilætlunin hefir verið þá að hliðra sér hjá þessari nokkuð umsvifamiklu tilhögun, meðan vöxtur félagsins var enn lítill. En nú, þegar félagið er tekið að eflast, er farið fram á að fella ákvæðið burt, í stað þess að framkvæma það. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að félagsmenn hafi nein áhrif á stjórn fyrirtækisins. Ég dreg það í efa, að þessi stofnun verði réttnefnd félag, ef þetta frv. verður að lögum. Það er ekkert annað en sameiginleg ábyrgð, sem bindur félagana saman. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Við 3. umr. mun ég koma fram með brtt. við 7. gr., sem miðar að því, að takmarka áhættu félagsins og ríkisins.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er vel, að horfur eru nú á, að mál þetta fái afgreiðslu. Það er áreiðanlegt, að það er orðin full þörf á nýrri löggjöf um þetta efni. Mér þykir vænt um afgr. hv. n. og ég tel brtt. hennar til bóta. Eins og kom fram hjá hv. frsm., þá hafa orðið nokkur mistök á frv. í prentun.

Ég hygg, að það sé ástæðulaus ótti hjá hv. 1. landsk., að frv. sé ekki nægilega undirbúið. Það er samið af forstjóra Brunabótafélagsins og síðan yfirfarið af skrifstofustjóra í atvmrn. Ég er ekki í vafa um, að hann hefir vandað til þess verks. Hvort eitthvað megi um það bæta, það skal ég ekkert segja um, en yfirleitt hygg ég, að frv. hafi fengið forsvaranlega vandaðan undirbúning.

Um endurtrygginguna skal ég ekki mikið þala; ég er enginn sérfræðingur á því sviði. Það er atriði, sem hv. Alþingi verður að meta, hvað mikið af tryggingunum beri að taka á innlendar herðar og hvað mikið eigi að endurtryggja erlendis. Mér finnst ekkert ósennilegt, að við nú, eftir 15 ára starf, getum orðið dálítið óháðari erlendum tryggingarstofnunum en við vorum í byrjun. Það er sjálfstæðismál okkar að losa félagið smátt og smátt við þessa erlendu skattgreiðslu. Það er ef til vill of stórt spor stigið í frv. í þá átt; það get ég ekki sagt um. En það ætti að mega athuga betur í sambandi við þá brtt., sem hv. 1. landsk. hefir boðað, að hann flytji við 3. umr.

Viðvíkjandi þeirri yfirstjórn, sem bollalögð er í lögunum frá 1915, þá er það af fjárhagslegum ástæðum, að lagt er til að fella það ákvæði niður. Slík yfirstjórn getur komið til mála síðar, þegar félaginu vex fiskur um hrygg. Og ef það þykir rétt að setja félaginu umsvifameiri stjórn, þá er það ekki útilokað, þótt ekki sé gert ráð fyrir því í frv.

Magnús Torfason: Um þetta síðasta atriði, niðurfelling á sérstökum trúnaðarmönnum fyrir sveitarfélögin, þá vil ég ekki segja, að þar sé svo miklu sleppt. Ég hefi aldrei heyrt orð í þá áttina, að þeirra væri saknað.

Ég skal heldur ekki dæma um það, hve vel sé gengið frá frv. Það ætti þó varla að vera slíkt handahófsverk, að ekki megi við það una, þar sem lögin voru til áður og hér er aðeins um einstakar breytingar að ræða.

En ég vil sérstaklega vekja athygli á því — út af því sem rætt hefir verið hér um endurtryggingarnar og áhættu félagsins sjálfs —, að mér virðist, að með lítilli breyt. á 7. gr. þurfi ekkert að óttast í því efni. Í upphafi 7. gr. segir: „Félagið leitar endurtryggingar“ o. s. frv. Ef í stað þess er sagt: „Félagið **skal** leita“ o. s. frv., þá er þar með sagt, að félagið getur leitað meiri endurtrygginga, ef því svo sýnist. Að því er þetta atriði snertir, þá er leitt, að hér eru ekki fyrir hendi skýrslur um áhættu þá, er fylgir þessum endurtryggingum. Mér er ókunnugt um það, hvort slíkar skýrslur eru til, en ef n. gæti náð í þær, til að geta betur áttað sig á því, hvað í húfi er, held ég, að það væri ástæða til þess að taka málið út af dagskrá og fresta umr., þar til málið er betur athugað.

Jón Jónsson: Hér er um merkilegt mál að ræða, og þótt ég því miður hafi ekki getað kynnt mér það enn, því að ég vissi ekki, að það var á dagskrá í dag, fyrr en ég kom nú á fundinn, þá vil ég þó minna á eitt atriði.

Í frv. er tryggingarskyldan færð út. Samkv. 3. gr. er skyldutrygging fyrirskipuð á íbúðarhúsum í sveitum ásamt geymsluhúsum, sem þeim eru áföst, og í brtt. n. er þetta heldur fært út og tekin

með gripahús og hlöður. Það, sem gera þarf sér grein fyrir, er annarsvegar, hvaða nauðsyn er á þessu, hinsvegar, hvað þetta leggur á landsfólkið. Svo er fyrir að þakka, að brunar eru afarfátíðir í sveitum. A. m. k. lítur landsfólkið svo á, að þeir séu ekki mjög alvarlegir. — Skömmu eftir aldamót voru samþ. heimildarlög um brunabótasjóði í sveitum. Nú, eftir 20—30 ár, eru þeir ekki ennþá komnir á í meira en ¼ af sveitum landsins í mesta lagi. Af þessu er það ljóst, að landsfólkið lítur ekki mjög alvarlega á þessa hluti. Það getur vel verið, að með vaxandi lánanotkun sveitamanna aukist vátryggingar. En þar eru þó ekki óhjákvæmileg skilyrði, og margir hafa þegar veðsett jarðir sínar án þess að vátryggja húsin. En þess er ekki að dyljast, að sveitamenn, sem litlu hafa úr að spila, dregur það nokkuð, sem þeir þurfa að borga í iðgjöld. Ég ætla, að það verði ekki hátt áætlað 20—30 kr. á ári. Ástæður sveitafólksins eru ekki betri en það, að það verður að hugsa sig um það áður en það lætur 20—30 kr. úti. Ég tel það álitamál, hvort rétt sé að demba skyldutryggingu á sveitirnar þegar í stað. Ég býst við, að það komi sérstaklega illa við menn nú í kreppunni. — En ég hefi ekki ennþá fullráðið það við mig, hvort ég fylgi frv. óbreyttu í þessu atriði. Ég mun athuga það nánar til 3. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um aths. þær, er hv. 1. landsk. hreyfði. Ég get látið það bíða að mestu til 3. umr., þegar brtt. hans verða komnar fram, og tel það eiga betur við en að fara að ræða það nú.

Út af því, sem hv. 2. þm. Árn. lagði til, að taka málið af dagskrá nú, til að afla upplýsinga um, hvað endurtryggingin hefði haft mikil útgjöld af brunatjóni hér á landi, þá verð ég að viðurkenna, að fyrir n. hafa ekki legið slíkar upplýsingar, en ég sé ekki betur en að málið megi afgreiða nú frá 2. umr. og leita þeirra upplýsinga milli umr.

Hvað snertir aths. hv. 3. landsk. út af því nýmæli frv. að lögleiða skyldutryggingu í sveitum, þá vil ég benda á, að það er misskilningur, ef hann heldur, að hægt sé í lánsstofnunum að fá lán út á óvátryggðar eignir. **(JónJ:** Það er hægt út á jarðir). Það kann að vera, út á jarðirnar húsalausar, en þá að sjálfsögðu ekki eins hátt eins og væru jarðarhúsin vátryggð. Ég vil benda á, að í flestum sveitum er mikill fjöldi íbúðarhúsa vátryggður, en þau viðskipti ná bara ekki öll til Brunabótafélags Íslands. Það er ástæða til að innleiða hér skyldutryggingu. Ef það er hagkvæmara að vátryggja hús í kaupstöðum, þá ætti það líka að vera hagkvæmara fyrir sveitamenn. Það er mesti misskilningur, að brunar í sveitum séu miklu ótíðari en í kaupstöðum. Ég gæti trúað, að það væri alveg gagnstætt. Fyrir þessu má að ég hygg færa sönnur, ef lagt er til grundvallar það fjármagn, sem stendur í byggingum í sveitum og bæjum, að þá eru brunar tíðari í sveitum en kaupstöðum. Það er að vísu ekki hægt að neita því, að iðgjöldin eru talsverður skattur á bændur, en á það ber þó að líta, að mjög margir þeirra greiða þann skatt nú, a. m. k. allir þeir, sem taka hafa orðið lán út á eignir sínar. Og hinum er líka áreiðanlega fyrir beztu að tryggja húseignir sínar.

Hv. 3. landsk. sagði, að fólki væri engin alvara með að notfæra sér lög um þetta. Sæist það bezt af því, að fá sveitarfélög hefðu komið á hjá sér brunabótasamþykkt. En þetta sannar einmitt, að menn hafa ekki enn fengið opin augu fyrir nauðsyn þessa máls og því lítið hafizt handa, nema þar, sem utanaðkomandi áhrif hafa neytt bændur til að tryggja. Er því kominn tími til að lögleiða skyldutryggingar, líka í sveitum.

Ég sé ekki, að ástæða sé til vegna meiri hl. n. að rökræða þetta meir að sinni. Vil ég mælast til, að þessari umr. verði lokið nú. Má taka til athugunar þær aths., sem fram hafa komið í umr., á milli 2. og 3. umr.

Forseti (GÓ): Það hefir komið fram till. um, að umr. þessa frv. verði frestað og málið tekið út af dagskrá. Vil ég bera það undir hv. d.

Magnús Torfason: Þar sem því hefir verið lofað af hv. frsm., að málið verði

athugað til 3. umr., get ég fallið frá því, að þessari umr. verði frestað.

Jón Þorláksson: Það er dálítill misskilningur, sem kom fram í þeirri hugsun hæstv. forsrh., að það sé sjálfstæðismál, að Brunabótafélag Íslands sé sem óháðast endurtryggingarfélögum. Sjálfstæði félagsins er einmitt í því fólgið að kaupa sem mest áhættuna frá sér yfir á önnur félög. Þetta er einmitt hið sérkennilega við þennan félagsskap. Einstaklingurinn tryggir sjálfstæði sitt með því að kaupa tryggingu fyrir líf eða eignir hjá öðrum. En brunabótafélag tryggir sig aftur fyrir stórfelldum fjárútlátum með því að endurtryggja hjá öðrum félögum. Ef okkar félög vildu fara sömu leið og erlend félög og standa þeim jafnfætis, þá ættu þau að taka hjá þeim til endurtryggingar jafnháa fjárhæð og við endurtryggjum hjá þeim. Það gæti verið sjálfstæðismál, en liggur utan við þessar umr.

Ummæli hæstv. forsrh. benda til þess, að stj. væri ekki vel ljóst, í hvaða smiðju hefði verið farið með samningu þessa frv. Það kom að vísu fram, að forstöðumaður Brunabótafélags Íslands hefði séð um samningu þess, en skrifstofustjóri í stjórnarráðinu síðan lesið það yfir. Nú vil ég engar brigður á það bera, að forstöðumaður brunabótafélagsins hafi kynnt sér þessi mál allýtarlega. En þó er hvorttveggja, að hann hefir enga sérmenntun hlotið á þessu sviði, og auk þess er frv. samið fyrir nokkuð löngu, einmitt áður en hann var búinn að fá mikla reynslu í starfinu. Um skrifstofustjórann er það að segja, að hann þekkir ekkert sérstaklega til þessara mála, fram yfir það, sem hver gegn og menntaður maður getur aflað sér vitneskju um svona yfirleitt. Og ég hefði ekki fundið ástæðu til þess að kvarta um það í n., að frv. væri ekki undirbúið af nægri sérþekkingu, ef ég hefði ekki litið svo á, að í því efni bæri að gera meiri kröfur en þær, sem skrifstofustjórinn gæti uppfyllt. Ég hefi nú verið svo léttúðugur að lofa því að koma með brtt. við 7. gr. frv. við 3. umr. Mér er það ljóst, að n. er ekki svo úr garði gerð, að hún sé fær um að dæma um, hver sé hæfileg endurtrygging hjá félaginu, svo að það fullnægi viðurkenndum kröfum á því sviði. Ég veit, að ég er a. m. k. enginn sérfræðingur á því sviði. En ef frv. er borið undir fagmann, þá mundi hann, eftir að hafa athugað hag félagsins og hættu þá, er því stafar af tryggingunum, geta sagt upp á hár, hversu því bæri að haga sér um endurtryggingar, eftir þeim viðurkenndu reglum, sem til eru um þetta.

Ég mun því leyfa mér að taka upp till. um, að umr. verði frestað og frv. afhent sérfræðingi til athugunar. Enda þótt ég sé nú dauður í þessu máli, vil ég samt, að álit hans geti komið hér til athugunar áður en gengið verður til atkv. við 2. umr. frv.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég get tekið undir með hv. 1. landsk. Mér er kunnugt um það, að sérfræðingur í þessari grein hefir töluvert við frv. að athuga. Hann hefir einmitt eitthvað um það fjallað, en þess er þó ekki neitt getið í grg. frv., en hv. frsm. drap víst lauslega á það, en gat ekki hins, að þessi sérfræðingur er frv. ósammála í verulegum atriðum. Í því sambandi skal ég sérstaklega geta um eitt atriði, þar sem breytt er frá fyrri stefnu. En það er ákvæðið um, að félagið hafi ótakmarkaða heimild til að tryggja lausafé, hvort sem endurvátrygging á því fæst eða ekki. Áður voru ströng ákvæði um sjálfsábyrgð, endurtryggingu o. fl., en nú er öllu þessu sleppt. Það virðist vera svo, að það sé aðeins gróðahugsun, sem liggur á bak við samningu frv., en sáralítið hugsað um áhættuna. Með lausafé eru taldar verzlunarvörur. Er þó allundarlega að orði komizt, þar sem gera skal skrá yfir lausafé, verzlunarvörur þar með taldar. En yfir þær er vitanlega ekki hægt að gera skrá, sem stenzt stundinni lengur.

Þessi sérfræðingur, er ég gat um, telur sig ósamdóma því, að rétt sé, að brunabótafélagið hafi slíkar ótakmarkaðar tryggingar með höndum, þar sem áhættan fyrir ríkið og þá, sem samábyrgir eru samkv. frv., yrði allt of mikil. Af þessum ástæðum get ég tekið undir till. hv. 1. landsk. um, að frv. sé fengið sérfræðingi í hendur til umsagnar.

Einar Árnason: Mér þykir framkoma hv. 1. landsk. í þessu máli næsta undar-

leg. Það mun nú vera fullur mánuður síðan frv. þetta var afgr. til n., og hefir hv. þm. haft málið þar til athugunar allan þann tíma. Nú fyrst kemur hv. þm. fram með það, að frv. sé nú máske tóm endileysa frá upphafi til enda, og vill því stöðva umr. og senda frv. einhverjum sérfræðingi til álita.

Hv. 1. landsk. segist sjálfur enginn sérfræðingur vera á sviði tryggingarmálanna og kveður sig ekkert vit hafa á þessu. Er það vafalaust rétt og mér dettur ekki í hug að heimta slíka þekkingu af honum. En þetta er hv. þm. engin afsökun fyrir framkomu sinni í málinu. Hann er, eins og ég gat um, búinn að hafa heilan mánuð til athugunar á frv. Og frv. er samið fyrir 2—3 árum. Það hefir legið fyrir Nd. og n. þar haft það til athugunar. Og nú fyrst, tveim árum eftir að frv. er samið, og mánuði eftir að það kemur til n., sem hv. 1. landsk. á sæti í, kemur það fyrst upp úr kafinu, að frv. sé tóm endileysa og geti verið hættulegt í mikilsverðum atriðum. Ég segi eins og hv. 1. landsk., að ég hefi ekki sérþekkingu á þessum málum. En ég taldi mig mega treysta því, að forstjóri brunabótafél. hefði sett sig inn í þessi mál. Og það veit ég, að hann hefir gert. Hann hefir lagt mikla vinnu í frv. og leitað álits margra manna um það. Og ég hugði, að hann myndi kunna að meta áhættuna, þar sem brunabótafélagið er búið að starfa lengi og því fengizt mikil reynsla um, hver áhætta fylgir tryggingunum.

Mér þykir skaði, ef þessi aðferð, að fara nú að fresta umr., verður til þess að stöðva framgang málsins á þessu þingi. Frv. þetta stefnir áreiðanlega í rétta átt og er sjálfstæðismál fyrir okkur Íslendinga, hvað sem hv. 1. landsk. segir. Það er áreiðanlega horfandi í það fyrir okkur, hvort við greiðum meiri eða minni fjárhæðir til útlendra tryggingarfélaga. Þeir peningar, sem á þann hátt eru greiddir út úr landinu fram yfir það, sem þörf er á, koma aldrei aftur. Er því nauðsyn vegna þess og annara ákvæða frv. að koma þessum málum í lag sem fyrst. Ég stóð ekki upp til annars en þess að láta í ljós undrun mína og óánægju yfir því, að hv. 1. landsk. skyldi ekki nota þann mánaðartíma, sem n. hefir haft málið til athugunar, til þess að leita sér upplýsinga um málið, sem hann þá hefði getað byggt á álit sitt og borið það og brtt. sínar fram við þessa umr., í stað þess að vilja nú tefja fyrir málinu með því að fresta umr.

Jón Þorláksson: Ég vil ekki liggja undir því ámæli hv. 2. þm. Eyf., að framkoma mín í þessu máli hafi verið önnur í n. en sú, sem nú hefir komið fram í deildinni. Ég orðaði einmitt þá skoðun mína í n., að leita þyrfti umsagnar sérfróðs manns um þessi mál. En sú málaleitun mín fékk engar undirtektir hjá hv. meðnm. mínum. Hið eina, sem mætti álasa mér fyrir, er það, að ég ekki bar till. um þetta fram í n. og lét fella hana. En í n. fékk þessi málaleitun mín engar undirtektir.

Forseti (GÓ): Vegna framkominnar till. frá hv. 1. landsk. um að fresta umr. um þetta frv., ber ég undir hv. d., hvort hún fellst á að umr. sé frestað.

ATKVGR.
Samþ. að fresta umr. með 8:2 atkv.

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 10, n. 144, 267, 291).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 291. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Samkv. því, sem fram kom við fyrri hl. þessarar umr., hefir fjhn. tekið frv. aftur til athugunar, sérstaklega með það fyrir augum að fá um það umsögn sérfræðings. Hefir n. kallað á sinn fund Brynjólf Stefánsson tryggingarfræðing. N. átti allýtarlegt samtal við hann, og tjáði hann sig fúsan til að gefa n. leiðbeiningar og sagðist telja ástæðu til að breyta nokkrum atriðum í frv. Síðan sendi hann n. tillögur um breytingar, sem hún svo tók til athugunar á fundi og varð sammála um að leggja fyrir hv. d. Að vísu eru brtt. ekki alveg óbreyttar frá því, sem hann lagði til, en aðalefni þeirra hefir n. ekki raskað.

Ég skal taka það fram að því er mig snertir, að þó ég sæi mér ekki fært að

leggja á móti því, að þessar brtt. verði samþykktar, get ég ekki neitað því, að sumar þeirra finnst mér ganga í þá átt að þrengja verksvið félagsins. Ég vil þó ekki ganga algerlega fram hjá því, sem sérfróður maður í þessu efni leggur til.

Ég skal þá víkja með örfáum orðum að hverri einstakri brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj. 267.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv. og er þess efnis að fella niður orðin „og í Reykjavík, ef um semst". Þessi brtt. er ekki fram komin vegna þess, að sérfræðingurinn eða n. álíti, að nokkuð væri í veginum fyrir því, að Brunabótafélag Íslands taki að sér brunatryggingar hér í Rvík, þegar tími er til kominn og félagið hefir aðstöðu til þess, heldur vegna þess, að þegar þar að kemur, er gefin sök, að það verður að gerast með lögum. Þess vegna er sú heimild, sem í frv. er til þess að brunabótafélagið megi taka að sér brunatryggingarnar í Rvík, þýðingarlaus, nema þá til að benda á, að að því skuli stefna. Það má segja, að það sakaði ekki, þótt þessi heimild stæði í lögunum, en það væri frekar tilgangslítið, þar sem sérstaka löggjöf þarf til þess hvort sem er, að framkvæmd geti hafizt á þessu sviði.

Þá er hér brtt. við 4. gr. Er greinin þar orðuð um og um leið nokkuð breytt efni hennar. Þar er gert ráð fyrir, að einn og sami sjóður verði fyrir fasteignatryggingar og lausafjártryggingar í sveitum, og n. var öll sammála um, að það mundi vera fullt svo heppilegt fyrirkomulag sem það, er frv. gerir ráð fyrir. — 3. brtt. má segja, að sé framhald af 2. brtt. Hún gerir ráð fyrir, að aðeins verði tveir tryggingarflokkar, og er þannig bein afleiðing af breyt. á 4. gr. frv.

Þá er 4. brtt., við 7. gr. frv. Hún virðist í fljótu bragði ekki vera mikil efnisbreyt., en er það þó í raun og veru. Þar er tekið skýrara fram en gert er í frv., hvað sé áhættueining. Upphæð sú, sem ákveðið er, að félaginu sé heimilt að láta ekki endurtryggja, er hin sama í frv. og brtt., en þess ber að gæta, að eftir brtt. á að vera innifalið í upphæðinni það lausafé, sem kann að vera tryggt í sambandi við fasteignirnar, og það gerir ekki svo lítinn mun. Ég skal geta þess, að Brynjólfur Stefánsson tók fram, að eftir fjárhag félagsins nú teldi hann fullforsvaranlegt, að það hefði á eigin ábyrgð þá upphæð, sem brtt. tiltekur.

6. brtt. er afleiðing af 2. og 3. brtt. á þessu þskj. — Síðasta brtt., sú 7., er bara leiðrétting. Í frv. hafði láðst að taka með lög, sem felldu úr gildi lögin frá 1919, en þarna er þeim bætt við.

Ég hefi áður farið út í brtt. n. þær fyrri, og sé ekki ástæðu til þess að bæta við það nú. Hér á fundinum hafa komið fram brtt. frá hv. 3. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. Eins og gefur að skilja, hefir n. ekki getað athugað þessar brtt., og ég vil því, fyrir hönd n., mælast til þess, að flm. taki þessar brtt. aftur til 3. umr., svo að n. gefist tóm til að athuga þær. Það er erfitt að taka endanlega afstöðu til brtt., sem koma svona fram á sama fundi og greiða skal atkv. um þær. Ég tel því heppilegra, að þær komi ekki til atkv. í þetta sinn.

Jón Jónsson: Ég vil geta þess, að við tveir dm. flytjum hér brtt. á þskj. 291, sem er mjög í samræmi við það, sem ég hefi áður sagt í þessu máli. Ég tel varhugavert að smella á allt í einu skyldutryggingum á sveitabæi. Nú er það svo, að aðeins ¼ hluti af bæjum landsins hefir notað sér lögin um vátryggingu sveitabæja.

Auðvitað tel ég æskilegt, að öll hús á landinu væru vátryggð; ég fer því ekki lengra í þessum brtt. en að framkvæmdum laganna verði frestað. Ég vil í því sambandi benda á, að svo virðist, sem ekki sé eins mikil þörf brunatryggingar í sveitum og kaupstöðum, því að brunar eru þar miklu fátíðari. En eftir ósk hv. frsm. mun ég taka brtt. aftur til 3. umr.

Brtt. á þskj. 267 finnst mér skipta mjög miklu máli. Ég skil ekki í, hvers vegna ætti að útiloka Rvík frá þessum lögum.

Áður en ég lýk máli mínu, vildi ég spyrjast fyrir um, hvort þessi vátrygging næði einnig til bruna á heyi af völdum heyhita.

Jón Þorláksson: Ég vildi taka það fram, út af aths. hv. 3. landsk. um brtt. á þskj. 267, að í henni á ekki að felast nein böndun gegn því, að Rvík gangi í Brunabótafélag Íslands, ef samkomulag næst milli bæjarstjórnar Rvíkur og forráða-

manns brunabótafélagsins. En þetta getur ekki orðið, nema ný lög komi til. En ég vil lýsa yfir því, að geti Rvíkurbær fengið eins góð tryggingarkjör hjá þessu íslenzka félagi og erlendum viðskiptamönnum, skal ekki standa á mér að fylgja því máli fram. Ef félag þetta hefir nægilegar endurtryggingar, sem ég held, að nú sé nógu vel frá gengið með brtt. nefndarinnar, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að Rvík noti það fremur erlendum félögum.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég ætla aðeins að svara fyrirspurn frá hv. 3 landsk. um það, hvort ákvæðin í 2. brtt., við 4 gr., næðu líka til heybruna, sem kæmi af hitun í heyinu sjálfu. Ég tel slíkt tvímælalaust vera aðeins reglugerðaratriði, og því óþarfi að taka það fram í lögunum sjálfum. En ég held, að slíkur bruni heyri ekki undir tryggingar sem þessar, fremur en í öðrum tilfellum, þegar kenna má vanrækslu manna um íkveikjuna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 267,1 samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 144,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 291 tekin aftur til 3. umr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 267,2 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 144,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 267,3 (ný 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 267,4 (ný 7. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 144,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 144,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 144,5 (12 gr. falli burt) samþ. með 8 shlj. atkv.

13.—15. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 267,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 144,6 samþ. með 8 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

18.—19. gr. verða 17.—18. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

20. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 144,7 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 144,8 (ný 21. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 267,6 (23. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.

24.—25. gr. (verða 23.—24. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 267,7 samþ. með 8 shlj. atkv.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Ed., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 299, 291, 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 333. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þegar fjhn. afgreiddi frv. þetta til 3. umr., þá voru tvö atriði í því, sem n. hefði ekki tekið lokaákvörðun um. Það var þó aðallega við 22. gr. frv., síðari málsgr., þar sem ákveðið er, að brunabótasjóðir sveitabæja og annara húsa utan kauptúna samkv. 1. gr. laga nr. 35, 27. júní 1921, skuli mynda tryggingarsjóði sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna. Hitt atriðið var um það, hvernig fé brunabótasjóðsins skyldi ávaxtað. Um þessi atriði hafði n. ekki tekið endanlega ákvörðun. Ennfremur er rétt að geta þess, að brtt. hv. 3. landsk. og hv. þm. A.-Húnv., sem þá var tekin aftur til 3. umr. að ósk n., var einnig tekin til athugunar í n. á milli umr. N. hefir nú tekið þessi atriði öll fyrir til endanlegrar ályktunar og hefir borið fram brtt. á

þskj. 333. Skal ég víkja að þeim nánar. Er þá fyrst brtt. við 3. gr. Hv. 3. landsk. og hv. þm. A.-Húnv. höfðu í brtt. þeirri, er þeir frestuðu til 3. umr., lagt það til, að skyldutrygging utan kaupstaða og kauptúna gengi ekki í gildi fyrr en frá 1. jan. 1935. Fjhn. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að veita frest um framkvæmd þessa atriðis og féllst á, að svo yrði gert. En henni þótti réttara að binda þetta við gjalddaga félagsins, þann sem ákveðið er um í frv., og leggur því til, að skyldutryggingin að því er ofangreint atriði snertir gangi í gildi 15. okt. 1934. En um leið og þetta var gert þótti n. rétt að orða gr. um, en efnisbreyt. er þó ekki önnur en þessi.

2. brtt. n., við 6. gr., er aðeins lagfæring á gr. Það er lagt til, að fellt verði niður orð, sem telja má, að hafi verið nokkurskonar eftirlegukind í frv. frá 2. umr.

Þá kemur 3. brtt., við 20. gr. N. hafði rætt þetta nokkuð áður, en ekki gert till. um, hversu því skyldi ráðið. En það er atriðið um það, hversu sjóðir félagsins skuli geymdir og ávaxtaðir. Um þetta er nú ekki mikið að segja, þó nokkur meiningamunur kunni að vera um þetta. En rétt er þó að ákveða eitthvað um það í lögunum. Ég tel þau ákvæði um ávöxtun sjóðanna, sem nefndir eru í brtt. n., nægilega rúm, svo að þau muni ekki hefta starfsemi brunabótafélagsins. Hér kemur sérstaklega til athugunar síðasta málsgr. þessarar brtt., þar sem heimilað er, með samþ. atvmrh. í hvert sinn, að verja fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau eru á einhvern hátt til stuðnings starfsemi félagsins. N. hafði sérstaklega í huga lán til kaupstaða og kauptúna, sem væru veitt til þess að treysta brunavarnir þeirra. Þetta hefir verið nokkuð gert, og því verður ekki neitað, að slíkt er ekki lítils virði fyrir félagið, ef það má lána nokkuð út á annað borð. Það er gott að fá skaða bættan, en hitt er þó meira virði, bæði fyrir sjóðinn og líka fyrir tryggjendur, að fyrirbyggja bruna.

Þá kemur 4. brtt., við 22. gr. Um þetta atriði, hvort rétt væri með þessum l. að ákveða, að brunabótasjóðir, sem myndazt hafa samkv. l. frá 1921, skuli teknir og afhentir Brunabótafélagi Íslands sem tryggingarsjóður sveitabæja utan kaupstaða og kauptúna, bárust n. kvartanir utan af landi. Forráðamenn brunabótafélaga sveitanna líta svo á, að þeir sjóðir, sem þannig hafa myndazt, séu eign viðkomandi hreppsfélags. Án þess að n. vilji leggja fullnaðardóm á, hversu réttmætt þetta er, þá telur hún þetta þó varhugavert og vill ekki leggja til, að þetta ákvæði frv. verði lögfest. Ég skal játa það, að frá mínu leikmanns sjónarmiði get ég ekki betur séð en að með ákvæði frv. sé verið að ráðstafa eign hreppsfélaga, sem óvíst er, að löggjafarvaldinu sé heimilt. Auk þess munu hreppsfélögin líta svo á, að þegar lögleidd verður skyldutrygging í öllum hreppsfélögum landsins, þá ætti, ef þetta ákvæði stendur, að gera þeim hreppsfélögum að skyldu, er þá byrja að tryggja í brunabótafélaginu, að leggja fram tilsvarandi stofnsjóðstillög. En ég hygg, að allir geti orðið sammála mér um það, að sú kvöð er alveg fráleit. Við getum gert okkur ofurlítið ljósari grein fyrir þessu, er við athugum það, að eftir núgildandi l. er hverjum hreppi það frjálst, hvort hann kemur á fót hjá sér brunabótasamþykkt eða ekki, og að menn mega ganga úr félaginu, ef þeir tryggja annarsstaðar. Það hefir komið fyrir, að þetta hefir verið gert, að menn hafa farið til annara félaga með tryggingr sínar, svo brunabótafélag sveitarinnar hefir lagzt niður. Í því tilfelli hafa sjóðir þeirra runnið til sveitarsjóðsins. Ég held því, að ákvörðun n. viðvíkjandi niðurstöðu 22. gr. frv. sé rétt eins og sakir standa. Hitt er einnig rétt, að það væri hagur fyrir brunabótafélagið að eignast þessa sjóði. Þeir munu nú samanlagðir nema um 50 þús. kr. Það má því segja, að þessi ákvörðun n., ef samþ. verður, ryri tryggingu brunabótafélagsins fyrir þessum auknu og nýju tryggingum í sveitunum. Þetta er satt, en þó er nú miklu álitlegra heldur en þegar brunabótafélagið var sett á stofn og hafði ekki að bakhjarli nema takmarkaða ábyrgð. Ríkissjóði hafa á þeim tíma, sem það er búið að starfa, safnazt allverulegir sjóðir. Ég hygg, að sá hluti sjóðsins, sem er fyrir kaupstaði og kauptún, nemi nú orðið um millj. kr. og hinn sameiginlegi sjóður sveitaið-

gjalda fyrir áhættu brunabótafélagsins er nú á annað hundrað þús. kr. Ég álít því ekki, að hér sé um óforsvaranlega áhættu að ræða, og vona, að þó að brtt. þessar komi ekki fyrr en við 3. umr., þá líti hv. deild svo á, að þær séu réttmætar og að þær nái samþykki. Tel ég þá forsvaranlega frá frv. gengið.

Ég hefi farið um þetta nokkuð mörgum orðum. Ég vildi, að það kæmi eins skýrt fram eins og mér væri unnt, hvernig á þessum brtt. stendur og hvernig n. hefir litið á þetta atriði. Um síðustu brtt. þarf ég ekki að ræða. Hún er aðeins afleiðing af brtt. við 3. gr. frv.

Þarf ég svo ekki að skýra þetta nánar. Ég geri ráð fyrir, að svo verði litið á af einhverjum hv. þdm., að fjhn. hafi verið nokkuð lengi með þetta mál. Ég skal ekki neita því, að svo sé, enda hefir n. lagt allmikinn tíma í að athuga frv. og gera það sem bezt úr garði. Ég hygg, að Brunabótafélag Íslands sé og eigi að verða ein af mestu nytjastofnunum þessa lands. Er því nauðsyn að ganga vel frá þeim l., er það á að starfa eftir. Það er heldur ekki ólíklegt, að ýmsir hv. dm. kannist við það, að fjhn. hafi lagt mikla vinnu í frv., enda komið með margar brtt. Samstarf n. um þetta mál hefir verið hið ákjósanlegasta. Allir hafa viljað tryggja sem bezt bæði hag viðskiptamannanna og félagsins í framtíðinni.

Þótt brtt. fjhn. kæmi nú á síðustu stundu og ef til vill einhverjum að óvörum, þá vona ég, þó að ég hafi máske ekki skýrt efni þeirra vel, að þær séu svo ljósar sjálfar, að hv. dm. átti sig skjótlega á efni þeirra og séu viðbúnir að greiða um þær atkv. Vona ég, að þær verði samþ. og frv. að því loknu samþ. til Nd. og að það geti orðið að l. á þessu þingi.

Ég vil geta þess, að fjhn. hefir átt tal við forstjóra brunabótafélagsins um þessar brtt. Taldi hann þær flestar eða allar viðunandi. Og þótt hann væri ekki sammála n. um 4. brtt., þá féllst hann samt á rök fjhn. Er það og von, að forstjórinn sé heldur á móti því, að rýrðar séu tekjuvonir og eignir félagsins, að því leyti sem forsvaranlegt væri að krefja þær. Ég læt svo við þetta sitja. Vonast ég til, að hv. deild fallist á brtt. og samþ. frv.

ATKVGR.

Brtt. 291 tekin aftur.

— 333,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 333,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 333,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 333,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 333,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 345).

Á 47. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 397, 413).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Fyrir hönd n. hefi ég ekki annað að segja en það, sem stendur í nál. Frv. þetta hefir legið fyrir 2 síðustu þingum og í bæði skiptin hefir það verið lagt fyrir neðri deild og hefir komizt það lengst að verða samþ. hér í deildinni. Hefir það svo lent í þeim flokki málanna í Ed., sem ekki hafa verið afgr. Nú var það lagt fyrir hv. Ed., og fékk fjhn. þar það til meðferðar. Hún fékk aftur sérfróðan mann í tryggingarmálum til þess að athuga það með sér. Var því breytt í Ed. um minniháttar atriði og ekki að öllu leyti til bóta, en heldur sér í aðalatriðunum, sem mestu máli skipta, og var afgr. með shlj. atkv.

Eins og hv. dm. munu hafa tekið eftir, þá er komin fram brtt. við frv. á þskj. 413, þess efnis, að ákveða skuli, að brunabótasjóðir sveitafélaga skuli verða þeirra eign og þá megi ekki skerða án samþykkis sýslunefndar. Ég veit nú ekki, hvort flm. og aðrir dm. hafa athugað, að eins og frv. er nú, er beinlínis ætlazt til, að brunabótasjóðir sveitarfélaganna verði þeirra eign. Brtt. er því óþörf hvað þetta snertir. Hitt atriðið, að ekki megi skerða sjóðina nema með samþykki

sýslunefnda, hygg ég, að einnig megi teljast óþarft, vegna þess, að svo mun ákveðið í sveitarstjórnarlögunum, að sveitarfélögin megi ekki skerða eignir sínar eða innstæðufé nema með samþykki sýslunefndar. Það er því algerlega óþarft að hrekja málið á milli d. vegna brtt. þessarar. En það gæti beinlínis orðið til þess, að það næði ekki fram að gegna á þessu þingi, því að eins og kunnugt er liggur fjöldi mála fyrir þinginu, og er því ekki hægt að vita, hvað af þeim verður afgr., ef á annað borð er farið að hrekja þau á milli deilda, og það algerlega að óþörfu. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það við hv. flm brtt. þessarar, að þeir taki hana aftur, þar sem hún verður að teljast óþörf eða a. m. k. þýðingarlítil.

Bjarni Ásgeirsson: Ég get látið gleði mína í ljós yfir því, að mál þetta, sem á undanförnum þingum hefir verið í hrakningum, skuli nú vera komið svo langt, að útlit er fyrir, að það verði að lögum. Það er því alls ekki af því, að við hv. 2. þm. Skagf. viljum leggja stein í götu þess, að við höfum borið fram þessa brtt., heldur þvert á móti. Ég hefi reynt að kynna mér, hvort brtt. þessi, ef samþ. yrði, gæti orðið frv. að fjörtjóni í Ed., og komizt að þeirri niðurstöðu, að á því væri engin hætta. Að við höfum borið hana fram, er sökum þess, að við álitum ákvæði um brunabótasjóði sveitarfélaganna nokkuð óákveðin og svífandi, svo að nauðsyn bæri til að slá því föstu um þá, að þeir yrðu eign hlutaðeigandi sveitarfélaga, og eins að trygga það með eftirliti sýslunefndar, að þeir yrðu ekki að eyðslueyri nema brýna þörf bæri til, frekar en aðrar eignir sveitarfélaganna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og hv. frsm. gat um, þá hefir mál þetta verði lengi á döfinni hér á Alþingi, og nú eru loks horfur á, að það fái afgreiðslu. Það gekk í gegnum mikinn hreinsunareld í Ed., og hygg ég, að það sé forsvaranlega gengið frá því.

Þeir hv. þm. Mýr og hv. 2. þm. Skagf. hafa borið fram brtt. við það, sem hv. frsm. hefir sýnt fram á, að sé með öllu óþörf. Vil ég því taka undir með honum um það, að flm. hennar taki hana aftur, til þess að ekki þurfi að fara að hrekja málið á milli deilda hennar vegna.

ATKVGR.

Brtt. 413 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345, 413).

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi orðið of seinn fyrir með þessa brtt., en vil þó skýra efni hennar nánar. Nú hefir forstjóri Brunabótafél. svo að segja einræði um stj. þess, en í slysatryggingarlögum er gert ráð fyrir sameiginlegri stj. tryggingarstofnana ríkisins. Hefi ég gert þá till., að með forstjóranum komi gæzlustjórar, því að mér finnst það varhugavert, að hann hafi ekki meðstjórnendur með sér, þó að ekki sé verið að vantreysta núv. framkvæmdarstjóra. Er það illa viðeigandi að svo sé í sumum stofnunum, en öðrum ekki, því að þar er þá eftirlitið með miðstjórninni sama og ekkert. Vænti ég, að þetta verði athugað í Ed., þegar þangað kemur.

Magnús Guðmundsson: Ég er meðflm. að till. á þskj. 413, og mér skildist á hv. frsm., að hann andmælti henni af því, að hún væri óþörf. En ég gat ekki skilið af orðum hv. frsm., að svo væri. Það vakti fyrir okkur að tryggja það, að brunabótasjóðir þessir verði ávallt eign sveitafélaganna, og ef hv. frsm. getur sýnt, að það sé ótvírætt samkv. frv., þá get ég tekið till. aftur, en annars ekki.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég vil fyrst út af aths. hv. 3. þm. Reykv., geta þess, að þegar ég í upphafi afgreiddi tillögur mínar til breyt. á lögum brunabótafélagsins til ríkisstjórnarinnar gerði ég ráð fyrir 2 meðstjórnendum með framkvæmdarstjóra, en ríkisstj. þótti ekki ástæða til að taka þá till. til greina. Ég get verið hv. 3. þm. Reykv. sammála um það, að eðlilegast sé, að höfð sé sameig-

inleg stjórn allra deilda tryggingarstofnunar ríkisins. Til þess að það gæti orðið þarf að breyta þeim lögum. Má það heppilegt teljast, að ein sameiginleg stjórn sé fyrir allar deildir tryggingastofnunarinnar, en hitt er óþarft og óþarflega umsvifamikið og kostnaðarsamt að hafa 3 manna stjórn fyrir hverja deild. En til þess að þetta geti orðið, þarf sem sagt að breyta l. um tryggingastofnanir.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 413 vil ég endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., að hún er óþörf, því að í l. brunabótasjóða sveitarfélaganna er beinlínis ákveðið, að sérsjóðirnir séu eign sveitarfélaganna. Þessir sjóðir eru í vörzlum héraðanna og heita brunabótasjóðir þess og þess hrepps, og hafa aldrei verið sameinaðir hinum sameiginlega brunabótasjóði sveitarfélaganna. **(MG:** Hvar stendur það í frv., að svo sé?). Það segir ekkert um það í þessu frv. Í þessu frv. var beinlínis gert ráð fyrir því upphaflega, að brunabótasjóðir sveitarfélaganna ásamt hinum sameiginlega sjóði skyldu halda áfram að vera trygging fyrir deildinni fyrir brunatryggingar í sveitum utan kaupstaða og kauptúna, en í Ed. var þessu breytt þannig, að ætlazt er til, að sérsjóðir sveitarfélaganna verði þeirra eign, þegar breytingin kemur í gildi. Verður þetta að standa þangað til skyldutrygging kemst á 1934. Um hitt atriðið hefir líka verið rætt áður. Í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna er ákveðið, að samþykki sýslunefndar útheimtist fyrir ályktunum hreppsnefnda í þeim greinum, sem þar eru taldar, og ein þeirra er sú, sem í 6. tölul. segir: „Til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar". Nú eru þessir sjóðir innstæðufé, og er því algerlega óþarft að hrekja málið milli deilda af þeim ástæðum. Hefir náðst gott samkomulag um málið í Ed., og var frv. þar afgr. með shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Ég get ekki séð, að málinu sé hætta að því, þótt það fari til Ed. aftur, og getur það ekki aftrað mér frá því að bera fram réttmæta brtt. Hefi ég ekki sannfærzt um það af orðum hv. 1. þm. N.-M., að brtt. sé óþörf. Það er gerð sú ráðstöfun á þessum sjóðum, sem gera þarf. **(HStef:** Þess þarf heldur ekki). Það getur a. m. k. ekki spillt, þótt þetta sé tekið fram skýrum orðum.

Hv. þm. nefndi innstæðufé sveita í sambandi við sveitarstjórnarlögin. En þessir brunabótasjóðir hafa ekki hingað til verið taldir til innstæðufjár sveita, en við ætlumst til þess, að framvegis verði það gert, en erum hræddir um, að það geti orðið vafaatriði, ef ekki koma um það nein ákvæði í lögum. Fyrir því viljum við flm. brtt. á þskj. 413, að hún verði samþ., til þess að enginn efi sé á, að sveitirnar haldi þessu fé.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það er ekkert um það að segja, þótt hv. þm. vilji halda till. sínum til atkvgr. Eigi að síður eru þær óþarfar. Hv. 2. þm. Skagf. talaði um, að fé það, sem um er að ræða, hafi ekki verið talið með innstæðufé sveita. Þetta er rétt ennþá, meðan ábyrgðin hvílir á þeim, en þegar búið er að taka alla ábyrgð af sveitarfélögum, þá getur þetta ekki verið annað en innstæðufé sveitanna.

Það getur vel verið, að málinu sé engin hætta búin, þótt það eigi eftir að fara til Ed., en svo stirt sem málið hefir gengið, finnst mér ekki rétt að hrekja það að óþörfu milli deilda.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil leggja til, að till. sé samþ., þó að ég álíti ekki vafa á því, að sveitirnar eigi þessa sjóði, eftir að skyldutryggingar eru fallnar úr l. Er rétt að benda sveitarstjórnum sérstaklega á þetta.

Sumar sveitarstjórnir hafa eytt stórum innstæðum, og eins hafa bæjarstjórnir eytt öllum innstæðum sínum; svo var t. d. á Ísafirði. Er því rétt að taka það fram, þar sem sjóðeignin tilfellur sveitarfélögunum, að þau megi ekki eyða þessu fé nema með samþykki sýslunefnda.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það mætti að vísu líta svo út fyrir þá, er síðar athuga þetta mál, ef brtt. verður felld, að deildin sé ekki sammála um það, sem í henni felst. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. N.-M. um það, að brtt. sé óþörf. En þó að ég greiði atkv.

gegn henni, þá felst ekki í því, að ég sé brtt. efnislega mótfallinn, heldur það eitt, að ég álít hana óþarfa.

Magnús Guðmundsson: Ég man ekki til þess, að þessum sjóðum sé ráðstafað áður í lögum, og því er það ekki gefið að fyrra bragði, að þá beri að meðhöndla sem innstæðufé sveita. Sé ég ekki hvað getur verið á móti því að samþ. það, sem öllum kemur saman um, að eigi að vera. Þetta stendur ekki beint í frv., það hefir hv. frsm. viðurkennt, og er því undarlegt, ef ekki má skjóta því þar inn.

ATKVGR.
Brtt. 413 samþ. með 11:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).
Á 60. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er nú komið hingað aftur frá Nd., og hefir sú d. ekki breytt frv. um einn staf, að því er snertir sjálft brunabótafélagið, en að vísu aukið inn í síðustu gr. frv. ákvæðum, sem ekki snerta félagið, og má segja, að annað þessara ákvæði a. m. k. sé með öllu óskylt þessu máli, og virðist fremur vera sveitarstjórnarákvæði. Fjhn. er einróma á móti þessum viðauka við frv., en þar sem þetta hefir ekki áhrif á sjálf lögin, ef frv. verður samþ., og öðlast auk þess ekki gildi fyrr en að tveim árum liðnum frá staðfestingu laganna, sá n. ekki ástæðu til að fara að hrekja málið milli d. af þessum ástæðum, enda nógur tími til stefnu um að lagfæra þetta, áður en ákvæðin koma í gildi. Samkv. þessu leggur n. því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

14. Skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands (stjfrv., A. 11).
Á 5. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Svo langa forsögu og sögu á þetta mál og svo mikið umtal hefir það vakið nú hin síðari ár, að setja mætti í langa tölu, nú þegar frv. er borið fram um staðfesting á bráðabirgðalögum frá í des. 1931 um að afnema Síldareinkasölu Íslands. Samt sem áður er það ekki ætlun mín að halda hér langa tölu að þessu sinni. Þetta mál hefir verið svo mikið á vegum Alþingis og hefir vakið svo mikið umtal hjá þjóðinni, að það er þýðingarlaust að fara inn á forsögu þess eða stofnun fyrirtækisins.

Ég vil aðeins rifja það upp, sem öllum er kunnugt, að á fundi þeim, er haldinn var hér í Rvík í nóv. 1931 til þess að kjósa stjórn Síldareinkasölunnar, kom fram bráðabirgðayfirlit um hag fyrirtækisins, sem var þá þannig komið, að ég varð að líta svo á, að ekki væri líklegt, að fyrirtækið gæti staðið lengur á eigin fótum, ef það ætti að standa við allar sínar skuldbindingar gagnvart lánardrottnum. Einhver meiri eða minni skellur hlaut að verða af rekstri Síldareinkasölunnar. Langsamlega hæstu kröfurnar á hendur henni áttu ríkissjóður í sínum ábyrgðarskuldbindingum og svo Landsbankinn, svo að ríkisstj. hlaut að vera hér á verði. Að öllu athuguðu þótti sýnt, að einkasöluna mundi fyrr en seinna reka upp á sker, og þá þótti það viturlegra að gera til þess ráðstafanir strax, að upplausn hennar mætti verða á sem eðlilegastan hátt og fyrirbyggja það, að harðvítugir kröfuhafar gætu þvingað fram gjaldþrotaskipti á búi einkasölunnar, og með því gert henni stóran óleik. Þess skal ennfremur getið, að þegar sá fyrir enda þess fundar, er ég gat um áðan, kom það í ljós, að sá grundvöllur, sem Alþingi hafði í upphafi hugsað sér um skipan stjórnar Síldareinkasölunnar

var ekki lengur raunveruleiki. Það hafði verið ætlun þingsins, að stjórn einkasölunnar skipuðu 2 menn kjörnir af útgerðarmönnum, 2 af sjómönnum og einn oddamaður, er ríkisstj. skipaði. En niðurstaðan á fundinum varð sú, að stjórn einkasölunnar varð eingöngu skipuð mönnum frá öðrum aðilja, og þar með var raskað eðlilegum grundvelli fyrirtækisins. Var þetta og ástæða, sem ekki virtist rétt að ganga framhjá.

Það er ekki auðvelt að fullyrða um það, hve réttar ráðstafanir þetta hafa verið. Ég skal játa það, að sjálfur hefi ég ekki sérþekkingu á málum einkasölunnar, og varð ég því að leita ráða færari manna í þessu efni, en ég hygg, að allt það, er komið hefir fram í þessu máli síðan bráðabirgðalögin voru út gefin, staðfesti það, að rétt hafi verið gert. Ég vil geta þess, að annar þeirra manna, er skipar skilanefnd Síldareinkasölunnar, er nú annaðhvort rétt kominn eða aðeins ókominn heim úr siglingu í erindum einkasölunnar, og tel ég sjálfsagt, að n. sú, er væntanlega fær mál þetta til meðferðar, fái hjá skilanefndinni þær upplýsingar, hvers vænta má um niðurstöðu þessa máls.

Sem stendur get ég ekki gefið neinar upplýsingar um útkomuna, með því að enn er óvíst, hvað hefst upp úr óseldum vörum einkasölunnar. Af hálfu stj. er ekki fleira lagt til í þessu máli.

Á þinginu 1927, þegar lögin um Síldareinkasöluna voru afgr., heyrðust raddir í öllum flokkum um það, að einhver lög þyrfti að setja um þennan atvinnurekstur. Má því gera ráð fyrir, að þær raddir komi hér enn fram, og er þá að vænta, að till. komi fram frá þeim flokkum, er að þessum atvinnurekstri standa. En ég get ekki að því gert, að mín tilfinning í málinu er sú, eftir fengna reynslu, að það sé nokkuð óaðgengilegt og fráhrindandi. Nú verði um hríð að skeika að sköpuðu. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til sjútvn.

Jón Baldvinsson: Á nokkrum þingum fyrir 1928 báru fulltrúar Alþýðuflokksins hér á Alþingi fram frv. um einkasölu ríkisins á síld, en frv. þetta komst aldrei svo langt, að það næði samþykki. Hinsvegar var á þinginu 1926 samþ. heimild fyrir síldareigendur til þess að stofna með sér einkasölu, en sú heimild kom ekki til framkvæmda. En 1928 flutti ég enn í þessari hv. d. frv. okkar jafnaðarmanna um ríkiseinkasölu, er náði ekki samþykki, en svo var aftur flutt frv. af hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Ak. í breyttu formi, og varð það að lögum. Mismunurinn á frv. var ekki svo ýkjamikill, en þó verulegur að forminu til, þar sem í mínu frv. var lagt til, að ríkið ætti einkasöluna og ríkistj. skipaði stjórn hennar, en eftir frv. flm. áttu stofnanir utan þings að mynda stjórn fyrirtækisins. Einnig gerði mitt frv. ráð fyrir, að stjórnin hefði aðeins umboð til þess að selja síld fyrir síldarframleiðendur. Gert var ráð fyrir síldarbræðslu einnig í sambandi við einkasöluna. Þegar umrætt frv. varð að lögum 1928, lét ég í ljós það álit mitt, að ég væri ekki ánægður með það, en af því að ekki virtust líkur til þess, að annað næði fram að ganga, þótti okkur Alþýðuflokksmönnum órétt að spilla málinu með því að fella frv., þó að við álitum það óhentugra og ófullkomnara en frv. Alþýðuflokksins er ég þá flutti. Síðan hafa þessi lög verið aukin, einkum með meiri heimild fyrir ríkisstj. til að grípa inn í atvinnureksturinn.

Ég ætla ekki að rekja nánar sögu þessa máls; hún hefir hér verið sögð í stórum dráttum, en síðastl. haust gefur svo ríkisstj. út bráðabirgðalög um afnám einkasölunnar og skilameðferð á búi hennar. Með þeim hefst lokaþáttur þeirrar sorglegu sögu þess fyrirtækis, er verða skyldi til bjargar þeim atvinnuvegi, sem nú er aftur fallinn í sama ófremdarástandið og hann var áður í. Það má með sanni segja, að fyrir daga einkasölunnar þótti síldarútvegurinn lélegur og áhættusamur atvinnuvegur og verri en eftir að einkasalan tók til starfa. Að vísu verður því ekki neitað, að illa leit út síðastliðið ár með afkomu einkasölunnar, sem e. t. v. hefir verið að nokkru leyti að kenna rýmkun veiðileyfis á síðasta sumri. Það er auðséð mál, þegar á það er litið, hve þröngur síldarmarkaðurinn er og einnig það, að utan landhelginnar er alltaf veitt mikið af síld, sem keppir við íslenzku síldina á markaðinum, þá muni það hjálpa til að

lækka verð síldarinnar, er skilyrði eru gefin fyrir því, að framleiðslan sé aukin. Ég skal játa það, að ég er ekki fremur en hæstv. atvmrh. kunnugur hag eða rekstri Síldareinkasölunnar til neinnar hlítar, þótt ég þykist sjá, að form það, er ég hefi áður stungið upp á, hefði verið hentugra en það, sem varð að lögum. Og ég hefi fylgzt með því, sem um þetta mál hefir verið rætt af fróðari mönnum um það efni. Einn þeirra manna er Böðvar Bjarkan lögmaður, sem stjórnarblaðið Tíminn hældi mikið fyrir að eiga frumuppástungu að úrlausn síldarmálsins, og sem hefir verið trúnaðarmaður stjórnarinnar í þessum efnum. Það lítur út fyrir, að þegar skipuð er skilanefnd í búi einkasölunnar, hafi ekki verið leitað ráða til þessa manns, og hefði þó verið eðlilegt að ætla, að stjórnin leitaði til sinna trúnaðarmanna fremur en annara, eða þá að hún hefir ekki séð sér fært að fara eftir tillögum hans. Böðvar Bjarkan hefir gert grein fyrir skoðun sinni á starfi og hag Síldareinkasölunnar í stjórnarblaðinu Tímanum í síðastl. mán. Ég ætla ekki að rekja efni þessarar greinar, heldur aðeins lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, ályktunarorð höfundar, þess manns, er látið hefir sig mál þetta svo miklu skipta, frá því löngu áður en almennt var farið að taka það til athugunar, og setið hefir í stjórn Síldareinkasölunnar síðan hún var stofnuð, og einnig vegna búsetu sinnar hefir betri aðstöðu en við, hæstv. atvmrh. og ég, til þess að vera gagnkunnugur þessum efnum. Niðurlagsorð greinar hans eru á þessa leið:

„Eins og þá stóð, þegar fulltrúafundurinn í Reykjavík veittist að einkasölunni, var ekki kominn fram í henni neinn banvænn sjúkdómur, og fjárhag hennar alls ekki svo komið, að það eitt út af fyrir sig þyrfti að leiða til hins sviplega dauðsfalls hennar. Það er kallað eðlilegur dauðdagi, er menn deyja kristilega og skaplega af völdum sjúkdóma, en hitt voveiflegt, þegar orsökin er hastarlegt slys eða árásir hatursmanna og ofbeldis valda skjótum dauða þess, sem veitzt er að. Eftir þessari skilgreiningu mismunandi tegunda dauðsfalla, má óhætt fullyrða, að Síldareinkasala Íslands hefir dáið voveiflegum dauða".

Það kemur allskýrt fram í þessum niðurlagsorðum þess manns, sem talinn er einna gagnkunnugastur hag Síldareinkasölunnar, að hann álítur, að enginn banvænn sjúkdómur hafi verið fram kominn í henni né fjárhag hennar svo illa komið, að það þyrfti að leiða til þeirra afdrifa, er einkasölunni eru nú búin. En það lítur ekki út fyrir, að stjórnin hafi leitað ráða til þessa manns.

Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. sem ein af ástæðunum fyrir afnámi Síldareinkasölunnar, að stjórnarkosning á síðasta aðalfundi hennar hefði farið í bága við vilja þingsins í þessu efni. Þessi orð þýða það, að kosnir voru í stjórnina tómir Alþýðuflokksmenn, og það var frá sjónarmiði ráðh. mjög sterk ástæða til þess að leysa upp einkasöluna.

Frá mínu sjónarmiði fór því kosning stjórnarnefndar einkasölunnar fram á þann hátt, sem þingið ætlaðist til, þannig að sjómenn og útgerðarmenn skipuðu sína tvo fulltrúana hvor aðili, en stjórnin einn fulltrúann. Ég fæ ekki séð né skilið, að hæstv. forsrh. geti neitt fundið að því, þótt útgerðarmennirnir norðlenzku og vestfirzku kysu Alþýðuflokksmann sem fulltrúa sinn. Það gerðu þeir vitanlega af því, að þeir hafa treyst honum betur en öðrum. Vilji þingsins er eigi á neinn hátt brotinn á bak aftur með því. Kosninguna var vitanlega ekki hægt að binda við neinn ákveðinn stjórnmálaflokk og slíkt var ekki heldur ætlun þingsins. Þetta er því engin ástæða, sem takandi er til greina. Hitt mun sönnu nær, að hæstv. forsrh. sé búinn að fá svo mikla æfingu í að „rjúfa", að hann grípi jafnan til þess úrræðis, ef þing eða stofnanir verða á móti honum á einhvern hátt. — Mér þótti rétt að sýna rækilega fram á, hve einskisverð þessi ástæða hæstv. forsrh. er, af því mér virtist hann leggja töluvert upp úr henni.

Svo var að heyra af orðum hæstv. forsrh., að stj. mundi ekkert bera fram í þessu máli annað en þetta frv. Það er því svo að skilja, að hennar vegna munu skiptin á búi Síldareinkasölunnar ganga sinn gang. Að vísu mætti vera, að aðrir flokkar vildu flytja eitthvert frv. um þetta efni, en ef stj. og flokkur hennar verður á móti, nær það ekki að ganga

fram. Það þýðir þá, að það fyrirkomulag, sem var, fellur niður, án þess að nokkuð annað komi í staðinn. Og þótt fyrirkomulag einkasölunnar kunni að hafa verið talsvert gallað, sem það að vísu var, þá hygg ég þó ófært, að ekkert komi í staðinn, sem tryggt geti þennan atvinnuveg.

Ef trúa má orðum Böðvars Bjarkan á Akureyri, sem vitanlega er þessum atvinnuvegi vel kunnugur, þá verður það ljóst, að hæstv. forsrh., sem játar, að hann sé ekki þessum málum sérlega kunnugur, hefir í máli þessu látið undan hatursfullum árásum þeirra manna, er áður létu mest á sér bera í þessum atvinnurekstri, sem þó jafnan fór þeim illa úr hendi. Verkafólk á sjó og landi bar jafnan lítið úr býtum frá hendi þessara manna, sem oftast voru leppar útlendinga.

Það er eðlilegt, þótt sorglegt sé, hve sjómenn báru lítið úr býtum í sumar og enda útgerðarmenn líka. Orsökin til þess liggur í því, að miklu meira var saltað en markaðurinn þoldi. En slíkan ágalla mátti laga síðar, og er ólíklegt, að stj. Síldareinkasölunnar hefði brennt sig á sama soðinu aftur. Hvort síld sú, er einkasalan á nú, er verðlaus sem útflutningsvara, er ég ekki vel kunnugur. Ég veit að vísu, að erfitt er að selja nú. Þess vegna liggur líka mikil síld óseld, sem sýnir, að of mikið var saltað.

Ég vildi leyfa mér að beina einni spurningu til hæstv. forsrh. út af umkvörtun síldareigenda á Akureyri, þeirra, sem millisíld áttu. Þeir munu hafi snúið sér til ríkisstj. og ekki fengið fullkomin svör. Í erindi sínu frá 14. des. f. á. telja þeir réttlátt og gera kröfu um, að þeir fái greitt andvirði fyrir þá tegund síldar og telja, að því hafi jafnan verið haldið sérstöku hjá einkasölunni. Hvað hefir hæstv. stj. gert í þessu máli? Hefir hún gefið fullnaðarúrskurð í því? — Í bráðabirgðal. um afnám Síldareinkasölunnar er að vísu ákvæði um, að sú síld, sem veidd er eftir 15. nóv., falli ekki undir ákvæði laganna, en sú síld, sem hér um ræðir, mun hafa verið veidd áður. Ef svo er, að millisíld hefir ávallt áður verið talin standa utan verksviðs síldareinkasölunnar, þá mælir öll sanngirni með, að svo verði gert enn. Er því þess að vænta, að vel verði tekið í kröfur þessara manna um skiptingu verðs. — Ég er ekki við því búinn nú að flytja till. út af þessu og vil fyrst heyra, hvernig hæstv. stj. hefir afgreitt þetta mál.

Ég get ekki annað en verið óánægður við hæstv. stj. út af afnámi Síldareinkasölunnar. Styrkist sú óánægja mín líka við álit Böðvars Bjarkans, sem er þessu máli manna kunnugastur, bæði frá fornu fari og sem trúnaðarmaður ríkisstj. í stjórn einkasölunnar. Álit hans, eins og ég hefi þegar getið um, var það, að hagur einkasölunnar hefði eigi verið svo aumur, að ástæða væri að grípa til slíkra örþrifaráða. Hin ástæðan er alveg fráleit, sú, að kosning í stjórn einkasölunnar hafi eigi farið eftir þeim reglum, er þingið setti. Fulltrúar Sjálfstæðismanna gátu fengið fulltrúa í stjórn einkasölunnar, en að vísu ekki meiri hluta, og farið eftir fyrirmælum Alþingis. En hitt hefir hvergi verið lögleitt, að fylgismenn tiltekinna flokka ættu að fara með umboð þetta.

Jakob Möller [óyfirl.]: Í raun og veru mun vera bezt, að frv. þetta sé afgr. með sem fæstum orðum. Það er sýnt, að þingið hefir verið leitt á glapstigu, þegar það tók þá ákvörðun að stofna til þessa fyrirtækis, sem nú er til moldar borið. Ég hefi verið máli þessu mótfallinn frá upphafi og haft til þess margar og stórar ástæður. Eigi þó sízt þá, að með síldareinkasölunni var ríkissjóði stofnað í svo stóra hættu, að óforsvaranlegt var. Þeir sem réðu úrslitum málsins á Alþingi, héldu víst, að til fyrirtækis þessa væri þannig stofnað, að áhættulaust væri fyrir ríkissjóð. Nú sýnir hin sorglega reynsla, hversu villt þeir sömu menn hafa farið í áliti sínu. Sannast það bezt með því, að ástæðan fyrir ákvörðun ríkisstj. um að leggja einkasöluna niður, mun einkum vera sú, að hún taldi of mikla áhættu fyrir ríkissjóð að halda henni áfram. En fátt er svo með öllu illt, að ekki megi nokkuð af því læra. Og afdrif þessa fyrirtækis ætti að kenna mönnum að fara varlega og vera ekki um of auðtrúa á það, að engin áhætta fylgi þessum og þessum fyrirtækjum, sem verið er að steypa ríkissjóði út í. Ég sé ástæðu til að andmæla

því, sem hv. 2. landsk. sagði, að síldareinkasalan hefði verið til bóta fyrir þá, er stunduðu þennan atvinnurekstur. Ég held, að þetta sé alveg rangt. Að vísu voru stundum stór töp áður á síldinni. En það var eigi útgerðin, sem þá tapaði, heldur aðallega seljendurnir, eða þeir, sem verzluðu með síldina. En sú áhætta hvíldi einkum á útlendingum hin síðari ár. Þó er það rétt, að sumir þeir innlendir menn, sem „spekuleruðu" í sölu síldar, töpuðu. En þeir, sem verkuðu og veiddu, höfðu venjulega gott upp úr sér. — Máske hefir það borið við, að verkafólk tapaði kaupi sínu, en þó mun það hafa verið tiltölulega fátítt. Einkasalan hefir eigi heldur fyrirbyggt það. Hinsvegar hefir einkasalan þrengt svo að kosti þeirra, er rekið hafa þessa atvinnugrein, að telja má, að síldarútgerð væri orðin lítt rekandi. — Annars er óþarfi að fara lengra út í þessa hlið málsins, þar sem einkasalan er nú afnumin. Ég tel það vel ráðið og er um það sammála stjórninni. Og ég tel það vel farið, að hún hefir ráðfært sig við kunnuga menn. — En ég hefði talið æskilegt, að stjórnin hefði fylgt þeirri reglu betur fram en hún gerði, er hún valdi skilanefnd einkasölunnar. Og ég undrast það, þar sem hún hafði opin augu fyrir því, að ráðfæra sig við kunnuga menn, að hún þá skyldi ekki hafa vit á að velja menn til að fara með þrotabú einkasölunnar, sem eitthvert vit höfðu á því máli. En ég lít svo á, að það hafi ekki verið gert. Þeir tveir menn, sem hafa þetta með höndum, eru hvorugur fróður um þessi málefni. Einkum gildir þetta þó um þann skilamanninn, sem meira hefir framkvæmdina út á við með höndum. Það má frekar segja, að eðlilegt væri, að annar maðurinn væri lögfræðingur. Lögfræðingarnir eru mörgum hnútum kunnugir, vegna starfrækslu sinnar margvíslegrar, enda þótt þessi maður hafi ekki sérstaklega fengizt við það, sem að síldarstörfum lýtur. Mér þykir stjórnin því með skipun skilanefndarinnar hafa brotið góða venju.

Ég sé svo eigi ástæðu til að lengja þessa tölu mína að sinni. Mér þótti sjálfsagt að láta í ljós samúð mína og samhryggð yfir moldum þessa fyrirtækis, sem bændaflokkurinn stofnaði til sem bjargráðs til handa sjávarútveginum. En framvegis vildi ég óska, að sjávarútveginum verði aldrei rétt hjálparhönd með líkum hætti.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi fáar aths. að gera við ræðu hv. þm.

Ég er algerlega sammála þeim lofsamlegu ummælum, er hv. 2. landsk. hafði um Böðvar Bjarkan lögmann. Böðvar Bjarkan er maður, sem ég ber mikið traust til, og hefir hann jafnan sýnt, að hann er trausts verðugur. Ég get sagt hv. þm. það, að ég hefi átt tal við Böðvar um þetta mál. Hv. þm. tilfærði ummæli hans um niðurlagning síldareinkasölunnar. Ég er þeim samdóma og tel, að þau sanni ekki það, sem hv. þm. vildi láta þau sanna. Ég tel, að þau beri að skilja svo, að síldareinkasalan hafi ekki verið búin að taka neinn banvænan sjúkdóm, þegar fundur hennar hófst. En sá sjúkdómur, sem leiddi hana til bana, kom einmitt upp á fundinum. Það var fleira en eitt, sem þarna var að verki. Það, að einn flokksbróðir hv. 2. landsk. las á fundinum skýrslu um hag einkasölunnar. Var sú skýrsla einnig birt í blaði flokksins. En þetta leiddi til þess, að allir þeir, sem kröfur áttu á hendur einkasölunni, reyndu að fá þær tryggðar. Enda fór svo, að búið var að leggja löghald á hvert tangur og tetur, sem einkasalan hafði undir höndum á Siglufirði áður en bráðabirgðalögin voru sett. Það mátti því heita efnilegt að halda einkasölunni áfram, þegar þannig var búið að vinna að henni!

Ég sagði í fyrri ræðu minni, að höfuðástæðan fyrir því, að stj. taldi rétt að afnema einkasöluna, hefði verið fjárhagsástæður hennar. Hitt taldi ég fram sem aukaástæðu, að stj. einkasölunnar hefði eigi verið kosin í samræmi við þær grundvallarreglur, er þingið setti um kosningu í stjórnina. Ég get enn bætt við einni ástæðu, sem sýndi það, að einkasalan náði ekki tilgangi sínum. Það er mjög leitt, að við stofnanir ríkisins skuli það geta komið fyrir, að verkafólk hljóti svo misjöfn laun fyrir erfiði sitt, svo sem raun varð á hjá síldareinkasölunni síðastl. sumar. Landfólkið hafði yfirleitt góð laun fyrir vinnu sína. En sjómennirnir,

sem höfðu erfiðara og hættulegra hlutskiptið í þessu starfskerfi, fóru svo að segja með tvær hendur tómar. Slíkt má ómögulega koma fyrir hjá þeim stofnunum, sem ríkið hefir afskipti af. Þetta er eitthvað það sorglegasta, sem fyrir einkasöluna hefir komið, og mátti ómögulega koma fyrir aftur.

Þá spurði hv. 2. landsk. um afstöðu ríkisstj. til málaleitunar þeirrar, er til hennar kom um útborgun verðs á ca. 10—20% af millisíld þeirri, er veidd var fyrir norðan í haust. Erindi þetta hefir ekki verið endanlega afgr. af ríkisstj. Hún hefir sent þetta erindi til skilanefndarinnar. Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv., að hún taki þetta til athugunar. Er rétt, að þingið taki ákvörðun um þetta atriði.

Ég er að sumu leyti sammála hv. 1. þm. Reykv. og að sumu leyti ekki. Hann stillti orðum sínum svo í hóf, að ég hefi ekki mikla ástæðu til að svara honum miklu. Hv. þm. mun ekki koma það á óvart, að ég lít öðrum augum en hann á skipun skilanefndarinnar. Það var sérstaklega Svafar Guðmundsson, sem hann gerði aths. við. En ég lít svo á, að þarna sé ekki fyrst og fremst nauðsynleg sérþekking á því, hvernig eigi að veiða og verka síld, heldur þurfi fyrst og fremst að fá mann, sem er góður „forretningsmaður", sem getur gert allt upp, komið hagsýnilega í peninga því, sem eftir er að selja og ráðstafað öllu myndarlega. Til þessa valdi ég Svafar Guðmundsson, af því að ég hefi mjög mikið traust á honum í þessu efni. Ég þekki hann nokkuð af reynslu, og hann hefir aldrei brugðizt mínu trausti, enda vona ég, að það reynist, þegar séð er fyrir endann á þessu starfi, að hann hafi gegnt því vel.

Hv. þm. telur það eðlilegt, að lögfræðingur sé við þetta, og hefi ég ekkert við þau orð hans að athuga, enda skipaði ég þennan vel metna lögfræðing til að vinna þetta verk með Svafari Guðmundssyni.

Þá beindi hv. þm. þeim orðum til bændaflokksins, að það væri bezt fyrir hann að halda sér frá sjávarútveginum. Ég get sagt það, að ýms þau mál eru þannig, að ég hefi ekki fullkomna sérþekkingu á þeim. En ég held samt, að á einu allraþýðingarmesta sviðinu geti sjávarútvegurinn lært mikið af bændunum. Það sem hefir verið verst fyrir sjávarútveginn og oft valdið því, að hann hefir átt um sárt að binda, er einmitt það, að sjávarútvegsmenn eru ekki komnir eins langt og bændur í skipulagningu framleiðslu sinnar og verzlunar. Það er algerlega bjargföst sannfæring mín, að samvinnufélagsskapurinn, sem mest hefir orðið bændunum til gagns, eigi eftir að gera sjávarútveginum svipað, ef ekki miklu meira gagn. — Þó að þessi bending hv. 1. þm. Reykv. hafi eflaust verið vel meint, þá efast ég ekki um, að sjávarútvegsmenn eiga að læra mikið af bændunum að starfa saman að skipulagningu sinna mála.

Einar Árnason: Hv. 2. landsk. vildi halda því fram, að þessi ráðstöfun ríkisstj. um niðurlagningu Síldareinkasölunnar gengi í bága við álit þess manns, sem var trúnaðarmaður ríkisstj. í stjórn Síldareinkasölunnar. Tilfærði hann ummæli þessa manns, Böðvars Bjarkans, sem áttu að sanna, að hann hefði talið óþarfa og jafnvel óheppilega ráðstöfun að leggja hana niður.

Ég skal nú fyrst taka það fram, að ég er í rauninni alveg sammála því, sem Böðvar Bjarkan heldur fram í þeim orðum, sem hv. þm. las upp eftir honum. Það er mín skoðun alveg eins og Böðvars, að á þessum tíma, sem hér um ræðir, hafi ekki verið kominn neinn banvænn sjúkdómur í einkasöluna. Það er jafnframt mín skoðun, að það hefði verið heppilegt, að einkasalan hefði fengið að starfa áfram í friði, a. m. k. fram á þing, þar til þingið hefði fengið tækifæri til að taka frekar í taumana. En það var ekki ríkisstj., sem tók einkasöluna af, heldur var það áhlaup, sem gert var á hana á fundi hér í Rvík í vetur, sem varð þess valdandi, að stj. gerði þær ráðstafanir, sem hún gerði.

Það er áreiðanlegt, að margir einstaklingar og atvinnufyrirtæki væru illa stödd, ef á þau væri ráðizt hastarlega í hörðu árferði og haldið fast fram öllum kröfum á hendur þeim, þó að þau væru í engri hættu, ef starfsfriður fengist. En starfsfriður einkasölunnar var úti,

eftir að þessi fundur var haldinn. Hinsvegar lít ég svo á, að stj. hafi gert rétt í að stíga það spor, sem hún steig, úr því sem komið var í þessu máli.

Ég er hv. 2. landsk. fyllilega sammála um það, að einkasalan hefir gert gagn, og þó að svona hafi farið, þá álít ég enga ástæðu til að halda nú fremur en fyrr, að ekki sé rétt að skipuleggja síldarútgerð og síldarverzlun. En þegar einkasalan verður fyrir barðinu á þessu harða verzlunarárferði, ásamt öðrum óhöppum, þá er erfitt fyrir hana að standast þá erfiðleika. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að ekki hafi orðið mistök í stjórn einkasölunnar. Ég veit, að þar hafa orðið mistök af ýmsum ástæðum og að mínu áliti ekki hvað minnst af þeim ástæðum, að þar hafa hagsmunir tveggja aðilja stangazt.

Hv. 2. landsk. talaði um það, að einkasalan ætti sök á því, að of mikil söltunarleyfi hefðu verið veitt síðastl. ár. Þetta er líklega rétt, og þetta er líklega eina frambærilega ásökunin, sem hægt er að bera á stj. einkasölunnar síðasta ár. Ég álít, að of mikil söltunarleyfi hafi verið veitt. En þá er að leita að ástæðunni fyrir því, hvernig á því stendur. Hv. 2. landsk. veit það, að það er ákaflega mikil freisting fyrir þann flokk manna, sem hefir gott kaup við verkun síldarinnar í landi, að sem mest verði flutt í land til verkunar, svo að þeir fái sem mesta vinnu. En þó að ég viti, að þetta er ein af ástæðunum fyrir því, hvernig fór fyrir einkasölunni, þá koma þar einnig þær ástæður til greina, sem sjálf einkasalan á enga sök á, og þá fyrst og fremst sölutregðan. Ein ástæðan er sú, að í h. u. b. allri þeirri síld, sem söltuð var í sumar, hafa komið fram skemmdir. Við rannsókn í haust á þeirri miklu síld, sem nú er innanlands, veit ég ekki til, að fundizt hafi nokkur sú tunna, sem ekki voru skemmdir í. Það er ekki einkasalan, sem hefir saltað hana. Hún á því enga sök á þessu. Ýmsir kenna heitu sumri um. Um það skal ég ekkert segja. En þegar það er vitað, að öll síldin er meira og minna skemmd, þá er auðvitað, að söluvandræðin aukast stórlega.

Þá var það hv. 1. þm. Reykv., sem sagði að hann væri á móti einkasölunni og hefði alltaf verið það. Ég skil hann vel. Ég hefi skilið hann svo, að hann hafi alla tíð verið yfirleitt á móti öllu skipulagi og vilji láta blinda hendingu ráða í öllum viðskiptum. En ef þetta er réttur skilningur hjá mér, þá hlýtur hv. þm. að vera kominn skemmra í skilningi á síldarútgerð og síldarverzlun en margir af þeim flokksmönnum hans, sem hafa fengizt við síldarútgerð og síldarverzlun um langan tíma. Þeir töldu fyrir nokkrum árum, að skipulagsleysið væri að eyðileggja síldarútveginn, og töldu nauðsynlegt að koma einhverju skipulagi þar á. Síðan fluttu nokkrir menn úr hans flokki frv. í þessa átt, þó að vísu nokkuð á öðrum grundvelli en Síldareinkasalan var síðar byggð á. Þessum mönnum var það ljóst, að hér var nauðsyn á einhverju skipulagi. Og þessir menn höfðu rétt fyrir sér. Skipulag þarf að vera á þessu, en hvernig því yrði fyrir komið, skal ég ekki fara út í að þessu sinni, enda er það óviðkomandi þessu frv.

Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að það séu ekki nema ófrjóar umr., að tala um það, sem liðið er í þessu efni, og þýðingarlaust að deila um það, hvort síldarútvegurinn hafi yfirleitt grætt eða tapað á einkasölunni. Það er tilgangslaust, vegna þess að það verður e. t. v. aldrei hægt að sanna það. Þar verður hver að hafa sína skoðun, og mín skoðun er sú, að síldareinkasalan hafi verið útgerðinni til stuðnings og hagsbóta þau ár, sem hún starfaði, og að hún hafi ekki gert síldarútveginum skaða þetta síðasta ár, því að það er áreiðanlegt, að ef ekkert skipulag hefði verið, þá hefði síldarútgerðin ekki farið betur síðasta ár en hún yfirleitt fór.

Þá vildi hv. 1. þm. Reykv. áfellast stj. fyrir það, að hún hefði sett þá menn í skilanefnd einkasölunnar, sem hefðu ekkert vit á þessum málum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir átt við, að nauðsyn væri að setja þá menn í stj. einkasölunnar, sem hefðu haft síldarútgerð með höndum, eða hvort það væru sjómenn eða þeir, sem hafa mest fengizt við síldarverkun í landi, eða menn, sem hafa haft síldarverzlun með höndum undanfarið. Ég geri frekast ráð fyrir, að það hafi verið þeir, sem hann átti við. Ég er sammála

hv. þm. í því, að ef við hefðum átt kost á einhverjum mönnum, sem að undanförnu hefðu sýnt, að þeir væru sérstaklega færir menn á þessu sviði, þá hefði ekki átt að ganga framhjá þeim. En ég hefi ekki getað komið auga á þá menn. Annars er þetta aukaatr., sem ég held, að ekki sé ástæða til að tala mikið um.

Annað, sem komið hefir fram, held ég að ég þurfi ekki að minnast á. Menn hafa yfirleitt talað hér mjög hógværlega um þetta mál, og tel ég það vel farið, og get ég því látið útrætt um það að sinni.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram, að síldareinkasalan hafi ekki á neinn hátt verið til bóta. Hv. 2. þm. Eyf. hefir nú að nokkru leyti svarað þessu. Ég tel það ekki nokkurn efa, að einkasalan hefir a. m. k. fram að síðasta ári verið til stórra bóta frá því, sem áður var. Það var stór bót að því að fá löggjöf um síldarsöltunina. Það lá eitt stórt atr. til grundvallar fyrir því, að það var næstum óhjákvæmilegt að takmarka söltunina. Markaðurinn fyrir saltsíldina hefir næstum eingöngu verið bundinn við eitt einasta land, og menn hafa nokkurnveginn vitað fyrirfram, hve mikla síld væri hægt að selja þar.

Nú er síldareinkasalan tekin til skiptameðferðar, og ef við athugum hvernig þar er ástatt, þá sjáum við, að það getur varla farið verr en svo, að einkasalan tapi 1200 þús. kr. eftir því, sem einum framkvæmdarstjóra einkasölunnar segist frá, og er þá reiknað með því, að ekkert fáist fyrir alla þá síld, sem nú er óseld, sem er talin 109 þús. tunnur. Verð hennar er áætlað upphaflega 1600 þús. kr. Nú kemur það ekki til mála, að síldin seljist fyrir það áætlaða verð. Það eru jafnvel þess dæmi, að það hefir þurft að gefa með henni til að fleygja henni í sjóinn. Það er því ómögulegt um það að segja, hvers virði þessi síld er, en við skulum halda okkur við það, að ekkert seljist af henni, og þá er tapið 1200 þús. kr. En við vitum það, að árin á undan hefir verið heldur góð afkoma hjá útgerðinni. Hv. 1. þm. Reykv. veit það vel, að á undanförnum árum hefir mátt rekja tap, sem skiptir millj. kr. til síldarútgerðarinnar. Það er kannske leiðinlegt að vera að bera það saman, hvort verra sé, en ef við berum þessi milljónatöp fyrri ára saman við tap einkasölunnar, þá verður ekki séð, að ástandið hafi versnað.

Hv. þm. sagði, að áhættan hefði verið að færast af landsmönnum og yfir á útlendinga. Ég veit, hvað hann á við. Það eru þessir „umboðsmenn", sem annars eru kallaðir „leppar", menn, sem kaupa síld fyrir útlendinga, sem hafa ekki rétt til þess hér á landi. En það hefði áreiðanlega orðið skammgóður vermir, ef útlendingar hefðu farið að kaupa hér síld ár frá ári. Endirinn hefði orðið sá, að útlendingar hefðu sumpart hætt að taka á sig þessa áhættu með því að hætta alveg að kaupa hér síld, eða þá fært niður verðið, og það þýddi verri afkomu útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í landi. Þessi samanburður verður því ekki Síldareinkasölunni í óhag.

Hæstv. forsrh. lýsti því með mörgum fögrum orðum, hve mikið traust hann bæri til Böðvars Bjarkans, en það traust kom ekki fram í þeirri ákvörðun, sem stj. tók í einkasölumálinu, heldur þvert á móti, því að hin ágæta grein, sem hann skrifaði, var andstæð því, sem hæstv. stj. gerði.

Það má vera, að ekki hafi verið rétt að birta skýrsluna á fundinum, en þar sem fundurinn var haldur fyrir forgöngu stjórnarráðsins, hefði stj. átt að geta séð til þess, að Böðvar Bjarkan hefði komið þangað og gefið þær upplýsingar, sem hann hefir nú gefið í blöðum stj. Mér finnst ekki nema eðlilegt, að menn, sem voru á móti einkasölunni, gripu á lofti skýrslu um það, sem þegar var vitanlegt, að einkasalan var í miklum erfiðleikum.

Hæstv. ráðh. sagði, að ein ástæðan, sem haft hefði áhrif á sig í þessu máli, væri það, hvað herfilega fólkinu, sem að síldarútveginum vann, hefði verið mismunað í kaupgreiðslum síðasta ár. Ég játa, að það er herfilegt, hvernig farið hefir um kaupgreiðslu til sjómannanna, sem síldina veiddu. En ástæðuna til þess má rekja til þeirra mistaka, að meira var saltað af síld heldur en nokkur von var um, að hægt væri að selja. En þegar talað er um þessi mistök, þá verður að líta á það, hvort minni mistök hefðu orðið, ef allt hefði verið frjálst. Ég er ekki í efa

um, að þeir menn, sem falið kynni að vera að fara með síldarsölu framvegis, myndu ekki brenna sig á því að veita aftur of mikil söltunarleyfi. Mistökin á síðastl. ári mundu verða þeim til varnaðar. Ef aftur á móti allt yrði frjálst, ekkert skipulag á síldarsölunni, mundi alltaf sækja í sama farið. Ef t. d. saltaðar væru 300 þús. tunnur, en ekki væri hægt að selja nema 150 þús., þá lenti auðvitað síldarsalan í sama öngþveitinu og 1919.

Mér þótti vænt um, að hv. 2. þm. Eyf., sem hefir eitthvað verið við þessi mál riðinn, (**EÁrna**: Ég var tvo mánuði í stj. einkasölunnar) tók þannig til orða að ríkisstj. væri vorkunn, og að **sennilega** hefði hún gert rétt. Þegar hann talar þannig um **sína** stjórn, þá er ég hræddur um að hann sé ekki alveg sannfærður um það í hjarta sínu, að hún hafi gert rétt. Hv. þm. fór svo að rekja orsakir mistakanna á stj. einkasölunnar til þess, að þar hefðu tveir harðsnúnir flokkar rekizt á og verzlað með hagsmuni sína. Nú veit hv. þm., að hans flokkur tók að miklu leyti í sínar hendur stj. einkasölunnar á síðasta ári. Úr stj. hennar féll maður, kunnugur þessum málum, Erlingur Friðjónsson, en í stað hans kom Framsóknarfl. að manni úr sínum hópi. Voru þá í stj. einkasölunnar tveir sjálfstæðismenn, tveir framsóknarmenn og einn maður vegna verkalýðsfélaganna. Þessir tveir flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, gátu því öllu ráðið, sem þeir komu sér saman um. Og nú virðist þeim koma saman um að leggja einkasöluna alveg niður, svo að sennilega hafa þeir getað komið sér saman um fleira.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í lokaummæli hv. þm. Hann var að tala um hvatir þeirra stjórnenda einkasölunnar til þess að auka söltunarleyfin. Ég er þessum hlutum ekki vel kunnugur. Og hvað sem öðru líður, þá játaði hv. þm. þau mistök, að of mikil söltunarleyfi voru veitt. Ég þori ekki að fullyrða, að hv. þm. hafi verið sjálfur í stj. einkasölunnar, þegar ákveðið var að auka söltunarleyfin. (**EÁrna**: Nei, ég var ekki kominn í hana þá). En afleiðingarnar af þessum mistökum sýna, hvað framundan er, ef ekkert skipulag er á síldarútveginum, (**EÁrna**: Það er rétt) og framsóknarmenn virðast ekkert ætla að gera til þess að koma í veg fyrir skipulagsleysið. Ég býst við, að þótt við jafnaðarmenn kæmum fram með frv. okkar um þetta efni frá 1928, þá yrði það ekki samþykkt. Álít ég þó, að það, ásamt ákvæðum um takmörkun á síldarsöltun, mundi vera til mikilla bóta, einkum þar sem ríkisverksmiðjan er nú komin upp og getur tekið við miklu af síld í bræðslu. Ég get ekki sagt um enn, hvort einhverjar till. muni koma fram um þetta mál frá okkur jafnaðarmönnum; fer það sennilega eftir því, hvað miklar líkur verða til þess, að þær næðu fram að ganga. Mér skilst á hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. ráðh., að þeir vilji láta sitja við það, sem nú er komið. Þar sem augu manna hafa þó opnazt fyrir þeirri hættu, sem af of mikilli söltun stafar, ættu menn að sjá, að sú hætta yrði miklu meiri, ef allt væri frjálst, og útkoman yrði því verri en hjá einkasölunni nú, þrátt fyrir mistökin.

Jakob Möller [óyfirl.]: Út af því, sem hæstv. ráðh. svaraði um skipun skilanefndarinnar, hefi ég litlu að svara. Það var ekki mín meining að vefengja hæfileika Svafars Guðmundssonar á hans sviði. En ég vil slá því föstu, að hann hafi aldrei komið nálægt því starfi, sem hann þarf að inna af hendi sem skilanefndarmaður Síldareinkasölunnar. Ég skil vel, að hæstv. forsrh. persónulega hafi borið mikið traust til þessa manns. En það þurfa fleiri að bera traust til skilanefndarinnar, og til þeirra átti hæstv. ráðh. líka að taka tillit. Tilraun til þess gat hann gert, þótt hann skipaði Svafar í nefndina, með því að skipa í hana þriðja manninn, einhvern, sem er kunnugri síldarsölu og síldarútgerð.

Annars furðar mig dálítið á þeim umr., sem hér hafa farið fram. Þegar frv. þetta er borið fram, hlýtur það að liggja til grundvallar, að stj. hafi orðið fyrir vonbrigðum um það skipulag, sem búið er að reyna. En nú hafa þeir hv. 2. þm. Eyf. og hv. 2. landsk. þm. haldið því fram, að skipulagið væri til bóta, um það yrði ekki deilt. Mér skilst því, að hv. 2. þm. Eyf. geti ekki verið sammála stj. sinni í þessu máli. Ef skipulagið væri gott, þá ætti auðvitað að halda því. Þó viðurkennt sé,

að mikið tap hafi orðið á rekstri einkasölunnar síðasta ár, þá réttlætir það ekki, að hún sé lögð niður, ef vitanlegt væri, að skipulagið væri til bóta. Ég lít því svo á, að með framburði þessa frv. viðurkenni hæstv. stj., að einkasalan hafi ekki reynzt eins vel og hún gerði sér vonir um, og þess vegna sé hún nú fallin frá því skipulagi. Hæstv. forsrh. virðist þó enn ekki ákveðinn í þessu efni. Enn var hann með þá kenningu, að sjávarútvegsmenn þurfi að læra af bændum að nota mátt samtakanna og skipuleggja atvinnu sína og verzlun.

Hv. 2. þm. Eyf. var að tala um, að ég væri skemmra kominn á braut skilnings og þekkingar á þessu máli heldur en ýmsir af flokksbræðrum mínum. Ég játa það fúslega, að ég er algerlega mótfallinn einkasölu á síld; ég hefi alltaf verið það. Ég var líka á móti skipulaginu frá 1926, og gerði ég grein fyrir því þá.

Hæstv. ráðh. talaði um einkasöluna sem lögþvingaða samvinnu. Hæstv. stj. hefir þannig tekið sér fyrir hendur að knýja síldarútvegsmennina til þeirrar skólagöngu hjá samvinnumönnum, sem þeir eru oft að tala um. Hver hefir svo reynslan orðið? Hvort hefi ég haft réttara fyrir mér, eða hinir, sem komu skipulaginu á, en hverfa nú frá því og dæma það þar með óhæft? Hér er sjón sögu ríkari.

Um afkomu síldarútvegsins undir einkasölufyrirkomulaginu, samanborið við það, sem verið hefði án þess, er ég á öðru máli en hv. 2. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. Þeir, sem verzluðu með síld á undan einkasölunni, urðu að vísu stundum fyrir miklum töpum. En þeir greiddu líka fullt verð fyrir síldina, þeim, sem veiddu hana. En þótt Síldareinkasalan hefði ekki greitt einn eyri fyrir síldina síðasta ár, hefði hún samt tapað. Þetta er hinn mikli munur á ástandinu nú og áður en einkasalan var stofnuð.

Hv. 2. landsk. kvað sér ekki ljóst, hvað ég ætti við með því að tala um að færa áhættuna við síldarverzlunina yfir á útlendinga; minntist hann í því sambandi á leppa. Það má auðvitað kalla þetta leppmennsku eða hvað sem vera vill. Mér finnst ekki undan neinu að kvarta, ef menn selja síldina vel og losna líka við áhættuna, hvað sem mönnum þóknast að kalla það. Ríkinu hlýtur að vera það hagkvæmt, og það bar ekki mikið á, að útlendingar, sem síldina keyptu, yrðu að gefast upp fyrir töp.

Það er vitanlegt, að síldarmarkaðurinn er takmarkaður. Þess vegna var líka eitt höfuðmarkmið Síldareinkasölunnar að afla nýrra markaða. Einnig í því hefir einkasalan brugðizt vonum manna. Það eina, sem gert hefir verið í því að afla nýrra markaða í tíð einkasölunnar, var gert vegna sérstaks áhuga eins einstaklings; það, sem áunnizt hefir, sem er því miður mjög lítið, er því ekki skipulaginu að þakka.

Hv. 2. þm. Eyf. leiddi það af orðum mínum, að ég vildi láta allt reka á reiðanum og fara eins og verkast vildi um síldarmálin. Það er af því, að ég treysti betur útsjón og framtaki einstaklinganna til að sjá þeim borgið heldur en lögbundnu skipulagi, sem heftir einstaklingsframtak að miklu leyti. Og á þeirri skoðun finnst mér það hljóta að byggjast, að einkasalan var lögð niður og þetta frv. borið fram.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til að víkja aftur að ummælum hv. 2. landsk. En ummælum hv. 1. þm. Reykv. um það, að Svavar Guðmundsson hafi ekki komið nálægt því starfi, sem hann þarf að inna af hendi sem skilanefndarmaður Síldareinkasölunnar, vil ég mótmæla. Starf skilanefndarinnar er fyrst og fremst að selja vörubirgðir einkasölunnar og gera upp reikninga hennar. Þetta heyrir einmitt undir það starf, sem Svavar Guðmundsson hefir gert að lífsstarfi sínu og lært til.

Hv. þm. var að tala um, að síldarútvegsmenn hefðu verið knúnir til skólagöngu í samvinnumálum. Ég er honum sammála um, að slíkt á ekki að gera nema undir sérstökum kringumstæðum. Menn eiga að ganga til samvinnu af frjálsum vilja. Á þeim grundvelli hefir samvinnufélagsskapurinn þróazt hjá bændum, og það er farsælasta leiðin. Heilbrigð samvinna skapast ekki með löggjafarþvingun, og þó að vegna sérstakra kringumstæðna sé farið inn á þá braut

í bili, á það ekki að verða regla til að byggja framtíðarskipulag á.

Einar Árnason: Þegar hv. 2. landsk. þm. talaði um mistökin á stj. Síldareinkasölunnar í sumar, að það hefðu verið veitt of mikil söltunarleyfi, þá vildi hann halda því fram, að Framsóknarflokkurinn hefði haft svo sterka aðstöðu í stj. einkasölunnar, að hann hefði getað ráðið miklu um þetta. Nefndi hann þar til, að síðasta þing hefði kosið framsóknarmann í stj. einkasölunnar í stað jafnaðarmanns. Nú er því til að svara, að þó að það hefði verið rétt, að 2 framsóknarmenn hefðu átt sæti í stj. einkasölunnar, þegar ákvörðunin var tekin um að auka söltunarleyfin, þá voru það þó aldrei nema 2 atkv. af 5. Hitt er því aukaatr., en þó rétt að taka það fram, að sá nýi maður, sem kosinn var í sumar, tók ekki sæti í stj. fyrr en um miðjan sept., en ákvarðanir um söltunarleyfi voru teknar miklu fyrr á sumrinu. Ég vildi gefa þessa skýringu, af því að ræða hv. 2. landsk. gat gefið mönnum tilefni til að halda, að Framsóknarflokkurinn hefði öllu ráðið um þetta.

Hv. 1. þm. Reykv. þóttist sjá ósamræmi í ræðu minni og afstöðu minni til þessa frv. Hann hélt því fram, að ég væri með síldareinkasölu og hlyti því að vera á móti frv. Þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur. Þótt ég væri með því, að síldarverzlun og síldveiði sé skipulögð, þarf ég ekki að vera fylgjandi sama skipulagi og var á Síldareinkasölunni, enda myndi ég vera því algerlaga mótfallinn, að sama fyrirkomulag yrði tekið upp aftur. Því er það álit mitt, að Síldareinkasalan hafi farið inn á víðara verksvið en til var ætlazt í fyrstu. Skipulag getur verið með ýmsu móti, heppilegt og óheppilegt. Hv. 1. þm. Reykv. lýsti yfir því, að hann væri á móti allri skipulagningu, jafnt á síldarverzlun sem öðru, því er sú afstaða hans eðlileg að fylgja þessu frv. án þess að vilja láta nokkuð annað koma í staðinn. Hann segist trúa eingöngu á útsjón og framtak einstaklingsins. Mér þætti nú viðkunnanlegra, úr því að menn fara að lýsa yfir trú sinni á annað borð, að sú trú kæmi ekki í bága við alla reynslu liðins tíma. Mín trú í þessum efnum er ekki óhagganleg. Ég vil læra af reynslunni. Hún hefir sýnt, að blind trú, á hvora sveif sem hún snýst, er ekki heppileg til þroska og þróunar á þeirri framfarabraut, sem allir vilja ganga. Ég vil leita leiða, sem kynnu að reynast betri en hinar gengnu götur. Annars þýðir ekki að deila um þetta atr. Eins og frv. liggur fyrir, þarf ekki að taka ákvörðun um framtíð síldarverzlunarinnar.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. taldi það ekki rétt hjá mér, að maður sá annar, er skipaður var í skilanefnd Síldareinkasölunnar, hefði aldrei komið nálægt síldarverzlun áður. Ég veit ekki betur en aðalstarf þessa manns hjá S. Í. S. hafi verið vörukaup og sala, en S. Í. S. verzlar ekki með síld, svo kunnugt sé. (**Forsrh.:** Hann hefir verið kaupfélagsstjóri). Hann hefir víst lítið haft með síldarsölu að gera þar. Ég ætla, að hann hafi engin tækifæri haft til að kynnast þeirri grein, hvorki við starf sitt hjá S. Í. S. né í Borgarnesi og Vík. Hitt dreg ég ekki í vafa, að þetta sé að ýmsu leyti mætur maður, þótt ég telji hann vanta skilyrði til að geta rækt starf sitt í skilanefndinni sem skyldi. Hitt get ég skilið, að hæstv. atvmrh. hafi viljað hafa mann í skilanefndinni, sem hann gat borið traust til, þótt ég álíti, að hann hafi ekki valið fullkomlega rétt.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að ég hefði lýst yfir trú minni á einstaklingsframtakinu. Ég talaði nú að vísu um **traust** í þessu sambandi. Hann sagði að trúna þyrfti að byggja á reynslu. Hann hefir nú fengið sína reynslu af einkasölunni, og sú reynsla er þannig, að hann segir, að ekki komi til mála að hann vilji fá hana aftur. (**EÁrna:** Ekki óbreytta). Mín trú hefir því staðizt, en hans bilað. Síldareinkasalan hefir styrkt traust mitt. Það eina, sem gert hefir verið til að afla nýrra markaða, síðan Síldareinkasalan var sett á stofn, hefir verið gert fyrir framtak einstaklingsins. Þvílíkt skipulag á ekkert framtak, nema þá til að hefta framtak einstaklingsins, sem líklegt er að komi að gagni. Og ég er þess fullviss, að ef þetta „skipulag", Síldareinkasalan, hefði ekki verið, væri einstaklingsframtakið nú búið að koma þessum málum í lag.

Einar Árnason: Mér skilst, að eftir trú sinni hljóti hv. 1. þm. Reykv. að veitast erfitt að lifa í nokkru þjóðfélagi, því að öll þjóðfélög eru skipulögð að meira eða minna leyti af hálfu hins opinbera. Hvernig stendur á því, að nokkurt skipulag er til, ef reynslan hefir sýnt, að trú hv. 1. þm. Reykv. sé rétt?

Hv. þm. segir, að ég hafi haft trú á Síldareinkasölunni, en sú trú sé biluð. Þegar hún var borin fram hér á þingi, flutti ég till., sem gengu í þá átt, að draga úr áhættunni af ábyrgð ríkissjóðs. Þær till. sýndu, að trú mín var ekki ótakmörkuð. Og ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að trú mín sé aldrei sterkari en svo, að ég geti lært af reynslunni. Hv. 1. þm. Reykv. hefir hinsvegar ekkert lært. Hann hafði enga trú á Síldareinkasölunni, er hún var sett, og hefir enga trú ennþá. Hann hefir ekkert lært og engu gleymt. Ég hefi sagt, að ég geti ekki fylgt Síldareinkasölunni eins og hún var, en telji hinsvegar óhjákvæmilegt, að síldarverzlunin verði skipulögð á einhvern hátt. Ég vil, að þetta komi skýrt fram, af því að hv. 1. þm. Reykv. hefir reynt að moka yfir það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 168).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er aðeins staðfesting á bráðabirgðalögum frá 9. des. 1931, þar sem ákveðið var, að bú Síldareinkasölunnar skyldi tekið til skiptameðferðar og ákveðið að skilanefnd tveggja manna skyldi hafa skiptin með höndum. Sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Jón Þorláksson: Mér þykir rétt að láta það koma fram, út af tilorðningu bráðabirgðalaganna um Síldareinkasöluna, að áður en þau voru samin, sneri hæstv. atvmrh. sér til miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins og lagði fyrir hana tvær spurningar, í fyrsta lagi um það, hvort flokkurinn vildi, að lögin um Síldareinkasöluna yrðu felld úr gildi með bráðabirgðalögum og var því svarað játandi, og í öðru lagi, hvort flokkurinn væri því samþykkur, að bú Síldareinkasölunnar yrði tekið til skiptameðferðar, og með því að flokkurinn taldi sig ekki hafa nægilegar upplýsingar í því efni, var því látið ósvarað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Það gekk svo snöggt með 2. umr. þessa máls, að umræður urðu engar og var málið svo afgr. til 3. umr.

Aths. mínar hér um eru almenns eðlis. Við 1. umr. spurði ég hæstv. atvmrh., hvað koma ætti í stað Síldareinkasölunnar. Voru svör hans ekki greið, og vænti ég þeirra greinilegri síðar. Enn hefir ekki bólað á neinum till. um það, hvað hér ætti að koma í staðinn fyrir einkasöluna. Veit ég ekki, hvort hv. n. hefir athugað þetta, og vil ég hér með spyrja hv. frsm., hvort eitthvað hafi komið fram í þessu máli. Þótt gallar hafi verið á Síldareinkasölunni, tekur ekki betra við, þegar þau lög eru numin úr gildi. 1927 var allt enn í öngþveiti, og lýsti Björn heitinn Líndal ástandinu svo á þingi, að illt hefði verið í hitteðfyrra, verra í fyrra og útlit væri fyrir, að versna myndi í ár. Þetta var meðan frjálsa samkeppnin réð í þessum málum, sama ástand og búast má við að sumri. Veit ég reyndar ekki vel, hvað gera ætti, til þess að koma lagi á síldarverkunina. Sala á kryddsíld var svo að segja eingöngu í höndum Síldareinkasölunnar. Var markaður betri fyrir þessa vöru en almenna síld og verð hærra. Nú býst ég við, að yfirráð hér um fari aftur til útlendinga, helzt þá Svía, sem munu láta menn sína kaupa hér upp síld fyrir það verð, er þeim sýnist. Mun þá verða sem oft áður, að hafi ekki verið borgað út í hönd, hefir ekkert verið af þeim að hafa. Má koma í veg fyrir slíkt með því

að halda sér að þeirri takmörkun á síldarsöltun, sem áður var í lögum Síldareinkasölunnar, en það getur ekki orðið, þegar þessi lög eru fallin niður.

Væri fróðlegt að vita, hvað hæstv. stj. ætlar sér að gera í þessum málum hér á þingi og hvernig hagur Síldareinkasölunnar stendur.

Þriðja atriðið, sem ég vildi fá upplýst, er um kröfur þær, sem ýmsir síldareigendur á Norðurlandi hafa gert til Síldareinkasölunnar um greiðslu úr búinu á andvirði síldar, sem þeir töldu ekki beinlínis heyra undir Síldareinkasöluna og bjuggust við, að greitt yrði.

Menn hafa rætt margar leiðir til þess að koma á betra fyrirkomulagi við síldarsöltun, svo að Ísland missti ekki þann markað fyrir kryddsíld, sem það hefir þegar aflað sér. Ein er sú, að setja niður einskonar útflutningsnefnd, er hefði leyfi til að takmarka söltunina. Er nú orðið nokkuð áliðið til þess að það gæti orðið að gagni á komandi sumri, því að margir hafa ekki búizt við þessu og gert ráðstafanir, sem koma myndu í bága við það. En þó að þessi leið sé hugsanleg, verður henni ekki fram komið, nema stjórnarflokkurinn vilji beita sér fyrir henni, því að hann er hér í meiri hluta. Sá flokkur hefir hér löngum haft hönd í bagga og þeirra tilhögun var það, sem 1928 komst í gegn með Síldareinkasölunni. Vildi ég við þessa umr. fá það skýrt fram, hvað hann ætlar sér í þessu máli. Býst ég ekki við, að það verði neitt mikið, eftir undirtektum hæstv. forsrh., en einn flokksmaður hans sagði þó við 1. umr. málsins, að ekki væri óhugsandi, að eitthvað kæmi fram hér um. Sagði hann að vísu ekkert ákveðið, en svona mátti skilja orð hans. Var þetta hv. 2. þm. Eyf. Heyri ég, að hæstv. dómsmrh. eigi að svara hér til saka, enda er honum það einna skyldast, því að hann átti ekki svo lítinn þátt í fyrirkomulagi Síldareinkasölunnar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ástæðan til þess, að ég tek til máls, er ekki sú, að ég ætli að tala um síldarmálin í heild, heldur hin, að hv. 2. landsk. vísaði nokkrum orðum til hæstv. forsrh., sem ekki er viðstaddur, og vil ég svara því að nokkru, þótt ég sé málinu ekki kunnugur.

Hygg ég, að hv. 2. landsk. þm. skilji, að Framsóknarfl. hefir ekki álitið sér skylt að hafa forgöngu í þessu síldarmáli, því að bæði kjósendur og þingmenn hinna flokkanna hafa meiri afskipti af síldarútveginum. Að Framsóknarfl. tók 1928 mikinn þátt í síldarmálunum, kom af því, að hafa þurfti meira skipulag hér á og koma fram ráðum sjómanna og útgerðarmanna. Þetta skipulag, sem þá var sett, gerði ráð fyrir samvinnu sjómanna og útgerðarmanna og verkamanna. Enda þótt Framsóknarfl. væri þá hæstur að fulltrúatölu, hafði hann þó aðeins 1 mann í n. þeirri, er hafa skyldi á hendi stjórn fyrirtækisins, því að hann áleit, að stjórn fyrirtækisins ætti að hvíla á herðum þeirra, sem þar hefðu mestra hagsmuna að gæta. Held ég, að hv. 2. landsk. þm. sé kunnugt um, að mistök urðu hér á, því að fulltrúar þessara tveggja aðilja voru ekki þessu trúnaðarstarfi vaxnir. Það væri raunar afsakanlegt, þótt hjá fulltrúum þessum hefði ekki gætt nægrar hagsýni, en óafsakanlegt er það, að þeir litu stundum á hagsmuni einstakra staða, svo sem Akureyrar og Svalbarðseyrar t. d. Um þessar mundir kom líka fram í flokki hv. 2. landsk. hagsmunaklofningur milli sjómanna og verkamanna í landi, og er ekki hægt að saka menn um það, þótt slíkur klofningur kæmi fram, en leiðtogar flokksins hefðu átt að jafna málið með sér. En þessa sambúðarörðugleika innan flokksins réðu þeir ekki við.

Ég verð því að álíta, að aðalorsökin til þess, að þetta fyrirtæki blessaðist ekki, hafi verið sú, að fulltrúana hafi brostið hæfileika til að gegna þessu starfi fyrir almenning. Útkoman á Landsverzluninni hjá Magnúsi sál. Kristjánssyni varð öll önnur en hjá þessum mönnum. Vera má, að fyrirkomulagið hafi þar verið eitthvað betra, en mestu mun hafa um valdið, að hann hefir haft meiri hæfileika og meiri löngun til að láta fyrirtækið verða almenningi til gagns.

Þeir tveir flokkar, sem hér höfðu beinna hagsmuna að gæta, sjómenn og útgerðarmenn, komu sér saman um það að breyta lögunum um stjórn Síldareinkasölunnar á sumarþinginu í þá átt, að vald

þeirra óx, en vald okkar framsóknarmanna minnkaði. Við því var í rauninni ekkert að segja. Við vildum frá upphafi skipulag með samvinnu beggja aðilja. Flokkur hv. 4. landsk. virðist hafa sýnt meiri kænsku en íhaldið í þessum viðskiptum, því að við breyt. fengu sjómenn og verkamenn alveldi yfir síldareinkasölunni. Ég sé í rauninni ekkert út á það að setja, þeir náðu því sama marki og fulltrúar íhaldsmanna ætluðu sér að ná 1926. Þá höfðu þeir undirtökin, en verkamenn nú. Það hefði nú verið fróðlegt að sjá, hvort verkamenn og sjómenn hefðu ekki getað stjórnað þessu fyrirtæki betur í 1—2 ár. Íhaldsmenn gátu engum um þetta kennt, því að þeir höfðu búið svo um hnútana, að valdið lenti hjá hinum. Það er misskilningur, að bráðabirgðalögin um afnám einkasölunnar hafi verið sett vegna stjórnar verkamanna á fyrirtækinu. Ástæðan til þess, að ríkisstj. neyddist til að stytta þessu fyrirtæki aldur, voru vandræði þau, sem Síldareinkasalan var í frá sumrinu í sumar. Hv. 2. landsk. veit, að þegar haldinn var stofnfundur þessarar nýju einkasölu, voru flokksbræður hans hikandi í því, hvort þeir gætu tekið við völdunum. Þeir spurðust fyrir um það hjá stj., hvort gamlir erfiðleikar frá síðasta sumri þyrfti að hvíla á rekstri einkasölunnar. Stj. gat ekki um þetta sagt, þar sem þetta var algerlega á valdi þingsins. Vera má, að þingið hefði eitthvað hlaupið undir bagga, en fjármál einkasölunnar voru komin í það ólag, að ekki var forsvaranlegt að láta fyrirtækið halda áfram fram til þings. Engir skattar eða tollar til hins opinbera höfðu verið goldnir og auk þess verið stofnað til stórfelldra skulda erlendis. Var því allt undir því komið, að farið yrði að með ráðdeild, sem því miður hafði ekki ávallt gætt í stj. einkasölunnar.

Ég er á sama máli og hv. 2. landsk. um það, að ólag hljóti að verða á þessum atvinnurekstri, þar til einhverju skipulagi er komið á hann aftur. Ég hefi enga trú á, að kraftur verði í útgerðinni í sumar eða yfirleitt fyrr en skipulag kemur aftur, með hvaða hætti sem það verður. En hv. 2. landsk. verður að virða þeim það til vorkunnar, sem ekki hafa hér beinna hagsmuna að gæta, en vilja treysta hinum réttu aðiljum, þó að þeir hafi ekki frumkvæði og forgöngu í því efni. Frumkvæðið verður að koma frá sjómönnum og útgerðarmönnum, en af hinum er ekki hægt að vænta annars meira en stuðnings til að koma skipulagi á þennan atvinnuveg.

Ég get sagt það fyrir sjálfan mig, og ég tek það fram, að ég tala hér ekki í nafni flokksins, að ég er sannfærður um að annaðhvort nú eða á næsta þingi verður að taka upp síldareinkasölu aftur í einhverri mynd. En forgangan verður að koma frá þeim, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Stuðningsmenn hv. 2. landsk. eiga hér hagsmuna að gæta og ætti því frumkvæðið annaðhvort að koma frá þeim eða hinum nýju bandamönnum hans. En ekki mun skuturinn eftir liggja hjá okkur framsóknarmönnum, ef vel er róið frammi í.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. 2. landsk. spurðist fyrir um það, hvort sjútvn. ætlaði að gera nokkrar till. um skipulag á síldarverzluninni. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er alveg sjálfstætt og útilokar ekki, að gerð verði ný skipun á þessum málum. En n. hefir þó ekki hugsað sér að flytja frv. í þá átt. En út af öðru atr. vil ég taka það fram, að þar sem hv. þm. sagði, að ástandið í síldarútveginum myndi ekki batna við skipulagsleysi, þá er ég honum sammála.

Hv. þm. sagði, að það stæði stj. næst að flytja frv. um nýtt skipulag. En þetta mál hefir ekki verið flutt af Framsóknarfl. inn í þingið. Fyrst var það flutt af Íhaldsflokknum og síðan af jafnaðarmönnum. Þetta er líka eðlilegt. Eins og hæstv. dómsmrh. sagði, stendur hinum flokkunum næst að hafa forgöngu í þessu máli. En ef þessir flokkar vilja flytja frv. um skipulag, er ég fús til samvinnu, og svo mun vera um fleiri framsóknarmenn. En ég vil ekki flytja það sem flokksmál, af því að ég álít það til skaða fyrir málefnið, og ég hefi þá trú, að ósamlyndi um málið milli flokka hafi fyrst og fremst orðið síldareinkasölunni að falli. En ef allir flokkar styðja þetta mál, efast ég ekki um, að skipulag sé mikil trygging fyrir því, að þessi atvinnuveg-

ur geti gengið sæmilega. Hefi ég þá skýrt afstöðu mína til málsins.

Jakob Möller [óyfirl.]: Mér finnst langbezt fara á því, að framsóknarmenn og jafnaðarmenn tali hér yfir moldum þessa ástfósturs síns. En af því að mér fannst æfiferilslýsing sú, er hæstv. dómsmrh. gaf, ekki vera allskostar rétt, get ég ekki komizt hjá að gera nokkrar aths.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að svona hefði farið, af því að verkamenn og útgerðarmenn hefðu ekki verið því vaxnir að stjórna fyrirtækinu. En svo viturlega hefði hlutunum verið fyrir komið, að þessir tveir flokkar hefðu haft þar yfirtökin, eða undirtökin, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Þetta er sannarlega spaugilegur heilaspuni, sem getur að vísu verið gaman að, vegna þess hve gersamlega laus hann er við að eiga nokkra stoð í veruleikanum. Allir vita, að sjálfstæðismenn voru ávallt í minni hluta í stjórn Síldareinkasölunnar, en framsóknarmenn og jafnaðarmenn í meiri hluta, og fram á síðasta ár var samvinna milli þessara flokka. En Sjálfstæðisflokkurinn var áhrifalaus í stj. einkasölunnar frá upphafi og til hins síðasta. Þetta veit hæstv. dómsmrh. ósköp vel. Hitt er skiljanlegt, að framsóknarmenn vilji nú færast undan allri ábyrgð og ekki eiga frumkvæði að nýrri „skipulagningu". En sannleikurinn er sá, að framsóknarmenn áttu frumkvæðið að Síldareinkasölunni, eins og hún varð, sbr. frv. þeirra Ingvars Pálmasonar og Erlings Friðjónssonar. I. P. er þar fyrsti flm., svo að Framsóknarfl. á ekki aðeins frumkvæðið að hálfu leyti, heldur að mestu leyti, og auk þess eru miklar líkur til, að frv. hafi verið samið og flutt fyrir forgöngu stj. En nú hefir Framsóknarfl. séð að allt fór út um þúfur, eins og strax var spáð, að ekki kynni góðri lukku að stýra að taka öll ráð af þeim, sem mestra hagsmuna höfðu að gæta. Frv. 1926 fór í alveg öfuga átt, sem sé þá, að leggja stj. fyrirtækisins fyrst og fremst í hendur þessara manna, og þótt ég væri því mótfallinn, dylst mér ekki, að það bar stórum af frv. því, sem að lögum varð fyrir forgöngu Framsóknarfl.

Hæstv. dómsmrh. segir, að útkoman hafi orðið allt önnur hjá Magnúsi Kristjánssyni, er hann stýrði Landsverzluninni, en hjá fulltrúum sjálfstæðis- og jafnaðarmanna við Síldareinkasöluna. Ég efast nú ekki um, að ef Síldareinkasalan hefði haft sömu aðstöðu og Landsverzlunin, hefði útkoman orðið sæmileg. Landsverzlunin gat sjálf ákveðið verðið á vörum sínum, en það gat Síldareinkasalan ekki. Þetta er því ekki annað en blekking, og ef maður vissi ekki, að hæstv. ráðh. segði þetta á móti betri vitund, væri hér um óvenjulega fáfræði að ræða.

Ég held, að mér sé óhætt að lýsa yfir því f. h. Sjálfstæðisflokksins, að hann muni ekki bera fram frv. um nýja einkasölu. Hann er búinn að fá nóg af þeirri tilraun, sem gerð hefir verið og gefizt hefir þannig, að útflutningur hefir minnkað, en útlendingar aukið veiði sína svo, að við borð liggur, að þeir séu að draga þennan atvinnuveg úr höndum Íslendinga, ýmsum gömlum mörkuðum verið lokað, en engum nýjum bætt við, og allt eftir þessu. Verra en þetta getur ástandið ekki orðið. Og það mun sannast, að þessi atvinnuvegur gefur meira af sér á næsta ári en í höndum einkasölunnar.

Jón Baldvinsson: Hæstv. dómsmrh. hefir nú flutt hér alllanga ræðu, og hefir aðalefni hennar verið að neita ábyrgð Framsóknarfl. á stofnun og endalokum Síldareinkasölunnar. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en eins og allir vita, hélt Alþýðuflokkurinn fram öðru fyrirkomulagi 1928, er við fluttum hér frv., sem ekki fann náð fyrir augum Framsóknar. Hinsvegar var annað frv. samþ., sem hæstv. dómsmrh. segir, að gert hafi ráð fyrir samvinnu flokkanna.

Ég hygg, að stj., og þá ekki sízt hæstv. dómsmrh., hafi ráðið miklu um val manna í útflutningsnefnd Síldareinkasölunnar 1928, og að framsóknarmenn hafi ráðið miklu um val framkvæmdarstjóra einkasölunnar. Oddamaðurinn í útflutningsnefndinni var úr þeirra hóp, og með atkvæði hans gátu þeir samþ. eða synjað tillögum hinna flokkanna á víxl, og þannig ráðið eftir vild, hvorum þeirra hann skyldi fylgja. Ég neita því ekki, að samvinna væri um þetta mál í þinginu á

milli Framsóknarfl. og Alþýðufl.; við Alþýðuflokksmenn töldum réttara að reyna þetta skipulag Framsóknarfl. á síldarsölunni og studdum það, þó við værum ekki ánægðir með það. En mér er nær að halda, að engin samvinna hafi verið milli flokkanna um skipun framkvæmdarstjóra einkasölunnar, heldur hafi þeir verið ráðnir samkv. einhliða ákvörðun Framsóknarfl., eða eftir samningum einstakra manna við þann flokk.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það hefði verið ósamkomulag innan Alþýðufl. um þessi mál. En það er ekki rétt, því að þar var um tvo flokka að ræða. Kommúnistar voru búnir að kljúfa sig frá Alþýðufl. 1928 og mynda sérstakan flokk, og einn af forustumönnum þeirra var ráðinn framkvæmdarstjóri við síldareinkasöluna.

Hæstv. ráðh. vék að því, að á Alþingi 1931 hefðu Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl. verið sammála um að breyta fyrirkomulagi á stj. einkasölunnar, og mátti draga út úr ummælum hans, að Framsóknarfl. hefði verið þeim breyt. mótfallinn, en svo var ekki, ég man ekki eftir, að það kæmi nokkursstaðar fram. Það mátti ennfremur skilja á orðum hæstv. ráðh. hið sama og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. þessa máls, að samkv. þessum breyt. hefðu framsóknarmenn ekki átt að hafa áhrif á stj. einkasölunnar framvegis, og hefði það ráðið miklu um afdrif hennar og örlög, sem ákveðin voru með bráðabirgðalögunum. Það er einkennilegt að heyra það, þegar Framsóknarfl. telur sjávarútveginn sér óviðkomandi, en fjöldi af bændum landsins rekur þó sjávarútveg, eins og nafnið útvegsbóndi bendir til. Ég geri ráð fyrir, að talsverður hluti bænda í landinu reki útveg, ýmist sérstaklega eða í sambandi við landbúnað. Og ólíklegt er, að flokkur, sem telur sig bændaflokk, geti haldið sig utan við útvegsmálin, þó að hæstv. dómsmrh. virðist stundum halda því fram. Af því að þessu fyrirtæki, sem hér er um rætt, síldareinkasölunni, hefir farnazt illa, þá vilja framsóknarmenn láta svo sem það hafi verið þeim óviðkomandi. En þeir geta þó ekki neitað því, að á sumarþinginu 1931 kaus Framsóknarfl. mann í útflutningsnefnd síldareinkasölunnar með öllu sínu þingfylgi, í stað fulltrúa Alþýðufl., sem gekk úr nefndinni. Það bendir til þess, að framsóknarmenn hafi viljað hafa þar yfirráð. Og mér finnst réttmætt að álykta út af orðum ráðherranna, að það hafi valdið miklu um niðurlagningu einkasölunnar, að Framsóknarfl. átti ekki að ráða þar framvegis.

Hæstv. dómsmrh. vildi halda því fram, að meðferð málanna á fundi síldareinkasölunnar síðastl. haust og kosning útflutningsnefndar, sem þar fór fram, hefðu ráðið úrslitum um, að einkasalan var lögð niður. Ég mun ekki fara út í það mál og ræða um þær kosningar, enda koma þær að líkindum ekki til framkvæmda.

Út af fyrirspurn minni til hv. stjórnarflokks um áform hans að því er snertir síldarverzlunina framvegis hefi ég ekki fengið önnur svör en þau, að flokkurinn mundi ekki eiga frumkvæði að till. um að skipuleggja síldarútveginn, en hinsvegar geti komið til mála, að hann styðji uppástungur í þá átt, ef þær koma fram. Og hv. 2. þm. Eyf. kvaðst mundu styðja till. í þeim tilgangi. Það er ekkert einkennilegt, þó að eftir þessu sé spurt, því að Alþýðuflokkurinn hefir ekkert atkvæðamagn í þinginu til þess að gera nokkuð í þessu efni, og jafnvel ekki þótt við værum í samvinnu við þann flokk, sem hæstv. dómsmrh. kallar bandamenn okkar, því að Framsóknarfl. getur fellt í þinginu það, sem honum sýnist. Hæstv. ráðh. kvaðst að vísu mundu styðja till. um að skipuleggja síldarsöluna, ef þær kæmu fram, en það eru litlar líkur til, að svo verði, gegn andstöðu Sjálfstæðisfl. og óvilja Framsóknarfl.

Það er líklegt, að næstu 2—3 árin verði þjóðin að sætta sig við það fyrirkomulag á þessu sviði, sem Björn Líndal lýsti á Alþ. 1926, þar sem eitt ríkti öðru verra, leppmennskan og óreiðan í síldarútveginum, og fór stöðugt versnandi frá ári til árs.

Enginn undrast yfir því, þó að hv. 1. þm. Reykv. mæli á móti hverskonar skipulagi á síldarútveginum. Það er í fullu samræmi við hugarfar hans. Hann var á móti frv. núv. flokksbræðra sinna, sem þeir fluttu á þinginu 1926. Hann er yfirleitt á móti öllum takmörkunum á atvinnufrelsi einstaklingsins og trúir í

blindni á hið gamla slagorð liberala — einstaklingsframtakið —, sem hann fylgdi einu sinni að málum, en er nú runninn frá og inn í annan flokk. Og þannig hefir farið fyrir liberölu flokkunum um víða veröld, þeir hafa þurrkazt út eða bræðzt saman við aðra flokka.

Það er vitanlegt, að allmargir menn í Sjálfstæðisflokknum, einkum utan þings, telja nauðsynlegt að koma skipulagi á fisksöluna út úr landinu, og þeir hafa dálítið sýnt þetta í verki á þann hátt að stofna fisksölusamlög í einstökum héruðum landsins, til þess að hefta svolítið einstaklingsframtakið á þessu sviði. Í slóð þessa samlags koma svo samvinnufélögin, þó að þau verði e. t. v. ófullkomin í fyrstu.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi vel fara á því, að Alþýðufl. og Framsóknarfl. töluðu yfir moldum Síldareinkasölunnar. Ég sé ekkert á móti því, þó að þeir flokkar geri það. En mér fannst hv. þm. ekki trúaður á það eins og skyldi, að eftir dauðann hefst upprisa og nýtt líf, að loknum þrengingum í hinu fyrra lífi.

Ég hefi með fyrirspurn minni verið að leitast fyrir hjá hinum þingflokkunum um endurreisn einhvers skipulags á síldarútveginum og sölu síldar, en hefi fengið loðin svör. Ég veit ekki, hvort það er til nokkurs að ganga eftir skýrari svörum. Ég get hugsað mér, að þeir Ingvar og Óskar verði að gera út í 2—3 ár áður en þingið sannfærist um, að nauðsyn sé á föstu skipulagi á þessu sviði.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég sagði í fyrri ræðu minni, að það færi vel á því, að framsóknarmenn og jafnaðarmenn töluðu yfir moldum Síldareinkasölunnar, samkv. hinum gamla málshætti: Nil de mortuis nisi bene, en það þýðir: Mælum gott eitt um þá látnu. Þess vegna þykir mér þetta vel til fundið.

Ég get tekið undir ósk hv. 2. landsk. um að hið látna fóstur þeirra rísi aftur upp frá dauðum, en ég vona, að það verði þá í betra heimi, en ekki í þessari syndumspiltu veröld, sem við lifum í. Ég býst við, að líf Síldareinkasölunnar yrði jafn sorglegt og það áður var, ef það ætti að endurtakast aftur í þessum heimi.

Trú mín á framtak einstaklingsins er byggð á reynslu, t. d. eins og þessari, sem hér liggur fyrir, að þegar slík fyrirtæki bregðast, þá verða einstaklingarnir að taka við verkefnunum. Saga Síldareinkasölunnar sýnir, að betra hefði verið að láta einstaklingana afskiptalausa um þann atvinnuveg.

Ég hefi ekkert á móti frjálsum samtökum framleiðenda um sölu á saltfiski, en hverskonar þvingun í þeim efnum á ekki að eiga sér stað.

Hv. 2. landsk. sagði, að frjálslyndu (liberölu) flokkarnir væru að hverfa inn í aðra flokka. Ég hygg, að það stafi af því, að aðrir flokkar hafa nálgazt þeirra stefnu í þjóðmálum og tileinkað sér hana. Jafnaðarmannaflokkar ýmsra þjóða hafa t. d. sveigt frá sínum upphaflegu stefnumálum og samið sig að háttum frjálslyndu flokkanna, og hið sama hafa ýmsir hægri flokkar gert. Þessu uni ég vel.

Það er rétt, sem hv. 2. landsk. sagði, að ég var á móti lögunum frá 1927, sem ábyrgðarmenn áttu frumkvæði að, en í því sambandi var hv. þm. að vitna í orð Björns Líndals, og vil ég leiðrétta þá tilvitnun. Í þeirri lýsingu, sem B. L. gaf, var ekki átt við síldarútgerðina sjálfa, heldur skipulagsleysið á sölu síldarinnar og framkomu ýmsra spekúlanta, sem keyptu síldina hér innanlands, og hygg ég, að það hafi verið nokkuð til í því. Síldarverzlun þeirra gekk illa og versnaði ár frá ári. Reynslan hefir sýnt, að hún gengur misjafnlega, hver sem með hana fer og þó verst hjá Síldareinkasölunni. Þegar markaðurinn er allur í öðru landi, þá er það ekki á valdi einkasölunnar að ákveða verðið á sama hátt og landsverzlun, sem ein selur vissar vörutegundir innanlands.

Þetta hefir reynslan sannað. Hinsvegar höfðu þeir, sem stunduðu síldveiðar, miklu betra upp úr atvinnu sinni fyrir 1928 en eftir að einkasalan var stofnuð. Þó að einstakir menn hafi áður tapað á síldveiðum, þá hafði allur þorri útgerðarmanna venjulega góða afkomu áður en einkasalan tók til starfa. Þá var oftast hægt að fá allhátt verð fyrir síldina hjá útlendum síldarkaupendum, en nú hefir Síldareinkasalan gert það að verkum, að meðalverðið á síld hefir lækkað stórkostlega erlendis. Þetta er mér vel kunnugt fremur en hv. 2. landsk. þm.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. vildi halda fram, að sá flokkur, sem hann fylgir nú, hafi engin áhrif haft á framkvæmdir Síldareinkasölunnar. Mér þykir réttara að sýna Íhaldsfl. meiri mildi en hann gerir og viðurkenna störf hans og þátttöku í Síldareinkasölunni. Ég er ekki í vafa um, að hv. 1. þm. Reykv. gerir allt of lítið úr sérfræðingum Íhaldsfl. í síldarmálunum og helztu skörungum þess flokks við Eyjafjörð, þeim Ásgeiri Péturssyni og Birni Líndal, þegar hann segir, að þeir hafi engin áhrif haft á rekstur síldareinkasölunnar, því fremur sem það er öllum kunnugt, að oddamaður útflutningsnefndarinnar, Böðvar Bjarkan lögmaður, er samvinnuþýður maður og ekki líklegur til þess að taka illa upp till. annara málsaðilja í nefndinni. Hann var kjörinn oddamaður með sérstöku tilliti til þess, að hann hafði góða aðstöðu til að vinna með aðiljum hinna flokkanna í n. og þá ekki síður með fulltrúum útvegsmanna.

Ég vil minna hv. 1. þm. Reykv. á eitt atriði frá síðastl. sumri, sem bregður skýru ljósi yfir starfsemi útflutningsnefndarinnar þá. Böðvar Bjarkan var staddur erlendis, þegar n. tók ákvarðanir um að veita útgerðarmönnum viðbótarsöltunarleyfi, og ég hygg, að hv. þm. sé ekki ókunnugt um, að fulltrúar útgerðarmanna og verkamanna voru sammála um að veita hin víðtæku söltunarleyfi, og að fulltrúum hans eigin flokks var það ekki síður ljúft. Þessi veiðileyfi komu sér vel fyrir þá menn, sem taka á móti síld til söltunar og fengu þannig aukna atvinnu fyrir söltunarstöðvar sínar. En þessi ákvörðun eyðilagði síldarsöluna síðastl. sumar, eins og kunnugt er. Sá af framkvæmdarstjórum einkasölunnar, sem er gamall flokksbróðir hv. 1. þm. Reykv., gerði allt, sem hann gat til að sporna við því, að útflutningsnefndin veitti þessi leyfi og lét bóka ýtarleg mótmæli gegn því í gerðabók nefndarinnar. Hann sagði fyrir um þær ófarir, sem af þessu mundi leiða, en það var ekki haft að neinu. — Ég veit að hv. 1. þm. Reykv. er svo sanngjarn maður, að honum dettur ekki í hug að neita því, sem öllum landsmönnum er kunnugt, að fulltrúar útgerðarmanna og jafnaðarmanna brugðust þarna því trausti og þeirri ábyrgð, sem lögin lögðu þeim á herðar, að líta fremur á hagsmuni almennings og þjóðarinnar heldur en eigin hagsmuni eða stéttarhagsmuni. Ég vona því, að hv. þm. geri ekki tilraun til að hreinsa flokksmenn sína af þessu. Annars ætla ég ekki að ræða þetta frekar, m. a. af þeirri ástæðu, að annar fulltrúi útgerðarmanna í útflutningsnefndinni, Björn Líndal, sem var andstæðingur minn hér á þingi, er nú dáinn.

Í fyrri ræðu minni talaði ég um þá ágalla, sem sneru að fulltrúum verkamanna í þessum málum. En ég mun aldrei framar taka þátt í samtökum um að skipuleggja þennan atvinnuveg, ef að útgerðarmannafél. og verkamannafél. á Norðurlandi eiga að ráða mestu um framkvæmdir á því sviði. Svo gersamlega hafa þau brotið af sér alla tiltrú í þeim málum.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um Síldareinkasöluna, furðanlega barnalegum að ýmsu leyti, og að öðru leyti af vanþekkingu eða rangfærslu, til þess að snúa sig út úr þeim fullyrðingum, sem hann áður fór með um tildrög einkasölunnar.

Í tilefni af því, sem ég benti á um það, hverjir hefðu átt frumkvæði að stofnun Síldareinkasölunnar, las hv. þm. upp nöfn flm. frv. um Síldareinkasöluna, sem flutt var 1 ári síðar en málið kom fyrst fram á Alþingi. En hann nefndi ekki það frv. um einkasölu á síld, sem flutt var árið áður af mönnum úr hans eigin flokki og þá varð að lögum. Hv. þm. vildi ekkert gera úr skoðunum þeirra og framkomu í þessum málum.

Það, sem ég taldi bera vott um fáfræði og vanþekking hv. þm. um störf stj. einkasölunnar, var sú fullyrðing hans, að oddamaðurinn í útflutningsnefndinni, sem var framsóknarmaður, hafi getað ráðið þar öllu. Þegar fulltrúar hinna flokkanna voru sammála, réð vitanlega meiri hl. Hv. þm. þarf ekki annað en að kynna sér þær samþykktir, sem gerðar voru á nefndarfundum og bókaðar í gerðabók útflutningsnefndar Síldareinkasölunnar til þess að sjá, hvernig fundarstörf fóru fram.

Hv. 2. landsk. sagði, að Framsóknarfl.

hefði á síðasta þingi rutt fulltrúa Alþýðuflokksins úr útflutningsnefndinni og skipað mann í hans sæti. Þess vegna ætti Framsóknarfl. sök á óförum einkasölunnar síðastl. ár. Þessi mannaskipti urðu ekki fyrri en í sept. síðastl., svo að flokksbróðir hv. 2. landsk. átti sæti í útflutningsnefndinni meðan teknar voru þær ákvarðanir, sem örlagaríkastar hafa orðið fyrir síldareinkasöluna.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. þykist hafa meira vit á síldarmálum en aðrir í þessari hv. d., a. m. k. finnst honum, að hann hafi allt fram yfir mig í þeim málum.

Það er alveg víst, að þótt við veiðum árl. 300—400 þús. tunnur síldar, getum við ekki selt nema mjög takmarkað. Síldarframleiðslan eykst ár frá ári. Nýir markaðir hafa ekki opnazt að sama skapi; þvert á móti. Síldveiðar eru stundaðar víðar en hér við land. Samtímis okkar framleiðslu koma á markaðinn milljónir síldartunna frá öðrum löndum. Það er því takmarkað, sem við getum selt af þessari vöru, e. t. v. tæpar 150 þús. tunnur árl. Þegar veiðarnar hér eru algerlega frjálsar, eru engin takmörk fyrir því, hve mikið má afla. En birgðirnar, sem þá safnast fyrir, liggja óseldar, og framboðið verður svo mikið, að síldin fellur stórkostlega í verði. Hin stórkostlegu söltunarleyfi voru höfuðsynd Síldareinkasölunnar á síðasta sumri. Það má koma í veg fyrir þetta, en það er ómögulegt, ef allt á að vera komið undir framtaki einstaklingsins, eins og hv. 1. þm. Reykv. vildi vera láta. Því miður er að fara eins um annan aðalatvinnuveg okkar, þorskveiðarnar. Það er líka að verða of mikið af þeirri vöruteg. Það er eins og með framleiðslu víðast hvar um heim. Kaffi er brennt í Brasilíu og hveiti í Ameríku, af því að ekki svarar kostnaði að flytja það í hús. Má vel vera, að að því reki, að við neyðumst til að moka fiskinum í sjóinn, og víst er um það, að stundum hefði borgað sig betur að kasta fiskinum aftur en að hirða hann. Árið 1930 hefir sennilega kostað um 100 kr. hvert skp. af fullverkuðum fiski í Vestmannaeyjum, þótt ekki fengjust nema 40—50 kr. fyrir það. Þannig fer það e. t. v. einnig með síldina frá seinasta sumri. Og oft hefir áður legið við, að moka yrði síld í sjóinn sökum söluörðugleika. Það skal játað, að í fyrra mistókst síldareinkasölunni að koma í veg fyrir þetta, en með einkasölu er það hægt, en á engan hátt, sé verzlunin gefin frjáls. Þetta veit hv. þm., og jafnvel þeir, sem ekki eru málinu eins kunnugir og hann.

Ég ætla að lofa hv. þm. að lifa í þeirri trú, að allir flokkar víðsvegar um heim séu nú að ganga inn á stefnuskrá „frjálslyndu" flokkanna, en ekki munu margir taka undir það með honum. Sannleikurinn er sá, að þeir eru gersamlega að hverfa úr sögunni og ganga nú ýmist inn í jafnaðarmannaflokkana eða íhaldsflokkana. Þetta er staðreyndin víðast hvar í heiminum. Má glöggt sjá það af atkv.magni þeirra við kosningar og þingmannatölu þeirra, að þeim fer mjög fækkandi. Ég skal ekki deila meira að sinni við hv. þm. um þetta atr., en lofa honum að lifa í sinni sælu trú.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég nenni nú varla að deila um þetta atr. við hv. þm., en hann ræður því alveg, hvort hann nefnir það svo, að þeir flokkar, sem taka upp stefnuskrár gamalla flokka, gleypi hina. En það, sem jafnaðarmannaflokkarnir lifa á er hin „liberala" stefna. Hitt er satt, að svo virðist sem saklaus almenningur hafi um skeið lagt trúnað á orð þeirra jafnaðarmanna, sem komu til þeirra undir yfirskyni fagurra loforða, sem síðan hafa verið margsvikin, og meir og meir færzt í það horf, að jafnaðarmenn vinna að stefnu, sem í rauninni er ekkert annað en hin „liberala pólitik", að undanskilinni þessari skipulagsfirru jafnaðarmanna, sem þeir raunar hafa hvarvetna yfirgefið, þegar þeir hafa verið búnir að fá aðstöðu til að koma henni á. Þar sem foringjar jafnaðarmanna eru sæmilega menntaðir menn, yfirgefa þeir þessa firru, þegar ábyrgðin á að leggjast á þeirra eigin herðar. Þetta er einungis handhægt verkfæri til þess að vinna lýðhylli. En ég álít tilgangslítið að þrátta um þetta atr., en þeim barnaskap hv. 2. þm. Eyf., að mig bresti þekkingu á þessum málum, vísa ég bara heim til föðurhúsanna. Slíkt orðalag sem hann við

hafði, er vel fallið til skemmtunar, en fer ekki sérstaklega vel í munni þessa hv. þm. Það, sem hv. þm. átti við með því, að ég hefði sýnt barnalega vanþekkingu, var, að ég hefði haldið því fram, að framsóknarmenn hefðu átt frumkvæðið að þessu einkasöluskipulagi. Ég held fast við þetta, og barnaskapurinn er hjá hv. 2. þm. Eyf., en ekki mér. Vil ég benda hv. þm. á lögin, sem sett voru 1928, og framsóknarmenn áttu frumkvæðið að. Í frv. frá 1926 er ekkert slíkt skipulag. Það voru framsóknarmenn, sem 1928 komu þessu skipulagi á, gegn vilja og atkvæðum andstæðinganna. Það er því rétt, að þeir áttu frumkvæði þessa skipulags. Það er dálítið gaman að því, þegar þessir syrgjendur, hv. framsóknarmenn, harma örlög einkasölunnar, en hugga sig þó við það, að þeir geti kennt stj. síldareinkasölunnar síðastl. sumar um allar ófarirnar. Það voru þessi óskaplegu söltunarleyfi, sem allri ógæfunni ullu. Þetta mætti e. t. v. til sanns vegar færa, hefði Síldareinkasalan nokkurntíma greitt nokkuð út á þessi söltunarleyfi. Hún greiddi 2 kr. til framleiðenda fyrir síldartunnuna. Þótt leyfin hefðu verið margfalt minni, var útborgunin hvergi nærri hæfileg. Þetta atr. ætti því ekki að valda ógæfunni. Nei, það er annað og eldra. Þrátt fyrir það, að ekki voru greiddar nema 2 kr. fyrir tunnuna, er tapið talið 1,5 millj. kr. Ekki hefir sú upphæð farið í greiðslu fyrir síld. Þetta er því einungis blekking. Það er skipulagið sjálft, sem hefir reynzt ófært, og er frá upphafi dauðadæmt, eins og nú er fram komið. Skraf hv. 2. þm. Eyf. er árangurslaust. Það þýðir hvorki fyrir hann né hæstv. dómsmrh., að halda því fram, að sjálfstæðismenn í stj. Síldareinkasölunnar hafi haft nokkur völd. Það er kunnugt, að þeir höfðu þar ekkert að segja fyrr en þá í sumar, ef þeir hafa tekið þátt í því að samþ. þessi söltunarleyfi, sem mér er ókunnugt um, hvort þeir hafa gert. En til sönnunar því, í hve miklum hávegum sjálfstæðismenn í stj. voru hafðir, má geta þess, að einum þeirra var boðin formannsstaðan í stj. einkasölunnar á sumri sem leið, en einungis af því, að framsóknarmenn sáu, hvert stefndi, og vildu gjarnan komast undan ábyrgðinni. Sjálfstæðismaðurinn afþakkaði boðið. Hann vildi ekki taka við rústunum og tókst því ekki að koma ábyrgðinni formlega á hendur þeirra. En þá fyrst er þeim boðið upp á völd og áhrif í einkasölunni, þegar búið er að stýra öllu í strand. Þetta er sannleikurinn í þessu máli.

Það er þýðingarlaust atriði, hvort Böðvar Bjarkan var fjarverandi eða ekki þegar leyfin voru samþ. Mér er ekki kunnugt um, á hvaða tíma það var, en held þó, að það hafi verið eftir að hann kom heim, að leyfin voru aukin. Og það er sú aukning, sem þýðingu hefir í þessu sambandi. Í upphafi var ekkert ákveðið um það, hve mikið ætti að salta, heldur var það aukið smátt og smátt, er leið fram á sumarið. Þótt Böðvar Bjarkan hafi þá verið fjarverandi, hefir væntanlega einhver verið í hans stað. Ef skipulagið er, segir hv. 2. landsk., þá er hægt að gera þetta og þetta. En hvað sýnir reynslan? Þrátt fyrir skipulagið eru söltunarleyfin ekki takmörkuð. Það er auðvelt að setja fram hina og þessa möguleika í sambandi við skipulag og gefa fögur loforð, loforð, sem aldrei verða efnd. Hið eina, sem ræður bót á þessu, er framtak einstaklingsins. Þegar ábyrgðin á atvinnurekstrinum færist yfir á einstaklingana, þegar þeir vita fyrirfram, að þeir sjálfir eiga að bera tap eða gróða, þá mun öllu reiða betur af en eins og nú er, þegar ábyrgðin á skipulögðu fyrirtæki hvílir á stj., sem í rauninni er þó ábyrgðarlaus. Þegar á að fara að stunda síldveiðar undir frjálsu fyrirkomulagi, munu einstakir atvinnurekendur reikna út fyrirfram, hvort þeiri muni hafa ávinning af því að gera út. Og þeir munu afla sér tryggingar fyrir því, að andvirði síldarinnar fáist greitt. Þannig gekk það áður, og þetta hefir nú verið tekið upp aftur. Á þennan hátt takmarkast framleiðslan, því að menn vita, að ekki þýðir að framleiða út í bláinn. Og þeir einir, sem hafa nægilegt fjármagn eða eiga vísa sölu á síldinni, geta gert út. Einkasöluskipulagið hefir verið reynt. Gyllingarnar eru farnar af því og það fer alveg gyllingalaust í gröfina. Það þýðir ekki að vera að reyna að gylla það upp á ný í því skyni að fá okkur til að gleypa við því.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég gleymdi að leiðrétta eina villu hjá hv. 1. þm. Reykv., þegar hann aftur, eftir marga ára dvöl og hvíld, hóf að kasta hnútum að Landsverzluninni. Hv. þm. má vera ánægður með að hafa komizt á þing fyrir að segja meiri fjarstæður og hugsanavillur um þetta skipulag en nokkur annar Íslendingur hefir gert. Og að því leyti, að hann langaði inn í þingið, þá var það gott fyrir hann. Hitt er öllu verra fyrir hv. þm., að það var töluvert annar blær á Landsverzluninni, sem Magnús Kristjánsson stýrði, bæði með innkaup á erlendum vörum, og svo olíuverzluninni, meðan hún stóð, heldur en síldarsölunni, þegar núv. hv. þm. G.-K. (ÓTh) og Björn Líndal komu til þingsins 1926 og viðurkenndu, að þeir yrðu að biðja um einkasölu á síld, af því að stefna sú, sem hv. 1. þm. Reykv. hafði öruggast haldið fram í blaði sínu, væri búin að reyna sig, og hefði reynzt óhæf. Hv. 1. þm. Reykv. er það ljóst, að þá komu þessir merku fulltrúar útvegsins eins og sigraðir menn. Þeir komu á sama hátt sigraðir eins og og ef S. Í. S. kæmi til kaupmannanna í landinu og segði: Við höfum reynt, að ekki er hægt að notast við kaupfélagsstefnuna, við biðjum kaupmennina því að taka verzlunina í sínar hendur eins og áður. Þegar hv. 1. þm. Reykv. vill því láta í ljós gremju sína yfir því, að reynt hefir verið lögþvingað skipulag, þá bitnar það allt á hans eigin stefnu, á hans eigin flokki, þar sem tveir af leiðtogum hans flokks komu þessu skipulagi á, af því, að allt var komið í strand hjá þeim sjálfum. Og það mun ekki líða langur tími unz hv. 2. landsk. kemur eins og flokksmenn hans 1926 og verður að biðja aðra þm. að bjarga sér út frá þeirri stefnu, sem hann taldi sig geta fylgt, en hvorki hefir reynzt holl né góð. Hv. 1. þm. Reykv. hefir viljað halda því fram, að við framsóknarmenn berum ábyrgð á, að þetta gekk fram og að ekki gekk betur með þessa tilraun þegar til kom. Mjög fáir okkar kjósenda, og engir okkar þm. höfðu haft afskipti af síldveiðum eða síldarsölu, þegar hv. þm. G.-K. og Björn Líndal fengu þessa sorglegu reynslu, sem leiddi til laganna frá 1926. Okkur framsóknarmönnum verður því ekki um það kennt. Eftir að komnar voru einróma yfirlýsingar bæði frá socialistum, sem lengi höfðu haldið fram slíku skipulagi, og útvegsmönnum, var orðin talsvert önnur aðstaða miðflokksins, hvort hann ætti ekki að hjálpa til að koma þessu skipulagi á. Við vildum á þ. 1926 hjálpa til að koma þessu skipulagi á, þar sem hið gamla kerfi var hrunið í rústir, en við tókum það fram þá, að skipulagið myndi ekki gefast að öllu leyti vel. Íhaldið átti kost á að reyna sitt skipulag vorið 1927. En þeir gerðu það ekki. Þeir voru orðnir hræddir við sínar eigin tilraunir, og því lágu fyrir sannanir um vanmátt hinnar frjálsu samkeppni í síldarmálum. Með reynslu þeirri, sem þessir menn fengu við framkvæmd l. frá 1926, og reynslunni frá vorinu 1927 voru þeir búnir að koma auga á, að hér þurfti skipulags við, en þeir gátu ekki fundið það. Þingið 1928 tók þetta upp eins og arf frá íhaldsmönnum. Það gat ekki annað en breytt skipulagi, sem upphafsmennirnir sjálfir höfðu dauðadæmt. Það gat ekki annað en viðurkennt, að úr því að bæði sjómenn og útgerðarmenn höfðu bannfært stefnu hinnar frjálsu samkeppni, væri ástæða til að ath. málið alvarlega. Í stað þess að taka á okkur ábyrgð eins og við Landsverzlunina forðum, að við skyldum trúa þessum aðiljum, þá getur verið, að það sé rangt, og ég vil trúa hv. 1. þm. Reykv. fyrir því, að ég býst við, að ómögulegt verði að notast við nokkurn mann úr Íhaldsflokknum til þess að standa fyrir svona framkvæmdum. Ég býst því við, að eftir undanfarinni reynslu fái þeir aftur að reka sig á í sumar, þótt það verði e. t. v. betra en var frá 1919—26. Bankarnir munu ekki trúa þeim fyrir miklu fé, en vesöldin og leppmennskan mun verða hin sama, og enginn efast um, að þýlyndið gagnvart útlendingum verði eigi hið sama og áður. Ég vil minna hv. 1. þm. Reykv. á það, að líti hann í bankabækurnar frá 1919—26, sem hann sjálfsagt getur gert án þess að misnota sitt embætti, mun hann skilja hvers vegna hv. þm. G.-K. og Björn Líndal neyddust til þess að yfirgefa sína stefnu, samkeppnina. Hann mun sjá, að milljónir og aftur milljónir hafa runnið úr bönkum landsins út í sandinn. Ég hygg, að hv. 1.

þm. Reykv. hafi komið fyrst á þing árið 1919. E. t. v. man hann eftir því, að einn fylgismaður hans, kaupmaður hér í bænum, var búinn að draga saman um ½ millj. kr., en tapaði svo öllu, af því að hann hlýddi ekki ráðum hins vitra manns í þeim efnum, Óskars Halldórssonar, og seldi síldina of seint. Hv. þm. getur litið inn í bankann, þar sem nokkur hluti þessarar skuldar stendur enn. Hv. þm. getur ímyndað sér, hverjar afleiðingar þetta fjársukk hefir fyrir manninn sjálfan, fyrir bankann og fyrir landið. Ég get hugsað mér, að ef hv. þm. vildi verja einhverju af sínum dýrmæta tíma í það að leggja saman milljónirnar, sem vinir hans og flokksmenn eru búnir að sóa af landsins fé, samtímis því, sem leppmennska og hverskonar ósjálfstæði þróaðist, þá gæfi það honum e. t. v. einhverja auðmýkt gagnvart þeirri strand-lífsskoðun, sem fleytti honum inn í þingið 1919, en skapaði bönkunum nokkurra millj. kr. tap.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég geng út frá því vísu, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki vitað, að ég var dauður, annars myndi hann ekki hafa farið út í það, sem hann nú gerði. (**JónasJ:** Ég óska þess, að hv. þm. fái nægan tíma til aths.). Ég get fullvissað hæstv. dómsmrh. um það, að allt það, sem hann var að benda mér á að gera, hefi ég kynnt mér út í æsar. En ég vil benda honum á það, að þótt mikil töp yrðu á síld, sérstaklega 1919—26, þá sé ég ekki, að það sé mikil bót að koma þessum töpum, sem að mestu leyti lentu á einstökum mönnum, beint yfir á ríkið. En það er Framsóknarflokkurinn, sem átti forustuna í þeirri skipulagsbreyt., sem gert var ráð fyrir í frv. frá 1927. Og ávöxtur þess er sú 1½ millj., sem ríkissj. er nú í ábyrgð fyrir og verður að greiða.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. þm., sem er bankaeftirlitsmaður, ætti að muna eftir því, að ríkinu kemur dálítið við töp bankanna, töp Íslandsbanka, töp Útvegsbankans og jafnvel Landsbankans. Hv. þm. ætti að vita, að öll þessi töp eru í rauninni komin á herðar almennings eins og ríkisskuldir. Hv. þm. ætti að vita, hvernig Útvegsbankinn fór; hvaða þjóðaránægja hefir af honum orðið. Hann ætti einnig að muna eftir þeim skugga, sem Íslandsbanki lagði yfir þjóðina.

Jón Þorláksson: Þessi seinustu ummæli hæstv. dómsmrh. í sambandi við réttmæti ábendinga hv. 1. þm. Reykv. um það, að forusta framsóknarmanna sé í því fólgin að veita stórtöpunum beint yfir á ríkissjóð, minna mann á það, að eftir að Framsóknarfl. er búinn að vera við völd nokkurn tíma, er hann búinn að veita þeim töpum, sem orðið hafa á allskonar síldarbraski, beint yfir á ríkissj., auk þess, að ríkið er nú reyrt í hverskonar ábyrgðum. Framsóknarfl. er búinn að reyna allar hugsanlegar leiðir til þess að vinna ríkissjóði tjón.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég held, að hv. 1. landsk. ætti að tala varlega um töp bankanna í sambandi við ríkissjóð. Þessi hv. þm. mun hafa setið á þingi 1921, þegar taka þurfti stórt og óhagstætt lán til hjálpar Íslandsbanka. Hv. þm. ber hluta af ábyrgðinni á þessu láni. En ástæðan til þess, að það varð að taka þetta lán, var auðvitað neyð bankanna, sem fram var komin ekki sízt fyrir vitlausar síldarspekulationir. En Íslandsbanki hélt áfram að tapa. Allt, sem við kom stj. hans var í megnustu óreiðu. T. d. það, hvernig nánustu vinum hv. 1. landsk., þeim Sæmundi í Stykkishólmi og Stefáni Th. Jónssyni, voru lánaðar stórfúlgur til þess að spekúlera með eftir eigin geðþótta. Fyrir nokkru er búið að gera upp þrotabú Stefáns Th. og voru skuldirnar við bankann 2½ millj. kr., en upp úr þrotabúinu hafðist alls 300 þús. kr. Svo fyrirkomulagið með útlán bankans virðist hreint ekki hafa verið gallalaust.

Ef ætti að fara að rekja sögu lánsins frá 1921, hvernig það var tekið og hvernig því var ráðstafað, hvernið það hefir alltaf verið að verða þyngri og þyngri baggi á ríkissjóðnum, og hvernig hv. 1. landsk. kom ásamt fleirum veturinn 1930 og bað um ríkisábyrgð á allri súpunni, þó að hann fengi því ekki framgengt þá eins og hann vildi, ætti þetta að vera nægilegt til þess að sýna honum sam-

bandið milli síldarspekúlationa og bankatapa.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. gleymdi bæði upphafinu og endinum á upptalningu sinni á mönnum, sem eytt hefðu almannafé í stórum stíl. Sjálfan sig átti hann að telja þar fyrstan, því að enginn hefir verið eins mikilvirkur í því að sólunda almannafé og einmitt hann sjálfur. Sjálfan sig átti hann einnig að telja síðastan, því að hann hefir haldið þessari iðju áfram, eftir að þeir, sem hann taldi upp áðan, eru hættir slíku.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég óska þess mjög eindregið, að hv. 1. landsk. rökstyðji þessi ummæli sín, og bendi á, hverju ég hefi sóað af almannafé. Ef hann aftur á móti getur það ekki, þá geri ég ráð fyrir, að hann verði að nota aðferð, sem flokksbróðir hans, Valtýr Stefánsson, er sérstaklega leikinn í, nefnilega að éta allt ofan í sig aftur.

Jón Þorláksson: Ég mun sjálfur velja mér tíma til þess að sanna þetta, og vona ég þá, að hæstv. dómsmrh. þurfi ekki yfir neinu að kvarta. **(Dómsrh.:** Hv. 1. landsk. hefir ekki nema tvo kosti. Éta allt ofan í sig, eða standa ómerkur ella).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 11).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel óþarft að vekja umr. um þetta mál nú. Ég get vísað til rökstuðnings þess, er frv. fylgir, umr. þeirra, er orðið hafa um málið, og meðferðar hv. Ed. á því. Ég vil aðeins leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég minnist þess, að nú rétt nýlega bar hv. 3. þm. Reykv. (EA) fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um það, hvort nokkurra till. væri að vænta frá hæstv. ríkisstj. um nýja skipulagningu síldarútvegsins. Hæstv. forsrh. svaraði því þá til, að um slíkt yrði tækifæri til að ræða, er þetta frv., sem nú er komið fyrir deildina, yrði rætt. Ég hefði því vænzt þess, að nú við 1. umr. þessa frv. mundi hæstv. forsrh. lýsa yfir því, hvort hann hugsaði sér að gerðar yrðu nokkrar ráðstafanir til tryggingar því, að Íslendingar geti yfirleitt stundað síldveiðar í sumar. En það virðist því nær útilokað, ef einkasalan er lögð niður, en ekkert skipulag sett í staðinn. Nú er það svo, að síldin er því nær óveðhæf. Það er og fullvíst, að útgerðarmenn eiga þess engan kost að leggja fram 12—15 kr. kostnað á hverja tunnu, sem mun reynast nauðsynlegur. Ég get trúað því, að útlendingar mundu lána einstaklingunum tunnur, kol og salt, eins og tíðkaðist áður en einkasalan var stofnuð. En um leið og það verður, þá er síldarverzlunin komin úr höndum Íslendinga og í gamla farið, í hendur leppum erlendra manna. Það verður sama sagan og áður, tap annað árið, gróði hitt. Starfsfólkið hefir enga tryggingu, tapið skellur á því í vondu árunum, gróðinn lendir hjá útlendingum. Mér væri það því kært, ef hæstv. forsrh. vildi gera hv. d. það ljóst, hvort Framsóknarfl. muni gera nokkrar till. um nýtt skipulag síldarútvegsins, eða hvernig hann mundi snúast við till. um það, ef fram kæmu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess, út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf., að fyrir þinginu núna liggur, auk þessa skiptafrv., frv. til l. um breyt. á lögum síldarbræðslunnar, sem borið er fram í samráði við ríkisstj. Ennfremur er þegar fullsamið og verður lagt fyrir Alþingi núna einhvern næstu daga frv. um síldarmat. En stj. hefir ekki gert ráð fyrir að leggja fram frv. um skipulag síldarsölunnar. Hvaða undirtektir slíkar till. mundu fá hjá mínum flokki, vil ég ekkert fullyrða um fyrirfram.

Ólafur Thors: Ég tel ekki rétt, að þetta frv. komi svo til umr. hér, að ekki sé svarað ummælum eins ráðherranna, dómsmrh., um tildrög og upphaf síldar-

einkasölunnar, sem hann lét falla í Ed. nú rétt nýlega. Þar sagði dómsmrh., að einkasalan væri verk jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna, einkum þó sjálfstæðismanna.

Eins og flestum er kunnugt, þá varð hér í ófriðarlokin mikil aukning skipaflotans. Með vaxandi veiði, sem af því leiddi, urðu vandkvæði á sölu síldarinnar, því markaðurinn var takmarkaður. Og það var svo komið árin 1925—1926, að sjálfstæðismenn, sem annars treysta mest á frjálst framtak einstaklingsins, töldu rétt að gera tilraun til að skipulega þennan atvinnuveg. Í þessu skyni komu sjálfstæðismenn á þingi 1926 fram löggjöf um þetta efni. Þar var svo ákveðið, að ef viss fjöldi framleiðenda myndaði samlag með sér, þá væri ríkisstj. heimilt að veita því rétt til einkasölu á síld. Að þessi leið var farin af hálfu sjálfstæðismanna, að fara fram á íhlutun ríkisins, stafar af því, að risinn var upp verulegur hópur umboðsmanna útlendinga, er höfðu allt annara hagsmuna að gæta en innlendir útgerðarmenn. Því var það talið nauðsynlegt, að löggjafinn hlutaðist meira til um þennan atvinnuveg en sjálfstæðismenn annars telja heppilegt.

Kjarni laganna 1926 var sá, að ef framleiðendur mynduðu með sér sölusamlag, þá væri heimilt að veita því einkasölu. Allir áttu að hafa frjálsan aðgang að samlaginu. Meginhugmyndin var sú, að atvinnurekendur skipuðu sjálfir málum sínum með þeirri einni íhlutun ríkisvaldsins, sem nauðsyn var á til að hefta áhrif leppmennskunnar. Lögin áttu einungis að gilda um ákveðið árabil, þann tíma, sem talinn var þurfa til þess að helta leppana úr lestinni.

En þessi lög voru ekki framkvæmd. M. a. var það af því, að útgerðarmenn höfðu rótgróna óbeit á þessum lögum, og töldu tvísýnt um, að með þeim yrði nokkur bót á ráðin, enda þótt komið væri í óefni.

Svo komst Framsóknarfl. til valda við kosningarnar 1927. Á fyrsta þingi Framsóknarstj., 1928, er borið fram nýtt frv. Nú gerir stj. tilraun til að láta líta svo út, sem frv. frá 1928 hafi verið eitt og hið sama og lögin frá 1926. Það ætti nú að vera óþarfi hér á Alþingi að gera grein fyrir því, að hér var um tvennt ólíkt að ræða. En úr því að einn ráðherranna hefir látið sér sæma úr ráðherrastól að halda fram þessari vitleysu, þá verð ég að þreyta hv. þd. á því að svara vitleysunni. Ef hér hefði verið um eitt og hið sama að ræða, hvaða ástæða var þá til að koma fram með nýtt frv. á þingi 1928, og hvaða ástæðu höfðu sjálfstæðismenn til að sýna því fyrirmæli jafn einbeitta mótstöðu og þeir gerðu 1928, sem þeir allir voru fylgjandi 1926? Um þetta mál urðu einmitt harðari deilur en um nokkurt annað mál, umr. fylla 200—300 dálka í Alþt., ef ég man rétt. Ef hvorttveggja var eitt og hið sama, hvaða skynsamleg ástæða var þá til að bera málið fram af nýju, og hvaða skynsamleg ástæða var til þess fyrir okkur sjálfstæðismenn að sýna slíka andstöðu?

Nei. Satt frá sagt, þá er hér um allsendis ólíka löggjöf að ræða. Samkv. l. frá 1926 var að mestu leyti byggt á, að atvinnurekendur væru einráðir um sölu framleiðslu sinnar; aðeins þær hömlur voru settar, er nauðsynlegar þóttu til að helta leppana úr lestinni, umboðsmenn útlendinga. Samkv. l. frá 1928 var allt valdið tekið úr höndum þeirra, er allt áttu undir atvinnurekstrinum og sett yfir í hendur löggjafans, sem þekkingarsnauður er með öllu um þessi efni. Meiri hl. af æðstu stj. fyrirtækisins var kosinn af Alþingi, 3 af 5; einn var kjörinn af Verklýðssambandi Norðurlands og einn af útgerðarmönnum þeim, er árið áður höfðu stundað síldveiðar. Reyndin varð sú, að meiri hl. útflutningsnefndar var skipaður framsóknar- og jafnaðarmönnum, og meiri hl. útflutningsnefndar valdi einn alla framkvæmdarstjórana. Það fékkst ekki, að viðhöfð yrði hlutfallskosning.

Það þarf ekki að segja margt um það, hver ábyrgðina beri á einkasölunni, við þá, sem rekur minni til Alþingis 1928. Sá, sem ekki man það þing, en vill leggja það á sig að lesa Alþt. frá því ári, fær líka sönnun þess, hverjir málið hafa borið fram og hverjir hafa verið á móti því. En ef menn nenna ekki að hafa fyrir því, getur verið nógu gaman að lesa það, sem sá ráðherranna, sem nú er að eigna öðrum þetta afkvæmi sitt, sagði um málið, einu ári eftir að lögin voru komin á. Ég

vil lesa hér kafla með leyfi hæstv. forseta: „Nýrra úrræða þurfti með nálega um öll verkefni þjóðfélagsins. Eitt af þessum verkefnum var síldarmálið. Fyrir bankana, útvegsmenn og verkamenn var lausn þessa máls meginatriðið. Fyrir bændastétt landsins hafði það aðallega óbeina þýðingu, þá, að svo væri um hnútana búið, að kauptúnunum hætti að blæða út í sambandi við fjárglæfrarekstur þessarar atvinnu. — Hér þurfti umbót og hana sterka. **Þá kemur bændaflokkurinn til skjalanna. Hann er aðallega áhorfandi í málinu. En hann finnur bjargráðin.** Knýr verkamenn og útgerðarmenn til sjálfsbjargar".

Ennfremur segir ráðherrann:

„Oddamaðurinn er tilnefndur af bændavaldi þingsins. Sá maður verður ósjálfrátt **stýrimaður skútunnar.** Hann skapar meiri hl. til hægri og vinstri, eftir því sem málefni eru til".

Og árangurinn er þessi, að sögn sama ráðh.:

„Útvegsmenn höfðu ágóða af atvinnu sinni. Verkamenn fengu kaup sitt goldið. Skattar greiddust í landssjóð af síldinni. Bankarnir fengu aftur fé, sem þeir lánuðu útveginum og erlendis byrjaði Síldarsölufélagið að ávinna sér heiður og traust".

Þetta var nú þegar spámaðurinn, sem stundum situr hér í ráðherrastól — hann situr þar reyndar sjaldan nú, eftir að ég fékk sæti hér við hliðina á honum — var í almætti sínu. En nú, þegar dómur reynslunnar er búinn að klæða hann úr spámannsskikkjunni, þá kveður við annan tón. Þá er það síldareinkasala Björns Líndals og Ólafs Thors. Þá eru það sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn, sem bera ábyrgðina, en framsóknarmenn ekki að neinu leyti.

Ég átti nýlega deilu við mann um þetta, hver ábyrgðina bæri á einkasölunni. Þótt ég vitnaði í Alþt. og þótt ég læsi þetta fyrir honum, sem ég hefi nú lesið úr „Tímanum", þá lét hann sér ekki segjast. Það var ekki fyrr en ég las upp ofurlítinn part úr annari grein eftir sama ráðh., að maðurinn sannfærðist:

„Smátt og smátt komu í ljós ágallar á „þjóðstjórn" síldareinkasölunnar, og þeir ágallar valda því, að forsætisráðherra hefir neyðzt til þess að taka í bili valdið af stjórn hennar, af þeim tveim aðiljum, sem eftir skipulaginu áttu að ráða þar mestu, þ. e. útvegsmönnum og verkamönnum".

Þetta er skrifað eftir að hæstv. atvmrh. hefir numið úr gildi þennan óskapnað dómsmrh. Ef nokkru sinni hefir verið uppkveðinn Salómonsdómur, þá er það þetta. Dómsmrh. getur ekki hugsað sér, að þetta uppáhaldsbarn hans sé dáið, það er einungis svæft í bili!

Ég held, að það sé óþarfi að deila um það, hver ber ábyrgðina á lögunum um einkasöluna. Það er dómsmrh., sem í einu er faðir þeirra, móðir og illur andi.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mikið, með því að ræða það, hvernig fyrirtækið hefir reynzt, því ég hefi heyrt á hæstv. forsrh., að hann ætli sér ekki að bera fram frv. um að endurlífga einkasöluna í einu eða öðru formi.

En reynslan af einkasölunni er í fáum orðum sú, að allur ferill hennar hefir verið eitt óslitið hneyksli, allt frá upphafi, að stj. hennar var skipuð allsendis ófróðum mönnum. (LH: Oft gekk það nú illa með síldina áður). Já, það er alveg rétt hjá hv. þm. V.-Sk., og það gekk oft svo illa, að við sjálfstæðismenn álitum, að eitthvað þyrfti að gera til bóta. Að vísu spáðum við illa fyrir fyrirtækinu 1928, en engar hrakspár okkar þá voru svo svartar, að reynslan hafi ekki farið langt fram úr þeim.

En úr því að hv. þm. V.-Sk. minntist á þetta, þá vil ég rifja stuttlega upp rétt aðeins fyrsta óhappið og axarskaftið þessa ófarnaðarfyrirtækis. Eitt hið fyrsta, sem gert var eftir að búið var að skipa hina nýju framkvæmdarstjórn, var að senda einn þeirra utan til að semja um sölu síldarinnar. Honum verður það á, að fara til Danmerkur, hittir þar á danskt Gyðingafirma og fær því einkaumboð til að selja ísl. síldina í Svíþjóð. Nú er það svo, að Danir kaupa lítið af ísl. síld, en Svíar mikið. En þegar neyða átti Svía til að leita til danskra Gyðinga til að fá keypta ísl. síld, þá firrtust þeir og neituðu að kaupa síldina. Endirinn varð sá, að einkasalan varð að kaupa sig frá samningnum við Gyðingana fyrir ærið fé. Form. útflutningsnefndar, Erl. Friðjónsson, neitaði því í fyrstu, að þessi samningur hefði

verið gerður. En síðar gaf stj. einkasölunnar þó út skýrslu, sem sannaði, að þetta var rétt.

Næst sneri einkasalan sér til Svía og gerði við þá sölusamning, sem lengi mun í minnum hafður.

Framkvæmdarstj. seldi með þessum samningi 40 þús. tunnur síldar með þeim kjörum, sem ég hygg, að áður séu óþekkt. Eitt ákvæðið í samningnum var það, að síldin átti að vera af þeirri stærð, að 270 stykki færu í hverja tunnu. En það voru engin tök á að útvega svo stóra síld, því hún er ekki til á íslenzkum miðum, svo nokkru nemi. Það er í mesta lagi ⅒ hluti af íslenzku síldinni sem nær þeirri stærð, og er því vitanlega ógerlegt að fá til sölu síld, sem nær þeirri stærð upp og ofan.

Annað atr. í samningnum var, að öll síldin ætti að vera af fyrstu veiðinni. En það vita allir, sem nokkuð þekkja til síldarverzlunar, að það er mjög óskynsamlegt að selja alla fyrstu veiðina, án þess að selja um leið eitthvað af seinni veiðinni. — Þriðja ákvæðið í þessum samningi var á þá leið, að ef síld félli í verði eftir að samningurinn var gerður, þá skyldi einnig lækka verðið á síldinni, sem samningurinn hljóðaði um. M. ö. o. ef einhver síld var seld fyrir lægra verð heldur en gert var ráð fyrir í samningnum, þá átti samningsverðið að færast í sama horf. Nú er vitanlegt að síldarverð lækkar oft eða hækkar mjög ört. En þarna var svo um hnútana búið, að þó að verð síldarinnar hefði hækkað, hefðu Íslendingar farið á mis við þá hækkun vegna samningsins, en ef hinsvegar verðið lækkaði, var samningurinn gagnslaus, því þá átti verðið á þeirri síld, sem ráðstafað var með honum, einnig að lækka. Slíka sölusamninga gera ekki nema þeir, sem eru börn í öllum verzlunarsökum.

Enn var það eitt ákvæði í þessum dæmalausa samningi, að síldin ætti öll að vera „ekstra prima kvalitet". Þetta er sterkt að orði kveðið um ágæti vöru og mjög illt að fullnægja slíku samningsákvæði. Að því er síld snertir, þá skil ég ekki, að hægt sé að láta af hendi nokkra tunnu, sem maður getur staðhæft, að innihaldi „ekstra prima kvalitet", svo að ekki verði um deilt.

En það sem gleggstan vott ber um barnaskap þeirra, sem samning þennan gera f. h. Síldareinkasölunnar, er það, hver það var, sem átti að dæma um ágæti vörunnar. Það var svo sem ekki íslenzkur gerðardómur, og ekki heldur sænskur. Það var yfirleitt enginn gerðardómur, heldur átti **kaupandinn** sjálfur að dæma um, hvort síldin var „ekstra prima kvalitet", eins og lofað var.

Ég hygg, að það þurfi ekki að færa fleiri eða sterkari sönnur á það, að slíkt stórfyrirtæki sem hér er um að ræða, gat aldrei farið vel í höndum manna, sem gera svona heimskulegan samning. Síðan þessi fyrsti samningur var gerður, hefir allt verið á sömu bókina lært í þessu efni. Slælegt eftirlit hefir verið með vöruvöndun og þar af leiðandi lítil vörugæði. Flestir hafa hugsað mest um að hafa sjálfir sem mestan persónulegan hagnað af viðskiptunum, eins og oftast vill verða við slík fyrirtæki. Einkasalan hefir gert sig bera að hreinni rangsleitni við íslenzka viðskiptamenn, og ég held, að það sé ekki af neinni óbilgirni sagt, að forstjórar hennar hafa yfirleitt verið illa færir um að gera samninga við erlenda viðskiptamenn. Það, sem alvarlegast hefir þó verið, er hið dæmalausa fyrirhyggjuleysi stjórnenda Síldareinkasölunnar. Þegar nóg var af síld, vantaði tunnur, þegar nógar tunnur voru, vantaði salt, og þegar loks búið var að útvega nóg af tunnum og salti, þá var síldin farin. Eitt árið var tunnuskortur, annað saltskortur, þriðja síldarskortur, en öll árin var sami vitsmunaskorturinn hjá þeim, sem einkasölunni áttu að stjórna. Það getur því engan furðað á því, að nú er komið sem komið er, og eru þó afdrif þessa fyrirtækis með meiri ósköpum heldur en dæmi þekkjast um áður. Stj. þess var einráð um, hvað hún skammtaði hinum innlendu viðskiptamönnum fyrir framleiðsluna, og hún skammtaði svo smátt, að þeir gengu með ákaflega skarðan hlut frá borði. Þrátt fyrir slíka aðstöðu stendur nú einkasalan uppi gjaldþrota. Það hefir verið ráðizt hér mjög á þá einstaklinga, sem orðið hafa fyrir því að tapa meiru á atvinnurekstri sínum heldur en þeir geta staðið skil á. Slík töp stafa þó venjulega af því, að atvinnurekandinn hefir greitt of hátt verkakaup, hærra heldur en af-

urðirnar hrökkva fyrir, eða, ef um verzlunarfyrirtæki er að ræða, af því það hefir greitt landsmönnum hærra verð fyrir vörur sínar heldur en tekizt hefir að fá fyrir þær erlendis. Flest gjaldþrot stafa þannig af því, að viðkomandi aðili hefir greitt öðrum íslenzkum aðiljum hærri hlut heldur en hann gat staðizt. En ef það er rétt, sem ég hygg að sé óhætt að fullyrða, að gjaldþrot Síldareinkasölunnar nemi á aðra millj. kr., þá þýðir það, að þó að allir útgerðarmennirnir hefðu gefið sinn hluta í framleiðslunni í tvær vertíðir þ. e. a. s., þó að þeir hefðu lánað skipin, lagt þeim til kol og allt annað, sem til útgerðarinnar þarf, endurgjaldslaust, og þó að sjómennirnir hefðu unnið kauplaust við síldveiðarnar árin 1930 og 1931, þá hefði einkasalan samt verið allt að því ef ekki alveg gjaldþrota.

Mér þótti rétt að láta þessar upplýsingar koma fram nú við fyrstu umr. þessa máls, aðallega vegna þess, að einn af ráðh. hefir verið svo djarfur að eigna öðrum sín eigin verk. Þótt ætlast megi til, að allir hv. þdm. viti hið sanna í þessu máli, þá finnst mér rétt, að það komi skýrt fram hér á Alþingi og í Alþt.

Ég ætla svo að enda þetta mál mitt með því að segja það, að ég veit ekki, hvort verra á að teljast, ofstopi dómsmrh. og hans manna, þegar þeir með kúgunarvaldi þingmeirihlutans lögðu síldarútveginn í hlekki einkasölunnar gegn vilja allra þeirra, sem að honum stóðu, eða hitt, að vilja nú, þegar hrakspár okkar, sem minnsta trú höfðum á þessu skipulagi, hafa rætzt, þegar verr er komið heldur en þá svartsýnustu í þessu efni óraði fyrir, renna frá öllu saman og kenna öðrum um. Slíkt verður að teljast óvenjuleg lítilmennska.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Verkefni Alþingis er yfirleitt það að setja lög, sem á að byggja á einhverja starfsemi í framtíðinni og að gera breyt. á lögum í þá átt að láta starfsemi, sem átt hefir sér stað í fortíðinni, hætta eða halda áfram á annan hátt en áður. Yfirleitt eru störf þess fólgin í að leggja grundvöll að því, sem á að **verða.**

Frv., sem hér liggur fyrir, er sama eðlis hvað þetta snertir og önnur þingmál. Það kveður á um, að það fyrirkomulag, sem verið hefir á því sviði, sem það ræðir um, skuli hætta að eiga sér stað. Það, sem fyrst og fremst liggur nú fyrir hv. d. að taka afstöðu til, er þetta: Var það rétt ákvörðun, sem tekin var í des. síðastl., að leggja Síldareinkasöluna niður með bráðabirgðal., eins og málum hennar var þá komið. Var það rétt út frá því, að þá var farinn sá grundvöllur, sem af þinginu var hugsaður að stæði undir stj. þessa fyrirtækis. Var það rétt út frá því, sem fyrir lá um fjárhagsafkomu fyrirtækisins, og þeim hagsmunum, sem ríkissjóður átti að gæta. Var það rétt út frá því, hvernig því fólki, sem að síldveiðum og síldarverkuninni vann, var herfilega mismunað á síðasta veiðitíma. Það er þetta, sem hv. d. á að kveða upp úrskurð um, annað liggur ekki fyrir.

En um þetta atr. tók ég ekki eftir, að hv. þm. G.-K. segði eitt einasta orð. (**ÓTh:** Ég var að svara hæstv. dómsmrh.). Ég tók ekki eftir, að hann kæmi neitt að því máli, sem fyrir liggur. (**ÓTh:** Öll ræða mín hneig þó að því að sýna fram á, að það var þarft verk að leggja einkasöluna niður og að það væri mjög óheppilegt að endurreisa hana í einhverri mynd). Það má vera, óbeinlínis. Beinlínis sagði hv. þm. ekkert um það efni. Og ég vil vekja athygli á því, að formlega liggur hér fyrir aðeins, hvort leggja á einkasöluna niður eins og hún er. En ræða hv. þm. snerist um það, sem hann í upphafi hennar kallaði sjálfur móðgun við hv. d. að ræða um.

Ég hefi raunar ekkert við það að ath., þó farið sé út í sögu síldveiðanna og síldarverzlunarinnar í sambandi við þetta frv., enda hefir hæstv. forseti ekki séð ástæðu til að hafa á móti því. Um það og hvernig haga ætti þessum málum í framtíðinni með tilliti til fenginnar reynslu, mætti hefja mjög langar umr., en út í það ætla ég ekki að fara, því að ég álít, að á þessu stigi málsins hafi það enga þýðingu. Út í þá sálma væri ástæða til að fara aftur, ef fram kæmu till. um nýtt skipulag á þessum atvinnurekstri.

Hv. þm. kom hér fram með ýmsar sögur þriggja og fjögra ára gamlar, um það, hvernig einstaklingar í útflutningsnefnd einkasölunnar framkvæmdu verk sín. Í

sambandi við það vil ég minna á, að þessir menn hafa enga aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér hér, þar sem þeir eru fjarverandi og eiga hér enga málsvara. Mér finnst rétt, að það af ræðu hv. þm., sem snertir þessa einstaklinga, færi hann fram á þeim vettvangi, þar sem þeir hafa sömu aðstöðu og hann til varnar. Umr. um slíka hluti eiga að fara fram í blöðum landsins, en ekki hér, þar sem þeir, sem ráðizt er á, hafa enga aðstöðu til varnar.

Ef farið er út í sögu síldarútvegsins á annað borð, er ekki aðeins ástæða til að tala um 3 til 4 síðustu árin; það verður jafnframt að líta lengra aftur í tímann, t. d. til 1919. Ég veit, að það má benda á marga sorglega atburði í sögu Síldareinkasölunnar, og þá ekki síður úr sögu hinnar „frjálsu" síldarverzlunar.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. G.-K. fór hér nokkuð út í sögu Síldareinkasölunnar, og skal ég ekki endurtaka neitt af því, sem hann sagði. Ég heyri það á hæstv. forsrh., að honum þykir óþarft af okkur að vera með umr. út af málinu, er hér liggur fyrir, sem er frv. til l. um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands. Honum finnst óþarfi að líta nú um öxl og rifja upp það, sem skeð hefir síðan löggjafarvaldið hlutaðist til um rekstur síldarútvegsins á sérstakan hátt, með Síldareinkasölulögunum. Hann segir, að það mætti þá eins fara lengra aftur í tímann, ein tíu, tólf ár, og athuga, hvað þá hafi gerzt í sögu síldarmálanna. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., því það er nokkuð annað, hvað gerzt hefir á þessu sviði áður en þingið fór að skipta sér af síldarútveginum, meðan hann var alveg frjáls, heldur en það, sem gerzt hefir síðan þingið tók málið beinlínis í sínar hendur með því að samþ. einkasölulögin 1928, ásamt öllum þeim takmörkunum og ákvæðum, sem sett voru eftir á; það var svo sem ekki látið sitja við lögin frá 1928. Alþt. bera þess ljósastan vott, hvernig framkoma þingmeirihlutans hefir verið á þessu sviði frá öndverðu, og hvað við stjórnarandstæðingar höfum lagt til málanna. Og við, sem stundað höfum þennan atvinnuveg — ég tel mig í þeirra hópi — við finnum bezt, hvar skórinn hefir kreppt að síðan þingið steig það óheillaspor að samþ. síldareinkasölulögin, eins og þau voru úr garði gerð. Við vitum bezt hvað við höfum borið úr býtum síðan, og þeir menn, sem hjá okkur hafa unnið að síldveiðunum. Ég ætla, að það sé nokkuð einstætt í atvinnusögu okkar, það sem skeð hefir í sambandi við síldarverzlunina undir stj. núv. valdhafa, framsóknarstj. Það er hvorki meira né minna en það, að ein af veigamestu atvinnugreinum þjóðarinnar, atvinnugrein, sem fært hafði ríkissjóði stórtekjur og veitti fjölda fólks góða atvinnu á undanförnum árum, var tekin og lögð undir áhrif og yfirráð pólitískra flokka, lögð í þær viðjar og kúgunarhlekki, með þeim afleiðingum, að stj. sjálf, sem að þessu verki hafði staðið, sá engan annan kost fyrir hendi en þann, að afnema þetta fyrirkomulag aftur mjög skyndilega með bráðabirgðalögum, þó ekki væru nema fáar vikur þangað til þing átti að koma saman og gat gert þær ráðstafanir, sem þurfa þótti. Svo hrapallega hafði til tekizt, að ekki þótti fært að bíða úrskurðar þingsins. Þetta þykir hæstv. ráðh. óþarft að vera að tala um.

Við útgerðarmenn hefðum gjarnan óskað þess, að þær illu afleiðingar, sem ég og aðrir þóttumst sjá hilla undir þegar einkasalan var sett á stofn, hefðu aldrei komið fram; við máttum óska, að spár okkar, sem mæltum á móti einkasölulögunum árið 1928, reyndust hrakspár einar. En því miður fór svo, að spár okkar rættust. Þingsagan 1928—'31 ber vitni um óslitna baráttu milli jafnaðarmanna og framsóknarmanna annarsvegar, sem barizt hafa fyrir að koma síldarútveginum að sem mestu leyti undir skipulag kommúnista, og okkar sjálfstæðismanna hinsvegar, sem óaflátanlega hafa bent á galla skipulagsins og þær hrapallegu afleiðingar, sem það fyrirsjáanlega mundi hafa. Nú geta hv. þm. Framsóknarflokksins og jafnaðarmanna sjálfir þreifað á, hvert stefna þeirra hefir leitt, — ekki þá sjálfa, heldur þjóðina, atvinnurekendurna, sjómennina og verkamennina. Hér gjalda saklausir menn glapræðis óforsjálla forráðamanna.

Þótt umr. um síldarmálin hafi oft þótt langar og leiðinlegar hér á þingi, og þó að hv. svokallaðir framsóknarmenn hafi

stundum verið óþolinmóðir að sitja undir þeim, þá hafa þeir alltaf verið til taks að rétta upp hendina með till. og kröfum kommúnista, hvað vitlausar sem þær hafa verið, þó þær hafi blátt áfram miðað að því að eyðileggja síldarútveginn; það hefir verið þeirra hlutverk í þessum ófagra leik.

Það getur vel verið, að einhverjir hafi ætlazt til þess, að hv. d. tæki við þessu frv. og afgreiddi það steinþegjandi, að ekkert væri minnzt á það, sem gerzt hefir í þessu máli á síðustu árum. Skildist mér það a. m. k. á hæstv. forsrh. En mér finnst það ofætlun, að þm. þjóðarinnar þegi um slíka hluti.

Svo langt var gengið í því að láta að kröfum kommúnista, að á þinginu 1929 voru samþ. till. um breyt. á l. um Síldareinkasöluna, sem beinlínis voru frá Einari Olgeirssyni, sem þá var einn af forstjórum einkasölunnar og er eins og allir vita róttækasti kommúnisti. Þær voru teknar upp og fluttar af þáv. þm. Ak. (EF) og gengu allar í þá átt að herða á þeim hnútum, sem tryggðu yfirráð kommúnista yfir síldarútveginum. Ég benti á það þá undir umr., að frv. væri algerlega frá kommúnistanum Einari Olgeirssyni runnið og sannaði það með því að vitna í ritgerð, sem hann hafði þá skrifað í tímaritið „Rétt", þar sem hann harmaði, að einkasölulögin frá 1928 væru ekki í nógu miklu samræmi við anda og stefnu kommúnista. Þetta veit ég að þeim, sem sátu á þingi 1929 er vel ljóst, og tel ég því óþarft að lesa upp úr þingtíð. um það. Svo rammt var fylgið við stefnu kommúnista í þessu máli, að allar till. voru samþ. af framsóknarbændunum, till., sem miðuðu að því að leggja atvinnureksturinn í auðn. Við andstæðingar þeirra bentum þá þegar á, að svo væri, og nú er það komið á daginn, að þessi atvinnurekstur er kominn í rústir fyrir aðgerðir þessara manna.

Hv. þm. G.-K. minntist á, að búizt væri við því, að gjaldþrot einkasölunnar næmi á aðra millj. kr. Þegar farið var fram á ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa henni árið 1929, bentum við sjálfstæðismenn á þá hættu fyrir ríkissjóð, sem af slíkri ábyrgð stafaði. Álit Framsóknarflokksins kom þá skýrt fram í ræðu frsm. meiri hl. sjútvn., hv. 1. þm. S.-M., sem enn á sæti hér á þingi. Skal ég leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að lesa nokkur orð úr ræðu hans, en þykir leitt, að hann skuli ekki vera við, því að hann mundi sjálfsagt hafa ánægju af að heyra, hve framsýnn hann var í þessum efnum. Honum farast svo orð á þinginu 1929:

„Í frv. er gert ráð fyrir því, að meðan varasjóður er að vaxa megi ríkisábyrgð fyrir láni til rekstrar nema allt að ½ millj. að viðbættum varasjóði, og gildir þetta aðeins til ársloka 1930. Hér er því um tiltölulega litla og takmarkaða ábyrgð að ræða, sem hverfa mun með öllu á stuttum tíma með þeim auknu tekjum varasjóðs, sem frv. gerir ráð fyrir". (Alþt. 1929 B, 3283).

Þetta var álit hins gætna og varfærna 1. þm. S.-M. á ríkisábyrgðinni. Hann taldi ábyrgðina ekki mundu verða þungbæra fyrir ríkissjóð. Því miður hefir það nú komið á daginn, að skellurinn fellur með öllum sínum þunga á ríkissjóð, og ekki þó nóg með því, því að einkasalan hefir ekki verið þess megnug einu sinni að greiða hin lögboðnu útflutningsgjöld, og tapar ríkissjóður þannig stórfé í viðbót. Menn geta annars gert sér nokkrar hugmyndir um það, hve blómlegan atvinnurekstur hefir verið um að ræða í síldarverzluninni, af því, að í sumar sem leið greiddi einkasalan 2 kr. út á hverja tunnu, og þar með búið, enda fóru jafnt bátseigendur sem hásetar sama sem tómhendir heim eftir síldveiðarnar í sumar, og reyndar flestir með skuldir á bakinu. Er jafnvel kvis um, að skilanefnd telji, að þessa síldgreiðslu, 2 kr., eigi að krefja aftur.

Hæstv. forsrh. undirstrikaði það mjög, að hér væri aðeins um að ræða frv. til l. um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands, og bæri samkv. því aðeins að taka afstöðu til þess, hvort sú ákvörðun væri rétt, sem núv. stj. gerði, þegar svo var komið, að einkasalan var orðin gjaldþrota og jafnaðarmenn höfðu með tvíræðum þingsköpum kosið sjálfa sig í stj. þessa blómlega atvinnufyrirtækis í framtíðinni. Grundvöllurinn að þessum atburðum var lagður af hæstv. forsrh. sjálfum og flokki hans á þinginu 1928,

og ofan á þann grundvöll var dyggilega byggt með breyt. þingsins 1929, sem kommúnistar stóðu að, eins og ég áður sagði, en þeir höfðu lýst yfir því, að þeir vildu þetta atvinnufyrirtæki feigt að því er ágóða fyrir atvinnurekendurna snerti. Samkv. þeirra kenningum átti einkasalan aðeins að vera arðberandi fyrir verkafólkið, en ekki fyrir atvinnurekendurna, og þá sýnt, til hvers stefnt var. — Það þýðir að vísu ekki að sakast um orðinn hlut, og ekki annað að gera en að samþ. þetta frv. um skiptameðferð á búi einkasölunnar, eins og komið er, enda játa ég það fullkomlega, að síldareinkasalan átti ekki lengur tilverurétt, og því er rétt að leggja hana niður í haust. Ég get og vel skilið það, að hæstv. forsrh. sé ekki vel um það gefið, að hér sé farið mikið út í sögu einkasölunnar og vakin athygli á því, hvernig búið hefir verið að síldarútveginum á síðustu árum, en ég vil þó benda á það, að draga má vissa lærdóma af því, hvernig einkasölunni hefir farnazt undir því fyrirkomulagi, sem henni var búið. Hæstv. stj. virðist þó ekki vera þetta ljóst, né heldur flestum fylgismönnum hennar. Síldareinkasölulögin voru reist á þeim kröfum, sem kommúnistar halda fram í verzlunarmálum, og eins og ég áður sagði, og leyfi mér enn að staðhæfa, var höfuðmein einkasölunnar, að stj. og flokkur hennar lét undan kröfum kommúnista um fyrirkomulag fyrirtækisins, og enda undirstrikaði þetta með því að gera kommúnistann Einar Olgeirsson að framkvæmdarstjóra við einkasöluna. Var ekki hægt að auglýsa það betur, að síldareinkasalan væri rekin í kommúnistiskum anda. — Socialistar, eða öllu heldur kommúnistar eins og hv. 3. þm. Reykv. (HV) réttilega kallaði þá hér á dögunum, hafa æ verið að klifa á því undanfarið, hvort stj. ætlaði sér ekki að skipuleggja síldarútveginn á ný, og er af því sýnt, að þeir eru ekki enn af baki dottnir, en ætla sér að reyna að ná yfirráðunum aftur yfir útveginum. Að vísu má skipuleggja á ýmsan hátt, en það ræður af líkindum, að meiningin fyrir þeim er að koma öllu í sama horfið sem áður var, og vil ég eindregið vara þingmeirihlutann við að láta undan þessum kröfum kommúnista, og yfirleitt að leggja inn á þær brautir í verzlun og atvinnurekstri, sem kommúnistar stefna á með kröfum sínum. Og ef afkoma Síldareinkasölunnar er ekki nóg ábending í þessu efni, verður ekki sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi augun opin fyrir því, sem er að gerast í kringum hana, enda margt, sem bendir til þess, að stj. og flokkur hennar sé ekki vitur í þessum efnum. Hér er þannig á dagskrá í dag frv., sem sýnir áþreifanlega, hver stefna er ríkjandi innan stjórnarflokksins í verzlunarmálum. Á ég við frv. það til einkasölu á bifreiðum og mótorvélum, sem kommúnistadeild Framsóknarflokksins flytur á þskj. 189. Flm. þessa frv. hafa bæði með því og ýmsum öðrum till. sínum hér á Alþingi sýnt það ljóslega, að þeir eiga margt sameiginlegt kommúnistum um stefnu og takmark, enda þótt þeir telji sig til bændaflokks. Hér á nú að fara að bæta einni einkasölunni við enn, og það er víst, að sú hlið þeirrar einkasölu, sem að sjávarútveginum snýr, þar sem er einkasala á öllum mótorvélum, verður ekki happasæl sjómönnum eða sjávarútveginum í heild sinni, fremur en Síldareinkasalan var á sínu sviði. Er annars sorglegt til þess að vita, að ríkið skuli hvað eftir annað vera að seilast inn á atvinnusvið vissra stétta í landinu, þeim og þjóðinni í heild sinni til stórskaða, eins og einna áþreifanlegast hefir verið um sjávarútveginn í tíð núv. valdhafa. Í afskiptum stj. af málum sjávarútvegsins hefir annarsvegar kennt frekrar og eyðileggjandi íhlutunar, þar sem t. d. var Síldareinkasalan með öllum sínum ófarnaði, en hinsvegar fullkomins kæruleysis, eins og einna berast er af útnefningu stj. á hinum nýja erindreka okkar á Spáni. Embætti þessa umboðsmanns íslenzka ríkisins á Spáni var stofnað fyrir nokkrum árum með miklum tilkostnaði fyrir hvatir sjávarútvegsmanna í þinginu, og var samþ. af miklum meiri hl. þingsins að hafa þennan umboðsmann í Suðurlöndum til að gæta þar hagsmuna okkar um fisksöluna. Hafði Gunnar Egilson þennan starfa fyrst með höndum og leysti hann prýðilega af hendi, eins og kunnugt er, og þegar hann lézt, skipaði núv. stj. Helga Guðmundsson bankastjóra til starfans, sem hefir mikla þekkingu á fiskverkun og fisk-

verzlun, enda flestir ánægðir með þessa stjórnarráðstöfun. En það átti ekki fyrir sjávarútveginum að liggja að njóta Helga Guðmundssonar lengi í þessari stöðu, því að einmitt nú á þessum hættulegu tímum í allri utanríkisverzlun, og þá ekki sízt fiskverzluninni, hefir stj. kallað hann heim og sent annan mann í staðinn, sem ekki hefir næga þekkingu á þessum málum, ekki einu sinni þá málaþekkingu, þegar hann var sendur af stað, sem til slíks starfs þarf, eftir því sem mér er sagt. Eru þetta eingöngu persónuleg mannaskipti, og ekkert tillit tekið til þess, sem sjávarútvegurinn þarfnast í þessum efnum, og þannig talandi vottur þess kæruleysis, sem hæstv. núv. stj. sýnir í afskiptum sínum af málum sjávarútvegsins. —

Með samþ. þessa frv. er Síldareinkasalan væntanlega dauð og grafin fyrir fullt og allt, en þeir menn, sem voru svo óheppnir að stunda þennan atvinnuveg undir því óstjórnarfyrirkomulagi, bera sárin á bakinu eftir atvinnureksturinn síðastl. ár. Vænti ég fastlega, að hinir vitrari og gætnari þm. allra flokka athugi það, næst þegar krafan kemur um að setja á stofn einkasölu á útflutningsvörum okkar, hver afdrif einkasölunnar urðu að þessu sinni, vegna hinna pólitísku áhrifa fyrst og fremst. Við Íslendingar höfum því miður enn ekki náð þeim þroska í pólitík, að okkur sé fært að blanda saman verzlun og pólitík, og skortir enda enn mikið á um nægilega kunnáttu á verzlunarsviðinu. Ætti og þessi dómur reynslunnar að vera okkur ærið viðvörunarefni til þess að fara ekki á ný að setja verzlunarfyrirtæki undir pólitísk yfirráð, til stórtjóns fyrir land og lýð. Er það skylda löggjafarvaldsins að styðja að eðlilegri framþróun atvinnuveganna í landinu, og slíkt má því aðeins verða, að þeir fái að þróast í friði í höndum þeirra manna, sem öðrum fremur hafa skilyrði til að vinna að þróun þeirra, og bera enda alla ábyrgðina á rekstri fyrirtækjanna. Hitt er hið mesta glapræði að fara að hrifa yfirráðin úr höndum þessara manna og leggja þau í hendur pólitískra flokka, eins og afdrif Síldareinkasölunnar eru talandi vottur um.

Fors-. og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel rétt að víkja nokkrum orðum aðallega að tveim atr. í ræðu hv. þm. Vestm. og vil þá fyrst víkja að því atr., sem hv. þm. veik síðar að í sinni ræðu, þar sem var sú ráðstöfun stj. að fela Helga Briem bankastjóra sendimannsstarfið á Spáni. Hv. þm. lét þess getið í sambandi við þetta, að stj. hefði áður tekið ákvörðun um þetta embætti, þegar Helga Guðmundssyni bankastjóra var falið að gegna embættinu, og kvað hann sig og aðra hafa verið fullkomlega ánægða með þá ráðstöfun stj., en hinsvegar lýsti hv. þm. óánægju sinni yfir því, að Helga Briem skyldi nú hafa verið veitt þetta embætti, og færði þar einkum til, að Helgi Briem hefði ekki næga þekkingu á fisksölumálum. Nú virðist þó engin ástæða vera til að ætla annað en Helgarnir báðir hafi til brunns að bera svipaða þekkingu á þessum málum; því að báðir hafa þeir staðið fyrir lánstofnunum, sem einkum taka til sjávarútvegsins, Helgi Guðmundsson sem útibússtjóri Íslandsbanka þáv. á Ísafirði, og Helgi Briem sem bankastjóri við Útvegsbankann hér í Reykjavík, nema hvað Helgi Briem ætti að hafa betri aðstöðu í þessum efnum, þar sem starf hans hefir verið umfangsmeira, og um málakunnáttu þeirra nafnanna hygg ég, að svipað sé að segja. Mér þykir að vísu vænt um það, að hv. þm. Vestm. hefir lokið lofsorði á starf Helga Guðmundssonar sem sendimanns á Spáni, enda rétt, að hann reyndist vel og myndarlega í þessu starfi, og ég ætla hinsvegar, að hv. þm. muni jafnánægður með starf Helga Briems, þegar reynsla er komin um það. Báðir fara þeir nafnar með svipaða þekkingu til þessa starfs, eins og ég hefi rakið, og hafa því sömu skilyrði til þess að leysa það vel af hendi. Það sem ræður, verður því, hvern dugnað, viturleik og framkvæmd Helgi Briem á eftir að sýna í þessu starfi, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að það verður með þeim hætti, að hv. þm. Vestm. lætur sama dóm ganga yfir Helgana báða, þó að síðar verði.

Um hitt atr. í ræðu hv. þm. Vestm. skal ég ekki segja margt. Það er misskilningur hjá hv. þm., þar sem hann

lagði þann skilning í mín orð áður, að ekki mætti rifja upp sögu Síldareinkasölunnar. Ég sagði aðeins, að ég ætlaði ekki að gera slíkt sjálfur, þó að aðrir yrðu til þess, en hitt sagði ég, og lagði áherzlu á, að ef slíkt væri gert, væri ekki rétt að rekja sögu þessa atvinnuvegar 3—4 síðustu ár eingöngu, heldur líka um nokkur ár áður en Síldareinkasalan kom til sögunnar, og gefa svo yfirlit um rekstur síldarútvegsins um 10—15 síðustu ár. Hv. þm. Vestm. fannst hér vera ólíku saman að jafna, af því að Alþingi hefði gripið inn í og töpin færzt yfir á ríkið út af þeim ráðstöfunum. Lít ég þvert á móti svo á, að hér sé ekki ólíku saman að jafna, því að í báðum tilfellunum hafa töpin lent á almenningi. Á árunum frá 1919—1927 urðu gífurleg töp á síldarútgerðinni, sem að mestu leyti lentu á lánstofnunum, og við, sem sitjum hér á Alþingi, höfum orðið að hlaupa undir baggann og veita framlög svo skiptir millj. kr. bæði til Landsbankans og Útvegsbankans, sem nú er. Efnatjónið, sem orðið hefir samfara þessum atvinnurekstri, hefir því komið á almenning engu síður á tímabilinu fyrir einkasöluna heldur en á því tímabili, sem einkasalan stóð. Það sem lá fyrir áður en Síldareinkasalan var sett á stofn, var það, að báðir þeir aðilar, sem að þessum atvinnurekstri standa, höfðu fellt sína dóma í málinu á þá leið, að það þyrfti opinberra aðgerða við viðvíkjandi útveginum. Þáv. þm. Ak., Björn heit. Lindal, sem jafnan var fyrst og fremst fulltrúi sjávarútvegsins fyrir Norðurland hér á Alþingi, hafði borið fram frv. í þessa átt, þó að það frv. kæmi að vísu aldrei til framkvæmda, og nú hefir þessi tilraun verið gerð til að komast að raun um, hvort fremur væri hægt að verjast áföllum við þennan atvinnurekstur undir því skipulagi, sem gilti um einkasöluna, heldur en með skipulagsleysinu áður. Ef ég á að dæma um árangurinn frá mínu leikmannssjónarmiði til þessara mála, verður minn dómur sá, að útkoman sé svipuð. Býst ég við, að skipulagsleysið fái nú að ríkja aftur um næstu ár, og ég vildi sannarlega mega vona, að útkoman yrði nú betri en undir einkasölunni, en ég verð að játa, að ég geri mér ekki miklar vonir um, að svo verði. En hitt geri ég mér nokkrar vonir um, að sú dýrkeypta reynsla, sem við þegar höfum fengið í þessum efnum, bæði með skipulagi og skipulagsleysi, megi þegar skipulagsleysið enn á ný hefir fengið að sýna sig um stund, færa okkur inn á þær brautir, sem heppilegastar reynast í þessu mikla og erfiða máli.

Héðinn Valdimarsson: Hæstv. forsrh. og andstæðingar hans, sem talað hafa hér í dag, eru á eitt sáttir um það, að stj. hafi gert rétt í því að gefa út bráðabirgðalög um skiptameðferð á búi Síldareinkasölunnar, eins og hún gerði í haust. Að öðru leyti hefir ekki verið rætt um þetta atr. þessa máls. Hæstv. forsrh. hefir ekki fært fram neinar röksemdir fyrir því, að þetta hafi verið réttilega gert, og andstæðingar hans hafa eingöngu dvalið við einstaka liðna atburði í sambandi við þetta mál. Við jafnaðarmenn höfum ekki tekið þátt í þessum umr., en okkur þykir þó rétt, að það komi fram, að við erum í andstöðu við hina flokkana um þetta mál, og í hverju andstaða okkar er fólgin.

Það er vitanlegt, að það skipulag, sem á einkasölunni var, var frá jafnaðarstefnunni runnið, og hafði því enda verið haldið fram áður en meiri hl. fékkst fyrir því hér á þingi. Reynslan hafði sýnt það áþreifanlegar um þennan atvinnurekstur en aðra, að skipulagsleysi hinnar frjálsu samkeppni var með öllu óhæft, og það réð hér úrslitum. Við jafnaðarmenn höfum aldrei verið í vafa um það, að nauðsynlegt er að skipuleggja allan þennan atvinnurekstur, og það mætti segja, að það sé undarlegt, að hv. þm. Vestm. og aðrir skuli ekki sjá það, vegna þeirrar reynslu, sem síldarútvegurinn yfirleitt hefir gefið. En hvað sem þessu líður, þá stóðu málin svo, þegar síldareinkasalan var sett, að ekki var deilt um það, að nauðsynlegt væri að koma skipulagi á síldarútveginn, — um það voru allir sammála — heldur stóð deilan um það, hvernig ætti að framkvæma þessa skipulagningu, og þá einkum, hverjir ættu að fara með ráðin. Íhaldsmenn, sem þá kölluðu sig svo, héldu því fram, að atvinnurekendurnir einir ættu að ráða, og vildu þannig láta löggjafarvaldið skipuleggja

gróðamöguleika þeirra með einkasölunni. Á móti þessari skoðun héldum við jafnaðarmenn því fram, að fyrst og fremst bæri að taka tillit til þeirra, sem höfðu vinnu við þennan atvinnurekstur, og þessu samkv. vildum við láta verkalýðinn til lands og sjávar, sem fyrst og fremst hafði hagsmuna að gæta í sambandi við einkasöluna, þar sem allar atvinnuvonir hans voru við hana bundnar, ráða yfir þessu fyrirtæki a. m. k. það mikið, að útgerðarmenn gætu ekki fyrir borð borið hagsmuni hans. En Framsóknarflokkurinn gat hvoruga þessa leið aðhyllzt, og sá ráðh. flokksins, sem mest lét sig þessi mál skipta, núv. hæstv. dómsmrh., samdi um framgang málsins við Einar Olgeirsson og aðra kommúnista á Akureyri, eins og síðar hefir orðið upplýst (**Dómsmrh.**: Þetta eru allt ýkjur). Þetta er allt sannanlegt, og er ráðlegast fyrir hæstv. dómsmrh. að flýja út um dyrnar þess vegna. Dómsmrh. samdi við Einar Olgeirsson, að Verkalýðssamband Norðurlands (Kommúnistasambandið) skipaði mann í einkasölustj., en ekki Alþýðusamband Íslands, og urðu þræðir málsins þannig á milli Framsóknarfl. og kommúnista, en ekki Alþýðufl., sem telur þó innan sinna vébanda allan hinn íslenzka verkalýð að kalla. Enda fór svo, að Alþýðufl. hefir haft lítil áhrif innan einkasölunnar. Einn af framkvæmdarstjórum hennar var og kommúnisti, Einar Olgeirsson, eins og hann samdi sjálfur um við dómsmrh. fyrirfram, og yfirleitt var ekki farið eftir ráðum Alþýðufl. um það, sem gerðist í þessum málum, enda hafa afleiðingar þess sýnt sig. Á síðasta þingi voru samþ. lög um breyt. á stjórnarfyrirkomulagi einkasölunnar, sem að áliti allra flokka var alveg ónothæft. Hnigu þær breyt. í þá átt, sem sjálfsögð var, að stjórn einkasölunnar skyldi fyrst og fremst falin þeim aðiljum, sem mestra hagsmuna hefðu að gæta um síldarútveginn, en það urðu verkalýðurinn annarsvegar og stórir og smáir útvegsmenn hinsvegar. Um þessar breyt. voru alþýðuflokksmenn og íhaldsmenn sammála, en framsóknarmenn virtust í fyrstu á báðum áttum, en þó varð ekkert úr andstöðu þeirra gegn þeim, enda munu þeir hafa talið, að fulltrúakosningar samkv. lögunum svo breyttum myndu gefa hvorugum flokknum, Alþýðuflokknum né Sjálfstæðisflokknum, meiri hl., svo að þeir gætu einnig framvegis ráðið baggamuninn um stjórn einkasölunnar og ráðið á úrslitastundunum. En þetta fór á allt annan veg en ætlað var, því að Alþýðuflokkurinn fékk hreinan meiri hl. í stj. einkasölunnar. Einkasalan var að því leyti komin í eðlilegt horf, að stj. hennar var nú komin í hendur þeirra, sem mestra hagsmuna höfðu að gæta í þessum greinum, og stjórnarkosningarnar sýndu, að Alþýðuflokksmönnum var bezt trúað fyrir stj. og umsjá fyrirtækisins, sem og rétt var. Verkalýðurinn kaus eingöngu Alþýðuflokksfulltrúa og auk þess mikill hl. smáútvegsmanna á Vestur- og Norðurlandi, sem eftir reynslu einkasölunnar treystu Alþýðuflokknum bezt til að stjórna henni. Þá var haldinn aukafundur í okt. í vetur og átti samkv. lögunum aðeins að kjósa nýja útflutningsnefnd og endurskoðendur, sem áttu að taka við í ársbyrjun 1932, en þá skyldi og falla niður umboð gömlu útflutningsnefndarinnar, en hin nýkjörna útflutningsnefnd taka við. En í stað þess að halda áfram á grundvelli þess skipulags, sem lagt var í ágúst, þá gerði hæstv. forsrh. sér hægt um hönd og afnemur einkasöluna með bráðabirgðalögum, alveg fyrirvaralaust og undir því yfirskini, að skuldir hennar og töp séu svo mikil, að ótækt sé, að hún sé látin starfa áfram. Að þessum ástæðum hæstv. forsrh. kem ég síðar. En ég vil spyrja hæstv. ráðh., ef átti að leggja einkasöluna niður, hver gaf þá hæstv. ráðh. heimild til þess að skipa sérstaka skilanefnd í stað stj. einkasölunnar, sem þá var nýkosin samkv. fyrirmælum sjálfs þingsins? Með þessu er hæstv. ráðh. að brjóta tveggja til þriggja mánaða gamlan þingvilja, vegna þess að hann vill ekki láta Alþýðuflokksmenn komast í reikninga einkasölunnar og taka þar taumhaldið.

Þá hafa hv. sjálfstæðismenn talað mikið um töp einkasölunnar, og um það, hve þungum búsifjum hún hafi valdið í síldarútveginum. Ég hefi talað við ýmsa útvegsmenn bæði á Norður- og Vesturlandi, sem líta öðruvísi á þetta mál, að undanteknu síðasta ári, sem var allsstaðar hið

mesta harðæri. En hin árin, sem einkasalan hefir starfað, er það álit margra, sem til þekkja, að síldarverzlunin hafi yfirleitt gengið betur en áður. Að vísu var það svo áður, að einstakir menn höfðu við og við af slympilukku nokkurn hagnað, en langsamlega flestir, sem við síldarútveg fengust, urðu fyrir beinum töpum ár eftir ár. Hinsvegar reyndist það svo, að árin fram að síðasta ári og frá byrjun einkasölunnar, gátu síldarútvegsmenn haldið atvinnurekstrinum gangandi yfirleitt með sæmilegum árangri enda þótt ekki væri um mikinn beinan hagnað að ræða. En ég vil nú spyrja útgerðarmenn þá, sem eiga sæti hér í hv. d.: Hvernig er það með hagnaðinn af saltfisksölunni síðasta ár? Ætli það sé betur komið með hana en síldareinkasöluna og hún í betri höndum en einkasalan var með öllum göllunum? Ég vil sérstaklega beina þessari spurningu til hv. þm. G.-K., sem er í stj. þess fyrirtækis, sem mikið hefir með þessa hluti að gera. Það er áreiðanlegt, enda er það álit allra, sem skyn bera á þessi mál, að það er ekki hægt að hugsa sér verra fyrirkomulag á saltfisksölunni en nú er. Það er t. d. alkunnugt um Kveldúlf, að hann hefir notað aðstöðu sína á Spáni til þess að tryggja sölu á saltfiski síns eigin félags, meðan verðið var sæmilegt, en eftir að verðfallið hófst, hefir Kveldúlfur velt því yfir á viðskiptamenn sína og látið þá bera hallann. Svipað má segja um hitt firmað. Kveldúlfur og Alliance hafa haft einkamannaeinkasölu á saltfiskinum og selt á ári með fallandi verðlagi fyrst sinn eigin fisk, en látið bátaútvegsmennina sitja á hakanum, en þeir gátu engum öðrum selt sinn fisk en Kveldúlfi og Alliance og fengu því verðfallsskellinn. Hvernig skyldi rekstrarafkoman vera um þessar mundir hjá bátaútveginum og hjá togaraútgerðinni yfirleitt? Ætli það sé ekki sama sagan allsstaðar: ekkert nema stór töp. Það er þess vegna ekkert sérstakt um síldareinkasöluna, þó hún hafi orðið fyrir töpum, auk þess sem sá atvinnurekstur hefir jafnan þótt áhættumeiri og stopulli en aðrir. Eða hvað segir hv. þm. Vestm., sem var að belgja sig upp út af töpum einkasölunnar, um útgerðina í Vestmannaeyjum? Ætli gróðinn sé mikill þar? Hv. þm. getur ekki borið á móti því, að saltfisksalan þar hefir ekki gengið betur en svo, að sjómenn og útvegsmenn hafa ekkert fengið fyrir að veiða aflann, og útgerðin yfirleitt hefir þar sem annarsstaðar orðið fyrir stórtöpum og er á heljarþröminni. Það má þess vegna rekja þessi töp lengra en til einkasölunnar, það má rekja þau til landbúnaðarins, þar sem afkoman er með bágasta móti, og það má finna þau allsstaðar í atvinnurekstri landsmanna. Það er því alveg rangt að taka síldarútveginn út úr hvað þetta snertir, enda sýnir reynsla Norðmanna og Svía í síldarútvegsmálum það, að enda þótt einkasölunni hefði verið betur stjórnað, sem ég býst við að hefði mátt, þá mátti allt að einu búast við stórtöpum og vandræðum.

En að leggja einkasöluna niður, án þess að nokkuð komi í staðinn, er óhæfa, og bætir sízt ástandið frá því sem nú er. Ég hefi átt tal um þetta við útgerðarmenn, sem nýkomnir voru frá Noregi og Svíþjóð, og hafa þeir sagt mér, að lepparnir íslenzku væðu uppi í Svíþjóð, og byðu þar íslenzka síld, á sumri komanda, mjög ódýra, sem stórspilli markaðinum, því að innflytjendurnir sænsku segðu sem svo: Við kaupum af útgerðarmönnum fremur en leppunum, af því að okkur þykir það tryggara, að síldin fáist þá, en við greiðum ekki meira fyrir síldina en lepparnir bjóða hana fyrir. Þess vegna er sízt betra ástand framundan, ef lepparnir fá að leika lausum hala bæði hér og á markaðinum erlendis, sem allt útlit er fyrir nú. Vitaskuld er það ekki einhlítt til að halda uppi verðlagi síldar á heimsmarkaðinum, þó að einkasala sé á Íslandi. Til þess þarf víðtækari samtök. Ég man ekki betur en að það þætti djarft tiltæki hjá einkasöluforstjórunum, er þeir leituðu samkomulags við norska síldarseljendur um það að halda uppi verði síldar á heimsmarkaðinum. Það þótti íhaldsblöðunum ganga landráðum næst. En það mun sýna sig, að það getur ekki gengið til lengdar, að láta síldarsöluna vera óskipulagða, og það mun einnig koma á daginn, að það þarf millilandasamninga við framleiðendur nágrannalandanna um söluna.

Ég þykist vita, að þetta frv. hæstv. forsrh. verði samþ. Hæstv. ráðh. var að

kvarta yfir því áðan, að hv. sjálfstæðismenn í deildinni hefðu ekki nægilega talað um það, hve mikið þarfamál hér væri um að ræða. Það getur verið, að hann fái í næstu ræðum þeirra það þakklæti, sem hann óskar eftir. En það eitt er víst, að frá Alþýðuflokknum fær hann engar þakkir fyrir að leggja niður þetta ráð til bjargar síldarútveginum, einungis af því, að Alþýðuflokkurinn gat fengið ráð yfir einkasölunni og starfsemi hennar, og beint henni inn á sínar brautir.

Ólafur Thors: Ég þarf ekki mikið að svara þeim hv. þdm., sem talað hafa í þessu máli. Það hefir engin tilraun verið gerð til að hrekja mitt mál, enda var það á fullum rökum reist. Þó get ég ekki látið hæstv. forsrh. ósvarað með öllu. Hann talaði um, að ég hefði talað óljóst og óákveðið. Ég veit nú ekki, hvernig hægt er að kveða skýrar á um meginatr. þessa máls en ég gerði í ræðu minni áðan. Ég sýndi fram á það ljósum rökum, hvílíkur óskapnaður einkasalan hefði orðið í allri reynd og framkvæmd, enda á röngum forsendum byggð í upphafi og lélega til starfskrafta vandað. Af þessu leiðir tvennt: Í fyrsta lagi, að rétt er að leggja einkasöluna niður, og í öðru lagi, að rangt væri að endurreisa hana. Þetta var kjarni míns máls, og að þessu færði ég sterk og óyggjandi rök. Hæstv. ráðh. reyndi að snúa út úr orðum mínum og lét sem ég hefði sagt, að ræða mín væri móðgun við deildina. Þetta er rangfærsla en hitt er rétt, að það stappaði nærri, að það væri móðgun við deildina að neyðast til þess að verja dýrmætum tíma þingsins til þess að sýna fram á, hverjir það eru, sem ábyrgð bera á þessu glapræði, sem löggjafarvaldið hefir látið teyma sig út í. Fyrst og fremst er það sjálfur dómsmrh., sem ber ábyrgðina, þó hann þori ekki að hlýða á umr. Hann ber ábyrgðina á þessu, eins og svo mörgum óhappa- og óhæfuverkum stjórnarflokksins, en svo þorir hann ekki að mæta í deildinni, þegar hann á þess von að verða kvaddur til reikningsskapar fyrir verk sín.

Þá sagði hæstv. ráðh., að sér fyndist óviðfelldið af mér að ámæla forstjórum þessa fyrirtækis, slíkt bæri að gera á þeim vettvangi, þar sem þeir hefðu aðstöðu til málsvarnar. Hæstv. ráðh. verður að játa, að það er alls ekki unnt að ræða um starfsemi slíkra fyrirtækja, nema koma um leið inn á það, hvernig þeir, sem veita fyrirtækinu forstöðu, standa í stöðum sínum. Auk þess ber þess að gæta, að þessir menn eiga málsvara hér, og hann ekki af lakari endanum, þar sem er hæstv. forsrh. sjálfur. Hann er æðsti maður þessara mála, hann ber ábyrgðina á því, hvernig fyrirtækinu hefir farnazt, hann er sem forsrh. oddamaður þessa fyrirtækis og í höndum hans er úrslitavaldið um stjórn þess. Hann og hans flokkur ber ómengaða ábyrgð á öllum þeim mistökum, sem hér hafa á orðið. Þessu til stuðnings skal ég leyfa mér að tilfæra nokkur orð úr grein eftir dómsmrh. í málgagni stjórnarinnar, sem skrifuð er einu ári eftir að einkasalan var sett á stofn. Þar segir svo, eftir að farið hefir verið mörgum orðum um ólagið á síldarútvegnum: „Þá kemur bændaflokkurinn til skjalanna .... Hann finnur bjargráðin. Knýr verkamenn og útgerðarmenn til sjálfsbjargar". Síðar segir svo: „Oddamaðurinn er tilnefndur af bændavaldi þingsins. Sá maður verður ósjálfrátt stýrimaður skútunnar. Hann skapar meiri hluta til hægri eða vinstri, eftir því sem málefni eru til". („Tíminn" 1929).

Ef dómsmrh. skyldi nú einu sinni hafa slysazt á að segja satt — og ég held það nærri því í þessu tilfelli — þá er það hæstv. forsrh. og enginn annar, sem að forminu til er „stýrimaður á skútunni". Honum ber því að svara til sakar fyrir glöp þau, er á hafa orðið hjá þeim mönnum, sem hér er um að ræða. Það er því sannarlega ekki svo, að ég sé að ráðast á lítilmagnann varnarlausan, þar sem annar eins maður er til málsvarnar og hæstv. forsrh. En ef ég hefði nú viljað hlífast við að gera frammistöðu þessara manna að umtalsefni hér, þá væri það einungis með því fororði, að ég ætti þess nokkra von að fá menn þessa á sameiginlegan vettvang. En hvernig hefir nú sjálfum hæstv. forsrh. gengið að fá þá til að mæta, til að standa fyrir máli sínu. Reyndi hann ekki oft og mörgum sinnum að fá þann af framkvæmdarstjórum einkasölunnar, sem ráðamestur var, til þess að mæta á

fulltrúafundinum í vetur, til þess að svara til sakar? Ég veit ekki betur en að hann, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hæstv. ráðh. til þess að fá hann til að koma hingað suður, sæti kyrr sem fastast og hreyfði sig hvergi. Ég veit nú ekki, hvaða vald eða aðstöðu ég hefði til þess að krefja þessa menn til málsvarnar, ég get ekki stefnt þeim fyrir mig né dregið þá nauðuga til að svara til sakar. Að þessu athuguðu tel ég mig hafa fulla heimild til þess að tala um þessa menn hér, á þann hátt, sem við á. Ráðherrann er hér sá rétti málsvari, og honum ber hér að standa reikningsskap fyrir ráðsmennsku undirmanna sinna. Mér verður því ekki með réttu legið á hálsi fyrir ódrengskap í þessu máli, þó ég víki nokkrum réttmætum orðum að frammistöðu þessara manna, í sambandi við aðrar umr. um málið á Alþingi.

Ég gerði grein fyrir því í fyrri ræðu minni, í hverju lá hinn mikli munur á samlagslögunum 1926 og síldareinkasölulögunum 1928, og þarf ég ekki að endurtaka það. Að baki laganna 1926 lá sú meginhugsun, að þeir aðilar, sem mest ættu í húfi um afkomu síldarútvegsins, bæru einir alla ábyrgðina. Auk þess fólust í þeim lögum nokkrar ráðstafanir gegn leppunum. En eftir lögunum 1928 fékk löggjafarvaldið, sem litla aðstöðu hefir til að bera skyn á þessi mál, öll völd í þessum efnum. Öllum, sem nokkra þekking höfðu á síldarútgerð, var það frá upphafi ljóst, að illa hlyti að fara, hrunið var fyrirsjáanlegt frá öndverðu, jafnvel þótt betur hefði til tekizt um mannaval. Reynslan hefir nú sýnt það, því miður, að þær hrakspár voru sízt að ófyrirsynju.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um ágreining hæstv. forsrh. og hv. þm. Vestm. í sambandi við það, að Helgi Briem var sendur til Spánar í stað Helga Guðmundssonar. Um þetta hafði hv. þm. Vestm. að öllu leyti rétt fyrir sér, en hæstv. ráðh. algerlega rangt. Hæstv. ráðh. komst að orði eitthvað á þá leið, að þeir hefðu báðir haft mikla og líka þekking til að bera, en starfsemi Helga Briems hefði þó verið öllu umfangsmeiri, og þekking hans þarafleiðandi víðtækari. Þetta er alveg rangt, því að Helgi Guðmundsson hefir mikið fengizt við fiskverzlun, og meðan hann var útibússtjóri á Ísafirði, var hann önnur hönd útgerðarmanna á Vestfjörðum um fisksölu. Hinsvegar verður það varla sagt um Helga Briem, að hann svo mikið sem þekki þorsk frá ýsu, enda er maðurinn alls ófróður um þá hluti, svo sem vænta má af manni, sem aldrei hefir haft neina slíka starfsemi með höndum. Í þessum efnum sem öðrum veltur vitaskuld mjög mikið á grundvallaðri þekking viðkomandi manns á þessum málum, náttúrugreindin ein er hvergi nærri einhlít. Um þessa tvo menn er það að segja í stuttu máli, að Helgi Guðmundsson hefir þekkinguna algerlega fram yfir nafna sinn, og þess vegna verða þeir eigi lagðir til jafns. En það er nú svo um þetta starf, að við veitingu þess er meira tekið tillit til pólitískra skoðana heldur en raunverulegra hæfileika, enda er þeirri reglu jafnan haldið í embættaveitingum núv. stjórnar.

Ég hefi þá svarað flestu því, sem svara þarf í ræðu hæstv. ráðh. En ég vil ekki með öllu láta undir höfuð leggjast að víkja að ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að síldarútvegurinn hefði gengið betur eftir að síldareinkasalan var stofnuð og fram til síðasta árs. Þetta er gersamlega rangt, og ég vil biðja hv. þm. að spyrja viðskiptavini sína, t. d. formenn úr Keflavík um það, hvort afkoma þeirra í síldarútgerð hafi verið betri eftir að einkasalan tók við en áður, meðan Kveldúlfur og aðrir fiskikaupmenn önnuðust sölu síldarinnar. Þegar einkasalan hóf starfsemi sína, hafði fyrirtæki það, sem ég er við riðinn, haft með höndum síldverzlun í 13—14 ár, og sennilega verið í hópi þeirra, sem af „hundaheppni“ hafa sloppið skaðlausir, eins og hv. þm. orðaði það. En eftir að einkasalan tók við, álitum við bezt að leggja þennan útveg niður, þrátt fyrir það, að við ættum dýrar og fullkomnar síldarstöðvar bæði á Hesteyri og Siglufirði, sem eftir það urðu að vera ónotaðar. Þetta sýnir, hvaða álit við höfðum frá öndverðu á þessu fyrirtæki, og við það bættist svo það, að stj. þess var falin á hendur þeim óvitum, sem nú hafa lagt bæði einkasöluna og síldarútveginn í kaldakol. Hv. þm. má

ekki ætla, að það séu rök í þessu máli, þó að hann nú vilji fara að draga inn í umr. örlög sjávarútvegsins á öðrum sviðum. Hann veit, að kaupgjald á togurum og vélskipum, einkanlega þó á togurum, hefir verið sæmilegt, viðlíka hátt og undanfarin ár. Aftur á móti hefir kaup á þeim skipum, sem stunda síldveiðar og leggja aflann til Síldareinkasölunnar, verið svo hraksmánarlegt, að menn hafa varla verið matvinnungar á sama tíma sem menn hafa fengið 1500—2000 kr. fyrir sömu vinnu hjá þeim, sem gerðu út skip með það fyrir augum að leggja aflann til bræðslu. Hv. þm. getur ekki afsakað Síldareinkasöluna, þó að hann geti bent á, að öðrum hafi gengið illa með sama atvinnurekstur. Hv. þm. veit, að rekstur einkasölunnar hefir verið með þeim ósköpum, að þess eru engin dæmi í íslenzkri atvinnusögu. Það má vitanlega benda á, að í rekstri einstaklinga eru margar misfellur og verða alltaf svo lengi sem einstaklingar reka atvinnu. En það afsannar ekki það, sem ég hefi haldið fram, að misfellur Síldareinkasölunnar eru óvenjulega stórar. Mér dettur ekki í hug að vera að rökræða um það, að hér hafi einhverjar misfellur verið, heldur hversu stórar þær hafi verið og að það var fyrirsjáanlegt, að þær hlutu að verða það, vegna þess, hvernig stj. þessa fyrirtækis var skipuð. (HV: Hvernig er það með gróðann á síldarbræðslunni?) Hvernig er það með gróðann á síldarbræðslunni segir hv. þm. Það er sitt hvað að borga mönnum 1500—2000 kr., þó ekki sé mikill gróði, ef ekki er mikið tap. Hvað snertir síldarbræðsluna á Hesteyri, þá hygg ég, að við töpum einhverju, en sára litlu. Ég endurtek það, að hv. þm. verður að gera sér það ljóst, að við erum ekki að finna að því, að eitthvað hafi gengið illa hjá Síldareinkasölunni, heldur hvað allt hefir gengið hörmulega. Hv. þm. hallmælti sjálfstæðismönnum fyrir það að finna að því, að Einar Olgeirsson leitaði hófanna um samninga við Norðmenn. Ég veit ekki hvort þetta er misminni hjá hv. þm., eða hvort þetta er gegn betri vitund. Það, sem við finnum að, er það, að þeir Pétur Ólafsson og Einar Olgeirsson settust að samningaborði við Norðmenn, umboðslausir, og gáfu í skyn, að þeir töluðu fyrir hönd íslenzku ríkisstj., og fóru að bjóða Norðmönnum upp á tilslakanir á fiskiveiðalöggjöfinni. Ég skal játa það, að ég er ekki hissa á því, þó að ýmsir og þ. á m. þessi hv. þm. kvíði því, sem nú tekur við í síldarútgerð landsmanna. Ég veit, að það er ekki björgulegt eins og komið er. En ég vildi segja hv. þm. það, að ég er ekki trúaður á og hefi ekki kjark til að fitja upp á nýju eftir þá reynslu, sem komin er. Hann verður að athuga það, að ein af syndum forstjóranna er sú, að þeir með sinni framkomu hafa knúð það fram, að flestar þær þjóðir, sem síldina keyptu af okkur, eru nú komnar til Íslands með sinn skipastól og farnar að veiða sjálfar til þess að fullnægja sinni notaþörf. Það er ekki efnilegt fyrir nokkurt löggjafarvald að taka á sig ábyrgð og segja fyrir um, hvernig eigi að vinda sér fram úr þessu. Ég er þeirrar trúar og byggi von mína á því, að einstaklingsframtaki takist að færa þessi mál aftur í fyrra horf. Og þá getur verið um að ræða, hvort hægt sé að koma á skipulagi, sem byggist á frjálsum samtökum þeirra einstaklinga, sem hlut eiga að máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég býst við, að ýmsum, sem hlýddu á mál okkar hér, hafi um langan tíma ekki verið ljóst, hvaða mál var á dagskrá, því hv. þm. G.-K. kom víða við sögu. Annars voru það ekki nema fáar aths., sem ég vildi gera út af ræðum hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K. Ég ætla fyrst að snúa mér að hv. 3. þm. Reykv. Hann talaði fyrst langt mál til þess að þvo hendur sínar og síns flokks um ábyrgð og aðgerðir gagnvart þessu máli. Það mætti segja um þann þvott, að það sé sú tegund þvottar, sem hefir sérstakt nafn og er kennd við mann austur í Gyðingalandi. Eitt atriði í ræðu hv. þm. er fyllileg ástæða til að draga inn í umr., þar sem hann spurði með miklum myndugleika, hver hefði gefið atvmrh. vald til að leggja niður Síldareinkasöluna. Það er rétt af hv. þm. að gera slíka fyrirspurn, því ég er sammála honum um, að slík bráðabirgðalög megi ekki gefa út, nema undir ákveðnum kringumstæðum, ekki nema stj. sé búin að fullvissa sig um, að hún

hafi þingvilja um það. Áður en þessi ákvörðun var tekin, var beint fyrirspurn til miðstjórnar flokkanna. Bráðabirgðalögin voru sett, af því að sjáanlegt var, að þingvilji væri fyrir því að leggja niður einkasöluna. Það hefir líka komið fram, að ekki var ástæðulaust að álykta þannig, því þetta frv. er búið að ganga gegnum Ed. þar sem stj. hefir ekki meiri hl. og hefir fengið þar samþ. Það sem gaf mér valdið til að gefa út bráðabirgðalögin var meðvitundin um, að öruggur þingvilji væri fyrir því að gera slíka ráðstöfun. Og ég efast ekki um, að það muni reynast rétt.

Ég ætla ekki að fara neitt út í ummæli hv. þm. G.-K. um þá nafnana Helga Guðmundsson og Helga Briem. Ég sagði og undirstrika það, að þeir höfðu haft svipaða aðstöðu, þegar þeir byrjuðu. Mér er kunnugt um það, að hv. þm. var ekki frekar ánægður, þegar Helgi Guðmundsson var skipaður en þegar Helgi Briem var skipaður. Ég ætla að vona það, að hv. þm. verði, eins og hann nú er ánægðari með Helga Guðmundsson en í fyrstu, ánægðari með starf Helga Briem en um skipun hans.

Hv. þm. hélt því fram, að ég væri hinn sjálfsagði málsvari fyrrv. starfsmanna einkasölunnar. Ég lít þannig á, að ef ég í des. hefði tekið ákvörðun og sagt: Það er allt harla gott, sem þarna hefir verið gert, látum það halda áfram, eða ef ég hefði sagt: stj. stendur við hliðina á þessu fyrirtæki áfram, þá væri ég hinn rétti málsvari. En þegar ég tók þá ákvörðun, að leggja niður þetta fyrirtæki, þá þykir mér það hörð krafa, að einmitt ég eigi að vera verjandinn.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. forsrh. talaði um, að töp bankanna undanfarin ár væru að nokkru leyti afleiðing af því, hversu illa hefir gengið hjá ýmsum atvinnurekstri. Vildi hann sýna, að töp einstakra fyrirtækja lentu líka á þjóðinni, eins og tap Síldareinkasölunnar á ríkissjóði. Vil ég ekki andmæla því, að töp bankanna verða að miklu leyti töp þjóðarinnar, en það kemur þó öðruvísi út en töp Síldareinkasölunnar. Get ég bent á það, að töp banka hafa stafað af óvarlegum fiskkaupum. Hefir það komið fyrir, að fiskkaupmenn hafa sett of mikið í áhættu, svo að þeir hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar. En oftast nær hafa viðskiptavinir þessara stórspekúlanta ekki orðið fyrir tapi. Svo var áður um þá, sem seldu Copland fisk, að þeir fengu sitt, þótt bankarnir töpuðu á honum. Þessi töp lenda ekki eins hrapallega á sjómönnum og verkamönnum og töp Síldareinkasölunnar gerðu síðastl. ár. — Er þessi kenning hæstv. forsrh. algeng hjá Tímamönnum og sócialistum, þegar ráðast skal á einstaklingsframtakið.

Þegar maður á sjálfur að þola súrt og sætt fyrir afkomu atvinnurekstrar síns, þá verður það honum hvöt til þess að neyta allra krafta. En manneðlið er breyskt, og við opinberar stofnanir er ábyrgðartilfinningin aldrei eins mikil, eins og bezt hefir sézt á Síldareinkasölunni, því að þeir menn, sem fyrir þeim standa, vita, að töp þessara stofnana lenda ekki beint á þeim, eins og þar sem um einkafyrirtæki er að ræða. Þetta gildir jafnvel, þótt góðæri sé og þótt góðir menn séu við fyrirtækin, en því fremur á vondum árum og þegar val forstjóranna fer eftir pólitískum áhrifum, en ekki hæfileikum. En það er venjulegast, að menn, sem standa fyrir einkasölufyrirtækjum, eru skipaðir af pólitískum flokkum og lítið gætt að hæfileikum til starfsins.

Viðvíkjandi Spánarsendimanninum þarf ég að vísu ekki að árétta orð hv. þm. G.-K. en vil þó enn benda á, að maður sá, sem stj. sendir til Spánar á þessum hættulegu tímum, hefir engin skilyrði til starfs síns umfram fólk flest. Er það misráðið að gera slíkt á svo erfiðum tímum sem nú standa yfir, sérstaklega þegar þess er gætt, að embættið er launað með 30000 kr. Er það ólíklegt, að stj. hafi ekki getað fengið hæfari mann til þess að setjast í sæti Helga Guðmundssonar, sem því miður varð að hverfa frá Spáni. Hafði hann mikla þekkingu á starfinu, bæði frá störfum sínum á Ísafirði og Reykjavík við fiskkaup og þesshættar, og svo

þá, sem hann var búinn að afla sér þar suður frá.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði hér langt og hart mál. Fannst honum ekki sitja á mér að vera að minnast á stj. Síldareinkasölunnar, af því að Vestmannaeyjar hafi tapað á útveginum síðastl. ár og af því að afkoma bænda sé slæm. Rétt er það, að Vestmannaeyjar hafa átt erfitt með útflutning á afurðum sínum og að bændum hefir gengið illa að koma út sínum vörum. En þetta er engin röksemd í málinu. Okkar gagnrýni gekk í þá átt að sýna, hve óheppileg áhrif flokkur hv. þm. hefði haft á Síldareinkasöluna. Hann réðst á kommúnista af miklu afli fyrir það, að þeir hafi ráðið þar lögum og lofum og kvað það þeim að kenna, að allt hafi farið norður og niður. Þótti mér vera annað hljóð í hv. þm. á síðasta þingi, þegar ég talaði um mistök þau, sem orðið hefðu á Síldareinkasölunni, og vítti Einar Olgeirsson fyrir það, að hann hefði staðið mest fyrir þeim mistökum. Þá vildi hv. þm. verja Einar, og getur það stafað af því, að hann stóð þá á áheyrendapöllum og hlustaði á, en nú mun hann vera allfjarri.

Hv. þm. gaf þær upplýsingar, að hæstv. dómsmrh. hafi ráðið lögum og lofum um stj. Síldareinkasölunnar og hafi það verið sameiginleg ráð hans og kommúnista, sem komu henni í koll. Hefir þessu ekki verið haldið fram áður opinberlega, svo að ég viti til, en það skýrir þó þau fyrirbæri, sem áttu sér hér stað á þingi 1928 og 29 og raunar síðar, sem sé, að flokkur dómsmrh. virtist ganga blindandi inn á allar kröfur um skipun stj. Síldareinkasölunnar, sem auðséð var að voru runnar undan rifjum kommúnista. Fór það saman, að Einar skrifaði grein í „Rétt", þar sem hann talar um ágalla Síldareinkasölunnar og að breyt. var gerð á lögum hennar í það horf, sem nauðsynlegt var talið frá sjónarmiði kommúnista. Var ég hissa á því þá, að hyggnir þingbændur skyldu samþ. slíkt, en leggja alúð við það að koma fyrir kattarnef öllum till. okkar sjálfstæðismanna. En það vitnast nú við yfirlýsingu hv. 3. þm. Reykv., að hæstv. dómsmrh. hafi farið til Akureyrar og samið við kommúnistaforingjana um fyrirkomulag og völdin yfir Síldareinkasölunni og að þræðir hafi ávallt legið milli þessara manna, dómsmrh. og Einars Olgeirssonar. Tel ég það mikils vert fyrir hv. d., ekki síður fylgjendur hæstv. dómsmrh. en aðra, að þetta er nú upplýst í málinu frá einum af aðalmönnum sócialista, þegar málið er komið á það stig, að séð er, að einkasölunni hafa verið búin banaráð og síldarútveginum á kné komið af þessum samherjum, dómsmrh. og kommúnistaforingjanum Einari Olgeirssyni. Mega framsóknarbændur nú sjá, hvers erindi þeir hafa hér rekið.

Ég skal ekkert blanda mér inn í þær deilur, sem orðið hafa milli hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Reykv. Mér skildist á orðum hæstv. forsrh., að hv. 3. þm. Reykv. ætti, ásamt flokki sínum, sinn drjúga skerf í því, hvernig þessum málum er farið. En ég skal ekki gera upp á milli þeirra í þessu máli. Mér skildist svo á ræðu hv. 3. þm. Reykv. og jafnvel fleiri, sem um þetta hafa talað, að hann teldi, að við, sem höfum barizt gegn stj. og fyrirkomulagi Síldareinkasölu Íslands, vegna þess að við höfum ekki talið rétt að halda þeim atvinnuvegi í slíkum viðjum, með óhæfri stj., mér skildist, að við, sem höfum andmælt öllu þess, gerðum það af því að við værum móti allri „skipulagningu", eins og það er orðað. Ég fyrir mitt leyti get lýst yfir því, að ég er á móti slíkri skipulagning, sem gengur út á það eitt, að sem allra minnst ábyrgð hvíli á forstöðumönnum fyrirtækja, en sem mest á ríkissjóði, og að í stj. slíkra fyrirtækja séu valdir óhæfir menn. En það er eins og það sé slíkt fyrirkomulag, sem hv. 3. þm. Reykv. og flokksbræður hans telja hið eina, er talizt geti skipulag í þessum málum. Óhæft fyrirkomulag, eins og var á Síldareinkasölunni, er hið eina, sem þeir skilja við það orð. Ég fyrir mitt leyti legg nú víðtækari merkingu í þetta orð. Og ég get vel hugsað mér skipulag og í sambandi við það löggjöf um síldaröflun og síldarútflutning, aðeins ekki einkasölu. En vegna þess að atvinnuvegur þessi er nú kominn í kaldakol og Síldareinkasalan er búin að lama alla þá, sem þessa atvinnu hafa stundað, þá er meira en trúlegt, að þessi atvinnuvegur gefi lítið í aðra hönd næsta sumar, þegar líka kreppan leggst á sömu sveif. En þótt svo verði, þá er sannarlega ekki

úr háum söðli að detta, því síðastl. sumar gaf einungis mikil töp og ekkert annað. Það er því mikið verkefni, að vinna þennan atvinnuveg upp og gera hann arðbæran, og kemur þá til álita, hvernig beri að skipuleggja hann. Ég get í þessu sambandi bent á, að síldarútgerðin hér hefir aldrei verið rekin með því fyrirkomulagi, sem þekkist í stóru löndunum. Í Skotlandi er t. d. fyrirkomulagið það, að síldin er daglega, jafnótt og veiðist, seld á opnum markaði. Er þá hverjum frjálst að kaupa hana og flytja út undir eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins. Eitthvað líkt þessu ætti fyrirkomulagið að vera hér í framtíðinni, svo að þeim, sem geta náð í sambönd erlendis, sé ekki bægt frá því að geta notfært sér þau. En löggjafar er þörf vegna eftirlits með atvinnuveginum og til að tryggja það, að ríkið fái sínar tekjur af síldinni, sambærilegar við tekjur af öðrum útflutningsvörum. Ég hefi að vísu haldið langa ræðu um þetta mál, en þó væri enn hægt að halda margra klt. ræðu um þá ágalla Síldareinkasölunnar, sem enn hefir eigi verið drepið á. Ég vil þó að sinni eigi telja þá upp. Það hefir verið gert að nokkru í blöðunum og þegar til alls þess er litið, þá er sannast sagt, að stj. átti ekki annars úrkost en að leggja Síldareinkasöluna niður. Þar var sannarlega búið að sigla öllu í strand fjárhagslega.

Því hefir verið lýst svo af kunnugum manni um allt það, sem við kemur Síldareinkasölunni, að þar hafi vantað 1 millj. til þess að hún ætti fyrir skuldum, enda þótt framleiðendur hafi borið sama sem ekkert úr býtum síðastl. sumar. Þá hafi vöruvöndun verið mjög áfátt, tunnurnar ónýtar, saltið skemmt og matsmennirnir þekkingarlausir. Auk þess vantaði bæði salt og tunnur á sjálfum veiðitímanum, en hvorutveggja var dyngt að, þegar veiðitíminn var úti, og það í stórum stíl. Kostnaður við fyrirtækið óhóflegur, en greiðslur mjög hlutdrægar. Sumir fengu stórar fúlgur, en aðrir ekkert. Þetta allt sýnir, hvernig ástandið var. Ég verð því að segja, að stj. gerði hið eina, sem hægt var að gera. Fyrirtækið var orðið meira en félaust og óstjórnin á því svo mikil, að hún gat ekki annað gert en hún gerði.

Jón Auðunn Jónsson: Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann var að jafna saman sölu síldar og fiskjar á síðastl. ári, þá verð ég að segja, að þar er ólíku saman að jafna, þegar í báðum tilfellum er borið saman við sölu Norðmanna. Norðmenn hafa fengið 10 kr. fyrir innihald hverrar tunnu, sem þeir veiddu hér utan landhelgi, en við aðeins 2 kr., sem þó var ekki hægt að borga. Þar á móti höfum við selt fiskinn svipuðu verði og Norðmenn seldu sinn, svo hér er ólíku saman að jafna og er samanburðurinn sízt til þess að auka álit einkasölunnar. Síldareinkasalan hefir ekki staðizt samkeppnina, en frjáls verzlun vel.

Guðbrandur Ísberg: Ég hefi ekki séð ástæðu til að taka þátt í hinum almennu umr. um Síldareinkasöluna. Sú hlið málsins hefir verið tekin til athugunar bæði af hv. þm. G.-K. og hv. þm. Vestm. Hafa þeir báðir rakið það mál af kunnugleika og að nokkru eftir eigin reynslu. Ég hefi þar litlu eða engu við umr. að bæta. Í sambandi við þau lög, sem hér er leitað staðfestingar á, skal ég geta þess, að ég er því ákveðið fylgjandi, að Síldareinkasalan sé lögð niður. Er það í samræmi við mína eigin skoðun og yfirlýstan vilja frá þorra þeirra manna, er að þessum atvinnurekstri standa. Ég vil ekki fortaka, að hægt væri að skipuleggja þennan atvinnuveg, en ef það ætti að gerast, þá mundi það kosta svo mikið fé, að hvorki einstaklingar né ríkissjóður mundu geta lagt það fram eins og nú er ástatt. Eins og nú er komið, hefi ég bezta trú á frjálsu framtaki einstaklingsins. Ef það dugir ekki til að rétta síldarútveginn, þá dugir ekki heldur annað.

Viðvíkjandi bráðabirgðalögunum er það að segja, að mjög eru skiptar skoðanir um það, hvort heppilegt var að setja þrotabúið undir skiptameðferð á þann hátt, sem það var gert. En út í það vil ég ekki fara að svo stöddu. En í einstökum atr. hefir sumum verið gerður óþolandi óréttur með ákvæðum bráðabirgðalaganna. Hefi ég því borið fram frv., sem enn eru þó eigi komin á dagskrá, með það fyrir augum að fá bætt úr þessu að einhverju eða öllu leyti. En þar sem frv. þetta fer væntanlega til sjútvn., en þar á

ég sæti, og ég vona, að hin frv. komist þangað bráðlega líka, þá mun ég geyma mér frekari umr. þangað til n. hefir tekið ákvörðun um þessi mál.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það hafa ýmsir hv. þm. vikið að hv. 3. þm. Reykv., sem ekki er viðstaddur nú. Ég vil því segja nokkur orð, ekki svo mjög til að verja hann, heldur til að drepa á ýms atriði, sem hér hefir verið rætt um og máske fleiri.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi fara að leiðrétta samanburð, er hv. 3. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni, og sagði, að Norðmenn væru búnir að selja alla sína síld fyrir 10 kr. innihaldið í tunnu. Eftir því sem ég veit bezt, þá er nú þetta fjarri því að vera leiðrétting, því að Norðmenn munu eiga mikið óselt enn og meðalverðið langt frá því að ná 10 kr. innihald hverrar tunnu. Hygg ég, að hv. þm. væri betra að vanda betur til leiðréttinga sinna en hann gerir oft.

Hv. þm. Ak. sagði, að hið frjálsa framtak einstaklingsins væri hið eina, sem bjargað gæti úr því ófremdarástandi, sem Síldareinkasalan hefði verið búin að koma þessum atvinnuveg í. — Ég vil nú minna hv. þm. á það, að áður en Síldareinkasalan kom, var stór hluti þeirra manna, er síldarútgerð stunduðu á Akureyri og reyndar víðar, sannfærður um, að þessi atvinnuvegur væri í ófremdarástandi. Þáv. þm. Ak. áleit þetta ófremdarástand svo vont, að nauðsyn bæri til að setja einkasölu á síld í einhverri mynd, eins og hv. þm. G.-K. orðaði það, og flutti frv. um það. Hið eina, sem ágreiningur var um, var það, sem hv. þm. Vestm. orðaði svo sniðuglega, er hann sagði, að hann væri ekki á móti síldareinkasölu, heldur aðeins á móti því, að það væru flón, sem væru látin stjórna henni. Á venjulegu máli mundi þetta þýða, að til þess að uppfylla þá kröfu, yrði stj. að vera í höndum hans flokks, því mat hv. þm. á sérhverjum manni fer algerlega eftir því, hvaða flokki hann tilheyrir. Mat hans er það, eftir því sem hann hefir sjálfur lýst, að ef einhver till. kemur frá kommúnistum, hver sem hún er, þá hljóti hún að vera vitleysa. Sama er um aðra andstöðuflokkana. Slíkar röksemdir þarf ekki að ræða, þær eru svo mikil vitleysa. Það er erfitt að rökræða við slíka menn, sem telja allt það gott, sem viðkemur samherjum sínum, en allar till. óhæfar, sem koma frá andstæðingunum.

Það er rétt, að stórar misfellur hafa orðið á um framkvæmd Síldareinkasölunnar, en þó var sú misfellan mest og hafði skaðlegastar afleiðingar, að á síðastl. sumri, eftir kröfum íhaldsmanna, var síldarsöltunin gefin frjáls.

Ég býst nú við, að forlög Kartagoborgar séu þegar ráðin, að samþ. verði frv. eða bráðabirgðalög hæstv. ríkisstj. Ég heyri, að það hlakkar í hv. íhaldsmönnum yfir því að standa nú yfir moldum Síldareinkasölunnar. En ég hygg, að sú verði fljótt raunin á, að fyrir þá, sem þessa atvinnu stunda og þurfa að fá lífsframfæri sitt af henni, verði niðurlagning einkasölunnar ekki lengi neitt tilhlökkunarefni.

Það, sem steypt hefir Síldareinkasölunni, var ekki reksturinn, þótt margt mætti að honum finna. Það, sem ráðið hefir úrslitum um örlög einkasölunnar, var söltun annara þjóða utan landhelgi. Og sú starfsemi útlendinganna er ekki að kenna Síldareinkasölunni, heldur er það fiskiveiðalöggjöfin frá 1922, sem á sökina á því. Ég hygg, að tími sé nú til kominn að fara að endurskoða þá löggjöf. Fyrir suma hluta landsins hefir hún áreiðanlega verið til stórrar bölvunar. Fyrir Síldareinkasöluna og síldveiðar almennt hefir hún verið til hins mesta tjóns. Er því tími til kominn að taka til athugunar, hvort ekki er rétt að breyta henni.

Hv. þm. G.-K. sagði í ræðu sinni, að fulltrúi Alþýðufl. í útflutningsnefnd, hr. Erl. Friðjónsson, hefði borið ábyrgð á samningi þeim, er hann taldi, að stj. Síldareinkasölunnar hefði gert við Brödrene Levi. Hið sanna er, að stj. Síldareinkasölunnar gerði aldrei neinn samning við þetta firma. Þetta tel ég skylt að leiðrétta. Þeir, sem þennan samning gerðu, voru þeir Einar Olgeirsson og Ingvar Guðjónsson, að stjórn einkasölunnar fornspurðri. En hún neitaði að viðurkenna þennan samning. (EA: Borgaði hún ekki skaðabætur?). Mér er ekki kunnugt um, hvort svo var gert. Þetta er alveg

sambærilegt við það, sem hefir hent hv. þm. G.-K. Mér skildist á ræðu þess hv. þm., að hann bæri enga ábyrgð á því, þótt það leiðinlega slys hafi hent, að síldarmálin á Hesteyri hafi reynzt of stór. Hann vill kenna smiðnum, sem smíðaði málin, um það, en neitar að taka ábyrgð á því sjálfur. Ef hv. 2. þm. Reykv., sem fram í tók og tjáð hefir sig sammála hv. þm. G.-K. í þessu, vill vera sjálfum sér samkvæmur, þá á hann líka að gefa stj. Síldareinkasölunnar kvittun fyrir þann samning og telja hana sýkna af honum, ekki sízt þar sem hún kippti þessu í lag.

Hv. þm. Vestm. sagði, að eignahalli Síldareinkasölunnar mundi nema 1 millj. kr. Ég býst við, að þetta láti nærri og sé þó fremur varlega áætlað en hitt. En það er rétt að minna á, að af þessari millj. eru útflutningstollar og önnur gjöld til ríkissjóðs af síldinni 400 þús. kr. Tollar í ríkissjóð alls af síldinni nema 2 kr. á tunnu. Á síðastl. sumri borgaði Síldareinkasalan 2 kr. fyrir tunnu af veiddri síld. Stendur þá heima, að tollar af síldinni eru jafnháir því, sem fyrir hana var greitt. Sé það nú rétt, að $^2/_5$ af skuldum einkasölunnar sé við ríkissjóð, þá er ekki hægt annað að segja en ríkissjóður hafi gert sitt til að steypa einkasölunni. Engin útflutningsvara er hlutfallslega jafnhátt tolluð og síldin. Sé gert ráð fyrir að innihald hverrar tunnu hefði selzt á 8 kr., hefði tollurinn numið ¼ verðs. Þannig hefir ríkissjóður búið að þessu fyrirtæki. Ef tollurinn er lagður saman frá upphafi Síldareinkasölunnar vantar lítið á, að fengið sé fyrir tapi hennar.

Engan þarf að furða á því, þótt íhaldsmenn, sem frá upphafi hafa barizt gegn Síldareinkasölunni, eins og samtökum og samvinnu í viðskiptum yfirleitt, fagni nú falli hennar. Hitt gegnir meiri furðu, að framsóknarmenn skuli nú vera einhuga og samhuga íhaldsmönnum um þetta. Ef athuguð eru atkvæði og ummæli framsóknarmanna í þessu máli áður, skýtur nokkuð skökku við.

Framsókn hefir viðurkennt, að hún hafi enga fasta stefnu í skattamálum. Ég sé, að hæstv. forsrh. hristir höfuðið. (**Forsrh.**: Er það furða?). Að vísu hefir verið birt í „Tímanum“ samþykkt frá flokksþingi framsóknarmanna um það að fella niður tolla, en taka upp beina skatta í staðinn. En hér á þingi fylgir flokkurinn gagnstæðri stefnu, eins og kunnugt er, og ber því við, að nú séu erfiðir tímar. Í viðskiptum og verzlun þykist Framsóknarfl. berjast fyrir samvinnu þeirra, er leggja fram vinnu sína og afurðir, og á þeirri stefnu var síldareinkasölufrv. byggt. Við Alþýðuflokksmenn bárum fram frv. um að stj. tæki síldarsöluna í sínar hendur. Við studdum þó hitt frv. heldur en að halda við því ófremdarástandi, sem verið hafði á síldarsölunni. En hvernig fylgir svo Framsóknarfl. þessum hugsjónum sínum eftir? Nú, þegar allar helztu afurðir landsmanna, kjöt, fiskur, síld, hrapa niður úr öllu valdi, afnemur hún þennan vísi til „lögboðins samvinnuskipulags“, Síldareinkasöluna. Ég skal játa, að allmiklir erfiðleikar eru nú á því að taka upp það fyrirkomulag, sem við stungum upp á 1929, en þó er mér ljóst, að það er eina leiðin, sem tryggir mönnum laun fyrir vinnu sína við síld í sumar.

Nú, þegar allar þjóðir rammgirða sig með tollmúrum, er það óhjákvæmilegt, ef ríkið vill á annað borð hafa nokkur afskipti af verzlun og viðskiptum, að gera sömu ráðstafanir um utanríkisverzlunina og gerðar voru á stríðsárunum. Framsóknarflokkurinn hlýtur að sjá, að ástandið í verzlunarmálunum er a. m. k. eins alvarlegt og á stríðsárunum. Ef þetta ár verður eins erfitt eða erfiðara en síðastl. ár, þá sé ég ekki, hvernig á að halda ríkisbúskapnum uppi, nema alveg sérstakar ráðstafanir séu gerðar, og þá fyrst og fremst þær, að ríkið taki utanríkisverzlunina í sínar hendur. Við Íslendingar stöndum að ýmsu leyti vel að vígi til að gera það, eins og ég mun víkja að síðar.

Saltfiskverzlunin er í megnasta ólagi. Því neitar enginn. Fiskurinn er mest sendur í „konsignation“, þannig að seljendur fá lágt, ákveðið verð út á hann strax, og síðan viðbót eftir því sem fiskurinn selst, en sú viðbót getur auðvitað brugðizt til beggja vona. Þótt tvö firmu, Alliance og Kveldúlfur, hafi mestan hluta fisksölunnar á sinni hendi, er þó nógu mikið af fiski utan við samtökin til að spilla sölunni og lækka verðið. Þetta hef-

ir komið fyrir á Ítalíu, þar sem þessi firmu hafa þó einn og sama umboðsmann, að önnur firmu hafa sent þangað fisk og selt fyrir lægra verð og þrýst þannig heildarfiskverðinu niður. Nú eru gjaldeyrisvandræði svo mikil, að tvísýna er á, að hægt verði að fullnægja brýnustu þörfum. Ef nokkur hluti verðs er borgaður út á fiskinn við móttöku, en hitt síðar eftir sölu, er ómögulegt fyrir gengisnefnd að fylgjast með genginu. Bankarnir eru peningalausir eða peningalitlir og Alliance og Kveldúlfur, sem annaðhvort hafa meiri ráð eða meira traust, eru farin að verzla upp á gamla móðinn, þ. e. að láta menn hafa salt og kol og veiðarfæri o. s. frv. gegn því að fá fisk í staðinn, oft með ákveðnu verði. Saltfiskverzlunin hefir því ýmsa ókosti einokunarinnar inn á við, en enga kosti hennar út á við.

Hið sama verður uppi á teningnum á Spáni og í Svíþjóð. Stórsíldarsalar þar voru yfirleitt ánægðir með Síldareinkasöluna, af því að ekki var hætta á að aðrir kæmu síðar og byðu síld með lækkuðu verði og settu þannig verðið niður á þeirri síld, er þeir voru búnir að kaupa. Sú hætta, sem vofir yfir fiskkaupmönnum á Spáni er sú, meðan saltfisksalan er í því horfi, sem hún er, að önnur firmu héðan sendi þangað fisk, sem lækki verðið á þeim birgðum, sem þeir hafa keypt. Þetta hefir komið fyrir hvað eftir annað á Spáni og Ítalíu. Enda liggur það í augum uppi, að samkeppnin, eftir kenningum fylgjenda hennar, hlýtur að vera oss hættuleg erlendis. Þeir segja nefnilega, að hún lækki verðið. Íslenzkir útflytjendur, sem keppa hverir við aðra á erlendum markaði lækka verðið hver fyrir öðrum.

Snemma þings, þegar ég spurði stj. um kreppuráðstafanir hennar, svaraði hæstv. forsrh. með því, að bráðum væri von á skýrslu um verzlunarkostnað í Rvík og sagði þetta með þeim raddblæ og yfirbragði, sem kreppan væri leyst með þessari skýrslu.

Þessi skýrsla er komin. Og hún er merkileg. Hún sýnir það, að verzlunarkostnaður í Reykjavík nemur 13—14 millj. kr. á ári. (**EA:** Hefir hv. þm. gagnrýnt skýrsluna?) Ég hefi lesið gagnrýni kaupsýslumanna á henni. Þeir segja, að hún ætli kostnaðinn um þriðjung of háan. Mér hefir þó af ýmsu virzt, að réttara sé farið með hjá skattstjóranum. Býst ég því ekki við, að kostnaðurinn sé til muna lægri en í skýrslunni segir. Ég hefi áður gert áætlun um verzlunarkostnað miðað við árið 1929 og taldi þar með alla sölu innlendra vara og dreifingu erlendra vara og kostnað við heildverzlunina, og taldist mér hann 25—30 millj.

Mér finnst það harla undarlegt, að stj. skuli koma fram með þessa skýrslu og gera hana að sínum málstað, án þess að gera nokkuð til umbóta. Hefði ég verið í sporum hæstv. forsrh., hefði mér ekki dottið í hug að sýna þessa skýrslu. Hvað þýðir að sýna, að svo og svo margar millj. séu teknar úr vasa Reykvíkinga, ef ekki er bætt úr því ástandi. Ef stj. hefði skörungsskap til að gera það, sem sumir flokksmenn hennar láta í veðri vaka, að þeir vilji, að taka utanríkisverzlunina í sínar hendur, mætti lækka verzlunarkostnaðinn um ⅔.

Þó er þetta ekki aðalatriðið, heldur hitt, að ef öll utanríkisverzlun er undir einum hatti, er hægt að fá miklu betri kjör bæði um kaup og sölu en áður. Í öllum vorum viðskiptalöndum, nema Spáni, Ítalíu og Portúgal, erum við stærri kaupendur en seljendur. Væri öll utanríkisverzlunin á einni hendi, virðist liggja beint við, að við notum okkar kaupendaaðstöðu til að skapa okkur kaupendaaðstöðu, þ. e. a. s. að koma vörum inn í þau lönd, sem við kaupum vörur frá. Þarf ekki lengi að leita að dæmi, sem sýnir, að þetta er hægt. Ég á hér við samninga þá, sem hv. þm. Vestm. gerði í Þýzkalandi um sölu fiskjar fyrir skömmu.

Mér hefði þótt leitt, ef umr. hefðu fallið niður í dag eins og útlit var fyrir um tíma. Nú vona ég, að ég hafi gefið það tilefni, að umr. geti staðið út fundartímann.

Guðbrandur Ísberg: Ég get ekki látið ómótmælt þeim ummælum hv. þm. Seyðf., að hann skyldi kenna hirðuleysi einstakra manna um skemmdir þær, sem urðu í síldinni í sumar. Söltunin fór fram með alveg sama hætti og áður og undir

sama eftirliti. Ástæðan til skemmdanna voru óvenju miklir hitar. Þetta veit öll þjóðin og hv. þm. Seyðf. líka. Hann talar því á móti betri vitund, er hann vill skella skuldinni fyrir skemmdirnar á einstaka „íhaldsmenn", eins og hann orðaði það. Hv. þm. líkaði ekki, að ég skyldi nota orðið **ófremdarástand** um viðskilnað Síldareinkasölunnar. Ég skal játa það, að orðið var heldur vægt. **Rústir** hefði verið réttara. Ekki einn einasti maður hefði gert út á síld í sumar, hefði einkasalan haldið áfram. Þetta voru afleiðingarnar af starfi socialista og bandamanna þeirra, sem komu á einkasölunni og stjórnuðu henni.

Mér fannst gæta óþarflega mikils kæruleysis hjá hv. þm., er hann talaði um afdrif einkasölunnar. Mér fannst, að fremur hefði mátt kenna ofurlítils klökkva í rödd hans, er hann sagði þetta, ef samvizka hans og flokkssamvizka er ekki alveg sofnuð.

Hv. þm. furðaði sig á því og harmaði það mjög, að Framsóknarfl. skyldi nú vera sammála sjálfstæðismönnum um að leggja niður einkasöluna. Þótt jafnaðarmenn tældu Framsóknarfl. til að koma einkasölunni á og halda henni við fram til þessa, get ég hvorki undrazt yfir né veitzt að Framsóknarfl., þótt hann hverfi nú frá villu síns vegar, eftir að ástand einkasölunnar er orðið lýðum ljóst.

Annars talaði hv. þm. miklu meira um saltfisk en síld. Af því að saltfisksalan á við örðugleika að etja eins og stendur, á nú að veitast að henni og leggja hana í rústir líka. En vegna þess að ekkert frv. liggur fyrir ennþá um einkasölu á saltfiski, mun ég ekki fara frekar út í það mál nú, en geri það síðar, ef tilefni gefst.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég hefði ekki haft nein rök, er ég sagði, að tillögur kommúnista hefðu ráðið mestu um skipulag og framkvæmd einkasölunnar. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa dálítið upp úr Alþt., sem styður mál mitt.

Einkasalan var sett á stofn 1928.

Einn af forstjórum hennar varð Einar Olgeirsson, sem er róttækur kommúnisti. Þegar einkasalan var búin að starfa eitt ár, skrifar hann ritgerð í tímarit sitt, „Rétt". Hann talar þar um ýms stórmál, og þegar hann er búinn að tala um þau öll, þá snýr hann sér að Síldareinkasölunni og segir:

„Öðru máli er að gegna um Síldareinkasöluna. Það er beint hugsmunamál verkalýðsins, hvernig henni er háttað. Síðasta þing gaf þeirri einkasölu formið, skipulagið, en það skorti hið rétta innihald, þann anda og takmark, sem gat gefið henni gildi fyrir verkalýðinn". — Greinarhöf. telur svo, að framleiðendur hafi of mikinn arð af síldarverzluninni og talar um tvo möguleika, annan að halda fyrirkomulaginu óbreyttu, eða, eins og hann orðar það: „Hinn kosturinn er að láta einkasöluna taka að sér alla söltunina, ráða allt verkafólkið, semja við útgerðarmennina. Til þess yrði ríkið að láta hana fá höfuðstól til rekstrar. Með þessu móti væri tryggt, að ágóði síldaratvinnuvegsins rynni til verkamanna".

Þetta er þá skoðun þessa verkamannaforingja. Strax þegar Síldareinkasalan er búin að standa eitt ár, þá fer þessi kommúnisti að berjast fyrir því, að allur ágóði renni til verkamannanna í landi, en hvorki til útgerðarmanna né sjómanna. Nú skulum við næst sjá það, sem stendur í frv. því, er þáv. þm. Ak., Erl. Friðjónsson, bar fram á þinginu 1929 og stutt var af stjórnarliðinu. Hv. 1. þm. S.-M. lýsir því frv., sem var breyt. á l. um Síldareinkasöluna, svo í frs.ræðu hér í hv. d.: Hann talar fyrst um brtt. við 1. gr. l. og segir svo: „Að vísu kemur þetta þar og því aðeins til framkvæmda, að einkasalan hafi yfir að ráða söltunarstöðvum og tunnubirgðum. Verulegir annmarkar á verkun síldar til og frá hafa komið í ljós næstl. ár og hefir stj. einkasölunnar talið þetta nauðsynlegt, einkum vegna mats og eftirlits. Það hefir reynzt nokkrum örðugleikum bundið að tryggja flokkun og söltun síldar þar sem umboðsmenn hafa ekki verið nægilega margir eða nærstaddir, einkum þegar mikil síld berst á land. Mér virðist þessi breyt. þörf og sjálfsögð í alla staði". Um brtt. við 4. gr. segir hann: „Brtt. á 4. gr. lýtur að því að auka verksvið útflutningsnefndar einkasölunnar og færa út kvíarnar að því leyti". Um brtt. við 5. gr. segir hann: „Breyt. á 5. gr. er e. t. v. sú róttækasta og óvinsælasta og fer í gagnstæða átt við

tilgang laganna frá 1928. Er hér gert ráð fyrir eða heimilað, að ríkissjóður ábyrgist rekstrarlán fyrir einkasöluna, nokkurn veginn eftir þörfum, en þó aðeins um stuttan tíma í senn og með tryggilegum áskilnaði um endurgreiðslu lána af andvirði síldarinnar áður en því er skipt". Ég vil nú ekki þreyta hv. d. með meiri upplestri, en ég vildi sýna með órækum rökum, að brtt. við l. frá 1928 fara allar í sömu átt og forstjórinn taldi nauðsynlegt. Þetta var allt samþ. og Síldareinkasalan tók síldarsöltunina í sínar hendur og lét fara að vinna á hinu fræga „rauða torgi"[1]) með þeim árangri, sem á daginn er kominn. Ef þetta eru ekki næg rök fyrir hv. þm. Seyðf., þá veit ég ekki, hvaða rökum er hægt að beita við hann, sem dugi. Einkum ætti þetta að nægja til viðbótar við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, er hann talaði um sambandið, sem var á milli hæstv. dómsmrh. og Einars Olgeirssonar. Ég fer svo ekki að sinni lengra út í þessi rök. En ef hv. þm. Seyðf. óskar eftir meiru, þá er hægt að bæta fleiri rökum við, þegar málið kemur til 2. umr.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að það, sem hefði eyðilagt Síldareinkasöluna, væri það, að eftir till. íhaldsmanna hefði síldarsöltunin verið gefin of frjáls. Hv. þm. Ak. hefir nú svarað þessu, en til viðbótar vil ég þó lofa hv. þm. að heyra, hvað flokksbróðir hans sagði um saltið, sem keypt var, og skal ég þá með leyfi hæstv. fors. lesa upp úr blaði part af frásögn frá fulltrúafundi Síldareinkasölunnar:

„Finnur Jónsson spurði, hvort J. Östersjö hafi nokkurntíma verið látinn bæta 880 tunnur af úrsalti, sem frá honum hafi komið. Saltið hafi verið blakkt á litinn, með slori, fiskuggum og jafnvel heilum fiskum innan um saltið". — — „Guðm. Skarphéðinsson kvað þetta salt, 880 tunnur, sem komið hafi með e.s. Ilse til Siglufjarðar, ekki vera einsdæmi, því að heill farmur af slæmu salti hafi komið með e.s. Varild til veiðistöðvanna við Eyjafjörð. Slæmt salt myndi eiga mikinn þátt í síldarskemmdum, sem orðið hefðu í sumar". — Þetta segja nú flokksbræður hv. þm. Seyðf. um orsökina að skemmdum þeim, er hann vildi kenna íhaldsmönnum. Vona ég, að hann taki vitnisburð flokksmanna sinna gildan.

Það er ekki rétt, að við, sem erum á móti Síldareinkasölunni, séum á móti öllu skipulagi, þótt við gætum ekki samþ. þá óviturlegu meðferð, sem höfð var á því máli. Og til eru þeir menn innan þessara veggja, sem mikið erfiði hafa á sig lagt, til þess að skipuleggja saltfisksölúna. Það eru þeir, sem myndað hafa fisksölusamlagið. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, að ræða þessi átti að vera stutt aths., til að bera af sér sakir. Ég vil því mælast til, að hann stytti mjög ræðu sína úr þessu!) — Ég veit, að ég muni reyna mjög á þolinmæði hæstv. forseta, en til þess að færa fram fullgild rök í málinu, gat ég ekki komizt af með mjög stutta aths.

Ég ætlaði að minnast á það, að samkv. því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, þá virðist sem stj. sé tvískipt í þessu máli. Hv. þm. lýsti sambandi hæstv. dómsmrh. við stj. Síldareinkasölunnar, og þarf ég eigi að endurtaka það. En hæstv. atvmrh. leit öðrum augum á þetta, því hann gaf út bráðabirgðalög um afnám einkasölunnar. En nokkrum vikum síðar er svo birt skýrsla Böðvars Bjarkans, sem var trúnaðarmaður ríkisstj. í stj. Síldareinkasölunnar. Telur hann allt í sæmilegu lagi. Þetta bendir til þess, að stj. og flokkurinn muni vera tvískipt um þetta mál, og að sumir hafi viljað halda Síldareinkasölunni áfram, þótt atvmrh. vildi það ekki. Skal ég svo láta staðar numið, enda get ég þá bætt við, þegar málið kemur til 2. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. Seyðf. var venju fremur óheppinn í sinni síðustu ræðu. Það þarf miklu meira en meðaleinurð til að bera saman og tala samtímis um útflutning fiskjar og um Síldareinkasöluna, sem hefir gengið frámunalega illa. Hv. þm. hefði fremur átt að geyma sér þann samanburð, þangað til eitthvað væri farið af fyrnast yfir óhöpp Síldareinkasölunnar. Hv. þm. rengdi það, að Norðmenn hefðu fengið 10 kr. fyrir veiði sína hér við land að meðaltali pr. tunnu. Ég hefi ekki við hendina gögn um

1) Svo var „plan" einkasölunnar nefnt á Siglufirði.

þetta. En í „Norsk Handels og Fiskeritidende“ er frá því sagt, að fyrst í sept. voru þeir búnir að selja 48 þús. tunnur af síld, saltaðri hér fyrir utan landhelgi, fyrir 24—26 kr. tunnuna. Jafngildir það, að þeir hafi fengið um 14 kr. íslenzkar fyrir síldina sjálfa, sem er um 80 kg. í tunnu.

Þá er það ekki rétt, að þeir eigi mikið óselt af Íslandsveiddri síld. En þeir eiga mikið óselt af síld, sem veidd hefir verið annarsstaðar. Ég hygg því, að varlega sé áætlað, þótt talið sé, að þeir hafi fengið 10 kr. fyrir innihald hverrar tunnu.

Þá fór hv. þm. að tala um milliríkjaverzlun og verzlun yfirleitt og minntist í því sambandi á skýrslu þá, sem skattstjórinn í Rvík hefir samið um verzlunarkostnað hér í Rvík. Sú skýrsla er að niðurstöðum til sú fáránlegasta, sem til hefir verið búin. Eftir skýrslunni þyrfti hver 5 manna fjölskylda hér í Rvík að hafa 15—18 þús. kr. tekjur til eyðslu árlega, ef skýrslan á að geta verið rétt. Ég hélt nú, að hv. þm., sem verið hefir kaupfélagsstj. hér í Rvík, ætti að vera kunnugur þessu. Hann hefir víst reynt að vinna vel fyrir sitt kaupfél. og það því átt að græða mikið, eða getað selt ódýrt. En ég hygg þó, að annað hafi orðið uppi, því á þessu kaupfél. mun hafa tapazt mikið fé. Það sýnir einmitt það, að verzlunin er heilbrigð, þegar kaupfélagsverzlun, sem er yfirleitt afbragðs „kontroll“ á kaupmannaverzlun, stenzt ekki samkeppnina. Ég vil þó alls ekki væna hv. þm. þess, að það hafi verið vegna þekkingarskorts, að þetta fór svona.

Hv. þm. vildi taka upp einkasölu á saltfiski. Vitanlega yrðu það sömu Lokaráðin og þegar einkasala var tekin á síld, nema þeim mun stórfengara, þar sem um stærri atvinnurekstur er að ræða.

Hér hefir, og ekki að ófyrirsynju, verið rætt um það tjón, sem orðið hefir af Síldareinkasölunni. En ekki má þó gleyma stærsta tjóninu, sem hún hefir valdið. Þótt tapazt hafi millj. kr. á þessu fargani, þá er þó stærsta tapið ókomið, og það er það, sem tapazt hefir af markaði fyrir síldina. Áður en Síldareinkasalan hóf starfsemi sína, áttum við markað fyrir 240—270 þús. tunnur í Svíþjóð. En hvernig er það nú? Markaðurinn hefir færzt saman frá ári til árs og nú er svo komið, að helmingur þess markaðar er glataður. Þetta er langstórfenglegasta tapið, sem við höfum orðið fyrir af völdum einkasölunnar, og það verður ekki talið nema í tugum millj. króna.

Ólafur Thors: Ég heyri, að hæstv. forseti ætlast til, að ég geri stutta aths. Líklega ætlar hann að láta mig gjalda flokksbræðra minna, sem fengið hafa að gera langa aths. En ég vona nú samt, að hæstv. forseti verði umburðarlyndur gagnvart mér sem öðrum.

Út af deilu okkar hæstv. forsrh. um það, hvort réttmætt sé að beina árás eða aths. að fyrrv. stj. Síldareinkasölunnar, þar sem hún er ekki hér til andsvara, vil ég endurtaka það, að hæstv. forsrh. er réttur aðili að svara fyrir þessa menn. Sem form. flokks síns ber hann ábyrgð á gerðum þeirra. Auk þess hefir hann sjálfur kveðið upp þyngsta áfellisdóm yfir þessum mönnum. Hann hefði ekki lagt niður Síldareinkasöluna, ef hann hefði ekki fordæmt starf þeirra.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að það væri undarlegt af mér, sem teldi mig vera saklausan af því, að síldarmálin á Hesteyri hefðu reynzt of stór, að ég skyldi vilja hallmæla stj. eða form. Síldareinkasölunnar fyrir þau afglöp, er forstjórinn hefði gert. Ég var alls ekki að kenna formanni Síldareinkasölunnar um það, að samningur þessi var gerður, heldur var ég að ávíta það, að hann hefði neitað því, að hann hefði verið gerður. Þetta er því allt út í loftið hjá hv. þm. og tóm markleysa. — Annars hné mestöll ræða hv. þm. að einkasölu á saltfiski. Vil ég nota tækifærið til að hafa yfir nokkur orð, er hv. þm. sagði, og bið hann leiðrétta, ef ég fer rangt með efni þeirra. Hv. þm. sagði, að mestöll saltfisksalan færi fram í gegnum tvö firmu og var annað þeirra Kveldúlfur, en að þó væri selt nægilega mikið utan þeirra til þess að það spillti verðinu á saltfiskmarkaðinum. Er þetta rétt eftir haft? (**HG:** Mjög nálægt hinu rétta). Þá vil ég biðja hv. þm. að lesa Alþýðublaðið; þar er þráfaldlega sagt, að ég sé að eyðileggja markaðinn með þeirri sölu, sem fram fer í gegnum það firma, sem ég vinn í. Fyrir þessa játningu á

sannleikanum er ég hv. þm. þakklátur, og vil glaður nota tækifærið til að skjalfesta það í Alþt. — Ég skal ekki ræða einkasölu á saltfiski að öðru leyti. Það væri til að reyna of mikið á þolinmæði hæstv. forseta.

Hv. þm. talaði um gjaldþrot einkasölunnar og dró fram eitt atr., sem hann taldi, að milda mundi ófarnað hennar, en það var, að Síldareinkasalan hefði greitt mikla skatta í ríkissjóð, svo að ef saman kæmi þá væri enginn halli. Það er gott að minnast þessara orða fyrir einkafirmu, sem verða gjaldþrota. Það yrði þá litið mildari augum á þau, ef það sannaðist, að þau hefðu greitt svo millj. kr. næmi í ríkissjóð á fáum árum. Ég vil festa þessi orð í Alþt. svo hægt sé að vitna í þau síðar, ef með þarf.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hæstv. forseti ætlar mér aðeins stutta aths., en ég held, að hann hljóti við nánari athugun að sjá það, að ég þarf að fá langa aths. Byrja ég því ræðu mína og treysti á frjálslyndi hæstv. forseta. (**Forseti:** Aðeins stutt aths.!). Ég vona, að hæstv. forseti láti mig njóta sömu náðar og aðra.

Ég vil þá fyrst víkja að hv. þm. G.-K. Honum er velkomið að vitna til minna orða svo oft sem hann vill. Ég vona bara, að hann fari þá rétt með þau. Hann endaði ræðu sína með því að minna á þau orð mín, að háir tollar hefðu verið greiddir af síld og vænti þess, að ef illa færi fyrir sér, þá yrði litið til þess, að hann hefði greitt háa tolla í ríkissjóð. — Það er nú ekkert nema gott við því að segja þótt hv. þm. fái opin augun fyrir því, að tollar eru ekki hentug leið til að afla ríkissjóðnum tekna. Hv. þm. hefir barizt með öllum tollafrv., sem fram hafa komið, nema hvað hann hefir viljað lækka tollinn á salti og kolum. Við jafnaðarmenn viljum hafa sem lægstan toll á allri nauðsynjavöru. Fyrirtækin standa verr að vígi að greiða skatta sína sem tolla heldur en að greiða þá af þeim afgangi, sem verður eftir, þegar búið er að greiða nauðsynlegan tilkostnað við þau. Eins á að láta einstaklinginn gjalda sína skatta af því, sem eftir verður, þegar brýnustu nauðsynjum er fullnægt. Mér er ánægja að því, að hv. þm. G.-K. skyldi árétta orð mín, og þætti mér vænt um, að hann gerði það sem oftast og rækilegast. Hv. þm. sagði, að ég hefði mælt á þann veg, að talsvert af fiski hefði verið fyrir utan verzlun þessara tveggja fisksölufélaga og notað til þess að undirbjóða og lækka fiskverðið. Vildi hv. þm. taka þetta sem traustsyfirlýsingu frá mér til þessara sölufélaga, en því miður fyrir hann er ekki hægt að skilja það svo. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar aðeins er einn seljandi að sömu vöru, stendur hann betur að vígi til að halda uppi verði vörunnar heldur en þegar fleiri eru um framboð og sölu vörunnar. Í þessu efni gildir hið sama, hvort heldur duglegir verzlunarfulltrúar selja fyrir ríkiseinkasölu eða einkafyrirtæki.

Ég játaði, að söluverðið á fiskinum á Spáni mundi verða hið sama, hvort heldur ríkið eða Kveldúlfur hefði einkasölu á fiskinum. En þar með er ekki sagt, að íslenzku sjómennirnir fái sama verð fyrir fiskinn í báðum tilfellum. Ríkiseinkasala á saltfiski yrði rekin þannig, að sjómönnum yrði skilað öllu því verði, sem fengist fyrir fiskinn, að frádregnum kostnaði, en einkasala Kveldúlfs er rekin til þess að gefa félaginu sem mestan gróða, og er hann tekinn frá sjómönnunum, áður en þeim er skilað verðinu. — Þess vegna ættu sjómenn ekki að fela Kveldúlfi sölu á fiskinum, heldur stofna fiskisamlög, sem stæðu í sambandi við ríkiseinkasölu. (**EA:** Þá gæti það farið eins og um síldina). Já, það gæti farið eins og um síldina eða saltfisksöluna, eins og hún er nú rekin, ef henni væri eins og saltfisksölunni nú, stjórnað af mönnum, sem skara eld að sinni köku.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði um samanburð minn á samningnum við Brödrene Levi og síldarmálin á Hesteyri, skal ég endurtaka það, sem ég áður sagði. Hv. þm. játaði, að síldarmálin á Hesteyri hefðu, sér óafvitandi, verið smíðuð of stór, sömuleiðis er það upplýst, að samningarnir við Brödrene Levi voru gerðir í heimildarleysi og án vitundar útflutningsnefndar Síldareinkasölunnar; en sá er munurinn á þessu tvennu, að útflutningsnefnd ógilti samninginn, að ég held, eftir bendingu frá ríkisstj. en mér er ekki

kunnugt um, að hv. þm. G.-K. hafi nokkuð gert til þess að lagfæra sviknu síldarmálin á Hesteyri, og stendur hann því óneitanlega að baki form. útflutningsnefndarinnar.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að Norðmenn hefðu fengið 10—12 kr. jafnaðarverð fyrir tunnuna af síld veiddri við Ísland síðastl. ár. Hann gat þess ennfremur, að í „Norske Sjöfarts og Handelstidende" hefði verið frá því skýrt, að snemma í sept. síðastl. hefði norskveidd Íslandssíld verið seld fyrir 24 norskar kr. tunnan, og svarar það til þess, að sjómenn fái 14 kr. fyrir tunnuna. En þó að fyrsta sala Norðmanna hafi jafnvel verið 24 kr. tunnan, þá sannar það vitanlega ekkert um meðalverðið á allri síld ársins. Hér var aðeins um að ræða 48 þús. tunnur, en öll síldveiði Norðmanna hér við land er vitanlega margföld við það. Í febrúarbyrjun síðastl. áttu Norðmenn fleiri þús. tunnur af óseldri síld, og hafði komið til tals, að þeir seldu eitthvað af henni til Rússlands, en af því varð þó ekki. Ég tek það ekki trúanlegt, að Norðmenn hafi fengið 10—12 kr. fyrir tunnuna af Íslandsveiddri síld til jafnaðar, en einhversstaðar las ég það í blaði nýlega, að meðalverðið hefði verið 5—6 kr. fyrir tunnu.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf., að skýrsla skattstjórans um verzlunarkostnaðinn í Reykjavík væri fáránleg endileysa og að þar væri algerlega rangt skýrt frá um gróða kaupmannastéttarinnar, og að kaupfélag það, sem ég hafði eitt sinn veitt hér forstöðu, hefði ekki getað útrýmt kaupmönnunum. Ef eg man rétt, þá er gróði kaupmanna talinn samkv. skýrslunni tæpar 3 millj. kr., en kostnaðurinn við að reka verzlunina er talinn 10—11 millj. kr. fyrir utan gróða. Af hverju stafar þessi mikli verzlunarkostnaður? Blátt áfram af því, að svo margir fást við verzlunarrekstur. Mér er vel kunnugt um, að álagning smásala á vörur hér í Rvík, til þess að standast kostnaðinn við verzlunina, mátti ekki vera minni en 22—23% á söluverð heildsalanna, og áður var álagning heildsalanna komin á vörurnar. Ég veit, að þessar upplýsingar eru mjög fróðlegar fyrir hæstv. forseta. (Forseti: Ég vil biðja hv. ræðumann að stytta mál sitt, þessi aths. er orðin allt of löng). Ég mun nú fara að stytta ræðu mína eftir föngum.

Hv. þm. Vestm. las hér upp úr gömlum Alþt. ræðubrot, líklega eftir sjálfan sig, og er það ekki mitt að svara því, en ég ætla, að það falli í hlut hv. 1. þm. S.-M., og álít ég, að sá heiðursmaður láti ekki standa upp á sig að svara þessu, ef ég þekki hann rétt.

Þá vék hv. þm. Vestm. að því í ræðu sinni, að Einar Olgeirsson hefði skrifað ritgerð í „Rétt" um breyt. á Síldareinkasölulögunum, og að lagabreyt., sem þingið 1930 samþ., hefðu verði sniðnar eftir till. E. O. (JJós: Þær voru alveg samkv. hans kröfum). En hv. þm. gleymdi alveg að geta um það, hvort þessar breyt., samkv. till. E. O., hefðu verið skynsamlegar eða ekki. (JJós: Hvaða afleiðingar hefir ríkisábyrgðin?). Það er tilgangslaust að stofna til ríkiseinkasölu, ef henni er hvorki veitt starfsfé né ábyrgð. (Forseti: Þessari aths. er lokið innan tveggja mín., hv. þm. verður að geyma til 2. umr. að svara því sem hann á eftir). Ég skal gera hæstv. forseta það kostaboð að ljúka ræðu minni á 5 mín. (Forseti: Ræðumaður verður að bíða til 2. umr.). Stjórn Síldareinkasölunnar notaði ekki þá heimild, að láta einkasöluna taka síldarsöltunina í sínar hendur.

Hv. þm. talaði um, að þær skemmdir, sem urðu á síldinni síðastl. sumar, hefðu stafað af slæmu salti. En hv. þm. Ak. upplýsti, að þær hefðu stafað af óvenjulega miklum hitum á Norðurlandi í sumar. Ég vil spyrja hv. þm. Ak., hvort hann álíti, að hitinn hefði orðið minni, ef einkasalan hefði ekki verið til, eða hitt, að síldin hefði þá þolað betur hitann. Ég hygg, að verkun og söltun síldarinnar hefði ekki orðið betri hjá öðrum en hún var hjá einkasölunni.

Hv. þm. Vestm. vék réttilega að því ósamræmi, sem er á milli skýrslu form. útflutningsnefndar eða trúnaðarmanns stj., um efnahag Síldareinkasölunnar, og ráðstafanir ríkisstj. Ég vil nú vænta þess, að hæstv. forsrh. láti ekki farast fyrir að skýra frá því, í hverju ágreiningurinn er fólginn milli Böðvars Bjarkans, sem ekki áleit ástæðu til að afnema síldareinkasöluna, og hæstv. stj., sem þrátt fyrir

ráðleggingar hans afnemur einkasöluna um leið og fulltrúar Alþýðufl. ná meiri hl. í stjórn hennar.

Að síðustu vil ég ítreka þá fyrirspurn, sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til hæstv. forsrh., hvers vegna útflutningsnefndinni hefði ekki verið falið að gera upp þrotabú einkasölunnar heldur en að skipa til þess nefnd manna, sem á engan hátt voru færari til þess. — Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa aths. og vona, að ég fái aftur að taka til máls við þessa umr.

Einar Arnórsson: Ég hefi ekki hugsað mér að bæta við þær líkræður eða æfiminningar, sem fluttar hafa verið um Síldareinkasöluna sál. Mig furðar ekkert á því, þó að sumir jafnaðarmenn, eins og hv. þm. Seyðf. og hv. 3. þm. Reykv., harmi þetta óskabarn sitt og flytji yfir því klökkvar ræður. Hv. þm. Seyðf. gat um töpin á síldarútveginum 1919, sem einstakir menn urðu fyrir, og það er satt, að þessi töp voru tilfinnanleg, en þó var það ekkert í samanburði við þau töp, sem orðið hafa á Síldareinkasölunni, þegar á það er litið, að einkasalan hefir ekki greitt tolla til ríkissjóðs eins og henni bar og ekkert verð til síldareigenda, eða svo að segja ekkert. Ég hefi ekki heyrt annað en að þeir, sem töpuðu á síldarútveginum 1919, hafi greitt fullkomlega tolla til ríkissjóðs og verð fyrir vöruna til síldareigenda eða sjómanna. En mér er ekki kunnugt um, að neinir hafi borið úr býtum viðunanlegan hlut frá Síldareinkasölunni síðastl. ár, nema e. t. v. verkafólk, sem vann að síldarsöltun á Norðurlandi. Eftir þessa frækilegu frammistöðu Síldareinkasölunnar við sölu síldarinnar vill hv. þm. Seyðf. láta ríkið taka að sér alla utanríkisverzlun á íslenzkum afurðum, þar sem síldarverzlunin er vitanlega einn þátturinn. Honum finnst, að reynslan hafi verið svo ágæt í þessum efnum, að nú sé því tímabært að færa út kvíarnar og taka ríkiseinkasölu á kjöti, ull, gærum, fiski o. s. frv., og yfirleitt öllum útflutningsvörum. (JAJ: Þá væri gaman að vera kaupfélagsstjóri). Já, ef hv. 2. landsk. væri ekki á ferðinni með frv. sitt um að banna starfsmönnum að taka umboðslaun. Annars er það undarlegt, hvað jafnaðarmenn hafa mikla trú á ríkisrekstri, jafn illa og hann hefir gefizt. Tóbakseinkasalan byrjaði með því að hækka stórum verð á tóbakinu að öllu óbreyttu, innkaupsverði og gengi, því þó að ísl. krónan lækkaði síðastl. haust, þá lækkaði eftir sama hlutfalli gjaldeyrir þeirra landa, sem skipt var við. Auk þess hefir tóbakseinkasalan tekið við miklum birgðum af verzlunarfirma, sem má teljá hana framhald af.

Hv. þm. Seyðf. var að furða sig á því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki þegar hafa hafizt handa til lagfæringar á verzlunarólaginu í Rvík. Hv. þm. tekur sem sé trúanlega skýrslu skattstjórans um þetta efni á sama hátt og biblíutrúarmaðurinn trúir öllu í biblíunni bókstaflega, eða Múhamedstrúarmaðurinn kóraninum. Ég vil ekki áfellast einstakar trúaðar sálir, sem taka vissum trúarjátningum án allrar gagnrýni. Trúartilfinningin er fólgin í því, að þeir sem trúa, taka allt trúanlegt, sem fyrir þá er lagt, hvort sem það er sannleikanum samkv. eða ekki. En við hinir, sem ekki trúum bókstaflega, hljótum að hafa leyfi til að athuga og gagnrýna það sem fyrir okkur er lagt.

Eftir skýrslu skattstjórans á verzlunarkostnaðurinn í Rvík að nema árlega 13—14 millj. kr., sem hlýtur að koma fram í álagningu á vörurnar. Þessi verzlunarkostnaður nemur þá 460 kr. á hvern íbúa höfuðstaðarins, þegar miðað er við, að íbúatalan sé 28 þús. Ef reiknað er með 12 manna fjölskyldu, þá nemur sú upphæð, sem hún þarf árlega að greiða í verzlunarkostnað, 5600 kr., og ef gert er ráð fyrir, að álagningin sé ⅓ söluverðsins á vörunum, þá verður þessi fjölskylda að greiða 17 þús. kr. á ári fyrir erlendar vörur. En 6 manna fjölskylda þarf þá vitanlega að greiða helmingi minni upphæð, eða 8500 kr. Ef þetta skyldi nú vera rétt áætlað, þá er óskiljanlegt, hvernig bæjarbúum skapast tekjur til að greiða slík útgjöld. Ríkið geldur ekki ráðherrum sínum svipað því nógu há laun til þess. Eftir því sem mig minnir eru þau 10 þús. kr. með dýrtíðaruppbót. Bæjarbúar þyrftu því að hafa einhverjar undratekjur, til þess að þola slík útgjöld. Verkamaður, sem hefir 6 manna fjölskyldu, þyrfti allt árskaup sitt til

þess að greiða álagninguna eina og hrykki varla til. Að vísu munu sumir hafa meira kaup en hér er gert ráð fyrir, en þó mundi verzlunarkostnaðurinn höggva svo verulegt skarð í þeirra tekjur, að þá ræki algerlega í strand. Mig furðar ekkert á því, þó að hæstv. stj. þyti ekki upp til handa og fóta með að breyta verzlunarfyrirkomulaginu í bænum, þó að hún læsi þessa skýrslu. Ég hugsa, að sá, sem skýrsluna gerði, hafi ekki athugað málið nógu vel, áður en hann gaf hana út. Það er ekki ástæða til þess að draga neitt úr því, sem segja þarf um þetta, því að hv. þm. Seyðf. rís aftur upp við 2. umr. og svarar fyrir sig. Hv. þm. Seyðf. mætti sjálfum vera kunnugt um verzlunarkostnaðinn hér í bænum, þar sem hann hefir sjálfur starfað hér við kaupfél., sem seldi vörur fyrir sama verð og aðrar verzlanir. En ekki hefir álagningin verið of mikil þar, og hafði kaupfélag hans þó á tímabili mikla umsetningu, því að ekki reið hann feitum hesti frá því starfi eða kaupfélagið. Upphaflega voru kaupfél. tvö hér í bænum, en síðar voru þau sameinuð í eitt félag, og í því voru helztu áhrifamenn þeirra flokka, sem hv. þm. Seyðf. kallar Alþýðuflokkinn — krata og kommúnista. Þessu kaupfél. lyktaði þannig, að hverjum kaupfélagsmanni var gert að greiða 150 kr. upp í skuldir félagsins, þrátt fyrir miklar eftirgjafir og afskriftir hjá þrem lánardrottnum félagsins. Síðan var hv. þm. Seyðf., sem álitinn var heppilegasti maðurinn, fenginn til að veita fél. forstöðu, en þó var ekki hægt að bjarga því við.

Þá má geta þess, að stj. stofnsetti á síðastl. ári ríkisverzlun á fiski, sem kvað hafa verið seldur ódýrt. En ekki mun útkoman á því fyrirtæki ríkisins vera nein undantekning frá reglunni um afkomu slíkra stofnana. En það hefir verið sagt, að þangað hafi verið komin þyrping af vinnumönnum til þess að fyrirbyggja, að nokkur verzlunarhagnaður yrði. Sumir segja, að þeir hafi verið 7, þessir starfsmenn, aðrir að þeir hafi verið 9. (JAJ: Verzlunarkostnaðurinn var talinn að nema 26%). Það lítur því út fyrir, að verzlunarkostnaðurinn hafi verið sízt minni en hjá einstaklingum. Og svo var farkosturinn, sem veiða átti fiskinn, bundinn við hafnargarðinn eftir að fiskverzlun þessi, sem ríkið rak, var í rauninni komin á höfuðið. Ef álagningin er of há hjá einstaklingum, væri gott, að kaupfél. eða slíkar stofnanir hefðu „kontroll" með, að álagningin hjá þeim sjálfum færi ekki úr hófi fram. En þetta hefir þeim ekki tekizt þrátt fyrir það, þó að beztu kröftum, að dómi sjálfra þeirra, hafi verið tjaldað fram.

Annars furðar mig mikið á þeirri aðdáun sem jafnaðarmenn á Alþingi virðast hafa á öllu því, sem heitir ríkisrekstur, enda skýtur þetta nokkuð skökku við það, sem flokksbræður þeirra í nágrannalöndunum hafa gert, því að mér vitanlega hafa flokksbræður þeirra þar ekkert gert til þess að koma á ríkisrekstri hjá sér. E. t. v. er það ekki rétt að kalla þessa menn flokksbræður, enda eru „socialdemokratarnir" í Danmörku meira hægfara en t. d. hv. þm. Seyðf., sem hallast meira austur á bóginn til Rússlands.

Danir hafa þrátt fyrir það, þó jafnaðarmenn fari þar með völd, ekki gert neitt verulega til þess að koma á þjóðnýtingu. Sama er að segja um Svíþjóð, þó að jafnaðarmenn hafi verið þar við völd árum saman, hafa þeir ekki tekið upp þjóðnýtingu. Og Bretland, sem haft hefir tvisvar jafnaðarmannastj. á síðari árum, hefir ekki heldur beitt sér fyrir ríkisrekstri eða þjóðnýtingu. Og nú er jafnaðarmannastj. í Þýzkalandi, og hefir ekki heyrzt, að hún geri neitt í þessu efni. (**Forseti**: Ég vil benda á, að fundartími er nú þegar að verða úti, en ef hv. þm. á mikið eftir af ræðu sinni, myndi rétt að fresta henni). Nei, ég hefi þegar lokið máli mínu, en vildi þó að endingu bæta við, að ég býst við, að „socialistarnir" í næstu löndum séu ekki eins mikið fyrir það að þjóðnýta alla skapaða hluti, eða koma á ríkisrekstri heima fyrir, eins og í fljótu bragði virðist vera efst á baugi hjá „krötunum" og „kommúnistunum" íslenzku.

Jón Auðunn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð út af þeim ágreiningi, sem orðið hefir á milli mín og hv. þm. Seyðf., um verð það, sem Norðmenn fengu fyrir sína heimfluttu síld frá Íslandsveiðunum 1931. Vil ég til að taka af öll tvímæli lesa kafla

úr „Ægi", 1. tölubl. XXV. árg. bls. 11, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðið, sem Norðmenn fengu fyrir þessa heimfluttu síld sína (1931), var nokkuð lægra en verðið árið áður, en þeir munu vera búnir að selja nálega alla framleiðslu sína. Samkv. opinberum skýrslum telja þeir, að meðalverð, sem þeir hafa fengið fyrir síld í Noregi, hafi verið 12 aurar pr. kilo netto, af frádregnum tunnum og salti. Verðmæti síldar sinnar við Ísland í ár (1931) reikna Norðmenn 3,7 millj. norskar kr. á móti 2,7 millj. 1930 og 2,5 millj. 1929".

Ég vænti að hv. þm. Seyðf. sé nú ánægður, því ég afhendi honum blaðið hér með.

Guðbrandur Ísberg: Ég benti á í síðustu ræðu minni, að skemmdir á saltaðri síld síðastl. sumar hefðu stafað af óvenju miklum hitum, sem gengu þá yfir Norðurland. Nú hefir hv. þm. Vestm. upplýst, að skemmdirnar hafi einnig stafað af skemmdu og óhreinu salti. Þetta getur vel verið, en skemmda saltið var ekki notað nema sumstaðar, þar sem brögð voru að þessum skemmdum síldarinnar. En skemmda saltið má óhikað skrifa á bak Síldareinkasölunnar, og þá um leið kenna henni um þær skemmdir, sem komu fram á síldinni vegna saltsins.

Hv. þm. Seyðf. spurði, hvort hitarnir, sem komið hefðu, væru ekki líka Síldareinkasölunni að kenna. Mig furðar nú reyndar, að hann skuli spyrja svo, því ég hefi a. m. k. aldrei heyrt, að náttúruviðburðir væru nokkrum sérstökum að kenna. En þó að hv. þm. Seyðf. láti sér sæma að bera fram slíkar spurningar, er það ekki svo undarlegt þegar þess er gætt, að hann og aðrir „socialistar" eru vanir að kenna skipulaginu um allt, sem aflaga fer — auðvaldsskipulaginu, sem þeir kalla svo — og ganga þeir þá kannske líka út frá, að jafnvel náttúruviðburðir séu þessu sama skipulagi að kenna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 280).

Frsm. (Bergur Jónsson): Sjútvn. hefir orðið sammála um að leggja það til, að frv. þetta yrði samþ., en einn nm., hv. þm. Ak., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem er í því fólginn, að hann vildi koma inn í frv. nýju ákvæði, sem við hinir nm. vorum mótfallnir, því að okkar álit var, að það ætti að koma fram í sérstöku frv., eins og nú hefir þegar verið gert. Frv. það, er hér liggur fyrir, er samhlj. bráðabirgðalögunum um afnám Síldareinkasölunnar frá í des. síðastl., þar sem ákveðið er að taka bú Síldareinkasölunnar til skiptameðferðar. Hæstv. atvmrh. hefir áður undir umr. málsins gert grein fyrir ástæðum þeim, er lágu til grundvallar fyrir því, að ekki áleizt rétt að halda fyrirtækinu áfram, án þess að sérstakar ráðstafanir væru gerðar til þess, að einstakir skuldunautar gætu ekki fengið ívilnanir fram yfir aðra, þ. á m. fram yfir ríkissjóð, sem á miklar kröfur á hendur einkasölunni og stendur í allmiklum ábyrgðum fyrir skuldum hennar.

Guðbrandur Ísberg: Eins og hv. frsm., tók fram, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, og gerði ég það til þess að geyma mér rétt til þess að bera fram brtt. síðar. Við nánari athugun hefi ég fallið frá að bera fram brtt. við frv., því að ég vil með engu móti tefja framgang þess með því.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að það sé einróma álit manna, að úr því sem komið var, hafi ekki um annað verið að ræða fyrir ríkisstj. en leggja Síldareinkasöluna niður og setja á stofn sérstaka nefnd manna til þess að ráðstafa þeim reitum, er eftir voru í fórum hennar, og standa skil á þeim miklu skuldum, er á henni hvíla, að svo miklu leyti, sem hægt er. Um þetta held ég að sé lítill ágreiningur bæði innan þings og utan. Að vísu hafa heyrzt dálítið hjáróma raddir frá jafnaðarmönnum, er kveða dálítið við annan tón, telja þetta ekki hafa verið heppilega

ráðstöfun, að undanteknu þessu munu allir vera á eitt sáttir um það, að ekki hafi verið annað að gera, enda var svo komið, að fyrirsjáanlegt var, að þetta fyrirtæki var orðið gersamlega gjaldþrota. Það er því síður en svo að ég ætli í nokkurn máta að andmæla þessari ráðstöfun, hún var eðlileg og óhjákvæmileg afleiðing þess, hvernig komið var fyrir síldareinkasölunni.

Ég hefi hér í höndum reikning frá skilanefnd einkasölunnar til útgerðarmanns á Akranesi, er lagði síld af tveimur bátum inn í einkasöluna síðastl. sumar. Hann hefir fengið borgað sem svarar 2 kr. fyrir hverja síldartunnu. En þessi reikningur ber það með sér, að aðeins er tilfærð í honum sú upphæð, sem greidd hefir verið út á síldina, en hitt látið óskrifað, sem lagt hefir verið inn í einkasöluna, þannig að sá dálkur reikningsins er aðeins útfylltur, þar sem um er að ræða úttektir, en ekkert í hinum, sem ætlaður er fyrir innleggið. Vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort það mætti draga þá ályktun af þessu, að meining skilanefndarinnar væri sú, að krefja endurgreiðslu á þeim 2 kr. á tunnu, sem búið er að greiða út á síldina. Færsla reikningsins bendir óneitanlega til þess, þar sem hann aðeins er látinn sýna úttektina, en ekki jafnframt þau innlegg, sem á móti hafa komið. Vildi ég skjóta þessu fram til athugunar fyrir þá n., sem um þetta mál fjallar, jafnframt sem ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. stj. Það er vitanlegt, eftir því sem sagt er um afkomu síldareinkasölunnar, að einkasalan hefir ekki staðið sig við að greiða þessar 2 kr. á tunnu, því að þrátt fyrir það, þó að menn hafi lagt síld sína inn í einkasöluna fyrir ekkert, hrekkur það ekki nærri til þess, að einkasalan geti staðið við skuldbindingar sínar að öðru leyti. Ég vænti þess, að ég geti fengið einhver svör við þessu hjá hæstv. stj., og þá síðar, ef þau skyldu ekki vera á takteinum nú, — hvort það sé meining skilanefndarinnar að krefja endurgreiðslu á því, sem búið er að borga sjómönnum og útgerðarmönnum fyrir þá síld, sem þeir hafa lagt inn í einkasöluna, því að eins og ég hefi áður sagt, þá bendir þessi reikningsfærsla í þá átt.

Þá vil ég hreyfa því í þessu sambandi, að bornar hafa verið miklar sakir á þá menn, sem haft hafa með höndum stjórn síldareinkasölunnar. Hefir verið látið svo um mælt, að ríkt hafi hin mesta óstjórn á einkasölunni á öllum sviðum. Síldareinkasölustj. hafi sýnt ófyrirgefanlegan trassaskap um vöruvöndun, látið nota lélegar tunnur og skemmt salt, og verið skeytingarlaus um verkun síldarinnar. Þá hafi það og komið að miklum baga, og beinlínis valdið tjóni, hve oft það var, að vantaði bæði tunnur og salt yfir veiðitímann. Á öðrum tímum hafi hinsvegar verið hafðir óhæfilegir aðdrættir af hvorutveggja, svo að orðið hafi að geyma það til næstu vertíðar, og hafi þetta haft í för með sér mikla rýrnun og skemmdir á þessum hlutum. Þá er það og ennfremur borið á síldareinkasölustj., að hún hafi gert vítaverð innkaup, stofnað til óhóflegs kostnaðar, falsað reikninga fyrirtækisins, beitt hlutdrægni í öllum greiðslum, og hafi auk þess verið óskiljanlegt ólag á söltuninni.

Ég tel ekki þörf á því að færa hér fram nú þau rök, sem standa að baki þessum ákærum, því að bæði í blaðagreinum og eins hér á þingi hafa verið færð margvísleg rök að öllum þessum kæruatr., en e. t. v. mætti fara nánar inn á þetta síðar við umr., ef ástæða þætti til. — Það er hinsvegar vitanlegt, að ef þessi kæruatr. á hendur stj. Síldareinkasölunnar eru sönn, hefir stj. hennar átt sinn verulega þátt í því, að þetta fyrirtæki hefir brugðizt svo vonum þeirra manna, sem að því stóðu, að Síldareinkasalan var sett á stofn, því að mistökin eru svo mikil, að þau ein út af fyrir sig hefðu gert það ómögulegt að önnur niðurstaða gæti orðið af starfsemi Síldareinkasölunnar en nú hefir komið á daginn, og er sú, að þetta fyrirtæki, sem átti að verða öllum til gagns og blessunar, hefir orðið til hins mesta tjóns og ógagns öllum þeim, sem svo óheppnir hafa verið að þurfa að eiga afkomu sína undir því.

Ég vildi hreyfa þessu hér, og jafnframt skjóta því til hæstv. stj., hvort henni þykir ekki ástæða til þess, út frá þessum margvíslegu og alvarlegu kæruatr., sem borin hafa verið á stj. fyrirtækisins, að látin verði fara fram rannsókn á þessu,

svo að úr því fáist skorið, hvort þessar kærur hafa við full rök að styðjast eða ekki. Frá sjónarmiði beggja aðilja, jafnt þeirra, sem borið hafa ákærurnar fram, sem hinna, sem ákærurnar eru bornar á, er það fyrir bezt, að slík rannsókn verði látin fram fara. Þessar ákærur eru auk þess svo alvarlegs eðlis, að ekki má undir höfuð leggjast að láta rannsaka, hvernig þessir hlutir hafa gengið til. Þá má og benda á það, að í lögunum um gjaldþrotaskipti er svo fyrir mælt, að fram fari lögreglurannsókn undir svona kringumstæðum. Vil ég ennfremur í þessu sambandi benda á það, að stj. fann ástæðu til þess, út af umkvörtunum, sem fram höfðu komið um það, að síldarbræðslustöðin á Hesteyri notaði ekki rétt mál til að mæla þá síld, sem hún keypti, að bregða fljótt við um rannsókn á því máli, og var skipaður sérstakur rannsóknardómari, til þess að rannsóknin gæti gengið greiðlegar á þessum atriðum öllum. Í þessu tilfelli var náttúrlega um að ræða tiltölulega lítið ásökunarefni, samanborið við þetta, því að það snerti aðeins tiltölulega fáa menn, en hinsvegar fjöldi manna, sem átti hag sinn og velferð undir Síldareinkasölunni. Hér er því um svo víðtækt mál að ræða, að ég tel rétt og sjálfsagt, að látin verði fara fram ýtarleg rannsókn á þessum margvíslegu kæruatr. Hefi ég drepið á rannsóknina á Hesteyri til þess aðeins að benda á það, að ekki er síður ástæða til að ganga rösklega fram í því að láta rannsaka þessa hluti.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Voru það aðallega þessi tvö atr., sem ég vildi beina til stj. út af þessu máli, hvort stj. ætli ekki að láta fara fram rannsókn á rekstri Síldareinkasölunnar, vegna þeirra ákærna, sem fram hafa komið á stj. einkasölunnar í því efni, og hvort það sé meining skilanefndarinnar að krefja menn aftur um þessar 2 kr. á tunnu, sem þeir hafa fengið borgaðar út fyrir alla þá síld, sem þeir hafa lagt inn í einkasöluna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að sjútvn. hefir einum rómi lagt til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Um afskipti n. af málinu hefi ég svo ekki meira að segja, en út af ræðu hv. þm. Borgf. vil ég segja nokkur orð.

Hv. þm. beindi til stj. fyrirspurn út af reikningsfærslu og væntanlegum aðgerðum skilanefndarinnar, sem skipuð hefir verið vegna uppgjörsins á búi Síldareinkasölunnar. Hv. þm. gerði jafnframt ráð fyrir því, að ég mundi ekki vera því viðbúinn að svara þessu, enda er svo. Hinsvegar er sjálfsagt að taka þetta til athugunar fyrir 3. umr., og kysi ég helzt, að hv. þm. ritaði fyrirspurnir sínar niður á blað, svo að ég gæti komið þeim beint til n. Verða svör n. við fyrirspurnunum væntanlega komin, áður en málið verður tekið hér fyrir til 3. umr.

Þá talaði hv. þm. jafnframt um ýmsar ásakanir, sem fram hefðu komið á hendur stj. einkasölunnar, og spurðist hann fyrir um það, hverja afstöðu stj. hefði tekið gagnvart þessum ásökunum. Ég minnist þess ekki, að neinar slíkar ásakanir hafi borizt til míns ráðuneytis, og þó að eitt og annað sé sagt í blaðagreinum, er ekki mark á því takandi. Ef ráðuneytinu bærust hinsvegar kærur í þessum efnum, t. d. frá manni úr skilanefndinni, verður slíkt að sjálfsögðu tekið til athugunar. Annars geri ég ráð fyrir, að þetta verði athugað jafnhliða því, sem skilanefndin skilar af sér, og þá litið yfir það í heild, hvernig rekstur þessa fyrirtækis hefir gengið. Ef því engar sérstakar kærur berast til ráðuneytisins í þessum efnum, verður um þetta beðið skýrslu skilanefndarinnar, en ef eitthvert sérstakt tilefni gefst til, eins og hv. þm. Borgf. virtist helzt gera ráð fyrir, verður það tekið til athugunar, þegar til kemur.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. Borgf. hefir að mestu tekið það fram, sem ég vildi hér sagt hafa. — Þegar þetta mál var til umr. í sjútvn., hafði sú fregn ekki enn borizt til eyrna nm., sem hv. þm. Borgf. hefir nú staðfest, að skilanefndin mundi ætla að krefja aftur þessar 2 kr., sem búið er að greiða sjómönnum og útgerðarmönnum út á síldina. Að vísu er krafan um þetta ekki komin fram formlega ennþá, en reikningarnir, sem skilanefndin

hefir sent út, bera það með sér, eins og hv. þm. Borgf. drap á, að ekki virðist eiga að taka tillit til innleggs manna hjá einkasölunni, heldur aðeins til úttektarinnar. Skil ég ekki, að það geti komið til mála, að skilanefndin krefji þessar 2 kr. inn aftur, og þó að slíkt kunni að hafa hvarflað að n., er óframkvæmanlegt að innkalla þessa peninga í flestum tilfellum. Það kann að vera hægt í einhverjum fáum stöðum, en er óframkvæmanlegt hjá öllum fjöldanum. — Ég hefði kunnað því bezt, þar sem þessar upplýsingar eru komnar fram í málinu nú, en lágu hinsvegar ekki fyrir í n., þegar málið var afgreitt, að málið væri því tekið út af dagskrá nú, svo að n. gæfist kostur á að hafa tal af skilanefndinni. Vil ég því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann mundi ekki geta fallizt á að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, svo að n. gefist tækifæri til að athuga þetta, sem svo mjög skiptir hag allra þeirra, sem skipt hafa við þetta fyrirtæki. (**Forsrh.**: Má ekki eins athuga þetta milli umr.?) Jú, eða þá það.

Að því er hitt atr. snertir, hverju fram hafi farið um þetta fyrirtæki, vil ég segja það, að þótt það sé að vísu rétt, að aðfinnslur í þessum efnum hafi aðeins komið fram í blaðagreinum, eins og hæstv. forsrh. sagði, og reyndar hér á sjálfu Alþingi líka, og stj. hafi þannig ekki borizt neinar beinar kærur út af þessu, er það víst, að óstjórn síldareinkasölustj. var búin að leiða fyrirtækið út í það öngþveiti í haust, að hæstv. ráðh. sá sig tilneyddan til að grípa til þess, sem kalla verður örþrifaráð, til þess að stöðva framhaldandi tap ríkissjóðs á einkasölunni. Sýnist mér tæplega annað rétt fyrir stj., vegna allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, en að láta fara fram þessa rannsókn, sem hv. þm. Borgf. nefndi, að þyrfti að gera, þótt beinar ákærur hafi að vísu ekki borizt til stjórnarráðsins út af þessum málum. Stj. hefir og sjálf viðurkennt það, með því að leggja einkasöluna niður með bráðabirgðalögum, hve mjög pottur hefir verið brotinn í þessum efnum. Þá er ennfremur til þess að líta, að fram hafa komið raddir um það, að það gæti orkað tvímælis, hvort rétt hefði verið að leggja einkasöluna niður, jafnframt því sem óskir hafa komið fram um það, að eitthvað verði sett í staðinn. Slík rannsókn mundi leiða í ljós, bæði það, hvort rétt var að leggja einkasöluna niður í haust, og gefa bendingar um það, hvert fyrirkomulag er heppilegast að hafa á þessum atvinnurekstri í framtíðinni.

Sveinn Ólafsson: Því miður var ég ekki við nema nokkurn hluta af ræðu hv. þm. Borgf., en ég heyrði hann þó tala um þessa einkennilegu reikninga, sem síldarútgerðarmönnum á Akranesi hefðu borizt frá Síldareinkasölunni, þar sem þeim virðist vera fært það til skuldar við einkasöluna, sem þeir hafa fengið borgað út á síldina. Fæ ég ekki skilið, að þetta geti stafað af öðru en ókunnugleika þeirra, sem að þessum reikningum standa, ef hér er þá ekki um hreinar misskriftir að ræða.

Að því er til kemur að fara nú að taka málið út af dagskrá til að athuga þetta, eins og hv. þm. Vestm. vék að, þá fæ ég ekki séð, að þetta megi ekki eins gera milli umr., þar sem þetta er ekki nema 2. umr. málsins, og þannig hægt að afla upplýsinga um það hjá skilanefndinni fyrir 3. umr., í hverju þessi misskilningur er fólginn. — Ég hefi sjálfur fengið reikninga frá skilanefndinni vegna gamalla skipta við Síldareinkasöluna, þar sem talið er, að ég eigi inni hjá einkasölunni litla upphæð, sem ég vissi ekki um, að ég ætti, og á enda ekki. Það er því bersýnilegt, að eitthvert ólag hlýtur að vera á reikningsfærslunni. — Teldi ég rétt, að þessi umr. málsins yrði þó látin velta áfram engu að síður, því að eins og ég áður sagði, getur n. verið búin að afla sér upplýsinga um þessi atr. hjá skilanefndinni fyrir 3. umr., en þessi atr. voru ekki kunn orðin, þegar sjútvn. átti tal við form. skilanefndarinnar um þessi mál.

Pétur Ottesen: Hv. 1. þm. S.-M. þykir reikningsfærsla skilanefndarinnar einkennileg, og verð ég að taka undir þetta eftir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið um það, hvernig skilanefndin byggi að honum í samanburði við aðra. N. lætur aðra ekki hafa neitt innlegg, en útdeilir hv. 1. þm. S.-M. meiru en hann hafði

búizt við að fá sjálfur. Verður því ekki neitað, að þetta er harla einkennilegt, og lítur helzt út fyrir, að skilanefndin ætli sér að greina á milli viðskiptamanna einkasölunnar, eins og sagt er, að greint sé á milli sauða og hafra á hinum síðasta og efsta degi. Væri þetta þá í framhaldi af því, hvernig sagt er, að slíkt hafi gengið í Síldareinkasölunni áður í tíð Einars Olgeirssonar, því að þá mun einum hafa verið greitt hærra en öðrum út á síldina. Að því er þessa reikninga snertir, þá hefi ég þá hér hjá mér og get lofað hv. 1. þm. S.-M. að sjá þá, svo að hann geti gengið úr skugga um það, að rétt er það, sem ég hefi um þá sagt.

Ég hafði í minni fyrri ræðu beint því til hæstv. forsrh., hvort honum þætti ekki ástæða til að hefja rannsókn út af þeim alvarlegu ákærum, sem stj. einkasölunnar hefir verið borin, og hæstv. ráðh. svaraði því svo, að stj. mundi taka þetta til athugunar, ef henni bærust kærur í þessu efni. Út af þessu vil ég leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort ekki verði látin fara fram lögregluransókn á þessu gjaldþrotafyrirtæki eins og lög standa til. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur tekið bú einkasölunnar til skiptameðferðar sem hvers annars gjaldþrota fyrirtækis með því að gefa út þau bráðabirgðalög, sem hér er farið fram á, að þingið samþ., og verður maður að gera ráð fyrir, að hæstv. ráðh. uppfylli hin skýru fyrirmæli laganna um gjaldþrotaskipti og láti fara fram lögregluransókn í sambandi við þessi búskipti. Er engin ástæða til að skjóta sér undan þessu, þó að þetta fyrirtæki eigi í hlut, nema síður sé, og enda lögskylda að láta slíka rannsókn fram fara.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að ég er því andvígur, að þetta frv. fari í gegn, meðan allt er óvíst um það, að eitthvað annað verði upp tekið í stað Síldareinkasölunnar. Er nú svo áliðið þings, að ekki lítur út fyrir, að meiningin sé að taka upp annað skipulag á síldarútgerðinni, ef einkasalan verður lögð niður, og tel ég ógerlegt að samþ. þetta frv. á þessu stigi málsins. Rakti ég það allýtarlega við 1. umr. málsins, hvernig þetta horfir við frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna, og skal því ekki endurtaka það hér nú.

Út af ummælum, sem hér hafa fallið um það, að reikningar Síldareinkasölunnar hafi verið falsaðir, skal ég taka það fram, að ég lít svo á, að þótt skipuð hafi verið sérstök skilanefnd, eigi samt að fara fram lögregluransókn á þessu. En út af því, sem hér hefir verið talað um, að skilanefnd muni hafa í huga að krefja aftur þær 2 kr., sem greiddar hafa verið út á síld síðasta ár, þá vil ég taka það fram, að ég tel það ekki geta komið til nokkurra mála. Að vísu kann að mega líta svo á, að til þess hafi n. lagalegan rétt, en allir, sem til þekkja, telja, að í flestum tilfellum sé ókleift að fá það fé aftur. Ég ætla, að það hafi verið hv. þm. Vestm., sem vék að því, að rétt væri að framkvæma sérstaka rannsókn á stjórn einkasölunnar yfirleitt, til þess að athuga, hvaða fyrirkomuleg væri vænlegast á síldarverzluninni, ef einkasalan yrði lögð niður. Ég mundi sízt vera á móti því, að slík rannsókn væri látin fram fara. En ég get ekki séð, að hún gæti verið samrímanleg rannsókn á því, hvort um falsaða reikninga eða eitthvað þesshátta væri að ræða. Ef hv. þm. vill koma með till. í þá átt að setja n. til rannsóknar á rekstri einkasölunnar með það fyrir augum að komast að niðurstöðu um það, hvaða fyrirkomulag væri vænlegast í þessu efni, þá gæti ég sennilega orðið honum samferða. Í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. talaði um misfellur hjá stjórn Síldareinkasölunnar og e. t. v. falsaða reikninga, þá vék hann að því, að ríkisstj. hefði sýnt mikla röggsemi, þegar hún sendi mann til Hesteyrar til þess að rannsaka síldarmálin. Þetta mun rétt vera, og sú rannsókn leiddi það í ljós, að síldarmálin voru stærri en þau áttu að vera. Í sambandi við þetta vildi ég beina þeirri spurningu til stj., hvort þar með sé hennar aðgerðum lokið. — Ég sé svo ekki ástæðu til við þessa umr. að fara fleiri orðum um þetta, en skal taka undir það með hv. þm. Vestm., að æskilegast væri, að þessari 2. umr. væri frestað, þar til skýlaust svar væri komið frá skilanefndinni um það, hvort hún ætlaði að krefja inn aftur þessar 2 kr., sem greiddar hafa verið fyrir síld.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): [óyfirl.]: Mér skildist hv. þm. Seyðf. skjóta spurningu til mín út af þeirri athugun, sem gerð var á síldarmálunum á Hesteyri. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál hér, en ég vil geta þess, sem allir vita, að það kom fram ósk frá sjómönnum, sem skiptu við verksmiðjuna, að kerin væru mæld. Það var svo gert, og þá kom í ljós, að öll kerin voru dálítið of stór, en þó mismunandi. Nú hefir þetta mál verið hjá þeim manni, sem rannsóknina framkvæmdi, og hann hefir fyrir skömmu sent dómsmrn. skýrslu um það, sem hann nú hefir gert. Málið liggur nú hjá lögfræðingum til athugunar um það, hvað gera beri framvegis, en um það hefir ekki verið ákveðið ennþá. En það leiðir af sjálfu sér, að hvaða stj., sem verður í sumar, hlýtur að gera gangskör að því, að kerin á Hesteyri verði löggilt eins og annarstaðar. Ég get varla hugsað mér, þar sem komið hafa í ljós verulegar misfellur á þessum stað, annað en að hver stj. láti á hverjum tíma sem er hafa sérstakar gætur á þeirri einu verksmiðju, sem notar ker og sem, að því er virðist af meðferð málsins hér á þingi, leggur mikla áherzlu á að halda áfram að nota ker, en ekki vigtir. Ég vil skjóta þeirri bendingu til hv. þm. Seyðf., að langmesta fjárhagsþýðingin í sambandi við þetta mál er hjá þeim, sem selt hafa verksmiðjunni. Ég hygg, að þar sem hv. þm. Ísaf. talaði um, að fyrirtæki á Ísafirði hefðu mikla kröfu á verksmiðjuna, að þær kröfur að því leyti, sem þær eru réttmætar kæmu sennilega sem skaðabótakröfur, sem gætu endað í skaðabótamáli frá þeim, sem selt hafa verksmiðjunni síld í sumar og á undanförnum árum.

Guðbrandur Ísberg: Ég á erfitt með að trúa því, að skilanefndin hafi ákveðið að innheimta aftur þær 2 kr., sem hún greiddi útgerðarmönnum og sjómönnum í sumar. Það var vitanlega stj. einkasölunnar, sem greiddi þessa peninga, og menn tóku við greiðslunni í góðri trú. En hitt er annað mál, að vegna þess, að stj. einkasölunnar greiddi þetta fé í lagaleysi á undan öðrum greiðslum, sem henni bar að greiða fyrr, þá er eftir atvikum hægt að heimta þetta fé af stj. einkasölunnar. En að heimta það af sjómönnum og útgerðarmönnum, getur vitanlega ekki náð nokkurri átt. Stj. einkasölunnar ber ábyrgð á þessari greiðslu, sem menn tóku á móti í góðri trú. Ég geri nú ráð fyrir, að hér sé um misskilning að ræða, og að skilanefnd hafi aldrei látið sér detta þessi firra í hug. En samt sem áður er rétt að athuga þetta. Ég vil því styðja þá till., sem hér hefir komið fram, að málið verði tekið út af dagskrá. Það hefir nú gengið gegnum Ed., svo það ætti að vera nógur tími til þess að málið gæti fengið afgreiðslu á þinginu, þó það verði tekið út af dagskrá nú.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég heyri, að það eru komnar fram till. um að fresta þessu máli, og ástæðan er sú, að hv. þm. Borgf. hefir minnzt á reikninga, sem komu til tveggja kjósenda hans, þar sem aðeins er getið um skuldaliðina, og hv. þm. S.-M. hefir upplýst, að hann hafi fengið reikning frá skilanefndinni, sem ekki var réttur, en var honum í vil. Ég get ekki séð, að þetta komi nokkurn skapaðan hlut við samþykkt þessa frv. Ef um mistök er að ræða, eru þau annaðhvort frá fyrrv. einkasölustj. á bókfærslu, eða þá hjá skilanefnd. Það á ekki að lögfesta það með frv., hverjir skuli vera áfram í skilanefnd. Ef það reynist við athugun, að þeir standi ekki vel í stöðu sinni, þá verður að skipta um menn. En ég get ekki séð, að það komi þessu máli neitt við, það er ekkert samband þar á milli. Það er ástæðulaust fyrir hv. þm. Borgf., að koma með svona hlut í sambandi við þessar umr. Hann á að tala um það við skilanefndina og ríkisstj. Það má vera eðlilegt, að hann geri kröfu um það að rannsaka stj. einkasölunnar, en reikningarnir, sem hann er með, eru óviðkomandi þessu frv., hvort sem þeir tilheyra kjósendum þessa hv. þm. eða öðrum.

Pétur Ottesen: Ég vil segja hv. þm. Barð., að það kemur honum ekkert við, hvaða málum ég hreyfi á þingi. Ef hann sæti í forsetastól, bæri honum að gæta þess, að ég færi ekki út fyrir þingsköp. Að hann skuli vera að sletta sér fram í, hvaða málum ég hreyfi á þingi, er bara barnaskapur, sem getur ekki skrifazt á

annan reikning en unggæðisskapar hv. þm. Auk þess snerti þetta, sem ég hreyfði, Síldareinkasöluna, og sá eini rétti vettvangur, sem ég hefi til að gera það, er einmitt hér á þingi í sambandi við þetta mál. Þetta er því bara fljótfærni af hv. þm. og mér þykir gott, að mér gafst tækifæri til að gefa honum hæfilega áminningu, því það getur komið honum til góða síðar. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í þetta. Ég sé ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, en hinsvegar tel ég rétt, að n. athugi þessi greiðsluatr. í sambandi við þetta mál, en það má gera fyrir 3. umr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Mér þykir vænt um, að hv. þm. Borgf. sér ekki ástæðu til að halda fram þeirri kröfu, sem ýmsir hv. þm. hafa komið með, að fresta umr. En ég vildi benda hv. þm. á það, að með þeim mikla þingmannsþroska, sem hann þykist hafa, ætti hann að vita það eins vel og ég, að hver einasti þm. hefir rétt til þess að gera aths. við það, sem aðrir þm. koma fram með við umr. Ég hefi sérstaka ástæðu til þess nú, af því að ég er frsm. málsins. Því leyfði ég mér að lýsa því yfir, að engin ástæða væri til að blanda því inn í umr., sem ekkert kæmi málinu við.

Jóhann Jósefsson: Ég var víst sá fyrsti, sem stakk upp á því, að rétt væri að taka málið út af dagskrá, og að n. fengi að kynna sér þetta atr., sem henni var ekki kunnugt um, þegar málið var þar til umr. Ég skal alveg fallast á það, sem hv. frsm. og aðrir hafa sagt, að þetta megi gera án þess að taka málið út af dagskrá. En mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hv. frsm. skuli álíta, að þetta framkvæmdaratr. skilanefndar komi þessu máli ekkert við. (**BJ:** Það er þessu frv. óviðkomandi). Annars vil ég benda á það, að mér finnst ekki rétt að tala um þetta sem bókfærsluform hjá skilanefnd. Það eru fleiri en hv. þm. Borgf., sem vita um slíka reikninga. Það hafa fleiri fengið þá, mér er kunnugt um marga. Ég geri ráð fyrir, að skilanefnd hafi tekið upp þessa reglu, að færa til útgjalda þeim, sem hafa fengið þessar 2 kr. útborgaðar, en ekki neitt til inntekta, og mundi það þykja slæm viðskiptaregla hjá einstaklingum.

Það er auðséð, að skilanefnd ætlar að halda opinni þeirri leið, að gera einkasöluna þannig upp, að krefja inn þessar 2 kr., sem útborgaðar voru í sumar. Ég geng út frá því, að þessu sé þannig varið, en það sé ekki af vangá. En það, að hv. þm. S.-M. var reiknuð inneign, sem hann kannaðist ekki við, getur náttúrlega stafað af vangá. Þetta framkvæmdaratr. einkasölunnar heyrir undir afskipti þingsins. Að því er snertir ummæli hv. þm. Seyðf. vil ég segja, að ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að athuga framtíðarúrlausn þessa máls. Ég þykist alveg viss um, að þó nú sé alveg slegið slöku við allt eftirlit þar norður frá, þá sé nauðsynlegt, að eitthvert skipulag verði haft á síldarframleiðslunni og sölunni. Ýmsir hafa bent á leið í þessu efni, en ég býst við, að við Íslendingar gætum lært meira af því að taka helztu síldarframleiðsluþjóðir og þeirra skipulag okkur til fyrirmyndar en við höfum gert hingað til. Ég skal ekki fjölyrða um það nú í hvaða formi þessi skipulagning ætti að vera. Það hlýtur að vera verkefni þings eða stj. að finna grundvöll, sem er viðunandi fyrir afkomu síldarútvegsins framvegis.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er ósammála hv. frsm. um, að það sé aðeins framkvæmdaratr., hvort krafðar séu aftur þessar 2 kr., sem greiddar voru í sumar. Það er miklu meira en framkvæmdaratriði. Ég álít, að þetta sé svo mikið atr., að ef ekki liggur fyrir þinginu áður en lögin verða afgreidd skýlaus yfirlýsing frá skilanefndinni, hvað hún hugsar sér að gera, þá sé sjálfsagt að taka þetta upp í frv. sjálft, því þetta hefir mikla fjárhagslega þýðingu. Ég álít því eðlilegast að fresta umr. þar til yfirlýsing er fengin frá skilanefndinni, svo n., sem hefir frv. til meðferðar, geti ráðið við sig, hvort ástæða er til þess að setja ákvæði um þetta inn í frv. Það má náttúrlega segja, að hægt sér að gera það við 3. umr., en þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða, er bezt, að það sé gert við 2. umr.

Sumir hv. þm. vilja saka skilanefndina um einkennilega bókfærslu, þar sem aðeins eru tilgreindar úttektir, en ekki

innlegg. Ég held, að það sé ekki rétt, að saka skilanefndina um þetta. Meðan ekki er neitt verð ákveðið á síldinni, á skilanefndin ekki hægt með að færa mönnum síldina til tekna. En náttúrlega má færa á reikning innlagða síld svo og svo mikla. En ég álít sjálfsagt, ef ekki fæst skýlaus yfirlýsing frá einkasölunni um það, að hún ætli ekki að krefja aftur þessar 2 kr. af sjómönnum og útgerðarmönnum vegna skipta búsins, að taka ákvæði upp í frv., sem lúta að þessu.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vildi aðeins benda á það, að mér finnst eðlilegast, að þessi ákvæði komi fram í sérstöku frv.formi. Hér er aðeins um þá formlegu hlið að ræða, hvernig haga eigi skiptunum. Það fellur undir hin almennu gjaldþrotaskiptalög. En kröfur á hendur búsins verða að fara eftir almennum landslögum, eða ef sett eru um það sérstök lög. Hér er aðeins um það að ræða, hvort eigi að staðfesta þessi bráðabirgðalög, sem sett voru í vetur, hvort eigi að hafa þetta form á skiptameðferðinni eða ekki. Ég veit ekki betur en að bæði ríkisstj. og a. m. k. 2 stærri þingflokkarnir hafi verið sammála um, að þetta væri rétt ráðstöfun, og sé ég því ekki ástæðu til að hún bíði eftir staðfestingu.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil benda hv. frsm. á það, að hér er ekki um að ræða kröfur á hendur búsins, heldur kröfur búsins á hendur einstakra sjómanna. Það, sem hann segir um kröfur á hendur búsins, kemur málinu ekkert við. Einkasölulögin mæla svo fyrir, að það verð, sem greitt er fyrir síldina, sé meðalverð veiðinnar. Þeir, sem eru þeirrar skoðunar, að það beri að krefja þetta fé inn aftur, hljóta að vera þeirrar skoðunar, að það eigi að koma lög um skiptameðferðina. Þess vegna hefi ég vakið sérstaka athygli á þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Þegar mál þetta var hér til 2. umr., varð nokkuð tíðrætt um það, að reikningar þeir, sem borizt höfðu frá skilanefnd þeirri, er hefir bú Síldareinkasölunnar með höndum, væru þannig úr garði gerðir, að nokkuð óvanalegt mætti telja, þar sem þeir sýndu aðeins úttekt, en ekkert innlegg. Þá varð líka mikið umtal um það, sem kvisazt hafði, að skilanefnd einkasölunnar mundi hafa í hyggju að endurkrefja þær 2 kr., sem greiddar voru út á síldartunnuna síðastl. sumar.

Milli umr. hefir sjútvn. haft tal af öðrum skilanefndarmanninum, hr. Svafari Guðmundssyni. Var hann að því spurður, hvernig á því stæði, að reikningarnir voru gefnir út í þessu formi. Gaf hann það svar, að þá bæri ekki að skoða sem fullnaðarreikninga, heldur hefðu þeir verið gerðir til þess að viðskiptamenn Síldareinkasölunnar gætu kynnt sér það, hvað þeim væri talið til skuldar. Ég verð nú fyrir mitt leyti að segja, að mér finnst þetta svar alls eigi fullnægjandi.

Þá var hann spurður um hitt, hvort það væri tilætlun einkasölunnar, að krefja um endurgreiðslu á þeim 2 kr., sem borgaðar voru út. Svar hans við þeirri spurningu, sem var bókuð, var á þá leið, að um það hefði enn engin ákvörðun verið tekin. Hinsvegar kom það fram í viðtalinu við skilanefndarmanninn, að lánardrottnar í Kaupmannahöfn álitu, að Síldareinkasalan ætti kröfu á þá, er þar hefðu lagt inn síðastl. sumar og fengið eitthvað af því greitt, eða m. ö. o., að þeir yrðu að endurgreiða þessar 2 kr. Á honum sjálfum mátti skilja það, að hann teldi Síldareinkasöluna hafa verið „commissions forretningu", eins og hann mun hafa orðað það, og væri þá eðlilegt, að krafa kæmi fram um endurgreiðslu, þegar stofnunin gæti ekki fullnægt þeim kröfum, er á henni hvíla. Hann fékk það svar við þessu, að við teldum viðhorf Síldareinkasölunnar ekki sambærilegt við venjulega umboðsstarfsemi.

Ég vildi láta þessa getið, því þó að sjútvn. geri engar till. í sambandi við frv., þá er þó engan veginn úr því skorið enn, hvort gerðar kunna að verða kröfur um endurgreiðslu eða ekki.

Ég vil fyrir mitt leyti benda á það,

sem fulltrúinn líka kannaðist við, að ég tel ekki geta komið til mála, að ríkisstj. fari að krefja endurgreiðslu á þeim peningum, sem borgaðir voru fyrir síldina. Mér finnst þeirra hlutur, sem við hana skiptu, nógu rýr, þótt ekki sé við það bætt, að þeir verði að eiga í málaferlum svo árum skiptir máske með ærnum kostnaði út af þessu. — Ég býst við, að sjútvn., eða a. m. k. meiri hl. hennar líti á þetta eins og ég. Ef hæstv. stj. treystir sér ekki til að láta uppi ákveðið álit um þetta, þá verður að koma fram með till. til þál., svo að vilji þingsins geti skorið úr um þetta atriði.

Þá er það eitt enn í sambandi við líkvidation Síldareinkasölunnar, sem ég vil minnast á. Mér þykir það sem sé mjög athugavert, sem ég hefi fyrir satt, að muni vera gert, að skilanefnd láti afvatna gamla síld og „léttsalta“ hana síðan til sölu í Þýzkalandi. Ég býst við, að hæstv. stj. geti upplýst þetta betur. En mér þykir þetta varhugavert. Íslenzka síldin er að vinna sér fótfestu á þýzkum markaði. En Þjóðverjar vilja aðeins kaupa léttsaltaða síld. Harðsaltaða síld kaupa þeir ekki, þeim geðjast ekki að henni. En sá háttur var upptekinn af Síldareinkasölunni að léttsalta síld fyrir þýzkan markað. Voru þær tilraunir á góðum vegi með að vinna markað fyrir síld á Þýzkalandi. Ég hafði í vetur tækifæri til að kynna mér álit þeirra, sem síldarverzlun hafa með höndum í Þýzkalandi, á þessari léttsöltuðu íslenzku síld. Þeim bar saman um það, eins og líka kemur fram í skýrslum, sem ég hefi í höndum frá tveimur stórum innflutningsfirmum í Þýzkalandi, að talsverðir gallar hefðu verið á meðferð hennar og frágangurinn ekki sem fullkomnastur. Aftur eru tvö atr., sem til greina koma og mikla þýðingu hafa að því er sölu þessarar vöru snertir, og það er, að léttsaltaða síldin íslenzka er ódýrari en sú skozka og samkv. vísindalegum rannsóknum er hún auðugri að næringarefnum heldur en síldin frá keppinautum okkar. Þessi atr. eru þýðingarmikil og þau í sambandi við rétta meðferð á vörunni eru mjög líkleg til þess að vinna íslenzkri síld mikinn markað í framtíðinni. En sé sá háttur upp tekinn þegar á fyrsta stigi þessara sölutilrauna að taka t. d. harðsaltaða síld og afvatna hana og senda hana svo sem léttsaltaða á þýzkan markað, þó jafnvel að innflytjendurnir viti, að um allt aðra vöru er að ræða heldur en hæf er fyrir þeirra markað, þá er hætt við að neytendurnir úti um landið, sem fá þessa vöru, vitanlega undir íslenzku nafni, fái andúð á íslenzkri síld yfirleitt. Þetta getur stórspillt fyrir sölu á íslenzkri síld í framtíðinni. Ég vil því benda hæstv. atvmrh. á, að það mun sennilega alls ekki borga sig, þó Síldareinkasalan gæti látið sér verða eitthvað úr vöruleifum sínum, ef um leið er stofnað í beina hættu framtíðarmöguleikum til sölu íslenzkrar síldar í Þýzkalandi. En mér er ekki ugglaust um, að til þess sé efnt með aðgerðum skilanefndarinnar, vitaskuld með þeim málsbótum, að hún er að reyna að gera eitthvert verð úr síldarbirgðum einkasölunnar.

Það var minnzt á það við 2. umr. þessa máls af hv. þm. Borgf., hvort ekki væri full ástæða til þess að taka til rannsóknar stj. Síldareinkasölunnar á undanförnum árum og þ. á. m. þau atr., sem stj. að réttu lagi ber ábyrgð á. Ég man ekki til, að ég hafi heyrt nein skýr svör um þetta efni frá hæstv. atvmrh. En eins og hv. þm. Borgf. benti á, hafa átt sér stað þarna svo stórkostlegar misfellur, svo mikil misbeiting og hlutdrægni fyrir utan öll glappaskotin, að það stappar nærri siðleysi í opinberum efnum, ef slíkt er látið algerlega átölulaust. Ég skal t. d. nefna það, þegar einn af forstjórum einkasölunnar, Einar Olgeirsson, greiddi Þórði Flygenring 14 þús. kr., þó hann væri búinn að fá 7 kr. út á hverja síldartunnu eins og aðrir, og ætti því enga kröfu á einkasöluna fremur en aðrir, sem hún seldi fyrir. Þetta fór fram með svo mikilli leynd, að sjómennirnir, sem hjá þessum manni störfuðu fyrir norðan, vissu ekkert um það. Þegar þetta upplýstist löngu síðar, hafði einkasalan ekki önnur ráð en ganga að síldarinneign skips, sem þessi maður var framkvæmdarstjóri fyrir og láta það þannig borga brúsann. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það, hvernig stj. einkasölunnar hefir hagað sér öðruvísi en stj. slíkra fyrirtækja má gera. Sjómennirnir, sem í þessu

tilfelli urðu að blæða fyrir það, að hlutdrægni hafði verið beitt, eiga eiginlega kröfu á stj. einkasölunnar um bætur.

Ég vildi óska, að hæstv. atvmrh. vildi svara þeim atr., sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi, hvort hann sem atvmrh. vill leggja það til, að skilanefnd Síldareinkasölunnar hefji herferð á hendur viðskiptamönnum einkasölunnar, til þess að reyna að ná inn þeim tveimur og í sumum tilfellum þremur krónum, sem búið var að greiða fyrir hverja síldartunnu á síðastl. sumri. Í öðru lagi, hvort það er með samþykki stj., að verið er að senda til útlanda vöru, sem í raun og veru er ekki markaðshæf og því getur orðið til þess að spilla markaðinum í framtíðinni. Og í þriðja lagi, hvort hæstv. atvmrh. virðist, þrátt fyrir öll þau skakkaföll og öll þau dæmi um beina hlutdrægni, sem hent hefir verið á, að stj. Síldareinkasölunnar hafi farið þannig fram, að engin ástæða sé til þess fyrir ríkisstj. að skipta sér neitt af því.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi síðan 2. umr. fór fram ekki getað náð tali af nema öðrum skilanefndarmanni Síldareinkasölunnar. En út frá því viðtali held ég að mér sé óhætt að fullyrða, að skilanefndinni sé mjög óljúft að hefja rekistefnu til þess að ganga eftir þessum tveimur krónum, sem útgerðarmenn fengu útborgaðar á hverja tunnu. Það er rétt, sem hv. þm. Vestm. gat um, að komið hefir fram krafa um það frá útlendum kröfueigendum á hendur Síldareinkasölunni, að innheimta aftur það, sem búið var að greiða upp í síldina, en skilanefndin telur það alveg óframkvæmanlegt. Ég fyrir mitt leyti lét þá skoðun í ljós, að það væri alveg ómögulegt að fara inn á þá braut að reyna að krefja þetta inn, því sennilega hefði það ekkert upp á sig, og svo væri útkoman yfirleitt þannig, að ekki væri fært að bæta því ofan á allt hitt að fara að stofna til þess málarekstrar og gauragangs, sem af slíkri innheimtu mundi leiða. Ég mun halda fast við það, að þetta spor á ekki að stíga, og það er óhætt að segja, að skilanefndin er á sömu skoðun.

Hv. þm. Vestm. var að spyrjast fyrir um það, hvort stj. ætlaði að gera eitthvað í því að hefja sérstaka rannsókn út af stj. Síldareinkasölunnar. Um það hefi ég ekkert annað að segja en það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls út af ummælum hv. þm. Borgf. þá. Ég tel mér skylt að fara eftir þeim till., sem skilanefndin gerir á sínum tíma. Fyrirtækið og þau mál, sem það snerta, eru nú í hennar höndum og ég geri ráð fyrir, að þetta atr. komi til athugunar, þegar nefndin skilar af sér sínum störfum.

Um þriðja atr., sem hv. þm. Vestm. talaði um, á hvaða hátt skilanefndin reynir að koma síldarbirgðum einkasölunnar í eitthvert verð, hvort hún kemur henni á einhvern hátt á þýzkan markað, um það get ég ekki gefið neinar upplýsingar. Ég hefi ekki fylgzt með því í einstökum atr., með hvaða hætti skilanefndarmennirnir reyna að koma þessum vöruleifum í peninga; þeir hafa betri þekkingu á þeim efnum heldur en ég. Og hv. þm. Vestm., sem á sæti í sjútvn., hefði eflaust getað fengið upplýsingar um þetta atr. hjá þeim skilanefndarmanninum, sem tal átti við sjútvn. um þetta mál. Hinsvegar get ég eftir ósk hv. þm. spurzt fyrir um það, hvort síldarleifarnar eru seldar á þann hátt, að það gæti að einhverju leyti spillt sölumöguleikum í framtíðinni. En hv. þm. Vestm. mun vera það ljóst, að það er skylda skilanefndarinnar að hafa eins mikið og hægt er upp úr þessum vöruleifum. Og ég fyrir mitt leyti óttast það ekki að óreyndu, að hún geri neitt, sem spillir fyrir okkur í framtíðinni..

Pétur Ottesen: Það er ljóst af því, sem fram er komið í þessu máli, að meining skilanefndarinnar með því að skila frá sér reikningunum þannig, að þeir sýna aðeins úttekt, en ekkert innlegg, hefir verið sú, að halda opinni leið til þess að krefja inn það, sem einkasalan var búin að greiða út á síldina. Hitt hefir nú einnig komið fram, að skilanefndin mun nú sjá einhverja örðugleika á þessu, og jafnframt var það að heyra á hæstv. forsrh., að hann væri n. sammála hvað það snerti. En auk þess sem það væru fyrirsjáanlega miklir örðugleikar á slíkri innheimtu, og að það mundi ekki vera nema í örfáum tilfellum möguleikar á að fá þetta

endurgreitt, þá verð ég að segja það, að svo hraklega væri gengið að verki, ef fara ætti að endurkrefja þessa litlu útborgun, þann litla árangur, sem menn fengu af öllum kostnaðinum og allri fyrirhöfninni við síldveiðarnar á síðastl. sumri, að slíkt getur alls ekki komið til mála. Hvað sem skilanefndin álítur og hvað sem hæstv. stj. kann að álíta í þessu efni, þá er þetta svo mikilvægt atr., að Alþingi verður að gera sér grein fyrir því og búa svo um hnútana, að girt sé fyrir, að farið verði inn á þessa braut. Ef ekki fæst nægileg trygging fyrir því hjá skilanefndinni og ríkisstj., að ekki verði reynt að endurkrefja útborgunina, þá verður Alþingi að taka til sinna ráða og gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja algerlega að að því ráði sé horfið. Og það er fyrst og fremst sjútvn., sem ganga á úr skugga um allar fyrirætlanir í þessu efni og gera till. um það til þingsins, að eigi verði farið að heimta af mönnum aftur, og þá e. t. v. með fjárnámi í eignum manna, þessa litlu upphæð, sem greidd hefir verið út á síldina.

Hvað hitt atr. snertir, hvort hefja á rannsókn út af stj. Síldareinkasölunnar, þá verð ég að líta svo á, að þó sett væru sérstök lög um uppgerð einkasölunnar, þá hljóti gjaldþrot hennar að heyra undir þau almennu ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, að rannsókn skuli fram fara. Mér finnst það ekkert koma málinu við, hvað skilanefndin út af fyrir sig leggur til, að gert sé í þessu efni, heldur sé það beinlínis lagaskylda, að rannsókn fari fram. Þau lög, sem hér eru til umr., voru sett vegna þess, að gjaldþrot Síldareinkasölunnar er að sumu leyti nokkuð sérstaks eðlis að því leyti að það er alveg óvenjulega umfangsmikið, en lögin um gjaldþrotaskipti hljóta að taka til þessa gjaldþrots sem annara að því er fyrirskipaða lögreglurannsókn snertir.

Þriðja atr., sem hér hefir verið talað um, hvort skilanefndin hefir horfið að því ráði að taka harðsaltaða síld og afvatna hana og senda hana svo sem linsaltaða síld á þýzkan markað, virðist full ástæða til að taka til rækilegrar athugunar. Því það er nú svo, að þó oft hafi gengið illa síldarútvegurinn hér — að flestra dómi þó verst í tíð Síldareinkasölunnar — þá mun verða reynt að halda þeim atvinnurekstri áfram, og má því ekki gera neitt, sem teflt getur úr höndum okkar möguleikum til þess að afla vörunni markaðs erlendis. En nú stendur svo á, að því er ég ætla, að ekki er til neitt síldarmat í landinu. Það er því enginn til að dæma um það, hvort sú síld, sem nú er flutt á erlendan markað, er söluhæf eða ekki, hvort hún fullnægir þeim skilyrðum, sem Síldareinkasalan setti meðan hún sá um síldarmatið, og áður voru ákveðin með lögum. Það verður að taka fullt tillit til þess sérstaka ástands, sem hér er í þessu efni og gjalda varhuga við því, að gerðir séu þeir hlutir, sem geta valdið miklum erfiðleikum við síldarsölu í framtíðinni eða spillt sé þeim möguleikum, sem enn kunna að vera eftir til þess að selja íslenzka síld erlendis. Ég veit, að hv. sjútvn. er með frv. á prjónunum um síldarmat, sem sennilega verður að lögum. En það síldarmat, sem Síldareinkasölunni var falið að framkvæma, mun hafa fallið í gröfina með henni, og þess vegna er ekki um neitt löglegt síldarmat að ræða eins og sakir standa nú. (**Forsrh.**: Jú, það hafa verið gerðar bráðabirgðaráðstafanir).

Jóhann Jósefsson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu, að hann ætlar að halda fast við það, að ekki sé stigið það spor að heimta endurgreiðslu á því, sem Síldareinkasalan greiddi upp í andvirði síldarinnar á síðastl. sumri.

Aftur á móti er ég ekki vel ánægður með svar hans viðvíkjandi þeim útflutningi á afvatnaðri síld, sem mun hafa átt sér stað. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að athuga það, að það er með hagsmuni síldarútvegsins fyrir augum, að ég bendi á þessa meðferð á síldinni, og með það fyrir augum, að fyrir tveimur árum var íslenzk síld óþekkt á þýzkum markaði, en þegar Íslendingar tóku upp þá aðferð að léttsalta síldina eftir skozkri fyrirmynd, þá kom í ljós, að hún var mjög líkleg til þess að vinna sér álit á þýzkum markaði.

Mér kemur ekkert á óvart, þó hæstv. forsrh. viti ekki af þessum útflutningi persónulega og þó hann segist ekki hafa vit á þessu. En skilanefndin mun ekki heldur hafa mikið vit eða kunnugleika á

þessum málum. Þess vegna er sjálfsagt að athuga það, að ekki sé hér stigið neitt spor, sem spillt getur því góða áliti, sem íslenzk síld er að vinna sér á þýzkum markaði. Það mun alls ekki borga sig, þó eitthvað meira hefðist upp úr síldarbirgðum einkasölunnar með því móti. Hæstv. ráðh. lofaði nú að kynna sér þetta mál og vona ég, að það verði til þess, að allrar varúðar verði gætt. Ég vil taka það fram, að ég vissi ekkert um þennan útflutning, þegar skilanefndarmaðurinn sat fund með sjútvn. En þó ég hefði vitað um hann þá og rætt um hann þar, þá hefði ég einnig gert það hér í hv. d., því ég lít svo á, að hæstv. atvmrh. beri í raun og veru ábyrgð á því, hvernig allt þetta fer fram og þess vegna sé hér hinn rétti vettvangur til þess að benda á þau mistök, sem kunna að eiga sér stað.

Að lokum vil ég taka undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það á ekki að vera komið undir skilanefndinni, hvort rannsókn á að hefja út af gjaldþroti einkasölunnar, heldur eigi hin almennu lagafyrirmæli um þetta efni að gilda, og það mun enginn vafi leika á því, hvað hæstv. stj. ber að gera í þessu efni, ef eftir þeim er farið.

Einar Arnórsson: Ég geri ráð fyrir, að það orki ekki tvímælis, að hér sé um raunverulegt gjaldþrot að ræða. Í inngangsorðum bráðabirgðalaganna er talað um, að ef ekki væru gerðar neinar sérstakar ráðstafanir, mundi ekki annað verða uppi en þetta fyrirtæki yrði tekið til gjaldþrotaskipta samkv. gjaldþrotalögunum. Hygg ég því, að ekki geti verið neinn vafi um viðhorf málsins að þessu leyti. Afbrigðin frá hinu vanalega eru því þau, að í stað þess að einhver af lánardrottnunum heimti gjaldþrotaskipti, gefur fyrirtækið sig sjálft upp til skiptameðferðar. Því í raun og veru er það sjálfsuppgjöf, þegar stj. ákveður, að ríkisstofnun skuli tekin til skiptameðferðar, slíkrar sem hér greinir. En ef það orkar ekki tvímælis, að þetta sé venjulegt gjaldþrotabú með nokkrum afbrigðum um skiptameðferðina sjálfa þá orkar ekki heldur tvímælis, að ákvæði l. nr. 25 frá 1929 um rannsókn gjaldþrota eiga að koma hér til framkvæmda. Þar segir, að hver maður, sem úrskurðaður er gjaldþrota, skuli tafarlaust leiddur fyrir lögreglurétt, og á hann þar að gefa skýringar um tildrögin til þess, að svo er komið. Og í síðari málsgr. 7. gr. l. nr. 25 frá 1929 segir svo: „Sé um félag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurétti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna". Í 8. gr. segir. „Dómara ber að rannsaka fyrir lögregluréttinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort þrotamaður hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti". Svo er haldið áfram að setja ákvæði um það, hvað skuli gera eftir því hver árangur eða úrslit rannsóknarinnar hefir orðið.

Í sjálfum bráðabirgðalögunum, sem gefin voru út 9. des. síðastl., er ekkert, sem bendir á, að öðruvísi eigi að fara um stjórnendur Síldareinkasölunnar en aðra, sem í gjaldþroti lenda. Þar er þvert á móti tekið fram, að „öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skuli beitt eftir því sem unnt er". Þessi ákvæði um rannsókn á hendur forstjórunum lúta áreiðanlega ekki að sjálfri skiptameðferðinni. Ég hefi því getað búizt við, að rannsókn þessi stæði nú yfir eða væri jafnvel búin. Það er lítið jafnrétti að setja venjulega smágjaldþrota menn fyrir lögreglurétt jafnskjótt og bú þeirra er tekið til skipta, ef þessir menn eiga alveg að sleppa. Margir munu líta svo á, að þar sé gamla reglan á ferðinni, að láta smámennin fá sín makleg málagjöld, en þá stærri sleppa. Það er yfirleitt kynlegt að þurfa að ræða um það, hvort forráðamenn þessa stóra fyrirtækis eigi að inna af höndum þær skýrslur, er aðrir gjaldþrota menn verða að gera. Það er vanræksla, ef það er látið undir höfuð leggjast, og er reyndar þegar orðin vanræksla, því þetta átti að gera strax.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 468).

15. Útflutningur hrossa.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útflutning hrossa (stjfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Reynsla síðustu ára hefir fært flestum þeim, er einhver afskipti hafa af útflutningi hrossa, heim sanninn um það, að það er ekki allskostar gott að búa við þau lög, er gilda nú um það efni. Sum ákvæði þeirra laga eru orðin úrelt og gera þeim, er þessa vöru hafa, óeðlilega erfitt með að koma henni á markað.

Það er nú öllum kunn sú mikla breyt., er orðið hefir í seinni tíð með sölumöguleika á hrossum. Áður var venjulega tiltölulega létt að selja þau, en er nú orðið afarerfitt. Það bann, sem í gildandi lögum er lagt á útflutning hrossa frá 1. nóv. til 1. júní, er hart að þola, er svo vill til, að sölutilboð fæst t. d. í nóv. Er þá hart fyrir útflytjendur að geta ekki notfært sér þá björg, er býðst. — Þetta er aðalástæðan fyrir því, að þetta nýja frv. er fram komið, til þess að afnema þá hindrun sem lögin hafa lagt á útflutning hrossa. Hingað til hefir það verið svo, að næstum því hefir mátt segja, að yfirvöldin hafi orðið að loka augunum fyrir lögunum, til þess að svipta menn ekki þeirri björg, er boðizt hefir. Frv. er samið í samráði við dýralækni og með aðstoð þeirra manna, er fengizt hafa við útflutning hrossa. Vil ég leggja það til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr., en hún gæti síðan ráðfært sig við dýralækni og útflytjendur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 453).

Frsm. (Páll Hermannsson): Frv. þetta hefir legið lengi hjá landbn. Dráttur sá, sem orðið hefir á afgreiðslu þess, stafar af ýmsu. N. vildi gera sér sem ljósast grein fyrir till. þeim, sem hún gerði í málinu; leitaði hún því upplýsinga hjá ýmsum mönnum, er hún taldi kunnugasta í þessum efnum. Till. þær, er henni bárust, voru mjög á ýmsan veg. Af þeim mönnum, sem hún leitaði til, má nefna: dýralækninn í Rvík, ráðunaut Búnaðarfél. Íslands í hrossarækt og forstjóra útflutningsdeildar S. Í. S. Þó að till. þessara manna bæri ekki saman í öllu, þá kom samt mjög skýrt fram í þeim, að tillögumenn höfðu komið auga á þá staðreynd, að markaður fyrir íslenzk hross væri alltaf að þverra og væri nú orðinn sáralítill. Það var líka ljóst, að menn þessir höfðu litla von um, að hægt yrði að vinna nýjan markað fyrir hrossin undir því fyrirkomulagi, sem nú er og verið hefir á hrossasölunni. Fyrir því vildi n. með till. sínum beina málinu inn á þá braut, að framvegis yrði vandað betur til þeirra hrossa, sem flutt væru út úr landinu, bæði að því er gæði og útlit snertir — í einu orði sagt, hrossin gerð betri markaðsvara. Ennfremur vildi n. stuðla að því, að erlendir kaupendur fengju meiri tryggingu um gæði vörunnar en áður hefir átt sér stað. Í þessa átt stefna brtt. þær, sem n. hefir gert við frv.

Einn nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég hygg, að gildi aðeins um eitt ákvæði frv., en að öðru leyti mun hann vera okkur hinum sammála. Ég býst við, að sá hv. þm. geri grein fyrir, í hverju þessi fyrirvari er fólginn.

Brtt. okkar eru allar ljósar og auðskildar. Brtt. við 1. gr. gengur í þá átt að koma í veg fyrir, að flutt verði á erlendan markað yngri hross en 3 vetra gömul, en eins og þetta er orðað í frv., getur verið um það að ræða að flytja út 2 vetra hross. Er þetta gert sakir þess, að 3 vetra hross eru þroskameiri en 2 vetra, og því nothæfari vara þegar kemur til annara landa.

Önnur brtt. n. er ný gr. sem bæta á inn í frv., er mælir fyrir um það, á hvaða tíma árs skuli heimilt að flytja út hross og á hvaða tíma það skuli óheimilt. Samkv. þeirri gr. er gengið út frá því sem aðalvenju, að hross megi ekki flytja út á erlendan markað á tímabilinu frá 1. okt. til 1. júní ár hvert. Þó er gert ráð fyrir,

að á tímabilinu frá 1. marz til 1. júní, megi með sérstöku leyfi atvmrh. flytja út innigefin vel feit hross, og ætlast n. til, að þau séu í það góðu ásigkomulagi, að taka megi þau til notkunar strax og þau koma út.

Þá er 3. brtt. um það, hvernig skuli haga skrásetningu og merkingu þeirra hrossa, sem út eru flutt. Er ætlazt til, að það verði gert nánar en áður, og hefir n. hugsað sér, að það verði gert þannig, að samin verði skrá yfir hrossin í áframhaldandi töluröð, og samtímis fest við hvert hross spjald, þar sem tilgreint er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Geta þær upplýsingar orðið til tryggingar fyrir kaupandann. — 4. brtt. er aðeins afleiðing af hinni nýju gr.

Fimmta brtt. fjallar um þá galla og þau lýti, sem ekki mega vera á hrossum, sem útflutningur er leyfður á. Eru þar sett gleggri ákvæði um þá hluti en verið hafa áður.

Sjöunda brtt. er um það, að hækka sektarákvæðin fyrir brot gegn lögunum. Í frv. eru sektarákvæðin frá 50—1000 kr. En n. leit svo á, að brot gegn slíkum lögum sem þessum gætu verið þess eðlis, að 1000 kr. sektarhámark væri allt of lágt, ef t. d. um það væri að ræða, að heilir skipsfarmar yrðu verðlausir eða verðlitlir vegna vanrækslu gagnvart lögum þessum. Hún leggur því til, að hámarkið verði fært upp í 3000 kr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta nú og legg til, fyrir hönd landbn., að brtt. og frv. verði samþ.

Jón Jónsson: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þó að ég í raun og veru telji mál þetta litlu skipta, úr því, sem komið er, þar sem mjög lítið er orðið um sölu á hrossum út úr landinu, því að eins og kunnugt er, hefir sá mikli markaður, sem var fyrir íslenzka hesta allt frá 1870 til 1920, alltaf farið minnkandi síðustu 8 árin, svo að nú er helzt útlit fyrir, að hann hverfi með öllu, nema þá helzt fyrir hross, sem hafa einhverja sérstaka kosti. Þó að þannig sé nú komið um markaðinn, er vitanlega sjálfsagt að hafa lög um þessi efni, og því hefir stj. komið fram með frv. það, sem hér er til umr. nú, ásamt brtt. landbn. Þó að ég hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, þá er ég samt að mestu sammála n. um brtt. þær, er hún ber fram við frv. Það er aðeins eitt atriði, sem ég er í vafa um. Önnur brtt. kveður svo á, að ekki megi flytja út hross frá 1. okt. til 1. júní. Þó er með sérstakri undanþágu veitt heimild til þess að flytja út hross frá 1. marz til 1. júní. Samkv. brtt. þessari er því með öllu óheimilt að flytja hross út á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz. Ég veit nú vel, að það er ekki mikið um útflutning hrossa á þessu tímabili, enda ekki æskilegt, sérstaklega ef þarf að flytja þau langar leiðir á landi, áður en þau komast á útflutningshöfn, því að eins og kunnugt er, er þeim mjög þungt um allar hreyfingar á haustin og framan af vetri. Þó er það nú svo, að fyrir hefir komið, að hross hafa selzt til útlanda á þessu tímabili, og má því vel vera að það geti komið fyrir enn. Getur því verið vafamál, hvort rétt sé að banna með öllu útflutning þeirra þetta tímabil. Ég held því, að réttara væri að heimila atvmrh. að veita einnig undanþágu á þessu tímabili, frá 1. okt. til 1. marz.

Aths. þessa hefi ég gert eftir beiðni S. Í. S., sem telur æskilegt að fá þessa undanþáguheimild inn í lögin, því að öðrum kosti þyrfti að gefa út bráðabirgðalög, ef til kæmi með útflutning hrossa á þessu tímabili. Ég geri nú frekar ráð fyrir að koma með brtt. um þetta atriði við 3. umr., en þó hefi ég ekki fullráðið það enn, en ég vil a. m. k. vekja athygli hv. dm. á því, að þetta getur verið álitamál.

ATKVGR.

Brtt. 453,1.a samþ. með 8:1 atkv.

— 453,1.b. samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 453,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 453,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 453,4 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 453,5 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 453,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 453,7.a samþ. án atkvgr.

— 453,7.b samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496, 517).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 517. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Samkv. því, sem ég gat um við 2. umr., þá flyt ég nú lítilsháttar brtt. við þetta frv. Sú fyrsta er um að gera það mögulegt, ef ástæða þykir til, að útflutningur hrossa geti átt sér stað á tímabilinu frá 15. okt. til 1. marz. Eftir frv. eins og það nú liggur fyrir er þetta ekki heimilt, og eftir minni brtt. á þetta ekki heldur að vera heimilt, nema eftir sérstöku leyfi í hvert skipti. En ef það verður samþ., ætti leyfi atvmrh. að vera nóg hamla á útflutninginn á þessu tímabili, nema nauðsyn bæri til. Hinsvegar er það illt að loka alveg fyrir hann, jafn mikil þörf sem er á markaði fyrir íslenzk hross, ef slíkir möguleikar skyldu opnast, sem lítil von er þó um, því að yfirleitt eru lakar horfur um sölu á hrossum. Þó hefir sagt mér kunnugur maður, að ekki sé örvænt um, að þetta sé nokkuð að breytast, því að menn séu að snúast í þá átt í Danmörku að fara aftur að nota hross í stað véla, vegna kreppunnar — og jafnvel í Englandi líka.

Um leið hefi ég, samkv. ósk og ábendingu forstjóra útflutningsdeildar Sambandsins, flutt brtt. við 3. gr., um að skoðun samkv. 3. málsgr. sé ekki skylt að framkvæma, nema útflytjandi óski þess. Hann benti á, að það væri allmikill kostnaðarauki að skoða og tölusetja hvert hross, ef stór hópur væri fluttur út, en fyrir sölu almennt hefði það ekki neitt að segja, en þó gæti það skipt dálitlu fyrir söluna í einstökum tilfellum, að þetta væri gert, og því þykir mér rétt, að það sé lagt á vald útflytjanda sjálfs, hvort það skuli gert. Í samræmi við þetta og í framhaldi af því hefi ég orðað upp 7. gr. frv., þannig, að útflytjandi eigi kost á að fá hrossin skoðuð og tölusett.

Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þessar brtt., því að hér er ekki um neinar stórfelldar breyt. að ræða.

Úr því að ég stóð upp, vil ég leyfa mér að benda á eina villu í frv. Ég var hálfvegis að hugsa um að flytja fjórðu brtt., til þess að leiðrétta þessa villu, sem er í 1. gr. frv. Þar stendur í seinni málsl. orðið „tvævetur“, en á samkv. brtt., sem n. flutti og var samþ., að standa „þrevetur“. Vona ég, að þetta verði leiðrétt.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt., sem ég vona, að ekki sæti neinum andmælum.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er réttilega tekið fram hjá hv. 3. landsk., að þegar texti frv. var prentaður upp, á þskj. 496, þá hafði fallið niður ein brtt. n., sem samþ. var. Í b-lið 1. brtt. við 1. gr. frv. á þskj. 453, er farið fram á, að í 3. málsl. gr. breytist „tvævetur“ hross í „3 vetra“. Þessi till. var samþ. án atkvgr., en hefir gleymzt að taka hana upp í frv., þegar það var prentað upp. Ég hefi fært þetta í tal við skrifstofustjórann, og hann hefir lofað, að það skyldi verða lagað.

Hv. 3. landsk. flytur 3 brtt. á þskj. 517. Fyrsta till. er við 2. gr. frv. Maður gat náttúrlega átt von á þessari brtt., því að hv. þm. gat um það við 2. umr., að hann hefði í huga að bera hana fram. Hún fjallar um að nema í burt það algerða útflutningsbann á hrossum, sem í frv. er lagt til, að gildi um háveturinn, frá 15. okt. til 1. marz.

Ég verð nú að álíta, að það eigi ekki að flytja út hross á þessu tímabili — að það eigi ekki að flytja út markaðshross um hávetur, bæði vegna þess, að það getur svo farið, að þau séu svo illa útleikin, þegar þau koma á markaðinn, að þau séu ekki boðleg vara, því þau hljóta oft að sæta misjafnri meðferð á þessum tíma árs, af því að það verði ekki komizt hjá því vegna óhagstæðrar veðráttu, bæði í flutningnum á landi og á hafinu, og svo

vegna hins, að fari svo, að þessar skepnur verði fyrir barðinu á náttúruöflunum, þá finnst mér það heyra undir illa meðferð á skepnum.

Mér kom meira á óvart önnur brtt., þar sem hv. þm. fer fram á, að 3. málsl. 3. gr. falli burt. Þar eru, í 3. málsl., sem landbn. hafði sett í sínar brtt., settar nánari reglur um skoðun og merking hrossanna. Ég fæ nú varla skilið, að þessi ákvæði um að mæla og semja skrá yfir hin útfluttu hross og önnur þessi atriði, sem þar er talað um, hafi í för með sér mikinn kostnað. En þó hefir það auðvitað einhvern kostnað í för með sér, en ég held, að hann verði lítill. Og það getur varla vakað fyrir mönnum, ef þeir á annað borð vilja vinna hrossum bættan markað, og ef þeir telja þörf á því, að horfa þá í þennan kostnað. Ég held, að með því að fella niður, að það skuli skoða hrossin, merkja þau, mæla o. s. frv., sé alveg fallið frá því að leitast við að vinna íslenzk hross upp á erlendum markaði. Því eins og menn vita, þá er nú á öllum sviðum reynt að vinna vöru álit á markaðinum með mati, og sé það rétt aðferð, þá er undarlegt, ef það tekur ekki einnig til íslenzkra hrossa.

Þriðja brtt. stafar beinlínis af 2. brtt., svo ég sé enga þörf að ræða hana. En ég er á móti þessum brtt., sérstaklega 2. brtt. Maður getur sagt, að þar sem þarf að fá leyfi atvmrh. til útflutnings hrossa um háveturinn, þá kæmi það síður að sök. Hitt álít ég lakara, ef horfið væri frá því að stuðla að því með lagabreyt. þessari, að hrossamarkaður okkar erlendis gæti batnað.

Jón Jónsson: Mér fannst hv. frsm. ekki fara svo hörðum höndum um 1. brtt. mína, að það gæti ekki komið til mála, að hann gæti gengið inn á hana. Það yrði hér auðvitað ekki nema um einstaka undanþágu að ræða, enda er til ætlazt, að áður hafi verið settar reglur um meðferð hrossanna, bæði rekstur og annað, svo það ætti að vera tryggt, að þeim yrði ekki misboðið.

En hv. frsm. leit hornauga til 2. og 3. brtt. minnar og sagði, að þær kæmu í veg fyrir þá viðleitni, sem hafin væri með frv. til að vinna bættan markað fyrir íslenzk hross erlendis. Ég held, að ákvæði 3. gr. frv. muni nú stuðla lítið að því í flestum tilfellum, það eru ákvæði 5. gr., sem ætlað er að stuðla að því, og ég hefi ekki gert neinar brtt. við 5. gr. Og hinsvegar er gert ráð fyrir því í brtt mínum, að ef útflytjanda þykja líkur til, að skoðun, mæling og merking hafi áhrif á söluverðið, þá sé dýralæknir skyldur til að framkvæma það. Mér finnst því nógu tryggilega búið um það atriði með því að hafa þessi ákvæði í frv.

Pétur Magnússon: Ég vildi gera stutta aths. út af ræðu hv. 3. landsk. Fyrst vil ég þó geta þess, að ég er sammála öllu því, sem hv. frsm. sagði um frv., enda hefir n. yfirleitt fylgzt að og lítið borið á milli í þessu máli. En svo vil ég bæta því við, að ég tel það óheppilegt, sem lagt er til í brtt. hv. 3. landsk., að það skuli vera komið undir áliti útflytjandans, hvort gera skuli þá skrá, sem gert er ráð fyrir í 3. gr., að eigi að fylgja útflutningshrossum. Þau nánari ákvæði, sem sett eru um skoðun í frv., eiga að tryggja það, að kaupendur erlendis viti betur en ella myndi, að þau skilyrði séu fyrir hendi, sem hrossin samkv. samningi eiga að uppfylla. Þetta er gert til þess, að kaupandinn þurfi ekki að kaupa hrossin í blindni, heldur geti treyst því án nánari skoðunar, að þau svari þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. En það gæti verið, að útflytjandi, sem hefði glæpzt á því að kaupa léleg hross, vildi dylja það, til þess að bíða ekki tjón við það, ef hrossin svara ekki þeim skilyrðum, sem kaupendur erlendis gera. Þess vegna stuðlar þetta að því að vinna upp hrossamarkaðinn úti, og ef á að gera þá kröfu, að ekki séu flutt út nema vinnufær hross, þá er það óheppilegt að láta útflytjendurna einráða um það, hver hross megi flytja út. Ég vil því taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að það sé mjög óheppilegt, ef þessi till. verður samþ.

Hitt atriðið, hvort undanþágu er hægt að veita um að flytja út 2 vetra hross, álít ég, eins og hv. frsm., miklu minna um vert, en hygg þó, að það væri lakara að veita heimild til þess, svo framarlega sem hún yrði notuð.

Jón Jónsson: Ég skal taka fyrst það síðasta, sem hv. 4. landsk. minntist á, um útflutning 2 vetra hrossa. Þetta er einmitt samkv. till. n., svo að ég held, að þetta hafi eitthvað skolazt til hjá hv. þm. (**PM:** Ég bið afsökunar, ef mér hefir orðið mismæli, það var útflutningur að vetrinum, sem ég átti við). Já, það er öðru máli að gegna, en mér skilst þó, að n. leggi ekki mikið kapp á, að sú brtt. mín verði felld, og er henni náttúrlega þakklátur fyrir það.

Um hitt er það að segja, að ég býst ekki við, að þessi skrá, sem á að fylgja hrossunum, hafi mikið að segja í því efni að vinna markað fyrir íslenzk hross. Aðalatriðið í því efni er það, að ekki séu flutt út nema sæmileg hross. En að gera þessa skrá og það, sem þarf til að geta gert hana, er svo mikill kostnaður og svo mikil fyrirhöfn, að það er mikið vafamál, að árangurinn borgi þá fyrirhöfn. En þó mínar brtt. verði samþ., verður skylt að láta fara fram skoðun á hrossunum til að tryggja það, að ekki sé leyfður útflutningur nema á þeim hrossum, sem eru sæmileg vara.

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er bara í sambandi við það, að hv. 3. landsk. taldi mundu stafa tilfinnanlegan kostnað af ákvæðum frv. eins og þau nú eru. Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að það sé skylt, að dýralæknir skoði hrossin, þegar þau eru flutt út. Gæti það varla skoðun kallazt, nema hendur væri hafðar á hverju hrossi. Nú, og úr því búið er að beizla hrossið á annað borð, þá held ég, að það verði ekki mikill kostnaður við að bregða á það máli. (**JónJ:** Þau verða nú varla beizluð). Hv. dm. þurfa því ekki að vera hræddir við þann kostnað, sem af þessum ákvæðum frv. leiðir, né að það gætu stafað nein óþægindi af þeim.

ATKVGR.

Brtt. 517,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, JakM, JónJ, EÁrna, GÓ.

nei: GL, IP, JBald, JónÞ, MT, PH, PM, BSn.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Brtt. 517,2 felld með 8:3 atkv.

— 517,3 sjálffallin.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 496).

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 496, n. 699).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það er að vísu ekki þörf á að halda langa ræðu um þetta frv., en þó þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum. Landbn. hefir ekki að þessu sinni gert við það neinar brtt., en leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Þetta frv. hefir ákvæði lík því, sem voru í gömlu l. frá 1915, þau, að ekki megi flytja út hross að vetrarlagi. En þó er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að flytja megi út hross 4—10 vetra á tímabilinu frá 1. marz til 1. júní. Er það ákvæði linun frá því, sem var í l. frá 1915. Aftur á móti er hert á ákvæðunum um, að ekki megi flytja út hross tveggja vetra. Í breyt. frá 1930, sem gerð var á l. um útflutning hrossa, er svo ákveðið, að flytja megi út 2 vetra hross, ef þau eru falleg og ekki lægri en 48 þuml. Þessu ákvæði er nú kippt burt og aðeins heimilaður útflutningur á þeim, ef um sölu á einstökum hrossum er að ræða í sérstökum tilfellum. Það er við þetta atriði, sem n. ráðgerir, ef til vill, að koma fram með brtt. við 3. umr. og sem mundi þá lúta að því að færa þetta í sama horf og var í viðbótarl. frá 1930. En út í það mál skal ég ekki fara lengra nú, þar sem n. hefir enn ekki tekið fasta ákvörðun um þetta.

Það er því miður hætt við því, að þó

að þessar breyt. séu gerðar á l., þá verði þær ekki til þess, að landsmenn fái betri markað fyrir hross sín. Sá markaður virðist alltaf vera að þrengjast, og síðustu árin hefir mjög lítið verið flutt út af hrossum. Sumir álíta, að möguleikar muni geta orðið um sölu reiðhrossa til Danmerkur. Má vera, að þær vonir rætist. Væri það líka mikilsvert fyrir okkur, ef aðrar þjóðir lærðu að meta hina lipru og knáu íslenzku reiðhesta, sem nóg er til af og alltaf er hægt að ala upp. — Ég hefi svo ekki fleira að segja. Ég get endurtekið, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr.

Pétur Ottesen: Það er aðeins stutt fyrirspurn til hæstv. atvmrh. Eins og hv. frsm. tók fram, þá hafði landbn. það eitt að athuga við frv. eins og það er nú, að líta mætti svo á eftir orðalagi 1. gr., að stj. teldi sig svo bundna af orðalagi hennar, að hún treysti sér ekki til að veita undanþágu um útflutning á t. d. 2 hrossum, nema um eitt og eitt hross væri að ræða, en teldi sér hinsvegar ekki fært að veita slíka undanþágu, ef um dálítinn hóp hrossa væri að ræða. Það gæti hugsazt, að hægt væri að selja dálítið af tvævetrum hrossum til útlanda, t. d. til Svíþjóðar, ef þau eru stór og falleg. Ég teldi því varasamt að taka alveg fyrir þann möguleika, ekki sízt á jafnerfiðum tímum og nú eru og þar sem engin hætta væri á, að þetta spilli fyrir markaðinum að öðru leyti. — Ég vil því spyrja hæstv. atvmrh. um það, hvort hann teldi stj. fært að veita slíka undanþágu, þó um nokkurn hóp hrossa sé að ræða. Ef hæstv. ráðh. treystir sér til að svara þeirri spurningu játandi, þá er síður ástæða til að breyta frv., enda gæti þá svo farið, ef því verður breytt, að það dagi uppi á þessu þingi.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil, vegna fyrirspurnar hv. þm. Borgf., geta þess, að minn skilningur á ákvæðum 1. gr. frv. er sá, að þau séu ekki svo þröng, að þau útiloki það, að flytja megi út smáhópa af tveggja vetra hrossum. Og ég geri ráð fyrir, að ég sem atvmrh. muni túlka þau ákvæði á þann hátt, ef til kemur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að landbn. væri ekki vel ánægð með takmörkun þá, sem er í 1. gr. frv. að því er snertir aldur útflutningshrossa. Gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Atvmrh. getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra eða yngri en 3 vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því".

Eftir orðanna hljóðan má skilja þetta svo, að atvmrh. megi ekki veita undanþágu frá þessu aldurstakmarki útflutningshrossa nema fyrir einstök hross, eitt, tvö, þrjú í einu, eða svo. N. hafði því gert ráð fyrir að flytja brtt. við þetta ákvæði við 3. umr. En hæstv. atvmrh. lét það í ljós, út af fyrirspurn frá hv. þm. Borgf., að hann mundi geta veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu fyrir stærri hópa, þó að orðalagi gr. væri ekki breytt. Þess vegna sér n. ekki ástæðu til þess að flytja brtt., en vill láta þess getið, að það er hennar vilji, að hæstv. atvmrh. noti undanþáguheimildina á þann veg, sem hann talaði um í ræðu sinni. Hún telur mjög æskilegt, að hæstv. stjórn sæi sér fært að veita undanþágu um að flytja út eldri og þó einkum yngri hross en til er tekið í gr., ef færi gæfist með sölu, og þótt um nokkurn hóp væri að ræða.

Býst ég líka við, að eins og nú standa sakir, muni hæstv. atvmrh. gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að gera hverja þá vöru seljanlega, sem unnt er að selja til útlanda. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að tala um þetta frekar, en legg til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins tjá mig alveg samþykkan þessum skilningi hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 750).

16. Háskólabygging.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingu fyrir Háskóla Íslands (stjfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. hefir legið tvisvar fyrir hv. d. og tvisvar verið samþ., að kalla má með samþykki allra. Að vísu hafa komið tveir nýir þm. í hv. d. við síðustu kosningar, en slíkt ætti ekki að hafa nein áhrif á afstöðu deildarinnar, þar sem frv. er borið fram næstum því alveg óbreytt. Ein smábreyt. hefir þó verið gerð á frv., og hún er sú, að í 1. gr. eru ákveðnar 600 þús. kr. til háskólabyggingarinnar, annaðhvort eftir því sem fé er fyrir hendi eða með lánsheimild. Þetta um lánsheimildina hefir nú verið fellt niður, enda skiptir það ekki máli, þar sem þingið getur hvort sem er veitt slíka heimild er því sýnist. Það hefir verið sýnt nægilega fram á það í grg. frv., að æskilegt sé, að það verði að lögum, þótt ekki sé líklegt, að ríkissjóður leggi í þessar né aðrar stórframkvæmdir eins og nú árar. Fyrst þegar frv. þetta er orðið að lögum reynir á, hvort Rvík vill láta af höndum spildu þá vestan við skemmtigarðinn, sem komið hefir til greina handa háskólanum. Þar með væri staðurinn ákveðinn, og við það væri mikið unnið, ekki síst vegna stúdentagarðsins, sem bíður eftir því, að háskólanum sé valinn staður. En þar er töluvert fé fyrir hendi, sem kunnugt er. Auk þess þarf þetta nokkurra ára undirbúning af hendi háskólans sjálfs, og er því að öllu leyti æskilegt, að mál þetta nái sem fyrst fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 232 og 244).

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Þetta mál hefir legið tvisvar fyrir hv. d. áður og er því gamalkunnugt, svo að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Tilgangur frv. er vitanlega sá, að stuðla að því, að háskólinn fái betra húsnæði heldur en hann hefir nú, og því er auðvitað ekki hægt að neita, að mjög æskilegt væri, að hann gæti fengið það sem fyrst. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir í frv., að ráðizt verði í húsbyggingu fyrir háskólann þegar í stað, heldur mun hugmyndin vera sú, að binda hendur komandi þinga til þess að leggja fram fé til byggingarinnar. Það getur verið þörf á því í einstöku tilfellum að ákveða fyrirfram, að fjárveitingarvaldið skuli leggja fram fé til þessa eða hins á komandi árum, sérstaklega þegar um er að ræða stuðning til atvinnuveganna, eða hvatning til þeirra um framkvæmdir (jarðabótastyrkur), sem kemur til með að bera arð, en þó held ég, að búið sé að gera of mikið að því að binda þannig tekjur ríkissjóðs. A. m. k. tel ég ástæðu til, áður en farið er lengra í því efni, að athuga vandlega hvort brýn nauðsyn er á því í hverju einstöku tilfelli. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð nauðsyn á því að binda hendur komandi þinga með lögum um það, hvenær skuli veita fé til háskólabyggingar. Mér finnst nægur tími til að taka ákvörðun í því efni þegar fært þykir fjárhagsins vegna að ráðast í framkvæmdir.

Það sem sérstaklega kemur mér til þess að vera mótfallinn því nú, að fjárveitingarvaldið sé nokkuð bundið með sérstökum lögum, eru þó þeir ægilegu tímar, sem nú standa yfir og við sjáum enn ekki fram úr. Það eitt er næg ástæða til þess að fara varlega hvað snertir ákvarðanir fram í tímann. Aftur má segja, að gott sé að málinu sé haldið vakandi og unnið að undirbúningi þess, því einhverntíma kemur að því, að ráðizt verður í háskólabyggingu. Sérstaklega er það

eitt atriði í undirbúningi málsins, sem er mikilsvert, og það er, að háskólanum sé tryggður staður, sem hentugur er fyrir væntanlegar byggingar hans. Það kom fram í n., sem mál þetta hafði til meðferðar á þingi 1930, að tekið var líklega í það af borgarstjóranum hér, að Rvík legði fram land handa háskólanum, þó ekkert bindandi loforð væri gefið í þá átt. Nú væri vitanlega æskilegt, að betur væri frá þessu gengið og leitað eftir ákveðnu tilboði frá Rvík. Fengist það, mundi það mjög flýta fyrir því, að í byggingu yrði ráðizt, hvenær sem hagur ríkissjóðs leyfir. En eins og nú standa sakir, er óheppilegt, að þingið bindi sig til að leggja fram fé á tilteknum tíma. Út af öllu þessu hefir meiri hl. n. komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leiti hjá bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðinna tilboða um land á hentugum stað til handa háskólanum og leggi árangurinn af þeirri málaleitun fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, fyrr en þá að andmæli eru fram komin.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Hv. frsm. meiri hl. tók réttilega fram, að frv. þetta hefði legið fyrir þessari hv. d. á tveim undanförnum þingum. Á þeim báðum var frv. samþ. hér í hv. d., en í Nd. hefir ekki unnizt tími til að afgreiða það. Ég hefi ekki getað komið auga á, að það liggi nú fyrir neinar ástæður, sem því gætu valdið, að ekki megi samþ. frv. nú eins og áður. En á hitt má að sjálfsögðu benda, að ekki er sama útlit fyrir, að fljótlega verði hafizt handa til framkvæmda eins og kann að hafa verið á þinginu 1930, því nú er mönnum orðið ljósara, að þröngt muni verða fyrir dyrum hjá ríkissjóði á næstu árum og lítið um fjárframlög til kostnaðarsamra stórfyrirtækja. Þrátt fyrir það hefi ég ekki getað fallizt á að vísa frv. frá með rökst. dagskrá. Mér finnst, að sömu ástæður séu til að samþ. það nú eins og verið hafa. Mér skilst, að með frv. eigi að tryggja það tvennt, að nauðsynlegur undirbúningur fari fram að byggingu háskólans, og að hafizt verði handa á sínum tíma. Þetta sama finnst mér vaka fyrir hv. meðnm. mínum. Í þeirri rökst. dagskrá, sem þeir flytja hér, er gert ráð fyrir, að undirbúningur að háskólabyggingu fari fram. Samkv. því hlýtur hv. meiri hl. n. að ætlast til, að ráðizt verði í að byggja yfir Háskóla Íslands áður en langt um líður, því annars væri undirbúningurinn þýðingarlaus.

Ég fæ því ekki séð annað en að það sé alveg jafnréttmætt nú eins og áður að samþ. þetta frv. Hinsvegar hefi ég, með hliðsjón af núverandi fjárhagsörðugleikum, leyft mér að bera fram brtt. í þá átt að rýmka um tímatakmörk frv. Ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að byrja á byggingunni árið 1934; aftur á móti finnst mér engin fjarstæða að gera ráð fyrir, að byrjað verði árið 1936. Þó að í brtt. sé gert ráð fyrir, að verkinu verði seinna lokið heldur en í frv. er ákveðið, held ég, að ekki þurfi beinlínis að óttast það, því ef fé og vilji yrði fyrir hendi til þess að ljúka verkinu fyrr, yrði það eflaust gert.

Ég legg það því til, að mínu leyti, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 244.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég verð að segja, að mér voru það nokkur vonbrigði, að hv. meiri hl. n. tók þá afstöðu til þessa frv., sem hann hefir gert, með því að áður hefir verið gott samkomulag um málið hér í hv. Ed. og hún hefir samþ. það fyrir sitt leyti á tveim þingum, þó það hafi ekki orðið útrætt í hv. Nd. Ég ætla því að fara nokkrum orðum um frv. nú frá mínu sjónarmiði, þó það hafi nokkuð verið rætt áður.

Upphaflega hugmyndin að því að leysa þetta mál á þann veg, sem hér er gert ráð fyrir, var sú, að með frv. væri gerð áætlun, bundin við sæmilega langan tíma, og sem stillt væri í hóf hvað snertir dýrleika og stærð fyrirhugaðrar byggingar. Nú hefir frv. og meðferð þess í þinginu beint málinu inn á nýja braut, aðra heldur en áður var tilætlunin að fara. Áður var nefnilega gert ráð fyrir að byggja yfir háskólann inni í bænum. Honum var ætluð mjög takmörkuð lóð uppi við Skólavörðu, þar sem ekki hefði verið hægt að bæta neitt verulega við byggingar hans í

framtíðinni. Nú hefir háskólaráðið og leiðandi menn bæjarins fallizt á, að heppilegra væri að gera ráð fyrir, að háskólinn okkar verði lengi að vaxa og miða fyrstu byggingu hans við þarfir líðandi stundar, en tryggja honum þegar nægilegt landrými til frambúðar. Vinsældir þessarar hugmyndar urðu til þess, að stúdentagarðsnefndin hætti við að byrja á byggingu stúdentagarðsins uppi við Skólavörðu, þar sem hann átti að standa rétt við hliðina á væntanlegri háskólabyggingu. Það var þó dálítið óþægilegt, því búið var að leggja í kostnað við undirbúning á lóðinni, kostnað, sem ekki er hægt að búast við, að fáist aftur greiddur, því ekki er víst, að sá undirbúningur komi þeim byggingum öðrum að notum, sem þarna verða byggðar í framtíðinni. Nú má vera, að dregizt hefði að byggja stúdentagarðinn hvort sem var, vegna yfirstandandi fjárhagsörðugleika, en á hinn bóginn er mesta þörf á, að sú stofnun komist sem fyrst á fót. Og stúdentagarðsnefndin hefir þegar talsvert fé til umráða, svo hún gæti látið byrja á framkvæmdum, ef hallazt væri að því ákveðið að byggja ekki eina stóra byggingu, heldur fleiri smábyggingar. Það, sem nú stendur á, er því að fá ákveðinn stað fyrir háskólann. Áður en það er gert getur n. ekki aðhafzt meira en hún er búin. Það var því vel hægt að hugsa sér gang málsins á þann hátt, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, síðan væri gengið frá lóðarsamningi við bæinn og svo liði eitthvað af árum þangað til hægt yrði að hefja framkvæmdir, en rannsókn viðvíkjandi háskólabyggingunum væri haldið áfram og fyrsta byggingin yrði stúdentagarðurinn. Með því að samþ. dagskrá hv. meiri hl. n. væri málinu skotið á frest. Meira að segja er ég hræddur um, að ekki yrði eins auðvelt að fá samkomulag við bæjarstj. á þeim grundvelli.Ríkisstj. yrði þá að leitast við að fá bæjarstj. til að binda sig til að leggja fram töluvert land, án þess að Alþingi hafi sýnt nokkra viðleitni eða tekið aðra ákvörðun um málið en að spyrja bæinn, hvað hann vilji leggja fram. Bæjarstj. hefir tekið mjög vel í þetta mál. Borgarstjóri hefir látið orð falla í þá átt, að bærinn mundi jafnvel fús til að leggja fram stærra land heldur en farið er fram á í frv., því svo hagar til, að landspildan, sem um er að ræða, er stærri heldur en tiltekið er hér. Þetta efast ég um, að hv. meiri hl. n. hafi verið ljóst, og segi ég það ekki honum til lasts. Að samþ. dagskrá hans væri sama og að svæfa málið, a. m. k. á þessu þingi. Og það tel ég ekki allskostar kurteist gagnvart Reykjavíkurbæ, sem eðlilega á oft í erjum við þing og stjórn út af sínum hagsmunamálum, en hefir sýnt sérstaklega mikla víðsýni í þessu máli.

Þá er annar liður þessa máls, nefnilega sjálfur undirbúningurinn. Ég álít sjálfsagt, að þessi ár, sem ekki er hægt að byrja á verkinu, verði gerður eins mikill og góður undirbúningur og hægt er. Það er mjög áríðandi fyrir alla framkvæmd málsins að ákveða nú þegar, hvernig byggingunni skuli háttað, eða a. m. k. hugsa sér heildarskipulagið, hvar aðalbygging háskólans á að koma, og hvar t. d. stúdentagarðurinn kæmi þar við. Ég geri að vísu ráð fyrir, að hvað gott plan sem gert væri að þessu nú, mundi verða breytt í ýmsum atriðum þegar til framkvæmda kæmi, en engin drög hafa verið gerð að slíku plani enn. Reynslan hefir sýnt það erlendis, að slíkar stórbyggingar þurfa langan og mikinn undirbúning.

Í fyrra hafði ég tækifæri til þess að kynna mér þetta, bæði í Danmörku og Svíþjóð. Í Árósum er þessu svo fyrir komið, að bærinn leggur til stórt, samfellt land í útjaðri borgarinnar, og svo hefir farið fram samkeppni milli húsameistara um niðurskipun landsins og fyrirkomulag bygginganna, löngu áður en byrja átti á mannvirkinu. Svipað er fyrirkomulagið með háskólann í Stokkhólmi, sem er mjög vel búið að og er alltaf að færa út kvíarnar. Yfirleitt þurfa slík mál langan tíma til undirbúnings, ef á að takast að leysa þau vel af hendi. — Ástæðan til þess, að ég miða tímann við 1940 er sú, að þar sem allir flokkar virðast telja það sjálfsagt, að um það leyti taki land okkar alla stjórn sinna mála til sín, tel ég það ekki vansalaust, að eini háskólinn í landinu skuli ekki eiga þak yfir höfuðið fyrir þann tíma. Og ég tel það metnaðarmál fyrir þjóðina, að leysa

þetta mál eftir því sem kringumstæðurnar leyfa, einmitt á þessu árabili. Og ég geri ráð fyrir því, að meiri hl. hv. þm. sé þessu samþykkur og láti ekki yfirstandandi erfiðleika vaxa sér svo í augum, að þeir leiðist til þess að slá máli þessu á frest. Þetta frv. er líka frekar samið sem áætlun en bindandi löggjöf, þar sem það er tekið fram í frv., að verkið skuli framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Þetta ætti að nægja til þess að þagga niður ótta þeirra manna, sem héldu, að yrði lagt út í þann stóra kostnað, sem af þessum framkvæmdum leiðir, einhverntíma þegar verst gegndi fyrir ríkissjóð. Þótt erfiðleikarnir séu miklir, þá má þó ekki nota þá sem ástæðu til þess að slá á frest undirbúningi mála, sem fyrr eða síðar verða að fá viðunandi afgreiðslu. Gott dæmi um þetta er bygging landsspítalans. Hefði ekki verið farið að hreyfa við því máli fyrr en 1925, þegar byrjað var á byggingunni, hefði verið óhugsandi, að þá hefði nokkuð verið hægt að framkvæma. Nei, slík mál þurfa margra ára nákvæman undirbúning. — Ég mun greiða atkv. með brtt. hv. minni hl. n., því að hún tekur skynsamlegt tillit til yfirstandandi erfiðleika, án þess að breyta meðferð málsins svo, að það verði að fresta því um óákveðinn tíma.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. frsm. minni hl. hélt því fram, að sama ástæða væri til þess að samþ. þetta frv. nú og áður. En samt hefir eitt stórt atriði komið fram síðan 1930, og það er sú voða kreppa, sem við eigum nú við að búa. En skv. brtt. hv. frsm. get ég ekki annað séð en að einnig hann gjóti hornauga til kreppunnar, þar sem hann vill lengja tímann, sem áætlaður er til framkvæmda, og með þeirri tilslökun við fjárveitingarvaldið að gefa því kost á að skipta fjárveitingum sínum niður á fleiri ár, hefir hann eiginlega gengizt inn á skoðanir okkar, sem berum fram rökst. dagskrána, og rök okkar fyrir því, að ekki muni gerlegt að samþ. frv. nú.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að hér hefði verið samkomulag um þetta mál áður, og að meðferð n. hefði því orðið honum vonbrigði. Í fyrra hreyfði ég þó andmælum við því að binda endilega framkvæmdirnar við þennan tíma, einmitt af því að ég var farinn að eygja kreppuna. Og ég skil ekki, að hæstv. ráðh. geti búizt við, að ég hafi nú aðra skoðun á þessu, þegar kreppan er komin í algleyming. — Það, sem hæstv. ráðh. talaði um stúdentagarðinn, var allt saman gott og blessað. Ég sé ekki, að Alþ. geti gert annað viðvíkjandi honum en að sjá til þess, að ákveðið skuli sem fyrst, hvar eigi að byggja háskólann. Og það þarf að tryggja honum stað með samningum við Reykjavíkurbæ, sem allra fyrst, helzt fyrir næsta Alþ. Það er vel sennilegt, að byrjað verði á byggingu stúdentagarðs áður en byrjað verður á háskólanum sjálfum, því að nú þegar mun hafa safnazt mikið fé til þeirrar byggingar. En ég tel það mikið vafamál, hvort rétt sé, þegar ekki er meira til af erlendum gjaldeyri en nú, að ráðstafa því litla, sem við höfum, í stórbyggingar, sem vel mega bíða betri tíma. Hæstv. dómsmrh. hélt því fram, að með till. okkar væri málinu skotið á frest og komið í veg fyrir nauðsynlegan undirbúning. En þetta er ekki rétt. Einmitt í rökst. dagskránni, sem við hv. 6. landsk. berum fram, er tekið fram, að fenginn skuli staður fyrir þessar byggingar hið allra fyrsta fyrir næsta þing. En í frv. er ekki vikið að því með einu orði, að þegar skuli hefja undirbúning í þessu máli. Það er látið þar alveg óumtalað. Og ég get ekki annað séð en að það sé eins innan handar fyrir stj. að láta undirbúa þetta mál, þótt sú afgreiðsla á þessu frv., sem við förum fram á, nái að ganga fram. Ég get ekki séð, að í till. okkar felist nokkur ókurteisi gagnvart Reykjavíkurbæ, þótt bornar séu fram spurningar þess efnis, hvað bærinn muni vilja af mörkum leggja til þess að háskólinn komist sem fyrst upp. Ég lít svo á, að það séu ekki lítil hlunnindi fyrir Rvík að hafa allar helztu menntastofnanir landsins hjá sér, og nauðsynin á því að fá stað ákveðinn er mjög brýn, því að ekki er ómögulegt að á næstunni verði byrjað á stúdentagarðinum, þar sem stúdentar láta af því, að talsvert mikið fé hafi þegar safnazt til hans. En það er að byrja á röttu endanum, að fá fyrst landið tryggt, og síðan fara að bollaleggja, hvenær byrja skuli að reisa.

Frsm. minni hl. (Páll Hermannsson): Hv. frsm. meiri hl. hafði það eftir mér, að nú væru allar sömu ástæður til þess að samþ. þetta frv. og áður, en samt væri ég að „gjóta hornauga“ til kreppunnar. Ég sagði, að allar sömu ástæður væru fyrir hendi nú að samþ. þetta frv. og áður, að undanskildum fjárhagsörðugleikunum. Og það stend ég við, að ég álít það skyldu okkar að koma háskólanum í sæmileg húsakynni undir eins og fjárhagur leyfir. En ég bar brtt. mína einmitt fram af því, að ég var mér fyllilega meðvitandi um það vandræðaástand, sem er afleiðing kreppunnar. En ég get ekki betur séð en að hv. frsm. meiri hl. „gjóti hornauga“ til þarfa háskólans, þar sem hann vill, að eftir eitt ár liggi fyrir fullgerður samningur um landnæði og annan undirbúning fyrir bygginguna, en vitanlegt er, að slík mál þurfa rækilegan undirbúning. Ég hefi sjálfur enga sérstaka ástæðu til þess að bera fyrir brjósti háskólabyggingu, en mér finnst, að það ætti að vera öllum metnaðarmál að láta Háskóla Íslands ekki búa við verri húsakost en flestar aðrar menntastofnanir landsins. Og verði þetta frv. ekki samþ., þá fara að minnka þær vonir, sem menn hafa gert sér um það, að bætt verði úr þessari þörf æðstu menntastofnunar landsins af núv. kynslóð. Og ég vona, að álit hv. d. á þessu frv. hafi ekki breytzt þrátt fyrir þau mannaskipti, sem orðið hafa í henni á síðasta ári, og að hún vilji hjálpa þessu máli áfram til góðrar afgreiðslu.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég get ekki séð, að háskólinn sé nokkru nær því að fá húsnæði, þó að þetta frv. verði samþ., og sú ástæða hv. frsm. minni hl. er því afarléttvæg. Ég fæ ekki séð, að nokkuð það sé í frv., sem geti flýtt fyrir þessu máli. Það eina í frv., sem gæti bent til þess, er það, að með samningum við Reykjavíkurbæ á að tryggja háskólanum lóð, en það er alveg eins hægt með dagskrártill. hv. meiri hl. Það fer auðvitað eftir fjárhag ríkissjóðs, hvenær byrjað verður á þessari byggingu. Og ég er sannfærður um, að Reykjavíkurbær telur sig ekki vitund móðgaðan af dagskrártill., a. m. k. væri engin ástæða til þess að móðgast frekar af henni en frv. sjálfu. Í báðum tilfellum er farið fram á það sama, að Reykjavíkurbær leggi fram sem fullkomnasta lóð handa háskólanum, án nokkurra skuldbindinga í móti. Mér er ekki ljóst, að tilgangurinn með þessu frv. sé annar en sá að hræsna áhuga fyrir þessu máli, og er sannarlega ekki mikið fyrir það gefandi.

En það er eitt atriði í frv., sem mér finnst að mundi geta skipt talsverðu máli, en það er alveg óviðkomandi háskólanum. Í 3. gr. frv. er stj. gefin heimild til þess að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar. Mér er ekki kunnugt, hvort stj. hefir nú þegar heimild til þess að reisa slíkar heimavistir fyrir kennaraefni, en sé því svo varið, er hér ekki um annað að ræða en það, að þessar heimavistir verði byggðar á lóð háskólans. En sé þarna farið fram á heimild til byggingar á slíkum heimavistum, þá er það allt annað mál en það sem frv. hljóðar um, og lítt skiljanlegt, hvers vegna því er slengt þarna saman. En það væri ágætt að fá upplýst hjá hæstv. stj., hvort þarna er verið að fara fram á nýja heimild eða ekki.

Ég ætla að lokum að endurtaka það, að ég álít frv. alveg tilgangslaust, og að allt það sama fengist, þó að dagskrártill. hv. meiri hl. yrði samþ.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Mér fannst það vel viðeigandi, að hv. 1. þm. þessa bæjar skyldi standa upp og lýsa skoðun sinni í þessu máli. En ræða hans fór í alveg sömu átt og stefna þessa hv. þm. og flokksbræðra hans hefir verið áður. Yfirleitt virðist hv. þm. og flokkur hans kunna því illa, að við þessu máli sé hreyft.

Háskólinn okkar var stofnaður 1911. Hann hefir alltaf orðið að vera í húsi, sem ætlað er til allt annarar notkunar, og ég vil taka undir með hv. frsm. minni hl. um það, að ekki er vansalaust, að æðsta menntastofnun Íslendinga skuli eiga við svo bágborin húsakynni að búa sem raun ber vitni. En það er segin saga, að sá flokkur, sem hv. 1. þm. Reykv. nú er í, hefir alltaf haft ýmigust á þessu máli, og

vill ekkert fyrir það gera. Það má þó undarlegt heita, þar sem sá flokkur er í meiri hluta í bæjarstj. Rvíkur, og væri því ekki óeðlilegt, að þeir hefðu áhuga fyrir því, sem yrði bænum til sóma og prýði. En ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir þá glöggu afstöðu, sem hann með ræðu sinni tók til þessa máls, og verð ég að segja, að hún er í fyllsta samræmi við þann áhuga fyrir sönnum þjóðþrifamálum, sem hefir einkennt störf þessa hv. þm. hér á Alþ.

Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál; ég get lýst yfir því, að ef hv. 1. þm. Reykv. skilur ekki ákvæði 3. gr. frv., þá treysti ég mér ekki til þess að koma honum í skilning um þau.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt, að hjá mér og mínum flokki væri ekki mikill áhugi fyrir þessu háskólamáli. Ég get enn endurtekið það álit mitt, að þetta frv. sé ekkert annað en látalæti hjá hæstv. stj., bara gert til þess að flagga með áhuga í þessu máli, sem í rauninni er enginn til. Byggingarvandræði háskólans eru ekki feti nær nokkurri lausn, þó að þetta frv. verði samþ. Það eina, sem ætlazt er til, að gert sé í þessu máli, er einmitt allt lagt á herðar Reykjavíkurbæ, og það hefir einmitt í þessum umr. verið upplýst, að meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur, sem einmitt er úr þeim flokki, sem ég er í, hafi tekið ágætlega í málaleitun stj. um stað handa háskólanum. Ég get því ekki séð, að hæstv. dómsmrh. hafi nokkra ástæðu til þess að kvarta undan áhugaleysi um þetta mál frá hendi míns flokks. — En ég vil endurtaka fyrirspurn mína um það, hvort heimildin í 3. gr. sé til áður, eða hvort er verið að smeygja henni þarna inn, svo að minna beri á henni. Ég hefi ekki setið á þingi undanfarin ár og því ekki átt kost á að fylgjast með hverju máli, en ég held, að stj. hafi enga slíka heimild ennþá, en verði frv. samþ., fær hún þarna heimild undir því yfirskyni, að verið sé að samþ. lög um byggingu háskóla.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. er það ósköp vel kunnugt, að hvorki hann sjálfur né blað það, er hann hefir yfir að ráða, hafa gert nokkuð til þess að ýta þessu háskólamáli áfram. Og nú ber svo undarlega við, þegar samherjar hans hér á þingi hafa samþ. þetta frv. í 2 ár, þá kemur þessi nýi maður, sem átti að verða til þess að bæta flokkinn, og vill helzt, að málið verði eyðilagt með rökst. dagskrá. Ég hefi lesið blað þessa hv. þm. annað slagið undanfarin ár, og ég minnist þess ekki að hafa séð þessu máli hreyft. En það er álíka gáfulegt af honum að vilja nú eyðileggja þetta mál með rökst. dagskrá eins og ef fellt hefði verið frv. um landsspítalabyggingu á þinginu 1919 eða tafið með slíkri dagskrá. En slík mál sem þessi, þurfa mikinn og góðan undirbúning.

Hv. þm. langar ekkert til, að þetta mál verði leyst á viðunandi hátt, og honum er sama, þó háskólinn sé hér áfram í þessum húsakynnum með götóttum gólfdúkum, þar sem nemendurnir hafa hvergi afdrep til að koma saman, nema í innganginum — ég býst við, að honum þyki þetta gott. Um 3. gr. er það að segja, að hv. þm. ætti að geta séð, að það er eins um háskólann og annað, að það kemur tvennt til greina við húsabyggingar; annað er húsið sjálft, eins og það er gert af mannahöndum, og hitt er lóðin. Eftir að þetta frv. hefir verið samþ., ætla ég, að það kæmi „plan" fyrir háskólabyggingunna, og þessi tegund byggingarinnar, heimavistarhúsið, biði þá sinnar stundar. Það er líka annað, sem ég býst ekki við, að hv. þm. hafi hugsað um, enda er það langt frá hans verkahring, að eins og ég hefi sagt um ákvæðið í 3. gr., þar sem ætlazt er til að reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfsagðar smábyggingar, þá er þetta í byrjun til þess að hægt sé að benda á, að taka eigi upp kennslu í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Bak við þessa bending liggur ákveðin hugsun, sú, að uppeldisfræði sé ekki ómerkilegri en önnur vísindi, t. d. lögfræði eða málfræði. En ég afsaka hv. þm., þó hann ekki skilji þetta, því hann er bæði áhugalítill og þekkingarlítill í þessu máli. Og þar sem saman fer þekking hans og áhugi í málinu, þá vil ég, að hann sýni það með atkv. sínu, að hann sé á móti því.

Jakob Möller [óyfirl.]: Þessar langlokur hæstv. dómsmrh. hafa náttúrlega ekki hina minnstu þýðingu. Það þýðir ekkert fyrir hann að vera að veifa með því, að ég vilji ekki fá byggingu fyrir háskólann. Þetta frv. miðar ekki að neinum undirbúningi undir hana, því þar er allt út í loftið. Stj. getur gert þennan undirbúning, sem hér er talað um, og háskólaráðið getur gert hann. Til þess þarf engin lög. Hún fær enga heimild til útgjalda í frv. Sú eina heimild, sem stj. fær með frv., og hana fær hún alveg óskoraða, er að láta byggja heimavistahús fyrir kennaraefni. Skyldi það ekki vera aðalefni frv. að fá þessa heimild? Hún er ekki bundin neinu skilyrði, ekki einu sinni því, að fé sé veitt til þess í fjárl. Stj. ætlar ekki einu sinni hér að fara út fyrir valdsvið sitt, eins og þegar hún var að leggja fé í Laugarvatnsskólann og Reykjahælið, sem hún byggði í heimildarleysi. Nú á að gefa henni lagalega heimild til að byggja heimavistir fyrir kennaraefni — í lögum um byggingu fyrir Háskóla Íslands. Þetta er nú allur sá áhugi, sem ég finn á byggingu fyrir háskólann hjá hæstv. dómsmrh. Háskólamálið kemst ekkert lengra áleiðis fyrir þann áhuga.

Jón Þorláksson: Ég kann illa við það, að þegar beint er fyrirspurn til hæstv. stj. viðvíkjandi ákveðnu málsatriði, þá skuli ekki einu sinni gerð tilraun til að svara þeirri fyrirspurn, nema með skætingi. Nú hefir hæstv. dómsmrh. enga ástæðu til að fara í illindi við mig út af þessu máli fyrr eða síðar. Ég ætla því enn að hætta á að gera tilraun um það, hvort hægt er að fá svar við spurningu, sem fram að síðustu tímum hefir ávallt verið hægt að fá svarað úr ráðherrastóli. Ég vil því spyrja, viðvíkjandi umr. þeim, sem orðið hafa um 3. gr. frv., um það, hvort hæstv. dómsmrh. hugsi sér eða telji stj. heimilt að nota ákvæði 3. gr. sem sjálfstæða heimild til að reisa hús fyrir heimavistir handa kennaraefnum á háskólalóðinni án þess að ný ákvæði eða fjárveiting komi til.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. hefir í Stúdentablaðinu gert grein fyrir áhuga sínum á þessu máli, og stendur í því framar en flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv., með því að hv. 1. landsk. hefir sagt í grein þessari, að hann hafi einu sinni á sínum yngri árum, ég held úti í Berlín, gert uppkast að uppdrætti af háskólabyggingu, en hún hefði síðan týnzt. Það hefir nú ekkert meira heyrzt af þessari teikningu, en ég viðurkenni, að þessi æskudraumur hv. 1. landsk. er honum til sóma, og ég hefði viljað óska, að hann hefði haldið honum betur til streitu og að hann hefði geymt betur teikninguna, svo að hún hefði nú getað komið að notum við undirbúning þessa máls. Það hefði verið betra fyrir þennan velviljaða sjálfboðaliða.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir sagt, að það væri ekkert fengið með samþykkt þessa frv. En það er þó fyrst og fremst það, að samþykkt þess leggur grundvöllinn að því, að hægt sé að gera samning við Reykjavíkurbæ um lóð undir Háskóla Íslands. Þann samning er hægt að gera strax, þegar lögin eru fengin, svo framarlega sem Reykjavík vill ganga að þeim skilyrðum, sem þau setja. Þess vegna er það mikið unnið fyrir málið að setja þessi lög, að þegar búið er að gera þann samning, þá geta stúdentarnir farið að byrja á sinni byggingu, eða parti af henni, ef byggð verða fleiri smáhús. Ennfremur er lagður grundvöllur að því í 2. gr. að tryggja háskólanum vatn úr hitaveitu bæjarins, með ordalagi, sem verður til sparnaðar fyrir landið. Það mætti segja, ef þetta væri ekki gert, að þá yrði vatninu ráðstafað annað, og að þess vegna kynnu bæði stúdentagarðurinn og háskólinn að hafa tapað þessum hlunnindum.

Vegna áhuga hv. 1. landsk. og fyrir stuðning hans við þetta mál á fyrri þingum, þá vil ég segja það, að mér hefir aldrei dottið í hug að skilja frv. öðruvísi en eftir orðanna hljóðan; þar er sagt, að innan tiltekins tíma sé landsstj. heimilt að láta byrja á byggingu fyrir Háskóla Íslands, og það er gert ráð fyrir að þessi bygging hafi húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í höfuðbyggingunni, og að tryggja megi lóð fyrir heimavistahús handa kennaraefnum. Það kemur nú sjálfsagt ekki fyrr en eftir að farið verður að kenna uppeldisvísindi við háskólann. Þetta er svo glöggt, að það var ekki

af því, að hv. 1. þm. Reykv. ekki skildi það, að hann lézt ekki skilja það, heldur vildi hann ekki skilja það, vegna þess að hann er á móti málinu.

Jón Þorláksson: Þó að mér hafi þótt formáli hæstv. ráðh. nokkuð langur, áður en hann komst að því að svara fyrirspurn minni, þá skal ég ekki fara út í hann, en slæ því föstu, að svar hans hafi verið á þá leið, að ákvæði 3. gr. um heimild stj. til að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni þýði ekki annað eða meira en það, að í þeim skipulagsuppdrætti, sem gerður verður viðvíkjandi tilhögun bygginga á lóð háskólans, sé heimilt að ætla lóð undir heimavist fyrir kennaraefni. Hæstv. ráðh. sagði, að það feldist ekki meira í gr. í þessu efni. Hann telur ekki, að í henni felist heimild til að reisa sjálft húsið án þess að fé sé til þess veitt.

Ég get verið ánægður með svarið, en finnst, að það, sem hæstv. ráðh. hefir látið í ljós, sé ekki nægjanlega skýrt orðað í gr., og ég sé ekki ástæðu til, að ekki komi ljóst fram í gr. það, sem raunverulega er ætlazt til, að hún þýði. Þessu þyrfti því að breyta, og mætti gera það við 3. umr., ef frv. kemst þangað, sem ég vil vona.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 232, frá meiri hl. menntmn., felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, GL, HSteins, JakM, JónJ, GÓ.
nei: BSn, IP, JBald, JónÞ, JónasJ, MT, PH.

Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.

Brtt. 244 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, MT, PH, IP, JónJ, GÓ.
nei: PM, BSn, GL, JakM, JBald, JónÞ.

HSteins greiddi ekki atkv.

Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 17, 264).

Jón Þorláksson: Þessi litla brtt., sem ég flyt á þskj. 264, fer aðeins fram á það, að gera ljósan í ákvæðum 3. gr. frv. um heimild ríkisstj. til að láta reisa heimavistahús fyrir kennaraefni á lóð háskólans, þann skilning, sem samkomulag varð um milli hæstv. dómsmrh. og fyrirspyrjanda við 2. umr. þessa máls, að hv. d. ætlaðist til, að lagður væri í þetta ákvæði. Ég vona því, að það hafi enginn neitt á móti þessari brtt., og að hún verði samþ.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl]: Ég er samþykkur hv. 1. landsk. um það, að ef einhverjum þykir það betra að orða þessa heimild svona, þá er enginn skaði skeður með því, því það kemur aðeins enn ljósara fram, sem alltaf hefir verið hugsað með þessu ákvæði, og bæði hv. 1. landsk., ég og aðrir hv. dm. hafa samþ. það með þeim skilningi, en þetta orðalag er aðeins ákveðnara. Ég sé því ekki ástæðu til annars en að samþ. brtt., ef einhverjum þykir ákvæðið ljósara fyrir það.

ATKVGR.

Brtt. 264 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 305).

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 52. og 56. fundi í Nd., 15. og 20. apríl var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 305, n. 373, 424, 491).

Halldór Stefánsson: Ég hefi skrifað undir nál. menntmn. með fyrirvara, en sá fyrirvari gildir það, að ég vil ekki ganga að frv. óbreyttu eins og n. Samkv. þessu hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við frv. á þskj. 424. Nú er enginn ágrein-

ingur af minni hálfu, að því er efni frv. snertir, nema um 2 atriði. Annað er það, að ég álít hvorki rétt né nauðsynlegt að binda það við vissan tíma, að hafizt verði handa um háskólabyggingu. Hitt er það, að ég álít ekki rétt og ekki heldur nægjanleg gögn fyrir hendi til þess að hægt sé að binda byggingarkostnaðinn við ákveðna upphæð, eins og gert er í frv. Að öðru leyti hefi ég, eins og aðrir nm., fallizt á efni frv., eins og brtt. mínar á þskj. 424 sýna, því með þeim er sett fram efni frv. um annað en þessi 2 atriði. En við þetta raskast auðvitað nokkuð framsetning efnisins. Ég set fram fyrst höfuðatriði málsins, það atriðið, sem veldur því, að ég get fallizt á frv., að sá undirbúningur verði þegar hafinn, að leita samkomulags við Rvíkurbæ um lóð undir bygginguna o. fl. Ef þetta atriði hefði ekki verið í frv., hefði mér ekki þótt ástæða til að fylgja því. En það er eingöngu fyrir þetta atriði, að ég vil fylgja frv., því ég álít það gagnlegt að leita samkomulags við Rvíkurbæ um að fá land undir háskólabyggingu og þær fylgibyggingar, sem hugsað er, að henni fylgi.

Ég hefi nú gert grein fyrir minni afstöðu og brtt., og geri ekki ráð fyrir að ræða nánar um málið. Því er lýst nokkurn veginn í minum till., hvernig ég hefi hugsað mér afgreiðslu málsins.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Þar sem hv. 2. þm. Reykv., sem er frsm. n., er veikur og getur því ekki annazt framsöguna, vil ég tala nokkuð um málið og annars nota það tækifæri, sem ég hefi ekki áður haft, til að skýra það dálítið fyrir þessari hv. d. Málið hefir oftar en einu sinni verið rætt í hv. Ed. og fengið þar góðar undirtektir, og nú hefir hún samþ. það í von um, að það kynni að verða samþ. hér í þessari hv. d.

Það liggja hér fyrir 2 brtt., frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. 4. þm. Reykv. Ég vil segja það strax, að ég álít, að till. hv. 4. þm. Reykv. sé mjög eðlileg, og ég legg til, að hún verði samþ., þó að það kosti það, að frv. verði að fara aftur til hv. Ed.

Aftur á móti álít ég, að till. hv. 1. þm. N.-M. verði til mikils ógreiða fyrir málið, ef þær verða samþ., þó ég viti, að það hefir ekki vakað fyrir honum.

Ég vil fyrst minnast á það, sem tekið hefir verið fram í þeirri grg., sem fylgt hefir frv. á fyrri þingum, að ástæðan fyrir því, að sett hefir verið þetta tímatakmark — ég held, að málinu hafi fyrst verið hreyft á þinginu 1930 — er sú, að það þarf að fá ýtarlegan undirbúning áður en byrjað er á framkvæmdum, en hinsvegar er ekki vansalaust fyrir landið að hafa enga háskólabyggingu árið 1940. Ég skal ekki fara mikið út í það hér, hvers vegna þetta tímabil hefir verið tekið. En vonir, sem landsmenn tengja við það árabil, valda því, að þeir verða að undirbúa það, að landið geti þá staðið á eigin fótum í ýmsum efnum, sem það ennþá ekki gerir, svo vansalaust sé. Við höfum nú síðan árið 1911 haft háskóla hér í landinu án þess að sjá honum fyrir sérstöku húsi, og það er ekki hægt að segja, að það húsnæði, sem hann hefir búið við, sé viðunanlegt, þó það geti eftir atvikum talizt afsakanlegt vegna fátæktar landsins og margra annara nauðsynjamála, sem þurft hefir að sinna. Hitt er aftur á móti ekki afsakanlegt að láta undirbúning dragast ótakmarkað. Þegar frv. þetta kom fyrst fram, var að vísu ekki sú kreppa á komin, sem nú er. Það var því að öllu leyti eðlilegt tímatakmark, sem sett var þá í frv., að það ætti að framkvæmast á 3—4 árum. Þetta hefir nú að vísu breytzt sem stendur vegna þeirrar kreppu, er nú stendur yfir, svo að ekki er hægt að telja líklegt, að Alþingi muni álíta rétt að byrja á næstu misserum á nýjum stórbyggingum. En það er engu að síður nauðsynlegt að undirbúa þetta mál, svo að ekki strandi á því og hægt verði að hefjast handa þegar við fyrsta tækifæri.

Það hefir nú dálítið verið gagnrýnt í hv. Ed og verður kannske einnig gert hér, að það þykir sumum sem lítið sé fengið með þessu frv., þar sem ekki er gert ráð fyrir, að ákveðin fjárveiting verði tekin upp í ákveðin fjárlög, og það má segja, að lögin feli raunar ekki í sér nema eitt atriði, er máli skipti, en það er líka afarstórt atriði, sem sé það, að gerðir verði samningar við Rvíkurbæ um lóð á hentugum stað og nægilega stóra fyrir þær háskólabyggingar, sem hér verður talin þörf á að reisa á næstu öldum.

Ég hygg eftir undirtektum bæjarstjórnar Rvíkur, að það séu miklar líkur til, að hagkvæmir samningar muni takast í þessu efni, ef líkur væru fyrir því, að landið gæti staðið við þær áætlanir, sem gerðar eru í frv. Munurinn á frv. og brtt. hv. 1. þm. N.-M. er sá, að það er að vísu hægt samkv. brtt. að leita samninga við bæjarstj. um land fyrir háskólabyggingguna, en með brtt. er því slegið á frest að gera ýtarlegar áætlanir um skipulagsatriði byggingarinnar, svo að það er meira lagt í vald framtíðarinnar um fyrirkomulag og framkvæmd þessa máls heldur en eftir frv. er gert. En ég óttast það, að með þeim fresti sé málinu stefnt í meiri óvissu en ella. Þannig mundi þessu máli kannske ár eftir ár verða hent á milli þeirra aðilja, sem um það eiga að fjalla samkv. brtt.

Ég skal að sönnu játa það, að með 1. gr. frv. er því ekkert slegið föstu í sjálfu sér, hvenær verði byggt, en með henni er þó bæjarstj. gefin ástæða til þess að gefa ákveðin svör um málið, og stj. gæti þá í samráði við háskólaráðið unnið að samkomulagi um þetta mál. Það eru miklar líkur til, að það fáist land á heppilegum stað hér fyrir sunnan bæinn og hefir borgarstjóri sjálfur einmitt bent þar á mjög æskilegt svæði milli Hringbrautar að norðan og vestan og tveggja annara vega að norðvestan og vestan. Þetta háskólahverfi yrði því afskammtað af vegum á þrjár hliðar, en við fjórðu hliðina mundi koma fyrirhugaður skemmtigarður bæjarins, neðan og sunnan við háskólalóðina. Skammt þar frá standa einnig tvær reisulegustu menningarstofnanir ríkisins í þessum bæ, landsspítalinn og sundhöllin.

Áður en hugmyndin um þetta framtíðarskipulag skólaþorpsins kom til umr. var hugmynd manna að ætla væntanlegri háskólabyggingu og stúdentagarði stað á lítilli lóð við Skólavörðuna. Þar hefði verið hægt að reisa skólabyggingu, sem sniðin væri við þarfir yfirstandandi tíma og ennfremur heimavist fyrir um 40 stúdenta, en ekki meira. Það hefðu engin ráð verið fyrir seinni tíma að bæta við þær byggingar, þó þörf krefði. Þær byggingar hefðu sennilega ekki fullnægt þörfum tímans í tíð núlifandi manna, hvað þá lengur, og hefði þá farið hér eins og víða í stórborgum Evrópu, að háskólinn hefði orðið inniluktur á þröngu svæði og brátt orðið að taka lóðir á öðrum stöðum undir byggingar fyrir einstakar deildir, til þess að fullnægja húsnæðisþörf skólans, en það hefði orðið stofnuninni til hins mesta tjóns. Í þessari sögu málsins felast eiginlega sterk rök fyrir því, að réttara sé að búa þegar fastara um hnútana heldur en brtt. hv. 1. þm. N.-M. gefa tækifæri til. Stúdentar og þeirra styrktarmenn hafa þegar safnað allmiklu fé til byggingar stúdentagarðs, og höfðu þeir með bæði 2. og 4. þm. Reykv. í broddi fylkingar hafizt handa með framkvæmdir á lóðinni hjá Skólavörðunni með sjálfboðavinnu við grjótsprengingu, er kostaði um 20 þús. kr. Þetta var gert áður en hugmyndin um hinn nýja stað kom fram. En þegar hún kom fram, varð sammæli um það milli þessara manna og stjórnarinnar að láta þessar framkvæmdir eiga sig á þessum stað, og var það möglunarlaust gefið eftir, þó það sé mála sannast, að stúdentar eiga erfitt með húsnæðisleysið, en hitt mátti sín meir, að aðstaðan verður svo miklu betri á hinum nýja stað.

Með frv. er það tryggt, að tækifæri gefst til að byrja á byggingu stúdentagarðs, þegar til hans hefir safnazt svo mikið fé, að ástæður leyfi að byrjað sé, og nú hafa stúdentar og hjálparmenn þeirra þegar dregið saman svo mikið fé, að full ástæða er til að láta ekki standa á að leysa þetta lóðarspursmál.

Ég vona, að hv. 1. þm. N.-M. viðurkenni, að með frv. er betur tryggð aðstaða stúdenta í þessu efni heldur en með brtt. hans, vegna þess, að með frv. er lagt ákveðið plan í þessu máli, en með brtt. er það plan ekki fengið fyrr en þingið hefir síðar meir ákveðið það.

Með frv. er auk þess tryggt, að þingið getur látið byrja á framkvæmdum háskólabyggingarinnar þegar er tækifæri gefst vegna fjárhags ríkissjóðs, sem vonandi er, að ekki dragist mjög lengi.

Ég hygg, að eftir núverandi verðlagi verði menn sammála um það, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að fyrirhuguð háskólabygging muni kosta minna en 600 þús. kr. í samanburði við t. d. sund-

höllina, sem gert er ráð fyrir, að muni kosta ½ millj. kr., og landsspítalann, sem kostaði 1½ millj. kr., þó mikill hluti kostnaðarins þar liggi í dýrum innanhúsútbúnaði og munum.

Kostnaðarhliðin á háskólabyggingunni er ekki alveg órannsakað mál. Árið 1930 var gerð teikning og áætlun um byggingu na, sem byggð var á óskum frá öllum deildum háskólans um húsnæði í hinni nýju byggingu. Ég get hugsað, að þótt ekki verði hægt að reisa alla byggingu na í einu, mundi mönnum þykja ávinningur, þó ekki væri í fyrstu hægt að koma upp nema t. d. bókasafni fyrir skólann eða funda- og hátíðasal, því það gæti hugsazt, að þannig mætti fullgera til afnota nokkurn hluta byggingarinnar, þó sjálfar kennslustofurnar yrðu eitthvað að bíða, en þetta væri því aðeins hægt, ef frv. væri samþ. Eins og nú standa sakir í skólamálum okkar, mun engin stofnun vera eins illa sett og háskólinn. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að það hefir mikla þýðingu fyrir þjóðina, að embættis- og fræðimannaefni hennar finni það þegar á ungum aldri, að þjóðfélagið er sanngjarnt gagnvart kröfum þeirra um hollt uppeldi og geri þá ekki að hornrekum meðal æskulýðsins. Þetta hefir nú nýlega verið lagfært hvað snertir einn flokk embættismannaefna, sem sé læknanemana, með byggingu landsspítalans. Viðvíkjandi annari kennslu í háskólanum er aðstaðan sannast að segja lítt viðunandi. Það er og mála sannast, að áður en landsspítalinn kom, var læknadeildin á hálfgerðum flækingi með sína kennslu, og átti undir högg að sækja við einkastofnun um þýðingarmikinn hluta kennslunnar, stofnun, sem veitti deildinni mjög takmarkaðan aðgang, sem ríkið hafði litla aðstöðu til að ráða bót á. Ég vil svo enda með því að minnast á það, að ég vænti þess, þó sumum mönnum finnist, að með þessu frv. sé fullskammt á veg gengið, og að háskólinn hefði átt skilið, að fastar hefði verið tekið á málinu, en öðrum aftur á móti sýnist, að fulllangt sé farið og ógætilegt að gera slíkar áætlanir eins og ástatt er, að menn munu sjá, að með frv. er farið það langt, sem hóflegt má teljast og hægt er að búast við á þessum tímum. Ég álít, að jafnvel þótt hv. 3. og hv. 4. þm. Reykv. hefðu gjarnan kosið, að strax hefði verið byrjað á háskólabyggingunni, muni þeir sætta sig við frv. eins og það er, af því að þeim er það ljóst, að ástæðurnar leyfa ekki meira en frv. gerir ráð fyrir. Aðalatriðið á þessu stigi málsins er að tryggja það, að skilyrði verði fyrir því, að í framtíðinni verði hægt að byggja hér skipulegt háskólaþorp, er fullnægi kröfum framtíðarinnar um margar aldir, og í öðru lagi, að hægt sé að hefjast handa um byggingu stúdentagarðsins jafnskjótt og fært þykir.

Ég skal að síðustu víkja fáeinum orðum að brtt. hv. 4. þm. Reykv. Ef hún hefði komið fram fyrir 2 árum, hefði ég ekki verið svo mjög ánægður með hana, þó ég geti fallizt á hana nú. Reynsla sú, er fengizt hefir með hitaveitu til landsspítalans, hefir orðið sú, að veitan reynist dýrari en hugsað var í fyrstu, og bendir það til þess, að nokkur vafi geti verið á því, hvort heppilegt sé að fastbinda það í frv. að gera ráð fyrir samskonar ráðstöfunum með tilliti til væntanlegrar háskólabyggingar vegna þess, að kostnaðurinn er svo mikill, að það getur verið á takmörkunum, að slík hitaveita borgi sig. Ég geri á hinn bóginn ráð fyrir því, að fyrir hv. flm. brtt. hafi vakað það, að fulllangt væri gengið með því að skylda bæjarfél. til þess að leggja fram þessi hlunnindi. Get ég því, eins og áður er sagt, fallizt á það með hv. þm., að nægilegt sé að setja í frv. heimild til samninga, bæði af því, að ekki sé sanngjarnt að gera hitaveituna að skilyrðislausri kröfu, og eins hinu, að vafasamt sé, að slíkt sé eftirsóknarvert.

Magnús Guðmundsson: Það má segja um þetta frv., að það er ekki nýr gestur hér á Alþingi, því þetta er nú a. m. k. þriðja þingið, sem það kemur fyrir. Það er því í umr. búið að taka flest það fram, sem ætti að þurfa í sambandi við frv. En úr því það er nú enn á ferðinni, verður ekki hjá því komizt að fara um það nokkrum orðum, til þess að benda á, hvernig þessi smíði er.

Um 1. gr. frv. er það að segja, að hún er eitt hið þýðingarlausasta, sem ég hefi séð í frumvarpsformi. Að segja, að stj. hafi

heimild til að láta reisa byggingu, ef fé sé til þess veitt í fjárl., er vitanlega með öllu meiningarlaust, því að stj. er beint skylt að láta gera það, sem fé er veitt til í fjárl. Ég veit því ekkert, hvað getur verið meint með þessari gr., nema ef hún á að vera einhverskonar hengingaról á framtíðina í þessu máli, þó áhrifalaus sé.

Ákvæðið um það, hvað þessi væntanlega bygging á að kosta, er vægast sagt sett alveg út í loftið, og það má teljast undarlegt, að komið skuli fram með bindandi ákvæði um það, meðan hvorki er vitað, hvað byggingin muni kosta, né hitt, hvenær fé verður fyrir hendi til byggingarinnar. Ég man eftir því, að hér um árið flutti hæstv. dómsmrh. klukkutímaræður móti byggingartill. frá þáv. stj. og taldi þær óhæfu, vegna þess að vantaði áætlanir, og þó var það mál ólíkt betur rannsakað en þetta er nú.

Annars verð ég að segja það, að ég ætla, að kostnaður við væntanlega háskólabyggingu muni verða miklu hærri en hér er ráð fyrir gert; þegar ein síldarbræðslustöð kostar ekki minna en nærri 2 millj. kr., þá mun ekki vera hægt að byggja háskóla fyrir 600 þús. kr. Ég hygg, að ekki sé líklegt, að hægt sé að byggja nokkurn hluta af húsinu og taka til afnota, svo sem hátíðasal, áður en húsið er fullgert, og skil ég ekki, hvernig hæstv. dómsmrh. hugsar sér það.

Þá er í 2. gr. frv. talað um samkomulag við bæjarstjórn Rvíkur. Sannast að segja hélt ég, að það samkomulag væri þegar fengið. Ég tók svo eftir, að hæstv. dómsmrh. lýsti yfir því á þinginu í fyrra, að svo væri, og verð ég því að spyrja hæstv. ráðh., hvort svo sé ekki í raun og veru.

Í brtt. hv. 1. þm. N.-M. er tekið fram allt, sem máli skiptir. Það er ekki nema gott og þarft að útvega byggingunni lóð, því það kemur öllum saman um, að nauðsynlegt sé að byggja háskólann sem fyrst, en fyrst þegar búið er að semja um lóðina við bæjarstj. og afla nákvæmari upplýsinga um kostnaðinn, er hægt að leggja út í bygginguna, ef fjárhagsástæður leyfa. Hitt er ekkert annað en blekking við Alþingi, þegar sagt er, að hægt sé að byggja fyrir þetta eða hitt, án þess að nokkur rannsókn liggi til grundvallar, og svo reynist verkið miklu dýrara þegar til kemur.

Af þeim ástæðum, sem ég hefi nú tekið fram, mun ég greiða atkv. með brtt. hv. 1. þm. N.-M., því í þeim felst það, sem nú er hægt að gera í málinu. Það er alveg þýðingarlaust að miða við árabilið 1934—40, því allt er undir því komið, hvort og hvenær fé verður veitt til byggingarinnar, hve lengi það dregst að hún komist upp, en ákvæði 1. gr. eru með öllu óþörf og gætu miklu fremur orðið til þess að seinka málinu heldur en hitt.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi flutt 2 brtt., sem í raun og veru er þó ekki nema ein till., þó í tvennu lagi sé, og efni hennar er það, að taka burt þau skilyrði úr 1. gr., að bærinn sé skyldugur að láta hitaveitu í háskólabygginguna með kostnaðarverði, en í þess stað sé ákveðið, að þetta skuli vera samningamál milli ríkisstj. og bæjarins. Ástæðan til þess, að ég flyt þessar brtt., er nú ekki sú, sem hæstv. ráðh. gat til, að ég vildi forða bænum frá því að gera óhagkvæma samninga. Það er eingöngu vegna háskólans, sem ég flyt þessa brtt., því ég gæti hugsað, að ef þetta skilyrði væri látið halda sér, gæti það hæglega orðið til þess, að samningar strönduðu á þessu ákvæði. Ég veit mjög vel, að það er engin hætta á því, að bærinn sjái ekki um sína hagsmuni og gangi að nokkru í þessu máli, sem skaðar hann. Eins og hæstv. ráðh. gat um, er það nú að koma upp úr dúrnum, að þessi heita leiðsla er eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir við landsspítalann, ekki eins ódýr og ætlað var í fyrstu. Auk þess yrði um langa og dýra leiðslu að ræða, ef háskólinn yrði byggður á þeim stað, sem fyrirhugað er, og það er áreiðanlegt, að þar sem leiðslan þarf að liggja yfir Vatnsmýrina, þá þarf hún að vera ákaflega vel einangruð, ef hitinn á ekki að tapast í þeim mikla vatnsaga, sem þar er. En hvað sem þessu líður, getur verið, að þessu hitaleiðslumáli þoki það áfram, að á sínum tíma verði hentugt og auðvelt fyrir háskólann að fá heitt vatn frá bænum, og er því rétt að halda opinni leið til samninga um það efni. Eftir þeim undirtektum, sem þessi brtt. mín hefir fengið, býst ég ekki við að þurfa að tala meira um

hana, og læt ég því máli mínu um hana lokið.

Ég verð að segja það, að mér finnst ekki geta farið öðruvísi um þetta frv. en að það verði samþ. Mér finnst ekki geti verið nema tvennt til um frv., annaðhvort sé það gott og þarflegt, og að menn samþ. það þess vegna með það fyrir augum, að það verði til þess að þoka málinu áleiðis, eða þá hinsvegar, að það sé ómerkilegt og gagnslaust, en þá um leið skaðlaust og þess vegna hættulaust að samþ. það. Mér fyrir mitt leyti finnst frv. gefa heldur lítið. Hefði það verið borið fram undir öðrum kringumstæðum heldur en nú eru, hefði ég borið fram brtt. um það að gera heimild 1. gr. að skyldu, að ákveða að ríkisstj. skyldi láta reisa háskólabyggingu á tilteknu árabili. Mér finnst það hefði verið hentugra, því þá vissi hvaða ríkisstj. sem að völdum situr, hvað til stæði og yrði að haga framkvæmdum sínum í málinu eftir því. En ég játa, að það ástand, sem nú er, gerir það að verkum, að ég sé mér ekki fært að flytja slíka brtt. og læt því þetta atriði afskiptalaust.

Ég held nú samt sem áður, að þó að í sjálfu sér sé ekki mikið sagt með því, að stj. megi, ef fé er veitt til þess í fjárlögum, láta reisa þessa byggingu — því vitanlega má og á stj. hvort sem er að láta gera það, sem fé er veitt til í fjárlögum — þá séu slík lög sem þessi ekki þýðingarlaus. Og það er mjög algengt að setja þannig ráðagerðir um framkvæmdir í framtíðinni í lög. T. d. má benda á brúalögin og vegalögin. Það má náttúrlega segja, að það sé vitleysa að setja lög um að þetta og þetta skuli framkvæma, með því fororði, að fé sé veitt til þess í fjárlögum. En það er þó a. m. k. yfirlýsing þess Alþingis, sem lögin setur, um það, að það er vilji þess, að þetta sé gert á því árabili, sem það tiltekur. Og þó vilji Alþingis sé e. t. v. nokkuð hvikull, sérstaklega þegar mikil mannaskipti verða þar, þá vil ég álíta, að sú festa sé í aðgerðum þess, að síðari þing hafi ekki yfirlýstan vilja fyrri þinga að engu. Ég lít svo á, að ef þetta frv. verður samþ., þá verði það alltaf svo, að byggingin verði reist á hinu tiltekna árabili, og að það sé því ekki annað, sem síðari þing þurfa að skoða huga sinn um heldur en það, hvað þau sjá sér fært að leggja fram mikið fé hvert árið. Að því leyti tel ég ekki frv. þýðingarlaust.

Því er ekki hægt að neita, að háskólinn hefir orðið ákaflega, næstum óskiljanlega, mikið útundan um húsnæði á undanförnum árum. Það getur verið, að það stafi meðfram af því, að kennarar háskólans hafa ekki verið neinir agitationsgarpar; þeir hafa yfirleitt um annað að hugsa en að berjast fyrir kröfum skólans út á við. Þegar Háskóli Íslands var settur á stofn árið 1911, var það gert í minningu um aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, sem var vel til fundið, þó átt hefði að gera meira, nefnilega láta skólann bera það nafn, sem Jón Sigurðsson ætlaði honum að bera, og kalla hann Þjóðskóla. Til þess að þetta gæti orðið, var gripið til þess ráðs að taka þessar fjórar kompur hérna niðri og setja skólann þar niður til bráðabirgða. Það var ekki úr háum söðli að detta fyrir þær embættismannaskóladeildir, sem áður voru til, og það var aldrei hugsað til þess að hafa þetta þannig nema stutta stund. En það hefir nú verið látið draslast svona, að enn hefir háskólinn ekki annað húsnæði en þessar fjórar litlu kompur.

Í hugum ýmsra er háskólinn mjög fámennur skóli. En það er alls ekki svo, hann er þvert á móti á meðal fjölmennari skóla landsins. Og kennslan þar er umsvifameiri og plássfrekari heldur en í öðrum skólum, vegna þess, hvað þar eru kenndar algerlega óskyldar vísindagreinar. T. d. er kennslan í læknadeildinni mjög húsnæðisfrek.

Þegar litið er á það, hvað mikið hefir verið gert í landinu síðan 1911, hvað margar byggingar hafa verið reistar o. s. frv., þá er það vægast sagt mjög einkennilegt, að ekki skuli vera búið að byggja yfir æðstu menningarstofnun þjóðarinnar. Þó að t. d. leiklistin sé mjög merkileg list, þá finnst mér einkennilegt, að þjóðleikhúsið skuli vera komið upp úr jörð er óhætt að segja, áður en nefna má að heimila ríkisstj. að byggja yfir háskólann á tilteknu árabili í framtíðinni, ef fé er veitt til þess í fjárlögum. Og að ólöstuðum ýmsum nýjum skólum, sem byggð hafa verið stórhýsi yfir á síðustu árum, þá finnst mér mjög óeðlilegt, að

ekki skuli hafa verið byggt jafnframt yfir þann eina háskóla, sem við eigum, þar sem háskólarnir eru þó yfirleitt taldir til merkilegustu stofnana hverrar þjóðar. Þó skyldi ég ekki harma þann drátt, sem á því hefir orðið, ef hann yrði til þess að betur verði til byggingarinnar vandað heldur en ella hefði orðið.

Viðvíkjandi því, hvort rétt er eða verjandi að leggja út í þetta án þess að fyrir hendi sé teikning og ákveðin kostnaðaráætlun um verkið, þá get ég ekki séð, að þetta frv. gefi neitt tilefni til þess, að slíkt þurfi að liggja fyrir; það er fyrst þegar Alþ. fer að ákveða fjárframlög til byggingarinnar, sem nauðsyn er á því. Fyrst er að ákveða, hvort ráðast á í byggingu fyrir háskólann, hvar hún á að standa og hvað fullkomna menn sjá sér fært að hafa hana til þess að byrja með. Það er ekki hægt að áætla ákveðna upphæð og segja, að þetta muni kosta að byggja yfir háskólann, því það fer eftir því, hvað mikið fé Alþingi vill leggja fram, og við það verður að miða teikninguna. Ef ákveðið væri, að byggingin ætti að kosta 600 þús. kr., þá væri hægt að láta hana kosta það. Og ef ákveðið væri að byggja fyrir 300 þús. kr., þá væri það jafnvel líka hægt. Skóla, sem nú er í aðeins fjórum herbergjum, mundi bregða við, ef hann fengi byggingu, sem kostar 300 þús. kr. Það er yfirleitt hægt að byggja hús fyrir hvaða upphæð, sem Alþingi ákveður.

Það er áreiðanlegt, að byggja verður yfir háskólann á einhverjum slíkum stað, þar sem hægt er að ætla honum nægilegt landrými til þess að bæta við byggingum eftir því sem þarfir hans krefjast í framtíðinni. Háskólar eru þannig stofnanir, að það er ekki hægt að marka þeim bás. Þeir geta verið í fáum eða mörgum deildum, allt eftir því sem heppilegt þykir á hverjum tíma. Undir háskólann hér verður eflaust dregið margt, sem ekki heyrir undir hann nú. Í Ameríku eru stofnaðar háskóladeildir í öllum mögulegum greinum. Í einum háskóla þar er t. d. kennd smjörgerð og ostagerð. Í Melbourne í Ástralíu er háskóli, sem kennir alla mögulega hluti og stj. hans er samsett af mörgum tugum manna, sem eru fulltrúar fyrir allskonar starfsgreinar, sem einhver angi er af í Melbourne. Það er erfitt að segja um, hvaða stefna verður tekin í þessu efni hér í framtíðinni, og er því nauðsynlegt að setja háskólann á slíkan stað, að hann geti þróazt á hvern þann hátt, sem æskilegast verður talið. Að því leyti er ég ánægður með þann nýja stað, sem komið hefir til orða að velja honum. Þar er svo gott landrými, að hægt væri að setja þar í samband við háskólann þær stofnanir, sem menn vilja. Ég gæti t. d. vel hugsað mér að setja landsbókasafnið í samband við háskólann, það er víða svo, að stærstu bókasöfnin eru háskólabókasöfn. Eða landsspítalinn, — maður gæti hugsað sér hann sem kennsludeild eða rannsóknarstofnun í sambandi við háskólann. Eða efnarannsóknarstofu ríkisins. Ég er ekkert að mæla með því, að þessar stofnanir eða aðrar slíkar séu settar í samband við háskólann, ég er aðeins að benda á, að þær gætu verið það. Þess vegna er æskilegt, að háskólinn sé þannig settur, að hægt sé að draga undir hann í framtíðinni það sem mönnum þá kann að þykja heppilegt að hafa í sambandi við hann.

Þó hægt sé að segja, að lítið sé sagt með þessu frv., þá er í rauninni líka hægt að segja, að það felist nokkuð mikið í því. Það er afleiðing af því, hvað frv. er teygjanlegt, og þess vegna er líka ákaflega lítil áhætta að samþ. það.

Viðvíkjandi till. hv. 1. þm. N.-M. vil ég segja það, að mér finnst, að frv. yrði miklu líkara þáltill. heldur en lagafrv., ef þær væru samþ. Þá væri aðeins um að ræða áskorun til stj. um að hefja undirbúning í þessu máli. Með frv. óbreyttu væri þó ákveðið að byggingin væri reist á tilteknu árabili, eða a. m. k. lýst yfir, að það sé vilji þessa þings að það sé gert, en með hinu væri stj. aðeins falið að leita eftir, hvort ekki sé hægt að fá lóð handa háskólanum hjá bænum og koma svo og segja þinginu, hvernig það hefði gengið. Þetta orsakaði drátt á málinu, og það er mjög óheppilegt, sérstaklega vegna stúdentagarðsins, eins og hér hefir verið minnzt á. Þó útlit sé ekki fyrir, að hægt verði að byrja á háskólabyggingunni sjálfri strax, þá er nú svo komið, að hægt er að byrja á byggingu stúdentagarðsins hvenær sem staðurinn er ákveðinn.

Ég álít, að ef frv. þetta er samþ. eins og það liggur fyrir, þá verði það til þess að hrinda málinu af stað. Það mundi verða bæði hæstv. ríkisstj. og háskólaráðinu áminning um að hefjast þegar handa og fyrst og fremst að ná formlegum samningum við Rvíkurbæ um lóð. Í því efni hefir ekkert verið gert enn, það hefir aðeins verið stungið upp á sérstakri lóð og er vitaskuld nauðsynlegt að ganga formlega frá samningum um það efni. Er mér nær að halda, að ef numin er burtu úr frv. kvöðin um heita vatnið, þá sé ekkert því til fyrirstöðu, að bærinn afhendi háskólanum nægilegt af hentugu landi, og er þá hægt að byrja á hinum raunverulega undirbúningi framkvæmdanna, gera uppdrætti og áætlanir um fyrstu byggingarnar o. s. frv. Það er mikið verk og þarf því að byrja á því sem allra fyrst. Vil ég því eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir, að öðru leyti en því, að úr því verði fellt skilyrðið um heita vatnið, eins og farið er fram á í brtt. minni.

Halldór Stefánsson: Ég tel, að aðalatriði þessa máls sé það að hefja nú þegar þann undirbúning, sem nauðsynlegur er til þess, að hægt sé á sínum tíma að reisa byggingu fyrir háskólann. Um það er ekki ágreiningur milli mín og hæstv. dómsmrh. eða hv. 4. þm. Reykv. Það eru aðeins tvö atriði, sem ber á milli frv. og till. minna, og þau eru ekki mjög stórvægileg. Það er sem sé, hvort nú á þessum tíma á að binda það, eða gefa fyrirheit um það, sem ég tel það sama, því þingið getur ekki gengið frá því, sem gefið er ákveðið fyrirheit um, að ríkið leggi fram ákveðið fjármagn á ákveðnu árabili til þess að byggja háskólahús. Í öðru lagi er ég mjög í vafa um það, hvort hægt er að ákveða nú, hvað þessi bygging á að vera dýr, þó ekki liggi fyrir neinar áætlanir um, hvað hún þarf að kosta, eða hvort það verð, sem tiltekið er í frv., fer nokkuð nærri lagi eða ekki.

Ég tel ekki, að málinu væri spillt eða brugðið fyrir það fæti á nokkurn hátt, þótt brtt. mínar væru samþ. Ég vil setja það fyrst, sem fyrst á að vera og er aðalatriðið, eins og málinu er nú komið, sem sé þann undirbúning, sem góður er og gagnlegur, svo sem að útvega heppilegt land, gera kostnaðaráætlanir og því um líkt, en láta óbundið, hvenær þingið leggur fé fram í þessu skyni. Ég tel ekki rétt, að þingað ákveði að reisa þessa byggingu á fastákveðnum tíma, áður en fyrir liggja nokkrar ábyggilegar áætlanir um kostnaðinn við hana. Á tímum eins og nú eru, þegar svo erfiðlega horfir um hag, ekki einungis ríkissjóðs, heldur einnig alls almennings í landinu, þá get ég ekki álitið, að það sé rétt að vera að ákveða að leggja fram stórar upphæðir í ákveðnu skyni á vissum tíma, án þess nokkuð sé hægt að segja um, hvort það verður hægt eða ekki. Við skulum nú segja, að þetta yrði hægt og að búið yrði að gera þann undirbúning, sem gert er ráð fyrir í till. mínum. Þá á það ekki að þurfa að seinka neitt framkvæmdunum, þó till. mínar væru samþ. Ef hinsvegar fjárhagurinn yrði þannig bæði hjá ríkinu og einstaklingunum, að ekki þætti fært að leggja fé til þessarar byggingar t. d. árið 1934 ef þá yrði svo þröngt í búi, að velja yrði milli þess að leggja 100 þús. kr. í háskólabygginguna, sem ekki kæmi að notum fyrr en eftir sex ár með jöfnu framlagi á hverju ári, eða hins, að leggja það fé til nauðsynlegra og aðkallandi umbóta á þjóðarhögum, sem strax gætu komið að gagni, þá mundi ég a. m. k. vilja hafa óbundnar hendur um að velja á milli.

Það verður að viðurkenna það, að sá húsakostur, sem háskólinn hefir haft frá byrjun og hefir enn, er ófullnægjandi. Þó hefir ekki mikið heyrzt kvartað um, að það væri svo ófullnægjandi, að skólinn væri ekki starfhæfur af þeim sökum, með þeim deildum, sem hann nú hefir. Og jafnvel þó svo væri í raun og veru, að hann gæti ekki verið starfhæfur í því húsnæði, sem hann nú hefir, þá verður að játa, að eftir því sem ætlað er í þessu frv., verður hann að búa við það í átta ár enn, eða til ársins 1940.

Hv. 4. þm. Reykv. hafði orð á því, að ef brtt. mínar væru samþ., þá yrði frv. í rauninni líkara þáltill. Það má vel vera, að svo sé, ég skal ekki deila við hann um það. En frv. yrði ekki þýðingarlaust fyrir það. Það er altítt, að undirbúningur mála er hafinn með þáltill. Og ég mundi ekki gera neinn ágreining út af því, ef

menn vildu heldur láta efni frv. með þeirri breyt., sem ég legg til, að gerð sé á því, koma fram í þál.formi. En ég held, að það spilli engu, þó frv.forminu sé haldið; það er þó heldur fastbundnara, sem þannig er sett fram heldur en með þál.

Ég legg það svo undir dóm hv. þm., hvort þeim þykir réttara að afgreiða þetta mál þannig að samþ. frv. óbreytt, eða að samþ. brtt. mínar. Eins og ég hefi áður tekið fram, tel ég ekki rétt að binda hendur Alþ. á ókomnum árum með loforðum um fjárframlög. Hér er ekki um að ræða fjárframlag eitt ár, heldur sem svarar 100 þús. kr. útgjöldum á ári í 6 ár, eða e. t. v. meira, ef byggingarkostnaðurinn yrði meiri en tiltekið er í frv., sem sumir telja ekki ólíklegt að yrði, um það skal ég ekkert segja. En ég álít, að þingið ætti a. m. k. að gera kröfu til þess, að fyrir liggi ákveðin og ábyggileg kostnaðaráætlun, þegar samþ. er svo stórvægileg ályktun sem hér er um að ræða, að frv. óbreyttu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Skagf. hélt hér nokkra ræðu og mælti heldur á móti þessu frv. Ég hygg nú, að við nánari athugun komist hann að raun um það, að svo framarlega sem Íslendingar hyggja sig þess umkomna í raun og veru að taka stjórn sinna mála að öllu leyti í sínar hendur eftir 1940, eins og allir flokkar hafa látið í ljós, að við ætluðum að gera, þá sé ósamræmi í því að álíta, að við getum ekki komið upp byggingu yfir háskólann fyrir þann tíma. Ef við ætlum okkur að verða algerlega sjálfstæð þjóð og trúum því, að við getum það, eins og ég veit, að hv. 2. þm. Skagf. mun gera, þá verðum við líka að trúa því, að okkur takist að reisa hús yfir æðstu menntastofnun þjóðarinnar á næstu átta árum, þó fátæklegt verði í fyrstu.

Hv. þm. veit vel, að það hafa oft verið samþykktar áætlanir um það, hvað gert skyldi í framtíðinni, á svipaðan hátt og hér er um að ræða. Og ég man ekki betur en að hann væri sjálfur flm. að einni slíkri ákvörðun, sem samþ. var af öllum flokkum árið 1928; var þar bundið við ákveðinn tíma mjög kostnaðarsamt verk, sem engin vissa var um, hvað mundi kosta. Ég ætla ekki að fara að kritisera það, sem hv. þm. sagði þá. En ég vil benda á það, að það mundi kosta okkur nú um 120 þús. kr. að hafa sendiherra í London einni, eins og þann, sem er þar fyrir Íslendinga og Dani. Það er ein af afleiðingum þessarar ráðagerðar, að hafa sendimann í London, þótt ekki sé víst, að hann verði eins stór og þeir sem stórþjóðirnar hafa þar. En þessu var heitið árið 1928, og meira til. Það var treyst á gengi þjóðarinnar og vaxandi mátt og þá köllun hennar að geta lifað sjálfstæðu lífi, stjórnmálalega og menningarlega. Það, sem hér er byggt á, eru bæði þeir erfiðleikar, sem á því eru að leysa málið í skjótri svipan og hinsvegar sú innri nauðsyn, sem á því er að leysa það fyrir þennan tiltekna tíma.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði ekkert um það, hvort hann áliti, að gera ætti meira en frv. fer fram á eða minna. Hann taldi þetta bara vera of óákveðið. En þetta er misskilningur hjá hv. þm. Undirbúningur þessa máls er ákaflega vandasamur. Áður en hann er hafinn, verður að fást yfirlýsing þingsins um það, hvað miklu fé það vilji verja til byggingarinnar. Það gerir allan undirbúning ákaflega miklu léttari, ef byggja má á þeim grundvelli, að byggingin eigi að kosta 600 þús. kr. Það er ekki útilokað, að byrja megi heiðarlega með minni upphæð en hér er gert ráð fyrir, t. d. ½ millj. kr. Það mætti t. d. láta eina af deildum háskólans vera hérna áfram og byggja aðeins yfir hinar þrjár til að byrja með. Sumum hefir jafnvel dottið í hug, að fá mætti kennslustofu í stúdentagarðinum. Það skipulag, sem hugsað er að fylgja, að láta háskólann smávaxa, gerir þetta auðvelt. En talan, sem tiltekin er í frv., er samt ekki sett af handahófi. Það er í stórum dráttum miðað við óskir háskólans um húsrúm og það, að þessi fyrsta bygging hans geti orðið full sómasamleg þótt ekki verði hún stórkostleg.

Hv. þm. minntist á gamalt mál, sem við deildum um fyrir 7 eða 8 árum. Það var landsspítalinn. Það voru til lög um bygginguna frá 1919 og lánsheimild, að því er mig minnir. Svo þegar farið var að taka nánar á málinu — hv. 2. þm. Skagf. var þá í stjórn —, þá fór ég fram á, að

svipuð takmörk yrðu sett um kostnaðinn og hér er farið fram á. Ég bar fram þál. um, að landsspítalinn yrði ekki hafður stærri en Landsbankinn, sem þá var nýbyggður. Þetta hafði þau áhrif, að n. sem vann að málinu, hafði nokkurnveginn ákveðna fjárhæð að halda sér að og gerði það líka. Þegar n. vildi fara lítið eitt út fyrir áætlunina og stækka spítalann, þá bar hún það undir stj., og hv. 1. landsk., sem þá var við stjórn, gekk inn á hóflega stækkun á ráðagerðinni. Þetta er því ekki þýðingarlítið atriði, og það er óhjákvæmilegt fyrir þá, sem vinna að undirbúningi málsins að hafa frá þinginu ákveðna bendingu um það, hvað fyrsta byggingin megi kosta.

Ég veit, að hv. 2. þm. Skagf. hefir tekið eftir því, að tveir hv. þm., sem hér hafa talað frá ólíkum sjónarmiðum, hafa haldið því fram, að þessi áætlun væri siðferðislega bindandi fyrir þingið. Hún er ekki bindandi á þann hátt, að stj. geti byggt framar en þingið veitir fé til í fjárlögum. Það, sem stj. á að gera, er að fá sem tryggilegasta áætlun um, hvernig þessum 600 þús. kr. verði bezt komið fyrir. Svo er það undir þinginu komið, hvað fljótan framgang málið fær.

Hv. þm. furðaði sig á því, að ég sagði, að hafa mætti í þessari fyrstu byggingu hátíðasal. Þetta stafar af því, að hann er of ókunnur málinu. Í öllum erlendum háskólum eru samkomusalir stúdenta sérstakar byggingar og mikið að þeim hlynnt, og því verður ekki neitað, að það, sem háskólann hér vantar einna tilfinnanlegast, er samkomusalur. Það er ekkert viðlit fyrir 150 stúdenta að koma alla saman í einni lítilli stofu. Stúdentarnir hér eru líkt settir og sauðir hjá stórbónda, sem ekki hefir hús nema handa þriðjungi þeirra og verður því að hýsa þá til skiptis. Á slíkum útigangi er háskólinn.

Hv. 2. þm. Skagf. hefir misskilið mig, ef hann heldur, að það sé fengið samkomulag um málið við bæjarstj. Rvíkur. Það er ekki fengið, því að stj. hefir ekki heimild til að gera samninga við bæjarstj., og getur ekki gert þá nema frv. verði samþ. Hitt er rétt, að bæjarstj. hefir tekið vel í málið, og það eru líkur til þess, að bærinn gefi lóðina, ef þingið vill ganga að þessari áætlun, sem í frv. felst. En meira en líkur eru það ekki ennþá.

Við hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég býst við, að við séum báðir ásáttir um, að það hafi verið gæfa, að ekki er búið að byggja yfir háskólann. Ef byggt hefði verið fyrir 1930, þá hefði það áreiðanlega verið gert af of lítilli framsýni. Það var fyrst með hinni nýju ráðagerð, að tryggja háskólanum mikið landrými, að grundvöllurinn var lagður að glæsilegri framtíð hans. Og eins og hv. þm. sagði, þá er það heppilegt, að háskólinn geti vaxið eftir síbreytilegum kröfum lífsins.

Hv. 1. þm. N.-M. hefir nú skýrt það gleggra, hvað fyrir sér vaki með brtt. sínum. Hann telur það vafasamt, hvort þingið eigi að taka bindandi ákvörðun í þessu máli. Hann vill vera óbundinn. Þessi skoðun er fullljós, og þar af leiðir, að það er gífurlegur afstöðumunur milli till. hans og frv. Annað er byggt á því að þoka málinu áfram. Hitt snertir einungis rannsókn málsins, en öllu er haldið óbundnu um framkvæmdir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. dómsmrh. svaraði engu því, sem var aðalatriðið í ræðu minni, sem var það, að með 1. gr. frv. væri reyndar ekkert sagt. Það ræður af líkum, að það er þýðingarlaust að segja, að það megi byggja, þegar fé sé veitt til þess í fjárl. Það má segja, eins og hv. 4. þm. Reykv., að það geri ekkert til, þótt slíkt sé samþ. En það er margt, sem engu máli skiptir þótt samþ. sé, t. d., ef við gerðum samþykkt um það, að ef gólfið í þessum sal væri að detta niður, þá skyldum við allir fara út! Það væri þýðingarlaust að gera samþykkt um þetta. Við *færum út eins þótt engin* samþykkt lægi fyrir, ef við kæmum því við.

Eins er um háskólann. Hann verður reistur, þegar fé er veitt til þess í fjárl., alveg eins þótt þetta frv. verði ekki samþ. Þetta sýnir greinilega þýðingarleysi frv.

Sjálfstæðismálið kemur þessu ekkert við. Það hefir aldrei verið ákveðið að hafa sendiherra í London. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki getið um, hvort ég vildi fara lengra eða skemmra en frv. Það er rétt, ég er ekki sá spámaður, að ég geti sagt fyrir, hvað gera eigi á

árunum 1934—1940. Ég get verið steindauður þá og fjárhagur ríkisins eins aumur og nú, svo að ekkert verði hægt að leggja af mörkum í þessu skyni.

Hæstv. dómsmrh. taldi það gefið, að ef ákveðið væri, að byggingin ætti að kosta 600 þús. kr., þá mundi hún kosta það. Þetta er náttúrlega hægt að segja. En hvaða trygging er fyrir því, að hún fari ekki fram úr áætlun? Það var líka sagt, að byggja mætti síldarbræðslustöðvar fyrir 1 millj. kr. Það var byggð ein; hún kostaði nær 2 millj. kr. Arnarhváll átti að kosta 250 þús. kr.; hann komst upp í 360 þús. kr. Vinnuhælið á Litla-Hrauni mátti kosta 100 þús. kr. Það kostaði undir ¼ millj. kr. Það er ekki nóg að segja, að byggingin megi kosta þetta og þetta. Það verður líka að vera trygging fyrir því, að eftir því verði farið, og að unnt sé eftir því að fara.

Hæstv. ráðh. hélt, að ég hefði átt við landsspítalann, þegar ég talaði um bygginguna, er við hefðum áður deilt nokkuð um. En ég átti alls ekki við landsspítalann, heldur heimavistarhús við menntaskólann, sem átti að kosta 150 þús. kr. Allt, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, er því út í hött.

Hæstv. ráðh. heldur því fram, að verði frv. samþ., sé það siðferðislega bindandi fyrir Alþingi að leggja fé fram til byggingarinnar. Ég lít ekki þannig á. Það er ómögulegt að binda þingið í þessu efni á neinn hátt, enda er svo losaralega gengið frá frv., að þar er sagt, að bygginguna skuli reisa, ef fé sé til hennar veitt í fjárl. Það er því hægt að hindra málið með því að taka þetta ekki í fjárl. Það væri líka alveg óforsvaranlegt að leggja nokkur slík bönd á þingið.

Það viðurkenna allir, að háskólann vanti hús. En mér heyrðist hæstv. ráðh. telja það lán, að það skyldi ekki hafa verið reist fyrir árið 1930. Ég held, að það hefði verið háskólans lán, ef hægt hefði verið að reisa bygginguna fyrr. Ég skil ekki, að það hafi nein ný vizka vaknað upp árið 1930.

Það er náttúrlega ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að hann hafi ekki haft heimild til að semja við Rvíkurbæ og þurfi að fá þá heimild með þessu frv. Hér er um það að ræða að taka við gjöf, stórri gjöf, sem bæjarfél. ætlar að láta af hendi til að styðja að því, að byggt verði yfir háskólann. Ég lít svo á, að hæstv. ráðh. hafi hina fyllstu heimild til að taka við slíkri gjöf. Mér finnst það í alla staði réttmætt, að Rvík láti af höndum stóra og góða lóð, því bærinn hefir talsverðar óbeinar tekjur af því, að háskólinn er hér, tekjur, sem fara vaxandi eftir því, sem háskólanum vex fiskur um hrygg.

Það er að vísu rétt, að háskólann vantar hús. En það er líka margt annað, sem vantar. Hæstv. ráðh. hefir ekki alltaf verið svona örlátur við háskólann. Það hefir einn af prófessorunum sagt mér, að hæstv. ráðh. hafi verið svo sparsamur, að háskólinn hafi ekki einu sinni fengið nægilega stóla hjá honum handa nemendum, svo þeir hafi sumir orðið að sitja úti í gluggakistunum í kennslustundum!

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Það eru nokkur smáatriði í ræðu hv. 2. Skagf., sem ég þarf að athuga.

Hann heldur því fram, að með 1. gr. frv. sé alls ekkert sagt; það sé enginn ávinningur fyrir háskólann, þótt hún verði samþ. En það er á misskilningi byggt. Verði frv. samþ., þá er fyrst mögulegt að fara að semja við bæinn um lóð undir háskóla og stúdentagarð; en stúdentagarðurinn svífur nú í lausu lofti, af því að óráðið er um lóðina, og stúdentar geta ekki farið að byggja hann fyrr en ráðið er fram úr lóðarmálinu. Í öðru lagi verður þá hægt að fara að vinna að teikningu hússins. En það er ekki hægt fyrr en þingið hefir lýst yfir því, hvað miklu fé það vill verja til þess. Allir þeir, sem að háskólanum standa, viðurkenna, að þetta er nokkurs virði.

Hv. þm. taldi ekki rétt að binda þingið með þessu, við gætum verið farnir burtu út veröldinni þegar til framkvæmdanna kæmi. En auðvitað er þetta mál alveg ópersónulegt, og það kemur maður í manns stað. Það er verið að undirbúa stórt framtíðarmál, mál, sem ekki aðeins nær til hinna næstu 6—8 ára, heldur varir um margar aldir.

Það er misskilningur, sem hv. þm. sagði um stofnkostnað Litla-Hrauns. Hann taldi þar með líka nokkuð af starfs-

kostnaði hælisins. (MG: Þetta er rangt). Hv. þm. veit t. d., að það, sem unnið hefir verið að húsinu af föngunum sjálfum, er bókfært hærra en sannvirði, vegna þess, að föngunum er reiknað hærra kaup en þeir vinna fyrir.

Hv. þm. telur það í einu einskisvirði fyrir háskólann að fá þessi lög og þau þó bindandi fyrir þingið; ekki lagalega bindandi, heldur sem áætlun eins og vegalög, brúalög og lögin um vita. Hv. 1. þm. N.-M. finnur, að þetta getur ekki farið saman. Hann viðurkennir, að hann flytji sínar brtt. vegna þess að hann vilji ekki fara svo langt sem frv.

Það er misskilningur, að stj. geti beðið bæinn um lóð undir byggingu, sem þingið kærir sig e. t. v. ekki um að reisa. Forráðamenn bæjarins hafa sagt, að það mætti að vísu tala um að láta þessa lóð til háskólans, en þeir ætluðu sér ekki að afhenda hana af neinni léttúð. Þeir vildu fá vissu fyrir, að háskólinn yrði reistur þar, en lóðin ekki seld eða leigð til annara nota. Það er yfirleitt ekki hægt að fara fram á, að bærinn afhendi þessa miklu og dýru lóð út í bláinn, þótt hann auðvitað geti gert það.

Viðvíkjandi útbúnaðinum á núverandi húsnæði háskólans hér niðri, þá býst ég við, að hv. þm. sé svo kunnugur því, að hann geti ekki áfellt stj. fyrir að leggja ekki út í viðgerð á því án fjárlagaheimildar. Hér niðri er yfirleitt svo búið að háskólanum, að það er ekki leggjandi út í miklar viðgerðir. Það er að tjalda til einnar nætur.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð. Ég þarf ekki að geta um það, af því að hæstv. ráðh. minntist á það, að það er nauðsynlegt, að frv. verði samþ. til þess að geta leitað samninga við Rvíkurbæ um lóðina. Háskólaráðið hefir vandlega athugað það atriði og komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir samningar fáist ekki, nema trygging sé fyrir því, að þar verði byggt. Bærinn er yfirleitt varkár, þegar hann afhendir lönd sín, eins og eðlilegt er. Þegar leigulóðir eru afhentar, þá verða leigutakar t. d. að hafa byrjað á byggingu innan ákveðins tíma; annars falla lóðirnar til bæjarins aftur. Þetta er eðlilegt, því það eru nógir um lóðirnar og bærinn getur ekki leyft, að þær séu ónotaðar. Þar sem landið á hér í hlut, býst ég ekki við, að það verði sett að skilyrði, að byggt verði innan ákveðins tíma. En hitt er réttmætt, að bærinn vilji þó fá vissu sína um, að þarna verði þó byggður háskóli, þótt þingið setji varnagla, með því að geyma sér rétt til að skammta fé til þess.

Ég er ekki alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að það hafi verið happ, að ekki er búið að byggja háskólann. Sagði ég að vísu, að svo framarlega sem það hefði verið gert óheppilega, þá sé það betra, að ekki er enn búið að því. En hefði verið hafizt handa t. d. 1917—19, þá hefði sá undirbúningur líklega leitt til sömu niðurstöðu og nú. Var þá t. d. borgarstjóri hinn sami og nú er, og er ekkert ólíklegt, að honum hefði þá dottið það sama í hug. Annars er það að deila um keisarans skegg. Að öðru leyti er ég því sammála, að ef farið er að undirbúa háskólabyggingu, þá sé það gert á jafnrúmum grundvelli og hér.

Ég er ekki viss um, að staðurinn þurfi að vera einskorðaður við þessa lóð, þótt góð sé. Hefir mér dottið í hug, að jafngott sé að fá pláss innan við bæinn, t. d. sunnan í holtinu við laugarnar. Þar er heitt vatn nálægt, og eins væri þar fallegur staður fyrir háskólahverfi. Er það svo víða erlendis, að háskólahverfi eru höfð utan við borgirnar, og þykir það oft vera hin mesta prýði. Legg ég þó ekki mikið upp úr þessu. Annað er líka athugandi, sem sé það, að búast má við, að haldið verði uppi ódýrum samgöngum þarna inn eftir.

Lóðin á Melunum hefir það sér til ágætis, að þar er kyrrt og rólegt og stutt niður í miðbæinn. Álít ég ekki fjarri sanni að litast um eftir háskólastæði, þótt maður láti ekki tefja sig togstreitu um þetta.

Hv. 1. þm. N.-M. virtist mér vilja eyða því, að háskólinn væri í húsnæðiskreppu. Er raunar erfitt að segja um það, hvort þetta hafi í raun og veru staðið háskólanum fyrir þrifum. En ef athugað er, að þetta er skóli með hátt á 2. hundrað nemenda í 4 sjálfstæðum deildum og með nám, sem sótt er fastar hér en á stærri háskólum, því að hér er meira skólasnið

haft en víða annarsstaðar, þá má nærri geta, að það muni standa skólanum fyrir þrifum. Nemendur verða að kúldast inni í 4 stofum, sem tvær ná ekki meðalkennslustofustærð, en tvær eru aftur helmingur af því. Í þeirri deild, sem ég kenni í, hafa ekki allir sæti, þegar flest er, en verða ýmist að standa eða sitja úti í gluggakistum. Skólabekkjum er ekki hægt að koma út úr stofunni, svo að ekki er hægt að prófa þar, og verður að fá til þess aðra stofu. Það er alkunna, að oft verður að reka kennara út úr kennarastofunni, svo að hægt sé að hafa þar tíma. Þarna eru engin starfsskilyrði fyrir stúdenta, ekkert bókasafn eða vinnustofur, og er það meira en lítið bagalegt, því að það er nauðsynlegt fyrir alla skóla að hafa vinnustofur með bókasöfnum. Að ég ekki tali um það, að þarna vantar allt, sem skemmtun og þægindi er að. Einn samkomusalur er til, en það er forstofan niðri, og vita allir, hvernig hún er. Þegar súgur er á vetrum, þekkja allir, hvernig hurðin niðri reynist, samantimbruð og alltaf brotin. Þar að auki hefir skólinn ekki þessa forstofu fyrir sig, því að Alþingi hefir hana líka. Er ekki hægt að hugsa sér bágbornara húsnæði fyrir háskóla, úr því að hann er ekki haldinn úti á götu eða menn látnir sitja á gólfinu, eins og stundum var á miðöldum. Er það furðulegt, hvað hægt er að yfirvinna þessa örðugleika, þótt ég efist ekki um, að þetta hefir háð háskólanum og sett kyrking í hann.

Það er galli frv. frá mínu sjónarmiði, að það herðir ekki meira á framkvæmdum í þessu. Efast ég ekki um, að við eigum framtíð fyrir okkur, þótt nú sé kreppa. Hlýtur að reka að því, að komið verði upp húsi fyrir háskólann.

Þá er kostnaðurinn. Menn geta sagt, að úr því að síldarbræðsluverksmiðja kosti svo og svo mikið, þá hljóti svo virðuleg bygging sem háskóli að verða dýr. En háskólabygging þarf ekki að verða óheyrilega kostnaðarsöm, ef hún er ekki skreytt úr hófi fram, og ekki hlutfallslega dýrari en önnur hús. Hefir verið samstarf um það milli deilda háskólans að áætla kostnað, og gerðu þær misjafnar kröfur, en þó mjög í hófi. Dýrust yrði læknadeild, því að kennsla í læknisfræði er allkostnaðarsöm. En mikill hluti kennslunnar fer þó ekki fram í háskólanum, heldur í landsspítalanum. Þó mun hún þurfa meira húsnæði en hinar. Gæti byggingin að vísu orðið plássfrek, ef gert er ráð fyrir stórum bókasöfnum o. þ. h., en slíkt má sníða við vöxt fyrst í stað. Mætti hafa bókasöfn fyrst í stað í herbergjum, sem síðar gætu svo orðið kennslustofur, þegar bókasöfnin yrðu flutt í stærri stofur eða hús. Ef þessari áætlun yrði fylgt, held ég, að hægt væri að byggja viðunanlegan háskóla fyrir svo sem ½ millj. kr. með sæmilegum kennslustofum, vinnustofum, bókaherbergjum og samkomusal. Stoðar ekki að vitna í það, að stj. hafi notað meira fé en ætlazt var til, svo að ekki sé hægt að ráðast í þetta. Finnst mér ekki þörf á að marka þetta skýrar en gert hefir verið, má það bíða þangað til að framkvæmdum kemur. Fyrir mér er það aðalatriðið að fá yfirlýstan þingvilja um það, að háskólann skuli reisa. (**MG:** það stendur ekki í frv.). Ég lít svo á. Annars ætti Alþingi að fella frv. Þingið á ekki að samþ. slík heimildarl., ef það þýðir, að ekki eigi að byggja skólann.

Það þarf m. a. að byrja á þessu vegna stúdentagarðsins. Er það óhæfilegt, þegar stúdentar eru búnir að safna svo miklu fé sem orðið er, að ekki skuli þá vera hægt að reisa stúdentagarðinn. Stúdentar verða að kúldast í vondum húsakynnum hingað og þangað um bæinn, af því að enginn veit, hvar húsið á að standa.

Hannes Jónsson: Það er aðdáanlegt, hvað hæstv. dómsmrh, og hv. 4. þm. Reykv. leggja mikla alúð við að vefja þetta ómerkilega frv. með dæmalausu málskrúði sínu. Þeir nudda sér hvor upp við annan og keppast við um að hafa sem lengstar ræður, eins og ekkert sé hægt að gera í þessu máli nema frv. verði samþ. Á meðan allt svífur í lausu lofti annars, á þessi 1. gr. frv. að vera það akkeri, sem háskólanum skal leggja við. Það er ekki heldur lítið, sem segir í þessari 1. gr. Það á að byggja háskólann, ef ríkisstj. og Alþingi á árunum 1934—1940 lízt ráðlegt að fara eftir því, sem Alþingi 1932 hafði talið æskilegt. Sé ég ekki, að við séum nokkru nær um framgang málsins, þótt

þetta frv. næði samþykki. Er svo sem lögð alúð við að sýna, að ekki sé verið að skuldbinda ríkið með þessu. En ef þetta frv. á að vera nokkur stuðningur fyrir háskólann, þá verður að vera skýrt loforð um fjárframlag þessi árin. Vil ég því spyrja þessa hæstv. þjóðarfulltrúa, hvernig þeir ætlast til, að það geti orðið, þegar þeir eru búnir að lýsa því yfir, að ástandið sé þannig, að ekki sé hægt að búast við því, að hægt sé að leggja fram nokkurt fé fyrst um sinn. Hæstv. dómsmrh. lýsti því, að þegar málið kom fyrst fram, hefðu ástæður ríkissjóðs verið þannig, að líklegt hefði mátt telja, að ríkið gæti lagt fram umrædda upphæð á þessu árabili, en nú væri ástandið svo, að ekki væri hægt að búast við slíku fyrstu árin. Hví þá að samþ. þetta frv., þegar menn sjá fram á, að þær vonir um framkvæmdir, sem verið er að gefa — undir rós — verða að engu vegna fjárskorts ríkissjóðs? Nú er verið að berjast við afgreiðslu fjárl.frv. fyrir 1933. Er fyrirsjáanlegt, að þar verður ekki feitan gölt að flá, jafnvel þótt framlengd verði l. um verðtoll og gengisviðauka, sem enn er óvíst um. Og öllum mun það ljóst, að útkoman frá yfirstandandi ári getur varla orðið betri en svo, að það, sem var í sjóði við ársbyrjun, hrökkvi til að jafna greiðsluhallann á ársrekstri þjóðarbúsins. Vér stöndum því með tvær hendur tómar í ársbyrjun 1934. Það verður því ekki hjá því komizt að taka milljóna skyndilán til þess að standast fyrstu greiðslur ársins, sem alltaf eru talsvert miklar og falla til greiðslu áður en tekjurnar fara að greiðast í ríkissjóðinn. Þannig lítur þá út fyrir, að fyrsta árið byrji, sem gert er ráð fyrir, að farið verði að leggja stórfé í háskólabyggingu.

Annars var margt furðulegt af því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., t. d., að ómögulegt væri að sníða háskólanum neinn stakk. Hann er óútreiknanleg stærð, sem á að gleypa stofnanir eins og Landsbókasafnið og Landsspítalann. Hann nefndi ekki gamalmennahælið og vitlausraspítalann, sem sjálfsagt gæti líka komið til greina. E. t. v. á Rvík öll að hverfa inn í blámóðu háskóladýrðarinnar, en þá verður kostnaðurinn orðinn meiri en 600 þús. kr.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að með brtt. hv. 1. þm. N.-M. væri ekkert sagt, en í þessari brtt. er allt sagt, sem nokkru máli skiptir í frv. sjálfu. Aðeins er sleppt þeim orðaleik, að þetta megi gera á hinu tiltekna árabili, ef þinginu virðist það ráðlegt á hverjum tíma.

Nenni ég svo ekki að elta ólar við allar þær fjarstæður, sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál. Vil ég aðeins taka það fram, í sambandi við þau orð hv. 4. þm. Reykv., að ekki væri hægt að halda áfram undirbúningi málsins fyrr en yfirlýstur þingvilji lægi fyrir um fjárframlög og framkvæmdir, að eins og sést á frv., er þar ekki um neinn yfirlýstan þingvilja að ræða, heldur aðeins það, hvað stj. sé heimilt að gera, ef þingin 1934—1940 telji það ráðlegt.

Annars skildist mér á hv. 4. þm. Reykv., að ekki væri víst, að háskólinn myndi standa þar, sem nú hefir verið ákveðið, því að aðrir staðir væru betur fallnir. Held ég að ekki sé ástæðulaust, úr því að slíkt kemur fram frá þessum stuðningsmanni málsins, að þetta sé athugað betur. Vonandi finnst svo stór blettur, að hægt sé að koma þar fyrir öllum þeim húsum, sem hv. 4. þm. Reykv. telur, að þar þurfi að vera.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf aðeins að gera örstutta aths. Hv. þm. V.-Húnv. sagði svo margt til stuðnings mínu máli.

Mig undraði það, sem hæstv. dómsmrh. sagði viðvíkjandi reikningum vinnuhælisins fyrir austan. Hann sagði, að kostnaður af hælinu væri í LR. talinn meiri en hann í raun og veru væri, vegna vinnu fanganna. (**Dómsmrh.:** Hv. þm. skilur það svo). Ég tilfæri það sem hæstv. ráðh. sagði, en þá upphæð, sem ég nefndi áður, að farið hefði til hælisins, hefi ég tekið eftir LR., sem ég sjálfur hefi endurskoðað. Ef það væri rétt, sem hann sagði, þá er hér um beina fölsun að ræða.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann héldi, að ég áliti það mikið örlæti við háskólann, sem fram kemur í 1. gr. frv., en svo er ekki. Ég er algerlega samþ. hv. þm. V.-Húnv. um það, að þessi gr. er alveg þýðingarlaus. Hér er því um ekkert örlæti að ræða. En örlæti við háskólann kemur t. d. fram í dæminu um stólana.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að nemendur yrðu að sitja úti í gluggakistunum. Lausir stólar ættu þó ekki að vera dýrir.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ekki væri hægt að semja við bæinn um land, nema því aðeins, að lofað væri að byggja. Ætlast hann til þess eftir frv., að stj. lofi að byggja árin 1934—1940? Frv. gefur enga heimild til slíks. Það er ekki heldur rétt, að það þurfi að lofa að byggja á lóðum utan við bæinn innan ákveðins tíma, það gildir aðeins um götur, sem farið er að leggja. Hefi ég talað um þetta við einn bæjarfulltrúann, og vissi hann ekki til þess, að slík skilyrði væru sett.

Eins og við hv. þm. V.-Húnv. höfum tekið fram, liggur í frv. ekkert loforð fyrir, heldur segir það, að byggja skuli, ef síðari þing vilja svo vera láta. Það er alltaf hægt að segja. Ég get líka lofað að láta byggja háskóla, ef hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. dómsmrh. útvega peninga.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er óþarfi að deila á mig fyrir þau ummæli mín, að mér þyki mikið unnið með frv. Mér þykir það sjálfum allt of óákveðið. Vildi ég taka höndum saman við hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Húnv. um það, að kveða fastar á. En það liggur ekki hér fyrir. Finnst mér, að því óákveðnara sem frv. er, því minni hætta ætti að vera að samþ. það. Þótt lítið felist í því, er þar þó alltaf þingyfirlýsing um þetta, enda þótt þingið hafi að svo stöddu ekki heimild til að veita fé.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég hefði lýst yfir því, að ástandið væri þannig, að ekki myndi hægt að byrja á verkinu á hinu tiltekna árabili. Ég minnist þess ekki að hafa sagt þetta. En ég viðurkenni, að eitt af því, sem við höfum fyrir það hve miklu fé hefir verið eytt, sé það, að slæmt útlit sé um bygginguna. En ég held, að fyrir 1940 muni verða búið að leggja fram fé til verksins eða annara nauðsynlegra verka. Þykir mér það fengur fyrir háskólann, ef ákveðið er, að þetta verk skuli ganga fyrir öðrum, svo framarlega sem fé sé til. Er þetta hliðstætt við l. um brúagerðir og símalagningar.

Með því að samþ. frv., álít ég, að þingið hafi lýst yfir því, að það vilji láta framkvæmd þessa verks ganga fyrir öðrum verkum á þessu árabili. Og ég álít, að gengið sé á yfirlýstan vilja þessa Alþingis, ef aðrar hliðstæðar byggingar verða byggðar á þessu árabili. Þetta er hinn efnislegi vinningur við, að frv. sé samþ. nú. Það er að vísu satt, að útlitið er ekki gott nú sem stendur, um að ráðizt verði í framkvæmdir á næstu árum. En þó má gæta þess, að hér er ekki um svo afarstóra fjárhæð að ræða, 600 þús. kr., eða máske upp undir 800 þús. kr. Má því segja að ástandið verður slæmt hér á landi, ef ekki verður búið að verja miklu stærri upphæð en þessari til nýrra framkvæmda við lok þessa tímabils. Ég vil hreint ekki spá svo aumlegu ástandi, að ekki verði búið að vinna af hálfu ríkisins fyrir miklu meira fé. En fari svo, sem ég vona, þá er gott að hafa yfirlýstan vilja þessa þings um að þetta verði gert.

Hv. þm. V.-Húnv. leizt hreint ekki á þessa óútreiknanlegu stærð, sem hann hélt, að háskólinn yrði. Í sambandi við það, hvaða stofnanir gætu heyrt háskólanum til, taldi hann, að ég hefði gleymt bæði vitlausraspítala og gamalmennahæli. Hv. þm. sagði nú þetta víst í gamni. En þetta er vitanlega engin fjarstæða. Það er ekkert óeðlilegt við það, að geðveikrahæli standi í sambandi við háskóla. Þar er þó um efni að ræða til vísindalegra rannsókna. Og hvað gamalmennahælin snertir, þá er skiljanlegt, að hv. þm. V.-Húnv. sé kunnugri því, hvað gera má fyrir gamalmennin en aðrir, vegna þess, hvar hann er búsettur. **(Rödd af þingbekkjum**: Þetta er flutt á Blönduósi!). Það var nú samt víst á Hvammstanga, sem þessi undur skeðu fyrst.

En svo að öllu gamni sé sleppt, þá fannst mér hv. 2. þm. Skagf. ekki gera það ósennilegt, að betra sé að hafa lögin í höndunum, þegar komið er til bæjarfulltrúanna með beiðni um land handa háskólanum. Hann kannaðist við, að reglan væri sú, þegar lóð væri afhent, að þá væri skylda að byggja á henni. Hv. þm. vildi aðeins halda því fram, að annað gildi utan bæjarins, vegna þess að þar kæmi gatnagerðin ekki til greina. En þótt svo sé, að nokkuð annað gildi um það land, sem er utan við aðalbæinn, þá er þó varla þess að vænta, að bæjarfulltrúarnir verði fúsir að láta land af hendi,

nema sýnt sé, að vilji sé til þess að byggja á þessu landi. Og það er afareðlilegt. Það land, sem látið væri af hendi, gæti einnig verið hagkvæmt til afnota fyrir aðra, sem þurfa á landi að halda og geta sýnt, að þeir ætli að nota það. Samþykkt þessa frv. væri því eðlileg trygging fyrir Rvíkurbæ um að það væri vilji þingsins að sinna þessu máli. Að vísu játa ég, að þessi trygging er ekki lagalega bindandi fyrir síðari þing. En maður verður þó að vona, að það sé yfirleitt vilji þingsins, að þetta verði gert, og þá einnig síðari þinga. Og þeir sem álíta, að þetta mál komi ekki að neinu gagni, vegna þess að ekki er hægt að hefjast handa í bráðina, ættu þó ekki að setja það fyrir sig, heldur ættu þeir að lofa málinu að ganga fram, svo að það mætti þó gera það gagn, sem vera má, án þess eða áður en ríkissjóður leggur fram fé til þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég hygg, að hv. 2. þm. Skagf. hafi að einhverju leyti blandað saman starfrækslunni við þá kostnaðarreikninga, er hann var að tala um í sambandi við Litla-Hraun. Ég gat ekki skilið það öðruvísi og er mér þó það mál nokkuð kunnugt. En þar sem ég vil ógjarnan blanda umr. um það inn í þetta mál, og hv. þm. hefir talað eins og þingsköp leyfa, þá mun ég ekki fara frekar út í það, enda gefst væntanlega tækifæri til að tala nánar um það atriði síðar. Ég skal endurtaka það, sem ég áður sagði, vegna þeirrar fullyrðingar hv. þm. V.-Húnv., að málinu þokaði ekkert áfram, þótt þetta væri samþ. Ég sagði það, og hv. 4. þm. Reykv. hefir einnig lýst því, að við þetta væri þó unnið það tvennt, að hægt væri að semja um landið, ef frv. er lögfest, og að stúdentagarðinum yrði þokað áfram, ef þingið léti á þennan hátt vilja sinn í ljós. Hér er um löggjöf að ræða, sem er sambærileg við ýmsa aðra, sem samþ. er, t. d. brúalög og vegalög. Þar er um fyrirætlanir að ræða, sem ekki komast til framkvæmda fyrr en síðar, eftir því sem fé er veitt til þeirra í fjárl. En kappið við að koma brúm eða vegum inn í þau lög sýnir, að það er álitið mikils virði að hafa lögfest þetta, þó framkvæmdir biði síðari hentugleika. Ég er sammála hv. þm. um, að nú sé svo mikil óáran, að ekki sé hægt að leggja fé í þessa byggingu að sinni. En þótt óáran sé, má ekki gleyma því, að tvennt er þó leyst með þessu: Það er hægt að semja um lóð við hæfi háskólans, og það er einnig hægt að fara að nota þá peninga, sem stúdentar eiga og bíða aðeins eftir því, að staður fyrir háskólann sé ákveðinn. Þessa tvo möguleika er ekki hægt að eyðileggja, nema frv. sé fellt. Vona ég, að ekki komi til þess. Hitt verður svo *mál síðari þinga, hvernig þau geta lagt* fram það fé, sem nauðsynlegt er til byggingarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 424,I felld með 15:9 atkv.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Brtt. 424,II kom ekki til atkv.
— 491,1 samþ. með 18:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 424,III kom ekki til atkv.
— 491,2 samþ. með 19:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 534).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:3 atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 534).
Á 64. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Á frv. þessu hefir orðið lítilsháttar breyt. í hv. Nd., sem mér fannst ástæða til þess að mæla heldur með, vegna breyttra kringumstæðna.

Í niðurlagi frv. var áður gert ráð fyrir, að Rvíkurbær **skyldi** láta háskólann og stúdentagarðinn hafa vatn úr hitaveitu sinni. Í Nd. var þessu breytt þannig, að það á að vera samningsatriði, hvort þessar stofnanir fá heitt vatn frá bænum eða

ekki. Ég álít, að eins og málinu er nú háttað, sé rétt að gera þessa breyt. Það var að vísu æskilegt fyrir þremur árum, frá sjónarmiði þm., sem fyrst og fremst verða að hugsa um hag þjóðarinnar í heild, að hafa ákvæði um það í lögum, að Rvík skuli láta háskólann hafa heitt vatn, en nú horfir málið dálítið öðruvísi við. Það hefir sýnt sig, að landsspítalanum, sem settur var í samband við hitaveitu bæjarins, verður heita vatnið svo dýrt, að það er ekki alveg víst, hvort það borgar sig fyrir hann að nota það til lengdar. Ástæðan til þess, að vatnið þarf að vera svona dýrt, er sú, að lagt hefir verið í kostnaðarsamar boranir til þess að auka vatnið, og leiðslurnar og umbúnaður allur hefir orðið dýr. Auk þess býst ég við, að það verði þægilegra gagnvart aðalatriði málsins, nefnil. lóðarsamningunum við Rvík, að ákvæði frv. um heita vatnið séu höfð í því formi, sem þau eru nú í. Ég óska því, að hv. d. samþ. frv. engu síður fyrir þessa breyt., sem á því hefir orðið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 593).

17. Geðveikrahæli.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 33, 20. okt. 1905, um stofnun geðveikrahælis (stjfrv. A. 21).

Á 6. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að hv. þdm. sé kunnugt, að gjaldskrá sú, sem nú er notuð fyrir Gamla-Klepp, er byggð á vafasömum lagarétti. Þegar sá spítali var stofnaður, var gjaldskráin miðuð við þann tíma og var því eðlilega lág. Þegar svo dýrtíð óx á ófriðarárunum, var farið, með vitund þingsins, að hækka daggjöldin þar, þó ekki meira en svo, að menn sættu sig við það, enda mætti hækkunin engri verulegri gagnrýni. Þegar Nýi-Kleppur kom, hefði að vísu verið sanngjarnast að setja hin sömu daggjöld þar og fyrir voru á Gamla-Kleppi. En í samræmi við þá tilraun að láta Nýja-Klepp bera sig sem bezt, varð að ákveða daggjöldin hærri þar. Þó hefir verið veitt undanþága frá því, þegar svo hefir staðið á, að fátækt fólk hefir kostað þar vandamenn sína. Hafa þeir þá sloppið með að greiða lága daggjaldið, en hinir efnaðri orðið að borga kr. 3,50 á dag.

Með frv. þessu er því í raun og veru skotið til aðgerða þingsins, hverja reglu það vill um þetta hafa. Hvort það vill t. d. láta þá reglu gilda fyrir Nýja-Klepp, sem gilt hefir á Gamla-Kleppi, eða hvort það vill taka upp einhvern milliveg. Ég legg svo til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 113).

Frsm. (Jón Jónsson): Þessi lög, sem með frv. þessu er lagt til að séu úr gildi numin, eru frá 1905, og er með þeim ákveðin stofnun gamla geðveikrahælisins á Kleppi, sem nú fyrir löngu er komin í framkvæmd. Í lögum þessum eru tekin fram tvö atriði viðvíkjandi spítalanum. Hið fyrra er um daggjöld sjúklinga. Er ákveðið, að framfærendur greiði upp í kostnað 50 aura á dag, ef sjúklingurinn er þurfamaður, en ella 1 krónu. Þetta er nú fyrir löngu úrelt orðið, enda hefir verið frá því vikið. Síðari árin mun hafa verið tekin kr. 1,50 á dag. Síðar var svo stofnað annað geðveikrahæli á sama stað. Þar hafa daggjöldin verið miklu hærri, eða um kr. 3,50 á dag. Þarna er því um ósamræmi að ræða, sem lagfæra þarf.

N. hefir aflað sér upplýsinga um það, hver hinn raunverulegi dvalarkostnaður sjúklinga sé á geðveikrahælunum. Eftir skýrslu ráðsmannsins var dagkostnaður á sjúkling á Nýja-Kleppi kr. 4,64, en á Gamla-Kleppi kr. 3,32. Daggjald það, sem lögin frá 1905 ákveða, er því svo lágt — enda ekki eftir því far-

ið —, að ekki er við hlítandi. N. hefir því orðið sammála um, að rétt sé að afnema þessi lög.

En jafnframt því, að n. ákvað að mæla með því, að frv. væri samþ., kom og til álita, á hvern veg haga skyldi daggjöldum sjúklinga, svo sanngjarnt mætti teljast og hæfilegt samræmi væri milli gamla og nýja spítalans. N. gat hugsað sér, að fjvn. þingsins gerðu till. um þetta. Virðist sanngjarnt, að daggjöld hækkuðu nokkuð á Gamla-Kleppi, og gæti þá fjvn. tekið ákvörðun um það, enda hefir hún áður gert till. um daggjöld sjúklinganna þar.

Nú má vera, að sumum finnist athugavert að hækka til muna daggjöld á Gamla-Kleppi, vegna þess að ákvæði fátækralaganna um hámark þess kostnaðar, kr. 400,00, sem framfærsluhéruðum er skylt að greiða með þeim þurfalingum sínum, sem njóta spítalavistar, nær ekki til geðveikrahælanna, — og ekki raunar heldur til holdsveikraspítalans. Stafar það af því, að um þær spítalastofnanir giltu sérstök lög. Var því spurning um, hvort ekki væri rétt að breyta því ákvæði fátækralaganna, sem að þessu lýtur, á þann veg, að ákvæði 66. gr. þeirra væru látin ná til geðveikrahælanna. N. hefir þó eigi séð sér fært að fara inn á það svið, enda kæmi þá fleira til greina. Ennfremur barst n. vitneskja um, að stj. hefði undirbúið breytingar á fátækral., samkv. þál., er samþ. var á síðasta Alþingi. Er gert ráð fyrir, að það frv. verði tilbúið um næstu helgi. Má þá taka til nánari athugunar kjör þurfamanna á þessum spítölum.

Í l. frá 1905 eru eiginlega engin önnur ákvæði, sem máli skipta. Að vísu eru þar ákvæði um yfirstjórn spítalans, en yfirstjórn samkv. þeim hefir aldrei verið skipuð. Er því ástæðulaust að halda í l. vegna þeirra ákvæða. N. telur sjálfsagt, að landlæknir hafi samkv. embættisskyldu sinni yfirumsjón með geðveikrahælunum. Er þá ekki þörf frekari yfirstjórnar að svo stöddu. Er því ekki viðurhlutamikið að fella úr gildi lög, sem ekki hafa önnur ákvæði en þau, sem ýmist eru úrelt eða aldrei hefir verið farið eftir.

Í nál. okkar höfum við slegið því fram, hvort ekki myndi rétt að reka bæði geðveikrahælin sem eina stofnun. Eins og nú er ástatt, virðist eiginlega hvergi vera húsrúm handa óðum sjúklingum. Ef báðar stofnanirnar störfuðu sem ein heild, mundi kannske frekar fást rúm fyrir þá. T. d. mætti hugsa sér að nota Gamla-Klepp fyrir slíka sjúklinga, en Nýja-Klepp fyrir þá, sem væru hægari. Ekki er heldur ólíklegt, að starfrækslan yrði ódýrari með þessu móti. Mætti t. d. skipta meira um starfsfólk milli spítalanna, eftir því sem þörf væri fyrir í hvert sinn, o. s. frv.

N. hefir borið þetta undir álit landlæknis og hann tjáð sig samdóma henni. Leggur n. því að öllu athuguðu til, að frv. verði samþ.

Jón Þorláksson: Það er sjálfsagt rétt hjá hv. n., að lögin frá 1905 eru orðin mjög úrelt og ófullnægjandi og ákvæði þeirra orðin á eftir tímanum. En mér finnst þó ekki rétt að afnema löggjöf, sem gildir fyrir stóra ríkisstofnun, án þess að sett sé önnur löggjöf í þeirra stað. Ég lít svo á, að ríkinu beri í raun og veru að hafa sérstaka löggjöf fyrir hverja þá starfsemi, er það rekur. Það getur ekki talizt rétt og fullnægjandi, að það sé algerlega komið undir fjárlagaákvæðum og framkvæmdarvaldinu, hvernig rekstri þeirra er hagað. Ákvæði fjárl. verða einatt mjög svo takmörkuð viðvíkjandi rekstrartilhögun viðeigandi stofnunar. Þau eru venjulega lítið annað en ákvörðun þeirrar fjárhæðar, sem veitt er til hennar, og sú upphæð skoðast oft sem áætlun. Getur því farið svo, að rekstrartilhögun liggi öll í hendi framkvæmdarvaldsins, þar sem engin ákvæði liggja fyrir um reksturinn frá hálfu löggjafarvaldsins. En svo á ekki að vera í þingfrjálsu landi, sem byggir stjórnarfar sitt á borgaralegum rétti.

Ég hefði kunnað miklu betur við það, að n. hefði beint til stj. tilmælum um undirbúning nýrrar löggjafar um þessar stofnanir, í stað þess aðeins að leggja til, að felld séu úr gildi gömul lög, sem að vísu eru orðin úrelt og ófullkomin, og gefa þar með stj. einveldi um rekstur geðveikrahælanna.

Ég sé mér, af þessum ástæðum, ekki fært að greiða atkv. með þessu frv. Ég er þó ekki á móti því af því, að mig langi

neitt til að halda í þessi gömlu og úreltu lög eða sé á neinn hátt annt um þau, ég kann bara ekki við að fella þau úr gildi fyrr en ný lög eru sett í þeirra stað.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég fæ nú ekki séð, að nein eftirsjón sé að þessum lögum, svo ófullkomin eru þau. Þau mæla fyrir um stofnun Gamla-Klepps, sem fyrir löngu er komin til framkvæmdar. Þá mæla þau fyrir um tvö atriði viðvíkjandi rekstrinum. Annað er um daggjöld sjúklinga. Það er fyrir löngu úrelt orðið og hætt að fara eftir því. Hitt er um yfirstjórn spítalans. Eftir því ákvæði hefir aldrei verið lifað. Þessi lög hafa því algerlega verið dauður bókstafur í seinni tíð. Ég er þó sammála hv. 1. landsk. um það, að rétt væri að setja lög um geðveikrahælin, en ekki þó reyndar frekar um þau en önnur sjúkrahús. T. d. eru engin lög um landsspítalann. Ég hefi orðið var við það, að núv. landlæknir hefir í huga undirbúning um heildarlöggjöf fyrir sjúkrahúsin. Til þessa hafði n. engin tök né tíma. Hún hefði að vísu getað bent á, að þetta væri æskilegt, en þar sem hún vissi um þennan undirbúning landlæknis, þá gerði hún það ekki. En jafnvel þótt ekkert komi í stað þessara l., þá tel ég enga eftirsjón að þeim. Svo úrelt eru þau orðin.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vildi segja ofurlítið út af daggjöldunum. Ég tók svo eftir, að hv. frsm. n. segði, að þau hefðu verið kr. 1,50 á dag á Gamla-Kleppi. En hvorki hv. frsm. né aðrir hafa látið neitt í ljós um, hver þau skuli vera eftirleiðis. En vegna þess, að ákvæði fátækralaganna ná ekki til geðveikrahælanna, þykir mér rétt, að bending komi fram um það í umr., hvernig haga skuli daggjöldum þessara sjúklinga framvegis.

Sjúkdómi þeim, sem hér um ræðir, er svo háttað, að sumir eru ólæknandi, eða þá að þeir þurfa að vera á spítala svo árum skiptir. Það mundi því koma hart við fátæka framfærendur eða hreppsfélög, ef daggjöld væru hækkuð til muna frá því, sem nú er.

Þess er getið í nál., að á Nýja-Kleppi hafi fátækum mönnum verið sýnd einhver linkind frá daggjöldum. Ég lít svo á, eins og ég sagði fyrr, að þegar um sjúklinga er að ræða, sem eiga fátæka aðstandendur, en eru haldnir þeim sjúkdómum, að þeir verða að dvelja á spitalanum árum saman, þá megi ekki ákveða daggjöldin hærri en þau eru nú á Gamla-Kleppi. Hitt er annað mál, þótt þau séu ákveðin nær því, sem þau kosta í raun og veru, þegar um stuttan tíma er að ræða. Slíkan kostnað borga menn einatt möglunarlaust.

Það er mikil þörf á því að haga svo fyrirkomulagi spítalanna, að þar megi leggja inn óða sjúklinga. Eins og nú hagar, þá eru slíkir sjúklingar lagðir inn á spítalana báða jöfnum höndum. En miklu heppilegra væri að samræma svo starfsemina, að þeir væru lagðir inn í sérstaka deild, sem til þess væri ætluð. Mér þætti æskilegt, að það kæmi skýrar fram frá hv. frsm. n., þótt ekki væri nema um hans persónulegu skoðun að ræða, að ætlazt væri til, að daggjöld þeirra sjúklinga, sem ólæknandi eru, væru ákveðin lægri en þeirra, sem aðeins dvelja stuttan tíma á spítölunum.

Frsm. (Jón Jónsson): N. hefir nokkuð rætt þetta, en enga ákvörðun tekið viðvíkjandi daggjöldum. Það er erfitt um það að segja, en ég býst við, að þetta komi nokkuð til athugunar í sambandi við breyt. á fátækral., því að flestir af þessum sjúklingum, a. m. k. þeir, sem liggja þarna til langframa, eru þurfamenn sveitar- eða bæjarfélaga. N. telur það líka sanngjarnt, að þeir, sem þarna eru langvistum, greiði eftir lægri taxta en þeir, sem þar eru aðeins um stundarsakir. Um hitt ákveður n. ekkert nú, hversu há gjöldin skuli vera, og virðist ekki skipta miklu máli að ákveða það, fyrr en séð er, hvernig fátækralögin taka á þessum hlutum, því að þeir, sem hér ræðir helzt um, eru aðallega þurfamenn.

Ég hefi þá ekki fleira að segja fyrir hönd n., en við göngum út frá því, að þegar daggjöld verða ákveðin, þá verði þau sett lægri fyrir þá, sem þarna verða langvistum. Annars er það velkomið, að nefndin taki þetta frekar til athugunar til 3. umræðu og skýri þá nánar frá áliti sínu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:3 atkv.
2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég skal aðeins geta þess, út af aths., sem fram komu við 2. umr. frá hv. þm. Hafnf., að allshn. hefir talað sig saman um málið á ný, en sér ekki ástæðu til að koma með nýjar brtt. við það, en treystir hinsvegar því, að þegar ákveðin verða daggjöld sjúklinga, þá verði tekið tillit til þess, hvort þeir dvelji þar langvistum eða einungis um skemmri tíma. Ennfremur er þess að vænta, eftir samtali við landlækni að dæma, að bráðlega verði hafizt handa um undirbúning heildarlöggjafar fyrir sjúkrahús landsins.

Bjarni Snæbjörnsson: Mér hefði þótt viðkunnanlegra og reyndar alveg sjálfsagt, að hv. allshn. hefði gert einhverjar till. um daggjöldin, því að í lögum þeim, sem hér er verið að nema úr gildi, voru ákvæði um þetta, taxti, og það getur ekki staðizt að nema þau úr gildi, þannig að ekkert komi í staðinn. Ég get þess vegna ekki greitt atkv. með frv. eins og það er úr garði gert, en þó myndi ég í þessu efni hafa látið það nægja, ef hv. n. hefði í umr. látið vilja sinn eða till. koma fram, eða að hæstv. stj. hefði á sama hátt lagt eitthvað til málanna, en þar sem um hvorugt slíkt er að ræða og hér er gengið út í algerða óvissu, hlýt ég sem sagt að greiða atkv. móti frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi segja það, út af þessum aths. hv. þm. Hafnf., að með þessu frv. er önnur hlið spítalamálsins leyst, nefnilega sú, að gera ástandið á Gamla-Kleppi lögum samkvæmt. Um Nýja-Klepp hefir engin löggjöf verið sett ennþá, og hefir það máske ekki komið að sök fyrst í stað, en hinsvegar hlýtur að koma að því, að slík löggjöf verði sett, og er ekki með öllu ósennilegt, að hún verði undirbúin til næsta þings og þá lögð fram. Eða þá hitt, sem mér virðist vel geta staðizt, að fjhn. eða fjvn. þingsins gerðu ákveðnar till. um þetta, sem síðan mætti fara eftir, þar til löggjöf verður sett um þetta. Ég hefi reynt að halda nokkru af daggjöldunum svo háum sem unnt er, til þess að afstýra tekjuhalla á nýja spítalanum, en allt um það hefir mér verið það vel ljóst, að þingið verður að ákveða þetta fyrr eða síðar, og ég hefi í því skyni hugsað mér að talfæra þetta við þær n. þingsins, sem einkum hafa með fjármál landsins að gera, og að þær gerðu þá till. um þessa hluti, sem hægt væri að fara eftir, þangað til löggjöf kæmi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til *Nd.*

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 21).

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Ef frv. þetta verður samþ., virðist mér þar með felld úr gildi ákvæði núgildandi laga um það, hvaða daggjöld beri að greiða með sjúklingum þeim, sem eru á eldra geðveikrahælinu, sem almennt er kallað „Gamli-Kleppur". Ég ætla, að í þeim lögum, sem hér er farið fram á að fella úr gildi, sé gert ráð fyrir, að daggjöld sjúklinga skuli vera 50 aurar eða svo, en með fjárlagaákvæðum hafa þau á síðari árum verið ákveðin kr. 1,50. Það er því ljóst, að með samþykkt þessa frv. eru aðstandendur þeirra sjúklinga, sem í Gamla-Kleppi eru, sviptir þeirri vernd, sem lögin veita þeim um að meðgjöf með sjúklingum fari ekki fram úr settu marki.

Á Nýja-Kleppi eru daggjöldin miklu hærri, kr. 3,50, að ég held, og má því búast við, að þau hækki einnig tilfinnanlega á Gamla-Kleppi, ef þau eru engum takmörkunum bundin. Ég vil benda á, að að þeim vesalingum, sem þarna verða að vera, standa í flestum tilfellum hreppsfélög eða fátækir einstaklingar, sem mjög erfitt ættu með að bæta á sig

gjöldum á þessum erfiðu tímum, því að það er svo um alla eða flesta sjúklingana, sem þarna eru, að þeir verða að vera þar til langframa. Ég vil því biðja þá n., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, að finna leið til þess, þó að frv. þetta verði samþ., að þá sé samt ekki kippt burt þeim ákvæðum úr löggjöfinni, sem tryggja það, að daggjöld með sjúklingum á Kleppi verði ekki sett svo há, að aðstandendum þeirra verði um megn að greiða þau.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 276).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, því að lögin frá 1905, sem nema á úr gildi með frv., eru algerlega úrelt orðin. Þar er fyrst og fremst ákveðið að veita fé til þess að setja á stofn geðveikrahæli, og í öðru lagi, að í stjórn spítalans skuli vera landlæknir ásamt öðrum manni, en þeirri tilhögun hefir eigi verið fylgt. Loks eru í lögunum ákveðin daggjöld sjúkrahússins, en síðan þau urðu tvö, er nauðsynlegt að samræma daggjöldin á báðum sjúkrahúsunum, en það er ekki hægt nema afnema þessi lög, þar sem daggjöldin eru ákveðin aðeins fyrir annað sjúkrahúsið. Fyrir þessar sakir virðist sjálfsagt og nauðsynlegt, að þessi lög verði afnumin.

Pétur Ottesen: Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að með því að afnema þessi lög um stofnun geðveikrahælis er burt numin sú trygging, sem nú er fyrir því, hvað tekið er fyrir veru sjúklinga á Gamla-Kleppi. Nú verða sum sveitarfélög að sjá fyrir mörgum sjúklingum á geðveikrahælunum, oft um langan tíma, jafnvel svo áratugum skiptir fyrir sama sjúkling. Það leiðir því af sjálfu sér, að ef daggjöldin eru há, þá getur það orðið sveitarfélögunum mjög þungbært, og jafnvel til þess að koma sveitarfélögunum á kaldan klaka, svo að þau verða að gefast upp á ríkissjóðinn, og það því fremur, þegar búið er að afnema þá tryggingu, sem þessi lög veita um það, að daggjöldin verði ekki há um of.

Það er svo ákveðið í fátækralögunum, að ríkissjóður borgi meðlög með þeim sjúklingum, sem eru á framfærslu sveitarfélaga, þá upphæð, sem þarf að borga með hverjum sjúklingi fram yfir 400 kr. á ári, en þetta nær ekki til þeirra sjúklinga, sem eru á geðveikrahæli. Nú eru lægstu daggjöld á Nýja-Kleppi kr. 3,50, og sjá menn, ef á að taka svo hátt gjald af sveitarfélögum eða öðrum fyrir sjúklinga, sem dvelja þar árum saman, hversu þungbært það verður. Mér virðist því varhugavert af Alþingi að fella þessi lög alveg úr gildi, nema jafnframt séu samþ. lög, sem veiti hreppsfélögum tryggingu fyrir því, að þau verði ekki krafin um hærri meðlög með sjúklingum en líkur eru til, að þeim sé fært að greiða.

Ég vil að endingu beina því til hv. þm. Ísaf., sem jafnframt er landlæknir, hvort honum virðist ekki ástæða til, jafnframt því, sem þessi lög eru úr gildi numin, að bera fram frv. um það, að gera einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi þessu, sem ég hefi nú minnzt á.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er talsverð óvissa um það, hver daggjöld verða á þessum spítölum, ef ekkert kemur í stað þessara laga, sem hér á að afnema. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til n., hvort hún hafi ekki ætlazt svo til, að jafnað verði að einhverju leyti um kostnaðinn á þessum tveimur geðveikraspítölum. Ég verð að viðurkenna, að það er lítið réttlæti í því, að þeir sjúklingar, sem dvelja á nýrri spítalanum, greiði margfalt gjald á við þá, sem á gamla spítalanum eru, eins og verið hefir. Hitt væri réttlæti, að jafnað væri um þessi daggjöld, svo að þau yrðu jafnmikil á báðum spítölunum, en ég hefi ekki tekið eftir, að neitt hafi komið fram í þá átt, hvorki í Ed. eða hér í Nd. Ég vil því spyrja um það, hvort það sé meiningin, að daggjöld á Nýja-Kleppi séu áfram eins og þau eru nú, eða þau eigi að hækka. Ef daggjöldin á Gamla-Kleppi hækka, kannske það mikið, að

þau verði allt að því eins há og nú er á Nýja-Kleppi, þá finnst mér of langt gengið.

Ég vil líka í þessu sambandi beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort n. ætlist til, að hreppsfélögin njóti þeirrar ívilnunar að þurfa ekki að greiða meira en 400 kr. með hverjum sjúklingi árlega að því er snertir Gamla-Klepp, ef daggjöld verða þar hækkuð, sem ég geri ráð fyrir.

Til orða gæti líka komið að láta þá sömu reglu gilda um geðveikrahæli og gildir um önnur sjúkrahús, að ríkissjóður greiði þann hluta kostnaðar, sem er umfram 400 kr. á ári. Væri æskilegt að heyra, hvað hv. n. hefir hugsað sér um þetta.

Vilmundur Jónsson: Viðvíkjandi fyrirspurn þeirri, sem beint hefir verið til mín, vil ég taka það fram, að fyrsta tilefnið til þess, að þetta frv. var flutt, var það, að nauðsyn þótti til, að daggjöld beggja spítalanna á Kleppi yrðu samræmd. Í grg. frv., sem er samin af mér, er um þetta sagt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Liggur fyrir að samræma daggjöldin á báðum spítölunum, og er engin ástæða til að hafa þau mishá eftir því á hvorum þeirra menn eru vistaðir. En hitt gæti verið nauðsyn, að hafa sérstaklega lág daggjöld fyrir þá, sem sýnt er um, er þeir hafa verið um stund á spítalanum, að eru með ólæknandi sjúkdóm og líklegir til að liggja þar árum saman".

Ég býst við, að ef frv. verður samþ. og þó ekkert verði frekara gert, þá verði tilhögunin þannig — eða a. m. k. er það mín meining —, að fyrir þá sjúklinga, sem þar eru og ólæknandi virðast, verði krafizt mjög lágra daggjalda, ekki meira en 1,50 á dag. Þessa er ekki hvað sízt þörf fyrir þá hreppa, sem verða að kosta á þessum spítölum fleiri en einn sjúkling í einu, og rísa þeir yfirleitt ekki undir hærri daggjöldum. Að þessu vil ég fyrir mitt leyti vinna.

Aftast í grg. frv. er tekið fram, að nauðsyn geti verið á því að setja heildarlöggjöf um öll sjúkrahús landsins. Á öðrum lögum er einnig mjög mikil nauðsyn, en það eru sérstök geðveikralög, þar sem ákveðin yrði réttarstaða geðveikra manna, svo og skyldur og réttindi þjóðfélagsins gagnvart þeim. Ég þori ekki að lofa því, en mig langar til að undirbúa lög um bæði þessi efni, ef ekki fyrir næsta þing, þá hið næstnæsta.

Ef það þætti tryggilegra mætti flytja þáltill. um sanngjarna upphæð daggjalda þurfalinga á Kleppi. Mér skilst, að það sé vilji þingsins, bæði efri og neðri deildar, að daggjöld þessara sjúklinga fari ekki fram úr 1,50 á dag, eða verði í báðum deildum eins og þau eru nú á gamla spítalanum. Enda mælir engin sanngirni með því, að þeir, sem verða fyrir því að þurfa að láta sjúkling dvelja fremur á annari deild spítalans en hinni, ef til vill af hending og gegn ósk sinni, borgi fyrir það margfalt gjald.

Pétur Ottesen: Mér skildist, að hv. 2. þm. Skagf. bæri fram fyrirspurn til n. um það, hvort hún líti ekki svo á og vildi ekki gefa yfirlýsingu um það, að þótt þetta frv. verði samþ., þurfi þeir hreppar, sem þarna verða að hafa sjúklinga, ekki að borga meira með þeim en þeir þurfa nú almennt á öðrum spítölum. Hv. þm. Ísaf. hefir verið að tala um undirbúning sérstakrar löggjafar um geðveikrahæli, þar sem tekin væru upp ákvæði um meðgjöf með geðveikum sjúklingum. En hún liggur ekki fyrir þessu þingi, og það er ómögulegt að segja, hvernig því mundi reiða af. Það væri því gott að fá nú yfirlýsingu um það, að það væri þingvilji fyrir því, að ekki þurfi að sæta verri kjörum fyrir sjúklinga við þessa spítala heldur en við aðra spítala landsins. Það gæti verið dálítil trygging, þar til ný löggjöf yrði sett, þar sem gjöldin yrðu ákveðin.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég álít það aðalástæðuna fyrir þessu frv. að tryggja það, að samræma gjöldin á báðum spítölunum. Eins og hv. þm. Ísaf. sagði, þá þarf að greiða miklu hærra gjald fyrir sjúklinga, sem eru á Nýja-Kleppi, heldur en þá sjúklinga, sem eru á hinum spítalanum, en núv. lög standa í vegi fyrir, að þetta verði lagfært.

Mér virðist vitanlega sjálfsagt að setja ákveðnar reglur fyrir báða spítalana og

samræma þetta, en hvort það er gert með sérstökum lögum eða á annan hátt, skiptir ekki miklu máli.

Pétur Ottesen: Mér skilst, að hv. frsm. og n. ætli að ganga þannig hér að verki, að fella niður þá tryggingu, sem felst í þessum l., og láta ekkert koma í staðinn, og er þá opin leið fyrir stj., að í stað þess, að ekki þarf að greiða nú nema um 500 kr. fyrir hvern sjúkling árlega, þá verði í þess stað hægt að krefjast, að greitt sé um 1200 kr., ef fylgt er þeim reglum, sem nú eru um lægstu daggjöld á Nýja-Kleppi. Þessir möguleikar standa opnir og til þess munu refirnir vera skornir, en hinsvegar lokað fyrir þá möguleika, sem hreppsfélögin hafa nú, að þurfa ekki að borga nema sem svarar 500 kr. á ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 21, 326, 349).

Pétur Ottesen: Við hv. 1. þm. Árn. höfum flutt brtt. við frv. þetta. Er hún í samræmi við það, sem ég hefi látið í ljós hér í deildinni, að varhugavert væri að fella niður úr núgildandi löggjöf ákvæðin um það, hvaða daggjöld sveitarfélögum beri að greiða fyrir sjúklinga, sem þau hafa til framfærslu á geðveikrahæli. Við höfum lagt það til, að þangað til lög verða sett um geðveikrahæli, skuli daggjald í hverri deild hælisins fyrir hvern þann sjúkling, sem þar er á sveitarframfæri, vera kr. 1,50. Við þessa till. okkar hafa þeir hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Seyðf. flutt brtt., sem er shlj. till. okkar að öðru leyti en því, að þetta á ekki að gilda lengur en læknar spítalans telja sjúklingnum spítalavistina nauðsynlega. Fylgi okkar hv. 1. þm. Árn. við vatill. þessa fer eftir því, hverja skýringu hv. flm. gefa á því, hvernig beri að skilja þetta ákvæði. Mun ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta fyrr en ég hefi heyrt hv. þm. Ísaf. skýra till. sína.

Vilmundur Jónsson: Till. okkar ber ekki að skilja öðruvísi en svo, að með ákvæðum hennar verði stutt að því, að sjúklingar verði ekki látnir liggja að óþörfu á sjúkrahúsunum eftir að þeir hafa fengið bata. Það er kunnugt, að oft getur verið erfitt að fá sveitarstjórnir til þess að taka slíka sjúklinga heim, jafnvel þótt þeir hafi fengið sæmilegan bata og megi vel dvelja utan sjúkrahúss. Líka leggjum við til, að í staðinn fyrir orðin „lög um geðveikrahæli" komi: „geðveikralög", því að vafasamt er, að sérstök lög verði nokkurn tíma sett um geðveikrahæli, en geðveikralög hljóta að koma fyrr eða síðar. Ég vænti, að hv. þm. Borgf. geti fallizt á till. með þessari skýringu.

Pétur Ottesen: Með þessum skilningi á brtt. á þskj. 349 býst ég við, að við flm. brtt. á þskj. 326 getum orðið við þeim tilmælum að taka hana aftur og greiða atkv. með brtt. hv. þm. Ísaf. Þó vil ég benda á, að varasamt gæti verið að þröngva sjúklingi til þess að fara af spítalanum, ef hann ekki með góðu móti vildi fara sjálfur, því að vel mætti svo fara, þótt nokkra bót hefði hann fengið á heilsu sinni, að bráðlega sækti í sama horf um heilsufar hans. Þess er að vænta, að læknar spítalans hafi hliðsjón af þessu, þegar þeir ákveða um burtför sjúklings af spítalanum.

Að öðru leyti býst ég við, að við séum sammála, því að það, sem fyrir mér og hv. 1. þm. Árn. vakti, var að tryggja það, að sjúklingar þeir, sem nú eru á spítölunum og ekki eru orðnir albata, verði eigi reknir burt, eða hærra daggjald tekið með þeim en kr. 1,50 eins og nú er.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég álít brtt. þeirra hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Seyðf. engu betri en vatill. þeirra hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf., því að með henni er spítölunum íþyngt meira en ástæða er til. Það hljóta allir heilvita menn að sjá, að því fleiri slíkar stofnanir sem þessar eru byggðar á kostnað ríkisins, þá

vex rekstrarkostnaðurinn við þær svo mjög, að ekki verður undir risið nema að sjá þeim fyrir sérstökum tekjum. Í Ed. er t. d. núna verið að tala um stofnun fávitahælis, sem er mjög nauðsynlegt. En það er ekki nóg að byggja það eða önnur slík hæli, það verður að sjá fyrir rekstrarkostnaði þeirra líka, því að ekki stendur á, að sjúklingarnir komi. Annars get ég ekki skilið, hvaða meining er í því hjá hv. þm. Ísaf. að vera að fara fram á, að ríkið, sem þarf að borga 4 kr. á dag með hverjum sjúklingi á spítölunum, gefi sveitarfélögunum það mestallt, hvort sem þau eru vel efnuð eða ekki. Hv. þm. hlýtur líka að vita það, að mörg sveitarfélög eru vel efnum búin, og geta því alið önn fyrir sínum sjúklingum, engu síður en ríkið. Það er t. d. alkunna, að á meðan Nýi-Kleppur var ekki til, þurftu einstaklingar og sveitarfélög oft að greiða með sjúklingum sínum 15—20 kr. á sólarhring. Var því almenn ánægja þegar Nýi-Kleppur tók til starfa, enda þótt greiða þyrfti með sjúklingunum kr. 3,50 á dag. Ég vil því spyrja, hvaða réttlæti er í því að demba þessu öllu á landið? Hvers vegna mega hlutaðeigendur ekki greiða það, sem þeim ber af kostnaði sjúklinga sinna? Það virðist vera sæmilegur velgerningur af þjóðfélaginu að koma þessum stofnunum upp, þó að það þurfi ekki líka að ala önn fyrir öllum, sem þangað leita. Ég leyfi mér því að leggja til, að till. þessi verði felld, því að hún er til mikils kostnaðarauka fyrir ríkissjóðinn.

Vilmundur Jónsson: Ég vil minna hæstv. dómsmrh. á það, að samkv. lögunum frá 1905, sem hér er rætt um að breyta, er ekki hægt að krefjast hærra meðlags með þurfamönnum, sem liggja á geðveikrahælinu á Kleppi — gamla spítalanum a. m. k. — en 50 aura á dag, en 1 kr. með öðrum sjúklingum, hversu ríkir, sem aðstandendurnir eru. Með þessu frv. eins og það liggur fyrir, er farið fram á að nema þessi úreltu ákvæði úr lögum, og var tilætlunin upphaflega sú, að láta óumtalað, hvað daggjöldin yrðu ákveðin há, en því aðeins treyst, að stj. hefði þau svo sanngjörn, að hlutaðeigendur fengju vel undir risið. Nú mun það vera álit flestra hv. dm., að daggjöldin megi ekki vera hærri fyrir þurfalinga en kr. 1,50 á dag, ef sveitarfélögin eiga sæmilega að geta staðið undir þeim, og mér skilst meira að segja, að fáist það ekki tryggilega ákveðið með samþykkt þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, þá sé engin von um, að sjálft frv. um afnám laganna frá 1905 nái fram að ganga. Fyrir því flutti ég till. og hyggst ekki að íþyngja ríkissjóði með henni, heldur þvert á móti að létta af honum kvöðum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Ísaf. hefir alls ekki svarað aðalröksemd minni, að ýms sveitarfélög — eins og t. d. Rvík — séu fullfær um að greiða fyrir sína sjúklinga, þó að önnur séu það ef til vill ekki, og hv. þm. veit ofurvel, að það er orðin margra ára venja að láta ekki greiða nema kr. 1,50 á dag á Gamla-Kleppi fyrir sjúklinga sveitarfélaganna, og að síðan Nýi-Kleppur tók til starfa, hefir verið gætt hinnar ýtrustu sanngirni, þar sem þeim sveitarfélögum, sem erfitt hafa átt um greiðslu, hefir ekki verið gert að greiða hærra daggjald en þetta fyrir sjúklinga sína.

Þetta 150 aura gjald kemur ekki til mála, því að á því er engin föst hefð orðin. Heilbrigðisstj. væri t. d. lafhægt að senda meiri hluta sjúklinganna heim og segja: Við viljum ekki skaða ríkið um kr. 2,50 á dag á hverjum þeirra. — Sem sagt, aðalröksemd minni er ósvarað enn, og eins og ég tók fram áðan, legg ég til, að till. verði felld, því að í henni kemur fram hreppapólitík af lélegasta tægi.

Magnús Guðmundsson: Ég get ekki tekið undir með hæstv. dómsmrh., að hér sé um lélegustu hreppapólitík að ræða. Á öllum öðrum sjúkrahúsum en holdsveikraspítalanum og Kleppi fá hreppsfélögin greitt allt, sem er umfram 400 kr. kostnað, fyrir 4 fyrstu sjúklinga sína. Mér finnst því satt að segja ekki nema eðlilegt, að um leið og daggjöldin fyrir sjúklingana eru sett upp, þá sé fátækralöggjöfinni jafnframt breytt á þann veg, að geðveikisjúklingar heyri undir sömu lög og sjúklingar á öðrum sjúkrahúsum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann muni taka undir slíka lagabreyt.

Það, sem vakir fyrir flm. till. þeirrar, sem hér er um að ræða, er vitanlega ekkert annað en það, að reyna að koma í veg fyrir, að sveitarfélögunum verði íþyngt um of með greiðslu fyrir sjúklinga sína á þessum tveim sjúkrahúsum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það atriði, sem hv. 2. þm. Skagf. drap á, get ég ekki sagt um að svo stöddu, því að það heyrir stjórnarlega undir aðra deild en ég starfa við. — Ég get verið samdóma hv. þm. um það, að ekki sé ástæða til að gera sveitarstjórnunum erfiðara fyrir með geðveika sjúklinga heldur en aðra sjúklinga, en ég vil vara þingið við því að fara inn á þessa braut, því að það getur ekki gengið svo til lengdar, að ríkið reisi hvern spítalann á fætur öðrum og sé svo auk stofnkostnaðarins látið sitja uppi með allan rekstrarkostnaðinn. Ríkið hefir reist dýran spítala fyrir þessa sjúklinga — húsið kostaði allt að 600 þús. kr. — og hefir haft þar sjúklinga fyrir daggjald frá kr. 1,50—3,75. Mega sveitarfélögin vel una við þennan velgerning af hálfu ríkisins, og enda óhyggilegt að búa svo að um rekstur spítalanna, þegar ríkið er búið að koma þeim upp, að rekstrarkostnaðurinn lendi allur á ríkissjóði, því að hætt er við, að slíkt geti leitt til þess, að við verðum að hætta hér á miðri braut við að koma upp þeim mannúðarstofnunum, sem þjóðin er í mikilli þörf fyrir að fá, af því að rekstur þeirra verður með þessu móti óbærilegur fyrir ríkissjóð. Í hinni d. er nú verið að ræða eitt slíkt mál, þar sem er stofnun fávitahælis, sem er mjög nauðsynlegt og gott mál, en það eru ekki líkur til þess, að það verði leyst eins fljótt, ef vitanlegt er fyrirfram, að ríkið á að bera allan rekstrarkostnað við þetta fyrirtæki.

Vilmundur Jónsson: Hæstv. dómsmrh. hefir samþykkt það, sem vakir fyrir flm. þessarar brtt. við frv., og raunar gengið hóti lengra, því að hann fellst á það, að ástæðulaust væri að gera sveitarfélögunum erfiðara fyrir með geðveika sjúklinga en aðra sjúklinga. Mundu og allir geta sætt sig við þessa lausn málsins, enda var það athugað, hvort ekki væri rétt að fara þessa leið, að láta geðveiku sjúklingana falla undir 66. gr. fátækralaganna, sem ákveður það, að meðlag sveitarfélaganna með sjúklingum á spítölum skuli aldrei fara fram úr 400 kr. á ári, heldur skuli ríkissjóður greiða það, sem umfram verður. En bæði var það, að breyta hefði þurft fátækralögunum til þess að ná þessu marki, og svo hefði spítalinn orðið verr úti, ef þessi leið hefði verið farin, þar sem hann þá aðeins fengi 400 kr. fyrir hvern sjúkling, í stað 547,50 kr. samkv. brtt. okkar. Og þetta var það eingöngu, sem réð því, að við fremur kusum að fara þessa leið. Hitt er öllum kunnugt, að fjárhag hreppanna er ekki svo farið, að þeir geti risið undir því að borga 3—4 kr. á dag fyrir sjúkling, að ég nú ekki tali um þá hreppa, sem fyrir fleirum en einum sjúklingi hafa að sjá.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki nema að nokkru leyti rétt hjá hæstv. dómsmrh., að sú fyrirspurn, sem ég beindi til hans, heyri ekki undir hans deild stjórnarlega, og auk þess verður hæstv. ráðh. að svara fyrir stj. alla í þessu máli, þar sem hann hefir lagt á móti þeim till., sem hér eru sérstaklega til meðferðar, og því beindi ég líka fyrirspurn minni til hans. —

Hæstv. ráðh. varaði við því að íþyngja ríkissjóði um of, og er ég honum sammála um það, en þess verður líka að gæta, að íþyngja sveitarfélögunum ekki um of, eins og gert væri með því að hafa daggjöldin kr. 3,50. Þar sem löggjöfin hinsvegar hefir farið þann milliveg um aðra sjúklinga en geðveika, að hrepparnir greiða allt að 400 kr. í meðlag, en ríkissjóður það, sem umfram verður, sýnist ekki nema sanngjarnt, að þetta verði líka látið ná til geðveiklinganna. Skildist mér á hv. þm. Ísaf., að nauðsynlegt væri að breyta fátækralögunum, til þess að þetta gæti orðið, en ég held, að þess þurfi ekki, heldur sé nóg að fella ákvæði um það inn í frv., að 66. gr. fátækralaganna skuli einnig ná til geðveikrahælanna, enda verður heppilegra að fara þá leið til að koma málinu fram, því að svo langt er nú liðið á þingtímann, að óvíst er, að þetta næði fram að ganga á þessu þingi, ef nú væri farið að bera fram nýtt frv. í þessa átt. Vil ég beina því til þeirra, sem

hlut eiga að brtt. á þskj. 326 og 349, hvort þeir mundu ekki geta fallizt á að snúa málinu inn á þessa braut og bera fram breytingartillögu í þá átt. Þyrfti að vísu ef til vill að taka málið út af dagskrá að þessu sinni til að koma þessu í kring, en það ætti þó aldrei að geta tafið málið lengi.

Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að hafa mörg orð út af andmælum hæstv. dómsmrh. Ég hefi áður gert grein fyrir því, hvernig málið horfir við. Hér er um það að ræða að fella niður lagaákvæðið um það, hvað sveitarfélögin eiga að greiða með sjúklingum á Gamla-Kleppi. Hinsvegar hefir reynslan orðið sú um dvalarkostnað sjúklinga á Nýja-Kleppi, að lægsta gjald, sem sveitarfélögin hafa orðið að greiða, er kr. 3,50 á dag fyrir hvern sjúkling, í stað kr. 1,50 á hinum spítalanum, og nemur þessi hækkun 730 kr. á ári fyrir sveitarfélögin. Liggur í augum uppi, hver áhrif þessi hækkun daggjaldanna hefir á afkomu þeirra sveitarfélaga, sem þarna eiga sjúklinga, og sum ef til vill fleiri en einn, og af þessum ástæðum bárum við hv. 1. þm. Árn. fram brtt. okkar, og sömuleiðis hafa þeir hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Seyðf. tekið undir þetta með sinni brtt., enda er verið að stefna sveitarfélögunum í bláberan voða fjárhagslega, ef á að fara að færa yfir á þau svona mikinn þunga af hælisdvöl þessara sjúklinga. Ráðsmaðurinn á Nýja-Kleppi hefir og upplýst það í fjvn., að daggjöldin eru þar allt of há, því að það hefir ekki verið hægt að innheimta þessar upphæðir hjá sveitarfélögunum, og taldi hann því nauðsynlegt að breyta þessu. Virðist sjálfsagt að byggja á þessari reynslu ráðsmannsins, sem gerst veit um það, hvernig gengið hefir að innheimta þessi háu meðlög, auk þess sem það er nauðsynlegt að tryggja það áfram með lögum, að sveitarfélögin verði ekki verr úti en þau hafa orðið undanfarin ár. Og þegar litið er til þess, að meðlag sveitarfélaganna er 547,50 kr. á ári með sjúklingum á Gamla-Kleppi, þar sem þó daggjaldið er ekki nema 1,50 á dag, en hámarkið hinsvegar 400 kr. um aðra sjúklinga, sem sveitarfélögin eiga fyrir að sjá á almennum sjúkrahúsum, skv. 66. gr. fátækralaganna, verður ekki sagt, að verið sé að ganga á ríkissjóðinn með brtt. okkar, því að með þeim er einmitt skemmra gengið í þessu efni en er um aðra sjúklinga. — Hv. 2. þm. Skagf. benti á það, að ef til vill væri réttast að láta þessi ákvæði 66. gr. fátækralaganna einnig ná til geðveiku sjúklinganna, og eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, var þetta líka tekið til athugunar, er við sömdum brtt., en að þessi leið fremur var farin, var eingöngu gert vegna ríkissjóðs, eins og hv. þm. Ísaf. einnig tók fram, og okkur þótti eftir atvikum nógu langt gengið, ef það væri tryggt, að sveitarfélögin yrðu ekki verr úti en þau hafa orðið til þessa. Ég held því enn, að rétt sé að samþ. þessa brtt., enda verður hér ekki nema um bráðabirgðaákvæði að ræða, þar til sett verða sérstök geðveikralög, en þegar að því kemur, að sett verði almenn löggjöf í þessu efni, mætti fella það inn í þau endanlegu lög, að ákvæði 66. gr. fátækralaganna skuli einnig ná til þessara sjúklinga.

ATKVGR.
Brtt. 326 tekin aftur.
— 349 samþ. með 11:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).

Á 52. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Einar Árnason: Frv. þetta hefir tekið allmikilli breyt. í Nd., svo að ég tel réttara, að allshn., sem haft hefir málið áður til meðferðar, fái tækifæri til að athuga það nánar, áður en það gengur hér til atkv. Ég vil því óska þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá að þessu sinni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 18. maí, var frv. enn tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 759).

18. Útvarp og birting veðurfregna.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um birtingu útvarpaðra veðurfregna (stjfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hygg, að það hafi verið fyrir ári síðan, eða snemma á vetrarþinginu í fyrra, að það varð að samkomulagi við fjvn. Nd., að Fiskifélag Íslands tæki að sér að koma veðurfregnum út um verstöðvarnar. Yrði hætt að senda veðurskeytin með símanum, heldur yrði þeim útvarpað. Verður að því mikill sparnaður. Það er framhald af því, að frv. þetta hefir verið samið af Fiskifél. Ísl., en eftir ósk atvmrn. Það er í aðalatriðum borið fram eins og Fiskifél. gekk frá því. Það þótti hentara, að sett yrðu um þetta lög. Annað tel ég ástæðulaust að taka fram um málið að þessu sinni; vil aðeins leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 47).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það munu ekki vera deildar meiningar um nauðsyn þess, að almenningur eigi sem allra greiðastan aðgang að því að sjá veðurfréttir þær og veðurspár, sem veðurathugunarstofan gefur út. Sérstaklega á þetta þó við um sjómennina. Er það mál svo viðurkennt, að um það þarf ekki frekar að ræða. Sá var siður áður, að veðurfregnir voru birtar á helztu landssímastöðvunum tvisvar á dag, en eftir að Útvarpsstöð Íslands tók til starfa, var hún látin varpa út veðurfregnunum, þar sem sýnt var, að með því kæmu þær að meiri og víðtækari notum. En þar sem nauðsynlegt þótti, að þær væru eftir sem áður festar upp á helztu útróðrarstöðvum, á þann hátt að almenningur ætti greiðan aðgang að, þá voru í fjárl. þessa árs veittar 5000 kr. til Fiskifélags Íslands í þessu skyni og það svo látið annast um birtingu veðurfregnanna í sjóplássum og kauptúnum. Fiskifélagið hefir starfrækt þetta á þann hátt, að það hefir tekið ákvörðun um að birta veðurfregnir á 59 stöðum á landinu. Hefir það gert samning við einstaka menn á þessum stöðum um að skrifa upp á sérstök eyðublöð og birta veðurfregnirnar. Þetta hefir gengið misjafnlega. Það hefir reynzt erfiðleikum bundið að fá menn til að taka þetta að sér. Auk þess hafa komið óskir frá fleiri stöðum en þessum 59 um birtingu veðurfregna hjá sér. Virðist sjálfsagt að verða við þeim kröfum. En slíkt myndi kosta nokkurt fé, ef að fullu skyldi úr bætt. Stj. hefir því lagt þetta frv. fram, sem gerir ráð fyrir nokkuð annari skipun á þessu máli. Aðalatriðið er, að þar sem sjósókn er eða útræði er hættulegt, eða ef meiri hluti kjósenda í sveitarmálefnum æskir þess, þá skuli hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um, að hæfur maður eða kona annist um birtingu veðurfregna á kostnað sveitar- eða bæjarfélagsins. Ríkissjóður endurgreiðir svo helming þessa kostnaðar, þó ekki yfir 50 kr. á hvern stað. Þetta gefur öllum jafnan rétt til birtingar veðurfregna, en takmarkar þó gjöld ríkissjóðs til þessarar starfsemi. Sjútvn. hefir athugað þetta frv. og telur tilhögun þá, sem frv. gerir ráð fyrir, heppilegri en þá, sem áður var. Hinsvegar má vera, að reynslan bendi síðar á heppilegri leið, eða breytingar á þessu, en n. telur, að frv. sé til bóta, og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv

Á 18. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 22).

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Frv. þetta leiðir af samkomulagi, sem varð hér á þingi í fyrra, að fela Fiskifélagi Íslands að sjá um birtingu útvarpaðra veðurfregna. Frv. er samið af Fiskifélaginu í sambandi við atvmrn. Það hefir legið fyrir sjútvn. hv. Ed., og hefir hún lagt til, að það yrði samþ. óbreytt. Ég tel samt rétt, að það fái að ganga til sjútvn. þessarar hv. d., og geri það að till. minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 348).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Sjútvn. hefir haft mál þetta til meðferðar og orðið ásátt um að mæla með afgreiðslu þess. Samt sem áður kom hún sér saman um nokkrar brtt. við frv., sem eru meira forms- en efnisbreytingar.

Fyrsta aðalbreyt., sem n. kemur með, er að ákveða, að veðurfregnum skuli útvarpað í gegnum útvarpsstöðina. Það hefir komið fram, eins og kunnugt er, að það heyrist verr, sem útvarpað er í gegnum loftskeytastöðina, og hefir því upp á síðkastið verið útvarpað frá útvarpsstöðinni. N. fannst rétt að slá þessu föstu og hefir því borið fram brtt. þess efnis, að á undan 1. gr. komi ný gr., þar sem þetta sé ákveðið. Hinsvegar sá hún sér ekki fært að gera þetta að undantekningarlausri skyldu, vegna þess að of kostnaðarsamt þykir að setja vélar útvarpsstöðvarinnar á stað að næturlagi, eftir að þær hafa verið stöðvaðar, og sömuleiðis að þurfa að halda sérstaka vökumenn vegna þessara hluta. Höfum vér því sett í gr. heimild um, að næturskeyti megi senda í gegnum loftskeytastöðina á Melunum, a. m. k. fyrst um sinn.

Þá hefir n. komið fram með brtt. við 1. gr., sem nú verður 2. gr. Aðalbreyt. er að fella úr gr. það ákvæði, að í birtingu útvarpaðra veðurfregna skuli sérstaklega ráða það, hvort sjósókn sé þar sérstaklega hættuleg. N. fannst nægilegt, að jafnákveðinn meiri hl. og frv. krefst kæmi sér saman um, að veðurfregnirnar skyldu birtar opinberlega. Hún álítur, að meiri hl. verði að ráða á hverjum stað. En vitanlega kemur þetta að einhverju leyti undir því, hvort sjósókn er talin hættuleg eða ekki. Það verða þeir að leggja dóm á sjálfir. En n. álítur ekki vert að taka neitt sérstakt fram um þetta í lögum.

Í 3. brtt., við 3. gr., er ákveðið, að gr. falli burt. 3. gr. er eins og kunnugt er þannig:

„Sá, sem tekur að sér birtingu veðurfregna, eigi móttökutæki sitt sjálfur og kosti og annist viðhald þess, enda hafi það þann styrkleika, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn gerir kröfu til".

N. fannst óþarfi að taka nokkuð fram um þessi atriði, því að vitanlegt er það, að þegar einhver maður er ráðinn til þess að birta þessar fregnir, þá verður hann að hafa tæki, sem getur tekið á móti skeytunum, en n. finnst ekki rétt að fara að lögfesta það, að maðurinn þurfi endilega að eiga tækið sjálfur, því að vel getur hugsazt, að það verði að samkomulagi, að héraðið leggi manninum til tæki og að hann taki að sér án annars endurgjalds að birta veðurfregnirnar. Þetta á að vera samningsatriði, og er ástæðulaust að taka nokkuð fram um það í lögunum.

Þá leggur n. að lokum til, að 4. gr. falli burt, en hún ákveður, að greiða megi fyrir birtingu veðurfregna 50 kr. á ári til þess manns, sem annast birtingu þeirra.

N. áleit, að þær verstöðvar eða hreppsfélög, sem á annað borð kæmu sér saman um að láta birta veðurfregnirnar, gætu sjálf annazt þessa greiðslu, sem er lítil. Leggur n. því til, að gr., sem um þetta

fjallar, verði felld burt. En í niðurlagi 2. gr., sem samkv. till. n. yrði 3. gr., komi ákvæði um, að kostnaðinn af þessu skuli bæjar- eða sveitarstjórnir sjálfar greiða.

N. leggur til, að fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um útvarp og birtingu veðurfregna.

Pétur Ottesen: Í þessu frv. gerir stj. ráð fyrir, að ríkissjóður taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem af því leiðir að taka á móti þessum skeytum og birta þau. Það hefir verið svo undanfarin ár, á meðan skeytin voru send í gegnum símann, að símastjórarnir á hverjum stað héldu þeim til haga og birtu þau. Ég hygg, að það hafi verið á síðasta þingi, að sú breyt. var gerð, að fela útvarpsstöðinni að senda út veðurskeyti og því létt af landssímanum, til þess að rýma þar til, því að eins og nú er, þá er víða þröngt á línum landssímans. Jafnframt var ákveðið, að Fiskifélag Íslands sæi um birtingu skeytanna og því ætluð nokkur fjárupphæð í því skyni. Ég hefði því búizt við, eins og landsstj. ætlaðist líka til, að frv. þetta væri ekki annað en lögfesting á því fyrirmæli, sem tekið var upp á seinasta þingi, og myndi vera gert ráð fyrir í þessu frv., að jafnframt því, sem sett væru föst ákvæði um þetta, yrði ríkissjóður skyldaður til að leggja fram nokkurn fjárstyrk til þess að koma þessu í framkvæmd. En að því leyti sem þessi upphæð ekki hrykki til, er gert ráð fyrir, að viðkomandi menn úr hverri verstöð leggi á einhvern hátt fram það, sem á vantar. Nú hefir sjútvn. komizt að því snjallræði að strika algerlega út þau ákvæði, sem að þessu lúta, og gengur þar alveg í berhögg við þá ákvörðun, sem tekin var á seinasta þingi um að veita nokkurn opinberan fjárstyrk til þessa. Í nál. segir svo, að þeim, sem hér eigi hlut að máli, sé ekki nein ofætlun að kosta þetta sjálfir. En með tilliti til þess, að hér er hreint og beint um slysavarnarráðstöfun að ræða, sem þingið hefir á ýmsan hátt styrkt, þá finnst mér það engin goðgá, sem tekið var upp hér á síðasta þingi og stjórnin hefir tekið undir og byggt sínar till. á, að nokkur styrkur yrði veittur til þessa. Mér þykir því harla undarleg ráðabreytni sjútvn. í þessu, og ég verð að segja þeim mönnum, sem þar eiga sæti, að ég hygg, að þeir hefðu á einhverjum öðrum stað getað náð þeim sparnaði, sem þeir ætla nú að gera ríkinu. Hygg ég, að rétt hefði verið að láta þetta koma annarsstaðar niður en með því að vilja ekki unna sjómönnunum þessa stuðnings, sem leggja líf sitt í hættu árlangt til þess að afla fjár til landsþarfa.

Það þarf ekki að lýsa því, að það er ekki tekið út með sitjandi sældinni að sækja veiðar langt á haf út í svartasta skammdeginu. Er sjómannastéttin vel að því komin að njóta góðs af þeim framförum, sem orðið hafa á sviði veðurfræðinnar á síðari tímum, og að ekki sé alveg skorið niður fjárframlag, sem miðar að því, að þeir geti á auðveldan og tryggilegan hátt kynnt sér veðurfregnirnar og notið þess öryggis, sem í því er fólgið.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en mér fannst andinn og tónninn í þessum till. þannig, að ég fyrir mitt leyti vildi ekki láta þeim ómótmælt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var rétt hjá hv. þm. Borgf., að sú breyt. var gerð á síðasta þingi um útsendingu veðurfregna, að hætt var að senda þær um landssímann, en Fiskifélagi Íslands var aftur veittur styrkur til þess að láta birta í veiðistöðvum landsins þær veðurfregnir, sem útvarpað er frá útvarpsstöðinni hér. Í sambandi við þetta var það, að Fiskifélagið samdi frv. það, er hér liggur fyrir og samþ. hefir verið í hv. Ed. Nú hefir sjútvn. þessarar hv. d. borið fram allverulegar brtt. við það. Ég vil því spyrja hv. form. n., hvort brtt. þessar séu bornar fram í samráði við Fiskifélagið, því að ég hefði helzt óskað, að ráð þess hefðu verið höfð í þessu, því að það hefir verið ráðunautur stj. um þessi mál og við það var samkomulagið gert í fyrra. Þetta vænti ég, að hv. frsm. upplýsi, því að sé svo, að ekki hafi verið leitað umsagnar þess um brtt., þá mun ég bera fram þá ósk, að frv. sé tekið út af dagskrá nú.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég held, að það hafi verið óþarfi af hv. þm. Borgf.

að gera mikið veður út af því, þó að n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að bæjar- og sveitarsjóðir gætu greitt þessar 50 kr. sjálf fyrir birtingu veðurskeyta, sem gert er ráð fyrir í frv., að ríkissjóður greiði. Með því er alls ekki verið að meina mönnum að njóta þeirra framfara, sem í birtingu veðurfregnanna eru fólgnar, því að það er beinlínis sagt, að veðurfregnum skuli útvarpað frá útvarpsstöðinni a. m. k. fjórum sinnum á sólarhring og að fela megi loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu þeirra að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara. Þá er það líka mjög villandi, að ríkissjóður beri engan kostnað af útsendingu skeytanna, þó að þessi litli kostnaður við birtingu þeirra komi á viðkomandi bæjar- og hreppsfélög.

Í þessu sambandi vil ég benda hv. þm. á það, hversu miklu það er dýrara fyrir bændur landsins að fá veðurfregnirnar, þar sem þeir verða sjálfir að kaupa sér útvarpstæki til þess að ná þeim, heldur en þá, sem í þéttbýlinu búa og margir geta verið saman um sama tækið. Það er því ekkert sambærilegt, hvað það er hægara fyrir þorpsbúa að fá veðurfregnirnar heldur en bændurna, enda þótt þeir þurfi að greiða þennan litla kostnað sjálfir. Hér er því á engan hátt verið að draga úr því, að þeir, sem hætta lífi sínu í það að sækja lífsbjörgina í hafið, eins og hv. þm. orðaði það, geti haft það gagn af veðurfregnunum, sem frekast er unnt.

Þá vil ég mótmæla því f. h. n., að hún hafi gert nokkuð til þess að draga úr því öryggi, sem veðurfregnirnar eru fyrir sjómennina, þó að hún hafi gert þær ráðstafanir, sem felast í brtt. hennar.

Hæstv. forsrh. skal ég svara því, að n. hefir ekki borið brtt. þessar undir Fiskifélagið, en síðan n. skilaði áliti sínu, hefir form. Fiskifélagsins mætt á fundum hjá henni viðvíkjandi öðrum málum, og hefir hann ekkert minnzt á brtt. þessar. Er þó svo langt síðan þær birtust, að hann hlýtur að vera búinn að athuga þær. Tel ég því, að hann hafi með þögninni samþ. þær.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil taka það skýrt fram, að það er langt frá, að ég sé að mæla gegn því, að brtt. sjútvn. verði samþ., heldur tel ég það sjálfsagða kurteisisskyldu gagnvart Fiskifélaginu að fá álit þess um þær, þar sem það hefir samið frv. og er fullt rúi ríkisstj. um þessi mál. Vil ég því beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá nú og fresti umr. um tvo daga.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta mál var tekið út af dagskrá, þegar það var til umr. síðast, vegna þess að n. hafði lofað að tala við Fiskifélagið um þetta mál og í samráði við það gera brtt. En það hefir ekki náðst samkomulag um það. Mér er kunnugt um það, að hv. þm. Borgf. ætlaði að bera fram brtt. við frv., og ég hefi lofað honum að láta hann vita um samkomulag milli sjútvn. og Fiskifélagsins, en ég hefi ekki náð í hann, af því hann hefir verið fjarverandi undanfarna daga. Ég vildi skjóta þessu til forseta, ef hann þá vildi taka málið út af dagskrá.

Forseti (JörB): Þar sem þetta er 2. umr., get ég ekki séð, að þess gerist þörf.

ATKVGR.

Brtt. 348,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

— 348,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 13:2 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 348,3 (3. gr. falli burt) samþ. með 13:2 atkv.

— 348,4 (4. gr. falli burt) samþ. með 13:2 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 348,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um útvarp og birtingu veðurfregna.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 518, 542).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það liggur hér fyrir brtt. frá sjútvn. Það hafði nefnil. verið vakin athygli á því eftir að málið var til síðustu umr., að ekki hefði verið venja hingað til að útvarpa veðurfregnum 4 sinnum á sólarhring allt árið, m. ö. o. ekki á tímabilinu 1. júní til 31. ág., því að þess hefir ekki verið talin þörf, eftir þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið, og þess vegna hefir hún borið fram brtt. um að orða gr. um, til þess að krefjast ekki, að veðurfregnum sé útvarpað 4 sinnum á sólarhring þann tíma, sem það hefir ekki verið gert hingað til, og ekki álitið eins mikil nauðsyn, en halda sér við það fyrirkomulag, sem nú er. Annað hefi ég ekki um þetta að segja að sinni.

Pétur Ottesen: Þegar þetta mál var til 2. umr. á föstudaginn var, þá var það fyrir andmæli, sem ég hreyfði gegn brtt., sem fyrir lágu frá sjútvn., að málið var tekið út af dagskrá, og jafnframt fyrir tilmæli hæstv. atvmrh., sem fram komu á fundinum. Eins og kunnugt er, hafði n. lagt til að fella niður þennan styrk, sem greiddur er nú af ríkissjóði, upp í þann kostnað, sem leiðir af birtingu þessara skeyta, og til þess að athuga það nánar, var málið tekið út af dagskrá, svo að n. gæfist kostur á að tala við atvmrh. og forseta Fiskifélags Íslands, sem hefir búið þetta mál undir þingið fyrir stjórnina. Atvmrh. og hv. frsm. sjútvn. hafa átt fund um þetta við forseta Fiskifélagsins, og ég held, að það hafi talast svo til með þeim, að frsm. sjútvn. beitti sér fyrir því, að n. félli frá þessari till. Nú var málið svo tekið aftur fyrir á mánudaginn, en af óviðráðanlegum ástæðum gat ég ekki mætt á fundi þann dag. Ég sé, að málið hefir þá verið tekið fyrir og gengið atkv. um þessa till. n., sem ágreiningurinn reis út af, og hefir hún verið samþ. Ef ég hefði getað mætt á fundinum, hefði ég vitanlega beitt mér gegn till., en eins og nú er komið, er ekki hægt að koma að till. um að taka þetta ákvæði út úr frv., og verð ég því að setja von mína til Ed., að hún kippi málinu aftur í fyrra horf og að það svo fái að ganga í gegn á þeim grundvelli, því að eins og ég hefi tekið áður fram, þá álít ég ósanngjarnt að svipta sjómenn þeim stuðningi, sem þeir hafa af þessum ákvæðum, við það að tileinka sér vel þessi veðurskeyti, sem eru þeim ákaflega mikils virði.

ATKVGR.

Brtt. 542 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 545).

Á 64. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið hingað aftur frá hv. Nd. og hefir tekið þar nokkrum breyt. Sjútvn. hefir tekið frv. til athugunar í þeim búningi, sem það nú er í, og orðið sammála um að leggja til, að á því verði gerðar dálitlar breyt. aftur.

En síðan sjútvn. athugaði þetta mál, hefi ég orðið þess var, að frv. grípur inn í ákvæði í lögum um veðurstofu. Mér hefir ekki unnizt tími til að athuga þetta nákvæmlega né bera mig saman við sjútvn. um það. En þar sem mér virðist, að nauðsyn væri á að nema úr l. um veðurstofu viss ákvæði, ef þetta frv. er samþ., þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, til þess að sjútvn. geti athugað þetta atriði nánar, sem ekki virðist hafa verið tekið eftir fyrr við meðferð málsins.

Forseti (GÓ): Ég tek þá málið út af dagskrá samkv. tilmælum hv. frsm. n.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 545, 572).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þegar þetta frv. var tekið hér til umr. síðast, óskaði ég eftir því, að málið yrði tekið út af dagskrá, af því að ég hafði orðið þess var, að í lögum um stofnun veðurstofunnar voru ákvæði um birtingu veðurfregna. Eftir að n. hafði athugað þessi fyrirmæli telur

hún ekki ástæðu til breyt. á frv. vegna þeirra ákvæða. Hv. dm. munu hafa tekið eftir því, að hv. Nd. hefir gert nokkrar breyt. á frv., og hefir sjútvn. fallizt á sumar þeirra, en aðrar ekki. Þessar breyt. eru fyrst og fremst þær, að nýrri gr. hefir verið bætt framan við frv., sem verður 1. gr. Þar er ákveðið, að útvarpsstöðin í Rvík skuli útvarpa veðurfregnum eftir þar til settum reglum. Sjútvn. fellst á þennan viðauka. Í 2. gr. frv. eru felld úr fyrirmæli, sem voru í frv. þegar það fór héðan, að á þeim stöðum, þar sem útræði og sjósókn eru sérstaklega hættuleg, skuli veðurfregnirnar birtar stöðugt. Þessu hefir hv. Nd. breytt á þá leið, að nú stendur þar, að veðurfregnir skuli verða birtar þar, sem útræði er. — Það væri ekki eins mikil ástæða til að fetta fingur út í þessa breyt. ef hv. Nd. hefði ekki líka gert þá breyt. á frv., að ríkissjóður skuli engan kostnað hafa af birtingu veðurfregna, heldur skuli viðkomandi sveitar- og bæjarfélög greiða allan kostnaðinn. Þar sem kostnaðinum er þannig ráðstafað, þykir mér fulllangt gengið að lögskipa, að veðurfregnir séu birtar alstaðar þar, sem útræði er. Við vitum það, að útræði er á það mörgum stöðum á landinu, að með þessu er sveitarfélögunum bundinn allþungur baggi á herðar. N. leggur því til, að þessum atriðum, sem ég nú hefi fundið að, verði breytt aftur í sitt upprunalega form. N. lítur svo á, að þar sem hér er um mál að ræða, sem ekki er hægt að segja, að snerti hvert einstakt sveitarfélag eingöngu, heldur allt landið, sé það óviðeigandi, að allur kostnaður af því greiðist úr bæjar- og sveitarsjóði. N. leggur því til, að þetta ákvæði um kostnaðinn verði sett aftur inn í frv., eins og það var í upphafi. Það má segja, að þessi kostnaður verði aldrei svo mikill, að hann skipti nokkru verulegu fyrir ríkissjóð. Samkvæmt rannsókn, sem forseti Fiskifélags Íslands hefir látið fara fram, eru það ekki tiltölulega margir staðir, sem hafa verulega þörf fyrir birtingu veðurfregna. Í ár hefir Fiskifélag Íslands annazt þessa birtingu gegn vissu gjaldi úr ríkissjóði. Sú upphæð mun vera 5000 kr. Veðurfregnir eru nú birtar að staðaldri á nærfellt 60 stöðum á landinu, og kostnaður á hverjum einstökum stað hefir orðið frá 80—120 kr. og þar sem sá varnagli er sleginn í frv., að tillag ríkissjóðs skuli ekki nema meiru en 50 kr. á hvern stað, má gera ráð fyrir, að kostnaður ríkissjóðs af þessu fari aldrei fram úr 5000 kr., þó að stöðunum, sem veðurfregnirnar eru birtar á, væri fjölgað allmikið. Þar sem þetta er að nokkru leyti bjargráð fyrir sjávarútveginn, finnst mér ekki rétt að leggja um leið kvöð á sveitar- og bæjarfélögin, heldur sé nær að leggja þessa litlu upphæð fram, úr þeim sameiginlega sjóði, ríkissjóði. — Ég geri ráð fyrir því, þar sem Ed. var einhuga um þetta frv., þegar það var hér síðast á ferðinni, að hún fallist á till. sjútvn. og færi frv. aftur í sitt fyrra horf, að því leyti sem n. óskar.

ATKVGR.

Brtt. 572,a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 619).

Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að það kemur brtt. frá n. við þetta frv. En þar sem verið er að prenta hana og hún því ókomin enn, vil ég mælast til, að málinu yrði frestað unz brtt. kemur.

Forseti (JörB): Skv. ósk hv. frsm. verður málinu frestað um stund.

Síðar á sama fundi var frv. aftur tekið til meðferðar (A. 619, 657).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þessi brtt., sem sjútvn. ber fram, er í samræmi við till. sjútvn. Nd., er hún bar fram, þegar málið var þar til umr. Var samþ. þá, að greiða skyldi úr bæjar- og sveitarsjóðum kostnaðinn við birtingu veðurfregna.

Nú er það skoðun sjútvn., að þar sem ekki er um stærri upphæð að ræða en hér, þá sé óþarft að leggja þessar byrðar á ríkissjóð, og telur hún því sjálfsagt, að

sveitar- og bæjarstjórnir birti þessar veðurfregnir.

Jón Auðunn Jónsson: Ég held, að það taki því ekki að vera að hrekja málið milli deilda. Var ekki mikill atkv.munur um það hér, þar sem það var samþ., með 13:11 atkv. Aftur á móti hafði frv. mikið fylgi í Ed. Legg ég til, að látið verði við það sitja, sem Ed. hefir gert í málinu.

Sveinn Ólafsson: Mig furðar á því, að kapp skuli vera á það lagt að leggja fram fé úr ríkissjóði til jafnlítilfjörlegs starfs og það er að hirða fregnir frá útvarpinu. Held ég, að það sé ekki annað en misskilningur, þegar verið er að ota þessari 50 kr. fjárveitingu að sveitar- og bæjarfélögum. Ég hygg, að útvarpstæki muni nú vera orðin mörg í hverri verstöð þessa lands, en kostnaður við birtingu þessara veðurfregna er svo lítill og starfið svo smávægilegt, að óþarfi er að bjóða fram fé til þess. Skilst mér þessi till., að greiða fyrir það að festa upp veðurskeyti, vera einskonar vörn fyrir 5000 kr. fjárveitingu þá, sem Fiskifélag Íslands fékk á síðasta þingi til þess að annast útsendingu fregnanna, er vanhöld reyndust á veðurfregnum frá landssímanum. En nú, þegar útsending er kominn á nýjan rekspöl með daglegu útvarpi veðurfregna, er óþarft með öllu að bjóða þetta fé. Skil ég ekki, að nokkurt sveitar- eða bæjarfélag telji eftir sér að birta veðurfregnir, þar sem 4. eða 5. hver maður á víða kost á því að hlusta á þær frá útvarpsstöðinni.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að segja það, að mér þykir það miður farið, að hv. 1. þm. S.-M. skuli leggjast svo fast á móti þessu máli. Er það víða svo, þar sem fá skip eru í verstöð, að hafa verður sérstakan mann til þess að taka á móti veðurfregnum, því að sjómenn hafa ekki tíma til þess sjálfir. Eru veðurfregnir sendar út um kl. 1—2, þegar sjómenn sofa. Er það svo lítið, sem hér er farið fram á, að ég er hissa á því, að nokkur skuli geta talið það eftir.

ATKVGR.
Brtt. 657 samþ. með 9:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 7. fundi í Sþ., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 661).

Á 8. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 661, 667).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Jón Jónsson: Ég vil leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá í dag. Ég hefi komizt að því, að þetta frv. hefir ekki verið borið undir veðurstofuna, eða þann mann, sem þar ræður mestu um útsendingu veðurfregna. En hann telur ýms vandkvæði á framkvæmd 1. gr. frv., og þess vegna óska ég eftir, að n. gefist tóm til að ræða við hann um málið og að það verði síðan tekið á dagskrá.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Ég skal játa, að sjútvn. Ed. hefir ekki borið þetta frv. undir forstjóra veðurstofunnar, og ástæðan er sú, að þetta frv. er borið fram af stj. og þar af leiðandi taldi sjútvn. ekki þörf á að bera það undir veðurstofuna. Í annan máta var borin fram í hv. Nd. brtt. um að skeyta 1. gr. framan við frv., og þess vegna gerði sjútvn. Ed. ráð fyrir, að ef forstjóri veðurstofunnar hefði haft nokkuð við það að athuga, þá hefði það hlotið að koma fram þar. Sjútvn. Ed. áleit einnig, að sú brtt. hefði verið borin undir þá aðila, er hlut eiga að máli.

Ég þykist skilja það á hv. 3. landsk., að veðurstofunni þyki athugavert, að starfstíminn er lengdur frá því, sem venja hefir verið samkv. ákvæðum 1. gr., þar sem ákveðið er, að veðurfregnum skuli útvarpað frá útvarpsstöðinni í Reykjavík a. m. k. 4 sinnum á sólarhring frá 1. sept. til 31. maí árlega. Ég vildi aðeins skýra frá því, að það er ekki að kenna vanrækslu sjútvn. Ed., þó að þessi ákvæði séu ekki sett í 1. gr. frv. í samráði við veðurstofuna. En vitanlega er það álitamál, hvort það hefir verið sérstök ástæða til að fara til þessara aðila og bera þessi ákvæði

undir þá. Þeim hlaut að vera ljóst, hvað hér var á ferðinni, og hefðu þeir því átt að geta náð tali af sjútvn. Ed. En sjútvn. Nd. getur lýst afstöðu sinni í þessu efni. Ég sé enga ástæðu til að taka málið af dagskrá og tel rétt að afgr. það á þessum fundi.

Frsm. sjútvn. Nd. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal geta þess, að það er alveg rétt, sem frsm. sjútvn. Ed. sagði, að form. veðurstofunnar hefir gert aths. við það, að starfstíminn hefir verið lengdur, þar sem ákveðið er í 1. gr. frv., að veðurfregnum skuli útvarpað 4 sinnum á dag. Sjútvn. Nd. bar þetta atriði undir hann, svo að hann fékk aðstöðu til þess að gera sínar aths., en vera má, að við í sjútvn. Nd. höfum ekki tekið þær til greina. Við vildum binda okkur við, að yfir sumarmánuðina, júní, júlí og ágúst, skyldi veðurfregnum útvarpað þrisvar á dag, eins og verið hefir, en 4 sinnum á dag hina tíma ársins. Annars er þetta ekki mikilsvert atriði.

Pétur Ottesen: Út af tilmælum þeim, sem fram hafa komið um að þetta mál verði nú tekið af dagskrá, vil ég benda á, að það sem forstöðumaður veðurathugunarstofunnar vill láta athuga nánar, snertir eitthvað samningana milli veðurstofunnar og útvarpsins um útsendingu skeytanna, en það snertir á engan hátt það atriði, sem risið hefir upp ágreiningur um milli deildanna. Sá ágreiningur er aðeins um það, hvort ríkissjóður eigi að taka þátt í kostnaði við birtingu veðurfregna í nokkrum útgerðarstöðvum á landinu. En um það atriði, sem forstöðumaður veðurstofunnar vill fá nánari athugun á, má semja án þess að það sé nánara tiltekið í frv. Ég sé því ekki ástæðu til, að málið sé tekið af dagskrá þess vegna. Ég álít, að sjómennirnir eigi fyllstu sanngirniskröfu á því að halda þeim styrk, sem nú er veittur til þess að birta útvarpaðar veðurfregnir, og að Alþingi megi á engan hátt skerða eða draga úr því öryggi, sem í því felst, að þeir, sem eiga í daglegri baráttu við náttúruöflin, geti fengið sem nánastar og beztar fregnir um veðurhorfur. Ég vil þess vegna eindregið mæla með, að brtt. á þskj. 667, frá hv. sjútvn. Ed., verði samþ. Alþingi hefir áður viðurkennt nauðsyn þess, að sjómönnum sé sem bezt tryggður aðgangur að veðurfregnum. Verði þessi styrkur felldur niður, gengur Alþingi í berhögg við þessa viðurkenndu nauðsyn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér kemur það á óvart, að hér sé verið að boða fyrst nú aths. frá veðurstofunni við þetta frv. Það er búið að liggja hér fyrir síðan í þingbyrjun, og virðist því svo, sem þær mættu vera fyrr fram komnar. Ég vil minna á það, að því er snertir samninga um undirbúning þessa máls, að þegar ákveðið var í fyrra, að Fiskifél. Íslands hefði þessa starfsemi með höndum til bráðabirgða, þá lá beinast við að snúa sér til þess um undirbúning þessa frv., enda var það gert, og frv. var flutt eins og það kom frá Fiskifélaginu, án þess að það væri borið undir forstjóra veðurstofunnar. — Um það atriði, sem hér liggur fyrir til úrslita, vil ég aðeins lýsa því yfir, að ég fylgi brtt. hv. sjútvn. Ed. um það, að ríkissjóður greiði lítilsháttar styrk til birtingar veðurfregna í nokkrum verstöðvum. Ég sé enga ástæðu til að taka málið af dagskrá, til þess að koma inn í frv. aths. frá veðurstofunni. Ég tel, að hlutaðeigendur, sem hafa framkvæmd þessara laga með höndum,geti komið þeim að á annan hátt.

Jón Jónsson: Mér er það ekkert kappsmál, að frv. verði tekið af dagskrá og legg það algerlega á vald hæstv. forseta. Annars sé ég ekki, að frv. sé svo mikilsvert, að það skipti máli, hvort það verður að lögum eða ekki á þessu þingi. Ég hygg, að tilgangi þess megi ná með svipuðum stjórnarráðstöfunum og síðastl. ár. Þó að málið yrði tekið af dagskrá nú, þá sé ég ekki betur en að það megi taka það fyrir aftur á morgun eða næstu daga, því að ég býst ekki við, að þinginu verði slitið svo fljótt. En sem sagt, ég legg það á vald hæstv. forseta.

Sveinn Ólafsson: Ég vil aðeins segja, út af þeirri till., sem fram hefir komið, að taka málið af dagskrá, að ef það verður gert, þá getur það orðið orsök þess, að

málið verði ekki afgr. á þessu þingi. Fer þá sú vinna og fyrirhöfn, sem í það hefir verið lögð, algerlega til ónýtis. Færi svo, að ákvæði frv., ef til framkvæmda komast, yrðu til þess að auka mannahald hjá útvarpsstöðinni, sem mér þykir þó eigi líklegt að yrði, þá má breyta þessu síðar, þegar reynslan hefir skorið úr um það. Ég get heldur ekki fellt mig við þá breyt., sem hér er höfð í huga, að stytta þann tíma, sem veðurfregnum er útvarpað fjórum sinnum á dag. — Þetta er þá almennt um það að segja, að taka málið út af dagskrá. En ég verð að víkja um leið að till. frá sjútvn. Ed. á þskj. 667 og geta þess, í framhaldi af því, sem áður hefir verið fram tekið í Nd., að sjútvn. Nd. álítur óþarft að veita fé úr ríkissjóði til að birta veðurfregnirnar. Ég álít líka, að þetta framboð fjár geti leitt til hastarlegrar misbrúkunar. Svo hagar til sumstaðar, að verstöðvar geta verið 10—20 í sömu sveit, þar sem byggðin er strjál, en ströndin löng og vogskorin, en þörfin er söm fyrir fregnirnar, hvort margir eru í verstöð eða fáir. Það verður að fara eftir áliti staðkunnugra manna í hverri sveit, hve mikið eigi að dreifa veðurfréttunum eða birta þær, en þar sem útvarpstæki eru nú í hverri sveit, og sumstaðar jafnvel mörg, þá er þetta tiltölulega auðvelt. En ef 50 kr. væru greiddar fyrir þetta úr ríkissjóði á hverjum stað, þar sem fregnir eru birtar, þá gæti það leitt til misbrúkunar, þannig að birt væri víða þar, sem byggðin er strjál, og kostnaður ríkissjóðs því orðið óhóflega mikill. Að vísu mundi hófs verða gætt sumstaðar, en annarsstaðar ekki, og er því ekki hættulaust að bjóða fram þetta fé, sem auðsjáanlega er óþarft. Ekki verður heldur sagt, að það sé sveitarfélögunum neitt ofurefli að hirða þær veðurfregnir, sem varpað er út, og birta þær, enda munu þau tæplega telja það eftir sér, þar sem þörf er á birtingu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Vegna þeirrar till. að taka þetta mál af dagskrá vegna æskilegrar breyt. á því, þá vil ég minna á, að samkv. 32. gr. þingskapanna má eigi bera fram brtt. í Sþ. um annað en það, sem ágreiningur hefir orðið um milli deilda. Á þetta vildi ég benda vegna þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram. Í 32. gr. þingskapanna stendur: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu". Annars ætla ég ekki að tefja umr. frekar. Ég mun greiða atkv. með brtt., af því að mér þykir hún sanngjörn.

Forseti (EÁrna): Í sambandi við þá ósk, sem komið hefir fram um að taka málið af dagskrá og fresta umr., þá vil ég geta þess, að sé það í því skyni gert, að gera athuganir um breytingar á því, þá er það alveg rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þær brtt. einar geta komizt að, sem snerta það atriði, er varð þess valdandi, að málið kom fyrir Sþ. Ég skal þó eigi fullyrða um það, hvort fært þykir að koma brtt. um annað efni að með afbrigðum frá þingsköpum. En annars er ég hræddur um, að verði málið nú tekið af dagskrá, þá geti það orðið þess valdandi, að það nái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Býst ég því við, að af framantöldum ástæðum sjái ég mér ekki fært að taka málið af dagskrá.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Það hefir farið svo, að sú ósk, er fram kom um að málið yrði tekið af dagskrá, hefir valdið því, að nú er búið að mæla gegn brtt. sjútvn. Ed. Ég tel því rétt, að nokkur orð heyrist frá hálfu þeirrar n. til andsvara gegn þessum mótmælum.

Um þetta mál hefir nú verið nokkur ágreiningur milli deildanna, en hefir þó jafnazt að öllu nema þessu eina atriði, sem nú er um deilt. Ég get sagt, að ég hefi ekki fundið þau rök, er mæli því í gegn, að sanngjarnt sé, að ríkissjóður kosti að einhverju leyti birtingu útvarpaðra veðurfregna í þeim þorpum og kaupstöðum, sem sjór er stundaður, þar sem frv. gerir það að skyldu, að slíkt sé gert. Svo hefir alltaf verið ráðgert í frv., og er því ekki sett í sjálfsvald sjóþorpanna. Og ég vil einmitt nota sem rök fyrir þessari skoðun minni þau hin sömu og hv. samþm. minn notaði til að sanna hið gagnstæða. En þau rök voru, að í sumum sveitum eða sjóþorpum, sem eru eitt hreppsfélag, hagar víða svo til, að nauð-

syn er að festa upp veðurskeyti víðar en á einum stað. Þetta eykur vitanlega mjög kostnað við þetta hjá þeim sveitarfélögum, sem svo er ástatt um. En einmitt þess vegna er þeim mun meiri þörf á að rétta þeim hjálparhönd. — Þess ber að gæta, að birting veðurfregna á slíkum stöðum er skylda samkv. frv., og auk þess er svo mikil trygging í þessu fólgin, bæði fyrir líf og afkomu sjómanna víðsvegar um land, að telja má, að hér sé um þjóðhagslegt atriði að ræða. Ég held því, að ekki hafi að ástæðulausu verið gerður ágreiningur um þetta af hálfu okkar Ed.-manna. Vil ég því vænta, að hv. Alþ., sem nú hefir sezt í eina málstofu, samþ. þetta. Tel ég það og líklegt, einkum þegar þess er gætt, að þetta ákvæði, sem ágreiningi veldur, komst af tilviljun inn í frv. í Nd., án þess þó, að ég hygg, að hafa meiri hl. hv. þdm. að baki sér.

Þegar litið er á þá upphæð, sem hér er um að ræða, þá finnst mér varla næg ástæða að bera fyrir sig sparnað á ríkisfé, þó að í sjálfu sér sé gott að fara sparlega með það. Því hefir verið haldið fram, og má færa rök að því, að sá hluti kostnaðar, sem á ríkissjóði kemur til með að hvíla, muni ekki fara fram úr 5000 kr., og þó sennilega verða minni. Veðurfregnir munu nú vera birtar á 60—70 stöðum. Með því að borga 50 kr. í hvern stað, sem er fastbundið hámark, þá má fjölga þessum stöðum upp í 100, eða um 30—40, til þess að upphæðin nemi 5000 kr. Að áliti forseta Fiskifélags Íslands mun sú upphæð vel duga, enda eigi víst, að borga þurfi alstaðar svo hámarki nemi.

Ég sé svo ekki þörf á að hafa þetta lengra, en vænti þess, að brtt. ásamt frv. verði samþ.

Frsm. sjútvn. Nd. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal vera stuttorður. Það er búið að taka fram hér ýms þau rök, er bera uppi skoðun Nd., auk þess sem áður var búið að ræða þau í þeirri deild. Það, sem sjútvn. Nd. átti við, er hún taldi rétt, að sveitarfélögin kosti birtingu á veðurfregnum útvarpsins, hver hjá sér, án styrks úr ríkissjóði, var, að það væri til samræmis við það, sem einstakir bændur verða að gera úti um allt land. Þeir verða m. a. vegna veðurfregnanna, sem þeim líka eru nauðsynlegar atvinnu sinnar vegna, að kosta tækin að öllu og taka móti fregnunum. Ætti þó að vera margfalt ódýrara að framkvæma slíkt þar, sem mörg hundruð manna geta notað eitt og sama móttökutækið við móttöku veðurskeytanna, eins og er í sjávarþorpum og kauptúnum. Þetta segir sig sjálft. — Við lítum líka svo á, að þar sem ríkið kostar samningu og útvörpun veðurfregna, þá sé sjávarþorpunum ekki ofvaxið að taka á móti þeim og festa þær upp þar, sem íbúar þorpsins eiga greiðan aðgang að því að sjá þær. Mér finnst þetta því svo mikið smámál fyrir sjávarþorpin, að óþarft hafi verið að stefna málinu fyrir Sþ. þess vegna.

Hv. 2. þm. S.-M. færði það fram sem rök með sinni brtt., að hér væri um skyldukvöð að ræða á þau sveitarfélög, þar sem á sjó væri farið. En því er þó eigi svo varið undantekningarlaust, því að samþykkt þarf fyrir því af meiri hl. atkvæðisbærra manna á hverjum stað, hvort birta skuli veðurfregnir opinberlega. Þetta er skýrt tekið fram í frv.gr. og er því í vissu falli hér um heimildarlög að ræða. Með slíkri samþ. leggja þau á sig kvöð, sem í engan máta er ósanngjörn, þar sem hún er til öryggis og hagræðis fyrir íbúana. Mér finnst því réttlátt, að þessum kostnaði sé svo skipt, að ríkið leggi til veðurfregnirnar, en þeir, sem þeirra njóta, kosti birtingu þeirra.

Pétur Ottesen: Ég vil benda hv. þm. Mýr. á það, að sá samanburður, er hann gerði milli þessa, sem hér um ræðir, og sveitaheimila, á alls ekki við. Hér er ekki um neinn styrk til tækja að ræða, heldur einungis til þess að taka á móti veðurfregnum á tilsettum tíma og sjá um birtingu þeirra á hentugum stöðum, þar sem almenningur getur án mikillar fyrirhafnar átt aðgang að því að sjá þær. Samanburður hv. þm. var of einhliða. Hann talaði um þetta á þeim grundvelli, að ekki væri nema um veðurfregnir að ræða á þeim sveitaheimilum, sem hafa útvarpstæki. En þetta er vitanlega alger misskilningur. Þar er um miklu fleira að ræða, sem heimilin hafa bæði gagn og gaman af, svo sem fréttir, innlendar og útlendar, fyrirlestrar, upplestrar, söngur

og hljóðfærasláttur og það allt annað, sem hægt er að bjóða hér á landi. En skv. þessu frv. er einungis um það að ræða að auðvelda aðgang sjómanna að veðurfregnum, sem eru til öryggis lífi þeirra og atvinnu. Sjómennirnir hafa margir ekki tæki. Og þótt þeir hafi þau, þá er aðstaða þeirra sú, að þeir hafa þeirra ekki not í þessu augnamiði, þar sem þeir á vertíðinni eru oftast og stundum mestallan tímann á sjó úti og geta því ekki sjálfir annazt móttöku veðurfregnanna. Ef hv. sjútvn. hefir byggt afstöðu sína til málsins á þessu, þá hefir hún farið á tæpu vaði.

Hv. 1. þm. S.-M. var nú svo varkár, að hann taldi stórhættulegt að hætta ca. 3000 kr. til þessa á ári. Þegar miðað er við sumar aðrar till. hans, þótt þær að vísu séu ekki verri en þær, sem sumir aðrir koma með, þá kemur þessi sparnaðartill. hans undarlega fyrir sjónir. Þar sem sveitarfélögin eiga að leggja fram helming kostnaðar, þá er ég ekkert hræddur um, að þetta ákvæði verði misbrúkað. Ég verð líka að segja, að mér þykir hér koma fram undarleg stefnubreyt. í þessu máli, því að fyrir 1—2 árum samþ. Alþ. að veita 5000 kr. til birtingar á veðurfregnum í sama augnamiði og hér um ræðir. Fiskifélaginu var þá falið að semja við menn í verstöðvunum um þetta, og var þeim greidd ofurlítil þóknun fyrir það. Hér er því um algerða stefnubreyt. að ræða, ef brtt. hv. sjútvn. Ed. verður ekki samþ. — Ég verð líka að segja, að það væri undarlegt, ef þingið vildi ekki offra sem svarar 3000 kr. á ári til þeirra manna, er fela því að fara með og ráðstafa drjúgum hluta af aflafé sínu á hverju ári. Væri slíkt blettur, sem ég vona, að hv. Alþ. vilji ekki setja á sig. Hv. þm. Mýr. vildi rengja það, að með þessu væri lögð skyldukvöð á sveitarfélögin. Þetta stendur þó skýrt í frv.gr., að svo sé. Þar er skýrt fram tekið, að veðurfregnir **skuli** vera birtar þar, sem sjóferðir eru hættulegar. Fiskifélagið hefir þegar ákveðið marga slíka staði, þar er því skylt að birta veðurfregnir. Það væru því eingöngu einhverjir aðrir staðir, þar sem heimildarákvæðin kæmu til greina. Veit ég þó satt að segja ekki, hverjir þeir staðir væru, sem hættulausir gætu talizt, þar sem á annað borð er farið á sjó og fiskveiðar stundaðar. Er og engin hætta á, að þetta verði gert að gamni sínu, þar sem sveitarstjórnir verða ávallt að leggja minnst helming fram á móti ríkisstyrknum.

Hér er um svo lítil fjárútlát að ræða, en hinsvegar verulegt tryggingaratriði, að það getur varla verið mikið deilumál. Ég veit líka, að till. hv. Ed. verður samþ. Í Nd. var þetta ákvæði fellt úr frv. fyrir sérstakt atvik og raunverulegur vilji Nd. kom þar ekki fram.

Jakob Möller [óyfirl.]: Mér þykir rétt að undirstrika það, að skoðanamunur milli hv. sjútvn. í Ed. og Nd. er í raun og veru meiri en sagt hefir verið. Hv. sjútvn. Nd. breytti þessu frv. í samræmi við það álit sitt, eins og hv. þm. Mýr. upplýsti, að hér væri ekki um skyldu að ræða, heldur aðeins heimild. Hv. þm. bar líka saman þá notkun útvarps, sem menn hafa sér til skemmtunar, og þá, sem hér um ræðir. Taldi hann, að þeim, sem verða að nota útvarpið vegna ákvæða þeirra, sem hér liggja fyrir, væri ekki vandara um en hinum. En hér er ólíku saman að jafna. Þetta er, eins og hv. þm. Borgf. benti á, tryggingarráðstöfun, sem verndar og tryggir menn gegn þeirri hættu, sem sjósókn fylgir í flestum verstöðvum hér á landi. Þegar um slíkar sérstakar tryggingarráðstafanir er að ræða, sem lögboðið er að halda uppi, þá er ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður beri hluta af kostnaðinum. Það ætti að vera frekari trygging fyrir því, að sveitarfélögin ræki það, sem fyrir þau er lagt í þessu efni, heldur en ef þau eiga að bera allan kostnaðinn. Það er þetta, sem vakir fyrir sjútvn. Ed., og því hefir hún viljað halda fast við það, að hluti af kostnaðinum við birtingu veðurfregna væri greiddur úr ríkissjóði. Annars skal ég fúslega játa, að þetta ágreiningsatriði er ekki mjög stórvægilegt, og ég býst ekki við, að það yrði til þess að draga verulega úr þessum ráðstöfunum, þó að sveitarfélögin ættu að greiða kostnaðinn allan. En hinsvegar er það líka ákaflega lítilsvert fyrir ríkissjóð að taka á sig þann kostnað, sem brtt. gerir ráð fyrir, og vænti ég því, að hún verði samþykkt.

Sveinn Ólafsson: Líklega er það að bera í bakkafullan lækinn að ræða þetta mál meira. Ég býst við, að allir hv. þm. séu þegar ákveðnir í því, hvernig þeir greiða atkv. En þar sem fram hafa komið mótmæli gegn stefnu sjútvn. Nd. í þessu máli, byggð á því, að ríkissjóði sé skylt að leggja fé fram til birtingar veðurfregna, vegna þess að með þessu frv. leggi Alþ. þá skyldu á sveitarfélögin að birta veðurfregnirnar, þá verð ég að minna á það, að Alþingi hefir lagt margfalt þyngri skyldur á sveitarfélögin án þess að bjóða um leið fram fé upp í þann kostnað, sem af þeim skyldum leiðir. Hvað er að segja um framfærslu- og fátækralögin? Er ekki með þeim lögð á sveitarfélögin hundraðföld byrði við það, sem hér er um að ræða, án þess að ríkið taki að sér nokkuð af kostnaðinum? Þetta er því tóm firra og engin ástæða.

Ef hinsvegar væri hér um ríka nauðsyn að ræða fyrir sveitarfélögin að fá hjálp til þess að birta veðurfregnirnar, þá dytti mér ekki í hug að mótmæla því, að ríkissjóður hlypi undir bagga með þeim. En nú er um svo lítinn kostnað að ræða, að það er engu sveitarfélagi ofvaxið að bera hann.

Hv. þm. Borgf. lét í ljós undrun sína yfir því, að ég skyldi geta mælt með því að fella niður þennan umrædda 50 kr. styrk til sveitarfélaganna; honum virtist ég ekki hafa verið svo sínkur á fé ríkissjóðs í einhverjum öðrum till., sem hann þó ekki nefndi, hverjar væru. Slíkt órökstutt fleipur er ekki svara vert. En ég hefi áður bent á það, að ekki er hættulaust að láta þetta frv. verða að lögum með jafnteygjanlegum ákvæðum um fjárframlög, sem í því eru. Það er vissulega möguleiki fyrir því, að þau verði misbrúkuð. Hv. þm. Borgf. vildi telja það mikilsvert fyrir verstöðvar og sveitarfélög að fá þennan styrk. En ég álít, að það skipti ákaflega litlu máli fyrir þau, nema þá þar, sem svo færi, að birta þyrfti veðurfregnirnar á 10—20 stöðum í sama hreppi, svo að ríkissjóðstillagið gæti numið allt að 1000 kr. og orðið nokkrum mönnum atvinnubót!

Eins og ég tók fram, álít ég að lengri umr. um málið breyti í engu ákvörðun hv. þm., og get því vel sætt mig við, að hér falli niður þrætan, og mun ekki gera mér far um að hafa áhrif á atkvgr.

Guðbrandur Ísberg: Hv. 1. þm. S.-M. hefir nú tekið fram ýmislegt af því, sem ég vildi benda á. En af því ég var búinn að kveðja mér hljóðs, mun ég gera grein fyrir atkv. mínu með örfáum orðum.

Sjútvn. Nd. lítur svo á, að ekki sé hægt að segja, að ríkissjóður leggi ekkert af mörkum til þess að koma veðurfregnunum til almennings, þó að ekki væri samþ. það 50 kr. framlag, sem hér er um að ræða. Í fyrsta lagi kostar ríkissjóður veðurstofuna, sem veðurskeytin semur, og í öðru lagi heldur ríkið uppi útvarpsstöðinni með ærnum kostnaði, og þó að það séu ekki veðurfregnir einar, sem útvarpað er, þá eru þær þó talsvert stór liður í útvarpsstarfseminni.

Viðvíkjandi því, að ríkissjóði beri skylda til að styrkja birtingu veðurfregnanna í verstöðvum vegna þess, að í 2. gr. frv. sé ákveðið, að þær skuli birtar þar, þá vil ég leyfa mér að benda á, að hér getur ekki verið um neina skyldu að ræða, hvorki lagalega né siðferðislega. Hver á að dæma um, hvar sjósókn er „sérstaklega hættuleg"? Það gerir vitanlega stjórn viðkomandi sveitarfélags sjálf. Ef ágreiningur yrði um það á einhverjum stað, hvort sjósókn er þar hættulegri en almennt gerist, yrði það sennilega borið undir atkv. kosningabærra manna í sveitinni, hvort birta skuli þar veðurfregnir eða ekki.

Í fyrra skiptið, sem sjútvn. Nd. hafði frv. til meðferðar, felldi hún niður orðin: „og þar, sem sjósókn er sérstaklega hættuleg" sem óþarfan hortitt. En hv. sjútvn. Ed. þótti nú sjálfsagt að taka þau upp aftur, og gerðum við henni það til geðs í seinna skiptið að láta þau standa, eins og nokkurskonar minnisvarða hennar í þessum lögum. Ríkisvaldið leggur enga skyldu á neitt sveitarfélag að láta birta veðurfregnirnar. Hvert veiðipláss verður að gera það upp við sig sjálft, hvort það vill kosta til þess eða ekki.

Þá lagði hv. þm. Borgf. mikla áherzlu á það, að ef Alþingi samþ. ekki brtt. hv. sjútvn. Ed., þá sýndi það með því, að það mæti ekki líf sjómannanna í verstöðvum svo mikils, að það vildi offra einum þrjú

þús. kr. þeim til öryggis. En ég verð nú að segja, að ef sjómenn meta sjálfir ekki svo mikils líf sitt, að þeir vilji leggja fram þær 50 kr., sem brtt. ræðir um, þá er ekki ástæða til þess, að Alþingi fari óbeðið að leggja þær fram úr ríkissjóði. Því það hefir engin rödd heyrzt um það frá verstöðvum landsins, að þær óski eftir þessum 50 kr. styrk. Það er aðeins Fiskifélagið, sem hér vill halda uppi fjárveitingu, sem því var veitt á síðasta þingi í þessu skyni. En þess ber að gæta, að það var fremur nokkur ástæða til þess að veita fé til að taka á móti veðurfregnunum og birta þær, meðan þær voru sendar gegnum símann, heldur en nú, þegar farið er að útvarpa þeim, svo að hægt er að taka þær hvar sem er.

Ég vil undirstrika það, að ef brtt. er samþ., þá sýna hv. þm. með því, að þeir vilja halda við þeirri stefnu, að í hvert skipti sem eitthvað þarf að gera, skuli leitað til þess styrks frá ríkinu, hvað smávægilegt sem það er og hversu privateðlis sem það er.

Pétur Ottesen: Út af því, sem hv. þm. Ak. sagði um það, að engin rödd hefði komið um það frá verstöðvunum, að óskað væri eftir þessum styrk, vil ég benda á það, að sjómennirnir hafa yfirleitt annað að gera á vetrarvertíðinni heldur en að fylgjast með hverju einu, sem gerist hér á þingi.

Þess vegna er eðlilegt, að ekki hafi heyrzt neinar raddir frá þeim um þetta atriði, og þó ekki síður af hinu, að þeir hafa alls ekki látið sér detta í hug, að þeir yrðu sviptir þeim stuðningi, sem Alþingi hefir áður ákveðið að veita til þess, að veðurfregnirnar geti komizt fyrir sem flestra augu. Hitt er það, að Fiskifélag Íslands, sem telja verður, að hér komi fram fyrir hönd sjómannanna, hefir gengið ríkt eftir því, að þessi stuðningur verði ekki afnuminn.

Ennfremur talaði hv. þm. um kostnað, sem af því leiddi fyrir ríkissjóð að senda veðurskeytin út. En þar er ekki um neinn raunverulegan kostnað að ræða fyrir ríkið. Sending veðurskeytanna er einn liður í hinni almennu útvarpsstarfsemi, sem allir útvarpsnotendur hvarvetna á landinu verða að greiða fyrir 30 kr. á ári.

Hv. þm. var að tala um einhvern minnisvarða, sem hv. sjútvn. hefði reist sér; hann átti víst við hv. sjútvn. Ed., en ég held það sé hv. sjútvn. Nd., sem reist hefir sér minnisvarða í þessu máli, með því að fara í því einu eftir till. sjútvn. Ed. að láta standa í frv. ákvæði, sem hún telur ekki annað en hortitt, en fella aftur á móti niður úr frv. önnur ákvæði, sem allmikils var um vert fyrir sjómannastétt landsins.

Annars vil ég vekja athygli á, að það eru í mörgum tilfellum fleiri, sem njóta góðs af birtingu veðurfregnanna, heldur en gjaldendur viðkomandi sveitarfélags, sem eftir till. hv. sjútvn. Ed. eiga að bera allan kostnaðinn. Það eru vitanlega margar verstöðvar hér á landi, sem menn sækja til víðsvegar að. Má t. d. í því sambandi benda á Hornafjörð, sem menn sækja til af öllum Austfjörðum. Sama er að segja um verstöðvarnar hér við Faxaflóa; þar eru á vertíðinni menn hvarvetna af landinu.

Ennfremur má benda á, að eins og hv. 1. þm. Reykv. vék að, þá er hér um að ræða einn lið í slysavarnaráðstöfunum þjóðarinnar. Til þeirra er varið ærnu fé, og það er í beinu ósamræmi við þá stefnu, sem Alþingi hefir áður tekið upp í þessum efnum, ef það vill ekki verja þeirri litlu upphæð, sem hér er um að ræða, til þess að auka öryggi þeirra manna, sem hætta daglega lífi sínu við að sækja gull í greipar Ægis.

Hv. 1. þm. S.-M. talaði um, að í fleiri tilfellum en þessu væru skyldur lagðar á sveitarfélögin án þess að stuðningur frá ríkinu kæmi á móti; nefndi hann þar til fátækralögin. En ég vil benda honum á, að ríkið tekur allverulegan þátt í framfærslukostnaðinum. Þegar kostnaður við veru þurfalinga á sjúkrahúsum fer fram úr vissu takmarki, greiðir ríkissjóður það, sem umfram er. Og ríkið elur algerlega önn fyrir öllum berklasjúklingum, sem fá hælisvist. Auk þess liggja nú fyrir þinginu till. í þá átt, að ríkið taki beinlínis á sig nokkuð af fátækraframfærslunni hjá þeim sveitarfélögum, sem mikinn framfærsluþunga hafa.

Hv. þm. kemst ekki framhjá því, að með þessu frv., eins og hann vill að frá því sé gengið, er verið að leggja skyldu á

sveitarfélögin án þess að nokkur réttindi eða stuðningur af hálfu ríkisins fylgi.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég ætla aðeins að taka undir það með hv. sjútvn. Nd., að það virðist ekki ástæða til þess að sækja það mál fast, að ríkið taki á sig nokkuð af kostnaðinum við að taka á móti og birta veðurskeytin í sjávarþorpum landsins. Það getur varla verið stórmál fyrir hinn ágæta kaupstað Norðfjörð og hið mikla þorp Akranes, að fá þarna 50 kr. á ári. Það er vitanlega sjálfsagt að sækja það fast, að þorpin fái veðurskeytin, en hitt held ég að skipti litlu máli, hvort þessar 50 kr. fylgi með. Ríkið leggur það mikið í kostnað við að útvega veðurskeytin, við veðurskráningu og útsendingu skeytanna og allt,sem því til heyrir, að ég tel ekki ósanngjarnt, þó að þeir, sem skeytanna eiga að njóta, þurfi að taka á móti þeim og birta þau á sinn kostnað. **(PO:** Útsendingu skeytanna borga menn með útvarpsgjaldinu). Ég verð að biðja hv. þm. að afsaka það, að ég heyrði ekki, hvað hann sagði, en það skiptir e. t. v. ekki miklu máli.

Eftir því sem mér skilst, eru það ekki nema örfáir staðir á landinu, sem með frv. eru skyldaðir til að taka á móti veðurfregnunum. Langflestir eru látnir sjálfráðir um, hvort þeir nota sér þær eða ekki.

Þetta fimmtíu króna mál ætti ekki að vera neitt stórmál hér í Sþ. Og þótt segja megi, að ríkissjóð munaði ekki mikið um þennan kostnað, þá finnst mér svo eðlilegt, að sveitarfélögin beri hann, að annað komi ekki til greina.

Frsm. sjútvn. Ed. (Ingvar Pálmason): Ég skil það vel, að hæstv. fjmrh. telur sér skylt að vera á varðbergi, þegar um fjárútlát fyrir ríkissjóð er að ræða. En um þetta mál er þess að gæta, að öll birting veðurfregna, sem hingað til hefir átt sér stað, hefir verið kostuð af ríkinu. Hér er því um alveg nýja stefnu að ræða, að létta af ríkissjóði kostnaði, sem áður hefir verið talið réttmætt og sjálfsagt, að hann bæri, og velta honum yfir á sveitarfélögin. Með þessu frv. er gerð ákvörðun í þá átt, að veðurfregnirnar komi sem flestum að notum, og er það vitanlega réttmætt. Einnig verður þess að gæta, að þó að þessi umræddi styrkur sé greiddur úr ríkissjóði, þá eru samt lögð útgjöld á sveitarfélögin, sem þau hafa ekki áður borið. Í ár eru veðurfregnirnar birtar á 60 stöðum á landinu, að öllu leyti á kostnað ríkissjóðs. En ef frv. er samþ. með breyt. þeirri, sem sjútvn. Ed. flytur, þá eiga sveitarfélögin að kosta þessa birtingu a. m. k. að hálfu leyti. Mér finnst því, að hæstv. fjmrh. megi vel við una. Hér er einmitt gengið á móts við hans stefnu, að létta gjöldum af ríkissjóði, þó að ekki sé öllum kostnaðinum dembt á sveitarfélögin.

Hinu ætla ég ekki að svara, sem fólst í orðum hæstv. fjmrh., að ég hafi aðeins fyrir augum Neskaupstað í Norðfirði og hv. þm. Borgf. Akranes. Ég býst við, að það hafi fremur verið sagt til gamans heldur en að hæstv. ráðh. hafi meint nokkuð með því. A. m. k. hljóta hv. þm. að sjá, að slík ummæli eru engin rök í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 667 samþ. með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JBald, JÓl, JónÞ, JónasJ, JörB, LH, MG, MJ, MT, PH, PM, PO, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSn, GL, HSteins, HG, HV, IP, JakM, EÁrna.

nei: JónJ, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, ÁÁ, BJ, BÁ, BKr, EA, GÍ, GÓ, HStef, HJ, IngB, JJós.

Tveir þm. (ÓTh, BSt) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

---

19. Ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbankans.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f (þmfrv., A. 41).

Á 10. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er upphaf þessa máls, að á mánudag síðastl. barst mér svo hljóðandi bréf frá fulltrúaráði Útvegsbankans:

„Reykjavík, 22. febr. 1932.

Á fundi fulltrúaráðs Útvegsbanka Íslands h/f 21. þ. m. var samþ. í einu hljóði að senda fjármálaráðherra svo hljóðandi erindi:

Vér leyfum oss hér með að tilkynna yður, herra fjármálaráðherra, að undanfarna daga hafa stórar fjárhæðir af sparifé því, er Útvegsbanki Íslands h/f hefir haft til ávöxtunar, verið tekið út úr aðalbankanum og útibúum hans, þannig, að bersýnilegt er, að hræðslu fólks um innstæður sínar í bankanum er um að kenna. Þar sem kringumstæður bankans voru erfiðar áður, er fyrirsjáanlegt, að bankinn verður að loka, ef ekki er þegar fyrirbyggt, að hann verði fyrir frekari fjármissi á þennan hátt.

Vér leyfum oss því hér með að leita stuðnings yðar til þess, að bankinn geti haldið áfram starfsemi sinni. Sá stuðningur, sem vér teljum óhjákvæmilegan, er:

1) Að ríkissjóður ábyrgist allt það fé, sem Útvegsbankinn og útibú hans hafa tekið á móti til ávöxtunar eða geymslu, þar með talið innheimtufé.

2) Að endurkaup fáist á fiskvíxlum viðskiptamanna bankans á svipuðum grundvelli og verið hefir.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.

Sv. Guðmundsson. Lárus Fjeldsted.

Til fjármálaráðherrans, Reykjavík".

Samstundis og ég fékk þetta bréf afhenti ég form. flokkanna afrit af því og gerði þeim aðvart um það, að vegna þessa máls mundi sennilega bráðlega þurfa að halda einkafund í Sþ. Þessi fundur var haldinn í gær. Flokkarnir létu þar í ljós álit sitt á málinu, og árangur þess er frv. það, sem nú er hér til umræðu.

Á fundinum gerði ég nokkra grein fyrir rökum þessa máls. Og þótt það sé endurtekning fyrir hv. þm., vil ég hér á opinberum fundi rifja upp sumt af því.

Þetta mál kom ekki að öllu leyti á óvart, því að á 2 undanförnum árum hafa fests hjá bankanum allmiklar fjárhæðir. Landbankinn hefir á þessu tímabili aukið lán sín til Útvegsbankans um 2,5 millj. kr. Hambrosbanki hefir veitt 3,5 millj. kr. lán gegn ríkisábyrgð. Að vísu hefir ekki allt þetta fé festst síðan lánið var tekið,því að rúml. 1 millj. kr. gamalt lán er innifalið í nýja láninu. Nú hafa ca. 500000 kr. í ísl. ríkisskuldabréfum losnað úr veðböndum. Eftir þeim upplýsingum, er ég fékk fyrir áramótin, taldi ég alltaf, að það myndi verða töluverð fjárhæð af þessu nýja fé laus þegar að vertíð kæmi. En raunin hefir orðið önnur, sumpart vegna úttekta á sparisjóðsfé.

Ástæður til þess ástands, sem nú er skapað, eru margvíslegar, og mun ég ekki telja þær allar hér. Verð á afurðum hefir verið mjög lágt, og stendur bankinn því nú verr að vígi gagnvart útlöndum en áður. Það má telja, að Útvegsbankinn hafi verið illa undir atvinnukreppuna búinn og ekki dregið nægilega saman seglin í viðskiptum sínum og starfsháttum. Frá því um mitt síðastl. ár hefir hann misst mestallar innistæður á hlaupareikningi og mikið af öðru innlánsfé, eða um 2 millj. kr., og alls frá byrjun hefir hann misst um 3 millj. kr. á þennan hátt. Viðskiptamenn bankans hafa jafnvel ekki þorað að geyma þar viðskiptafé, er þeir hafa fengið að láni hjá bankanum, og er þó vitanlegt, að það er höfuðskilyrði fyrir allri bankastarfsemi, að viðskiptamenn hafi fullt traust á stofnuninni og láti fé sitt standa þar inni.

Ráðstafanir þær, sem farið er fram á að gerðar verði, eru nauðsynlegar vegna þess, að mjög hefir aukizt peningaúttekt manna úr bankanum nú seinustu viku, og þótt nokkuð væri kyrrara á laugardaginn, þá hófust úttektir á ný á mánudag, en lítið var um slíkt í gærdag.

Bankaráð og bankastjórn telur enga hættu stafa af þeim erlendu ábyrgðum, sem bankinn stendur nú í og þó nema 1,4 millj. kr. Aðalhættan er að þeirra áliti fólgin í þessum úttektum á innstæðufé. Hinar erlendu ábyrgðir bankans námu upphaflega um 2,4 millj. kr., en eru nú ekki nema 1400000 kr., hafa m. ö. o. lækkað um 1 millj. kr. Ábyrgðir þessar eru að sumu leyti nýjar, og að sögn bankastj. er óruggt um framlengingar á þeim og greiðslur.

Aðalkreditorar bankans hér á landi eru Landsbankinn og ríkissjóður, en erlendir viðskiptamenn hans eru Hambrosbanki, Privatbankinn og ríkissjóður Dana. Ég þori að fullyrða, eftir nýlegu viðtali við alla þessa aðila, að þeir eru bankanum velviljaðir og vilja, að hann starfi áfram. Bankinn gat þó um áramót hvorki greitt ríkissjóði Dana né heldur Privatbankanum afborganir. Privatbankinn hefir tilkynnt, að hann muni ekki beita inneign sinni Útvegsbankanum á nokkurn hátt til tjóns eða á þann hátt, að það verði bankanum að falli. Ef bankinn á að starfa áfram, ber brýnustu nauðsyn til þess að stöðva hið fyrsta úttekt innstæðu- og geymslufjár. Það má hugsa sér, að afleiðingar af ríkisábyrgð gætu orðið með ýmsu móti. Ef til vill héldu úttektir áfram, þrátt fyrir ábyrgð á innstæðufé. En að svo miklu leyti sem hræðslu viðskiptamanna væri um að kenna, þá ætti ábyrgðin að sjálfsögðu að koma í veg fyrir hana. En um það, sem stafar af fjandskap til stofnunarinnar, mun hún auðvitað engu breyta. En komi ríkisábyrgð á innstæðurnar, ætti það að vera auðveldara fyrir Landsbankann og Útvegsbankann að jafna þann sparifjárflutning, sem verða myndi á milli þeirra, enda er það ein af skyldum þjóðbanka að sjá um slíka „cirkulation" og að sama fjármagnið sé ekki tvílánað. Ef ábyrgð getur komið í veg fyrir úttektir úr bankanum og komið því til leiðar, að menn leggi fé sitt í hann á ný, þá hygg ég komið í veg fyrir bráðustu hættuna. Tilgangurinn er sem sagt alls ekki sá, að skapa nýjan óeðlilegan fjárstraum til bankans, heldur aðeins að hindra úttektirnar. Þetta er bankanum vel kunnugt og þess mun verða krafizt af honum, að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir ef aðstreymi skyldi verða óeðlilega mikið. En það mun tæplega að óttast.

Eftir úttektir þær, sem gerðar hafa verið, munu ekki vera orðnar nema um 1800000 kr. eftir hjá bankanum af innlánsfé. Þessar innstæður hafa staðið af sér margar hviður og því nokkuð öruggt viðskiptafé fyrir bankann, þar sem nú í 10 ár hefir ekki linnt úttektum, hvorki í Íslandsbanka né Útvegsbankanum.

Ég tel, að forða eigi bankanum frá lokun. Vegna þess álits, sem verið hefir á fjárhag bankans, æskti ég þess fyrir nokkru, að bankastjórn, endurskoðendur og bankaeftirlitsmaðurinn athuguðu um eignir bankans og létu álit sitt í ljós um, hvort þeir teldu bankann „solvent", og yfirleitt hvernig hagur hans stæði. Álit þessara manna, sem byggt er m. a. á mati frá fyrri árum, er einróma, að bankinn sé „solvent". En eins og ástatt sé nú, þá telja þeir líklegt, að mest af hlutafénu sé tapað, en áhættufé danka ríkissjóðsins óskert. En það fé hefir á allan hátt hlutafjáreðli, nema hvað greiða verður af því vexti og afborganir eftir föstum samningi. Þó er féð þess eðlis, að það er lítt hugsanlegt, að það geti orðið hættulegt fyrir „liquiditet" bankans. Á þessum tveim árum hefir Útvegsbankinn afskrifað um 12 millj. kr., og einhverntíma kemur í botn, þótt djúpt hafi reynzt. Á þessum tímum er, bæði hér á landi og annarsstaðar, talað um, hvernig eigi að forða privatmönnum, sem í raun og veru eru „solvent", frá gjaldþroti, svo að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar þegar betur árar. Og þegar um stofnun sem þessa er að ræða, þá á hún að sjálfsögðu að njóta ráðstafana, sem gera þarf, til þess að forða henni frá gjaldþroti, þar sem hún í raun og veru er „solvent". Vera má, að fyrir þetta þing verði lagðar einhverjar svipaðar ráðstafanir til þess að bjarga privatmönnum. Vitanlega byggist sú ráðstöfun, að taka ríkisábyrgð á innstæðum manna í bankanum, á því, að hann sé „solvent". Og það á ekki að þurfa að verða teljandi taphætta á þessu ári fyrir bankann. Það hefir gengið svo 2 undanfarin ár, að bæði bankar og einstakir atvinnurekendur hafa tapað stórfé. Og þegar svo er komið, þá ber ekki einungis að heimta. heldur er þess hin mesta nauðsyn, að útlánum sé þannig háttað, að ekki fylgi teljandi áhætta, og einmitt á slíkum árum, þegar allt er komið niður í öldudalinn, vaxa líkurnar fyrir því stórlega, að bönkum og atvinnurekendum takist að komast hjá töpum. Ef bankinn ætti að hætta störfum nú, þegar ekki er hægt að selja eignir hans, myndi margt fara í súginn. Sömuleiðis myndu verðmætin skerðast við flutning til annara stofnana. Það er enginn vafi á því, að sé bankinn stöðvaður nú, mun það yfirleitt vekja hina

mestu óánægju innanlands og veikja traustið á fjárhag þjóðarinnar.

Sú þörf, sem getið er um í 2. gr. bréfsins frá Útvegsb. fyrir nýtt fé til atvinnurekstrar, er hin sama, hvort sem bankinn heldur áfram eða ekki. Og ef hann hættir, þá þarf eigi að síður að fullnægja þeirri þörf, annaðhvort af bönkunum eða þá að þingið verður að ráðstafa því á einhvern hátt. Það atriði er því hið sama, hvort sem bankinn hættir eða heldur áfram. Vitanlega verður að sjá fyrir einhverju rekstrarfé fyrir atvinnuvegina. Vil ég í þessu sambandi nefna þá möguleika, sem nú eru fyrir nýju fé, en það er um £ 100000,00 lánsloforð frá Barkleysbanka, sem ég og Magnús Sigurðsson útveguðum í vetur. Einnig er vitað, að hægt er að fá „exportcredit" frá Englandi til lengri tíma en áður hefir tíðkazt. Það er þörf hins vinnanda fólks og atvinnurekstrarins, sem líta verður á, og þing og stj. getur ekki haft annað sjónarmið; og ég tel því rétt að gefa bankanum tækifæri til þess að afla sér nýs rekstrarfjár.

En það er fleira í þessum efnum, sem þarf að veita athygli. T. d. hygg ég þurfa að veita bankanum linkind um seðlainndrátt frá því, sem nú er, eða sjá um, að hann njóti góðra kjara um þær 4 millj. kr., sem hann hefir nú í umferð. Hvernig sem því yrði fyrir komið, hvort heldur seðlarnir yrðu dregnir inn eða haldið áfram í umferð, þarf að gera nýjar ráðstafanir um skipulag og rekstur bankans. Tel ég, að með flutningi þessa frv. verði svo í haginn búið, að undirbúa megi slíkan lagabálk í samráði við bankastj. og fjhn. þingsins.

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta að sinni, en undirtektirnar á lokaða fundinum í nótt veittu mér vissu fyrir því, að málið mundi ná fram að ganga í þinginu í dag, svo að hægt verði að fá samþykki konungs nú þegar.

Magnús Guðmundsson: Ég geri ráð fyrir því, að það fari á þann veg, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ekki verði reynt að hindra, að þetta frv. verði að lögum í dag.

Ég get fyrir mína og Sjálfstæðisflokksins hönd lýst yfir því, að þetta frv. kemur okkur alls ekki á óvart. Árið 1930, þegar bankinn var endurreistur, flutti ég og hv. þm. G.-K. till. um, að ríkið tæki ábyrgð á sparifé bankans. Við litum svo á, að úr því að við hliðina á þessum banka væru aðrir bankar, sem hefðu þessa ábyrgð ríkissjóðs fyrir innstæðunum, myndi sparisjóðsféð að sjálfsögðu renna þangað. Þetta sögðum við þá, og einnig árið 1928, þegar fyrst var ákveðið, að ríkisábyrgð skyldi vera fyrir innlánsfé í Landsbankanum. Þessar spár hafa nú rætzt, og hvað mig snertir, finnst mér þetta ekki nema eðlileg rás viðburðanna, að við nú stígum þetta spor.

Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Ég vil minna á það, hversu geysileg ógætni ýmsum hv. þm. þótti það, er við, ég og hv. þm. G.-K., skyldum leyfa okkur að stinga upp á öðru eins og þessu. En orsökin var einungis sú, að við sáum fram í tímann, hvað verða myndi í þessum málum. Það gæti verið freisting að rifja upp í þessu sambandi ýms þau ummæli, sem höfð hafa verið um þetta mál síðan, en ég ætla samt að sleppa því í þetta skipti, þar sem ég vil ekki hindra það, að ósk sú, sem hæstv. fjmrh. lét í ljós, geti rætzt.

Það er kunnugt, að sú er og hefir verið stefna Sjálfstæðisfl., að það sé með öllu rangt, að ábyrgð ríkissjóðs sé á innlánsfé í banka, en þegar svo er komið, að 2 af bönkum landsins hafa þessa ábyrgð, þá verður hinn 3. einnig að fá hana, ef hann á að geta lifað.

Til þess að sýna hér afstöðu Sjálfstæðisfl. yfirleitt í málinu, skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp ályktun, sem samþ. var á flokksfundi Sjálfstæðisfl. í gærkvöldi, reyndar ekki einróma, en ég kæri mig ekki um að skýra frá því, hversu margir voru með henni og á móti; það kemur fram við atkvgr. um þetta mál í dag. Ályktunin hljóðar svo:

„Sjálfstæðisfl. fellst á till. stj. um, að ríkissjóður taki ábyrgð á innstæðufé í Útvegsbankanum, þó aðeins meðan samskonar ábyrgð er á innstæðufé í öðrum bönkum landsins, en telur hinsvegar, að allar slíkar ábyrgðir ættu að falla niður svo fljótt, sem auðið er, og samtímis".

Það gæti verið spurning um það, hvort við sjálfstæðismenn ættum ekki að koma með brtt. í þessa átt, en ég þykist vita,

að hún myndi verða felld, og auk þess er það svo eins og ég tók fram, að ég fyrir mitt leyti vil ekki, að nokkuð verði gert til þess að tefja málið, og mun ég því ekki bera slíka till. fram. Hitt vildi ég láta koma fram, hver er stefna míns flokks í þessu máli.

Ég skal svo ekki segja fleira nema sérstakt tilefni gefist.

Haraldur Guðmundsson: Miðstjórn Alþýðufl. hefir haldið fund um þetta mál og samþ. þar með meiri hl. atkv. að vinna ekki gegn því, heldur stuðla að því, að málið gangi fram. Þó má segja, að þm. flokksins hafi óbundin atkv., og vitað er, að einn þeirra mun sitja hjá við atkvgr.

Ég vil gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna miðstj. hefir tekið þessa ákvörðun. Hún lítur svo á, að með l. frá 1930, um stofnun Útvegsbankans og skiptameðferð á búi Íslandsbanka, hafi, fyrir tilstilli þeirra flokka, sem að þeim lögum stóðu, verið komið á þjóðina fullkominni ábyrgð á bankanum, og þar með uppgerðinni á búi Íslandsbanka. En það, sem deilan stóð um, var, hvort bú Íslandsbanka ætti óuppgert að renna inn í Útvegsbankann. Og það varð ofan á, þótt við Alþýðufl.menn vöruðum við því, að sú leið yrði farin. Og það sannast nú, að þessi leið var ekki heppileg. Atvikin hafa sýnt, að sú leið, sem við bentum á, var ráðlegri. Ég skal samt ekki fjölyrða um þessar gömlu deilur. Nú er svo komið, að ríkissjóður á bankann að $^{5}/_{7}$ hlutum. Stj. bankans er öll stjórnskipuð, því stj. ræður meiri hluta bankaráðs, þannig, að ómögulegt er nú að líta öðruvísi á en að ríkissjóður beri fullkomna ábyrgð á bankanum. Sambandsstjórn lítur því svo á, að með því, sem áður hefir verið gert í þessu máli, sé búið að taka á sig skuldbindingar, sem ekki sé hægt að skjótast undan nú. Af þessum ástæðum munum við 3 af þm. flokksins greiða atkv. með frv., sem hér liggur fyrir. En viðvíkjandi breyt. á skipulagi bankans höfum við að sjálfsögðu óbundin atkv.

Héðinn Valdimarsson: Ég veit ekki, hvort ég er eini þm., sem er á móti þessu máli. Hv. þm. Seyðf. hefir skýrt frá afstöðu flokksins í málinu, og ég mun ekki ganga á móti samþ. hans með því að greiða atkv. gegn þessu frv., en ég er því algerlega andstæður og tel skyldu mína að lýsa afstöðu minni hér í deildinni.

Alþingi hefir nú hvað eftir annað haft með þessi mál að gera, fyrst Íslandsbanka og síðan Útvegsbankann. Fyrir 2 árum síðan var skörp orrahríð hér út af Íslandsbanka. Þá var það samþ. gegn atkv. okkar jafnaðarm. að ganga svo frá bankanum sem nú er, og honum þá lagt til hlutafé, um 7,5 millj. kr., auk 5 millj. kr. áhættufjár frá póstsjóði Dana, og virðist þetta hafa átt að vera nægilegt. Jakob Möller, sem enn er bankaeftirlitsmaður, var það og þá. Var hann kallaður til að meta hag bankans, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að bankinn væri „solvent", þ. e. að ekki væri nema þáverandi hlutafé bankans tapað. Á Íslandsbanka fór síðan fram nokkurskonar yfirmat, framkvæmt af þrem mönnum. Þessir þrír menn voru Helgi Briem, Stefán Jóh. Stefánsson og Sveinbjörn Jónsson. Þessi nefnd gaf svo út það álit, að skuldir bankans umfram eignir mundu nema um 3½ millj. kr. En það var vitanlegt, að þessi niðurstaða n. var meðaltal af áliti þessara þriggja manna, eða sem næst áliti Helga Briems. Sveinbjörn Jónsson, sem var fulltrúi sjálfstæðismanna í n., áleit tapið minna, en Stefán Jóh. Stefánsson meira. Það er þegar sýnt, að álit flokksmanns okkar var réttast. Enn kemst Jakob Möller að þeirri niðurstöðu við nýtt mat á bankanum nú, að hlutafé Útvegsbankans, 7½ millj. kr., sé tapað og skakkar þá nú frá fyrsta mati Jakobs Möllers 12 millj. kr., og er þó hvorki um yfirmat né endanlega reynslu að ræða. Það er komið á daginn, að heppilegast hefði verið að fara eftir till. okkar jafnaðarmanna, þegar Útvegsbankinn var stofnaður, þeim, að gera sérstaklega upp bú Íslandsbanka og ég tel, að eins standi á nú, og þó enn meiri ástæða til að flækja ekki ríkissjóði meira inn í þennan banka en óhjákvæmilegt er. Eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn í ræðu sinni, þá er þetta aðeins fyrsta sporið, sem stíga þarf til styrktar Útvegsbankanum. Að minni hyggju er ekki rétt að stíga það spor,

hvorki að því er þennan banka snertir, né heldur sparisjóði víðsvegar um land. Öðru máli tel ég gegna, þótt tekin væri ábyrgð á innstæðufé Landsbankans. Hann er og á að vera aðalbanki landsins, eign landsins að öllu leyti, og fullnægja jafnframt þeim skyldum, er á slíkum banka hvílir. Þótt slík ábyrgð sé aðeins til handa einum banka, þá er ekki þar með útilokað, að aðrir bankar eða sparisjóðir geti fengið innstæðufé til starfsemi sinnar. Það er hægt að fá t. d. með því að greiða ríflegri vexti af því en aðalbankinn gerir, og viðskiptamennirnir mundu að öðru jöfnu ávaxta fé sitt í viðskiptabanka eða sparisjóði sínum. En þótt þessi ábyrgð sé tekin, og þar með sú áhætta, sem því fylgir og máske er ekki mjög mikil, þá leysir það þó ekki úr málinu til fulls. Eins og kunnugt er, þá hefir Útvegsbankinn 4 millj. kr. í umferð af seðlum, sem hann átti lögum samkv. að draga inn, er hann tók til starfa. En með vitund þingsins hefir það ekki verið framkvæmt. Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta atriði þyrfti að leysa, annaðhvort á þann hátt, að bankinn héldi þessari seðlafúlgu framvegis, eða þá að honum væri séð fyrir jafndýru rekstrarfé á annan hátt. Nú hefir mörg undanfarin þing staðið styrr um þetta atriði. Hefir verið barizt fyrir því, að öll seðlaútgáfan væri í hendi Landsbankans, enda er það í samræmi við það, sem gert er í öðrum löndum. Að láta Útvegsbankann halda seðlaútgáfunni er því í raun og veru spor aftur á bak, þar sem það hindrar það um ótiltekið árabil, að hið eina rétta takmark náist um seðlaútgáfuna.

Ég get eigi séð, að þótt Útvegsbankinn væri gerður upp nú, þyrfti það að veikja traust á landinu í viðskiptamálum. Slík lokaskil færu vitanlega fram á mörgum árum og mundu því ekki valda neinum vandræðum. Ef nýju lífi á að hleypa í bankann, þá þarf að taka til traustra ráða. Og ég hygg, að í þrengingum þeim, sem íslenzka ríkið og þjóðin á nú við að stríða, þá væri þeim fjárstyrk, sem ráð er á, betur varið til eflingar Landsbankanum og það mundi koma atvinnuvegum þjóðarinnar að fyllri notum.

Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, enda er víst um úrslit þess. En ég mun haga atkvgr. minni eins og ég þegar hefi lýst, og menn munu sjá síðar afleiðingarnar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki viðhafa neinar orðahnippingar um forsögu þessa máls. Ég vil þó aðeins geta þess, út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að aðalatburðurinn í sögu þessa bankamáls skeði á þingi 1921, þegar ábyrgð var tekin á láni til Íslandsbanka og vald tekið á stjórn bankans. Það, sem síðar hefir gerzt í málefnum þessara stofnana, er afleiðing þessa atburðar.

Ég get tekið undir með hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann sagði, að eðlilegast væri, að seðlaútgáfan sé á einni hendi. Að því ber að vinna. En það verður að gerast með þeim hætti, að Útvegsbankinn missi ekki þess hagnaðar, sem hann hefir nú af seðlum sínum. Eftir þeim hlutföllum, sem eru milli tekna hans og gjalda, er sýnilegt, að hann má ekki vera án þess hagnaðar, sem seðlarnir veita honum. Ég tel mér skylt að geta þessa, svo það komi engum á óvart síðar.

Það er vitanlega rétt, að því meira sem ein stofnun er styrkt, því minna er hægt að styrkja aðra. En í raun og veru er ekki hægt að tala um, að stofnanirnar njóti þeirrar aðstoðar, heldur eru það framleiðendurnir og hið vinnandi fólk, sem njóta þess, að bankarnir eru styrktir, því að þeir deila því svo aftur út frá sér. Kemur þá í sama stað niður, og er öll togstreita óþörf milli stofnana eins og Landsbankans og Útvegsbankans.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 41).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get látið mér nægja að vísa til skýringa, sem ég gaf á þessu máli á einkafundi í Sþ., og einnig til framsöguræðu í Nd., sem ég hygg, að allmargir hv. þdm. Ed. hafi heyrt. — Ég óska, að mál þetta gangi nefndarlaust gegnum hv. deild og að það verði afgr. sem l. á þessum degi, ef hv. d. fellst á frv.

Jón Þorláksson: Það hefir verið gerð grein í hv. Nd. fyrir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa frv. Er því ekki þörf að endurtaka það hér, að öðru en því, að rétt þykir að undirstrika það, að vandræði Útvegsbankans eiga að miklu leyti rót sína að rekja til hins sama og þess, er olli Íslandsbanka vandræða fyrir réttum tveim árum, 1930. Þessi sameiginlega orsök er ábyrgð sú, er tekin var á Landsbankanum á þinginu 1928. Þá leiddist þingið út í að gæta þess ekki, að ekki stoðar að ábyrgjast innlánsfé manna í sumum peningastofnunum, ef aðrar njóta ekki hins sama. Þetta kom á daginn með Íslandsbanka, þetta er að koma á daginn með Útvegsbankann. En þótt frv. þetta verði samþ., þá verður ekki þar með látið staðar numið. Þegar tekin hefir verið ábyrgð á innstæðufé allra bankanna hér í Rvík, þá færist leikurinn út um landið. Þegar á bjátar, mun fé streyma frá sparisjóðunum og færast yfir til þeirra peningastofnana, sem ríkið ábyrgist. Verður þetta sparisjóðunum að falli, ef ekki er gert við í tíma. Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki neita um þessa ábyrgð meðan samskonar ábyrgðir gilda um aðra banka eða peningastofnanir. En hann vill, að ríkið komist svo fljótt sem hægt er, og samtímis, úr þeim öllum.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Seyðf. gerði í Nd. grein fyrir afstöðu Alþýðuflokksins til þessa máls. Vísa ég til þess og vil ekki endurtaka það hér, þar sem hv. þdm. munu hafa heyrt það þar, og einnig á einkafundi þeim, sem haldinn var um málið síðastl. nótt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki fara í neinar orðahnippingar að þessu sinni um það, hverjar sakir eða hvaða vinninga hver flokkur eigi í málefnum Útvegsbankans og Íslandsbanka. Til þess gefst væntanlega tækifæri síðar. Ég get þó getið þess, að höfuðástæðan fyrir því, sem gerðist í málefnum Íslandsbanka 1930, og þess, er gerist nú um Útvegsbankann, á rót sína að rekja til þess, að þingið 1921 veitti Íslandsbanka ábyrgð á láni og tók á sig ábyrgð á stjórn hans að nokkru leyti.

Jón Þorláksson: Ég gaf ekkert tilefni í ræðu minni til þess að fara að meta verðleika flokkanna í málefnum bankanna. Til þess verður eflaust tækifæri síðar. Ég get þó ekki látið það standa ómótmælt, að framlag það, sem samþ. var til handa Íslandsbanka 1921, sé á nokkurn hátt rótin til þess, að Útvegsbankinn er í vandræðum nú 1932. Slíkt á sér engan stað, nema hvað segja mætti, að ef stofnunin hefði án þeirra aðgerða liðið undir lok, þá væri hún ekki í vandræðum nú. En auk þess fór nú svo með þessa ábyrgðarheimild 1921, að hún varð ekkert annað en lán, sem veitt var gegn fullri handveðstryggingu. Og það lán varð ekki bankastofnun þessari að falli, heldur er það fyrst og fremst bankalögin frá 1928. En auk þess eru ýmsar fleiri ástæður, sem hafa stutt að hinu sama, en út í þær fer ég ekki að þessu sinni.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. síðasti ræðumaður hefir misskilið mig, ef hann heldur, að ég telji ráðstafanir þær,

sem þingið gerði 1921, hafa verið undirrót að vandræðum bankans síðan. Ég sagði, að það væri sá atburður, sem síðan hefði ráðið aðgerðum þingsins, þegar vandræði hafa borið að höndum. Valdið yfir stjórn bankans hefir skuldbundið bæði þing og stjórn upp frá því. Og ég veit, að hv. þm. er mér sammála um, að svo sé. A. m. k. hefir hann látið það í ljós í blaðagrein, sem hann hefir ritað ekki alls fyrir löngu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 42).

---

20. Loftferðaleyfi.

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl. (þmfrv., A. 50).

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég mun ekki hafa langan formála fyrir þessu frv. á þskj. 50, en bíða heldur átekta um undirtektir hv. þdm. og aths. þeirra, sem fram kunna að koma við frv. Efni þessa frv. mun vera öllum þingheimi löngu kunnugt og samgmn.veit ekki annað en að það sé fram komið í fullu samræmi við vilja mikils meiri hl. þm. Ég þykist því mega vænta góðra undirtekta og samþykkis hv. þd. á frv.

Telja má, að með frv. þessu, ef að lögum verður og til framkvæmda kemur, sé stigið stórt og örlagaríkt spor á menningarbraut þjóðar vorrar, en það er ekki á færi nokkurs manns að sjá fyrir afleiðingar þess í hverju einstöku atriði þegar stundir líða. Með þessum fyrirhuguðu flugsamgöngum við aðrar heimsálfur er íslenzka þjóðin að sjálfsögðu fremur en nokkru sinni áður dregin inn í hvirfingu menningarstrauma nútímans, og óneitanlegt er, að henni verður erfiðara en áður að varðveita og geyma hinn forna menningararf óbreyttan. Það má segja, að eins og nú er komið, þá sé bæði lögur og loft orðið langskipum fært og lendingarstaðir þeirra á hverju landshorni. Þær eðlilegu tálmanir, sem áður greindu ísl. þjóðina frá umheiminum, eru nú yfirstignar og erlendu áhrifin eiga hingað opna leið. Vissulega má líka ætla, að um leið og þjóðin kemst þannig í stöðugt — jafnvel daglegt — samband við umheiminn, þá séu henni sköpuð margvísleg skilyrði til menningar og framfara.

Flugfélagið vestræna, Transamerican Airlines Corporation, sem hér leitar leyfis um loftferðir, lendingarstaði og aðrar framkvæmdir félagsins vegna, er að sjálfsögðu öllum hv. þdm. kunnugt að nokkru af erindum þess til þings og stjórnar, sem og af blaðagreinum. Félagið er ekki aðeins fésterkt og auðugt að reynslu um flug vestan hafs, heldur hefir það einnig á síðustu árum látið rannsaka mjög vendilega hina norrænu flugleið um Grænland og Ísland, sem nú er talin af sérfræðingum félagsins og mörgum öðrum miklu öruggari og jafnvel styttri en leiðin um Atlantshaf og Azoreyjar.

Frá sjónarmiði Íslendinga hljóta það einnig að vera mikilsverð meðmæli með erindi félagsins, að tveir af þekktustu og

bezt metnu löndum vorum vestan hafs eru riðnir við framkvæmdir félagsins, en það eru þeir Guðmundur Grímsson frá Rugby í Norður-Dakota, fulltrúi félagsins, sem hér er nú staddur til þess að semja við þing og stjórn um nauðsynlegustu réttindi til handa flugfélaginu hér á landi, og dr. Vilhjálmur Stefánsson, hinn þekkti heimskautafari og rannsóknafrömuður, sem er ráðunautur og leiðbeinandi félagsins um þessar fyrirhuguðu flugferðir á norðurvegum. Það er vitað og víst, að báðir hafa þessir landar vorir gengið í þjónustu félagsins með það fyrir augum, meðal annars, að geta orðið ættarlandi sínu að liði og stutt að hagsæld þess með þekkingu sinni, ráði og dáð. Enginn efast um, að þeim gangi gott til og þann drengilega metnað þeirra er skylt að meta.

Ég þykist ekki þurfa að draga fram margar eða frekari ástæður fyrir því, að sinna beri þessu erindi flugfélagsins. Það hefir undanfarið legið í loftinu, að þessi leið um Grænland og Ísland mundi valin til flugferða milli Ameríku og Evrópu, og hygg ég, að margir menn hér á landi hafi látið sig dreyma um það árum saman.

Ég skal geta þess um afskipti samgmn. af þessu frv., að þó að hún hafi lagt talsverða vinnu í undirbúning þess, þá geta verið missmíði á því, sem ættu að geta fengið lagfæringu á milli umr. Vil ég óska, að þeir hv. þdm., sem skyggnir eru á þessa hluti, leggi það til málanna, sem að liði má verða og leiðbeininga; væntir ég, að flestum verði ljúft að styrkja þessar fyrirætlanir á einhvern veg. Við frekari athugun og eftir að prentun frv. var lokið, hefir samgmn. ákveðið að bera fram til 2. umr. nokkrar minni háttar breyt. við frv., sem að mestu lúta þó að ákveðnara og skýrara orðalagi.

Ég fer ekki að þessu sinni út í einstakar gr. frv., og ætla t. d. ekki að ræða um þá undanþágu, sem félaginu er tilskilin frá álögum og skattgreiðslum, eða það, sem í móti á að koma frá þess hálfu. Slík undantekningarákvæði áleit n. eðlileg meðan flugið væri á byrjunarstigi, og að gagnvart leyfishafa mundi hæfa að gera líkar ívilnanir fyrstu árin, sem upplýst er, að önnur ríki hafi veitt honum, þar sem flugsamband er ákveðið. Síðar kemur þá að því eins og frv. bendir til, að ríkið áskilur sér frekari hlutdeild í ágóða félagsins. Um þessi fyrirkomulagsatriði má ýmislegt segja, en n. vildi ekki fara öllu lengra en komið er, til þess að eiga það ekki á hættu, að þessi málaleitun félagsins yrði dregin til baka.

Það má vel vera, að einhverjir hv. þdm. komi með aths. og till. til breyt. á þessum ákvæðum frv., eða öðrum, en ég vænti þess, að þær verði allar af velvildarhug til málsins bornar fram og horfi því til bóta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég mun ekki fremur en hv. frsm. fara út í einstök atriði þessa frv., sem fyrir liggur. Mér er kunnugt um, að góðir lögfræðingar hafa um það fjallað, og þar á meðal skrifstofustjórinn í atvmrn. Ég býst við, að flestir taki með fögnuði þeim möguleika, að þetta volduga félag komi á reglubundnum flugferðum milli Norður- og Vesturálfu með viðkomustað á Íslandi. Enda yrðu það mikil hlunnindi fyrir Íslendinga að fá að njóta þessara samgöngubóta, ef ferðirnar yrðu eins tíðar eins og áætlað er í frv.

Það er því full ástæða til að taka þessari málaleitun með glöðum hug, einkum ef gera má ráð fyrir, að hún komi til framkvæmda áður en langt líður.

Ég vil geta þess, að áður hafa oft legið fyrir Alþingi sérleyfisbeiðnir frá erlendum félögum til margvíslegra stærri framkvæmda hér á landi. Þá hefi ég jafnan talið mér skylt að vera tortrygginn gagnvart þeim og ekki að ástæðulausu. Nú er hér ekki um neinar slíkar stórframkvæmdir að ræða, sem geti haft skaðvæn áhrif á atvinnurekstur landsbúa. Hér er aðeins um það að ræða að fá stórum bættar samgöngur við umheiminn — Vesturálfu og Norðurálfu — gegn því að félagið fái að hafa hér viðkomustað. Það, sem hefir gert mig tortrygginn áður gagnvart því að láta útlend félög og fyrirtæki fá hér aðstöðu til atvinnurekstrar, kemur hér alls ekki til greina í þessu máli.

Í annan stað vil ég minna á hið sama og hv. frsm. gerði, að tveir af mætustu samlöndum okkar vestanhafs eru öruggir stuðningsmenn þessa máls og hvetja okkur til góðra undirtekta, og vitanlegt er, að

þeim gengur aðeins gott til þess. Þeir hafa fulla aðstöðu og dómgreind til þess að meta, hverskonar félagsskapur það er, sem þeir vinna fyrir, og það ætti að vera okkur full trygging fyrir því, að óhætt muni að eiga skipti við þá stofnun, sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Eins og tekið er fram í grg. frv., þá er það borið fram eftir samkomulagi við mig. Ég vil mæla hið bezta með, að þessi tilraun verði gerð og að vel verði tekið hinni útréttu hönd. Trúi ég á þann möguleika, að stöðugar flugsamgöngur geti sem fyrst hafizt á milli Vesturálfu og Norðurálfu um Ísland.

Jónas Þorbergsson: Það er aðeins örstutt fyrirspurn til hv. frsm. þessa frv. í sambandi við undirbúning málsins. Í 18. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur frá 1918 hafa Íslendingar lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu gagnvart öðrum þjóðum. Ég hefi ekki komið auga á, að í frv. felist nægilegt öryggi fyrir því, að þetta sérleyfi, sem ætlazt er til að veitt verði samkv. frv., komi eigi í bág við hlutleysisyfirlýsingu sambandslaganna, ef til ófriðar kæmi milli Bandaríkjanna og Evrópuþjóða. Fyrirspurn mín er því sú, hvort hv. samgmn. telur það nægilega tryggt í þessu frv., að væntanlegt sérleyfi til handa flugfélaginu gæti ekki orðið notað þannig í ófriði, að háskasamlegt gæti orðið fyrir hlutleysi landsins, eða hvort n. hefir í huga að setja skýrari ákvæði um þetta efni í frv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Dal. skal ég geta þess, að þau öryggisákvæði vegna ófriðarhættu, sem hann nefndi, eru að nokkru tekin fram í 11. gr. frv., en n. hefir ráðgert að breyta að nokkru þeim ákvæðum til 2. umr., einkum að skýra nánar og einskorða efni greinarinnar. Mun þá einnig koma ljóslegar fram í frv., að fél. verði eigi aðeins háð þeim lögum, sem nú gilda, heldur og breyt., sem síðar kunna að verða gerðar til tryggingar því, að sérleyfið verði ekki misnotað á ófriðartímum.

Fleira þarf ég ekki að minnast á út af fyrirspurninni, og annað hefir ekki komið fram, er gefi mér tilefni til að fara lengra út í málið.

Guðbrandur Ísberg: Sem þdm. vil ég geta þess, að ég er frv. fylgjandi í öllum höfuðatriðum, en þó eru nokkur atriði þess, sem ég hefði æskt breyt. á, en mun þó af ýmsum ástæðum láta bíða að gera grein fyrir þeim breyt. þangað til við 2. umr. málsins.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil gjarnan vekja athygli n. á nokkrum atriðum í frv. þessu, sem mér líka ekki. Það er þá fyrst orðalagið á 3. gr., sem mér finnst allundarlegt. Þar stendur svo: „Leyfishafa skal heimilt að taka lögnámi land eða réttindi yfir landi“ o. s. frv. Ég kann ekki vel við þetta. Það er óvenjulegt hjá okkur Íslendingum, að einstökum mönnum sé gefin slík heimild til lögnáms á landi. Að vísu er síðar í gr. tilskilið, að atvmrh. viðurkenni nauðsynina til lögnámsins, en það hefði þá alveg eins verið hægt að gefa ríkisstj. lögnáms- eða leiguheimild, sem hún gæti svo afhent fél., ef ástæða þætti til.

Þetta er að vísu ekki stórvægilegt atriði, en mér hefir þó þótt réttara að benda á það.

Þá verður eigi annað sagt, en að 5. gr. frv. veiti fél. alveg sérstaka aðstöðu, ólíka aðstöðu allra þeirra atvinnufyrirtækja, sem nú starfa hér á landi, þar sem fél. er undanþegið öllum sköttum, bæði útsvari og tekju- og eignarskatti. Það mun þó eiga að greiða visst hundraðsgjald af öllum flutningum frá landinu og eins öllum innanlandsflutningum. En eins og hv. frsm. tók fram, þá rennum við algerlega blint í sjóinn með það, hversu miklar þær tekjur verða, sem fást á þann hátt, eða hversu mikill skattur þau útgjöld verða fyrir fél. En þó er gert ráð fyrir því, að hundraðsgjaldið haldist óbreytt í 15 ár. Með þessu finnst mér mjög teflt á tvísýnu um skatt á fél. og tekjur til handa ríkissjóði og bæjarfél. Tel ég alls ófært að hafa gjald þetta óbreytt svo langan tíma, 15 ár, og eðlilegast, að félagið lúti venjul. ísl. lagaákvæðum um skattgreiðslur til ríkis og bæja.

Að síðustu er það 10. gr., þar sem ákveðið er, að leyfið gildi til ársloka 1936, þótt ekkert sé aðhafzt af fél. hálfu. Í gr. segir svo: „Ákveða má í leyfinu, að réttur leyfishafa skv. því skuli fallinn niður,

hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936". Þótt ekkert verði aðhafzt í 5 ár, þá er leyfi þetta samt sem áður í fullu gildi og engum öðrum fél. í Vesturheimi heimilt, þótt þau gætu, að halda uppi flugferðum á milli landanna. Mér finnst þessi tími óþarflega langur, og ekki rétt að miða við það, hvenær flugferðir hefjist. Mér finnst tryggara fyrir okkur, að annaðhvort sé fél. skylt að leggja fram vissa fjárhæð sem tryggingu fyrir því, að eitthvað verði úr framkvæmdum — en slíkt er þó vitanlega ekki hægt að heimta fyrr en vitneskja er fengin um það, hvort fél. nær samningum við önnur ríki, sem hér eiga hlut að máli, um byggingu lendingarstöðva o. þ. h. —, eða þá, að fél. verði að byrja á verkinu innan einhvers tiltölulega skamms tíma. Eftir því, sem mér skilst, er fél. lítið að vanbúnaði þegar það hefir fengið leyfi hlutaðeigandi ríkja til þess að byggja vita, móttökustöðvar o. fl. þ. h.

Ég hefi leyft mér að vekja athygli hv. samgmn. á þessum þremur atriðum og vona, að hún taki þau til gaumgæfilegrar athugunar.

Ég skal að lokum taka undir það með hv. þm. Dal., að mér þykir réttara, að í þessu frv. komi fram glögg og tvímælalaus ákvæði um rétt okkar til að stöðva flugferðir, banna flutning og jafnvel taka lendingarstöðvar og banna félaginu afnot þeirra, ef til ófriðar skyldi koma.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Aths. þær, sem fram hafa komið frá hv. þm. Seyðf., eru meira við form frv. en efni. En þrátt fyrir það tel ég þær góðar og gildar og skal geta þess, að sumt af þessu hefir einmitt komið til umr. í n. Hún hefir ekki verið fullkomlega sammála um hvert einstakt atriði, en þau standa öllum hv. þdm. opin til breyt., eins og áður er tekið fram. Fyrirmælin í 3. gr. um eignarnám skal ég kannast við, að eru ekki að öllu leyti eins og ég hefði kosið, og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að þau þurfi að vera neitt frábrugðin alm. eignarnámsheimildum. Þó gæti verið óhentugt að fara með eignarnámið eins og títt er annars, að sækja um það til Alþ. hverju sinni. Því að vel gætu framkvæmdir tafizt, ef svo stæði á, að slíkrar heimildar væri þörf að þingi nýafstöðnu, og þyrfti þá að bíða næsta þings. Af þessum ástæðum var ákvæði þetta tekið svona upp í frv. N. hyggur einnig, að ekki komi tilhögun þessi að sök, þar sem samþykkis atvmrh. er krafizt hverju sinni, og hann verður að viðurkenna nauðsyn eignarnámsins, ef gilt á að vera.

Um skattaundanþágurnar má að sjálfsögðu margt segja. En mér finnst, að hv. þm. Seyðf. muni hafa dálítið misskilið það atriði. Mér fannst hann fullyrða, að bæði ríki og sveitarfél. væru svipt réttmætum tekjum, sem annars myndu á eðlilegan hátt fást af starfsemi þessari. En þetta get ég ekki álitið rétt. Það er a. m. k. gert ráð fyrir því, að fasteignaskattur og fasteignagjöld, sem ýmist bæjar- eða sýslufél. geta með samþykktarvaldi krafið af fasteignaeigendum, verði kræf. Hitt er auðvitað rétt, að ívilnun um skattgreiðslu aðra, þar á meðal um innflutningsgjald á efni til bygginga flughafna eða stöðva, er mikilvæg eftirgjöf. En með því er í raun og veru ekki neinu fórnað, nema lítilli hagnaðarvon af þessu nýja starfi um sinn, en engum fengnum verðmætum.

Öll ákvæðin um skattaundanþágurnar eru áhitamál, og þær álögur, sem í móti eiga að koma, mjög á reiki. Er eðlilegt, að eitt sýnist þar hverjum, enda ómögulegt að segja fyrir um viðskipti félagsins og flutningamagn hér á landi að svo komnu.

Fresturinn til framkvæmda hefir eftir nokkrar umr. hjá n. orðið til ársins 1936. Það er í rauninni til komið fyrir þá skuld, að fulltrúi fél., sem hér er staddur og auðvitað hefir gefið n. margar upplýsingar viðvíkjandi málinu, heldur því fram, að mjög fljótt megi ekki heimta eða ætlast til, að framkvæmdir geti orðið, þótt hinar allra fyrstu tilraunir gætu komið til mála jafnvel á þessu eða næsta ári. Einnig er það rétt, eins og hv. þm. Seyðf. tók fram, að hér eru ekki framkvæmdirnar einungis komnar undir viðskiptum eða samningum við íslenzka ríkið eitt, heldur einnig samningum við nokkur önnur ríki, og því fremur, sem sumir þeir samningar eru enn þá eftir og geta tafizt, virtist n. hæfilegt að miða frestinn við árslok 1936. Hinsvegar myndi enginn hafa

á móti því, að framkvæmdir yrðu fyrr á starfi félagsins.

Bergur Jónsson: Það er auðvitað ekki nema gott eitt við því að segja fyrir samgmn., að hv. dm. bendi á það, sem þeim finnst athugavert við frv. þetta.

Við í samgmn. fengum í hendur frv., sem umboðsmaður umsækjanda hafði látið búa til. Og hinn stutta tíma, sem síðan er liðinn, höfum við reynt að athuga frv. og finna þau atriði, sem við álítum nauðsynlegt að breyta, til þess að tryggja rétt landsmanna. Ég ætla ekki að fara verulega út í þær aths., sem fram hafa komið; aðeins minnast lítilsháttar á þær.

Hv. þm. Dal. þótti skorta ákvæði í frv., sem tryggði það, að fél. misnotaði ekki aðstöðu sína á ófriðartímum og kæmi e. t. v. á þann hátt hlutleysi landsins í hættu. N. hafði þetta fyrir augum, og með tilliti til þess var 11. gr. frv. samin, þar sem það er ákveðið, að þau atriði skuli háð gildandi ísl. lögum og þeim reglum, sem um það kunna að verða settar af löggjafarvaldinu til þess að tryggja rétt landsmanna gagnvart starfsemi fél. bæði á friðar- og ófriðartímum. Ég álít það ekki rétt að taka ákvæði um slíkt upp í sjálft frv., heldur halda opinni leið fyrir löggjafarvaldið til þess að gera þær ráðstafanir í sérstökum lögum. Og slíkt mætti að sjálfsögðu taka til athugunar nú á þessu þingi.

Hv. þm. Ak. sagðist vera meðmæltur frv. í höfuðatriðum, en taldi sig þó hafa nokkuð við það að athuga. Ég vildi óska þess, að hann benti á eitthvað af þessum vafasömu atriðum nú þegar, því að n. mun vitanlega, þar sem hún hefir tekið að sér flutning frv., vilja athuga það sem bezt fyrir 2. umr., svo að hún geti þá komið fram með þær breyt., sem þörf þykir á vera.

Guðbrandur Ísberg: Ég er ófús á að fara út í þær einstöku breyt., sem ég hefði kosið, að gerðar yrðu á frv. Ég hefi rætt um þetta mál við flokksmenn mína og ég geri ráð fyrir, að við tökum sameiginlega afstöðu til þess. Það gæti því komið til mála, að við snerum okkur til hv. samgmn. til þess að athuga, hvort hún vildi taka okkar aths. til greina og bera þær fram sem sínar, en ef það fengist ekki, þá má vel vera, að við komum fram með sérstakar brtt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, 73).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Á þskj. 73 eru fram komnar nokkrar brtt. við frv. þetta frá samgmn. Þær er að miklu leyti samdar í samræmi við þær aths., er fram komu við 1. umr. málsins hér í deildinni, en að sumu leyti fyrirhugaðar af n. áður. Flestar eru brtt. þessar orðabreyt., aðeins við form frv., og miða til þess að skýra það sem í rauninni felst í frv. Aðeins ein þessara till. er efnisbreyt. Hún er við það ákvæði 5. gr., sem gerir ráð fyrir því, að hundraðsgjaldið, sem fél. á að greiða, skuli haldast óbreytt í 15 ár. Brtt. gerir ráð fyrir, að það verði aðeins 10 ár.

Brtt. við 1. gr. frv. er, eins og hv. þdm. sjá, aðeins lítilfjörleg orðabreyt. Einnig er brtt. við 3. gr. orðabreyt. og fram komin vegna þeirra aths., sem gerðar voru hér við 1. umr. málsins. Þær brtt., sem fyrir liggja við 5. gr., eru að öllu orðabreyt., nema sú, er ég áður nefndi, og miða þær til skýringa á efninu. Í brtt. við 8. gr. eru fyllri fyrirmæli en í frv. sjálfu, um réttindi ríkisins gagnvart leyfishafa, og minnir mig, að aths. þær, sem fram komu við 1. umr., lytu líka að þessu.

Við 11. gr. hefir verið bætt setningu, sem ætti að gera það ótvírætt, að ekki yrði misnotaður réttur leyfishafa á ófriðartímum, og ætti því að vera betur um þetta búið en áður var í frv.

Fulltrúi Transamerican Airlines Corporation, sem hér er staddur, hefir átt kost á að kynna sér brtt. n., og þykist ég mega fullyrða, að hann fallist á þær og geri engan ágreining út af þeim.

Að svo komnu finn ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um brtt., en þess skal getið, að eftir að n. hafði gengið frá þessum brtt., bárust henni aths. frá landssímastjóra út af frv. Hefir hann í þeim

aths. bent á, að æskilegt væri að breyta formi 4. gr. frv. lítið eitt, og mætti sennilega koma þeirri breyt. að við 3. umr. málsins. Í þessum aths. hans felst engin efnisbreyt.; þær lúta að því einu að koma ákvæðum gr. í samræmi við alþjóðasamþykktir um notkun loftskeyta.

Eftir þeim undirtektum, sem frv. fékk hér við 1. umr., þykist ég mega vænta þess, að hv. þdm. muni fallast á brtt. og frv. í heild, eins og það verður eftir samþykkt þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 73,1.a—b samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 73,2 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 73,3.a—d samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 73,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 73,5 samþ. með 18 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 90, 96).

Of skammt var liðið frá 2 umr. og frá útbýtingu brtt. 96. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Við 2. umr. þessa máls var um það getið, að till. landssímastjóra út af frv. þessu hefðu ekki borizt samgmn. áður en hún afgr. brtt. sínar til 2. umr. Nú liggja hér fyrir till. frá n. á þskj. 96, og er þær bornar fram samkv. till. frá landssímastjóra. Eins og hv. þdm. munu sjá, þá breyta þær ekki efni frv., heldur má telja þær skýrari orðun þeirra ákvæða, er snerta loftskeytasendingar í þágu flugferðanna, sérstaklega til tryggingar því, að loftskeytanotkun félagsins verði jafnan í samræmi við þau alþjóðafyrirmæli, sem sett hafa verið og ríkisstjórnin undirritaði, um meðferð loftskeyta. Hygg ég svo eigi þörf á að ræða þetta frekar, enda munu hv. þdm. þegar hafa ákvarðað að fylgja till. þessum um breytingu 4. gr. Loks er lítilsháttar brtt. við 2. gr., að í stað „fyrirkomulag og bylgjulengd" komi: afl og bylgjulengd, og er sú orðun ákveðnari. Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um þetta og læt því máli mínu lokið.

ATKVGR.

Brtt. 96,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 96,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 96,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., 5. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 98).

Á 22. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 175).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, flytur frv. þetta merkilegt nýmæli og stórt mál. Auðfélag eitt í Bandaríkjum Norður-Ameríku vill hefja loftsamgöngur milli Ameríku og Evrópu um hina svonefndu „norðurleið", yfir Grænland, Ísland og Færeyjar. Hefir landi okkar, Vilhjálmur Stefánsson, manna bezt fært rök að því, að einmitt þarna væri framtíðarleiðin. Við Íslend-

ingar eigum þess kost, vegna legu landsins, að hafa áhrif á þetta stóra fyrirtæki.

Frv. fer fram á tvennt. Í fyrsta lagi er sótt um réttindi almenns eðlis, svo sem að fá að koma hér við og reisa byggingar og loftskeytastöðvar, eftir því sem þurfa þykir, og er þar í aðalatriðum ætlazt til, að starfað verði í almennri samkeppni. En í öðru lagi fer félagið fram á nokkur sérréttindi. Félagið óskar þannig eftir sérleyfi gagnvart öðrum þegnum Bandaríkjanna næstu 15 ár, auðvitað í því skyni að tryggja sér betri aðstöðu en öðrum vestan að. Þá er og farið fram á undanþágu frá ýmsum skattgreiðslum til ríkissjóðs og útsvarsgreiðslu til sveitar, gegn því að félagið greiði 5% af brúttótekjum þeim, sem það fær fyrir flutninga hérlendis, til ákvörðunarstaða innanlands eða utan. Þó má breyta hundraðsgjaldi þessu með lögum, er 10 ár eru liðin af leyfistímanum.

Hér er því um það að ræða að veita þýðingarmiklum framförum stuðning, en jafnframt að binda hendur eftirkomendanna að nokkru. Augljóst er, að félagið getur ekki ráðizt í þetta nema réttindi þess og aðstaða sé að nokkru tryggð fyrst í stað.

Samgmn. áleit rétt að veita stuðning góðu máli, en binda þó ekki hendur eftirkomendanna meira en þörf er á. Leggur n. því til, að frv. verði samþ. Hinsvegar flytur n. brtt. á þskj. 175. Miða þær einkum að tvennu. Í fyrra lagi að því að þrengja ákvæði 2. gr. um það atriði, með hverjum hætti félagið geti eignazt hér land, og í öðru lagi að stytta leyfistímann.

Í frv. er svo ákveðið, að félagið geti öðlazt eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir hús og önnur mannvirki, án þess að þetta sé bundið nánar, og gæti þetta því farið fram í frjálsum viðskiptum. Í almennum lögum frá 1919 er svo ákveðið, að slík mál skuli bera undir stjórnarráðið í hvert sinn. Samgmn. gat ekki séð, að það þyrfti að spilla starfsemi félagsins, þótt svo yrði ákveðið í frv. Má gera ráð fyrir, að félagið eignist strax í byrjun það land eða landsréttindi, sem til þess þarf að halda uppi hinum fyrirhuguðu langleiðar-flugferðum, en ef það tæki upp flugsamgöngur innanlands, myndi það fá notkunar- eða eignarrétt á landi, ef landsmenn teldu sér hag að.

Ég sé, að hv. 4. landsk. hefir flutt brtt. við okkar brtt., en þótt ég geti fallizt á þá till., skal ég ekki segja um, hvernig meðnm. minir taka henni.

Þá höfum við flutt brtt. við 6. gr. Ákveðið er í frv., að félagið greiði aðeins hundraðsgjöld af fargjöldum og flutningsgjöldum. Skýrsla um fasteignir félagsins kemur því eigi til greina í því sambandi. Mat á fasteignum félagsins yrði framkvæmt á sama hátt sem mat annara fasteigna í landinu, og yrðu því að sjálfsögðu auðfundnar upplýsingar um það.

Þá er 3. brtt., um að færa leyfistímann úr 75 árum niður í 50 ár. Skal ég að vísu játa, að erfitt er að sanna með rökum þetta atriði. Þó virðist 50 ár, eða fullkomin meðalmannsæfi, vera alllangur leyfistími.

Samgmn. þykir viðurhlutamikið að binda leyfistímann við 75 ár. Það er að binda hendur komandi kynslóða um óralangan tíma. Hitt má til sanns vegar færa, að hættuminna er að binda leyfið við 50 ár en 75. Við sjáum skammt fram í tímann. En það ætti að vera áhættulaust fyrir hið erlenda félag að hefja starf sitt, þótt leyfistíminn sé eigi lengri. Fari það vel að ráði sínu, ætti að reynast auðvelt fyrir það að fá þennan leyfistíma framlengdan. Annars má í þessu sambandi minna á það, að ekki er ólíklegt, að fleiri fél. sæki um leyfi í líku augnamiði. Ég býst t. d. við því, að austan að, frá Evrópu, hljóti að koma félög, sem vildu nota sér sömu atvinnugrein, og þá myndi þykja illa viðeigandi að veita slíku fél. ekki samskonar réttindi og þessu hinu fyrsta.

Fjórða brtt. er einskonar leiðrétting til tryggingar fél. sjálfu. Það er aðeins þetta, að tekið sé fram í 8. gr. um flutning pósts. Niðurlag gr. orðist svo: „Til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun“. Orðið „póstur“ hafði fallið úr, en n. leggur til, að því verði bætt inn í, enda er þar um aðalatriðið að ræða.

Fimmta brtt. er leiðrétting við 11. gr. Í byrjun 11. gr. er svo að orði komizt: „ákveða má“ í leyfinu, að réttur leyfishafa skv. því falli niður, ef það fullnægir

ekki ákveðnum skilyrðum. Það er auglýst, að þetta orðalag þýðir, að ætlazt er til, að svo sé ákveðið. Það þarf ekki að gefa neina heimild til þess, að þetta „megi"; það hefir litla þýðingu nema átt sé við að þetta „skuli" ákveðið svo. Þetta eru hin einu viðurlög, sem sett eru frá hendi hins ísl. ríkis, og n. finnst sjálfsagt, að ekki sé verið með neina óþarfa kurteisi gagnvart þeim, sem um þessa samninga eiga að sjá, sem í þessu tilfelli er hæstv. ríkisstj. Annars sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni.

Pétur Magnússon: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 191, við brtt. hv. samgmn. á þskj. 175, við frv. það, sem hér liggur fyrir.

Eins og frv. hefir komið til samgmn. d. er gert ráð fyrir því, að í leyfisbréfi atvmrh. sé fram tekið, að leyfishafa sé heimilt „að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi og önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans". Þessu vill n. breyta á þann hátt, að til þess að öðlast eignar- eða notkunarrétt þurfi sérstakt leyfi atvmrh. í hvert skipti, sem fél. þarf á þessum réttindum að halda. Ég get ekki komið auga á þá hættu, sem af því væri búin, þótt þetta ákvæði fengi að standa óbreytt eins og það nú er í frv. Ég fæ með engu móti skilið, hver hætta getur verið því samfara, að fél. fái skilyrðislaust rétt til þess að eignast nauðsynleg lönd til atvinnurekstrar síns. Um annað er ekki að ræða. Það má að vísu hugsa sér, að verðhækkun yrði á þessum eignum, en eigandinn yrði vitanlega að greiða af henni skatt. Í því sambandi er því ekki um neina hættu að ræða. Mér finnst það því sérstaklega ástæðulaust, að notkunarréttur yfir landi sé bundinn sérstöku leyfi atvmrh. í hvert skipti. Þessi takmörkun, sem n. leggur til, að sett verði inn í frv., kemur í raun og veru algerlega í bága við önnur efnisákvæði þess. Fyrst þessi réttindi eru lögð undir úrskurð atvmrh., má líka gera ráð fyrir þeim möguleika, að ráðh. neiti fél. um notkunarrétt yfir fasteign, sem það telur sig þurfa á að halda. Sé ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, er ákvæðið meiningarlaust. Ég er ekki að halda því fram, að líklegt sé, að þetta kæmi fyrir, en möguleiki er fyrir því. Það er engum efa undirorpið, að fél. þarf að hafa einhver landsnot hér, og þar sem 1. gr. frv. mælir svo fyrir, að atvmrh. skuli heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til að halda uppi loftferðum á milli Íslands og annara landa, finnst mér koma ósamræmi þarna á milli, þegar setja á svo annað ákvæði, sem „teoretiskt"gæti gert fél. ómögulegt að nota þennan rétt, sem því er gefinn í 1. gr. frv., og raunar fleiri gr. Slíkt væri að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni. Ég tala hér alltaf um möguleika, en ekki hvað raunverulega yrði gert. Þótt ég álíti ástæðulítið að takmarka rétt fél. til að eignast hér lönd til atvinnurekstrar síns, vil ég samt sætta mig við það, en ég vil ekki undir neinum kringumstæðum, að verið sé að setja þessar takmarkanir um notkunarréttinn. Ég hefi því leyft mér að flytja þessa brtt., og er ég hv. frsm. n. þakklátur fyrir undirtektir hans viðvíkjandi henni.

Um aðrar brtt. n. ætla ég ekki að ræða. En ég verð að játa, að mér þykir ástæðulítið að stytta leyfistímann skv. 10. gr. Ég hefði getað skilið, að n. hefði haft einhverjar áhyggjur út af sérleyfistímanum; þótt þar sé vitanlega ekki um sérréttindi að ræða gagnvart öðrum en Bandaríkjaþegnum, þá útilokar ákvæðið þó alla þegna þessa mikla og volduga ríkis frá samskonar atvinnurekstri hér næstu 15 ár. En hver hætta fylgir því að leyfa þessu fél., svo framarlega sem það byrjar hér atvinnurekstur, að halda þessum rétti í 75 ár, skil ég ekki. Ég veit ekki, hvort þessi brtt. n. er nokkuð fráfælandi fyrir félagið. Þó býst ég við því, að það kysi heldur, að ákvæðið héldist óbreytt. Ég álít þetta svo mikilvægt mál, að við eigum ekki að óþörfu að leggja stein í götu þess. Þetta er þó minna atriði en hitt, um notkunarréttinn. Það er svo mikilsvert, að mér þykir ekki óhugsandi, að erlent fél., sem gera verður ráð fyrir öllu mögulegu í stjórnarfari lands vors, fælist fyrir þær sakir algerlega frá því að byrja hér atvinnurekstur, a. m. k. ef það leggur þann skilning í ákvæðið, að landstj. geti upp á sitt ein-

dæmi stöðvað atvinnurekstur þess. Það er því þýðingarmikið að fá þessu atriði breytt. Ég fyrir mitt leyti álít óskynsamlegt að stytta leyfistímann og mun greiða atkv. gegn því.

Um síðustu brtt. er það að segja, að mér þykir ekkert athugavert við að samþykkja hana, þótt ég hinsvegar telji hana óþarfa. Í frv. er vitanlega notað orðið „má“ í stað skal, af því að um heimildarlög er að ræða og því ekki fyrirfram unnt að segja með vissu, hvort leyfisbréfið nokkurntíma verður útgefið.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 98, n. 175, 191).

Frsm. (Páll Hermannsson): Við fyrri hluta þessarar umr. gerði hv. 4. landsk. nokkrar aths. við brtt. n. Hann gat þess um 1. brtt., að hann sæi enga hættu við það, að félagið hefði frjálsan aðgang að því að eignast land til afnota. En ég fyrir mitt leyti sé enga hættu í því fyrir félagið, þó að íslenzka stjórnin hafi hönd í bagga með því, hvaða land félagið fær til eignar. Hv. 4. landsk. taldi hugsanlegt, að félaginu yrði neitað um land, en það held ég, að sé ekki nema hugsaður möguleiki. Ég tel lítt hugsanlegt, að þjóðfélagið vilji meina félaginu að eignast nauðsynlegt land til afnota, ef það fer vel með störf sín hér, sem ekki er ástæða til að efast um fyrirfram. En það væri hugsanlegt, að félagið eignaðist lönd, sem bagalegt væri, að það ætti, ef ekki væri haft eftirlit með því. Það vakti sérstaklega fyrir n., að til öryggis væri rétt, að ríkisstj. hefði alltaf hönd í bagga með landakaupum félagsins, en jafnframt gekk hún út frá því, að félaginu yrði ekki neitað um nauðsynlegt land. Hv. 4. landsk. undraðist það einnig, að n. skuli fara fram á styttingu leyfistímans, en láta sérleyfistímann óátalinn. En svo stendur á því, að n. leit svo á, að 15 ára sérleyfi væri svo mikilsvarðandi fyrir félagið, að ekki mætti við því hrófla, en að öðru leyti áleit n., að ekki væri nú sjáanlegt, að 75 ára leyfistími væri félaginu svo nauðsynlegur, að það hefði nokkur áhrif, þó að styttur yrði. Fyrir n. vakti að sameina það tvennt, að bregða ekki fæti fyrir þessar merkilegu framkvæmdir, en gefa samt félaginu ekki meiri ívilnanir en þörf gerðist.

Þá benti hv. 4. landsk. á, að orðalag 11. gr. frv. væri eðlilegra óbreytt, af því að þetta væru heimildarlög. Þar segir svo: „Ákveða **má í leyfinu**“ o. s. frv. En t. d. í 3. gr. stendur: „Atvmrh. **skal** heimilt“ o. s. frv., — og eins er það í 5. og 6. gr. frv. Þar er líka notað orðið skal. Yfirleitt er komizt mjög ákveðið að orði, þegar talað er um réttindi leyfishafa, en þarna í 11. gr., þar sem ákvæði er um skyldur leyfishafa, er orðalagið vægara. N. sá enga ástæðu til þess að láta ekki sama orðalagið gilda, hvort sem talað er um réttindi eða skyldur leyfishafa, og því bar hún fram brtt. við orðalag 11. gr. Ég get þess, viðvíkjandi brtt. hv. 4. landsk., að ég tel, að það, sem vakti fyrir n., náist eins þó að hún verði samþykkt, nefnilega það, að alltaf verði haft gott eftirlit með landakaupum félagsins.

Ég get því í raun og veru gengið inn á brtt. hv. 4. landsk., þótt ég hinsvegar álíti hennar ekki þörf.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Því miður gat ég ekki hlustað á byrjun þessarar umr., og heyrði því ekki rök hv. frsm. n. fyrir brtt. n. En ég ætlaði einkum að gera aths. við 3. brtt. n., sem fer fram á að stytta leyfistímann úr þeim 75 árum, sem frv. fer fram á, niður í 50. Ég lít svo á, að það væri mjög æskilegt að koma þessum samgöngum á, og þar sem við mál þetta eru riðnir þeir menn meðal Vestur-Íslendinga, sem við höfum ástæðu til þess að bera einna mest traust til, fellur að mestu leyti í burt sú ástæða til tortryggni, sem við annars þurfum að hafa gagnvart erlendum atvinnufyrirtækjum, sem hér sækja um sérleyfi. En eftir upplýsingum, er ég hefi fengið, verð ég að álíta, að þessi stytting leyfistímans gæti orðið Þrándur í Götu félagsins. Ég vildi því mælast til þess við hv. n. að falla frá þessari brtt., og ef það getur ekki gengið, þá vil ég skjóta því til hv. d., hvort hún muni ekki sjá sér fært að halda þeim leyfistíma, sem upphaflega var ákveðinn, 75 árum.

Halldór Steinsson: Ég skil ekki, hvernig það getur orðið hæstv. ráðh. þyrnir í augum, að leyfistíminn sé styttur eins og n. fer fram á, og hvernig það ætti að geta orðið Þrándur í Götu félagsins. Fulltrúi félagsins, sem hér er staddur, hefir ekki bent á neitt, sem gæfi tilefni til að álíta, að félagið gæti ekki jafnt byrjað á framkvæmdum, þó að leyfistíminn yrði styttur þetta. Ég get ekki séð, að hér sé um neina tortryggni að ræða, þó að farið sé fram á þessa styttingu. Fyrir n. vakti ekkert annað en að tryggja rétt landsins, því að þegar um mikilsvarðandi sérleyfi er að ræða, þá er það skylda Alþ. að vera á verði fyrir landsins hönd og sjá um, að engin hætta geti af þessu stafað, eða verði landinu á nokkurn hátt til baga. Svo framarlega sem þetta fyrirtæki kemst á laggirnar og sýnir sig vera landinu til gagns, þá er held ég hægurinn hjá með að framlengja sérleyfi félagsins að 50 árum liðnum. En sé eitthvað athugavert við atvinnureksturinn, þá er gott, að þing og stjórn geti tekið í taumana, áður en allt of langt um líður, og gert sínar varúðarráðstafanir. Ég get þess, að þótt ég skrifaði undir nál. fyrirvaralaust, hefði ég óskað nokkrum öðrum atriðum dálítið breytt, en þau voru þó ekki svo mikilvæg, að ég vildi gera ágreining út af þeim. T. d. álít ég, að síðasta málsl. 2. gr. frv., sem byrjar á orðunum: „Á stöð þessari" o. s. frv., hefði alveg mátt sleppa. Ég held, að það sé hreinasti óþarfi að gefa landssímastjóra það vald að leyfa eða banna skeytasendingar um veðurfregnir eða annað viðvíkjandi fluginu. Sömuleiðis þykir mér hundraðstalan af fargjöldunum, 5% af brúttófargjöldum, vera fulllágt ákveðið, og því frekar, sem það er aðeins af flutningsgjaldi héðan; það mætti gjarnan vera einnig af flutningsgjöldum hingað. En ég legg ekki svo mikið upp úr þessu, að ég vildi gera það að ágreiningsatriði í n., en aftur á móti legg ég talsverða áherzlu á það, að leyfistíminn verði styttur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er öðru nær en að ég ætli að fara að stofna til deilu við hv. þm. Snæf. út af þessu máli, og það þeim mun síður, þar sem ég er alveg sammála þeim almennu aths. hans um sérleyfis- og réttindabeiðnir erlendra fyrirtækja. En ef þessi beiðni ameríska flugfélagsins er borin saman við ýmsar beiðnir, sem borizt hafa Alþ. á undanförnum árum frá erlendum atvinnufyrirtækjum, þá sjáum við fljótt muninn. Og hann er fyrst og fremst sá, að við erum um það eitt beðnir, sem skiptir litlu máli fyrir okkur, en mikið í aðra hönd. Flest önnur félög, sem hafa farið fram á að hafa hér atvinnurekstur, hafa krafizt miklu meira og látið miklu minna í aðra hönd. Og auk þess ber ég fyllsta traust til þeirra manna, sem hér hafa komið fram af hendi stofnunarinnar. Ég er sem sagt alveg sammála hinum almennu aths. hv. þm. Snæf., en vil vegna hinnar sérstöku aðstöðu halda því fast fram, að leyfið verði veitt til 75 ára. Vitanlega þarf félagið mikið fé til að byrja þetta fyrirtæki, og ég tel víst, að öflun þessi gæti gengið ólíkt betur, ef það gæti sýnt fram á, að það hefði hér þá aðstöðu, sem 75 ára leyfistími mundi veita því.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. þm. Snæf. tók í rauninni alveg af mér ómakið með að svara hæstv. forsrh. — Hann lýsti alveg rétt, hvað vakti fyrir n. með þessari breyt. Það var ekki tortryggni, heldur varúð. Við erum hér að gera ráðstafanir fyrir ókomna tímann, sem enginn veit, hvað kann að bera í skauti sínu. Og þó að við treystum vel þeim ágætu Íslendingum, sem hafa flutt mál þetta fyrir félagsins hönd, þá ber okkur skylda til að gera varlegar ráðstafanir fyrir framtíðina, þar sem hvorki þeirra né okkar nýtur við. Hæstv. ráðh. benti á, að þetta félag færi ekki fram á mikil réttindi sér til handa. Það má vera, að svo sé ekki í samanburði við önnur félög, sem sótt hafa um leyfi svipaðs eðlis. En mér finnst það hreint ekki svo lítið, sem þetta félag fer fram á. Bæði er það undanþegið almennum gjöldum til ríkissjóðs og sveitar, og auk þess gefinn einkaréttur á þessum atvinnurekstri hér um langt árabil.

Jón Baldvinsson: Mér finnst eins og hæstv. atvmrh., að nokkru öðru máli sé að gegna um þessa leyfisbeiðni en ýms-

ar aðrar, sem fram hafa komið. Þótt sjálfsagt sé að gæta fullrar varúðar í þessum efnum, þá er líka til önnur hlið á þessum málum. Það er t. d. almennt viðurkennt, að eitt bann, sem sett hefir verið við atvinnurekstri erlendra manna hér á landi, sé ein aðalorsökin í því, að heill landsfjórðungur virðist nú helzt ætla alveg að leggjast í auðn. Og ég þykist þess fullvís, að a.m.k. hv. 2. þm. N.-M. viti, hvað ég er að fara. Það er fiskiveiðalöggjöfin frá 1921, sem er orsök í því, að atvinnurekstur á Austfjörðum liggur nú allur í kaldakoli og sveitum þar liggur við auðn. Þar var atvinna fólks í stórum stíl bundin við erlenda útgerð, og þegar tók fyrir hana, var engin íslenzk útgerð tilsvarandi öflug, og afleiðingin er vandræði heilla héraða. Ég álít, að sjálfsagt sé að tryggja vel hagsmuni okkar gagnvart slíkum félögum, en eins og þegar hefir verið tekið fram í umr., hefir þetta félag nokkra sérstöðu. Mannaráð hjá þessu félagi hér yrðu aðeins fáir sérfræðingar í flugmálum og nokkrir starfsmenn, svo ekki þarf að óttast nokkra samkeppni við íslenzkt verkafólk. Og allir munu sammála um það gagn, sem af þessum framkvæmdum mundi stafa; ég persónulega teldi það ómetanlegt gagn fyrir okkur, ef hugsjónir um daglegar flugferðir heimsálfanna á milli yfir Ísland kæmust í framkvæmd. Og ég sé engin varhugaverð atriði í frv., nema ef vera skyldi ákvæðið um það, að félagið geti haldið þessu leyfi í 4 ár án þess að byrja á nokkrum framkvæmdum. Ég mun því greiða frv. atkv. mitt, en um hinar einstöku brtt. mun atkv. mitt sýna afstöðuna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 191 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 175,1, svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 175,3 felld með 7:7 atkv.

7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 175,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með öllum (14) atkv.

9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 175,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 208).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 208).

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 208, n. 224).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta hefir orðið fyrir lítilsháttar breyt. í hv. Ed., sem eru þó að mestu aðeins formsatriði. Telur samgmn. breyt. þessar fremur til bóta og frv. aðgengilegra eftir en áður. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Af því að ætla má, að frv. þetta verði bráðlega að lögum, þykir mér við eiga að minnast á annað frv., að efni skylt, sem komið er fram í þessari hv. deild og lýtur að því að fella úr gildi lög um stofnun flugmálasjóðs Íslands. Finnst mér því tímabært að geta þess, að síðustu dagana hafa tekizt undirbúningssamningar með Flugfélagi Íslands og hinu vestræna félagi um kaup á flugvélum þeim, sem hér hafa notaðar verið, og öðrum eignum félagsins. Eru því líkur góðar til þess, að Transamerican Airlines Corporation taki að sér að reka flugvélar þær, sem hér

hafa verið að undanförnu, halda uppi flugferðum jafnvel á sumri komandi um landið, ásamt síldarleit eða veiðiflugi. En vestræna félagið hefir tilskilið, ef til framkvæmda komi, að flugmálasjóðsgjaldið haldist svo sem l. frá 1930 mæla fyrir og verði til innlenda flugsins varið.

Flugfélag Íslands hefir, svo sem kunnugt er, orðið að hætta stórfum vegna fjárskorts og skuldasöfnunar, og má því telja tilboð vestræna félagsins mjög hagfellt, enda skilyrði þess mjög aðgengileg, bæði vegna flugvélakaupanna, sem losað getur innlenda félagið við eldri skuldir, sem og vegna framhalds þess á flugferðum innanlands, sem ella hefðu á þessu ári fallið niður.

Af framantöldum ástæðum virðist mér því, að um leið og vestræna félagið fær lögfestan rétt sinn hér til millilandaflugs, þá verði jafnframt sú ákvörðun tekin, að afgr. ekki að svo stöddu frv. um afnám laga um stofnun flugmálasjóðs frá 1930.

Annars finn ég ástæðu til að benda á það, að flugferðir hér til síldarleitar hafa vakið allmikla eftirtekt í nágrannalöndum vorum, t. d. við norðanverðan Noreg. Hafa þar verið teknar upp sviplíkar aðferðir um leitun síldar og hér hafa tíðkazt með flugvélum undanfarin sumur, og síldarleitin íslenzka þannig að fyrirmynd tekin. Er ekki nema gott til þess að vita, að Íslendingar hafa orðið brautryðjendur á þessu sviði, og finnst mér því síður en ella ástæða til að láta þessar tilraunir falla niður, þegar tækifæri býðst eins og nú til að halda þeim áfram án aukinna erfiðleika eða fjárfórna.

Að svo mæltu ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að vænta eftir góðum undirtektum við þetta mál og að frv. verði nú þegar að lögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

21. Þingsköp Alþingis.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 39).

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Frv. þetta lá alveg óbreytt fyrir síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Ég hefi flutt það samkv. ósk fjölda iðnaðarmanna hér í bænum. Frv. byggist á þeim rökum, að talið er, að um ⅕ þjóðarinnar lifi á iðnaði, og er óskandi, að sá hluti þjóðarinnar fari vaxandi. Þessi atvinnugrein á fulla kröfu til þess, að málefnum hennar verði álíka mikill gaumur gefinn á Alþingi eins og landbúnaði og sjávarútvegi.

Það má að sjálfsögðu um það deila, í hvaða mál á að skipa fastar nefndir, en naumast á nokkur önnur atvinnugrein meiri rétt til þess að hafa sérstaka nefnd á Alþingi en iðnaðurinn af þeim atvinnugreinum, sem ekki hafa þegar fastar nefndir. Þá er það önnur ástæða með þessu frv., að allt of mörgum og fjölþættum málum er vísað til allshn. En ef einstakir flokkar þeirra mála fá sérstakar n., þá verður ríflegri sá tími, sem allshn. hefir til þess að fjalla um sín hlutverk. Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, 84, n. 94).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Þetta mál er einfalt og krefst ekki langrar framsögu, enda hefir allshn. fallizt á það einum rómi. Sem betur fer, er iðnaður að aukast hér í landi, og er nú orðinn þriðji stærsti atvinnuvegurinn, næst á eftir landbúnaði og sjávarútvegi. Er full ástæða til að vona, að þessi atvinnuvegur eigi eftir að eflast og aukast, þar sem aðflutningur af iðnaðarvörum, sem fram-

leiða má í landinu sjálfu, nemur stórfé árlega, einkum af margskonar smíðismunum: hurðum, gluggum, að ógleymdum öllum þeim húsgögnum, sem eru flutt inn í landið, en allt mætti vinna hér. Þess er líka að gæta, að talsvert af hráefnum til iðnaðar er í landinu sjálfu: ull, skinn, horn, bein, fiskúrgangur o. m. fl. Nú er og að komast hreyfing á þessi mál. Ríkisstj. hefir skipað mþn. í iðnaðarmálum, og má búast við, að frá henni og öðrum komi ýms frv. um iðnaðarmál á næstunni, og verði því rétt og nauðsynlegt, að sérstök n. hafi þau til athugunar.

Ég skal geta þess um breyt. á þskj. 84, um skipun sérstakrar heilbrigðismálanefndar, að n. var búin að skila áliti áður en hún kom fram, og skal ég því ekkert um afstöðu hennar segja. En skipun slíkrar n. er þó ekki, að mínu áliti, jafnaðkallandi og skipun fastrar iðnaðarmálanefndar. Vænti ég þess, að hv. d. taki þessu máli vel.

Vilmundur Jónsson: Ég hefi flutt hér brtt. á þskj. 84 um skipun sérstakrar heilbrigðismálanefndar. Ef allar þær tegundir mála, sem hingað til hafa gengið til allshn., eiga að geta fengið góða afgreiðslu, er tryggilegra að leysa allshn. upp í fleiri nefndir. Fyrir þessu þingi liggja allmörg heilbrigðismál, sem þyrftu, ef vel ætti að vera, athugunar í sérstakri nefnd, og þegar þess er gætt, að fyrir liggur að endurskoða alla heilbrigðislöggjöf landsins, má búast við fjölda frv. um þessi efni á hinum næstu þingum, og fengi því slík heilbrigðismálanefnd nóg að starfa.

ATKVGR.

Brtt. 84,1 felld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, BSt, BKr, HStef, HG, HV, JörB.

nei: JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PO, BJ, BÁ, EA, GÍ, HJ, IngB.

ÞorlJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, ÁÁ, JJós) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 84,2 tekin aftur.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 39).

Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 227).

Frsm. meiri hl. (Pétur Magnússon): Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að sú breyt. verði gerð á þingsköpum Alþingis, að fastanefndum þingsins verði fjölgað um eina, og á hún að hljóta nafnið „iðnaðarnefnd“. Eins og nafnið bendir til, er henni ætlað að fjalla um þau mál, er snerta iðju og iðnað og afstöðu iðnaðarmanna í landinu. Áður hefir það verið venja, að allshn. hefði slík mál til meðferðar, en hinsvegar er ekki unnt að velja menn í allshn. með tilliti til þessara mála, því að eins og kunnugt er, þá er margvíslegum málaflokkum vísað til allshn., sem eru óskyld þessum.

Þetta frv. var flutt í Nd. af hv. 4. þm. Reykv., eftir því sem hann sagði samkv. óskum fjölda iðnaðarmanna og iðnaðarráðsins í Reykjavík. Iðnaðurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að það sýnist ekki ósanngjarnt, þó að Alþingi sýni þá útlátalausu tillátssemi að verða við þeirri málaleitan, sem felst í þessu frv. Það mundi margur mæla, að þetta væri þó það minnsta, sem þingið gæti gert fyrir iðnaðinn.

Þetta frv. fór ágreiningslaust í gegnum Nd., og held ég, að mér sé óhætt að segja, að þar hafi enginn greitt atkv. á móti því. En allshn. þessarar deildar, sem hafði málið til meðferðar, hefir ekki orðið sammála um það. Ég og hv. 3. landsk. leggj-

um til, að frv. verði samþ., en hv. 2. þm. Eyf. er því mótfallinn, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni.

Einar Árnason: Sum mál eru svo lítilfjörleg, að það tekur því varla að tala um þau og þetta frv. er eitt af þeim. En þó að ég telji þetta frv. nauðaómerkilegt, þá er það ekki af því, að ég telji iðnaðarmálin lítilsvirði, þvert á móti álít ég, að þau hafi ekki einungis fullan rétt til svipaðrar meðferðar og önnur mál í þinginu, heldur tel ég sjálfsagt og nauðsynlegt, að löggjafarvaldið styðji þau eftir megni. — Ég er á móti þessu frv., af því að ég tel, að það komi iðnaðarmálunum ekki að nokkru minnsta haldi. Þetta frv. er einber hégómi. Þegar athuguð eru vinnubrögð þingsins, t. d. hér í Ed., kemur í ljós, að þessi sérstaka iðnaðarnefnd getur ekkert gagn gert. Sú regla hefir gilt um skipun nefnda, að stjórnmálaflokkarnir nota aðstöðu sína og atkvæðamagn í deildinni til þess að koma sínum mönnum sem mest í nefndir. Þegar nefndirnar eru margar, en flokksmenn tiltölulega fáir, sem hægt er að skipa í nefndir, getur farið svo, að meirihlutaflokkur í þessari deild hafi ekki nema 4 menn til þess að skipa í allar nefndir, og í hverja af þessum nefndum verður hann að skipa 2 menn. Samkv. þessu er það aftur augljóst, að sömu mennirnir skiptast í margar n. og þó að hér yrði bætt við sérstakri iðnaðarnefnd, þá hljóta að verða í henni sömu menn eins og t. d. í allshn. En þá sé ég ekki, hvað er unnið með þessu frv. Vitanlegt er, að þessir menn eru jafnvel að sér um þekkingu á málunum, hvort sem þeir eru taldir í iðnaðarnefnd eða allshn. Þó að þetta frv. verði samþ., þá gerir það ekki þingmenn að sérfræðingum í iðnaðarmálum eða öðru. Ég játa hinsvegar, að þetta frv. gerir engan skaða, þó að það verði samþ., en það getur valdið óþægilegri vinnubrögðum, og þess vegna er ástæðulaust að samþ. það. Hitt er ég sannfærður um, að það kemur ekki að minnsta haldi.

Frsm. meiri hl. (Pétur Magnússon): Hv. 2. þm. Eyf. telur þetta frv. lítilfjörlegt og nauðaómerkilegt. Það er að vísu rétt, að þetta er ekkert stórmál, en ég er þó ekki þeirrar skoðunar eins og hann, að það komi iðnaðarmálunum að engu haldi. Ég held, að yfirleitt muni verða hyllzt til að velja í einstakar nefndir þá þingmenn, sem bera bezt skyn á þann flokk mála, sem vísað er til hverrar n. fyrir sig. Og það er til mestra hagsmuna fyrir atvinnuvegina, að þeir menn fjalli um málefni þeirra, sem hafa bezt vit á þeim. Þetta á við iðnaðarmálin engur síður en landbúnaðarmál, sjávarútveg og fleiri málaflokka, sem vísað er til sérstakra n. í þinginu. Ég hygg, að það gæti orðið að liði fyrir iðnaðarmálin, ef sérsttök n. hefði þau til meðferðar, skipuð þeim mönnum, sem bezt skilyrði hafa til þess.

Hv. þm. færði það helzt fram gegn þessu frv., að lítill meirihlutaflokkur í Ed. væri svo störfum hlaðinn og hefði venjulega svo fáum mönnum á að skipa í nefndir, að sömu menn væru í mörgum n. Þetta er að vísu rétt. En hann gætir þess ekki, að verkin aukast ekkert þótt nefndunum fjölgi. Þvert á móti ætti það að verða til verkaléttis, að um hvern málaflokk fjalli þeir menn, sem bezt skilyrði hafa til þess.

Hv. þm. vildi halda því fram, að ætíð mundu verða sömu menn í iðnaðarnefnd og allshn., en ekki þarf það að vera. Og hann getur ekki neitað því, að við kosningu manna í allshn. beggja deilda er ekkert tillit tekið til iðnaðarmála. Þær n. eru kosnar með allt annað fyrir augum. Mál þau, sem til þeirra er vísað, eru svo ólík, að ekki er hægt að miða skipun manna í allshn. við hvert þeirra mála.

Ég sé ekki, að þetta frv. miði að neinu leyti til hins verra fyrir afgreiðslu mála, en held fast við, að það geti orðið til hagsbóta fyrir iðnaðarmálin, ef í iðnaðarnefnd væru á hverjum tíma starfandi þeir menn, sem bezt eru til þess kjörnir.

Einar Árnason: Ég ætla ekki að þrátta um þetta mál við hv. frsm. meiri hl. allshn., enda má ráða það af líkum, þar sem ég tel það litlu skipta, hvort frv. verður samþ. eða ekki. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að það verði samþ., því að menn eru oftast fúsir til þess að rétta upp hendurnar með málum eins og þessu, sem engu skipta. Hv. frsm. var að tala um, að þm. væru valdir í nefndir eftir því,

hvernig þeir væru fallnir til þess að fjalla um þau mál, sem hver n. fær til meðferðar. Það kann að vera, að svo sé, þegar hægt er að koma því við. En það reynist nú svo, að í flestum tilfellum er það ómögulegt, þar sem aðeins er um fáa menn að ræða til nefndastarfa; þá eru örfáir menn skipaðir í allar n., og þeir verða að skipta störfunum á milli sín, án tillits til þess, hvort þeir hafa sérstaka þekkingu á sumum flokkum málanna. Hinsvegar skal ég játa það, að ef samkomulag yrði á milli stjórnmálaflokkanna um að skipa menn í nefndir án tillits til flokksafstöðu, þá gæti þetta gengið. En ég geri nú ráð fyrir, að þm. verði svo hlálegir hér á eftir sem hingað til að kjósa í nefndir eftir flokkum, og þá er alls ekki hægt að skipta mönnum í nefndir þannig, að hver þm. fjalli um þau mál, sem hann kann að hafa einhverja sérþekkingu á. — Annars dettur mér ekki í hug að karpa um þetta frv. Það er of lítilfjörlegt til þess.

Jakob Möller: Ég get ekki verið sammála hv. 2. þm. Eyf. um, að sú iðnaðarnefnd, sem hér er gert ráð fyrir með þessu frv., verði þýðingarlaus. Ég álít, að það hafi talsverða þýðingu fyrir iðnaðarmenn að geta snúið sér með sín mál til ákveðinnar n. í þinginu, mál, sem þeir þurfa að fá framgengt. Nú er fyrirkomulagið í þessum efnum þannig, að iðnaðarmenn hafa fullkominn félagsskap um sín mál, og hafa þeir á þann hátt skilyrði til þess að skipuleggja þau og bera fram, en þá vantar á Alþingi aðila til þess að veita viðtöku þeirra erindum. Verða iðnaðarmenn því að ganga frá einum til annars og róa í hinn og þennan af þingmönnum, í stað þess, að ef skipuð væri sérstök iðnaðarnefnd, þá gætu þeir snúið sér beint til hennar. Þess vegna er ég ekki í vafa um, að slík n. gæti komið að verulegu gagni.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að það eru önnur mál á Alþingi, sem ekki er síður ástæða til, að sérstök n. fjalli um, en það eru verzlunarmálin. Ég álít, að verzlunarstéttin eigi fullan rétt á því; enda er það nú svo, að aðalatvinnuvegir Íslendinga eru landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður og verzlun, og væri eðlilegt, að hver þeirra hefði sérstaka n. í þinginu. En þó gæti komið til mála og farið vel á því, að skipuð yrði ein sameiginleg fastanefnd fyrir iðnaðar- og verzlunarmál, fyrst um sinn. Iðnaðarnefnd hefði ef til vill fremur lítið verkefni, en ef verzlunarmálum væri líka vísað til hennar, þá hefði hún meira að starfa, en jafnframt mundi því létt af öðrum nefndum. Verzlunarmálum hefir hingað til verið vísað til fjhn., en hinsvegar er margt skylt með iðnaðar- og verzlunarmálum, og gætu þau þess vegna verið í sömu n. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. til 3. umr., og vil ég því beina því til hv. allshn. að athuga til 3. umr., hvort hún geti ekki fallizt á að víkka starfssvið iðnaðarnefndar þannig, að hún fái verzlunarmál til meðferðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

---

22. Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli Íslands.

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands (þmfrv., A. 33).
Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég ætla, að ég hafi gert næga grein fyrir nauðsyn þessa frv. í grg. þeirri, sem því fylgir, og get því verið fáorður, er ég fylgi því nú úr hlaði. Þó að hér sé ekki um stjfrv. að ræða, er það flutt með stj. vitund, og geri ég ráð fyrir, að hún fallist

á það í öllum höfuðatriðum. Það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, er raunar þegar komið á, og hefir stj. viðurkennt það með fjárlagafrv. því, sem hún hefir lagt fyrir þingið. Þar er ljósmæðraskólinn sem sé strikaður út á sínum stað, en færður yfir á landsspítalann og honum aftur ætlaðar 4000 kr. til þess að halda þeirri kennslu uppi, er frv. ræðir um. Sú upphæð er þó 1000 kr. lægri en lagt er til í þessu frv., að ríkið leggi til skólans. Að vísu er þetta áætlunarupphæð og skiptir litlu máli, hvort hún er höfð þúsundinu hærri eða lægri. Ríkið verður að borga þann kostnað, sem af skólahaldinu leiðir, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis, sem aukinn rekstrarhalla spítalans. Og er vikið að þessu í grg. frv.

Annars vil ég benda á, að hæstv. stj. hefir við samningu fjárlagafrv. gleymt að taka upp námsstyrk til ljósmæðranna. Undanfarið hefir ljósmæðranemendum ávallt verið veittur nokkur styrkur, eða sem svarað hefir fæðispeningum yfir námstímann, og held ég, að hann hafi numið upp á síðkastið 60 kr. á mánuði. Með frv. þessu er ætlazt til, að námstíminn verði lengdur allverulega, og má því styrkur þessi hvorki falla niður né lækka. Nú á tímum þarf að fá það fólk í þessi störf, sem gera verður miklar kröfur til. Þar sem ekki er fyrir miklum launum að gangast að loknu námi, má ekki minna vera en námskjörin séu fremur aðlaðandi. Þess vegna vil ég beina því til hv. fjvn., að hún taki til athugunar, að þennan styrk má með engu móti fella niður, heldur verður að hækka hann í hlutfalli við lengingu námstímans.

Fleira þykist ég ekki þurfa að taka fram, en vona, að frv. fái að ganga til 2. umr., og geri að till. minni, að því verði vísað til hv. allshn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hafði haldið, að allur styrkur til ljósmæðrakennslunnar væri fólginn í þeim 4000 kr., sem landsspítalanum eru ætlaðar í þessu skyni í fjárlagafrv., enda er sú upphæð miðuð við það, sem kennslan hefir kostað áður. Í þessu frv. er sá kostnaður áætlaður eitt þús. kr. hærra en verið hefir, og kemur mér því á óvart, ef skólinn með nýju og að því er virðist ódýrara fyrirkomulagi á að kosta meira en áður að viðbættum styrk til nemendanna. Annars vænti ég, að hv. n. athugi þetta vel og vandlega.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Hæstv. fjmrh. hefir ekki áttað sig á því, að hér er um meira að ræða en ljósmæðrafræðsluna eina. Hér eiga tveir skólar hlut að máli: ljósmæðraskóli og hjúkrunarkvennaskóli, en áður hafa hjúkrunarnemar orðið að sækja fræðslu sína út úr landinu. Auk þess fer hæstv. ráðh. vilt um kostnaðinn undanfarið af ljósmæðrakennslunni. Árið 1929 nam hann nærri 12 þús. kr., og að færa þann kostnað nú niður í 4 þús. kr. fyrir tvo skóla í stað eins áður, getur ekki náð neinni átt. Kostnaðurinn hlýtur vitanlega að verða meiri eftir því sem fræðslan verður víðtækari og fullkomnari. Að vísu má segja, að kostnað þennan sé auðvelt að færa til og láta landsspítalann greiða hann, en það er óviðeigandi og villandi.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hafði talið, að landsspítalanum yrði lítill aukinn kostnaður af því að taka að sér þessa tvo skóla, vegna þess að hann fær vinnu nemendanna, sem færa mætti honum til tekna og reikna upp í kostnaðinn að öðru leyti. Á þennan hátt getur hinn raunverulegi kostnaður við skólahaldið ekki orðið mikill. Með þetta fyrir augum bætti ég sérstökum lið til kennslunnar inn í kostnaðaráætlun landsspítalans, og ætlaðist til, að 4000 kr. nægði. En annars mun ég ræða nánar um þetta við þá hv. n., sem málið fær til athugunar.

Lárus Helgason: Ég vil beina til hv. n., sem málið fær, að athuga vel, hvort verða muni til nokkurra bóta, að stúlkur þær, sem gefa sig til að nema þessi fræði, þurfi til þess heilt ár, í stað 9 mánaða eins og tíðkazt hefir.

Svo getur víða staðið á, að stúlka eigi hægt um vik að vera að heiman í nokkra mánuði, en alls ekki árlangt. Af þessu er hugsanlegur sá möguleiki, að lélegar stúlkur veljist til starfsins, sem minna gerir heimilum til, þó að í burtu séu árlangt. Eins og fólksekla er nú í sveitum, mega heimilin ekki við, að góðar stúlk-

ur séu að heiman yfir aðalbjargræðistímann.

Frá mínu sjónarmiði séð held ég, að varhugavert sé að binda námið við eitt ár, og mun því leggja til að hafa það eins og verið hefir hingað til. Ég hefi heldur ekki orðið annars var en að störf ljósmæðra hafi yfirleitt farið sæmilega, þó að námstími þeirra hafi ekki verið nema 9 mánuðir. Annars skildist mér af ræðu hv. flm., að lenging námstímans væri ekki síður gerð fyrir spítalann og þann hagnað, sem hann hefir af því, en að ljósmæðurnar lærðu ekki á 9 mánuðum það, sem þær þurfa að læra í þessum fræðum.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. flm., hvort það sé ætlazt til með frv. þessu, að landlæknir hætti að kenna ljósmæðranemum, því að eins og kunnugt er hefir landlæknir haft þá kennslu með höndum áður. Mig langar að heyra, hvað hv. flm. ætlast fyrir um þetta.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég ætla að byrja með að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Skagf.

Það stendur berum orðum í frv., að yfirlæknir fæðingardeildar landsspítalans verði aðalkennari ljósmæðraefnanna, og í grg. frv. eru færð rök fyrir því, að betur fari á að fela honum þau störf en landlækni. Að vísu sparast ekki fé á þessu, því að yfirlæknir þarf kaup eins og landlæknir, og kaup hans þarf jafnvel að hækka úr því, sem landlæknir hafði, ef skólinn verður lengdur. En það tel ég sjálfsagt að gera. Um styttri námstíma en eitt ár getur ekki verið að ræða, hvorki vegna nemendanna né spítalans. Væri raunar full ástæða til að hafa námstímann lengri hér en annarsstaðar, af því að hér eru margfalt færri verkefni af að læra á sama tíma en kostur er á í öðrum löndum.

Viðvíkjandi því, að svo geti farið, að stúlkur sjái sér ekki fært að fara að heiman til náms um svo langan tíma sem frv. gerir ráð fyrir, þá held ég, að svo sé um búið með frv., að til þess þurfi ekki að koma. Nemendunum eru ætluð það góð kjör. Ég ætla, að þær verði betur settar en áður með styrknum eingöngu, er þær verða vistaðar á landsspítalanum og hafa þar ekki eingöngu styrk fyrir fæðinu, heldur allt, sem þær þurfa. Og eru það betri kjör en nokkrum öðrum nemendum eru boðin. Ég held því, að það þurfi aldrei að verða vandkvæðum bundið að fá hæfar stúlkur til þess að læra þessi fræði, þar sem um jafnmikinn fjárhagslegan stuðning er að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 82).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): N. hefir orðið ásátt um að mæla með þessu frv. Þó hafa tveir af nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, og munu þeir gera grein fyrir honum.

Eina breytingin, sem n. leggur til, að gerð sé á frv., er sú, að framlag ríkisins til skólans sé fært úr 5000 kr. niður í 4000 kr. Þetta er gert í samráði við flm. frv., sem álítur, að komið geti til mála, að hægt sé að komast af með þessa upphæð.

Ég vil geta þess, að það er vilji okkar nm., að það fyrirkomulag komist á þennan skóla, að starfsmenn landsspítalans kenni við hann án aukaþóknunar, — að það starf falli inn í embætti þeirra. En ég held, að eins og sakir standa nú, sé ekki hægt að koma þessu við. Það er búið að setja menn í þessi embætti án þeirrar kvaðar að kenna við ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólann. En ég tel sjálfsagt, að þegar aðrir menn taka við embættunum, séu kennslustörfin látin fylgja þeim. Ég held, að það sé ekki rétt braut að láta fylgja hæstlaunuðu embættum ríkisins ýms aukastörf með sérstakri aukaþóknun, sem ættu að tilheyra embættinu.

Þar sem ákveðið er í þessu frv., að l. um ljósmæðraskóla frá 1924 falli niður, hefir n. jafnframt flutt sérstakt frv. um að flytja eina gr. úr þeim lögum yfir í önnur lög. N. telur þessa gr. ekki eiga að falla niður, en kann hinsvegar ekki við að láta hana standa eina eftir.

Einar Arnórsson: Hv. frsm. hefir raunar talað um það atriði, sem fyrirvari okkar tveggja nefndarm. stafar af.

Það kann að vera, að ráðning yfirlækna landsspítalans sé þannig úr garði gerð, að ekki sé hægt að skylda þá til þess að bæta á sig kennslustörfum þeim, sem hér er um að ræða, en ég bjóst við, að það yrði auðgert að fá mann, sem fær 14000 kr. í laun fyrir störf sín við landsspítalann og háskólann, til að bæta þessu lítilræði við sig. Vil ég beina þeim ummælum til hæstv. stj., að hún ætti a. m. k. að leita eftir, hvort hann væri ekki fáanlegur til þess. Einnig þætti mér líklegt, að landlæknir væri fáanlegur að taka þetta að sér fyrir litla eða enga aukaborgun, þar sem sagt er, að hann sé orðinn eftirlitsmaður við landsspítalann fyrir 3000 kr. laun.

Vilmundur Jónsson: Ég vil láta það heyrast í hinni hv. deild, að ég tel það mjög óeðlilega kvöð á landsspítalanum, ef hann ætti að sjá um kennslu hjúkrunarkvenna og ljósmæðra fyrir allt landið á sinn kostnað. Enda hefir það enga þýðingu fyrir ríkissjóð að skylda hann til þess, því að kostnaðurinn hlýtur samt sem áður að koma niður á ríkissjóði í auknum rekstrarhalla. Hitt getur aldrei komið til mála, að jafna þeim kostnaði niður á sjúklinga spítalans með hækkuðum daggjöldum. Ef samið væri um það við yfirlækna landsspítalans, þegar þeir eru ráðnir, að þeir tækju að sér að kenna við ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólann án sérstakrar aukaþóknunar, væri eflaust hægt að koma því til vegar. En eftir að þeir eru fullráðnir og kjör þeirra ákveðin, er engin leið að koma því í kring. Enda skiptir þetta engu máli. Má á sama standa, hvort greitt er fyrir þessa vinnu aukalega eða hin föstu laun þessara manna eru með samningi ákveðin hærri með tilliti til hennar, sem alltaf má gera ráð fyrir að þurfi. Kostnaðurinn á aðeins ekki að lenda á landsspítalanum.

Annars býst ég við, að það verði svo, eftir reynslu annarsstaðar, að þó yfirlæknar landsspítalans heiti aðalkennarar við ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólann, þá muni þó kennslan þegar fram í sækir lenda mest á aðstoðarlæknum spítalans, og munu þeir seint verða svo hálaunaðir, að sanngjarnt sé að láta þá vinna aukastörf fyrir ekki neitt.

Lárus Helgason: Ég gat um það við 1. umr., að ég tel óheppilegt að hafa námstíma ljósmæðranna heilt ár; færði ég þá ástæður fyrir því, og mun ég koma með brtt. við 3. umr. þessu viðvíkjandi; mun ég þá gera nánari grein fyrir skoðun minni á málinu.

Pétur Ottesen: Eins og talað hefir verið um, er í frv. þessu að vísu gert ráð fyrir, að þeir, sem hafa yfirstjórn í deildum landsspítalans á hendi, annist kennslu ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, en þeim er ætlað að fá fyrir það sérstaka borgun. Mér finnst satt að segja, ef þetta er samþ., að þá felist í því viðurkenning á því, sem nú virðist vera farið mjög að tíðkast, að hæstlaunuðu starfsmenn ríkisins, sem hafa föst laun, sem miðuð eru við, að þeir leggi í starfið fram alla krafta sína, fái þar fyrir utan sérstaka aukaborgun fyrir hvert handtak, sem þeir vinna í þágu þjóðarinnar. Það má benda á margt þessu til sönnunar. Og mér finnst, að ef þingið samþykkir þetta frv. eins og það liggur nú fyrir, þá samþykki það þar með, að svona skuli þetta vera.

Það getur verið, að slíkan samning sé búið að gera við núv. yfirlækna landsspítalans, að ekki sé hægt að skylda þá til að annast þessa kennslu án borgunar.

Þegar litið er á það, hvaða laun þessir menn fá fyrir störf sín, þá finnst mér það sanngirniskrafa, að þeir inni þetta starf af hendi án þess að þiggja fyrir það sérstök laun. Að því er ég hygg, hefir hvor þessara manna um 14 þús. kr. árslaun, en eru hinsvegar ekki svo bundnir störfum sínum, að þeir gætu ekki auðveldlega innt þetta af hendi. Virðist því ekki nema sanngjarnt, að gengið sé út frá því í þessari löggjöf, að þessi störf verði unnin án sérstaks endurgjalds. Landlæknirinn hefir undanfarið haft þessa kennslu með höndum og fengið lítilsháttar þóknun fyrir, eða um eitt þús. kr. En nú virðist vera frá því horfið að láta hann annast þetta. Hinsvegar bendir ýmislegt í þá átt, að landlæknisstörfunum sé nú svo háttað, að hann geti sem

bezt innt fleira af hendi, því að sagt er, að núv. landlæknir hafi með höndum ýmiskonar störf og að hann fái drjúga aukaborgun fyrir þau. Mér hefði fundizt talsvert eðlilegra, að landlæknir hefði gegnt áfram þeim störfum, sem hann hefir haft.

Ég skal ekkert um það segja, hvort heppilegra sé, að læknirinn hafi þetta með höndum, þegar það hefir verið flutt yfir á spítalann, en hinsvegar vildi ég mega líta svo á, að það væri ekki ósanngirni af hálfu Alþingis, þótt það ætlaðist til þess, að starfið yrði unnið án sérstakrar launagreiðslu. Það mun einnig hafa verið tilætlun allshn. eða meiri hl. hennar, að ef ekki væru sérstakir samningar því til fyrirstöðu, þá yrðu þessi störf innt af hendi af læknum landsspítalans án sérstakrar borgunar. Ég vil því bera það traust til þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, að þeir finni sér það skylt, og ekki sízt á þeim alvöru- og örðugleikatímum, sem nú eru, að inna þessi störf af hendi án sérstakrar borgunar og viðurkenni þar með, að vel sé að þeim búið af hálfu ríkisins.

Hvað snertir formið á því, hvernig ákveða skuli greiðsluna fyrir þetta starf, þar sem gert er ráð fyrir því, að þóknunin verði ákveðin í reglugerð, þá finnst mér það út af fyrir sig varhugavert og alls ekki rétt, að Alþingi afsali sér á þann hátt ákvörðunarréttinum um það, hversu hátt þetta gjald skal vera. Ef til kæmi með þessa þóknun, væri að sjálfsögðu réttast að ákveða í lögunum sjálfa upphæðina.

Hv. þm. V.-Sk. benti á það fyrir nokkru, að með lengingu námstíma yfirsetukvenna eins og gert er ráð fyrir í frv., væri þeim fyrirmunað að leita sér nokkurrar atvinnu meðan á námstímanum stæði, en það geta þær samkv. núgildandi lögum, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að námstíminn sé nema 9 mánuðir, og geta þær því aflað sér nokkurra tekna yfir sumartímann. Þótt það standi í greinargerð þessa frv., að breytingin valdi ekki fjárhagslegu tapi fyrir þær konur, sem stunda nám á yfirsetukvennaskólum, þá er það vitanlega rangt, þegar það er athugað, að þeim er fyrirmunað að nota sumarmánuðina til þess að afla sér tekna á sama hátt og þær nú gera. Ég er ekki bær að leggja dóm á það, hvort nauðsynlegt sé að lengja námstíma þessara kvenna, en mér finnst það yfirleitt vera svo, að á þessum 9 mánaða námstíma hafi yfirsetukonuefni átt kost á að afla sér nauðsynlegrar menntunar í sinni grein, og að því er ég bezt veit, hefir þeim farnazt vel í starfi sínu með þeirri þekkingu. Nýlega birtist blaðagrein eftir eina af merkustu ljósmæðrum landsins, þar sem skýrt er frá því, að samanborið við önnur lönd hafi ísl. ljósmæðrum farnazt störf sín ágætavel og rækt þau með sóma og skyldurækni.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég er hv. þm. Borgf. algerlega sammála um það, að menn, sem eru í bezt launuðu embættum landsins, þiggi ekki sérstök laun fyrir hvert aukastarf, sem þeir vinna. Og þetta tók ég skýrt fram í framsöguræðu minni. Það var því ekki rétt ályktað hjá hv. þm., að með því að samþ. þetta eins og það nú liggur fyrir, væri viðurkenning Alþ. gefin fyrir því, að þannig ætti þessu að vera fyrir komið. Það, sem okkur gekk til, var það, að okkur þótti Alþ. bresta heimild til þess að leggja þessa kvöð á þá menn, sem nú sitja í embættunum. En hinsvegar skal ég taka undir það með hv. þm., að ég álít æskilegt, að stj. leitist við að ná slíkum samningum við þessa menn, að þeir geri þetta án sérstakrar greiðslu. En eins og landlæknirinn, hv. þm. Ísaf., tók fram, hygg ég, að erfitt sé að semja við þessa menn, þar sem ekki er nema úr hópi fárra manna að velja, sem hafa þessa sérþekkingu. Þess vegna mun ekki vera gott að setja þeim mjög stólinn fyrir dyrnar, og því réttast að semja við þá í hverju einstöku tilfelli.

Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um lengingu námstíma yfirsetukvenna, skal ég, eins og hv. þm. Borgf., viðurkenna það, að ég er ekki dómbær um það efni. En hinsvegar vil ég benda á það, að þessi námstími ætti ekki að verða þeim til neinna örðugleika fram yfir það, sem áður hefir verið, þar sem laun þeirra hafa ekki alls fyrir löngu verið hækkuð til muna, og með það fyrir augum, að starfið er ábyrgðarmikið, og því einnig æskilegt, að til undirbúningsins sé vandað sem bezt. Annars finnst mér, að í þessu

atriði verði mest að byggja á dómi landlæknis og heilbrigðisstjórnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, LH, MJ, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, EA, HJ, HV, JörB.

nei: MG, PO.

ÓTh, GÍ greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (JJós, JAJ, JónasÞ, TrÞ, HStef, HG, IngB) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 82 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 110, 115, 119).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 115 og 119. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Lárus Helgason: Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því, að ég teldi óheppilegt að hafa það fastbundið, að ljósmæðraefni gætu ekki komizt í þennan skóla nema vera eitt ár, og fyrir því hefi ég borið fram brtt. á þskj. 115, sem fer fram á að gefa efnilegum stúlkum kost á að ljúka náminu á 9 mán., ef sveitarstjórn óskar og héraðslæknir mælir með því. Ég get nefnil. vel búizt við, að það geti komið fyrir, að sveitarstjórnir vilji fá eina stúlku frekar en aðra til þess að nema þessi fræði, en þar sem víða hagar svo til í sveitum, að mjög fátt er um stúlkur, þá má vel vera, að hægt verði fyrir sveitarstjórnirnar að fá þá æskilegustu til námsins, ef námstíminn er ekki nema 9 mán., því að fjöldi stúlkna hefir ekki ráð á að missa sumarmánuðina frá því að vinna heima. Hér gæti því vel komið fyrir, að sveitirnar misstu af góðum ljósmæðraefnum fyrir þessar sakir. Er því betra, að þessi leið sé til; a. m. k. getur hún engu spillt. Vænti ég því, að brtt. mín fái góðan byr í deildinni.

Pétur Ottesen: Það var talsvert um það rætt við 2. umr. þessa máls hér í d., að eðlilegast væri, þar sem skóli þessi á að vera í sambandi við landsspítalann, að yfirlæknarnir hefðu kennsluna ókeypis á hendi, þar sem líka tveir þeirra eru á tvöföldum launum fyrir, hafa a. m. k. 14 þús. kr. hvor í árslaun. Þetta álit kom líka greinilega fram hjá n., sem frv. hafði til meðferðar, en sökum þess, að ekkert er tekið fram um kennslu þessa í ráðningarsamningi þeirra, þá þótti henni þó viðurhlutamikið að leggja þeim þessa skyldu á herðar án sérstaks endurgjalds, en taldi alveg sjálfsagt að gera það, ef ekkert sérstakt væri því til fyrirstöðu.

Ég hefi nú þrátt fyrir það, þó svo kunni að vera hagað samningum við læknana, að það sé ekki sérstaklega tekið fram, að þessi kennsla sé hluti af starfi þeirra, borið fram brtt. á þskj. 119, sem beinlínis ákveður þetta, því að ég geng út frá því sem sjálfsögðu, að svo fremi sem heilbrigðisstj. fer fram á það við þessa lækna, sem svo vel er að búið, þá skorist þeir ekki undan að hafa kennslu þessa á hendi án sérstakrar aukaþóknunar.

Brtt. mín við 1. gr. frv. hljóðar svo: „og skal yfirlæknum spítalans skylt að annast kennsluna án sérstakrar aukaþóknunar, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisstj.“. Með niðurlagi hennar á ég við það, að heilbrigðisstj. geti kveðið á um, hvernig kennslunni skuli skipt á milli læknanna.

Brtt. mín við 7. gr. fer aftur fram á, að 5. liður gr., sem ræðir um þóknun til kennaranna, falli niður, og ég held, að hún raski ekki að öðru leyti neinu um gerð frv.

Ég vænti nú, að hv. dm. samþ. brtt. þessar, m. a. með till. til þess, að nú sé a. m. k. kominn tími til þess að taka til athugunar, hvort ríkið eigi ekki að hafa óskerta starfskrafta hinna hæstlaunuðu embættismanna sinna, ekki síður en annara, og þurfi því ekki að greiða þeim sérstaklega fyrir nær hvað eina, sem þeir gera.

Vilmundur Jónsson: Um brtt. hv. þm. V.-Sk. er það að segja, að hún er ekki beinlínis skaðleg, en með öllu óþörf, því aldrei myndi verða sótt um slíka undanþágu, og hún því síður gefin. Nú er kennslunni hagað þannig, að náminu er

skipt í tvennt, bóklegt og verklegt nám. Bóklega námið fer fyrst fram, en hið verklega jafnframt og þó aðallega síðar. Það myndi því engin stúlka fara fram á að sleppa meiri hluta verklega námsins, enda myndi engin sveit vera bættari með því að fá slíkar ljósmæður.

Þó að till. þessi sé þannig ekki beinlínis skaðleg, þá yrði hún samt óprýði á lögunum, ef hún næði samþykki. Vil ég því mælast til þess við hv. dm., að þeir felli hana.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 119. Látum svo vera, að hægt sé að setja lagaákvæði um það, að yfirlæknarnir skuli hafa kennslu þessa á hendi fyrir ekki neitt. En ég vil vekja sérstaka athygli á því, hve misjafnlega kennslan kemur niður á þá. Einn þeirra annast t. d. helming kennslunnar, kennir 4 stundir á viku og hefir fyrir miklum störfum að gegna sem forstöðumaður ljósmæðradeildarinnar, og einkum sem forstöðumaður lækningadeildarinnar á landsspítalanum.

Ég vil líka spyrja: Hvernig á að fara að, ef yfirlæknarnir neita þessu og vilja ekki taka við kennslunni nema fyrir aukaborgun? Á þá að reka þá? Það er hægt að svipta þá yfirlæknisembættunum, en það er ekki hægt að taka af þeim kennsluna við háskólann. En vegna læknakennslunnar í landinu er engin leið að sundurskilja háskólakennsluna og yfirlæknisstörfin við landsspítalann. Annars taldi þm. heppilegt um veitingu þessara prófessorsembætta, að þeim fylgdu yfirlæknisstöðurnar við landsspítalann, og þyrfti að breyta háskólalögunum í þá átt.

Ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að samþykkt þessarar brtt. getur eins og nú standa sakir, leitt til hálfgerðra vandræða; ég vil því leggja til, að hún verði felld.

Pétur Ottesen: Ég get ekki annað séð en að það sé hugarburður einn, að nein sérstök vandræði geti stafað af því, þó að brtt. mín verði samþ. Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að kennsla þessi kæmi mjög misjafnt niður á kennarana, en ég fæ ekki séð, að svo þurfi að vera, því að til þess að kenna ljósmæðrum fræði sín, þarf ekki nema algenga læknisfræðimenntun, og því til sönnunar nægir að benda á, að undanfarið hefir landlæknir haft kennslu þessa á hendi, maður, sem ekki hefir haft nema almennt læknapróf.

Þá er hitt atriðið, hvað gera eigi, ef yfirlæknarnir vilja ekki taka að sér þessa kennslu nema fyrir aukaborgun. Ég geri alls ekki ráð fyrir, að til þess komi, því að ég býst ekki við, að þeir fari að skjóta sér undan þessu, þegar þeir sjá, að það er vilji Alþingis, að þessum málum sé skipað á þennan veg. Mér þykir meira að segja leiðinlegt, að forvígismaður læknastéttarinnar skuli láta sér detta í hug, að þeir muni skjóta sér undan þessu. Þegar þess er líka ennfremur gætt, að mennirnir eru ráðnir að landsspítalanum, ráðnir til þess að inna af hendi þau störf, er þar koma fyrir, og það var þegar gert ráð fyrir, að kennsla þessi færi þar fram, þá er beinlínis hægt að telja hana eitt af þeim verkum, sem þeir hafa skuldbundið sig til að vinna. Getur þetta því alls ekki valdið árekstri. Sé það því vilji d., að framtíðarskipun ljósmæðrakennslunnar skuli vera á þann veg, sem brtt. mín fer fram á, þá er sjálfsagt að samþ. hana nú, svo ákvæðið sé komið inn í frv.

Ég skal ekki fara að blanda mér inn í deilur hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Ísaf., en eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, þá hefði ég helzt kosið, að námstíminn væri óbreyttur frá því, sem nú er, en þar sem fyrirkomulag skólans er miðað við árskennslu, þá má vel vera, að þetta reki sig eitthvað á. Þó finnst mér, að haga mætti náminu á þann veg, að veita mætti undanþágur eins og brtt. fer fram á, og til þess að tryggja það, að landlæknir gæfi meðmæli með undanþágunni, er ekki annað en breyta fyrsta orðinu í brtt. á þskj. 115 í „skylt“ fyrir „heimilt“. Þessu vil ég skjóta til hv. þm. V.-Sk. Er það öruggara til þess að héruðin geti komið fram óskum sínum. Verður landlæknir þá að beygja sig fyrir óskum héraðanna og hlutaðeigandi héraðslækna.

Lárus Helgason: Mér kom það ekkert á óvart, þó að brtt. mín sætti andmælum frá hv. þm. Ísaf. En mér kom það á óvart, að hér myndi vera um afturför eða

lakari kennslu að ræða. Þá gat hv. þm. þess, að engin sveit myndi vilja fá stúlku fyrir ljósmóður, sem ekki hefði stundað námið nema 9 mán. Kæmi því aldrei til, að um undanþágu þessa yrði sótt. Ég tel þetta hina mestu fjarstæðu. Hingað til hefir þótt nægilegt, að ljósmæðraefni væru 9 mánuði við námið, og venjulega gengið vel. Við þetta miða ég brtt. mína. Og ég ber það traust til landlæknis, hver sem hann er, að hann verði við ósk viðkomandi héraðsstjórna um að nota þessa heimild, þegar rökstuddar ástæður mæla með því og um efnilegar stúlkur er að ræða. Ég tel það illt, ef kennslu á ljósmæðraskólanum verður hagað svo, að ekki sé hægt að koma því við að veita þessa undanþágu. Get ég ekki séð, að það sé nauðsynlegt að haga kennslunni svo. Hygg ég, að með því að ákveða námstímann heilt ár sé frekar verið að bera hag spítalans fyrir brjósti heldur en það, að efnilegar stúlkur geti ekki orðið fullnuma í þessum fræðum á 9 mánuðum hér eftir sem hingað til. Má vel vera, að fyrir spítalann sé það haganlegt að hafa námstímann svo langan, en óheppilegt er að mega ekkert frá því víkja, ef þörf héraðanna heimtar annað. Eftir mótmælum þeim, sem fram hafa komið frá landlækni, hv. þm. Ísaf., þá hefi ég eiginlega sannfærzt um, að réttara sé að fella þetta frv., ef engin ákvæði mega standa þar önnur en þau, sem hv. þm. vill vera láta. Þótt hann að vísu hafi gott vit á þessum málum, þá getur líka verið vit í að fella þær brtt. inn í frv., sem miðað geta almenningi til hagsbóta. Þótt hv. þm. sé faglærður, þá er eigi gefið, að hann hafi jafn glöggt auga fyrir hagsmunum almennings í þessu efni. Ég held því, að réttast væri af hv. deild að fella þetta frumv., ef engar breytingar á því komast að.

Vilmundur Jónsson: Hv. þm. Borgf. sagði, að ekki þyrfti sérþekkingu til að kenna ljósmóðurfræði. Ég vil mótmæla þessu. Frv. þetta er einmitt miðað við það, að sá yfirlæknir, sem við kennslu þessari tekur, er sérfræðingur í þeirri grein. En af því að störfin í skurðlækningadeildinni eru mjög mikil, þá er ekki að vænta þess, að yfirlæknirinn geti til lengdar að öllu sinnt þessari kennslu. Má því vera, að hann þurfi innan skamms að fela aðstoðarlækni sínum hana að einhverju leyti, en vitanlega upp á sína ábyrgð og undir sínu eftirliti. Ég tel ekki fært að skipta þessu starfi á þá þrjá yfirlækna, sem nú starfa við landsspítalann. Sumir þeirra mundu ekki fást til að taka það að sér. Einn þeirra hefir t. d. ávallt stundað þrönga sérgrein innan læknisfræðinnar og hefir ef til vill aldrei tekið á móti barni. Ég veit, að sá læknir myndi líta svo stórt á læknisheiður sinn, að hann mundi aldrei fást til að taka að sér kennslu í grein, sem er gersamlega óskyld hans starfi.

Ég vil svara hv. þm. V.-Sk. því, að þegar námstíminn hefir verið lengdur upp í heilt ár, verður kennslunni hagað öðruvísi en áður. Breytingin á námstilhögun verður alveg í samræmi við þá breyt., sem varð á kennslu læknaefna, þegar námstími þeirra var lengdur úr tveimur árum upp í það, sem nú er. Og engum lifandi manni mundi koma til hugar nú, að tiltækilegt væri að setja það á vald héraða að færa námstíma sumra læknaefnanna niður í tvö ár. Kennslu ljósmóðurefnanna mundi samkv. frv. þessu verða hagað svo, að fyrri hluta kennsluársins yrði einkum bókleg kennsla, og er það heppilegt, að námsmeyjarnar læri undirstöðuatriðin, áður en þær byrja fyrir alvöru á verklega náminu. Þetta er einnig heppilegt af því að síðustu þrjá mánuðina er aðsókn sængurkvenna langmest að spítalanum. Stafar það af því, að yfir sumarmánuðina er erfiðast að fá vinnufólk til aðstoðar á heimilunum. Er því mestu tapað síðustu þrjá mánuðina, ef námstími sumra nemenda á ekki að vera lengri en 9 mánuðir.

Viðvíkjandi kostnaðinum er það að segja, að áætlað er í frv., að til þess að halda þessum skóla uppi megi verja 4000 kr. Nú er gert ráð fyrir, að árlega verði í skólanum um 40 nemendur, einn árg. ljósmæðranem. og þrír árg. hjúkrunarnema. Koma þá um 100 kr. á hvern nemanda. Er varla hægt að telja það dýrt, þar sem um er að ræða uppeldi tveggja stétta, sem jafnnauðsynlegar eru þjóðfélaginu og ljósmæðra- og hjúkrunarkvennastéttin.

Jón Auðunn Jónsson: Þetta frv. stefnir í sömu átt og mörg önnur lög og lagafrv., þá, að auka útgjöld ríkissjóðs. Og ég fæ ekki séð, að nein þörf sé í þessu frv. að leggja ný gjöld á ríkissjóðinn. Ég held varla, að viðkomandi starfsmenn ríkisins hafi meiri tíma til að sinna þessari kennslu, þótt þeim sé borgað fyrir það, heldur en þó hún væri ólaunuð. Þessir menn fá há laun, hærri en þjóðfélagið í raun og veru er fært um að borga, jafnvel þótt betur láti í ári en nú. Ég vil því láta í ljós, að ég skoða till. hv. þm. Borgf. sem prófstein á það, hvort hv. þm. vilja enn halda áfram sömu stefnu og tiðkazt hefir undanfarin ár, að láta háttlaunaða menn fá ýmsa viðbótarbitlinga, svo sem er um hv. flm. þessa frv., sem auk hárra fastra launa fær mikla aukaborgun fyrir verk, sem fyrirrennari hans vann árum saman án þess að fá aukaborgun fyrir. — Ef útgjöldin eru sífellt aukin, þá dregur að því, að launalágir og atvinnulitlir verkamenn og þrautpíndir atvinnurekendur fá eigi undir risið. Háttlaunuðum mönnum ætti sannarlega ekki að vera vorkunnarmál að vinna þetta verk án sérstakrar borgunar. Þegar svo er ástatt, að flestir þegnar þjóðfélagsins hafa eigi meira en 1000—1200 kr. tekjur, þá eru 14—17 þús. kr. laun tæplega sæmileg fyrir það sama þjóðfélag. Ég er viss um, að þessir menn, sem hlut eiga að máli, neita því ekki að vinna þetta verk án sérstakrar borgunar. Ég hefi átt tal við einn þeirra og hygg, að það sé alls ekki að þeirra fyrirlagi gert að fara fram á aukaborgun fyrir þessi störf.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að hv. þm. N.-Ísf. hafi ekki fengið glöggar eða réttar upplýsingar um eitt atriði í þessu máli. Hv. þm. hefir haldið því fram, að núv. landlæknir eigi við önnur og betri kjör að búa en þau, sem fyrirrennari hans hafði. Þetta sama hefir komið fram í blöðum, en ég hefi ekki fundið neina hvöt hjá mér til að skipta mér af því. En þar sem hv. þm. nú ber þetta fram á þingi, þykir mér rétt að leiðrétta það.

Fyrrv. landlæknir, Guðmundur Björnson, hafði þrjú aukastörf. Hann hafði eftirlit með lyfjabúðum, og hefir núv. landlæknir tekið við því starfi. Fyrrv. landlæknir hafði á hendi forstöðu ljósmæðraskólans og hlaut borgun fyrir. Samkv. þessu frv. gengur það starf til annara. Þá hafði og landlæknir á hendi forstöðu landsspítalanefndarinnar og tók laun fyrir það. Núv. landlæknir hefir einnig tekið við því starfi, en hefir lækkað uppbót af því sjálfur. Núv. landlæknir hefir því haldið tveimur af aukastörfum fyrirrennara síns, en fær þó minna fyrir annað þeirra. En eitt af þremur störfum, er áður fylgdu landlæknisembættinu, fær hann ekki.

Vilmundur Jónsson: Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að verið væri að auka útgjöld til skólahalds með þessu frv. Þetta er ekki rétt. Útgjöldin verða ekki meiri en þau voru áður, þegar litið er til þess, að hér eru tveir skólar færðir saman, og þess, að áður þurfti að borga allmikla upphæð fyrir húsnæði, ljós, hita, ræstingu og ýmislegt annað, sem nú kemur af sjálfu sér í landsspítalanum. Einnig má líta á það, að áður fór allmikið fé út úr landinu til menntunar hjúkrunarkvenna, sem nú verður kyrrt.

Pétur Ottesen: Því var haldið fram, að ég hefði sagt, að ekki þyrfti neina sérþekkingu til að kenna þær greinar, sem frv. getur um. Ég átti vitanlega við, að kennararnir þyrftu ekki að hafa aðra sérþekkingu en þá, sem læknar, er lokið hafa fullnaðarprófi, hafa. Það getur vel verið, að forstöðumaður ljóslækningadeildarinnar hafi ekki tekið á móti neinu barni. En hinir tveir ættu að vera fullfærir um að kenna þetta. Ætti því að vera vel séð fyrir sérþekkingunni með því að fela þeim kennsluna.

Ég get tekið undir með hv. þm. N.-Ísf. um, að það sé prófsteinn á hv. þm., hvort þeir vilja halda áfram á þeirri braut að bæta bitlingum ofan á hálaunuð störf, hvernig þeir greiða atkv. um brtt. mína. Þegar aðrir þegnar þjóðfélagsins verða að leggja fram alla sína krafta fyrir ⅓ þeirra launa, sem þessir menn fá, þá er ástæðulaust að bæta við þessa háttlaunuðu menn bitling á bitling ofan, þar til þungi þeirra verður svo mikill, að þeir kikna í herðum og hnjáliðum undan ofurþunga bitlinganna.

Jón Auðunn Jónsson: Ég skal ekki deila við hæstv. dómsmrh. að þessu sinni. En öllum er vitanlegt, að skrifstofukostnaður landlæknis hefir hækkað stórkostlega í fjárlögum. Og þótt í annan stað sé látin sú upphæð, sem landlæknir hafði sem forstöðumaður ljósmæðraskólans, þá fær hann vissulega aðra upphæð í staðinn, sem ekki er minni. (VJ: Eins og t. d.?). T. d. skrifstofukostnaðinn, sem var áður 1000—2000 kr., en nú 5500 kr. Vinna fyrrv. landlæknis meðan á byggingu landsspítalans stóð var ólíkt meiri en nú er, þó landlæknir mæti ¼—1 klst. á fundi lækna spítalans einu sinni eða tvisvar á mánuði. Hv. þm. Ísaf. talaði um, að nú sparaðist ýmislegur aukakostnaður til ljósmæðraskólans, svo sem húsnæði, ljós, hiti o. fl. Það vantaði nú bara ekki annað en að tekið væri sérstaklega fyrir þetta! Mig undrar, hversu lítil rök hv. þm. hefir fram að færa máli sínu til varnar. Það er eins og komið sé við opið kýli, ef á það er minnzt að spara útgjöld ríkissjóðs á einhverju sviði. Flm. og dómsmrh. vilja endilega halda í það sama óhóf og áður. En hvar á að taka peninga til þess? Ég býst þó við, að þetta ár og hið næsta muni sýna, hversu erfitt verður að pína út peninga hjá getulausu fólki.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð til andsvara hæstv. dómsmrh., viðvíkjandi aukastörfum landlæknis. — Ég heyrði hæstv. ráðh. tala um, að landlæknir hefði eftirlit með lyfjabúðunum. Ef svo er, þá er það nýtt starf, sem landlækni hefir verið fengið í hendur í tíð hæstv. ráðh. Áður hafði forstöðumaður víneinkasölunnar þetta eftirlit, og það, sem fyrir það var greitt, var partur af hans launum.

Þá er starfið við landsspítalann. Hann er nú nýtekinn til starfa, svo að ekki hafði landlæknir laun við hann áður. Að vísu hafði landlæknir umsjón með byggingu spítalans og hefir máske haft einhver laun fyrir það. En það var allt annað. Ég veit ekki, í hverju starf landlæknis við spítalann getur verið fólgið nú. Við spítalann starfa nú þrír yfirlæknar, tveir aðstoðarlæknar og þrír kandidatar. Landlæknir verður þá sá níundi. Ég hélt nú, að 8 læknar myndu duga, þótt þeim 9. væri ekki bætt við.

Ég hjó eftir því hjá hv. flm. — og bið hann leiðrétta, ef ég fer rangt með, — að í framkvæmd yrði kennslu við ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólann hagað svo, að kennslan lenti ekki hjá aðallækninum, heldur mundi aðstoðarlæknirinn hafa hana á hendi. Þetta heyrðist mér hann taka fram bæði nú og við fyrri umr. En þá þykir mér skörin fyrst færast upp í bekkinn, ef borga á yfirlækninum þessa upphæð, sem frv. getur um, ofan á 14 þús. kr. laun, og hann hefir svo, eftir allt saman, ekki verkið á hendi sjálfur, heldur aðstoðarmenn hans. Ég efa ekki, að undirlæknarnir séu færir um að taka þátt í kennslunni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. Skagf. talaði um aukastörf landlæknis. Það er rétt, að þegar Guðm. Björnson landlæknir varð veikur og tók sér hvíld frá starfi sínu, að ráði þáv. ráðh. (MG), þá var eftirlitið með lyfjabúðunum skilið frá landlæknisembættinu og lagt í hendur forstöðumanns víneinkasölunnar, Mogensens, sem þá hafði 18 þús. kr. laun. Þegar svo Guðm. Björnson komst til heilsu og tók aftur við landlæknisembættinu, þá tók hann og við þessu starfi. Og þegar svo mannaskipti urðu, þá tók núv. landlæknir við þessu starfi af fyrirrennara sínum á alveg eðlilegan hátt. Þess má geta, að lyfjabúðirnar borga sjálfar þetta eftirlit. — Án þess að ég vilji blanda því saman við þetta, hvort rétt sé, að forstöðumaður skurðlækningadeildarinnar eigi að fá sérstaka borgun fyrir að hafa á hendi forstöðu ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þá hygg ég þó, að til þess að inna það starf af hendi, þurfi miklu meiri vinnu og meiri þekkingu en Mogensen þurfti að hafa til að vinna fyrir svipuðum launum. Þá gat hv. þm. ekki skilið, að nein þörf hafi verið á því, að samið væri við G. B. landlækni um að vera formaður landsspítalanefndarinnar, og að því svo væri haldið áfram. Þetta er að vísu mál út af fyrir sig, og er rétt að skýra það nokkru nánar. Við landsspítalann starfa 3 yfirlæknar við jafnmargar deildir, skurðlækningadeild, ljóslækningadeild og lyf-

lækningadeild. Nú er það svo, að allir yfirlæknarnir eru jafnhátt settir. Það er hver húsbóndi í sinni deild. Nú er landsspítalinn stór stofnun, og veltur því á miklu, hvernig þar gengur. Er það engin gagnrýni á forstöðumenn deildanna, sem allir njóta mikils trausts, þótt þetta sé sagt. Hugsanlegt væri, að 1 af 3 forstöðumönnunum væri settur yfir hina tvo, en þar sem skiptingin í deildir er byggð á fullu jafnrétti þeirra, þá er ekki eðlilegt að gera einn öðrum hærri. Þá væri sú leið til að yfirlæknarnir þrír og ráðsmaður spítalans mynduðu nefnd, er starfaði formannslaus. En prófessorarnir hafa óskað þess, þótt ég vitanlega beri ábyrgðina, að landlæknir starfaði sem formaður þessarar n. að stjórn og eftirliti spítalans. Á þann veg eru deildirnar sameinaðar á alveg eðlilegan hátt. Um þetta var samið við fyrrv. landlækni. Þegar hann missti heilsuna, tók einn af yfirlæknum spítalans við starfi hans í bili og vann að því launalaust vegna hins sjúka landlæknis. En slíkt gat vitanlega ekki gengið lengi, og er nýr landlæknir kom, tók hann við störfum fyrirrennara síns af alveg eðlilegum ástæðum.

Bergur Jónsson: Vegna þess að hv. frsm. allshn. er veikur, vil ég gera nokkra grein fyrir afstöðu okkar nm. til þessa máls. Ég geri ráð fyrir, að allir nm. hafi sömu skoðun á þessu máli og við 2. umr. og muni samkv. því ekki samþ. brtt. þær, sem fram hafa komið.

Um brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 119 er þess að geta, að störf þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, eru samningsbundin, og því er ekki hægt að skylda þá til að vinna önnur störf en þau, er samningarnir ná yfir, án þóknunar. Brtt. er samkv. því tilraun til þess að fá löggjafarvaldið til þess að ganga á gerða samninga, og mundi sennilega kallað stjórnarskrárbrot, ef borið væri fram af sumum öðrum.

Hv. þm. N.-Ísf. kallaði þetta „prófstein“ á sparnaðarlöngun þdm., og hv. þm. Borgf. þáði vitanlega þessa „röksemd“ feginsamlega. En hér er ekki um það að ræða. Allshn. hefir lýst því yfir, að æskilegt væri, að unnt væri að vinna þessi störf án aukaborgunar, en hún vill virða gerða samninga og taldi því ekki fært, að Alþingi samþ. ákvæði, sem kæmu beinlínis í bága við þá.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Sk. Um hana vil ég segja það, að ég álít, að enginn sé dómbær um það, hve lengi þetta nám þarf að standa yfir nema yfirstjórn ljósmæðraskólans og aðrir fagmenn í þeirri grein. Þeir byggja það vafalaust á undangenginni reynslu, að námstíminn þurfi að vera þetta langur, því enga ástæðu hafa þeir til þess að óska eftir því, að hann sé lengri en nauðsyn krefur. Ég get því ekki séð, að það sé sæmilegt af Alþingi, sem að mestu leyti er skipað leikmönnum á þessu sviði, að taka fram fyrir hendur sérfræðinganna í þessu efni.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla að svara hæstv. dómsmrh. nokkrum orðum.

Ég sýndi honum fram á það áðan, að þessi tilhögun um aukaborgun til landlæknis hefði fyrst komizt á í hans ráðherratíð, og þetta er líka viðurkennt af honum, enda hlaut svo að vera.

Af því að hæstv. dómsmrh. minntist á laun Mogensens, sem hafði eftirlit með lyfjabúðum og var borgað fyrir það, þá vakti það upp hjá mér endurminningar um það, að engum varð tíðræddara um þessi laun en einmitt hæstv. núv. dómsmrh. sjálfum. Það er gaman að bera þá saman þau laun, sem honum voru greidd af því opinbera, og þau laun, sem landlæknir hefir, og svo laun þessara lækna við landsspítalann. Við þann samanburð kemur það í ljós, að þessir læknar hafa sízt lægri laun en Mogensen hafði. Mér virðist því kenna lítillar sanngirni og samræmis í þessu efni.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að fyrrv. landlæknir hefði haft þrenn aukastörf, sem sé ljósmæðrakennslu, eftirlit með lyfjabúðum og eftirlit með byggingu landsspítalans. En þar við er það að athuga, að spítalinn var fullbyggður áður en fyrrv. landlæknir varð veikur, svo að um það starf gat þá ekki verið lengur að ræða. Ljósmæðrafræðsluna hafði landlæknir áður, en nú á hann ekki að hafa hana lengur, heldur á að fela hana öðrum. Hæstv. dómsmrh. hefði getað nefnt fjórða beinið, sem landlæknirinn hafði, nefnilega eftirlit með menntaskólanum.

Núv. og fyrrv. landlæknir hafa haft það líka, báðir gegn sérstakri borgun.

Það var auðheyrt, að hæstv. dómsmrh. var í vandræðum út af þessari skipun landlæknis sem yfirumsjónarmanns spítalans. Honum fannst það vera vandræði, að þarna skyldu ekki vera nema þrír húsbændur, og því yrði að bæta þeim fjórða við. Það hefði ekkert verið hægara en að skipa einn af þessum 3 yfirhúsbónda. Þetta er aðeins til að útvega landlækni þetta bein.

Annars er það rangt, að engin lög skuli vera til um landsspítalann, en ríkisstj., hver sem hún er, skuli geta ráðið þar öllu upp á eindæmi sitt.

Hv. þm. Barð. talaði um samninginn við læknana. Ég hefi ekki getað fengið að sjá þann samning, þó að ég hafi spurt eftir honum. Og ég á erfitt með að trúa því, að stj. hafi verið svo klaufsk, þegar hún samdi við læknana, að hún hafi gleymt því, að það þurfti að kenna ljósmóðurfræði í landinu. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé samninginn, að svo sé frá honum gengið, að ekki sé hægt að skylda læknana til að inna þetta starf af hendi án sérstakrar borgunar. Ég greiði því atkv. með brtt. hv. þm. Borgf., í því trausti, að samningurinn sé ekki svo vitlaus, að læknarnir geti skotið sér undan þessu.

Jón Auðunn Jónsson: Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að það væri æskilegt, að þessi kennsla væri leyst af hendi aukaborgunarlaust, vil ég benda honum á, að það er einmitt það, sem ég vil líka. Það er áreiðanlegt, að læknar spítalans, sem hafa afarhá laun, færu ekki að gera ljósmæðraskólanum ómögulegt að starfa með því að neita því að kenna þessi fræði án aukaborgunar. Ég verð að taka undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég tel lítt hugsanlegt, að heilbrigðisstj. hafi verið svo fákunnandi að gera slíka samninga við læknana, að þeir geti alveg skotið sér undan þessu starfi. Eða er það tekið upp í samningnum, hvaða verk skuli vinna, alveg út í yztu æsar. Það er meiri samningurinn, ef þar er talið upp hvert einasta verk, sem læknarnir eiga að vinna fyrir föstu launin. Svo getur líka farið svo, að einhver af þessum góðu mönnum falli frá — sem ég þó sízt óska eftir —, og þá verður að gera samning á ný, og þá mætti taka það fram, að þetta ætti að vera eitt af störfum læknanna. Það er því engin ástæða til að draga það lengur að setja þetta beinlínis í lögin.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Sk., og þarf tvöföld afbrigði til að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 122) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Vilmundur Jónsson: Ég vil beina því til hv. flm. þessarar till., hvort ekki sé betra að taka landlækni alveg út úr þessu frv., því að ef hann á að vera skyldugur til að veita þetta leyfi, þá þýðir ekkert að láta hann vera hér við riðinn. Það er óþörf skriffinnska og ekkert annað.

Þá vil ég leiðrétta dálítið hjá hv. 2. þm. Skagf. Hann vildi hártoga orð mín svo, að það væri tilætlunin að borga yfirlækni fæðingardeildarinnar fyrir þessa kennslu, þó að aðrir en hann inntu hana af hendi. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég geri vitanlega ráð fyrir, að kennslan verði borguð aðeins þeim, sem kennir. Annað mál er það, að í frv. er yfirlækni falin aðalkennslan. Ef hann kemst ekki yfir hana, þá hefir hann eftirlit með henni. Ef aðstoðarlæknunum er falin kennslan, þá fá þeir vitanlega borgunina, en ekki yfirlæknirinn.

Þá er það hv. þm. N.-Ísf. Þegar rekin voru ofan í hann hin óvingjarnlegu orð til mín og staðleysur þær, sem hann fór með, þá vildi hann snúa því svo, að skrifstofukostnaður landlæknis væri nú áætlaður helmingi hærri en áður. Ég hefi engan þátt átt í því, að áætlun skrifstofukostnaðarins hefir verið hækkuð. Þar mun aðeins vera miðað við reynslu undanfarinna ára. Mun skrifstofukostnaðurinn undanfarið hafa farið mjög fram úr áætlun, og mun það sjást í landsreikningnum. En auk þess, sem þar greinir um skrifstofukostnaðinn, hefir árum saman verið greitt sérstaklega fyrir samningu á heilbrigðisskýrslum, og vona ég, að til þess þurfi ekki að koma fyrst um sinn.

Lárus Helgason: Hv. þm. Ísaf. sagði, að engin sveitarstjórn mundi óska eftir, að ljósmæður lykju námi á 9 mán. Þetta er ekkert nema fullyrðing, sem hann veit ekkert um og getur engar sönnur fært á.

Ég hafði vonað, að núv. landlæknir mundi taka vel í það, að stúlkur gætu fengið að ljúka þessu námi á 9 mán., þegar meðmæli lægju fyrir um það frá héraðslækni og sveitarstjórn, en þegar ég nú heyri, að það er ekki, þá sé ég ekki annað fært en að bera fram þessa skrifl. brtt., sem skyldar landlækni að veita þetta leyfi, verði hún samþ. Ég vona því, að hv. þdm. geti fallizt á þessa till.

Magnús Guðmundsson: Mér skildist á hv. þm. Ísaf., að sá ætti að fá borgunina fyrir ljósmæðrakennsluna, sem kenndi. Þá á þessi borgun að skiptast milli tveggja eða þriggja lækna, og þá vil ég fá að vita hjá hv. þm., hvað hann telur, að þessi kennsla muni kosta á ári hverju. Það er leiðinlegt, ef ekki er hægt að fá að vita það fyrirfram, hvaða borgun þessir menn eigi að fá.

Það hefir verið talað um, að það þurfi „specialista" við þessa kennslu. Mér virðist svo, að hv. þm. Ísaf. þurfi ekki að tala mikið um það, því að undirlæknarnir, sem eiga að hafa þessa kennslu með höndum, eru alltaf að fara og nýir að koma, og þá getur ekki verið þarna um neitt „speciale" að ræða.

Af því að ég treysti því, að það sé rétt, að þessir læknar eigi allir að kenna, þá sýnist mér auðséð, að ekkert er hægara en að semja um það, næst þegar læknaskipti verða, að þetta starf skuli teljast með þeim öðrum störfum, sem þeir fá sín laun fyrir. Það er alltaf verið að skipta um þá nema yfirlækninn, og hann hefir um 14 þús. á ári, auk þess, sem hann „praktiserar". Það getur því ekki skipt hann miklu máli, hvort hann fær þessar 300—400 kr. á ári. Ég sé því ekki, af hvaða ástæðu landlæknir er að berjast á móti brtt., sem fyrir liggur. En í sambandi við þessar upplýsingar vil ég taka það fram, að réttara hefði verið, að brtt. hv. þm. Borgf. hefði hljóðað þannig: „og skal læknum spítalans skylt að annast kennsluna".

Vilmundur Jónsson: Það er ekki rétt, að ég sé í sjálfu sér mikið á móti því, að þessir læknar annist þessa kennslu án sérstakrar borgunar, en það er því miður ekki hægt að koma því í kring eins og sakir standa.

Ég var á fundi með þessum mönnum í morgun, og mér skildist á þeim, að þeir vildu ekki gera þetta fyrir ekki neitt. M. a. lögðu þeir áherzlu á það, eins og ég hefi margsinnis sagt, að þessi kennsla hlyti að skiptast svo misjafnt niður, að einn kenndi meira en allir hinir til samans, og þar sem allir hafa nú sama kaup, þá er þetta engin sanngirni. Auðvitað er hægt að taka þetta atriði fram í samningum, þegar nýir menn verða ráðnir að landsspítalanum, og þá á að sjálfsögðu sá, sem hefir mesta kennsluna á hendi, að fá lítið eitt hærri laun en hinir. Ég set aðeins það út á þetta framtíðarfyrirkomulag, að með því er kostnaðurinn kominn á landsspítalann. En að hann eigi að kosta nám allra ljósmæðra og hjúkrunarkvenna á landinu, er fjarri allri sanngirni.

Ég skal með mestu ánægju gefa hv. 2. þm. Skagf. upplýsingar um, hvernig við höfum hugsað okkur fyrirkomulagið og þessum 4 þús. kr. varið. Við álítum, að kennslan við ljósmæðraskólann kosti 1500 kr. á ári. (MG: Það er meira en áður var). Já, en hlutfallslega jafnt, því að tíminn er lengri. Aðra kennslu við sömu deild höfum við áætlað 500 kr. Kennsluna við hjúkrunarkvennadeildina áætlum við 4 st. á viku í 9 mán. á hverju ári, 1000 kr., aðra kennslu við þá deild 500 kr. og áhaldakaup 500 kr. Ég tel, að hér sé mjög sparlega farið í sakirnar og það svo, að þetta yrði ódýrasti skóli landsins.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég hefði haldið því fram, að engin sveitarstjórn mundi verða svo vitlaus að óska eftir, að þetta undanþáguleyfi hans yrði veitt. Ég sagði það ekki, því að ég veit, að engin takmörk eru fyrir því, hvað sveitarstjórnir geta verið vitlausar. Ég sagði, að ekkert ljósmóðurefni mundi óska eftir því. Það eru þó takmörk fyrir því, hvað þau geta verið vitlaus.

Pétur Ottesen: Það er aðeins örstutt aths. Það getur vel verið, að þegar hv.

þm. Ísaf. er að tala við þessa menn og stappa í þá stálinu að gera kröfu til aukaborgunar, þó að þeir hafi áður 14 þús. kr. árslaun, að þeir gangi nú ekki svo hart á móti þessum velunnara sínum, að þeir slái því framan í hann, að þeim sé engin þægð í þessu. Hitt efast ég ekki um, þrátt fyrir andmæli hv. þm., að ef Alþingi vill ákveða svo, að þessi störf skuli unnin án aukaborgunar, þá telji þeir sér skylt og ljúft að verða við þeirri ákvörðun þingsins.

Hann sagði, að þessi kennsla kæmi ójafnt niður, en þá er heilbrigðisstj. auðvelt að raða störfunum svo niður, að ekkert ósamræmi verði í því. Þessi ástæða hv. þm. er því ekkert annað en yfirskotsástæða.

Lárus Helgason: Hv. þm. Ísaf. taldi engin takmörk fyrir því, hvað sveitarstjórnir væru vitlausar. Það kann vel að vera, að hann sé kunnugur einhverri sveitarstjórn, sem hægt væri að búast við öllu illu og vitlausu af, þó að mér þyki það mjög ósennilegt. Hitt mun sanni nær, að þetta séu fullyrðingar hjá hv. þm., sem við ekkert hafa að styðjast.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. Ísaf. var að tala um, að engin takmörk væru fyrir því, hvað sveitarstjórnir gætu verið vitlausar. Ég hygg, að hann eigi þar við bæjarstj. á Ísafirði, því að þar var það fellt með miklum meiri hl. atkv. að fela bæjarstj. að gæta hagsmuna bæjarins.

Vilmundur Jónsson: Ég viðurkenni það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það var m. a. bæjarstj. á Ísafirði, sem ég hafði í huga — **á vissu tímabili.**

ATKVGR.

Brtt. 119,1 samþ. með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, EA.

nei: HG, HV, JÓl, JónasÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, JörB.

Tveir þm. (JJós, SvbH) fjarstaddir.

Brtt. 122 felld með 13:5 atkv.

— 115 samþ. með 14:8 atkv.

— 119,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 9. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 123).

Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Ég er sannfærður um, að þetta mál er þarft og gott, en hitt er ekki álitamál, að breyt. sú, sem hv. Nd. gerði á frv., er allsendis ótæk. Í 3. gr. frv. eins og það liggur hér fyrir, segir, að námstíminn sé eitt ár, en síðan er því bætt við, að veita megi undir vissum kringumstæðum leyfi til að ljúka námi á 9 mánuðum. Þetta er alveg ótækt, enda munu þess finnast engin dæmi um skóla eða skólalög, að námstími sé mismunandi, á þá lund, sem hér er ætlazt til. Námstími ljósmæðra er eftir frv. svo stuttur sem frekast er forsvaranlegt, og erlendis er hann yfirleitt til muna lengri. Þess vegna er eitt ár sá allra skemmsti tími, sem til mála getur komið, og þó mjög tvísýnt, að ljósmæður geti orðið fullkomlega starfinu vaxnar af ekki lengri námstíma. Ég bendi aðeins á þetta til athugunar fyrir n., og vona, að hún sjái sér fært að leggja til, að deildin breyti þessu aftur, þannig að námstíminn sé undantekningarlaust eitt ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 123, n. 246, 260).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er komið frá Nd. og var þar flutt af landlækni, sem þar á sæti sem þm. Ísaf. — Í nál. á þskj. 246 er skýrt frá því, hvað í frv. felst, og get ég því sleppt að fara út í það. Frv. er í aðaldráttunum svipað því, sem það var frá hendi landlæknis, nema hvað gerðar hafa verið 2 breyt. á því í

meðferð þess í Nd. Er önnur breyt. á 3. gr. frv., þess efnis, að landlækni er heimilað að stytta námstíma ljósmæðraefna úr 12 mánuðum, eins og hann er ákveðinn í frv., niður í 9 mánuði, ef sveitarstj. óskar og héraðslæknir mælir með þessu. N. lítur svo á, að það komi ekki til mála, að slík undanþága verði veitt, en henni þótti þó ekki ástæða til að fella þetta út úr frv. og hefja svo stríð við Nd. um málið, af því að vitanlegt er, að landlæknir mun aldrei neyta þessarar heimildar. Hin breyt., sem komst inn í frv. í Nd., er við 1. gr. þess, þess efnis, að yfirlæknunum við landsspítalann er gert að skyldu að annast kennsluna við ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólann án nokkurrar sérstakrar aukaþóknunar. Hefir n. ekki getað fallizt á, að sanngjarnt sé að krefjast þessa, og hefir því borið fram brtt. við frv. í þá átt, að kennslan við ljósmæðradeildina sé undanþegin þessu ákvæði, en hinsvegar er ætlazt til, að yfirlæknarnir allir kenni við hjúkrunarkvennadeildina án sérstakrar aukaþóknunar, og er mér kunnugt um, að yfirlæknarnir munu ekkert hafa við það að athuga. Kennslan við ljósmæðradeildina lendir hinsvegar aðeins á einum af yfirlæknum spítalans. Er það starf svo umfangsmikið, að lítil líkindi eru til þess, að hann geti sinnt því sjálfur vegna annara starfa, heldur verði að kaupa sér mann til þess, og þar sem þessi yfirlæknir hinsvegar jafnframt kennir við hjúkrunarkvennadeildina, yrði með þessu lögð sérstök kvöð á hann umfram hina yfirlækna spítalans, sem er mjög ósanngjarnt, og hefir n. því borið fram áðurnefnda brtt., er að því lýtur, að greitt verði hæfilegt gjald fyrir kennsluna við ljósmæðradeildina sérstaklega.

Ég hefi tekið eftir því, að hv. þm. Snæf. ber fram brtt. við frv. í þá átt, að fellt verði niður þetta atriði 3. gr., sem ég minntist á, og skal ég aðeins láta þess getið, að einstakir nm. hafa óbundið atkv. um þessa till.

Halldór Steinsson: Þetta frv. lengir námstíma ljósmæðraefna upp í ár, úr 9 mánuðum, sem verið hefir hingað til. Var sannarlega ekki vanþörf á því, því að námstími ljósmæðraefna hefir verið styttri hér en í öllum öðrum menningarlöndum, t. d. Norðurlöndum, og má ganga út frá því, að 1 ár sé hið minnsta. Eins og hv. frsm. drap á, var sú breyt. gerð á frv. í Nd., að landlæknir mætti stytta námstímann ofan í 9 mánuði, ef sveitarstj. óskaði eftir og hlutaðeigandi héraðslæknir mælir með því. Finnst mér slíkt óhæfilegt, að setja í lög, að námstími megi vera misjafn fyrir einstaka nemendur sama skólans, og er mér ekki kunnugt um, að slíkt eigi sér stað í nokkrum skóla öðrum. Er óeðlilegt að vera að gera undantekningu um þennan eina skóla að þessu leyti. Það má að vísu segja, að þetta sé þýðingarlaust ákvæði, af því að það muni aldrei verða praktiserað, en þegar slík heimild er gefin í lögum á annað borð, er aldrei að vita, nema hún verði notuð. Ég hefi því leyft mér að bera fram brtt. við frv. í þá átt, að þetta heimildarákvæði 3. gr. verði fellt burt úr frv., og vænti ég þess fastlega, að hv. n. geti gengið inn á þessa brtt. mína, einkum þar sem svo var að heyra á hv. frsm., að n. sætti sig aðeins við þetta ákvæði í vissu þess, að heimildarinnar mundi ekki verða neytt. Þar sem n. virðist ganga út frá því, þykir mér eðlilegast, að hún fallist á þessa brtt., enda mun n. mér samdóma um það, að námstíminn megi ekki vera skemmri en 1 ár. — Hv. frsm. gat þess, að fyrir n. vekti það, að hún vildi ekki hefja stríð við Nd. út af málinu. Út af þessu vil ég benda á það, að brtt. n. sjálfrar eru þess eðlis, að ekkert er líklegra en að þær vekji deilur í Nd., eftir meðferð málsins þar að dæma, og fæ ég því ekki séð, að málinu sé að nokkru hættara, þó að þessi brtt. mín nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 246,1 samþ. með 8:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 260 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 246,2 samþ. með 10:2 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 246,3 samþ. með 11:2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 269).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 269).
Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 315).

---

23. Opinber greinargerð starfsmanna ríkisins.

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins (þmfrv., A. 25).

Á 5. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Þetta litla frv. var borið fram í hv. Ed. á vetrarþinginu í fyrra og var þar afgr. af n. þeirri, er fékk það til meðferðar, með einróma meðmælum um það, að hv. d. samþ. það með einni lítilsháttar brtt., sem n. gerði og mestmegnis var formlegs eðlis. Málið er í sjálfu sér einfalt, og ætla ég því ekki að þessu sinni að flytja um það langa ræðu, því að ég vona, að það mæti ekki mikilli mótspyrnu í hv. þd.

Eins og hv. þdm. er ljóst, er það viðtekin venja, að allmargir af embættis- og sýslunarmönnum ríkisins gera árlega skýrslur um starfsemi sína og þeirra ríkisstofnana, er þeir veita forstöðu. En þessi grg. nær venjulega ekki lengra en til stjórnarinnar eða þá hagstofunnar. En þessar grg. ættu ekki aðeins að vera um fjárskil, heldur einnig einskonar andleg skil til þjóðarinnar.

Þetta frv. fer fram á það, að gera þessa sjálfsögðu kvöð þessara manna víðtækari en áður, þannig, að færa hana inn á nýjan vettvang, til þess að þjóðinni verði færara en ella að fylgjast með í sínu eigin lífi og starfi atvinnuveganna. Það mun mega taka svo til orða, að fátt muni vera þjóðinni hugleiknara en eigin kjör sín, starf sitt og fyrirætlanir.

Í sambandi við slíka opinbera grg. í útvarpi mætti benda á líkur fyrir því, að trúnaðar- og starfsmenn ríkisins, sem ákvæði þessa frv. ná til, mundu vegna þeirrar kvaðar öðlast hvöt til meiri umhugsunar, meiri samvizkusemi og meiri hugkvæmni í starfi sínu, og að frv. þannig mætti verða til þess að setja nýjan svip á opinbera starfrækslu trúnaðarmanna þjóðarinnar.

Vil ég svo að lokum láta í ljós þá von, að hv. þd. taki þessu litla máli vel og að henni megi, eins og mér, sýnast, að frv. þetta hafi nokkra þýðingu fyrir þjóðina og ríkið. Óska ég svo, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér skilst á ræðu hv. flm., að það sé aðallega tvennt, sem ná á með þessu litla frv. Annað atriðið er það, sem hann lagði mikla áherzlu á, að með því að gera öllum embættismönnum ríkisins skylt að flytja á ári hverju 1—2 útvarpserindi um starf sitt, mundu opinber störf verða betur af hendi leyst en verið hefir. Ég skal náttúrlega ekkert um það fullyrða, að einhverjir starfsmenn ríkisins kunni ekki að vera þannig innrættir, að slík ákvæði hefðu áhrif á þá í starfi þeirra, þótt ég hinsvegar hafi litla trú á því, að svo sé. En ég vil í þessu sambandi benda alvarlega á það, að með þessum ákvæðum er allgreinilega gert upp á milli hinna ýmsu embættis- og starfsmanna ríkisins. Því er þannig farið með sum störf, að þau eru vel til þess fallin að gera um þau erindi fyrir alþýðu, svo sem störf vegamálastjóra, vitamálastjóra og fleiri þesshátt-ar, og mér virtist einmitt, að hv. flm. hafa

þau fyrir augum. En það er fjöldi annara starfa og embætta, sem ég veit ekki, hvernig ætti að gera að viðunandi útvarpsefni. Það er að vísu svo, að einstöku hugkvæmir menn geta samið erindi um allt mögulegt, svo sem reyk eða göturyk og þess háttar, en slíkt nær ekki tilgangi frv. Ég vil taka til dæmis starfsmann hér á pósthúsinu, eða margan kennarann, sem situr við sama skólann ár eftir ár og alltaf er skipað að taka við nýjum og nýjum nemendum, skipað að hamra í þá sama fróðleiknum ár eftir ár. Ég veit ekki, hvernig þessir menn eiga að fara að því að flytja um þessi störf sín tvö skemmtileg útvarpserindi á ári. Auk þessa getur því verið svo farið með marga ágætis starfsmenn, að þeir hafi litla hæfileika til þess að semja og flytja boðleg útvarpserindi. Maður gæti hugsað sér mann, sem væri kannske afbragðs læknir, en að honum væri það ekki gefið að flytja erindi, sem þjóðinni væri boðlegt. Og ég verð að segja það, að mér finnst það dálítið ósanngjarnt að krefjast þess af öllum starfsmönnum ríkisins, að þeir hafi slíka hæfileika. Það er ekki tilgangur minn að amast við þessu frv.; vildi ég aðeins vekja athygli þeirrar n., sem væntanlega fær það til meðferðar, á því, hvort ekki væri ástæða til þess að gera einhverjar takmarkanir á þessum ákvæðum frv. og t. d. breyta skyldunni til þess að flytja 2 útvarpserindi á ári í heimild.

Hitt atriðið, sem vinna á með þessu frv., er að útvega útvarpinu dagskrárefni ókeypis. Það má náttúrlega um leið og mönnum eru veitt embætti og störf fyrir ríkið leggja þeim ýmsar kvaðir á herðar, en það er líka auðséð, að hér er um dálitla kvöð að ræða. Ég veit um það, að allmargir menn, sérstaklega hér í Rvík, auka tekjur sínar dálítið með því að flytja erindi fyrir útvarpið eða að semja ritgerðir í tímarit, og þeir eru vel að því komnir. Ég vil benda á það, að þegar á að skylda alla þessa menn til þess að flytja útvarpserindi, þá er það gefinn hlutur, að þessi erindi hljóta að verða mjög mismunandi útvarpsefni. Ég veit, að til eru einstöku efni, sem gætu verið mjög tilvalin, og einstöku menn, sem væru mjög vel hæfir til þess að inna þessa kvöð af hendi, en meiri hlutinn af þessu efni hlyti að verða alveg óþolandi. — Ég skal að lokum taka það fram, að þessar tvær hugsanir, sem standa að baki frv., eru mér heldur geðfelldar, en ég vil hinsvegar benda væntanlegri n. á það, hvort ekki muni heppilegt að gera einhverjar takmarkanir á frv.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Ég get í raun og veru verið hv. 4. þm. Reykv. þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli. Hann er samþykkur meginhugsun frv. En út af þeim aths., sem hann gerði við frv., vil ég benda honum á, að ég hefi litið svo á, að í 2. gr. frv. feldust einmitt þær takmarkanir, sem hann er að tala um, að þyrfti að gera á frv. Ég get verið hv. þm. algerlega sammála um það, að ýmislegt mælir á móti því, að allir menn, sem starfa fyrir ríkið, færu að flytja árlega 1—2 erindi um störf sín í útvarpið, enda er slíkt ekki tilætlun frv. Þess vegna er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því, að útvarpsráðið skuli velja þau erindi, sem flutt yrðu, og er því vitanlega lögð sú skylda á herðar að velja aðeins úr það, sem er frambærilegt. Er slíkt nú þegar einn liður í starfi útvarpsráðsins. Útvarpsráðið hefir aðgang að þessum erindum og mundi vitanlega ráðfæra sig við þá, er þau flyttu, og lesa yfir erindin.

Hvort þetta fyrirkomulag er frá formlegu sjónarmiði rétt, er annað mál, en það er atriði, sem liggur fyrir væntanlegri n. að athuga. Hún hefir aðstöðu til þess að færa hugsun frv. til betra forms, ef henni þykir við þurfa. En þó talað sé um almenna skyldu embættis- og sýslunarmanna í þessu efni, þá skilst það í sambandi við 2. gr. frv., að skyldan kemur aðeins til framkvæmda þar, sem útvarpsráðið ákveður í þeirri skrá, sem því er ætlað að semja yfir erindin árlega.

Sú kvöð, sem með þessu er lögð á menn, er ekki mikil, þar sem efnið takmarkast jafnan við starfssvið hvers eins. Því mætti álíta, að starfsmönnunum yrði það létt verk að semja þessi erindi, og það verður að álíta það ljúft verk að lofa þjóðinni að heyra um störf þau, sem fyrir hana eru unnin, og þær stofnanir, er hún rekur. Og þess vegna er langt frá

því, að of langt sé gengið í þá átt að gera kröfur til þegnskapar manna.

Jón Auðunn Jónsson: Það var aðeins ein fyrirspurn, sem ég vildi gera til hv. flm., og það er um það, hve mikil útgjöld hann áliti, að frv. þetta, ef það yrði að lögum, mundi baka ríkissjóði.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég þykist heyra það á svari hv. flm., að hann ætlast til, að 2. gr. frv. verði skilin á þá leið, sem ég taldi nauðsynlegt, en þá held ég, að þurfi að breyta formi 2. gr. eitthvað, ef það á að vera nægilega ljóst, að þar sé útvarpsráði gefið vald til að útiloka erindi, og verður hv. n. að taka þetta til athugunar.

En með þessum skilningi á 2. gr. kemur annað atriði til greina, og það er það, að útvarpsráðið fengi hér talsvert vald, sem gæti gert sumum mönnum dálítið gramt í geði og jafnvel sáð óánægjufræum. Það má hugsa sér starfsmann, sem er góður og gegn á sínu sviði, en ekki laginn að semja slík erindi sem þessi. Gæti það verið dálítið hart fyrir hann að sækja mikið undir náð útvarpsráðs. Aftur gætu aðrir, sem væru eftirsóttir, orðið fyrir ónæði af þessum sökum.

Sum störf eru þannig vaxin, að þau eru svo að segja ný hvert ár, svo sem störf vegamálastjóra og vitamálastjóra, er áður voru hér nefnd; en önnur störf — ég tek til dæmis mitt starf — eru aftur hin sömu ár eftir ár. Ég gæti náttúrlega samið svona 1 til 2 erindi um mitt starf, en ef ég ætti að flytja slík erindi á hverju ári, kannske í ein 20 ár, þá mundi fljótt skorta umræðuefni, því þó að ég fari að segja frá því, ef ég breytti eitthvað til um kennsluaðferðir eða kennslubækur, eða þó ég tæki upp þann hátt að halda samræðufundi með nemendum, þá væri það ekki efni, sem hægt er að semja skemmtilegt útvarpserindi um. En svo mætti hæglega líta þannig á af almenningi, að sá embættismaður eða starfsmaður, sem þannig flytti 1 eða 2 erindi, en hætti síðan, að nú væri þessi maður orðinn stirður steingerfingur, sem ekki væri lengur hægt að hafa til þessa. Í þessu efni tel ég ekki lítinn vanda lagðan á herðar útvarpsráðs; en það er oft ekki lítill vandi jafnvel á leið smárra mála. Með nokkurri endurbót á þessu frv. get ég fallizt á, að eitthvað gott gæti upp af því sprottið.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að með frv. þessu er allmikill vandi lagður á herðar útvarpsráðs, sem full þörf er á, að réttilega og sanngjarnlega sé af hendi leystur; en á herðum útvarpsráðsins hvílir nú yfirleitt sá vandi að velja allt útvarpsefni, og hér mundi það einmitt beita sömu aðferð, að meta erindin og ráðfæra sig við fyrirlesarann.

Ég skal taka það fram, að það er sérstaklega ætlazt til, að fengin verði erindi um hin vaxandi kerfi í starfsemi þjóðfélagsins, sem eru bundin hraðfara þróun, svo sem vegamál, vitamál, símakerfi, útvarp og fleiri þvílíkar ríkisstofnanir.

Ég veit, að það er öðru máli að gegna með ýms önnur störf, svo sem eins og t. d. starf hv. 4. þm. Reykv. Og það var alveg rétt, sem hann sagði, að um það gæti verið nægilegt að fá 1 til 2 fyrirlestra, og hið sama gildir að sjálfsögðu um önnur hliðstæð efni, nema þá ef þau af einhverjum óvenjulegum ástæðum taka verulegum breytingum. Erindi um þesshättar störf væri þá ekki bundið við að halda á hverju ári, heldur með lengra millibili, því eins og ég hefi bent á, eru mörg önnur störf, sem árlega leggja til nýtt og nýtt efni.

Það er langt frá því, að ég ætli að halda því fram, að þetta frv. sé svo fullkomið, að ekki sé hægt að færa það til betra vegar, og ég er þakklátur fyrir hverjar þær brtt., sem miða til bóta, hvaðan sem þær koma.

Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. skal ég taka það fram, að ekki þótti rétt að takmarka frv. eingöngu við menn búsetta í Reykjavík, þó að hér séu hinsvegar búsettir langflestir þeir starfsmenn ríkisins, er líklegastir væru til þess að flytja þessi erindi, og þá fyrst og fremst þeir, er veita forstöðu hinum stóru vaxandi starfskerfum ríkisins.

Að öðru leyti þótti ekki sanngjarnt, að þeir, sem þyrftu að ferðast til Reykjavíkur í þessum erindum eftir áskorun útvarpsráðsins, væru látnir kosta ferðir

sínar, og þess vegna er sett það ákvæði í frv., að greiða þann kostnað eftir reikningi.

Ég get ekki gert neina áætlun um það, hversu mikill þessi kostnaður mundi verða, en það má gera ráð fyrir, að það kæmi aðeins örsjaldan fyrir, að starfsmenn ríkisins utan af landi yrðu þannig kvaddir hingað þessara erinda. Og áreiðanlega mundi sá kostnaður miklu meir en vinnast upp með þeim ókeypis erindum, er útvarpið fengi samkv. frv. — Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur þetta fullnægjandi svar, en að svo stöddu get ég ekki svarað nánar um þetta atriði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 48).

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. N. hefir átt tal við útvarpsstjóra um frv., og hefir orðið samkomulag um nokkrar breyt. á því. Höfuðbreytingin er sú, að menn þurfi ekki að koma hingað til Reykjavíkur til þess að flytja sjálfir erindi þau, er þeir samkv. þessu frv. eiga að flytja í útvarpið, heldur verði látið nægja, að þeir sendi erindin í handriti hingað og að starfsmenn útvarpsins annist um flutning þeirra. Sparast með þessu ferðakostnaður, sem annars kostar yrði að greiða höfundum erindanna. Ég geri ráð fyrir, að hér sé um svo sjálfsagða breyt. að ræða, að frv., svo breytt, gangi mótmælalaust í gegnum deildina.

ATKVGR.
Brtt. 48,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 48,2 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 48,3 (3. gr. falli burt) samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 58).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 58).
Á 21. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 170).

Frsm. (Pétur Magnússon): Eins og hv. þdm. mun vera kunnugt, á embættis- og starfsmönnum ríkisins eftir þessu frv. að vera skylt, ef útvarpsráðið óskar þess, að flytja eitt eða tvö erindi um þá stofnun eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu.

Allshn. Ed. hefir athugað frv. þetta og er sammála um, að rétt sé, að það nái fram að ganga. Taldi hún, að það gæti orðið til nokkurs fróðleiks fyrir almenning, að embættismenn gæfu slíka skýrslu, sem hér er farið fram á. Hinsvegar áleit n., að síðari málsgr. 1. gr. frv. væri óheppilega orðuð. N. áleit, að í orðunum: „Nú óskar aðili ekki að flytja erindið sjálfur" eigi að felast það, að hann óski þess að vera laus við að flytja það, en ekki, að hann ætli því aðeins að flytja erindið, að hann óskaði þess. Þetta áleit n. óheppilegt orðalag og flytur því brtt. á þskj. 170, sem er ekki annað en lagfæring á orðalaginu. Svo er framhald þessarar málsgr. eins og hún er í frv. nú. Það mátti ef til vill leggja þann skilning í hana, að embættismenn mættu fela einhverjum starfsmanni útvarpsins að semja erindi um starfsgrein þá eða stofnun, sem um er að ræða, og flytja það svo. En n. áleit sjálfsagt, að þótt embættismaður óskaði eftir, t. d. vegna fjarlægðar, að

vera laus við að flytja erindið sjálfur, þá ætti hann að semja það og senda það síðan útvarpsráðinu, sem felur svo einhverjum starfsmanna sinna að flytja erindið.

Að öðru leyti sá n. ekki ástæðu til að gera aths. við frv., og leggur hún því til, að það verði samþ. með þessari breyt.

ATKVGR.

Brtt. 170 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 202).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 202).

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 202, 272).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 272. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jónas Þorbergsson: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv. samkv. ósk útvarpsráðsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að lengd erindanna verði ákveðin 20 mínútur, og er það miðað við ákvæði, sem gilti á fyrsta starfsári útvarpsins. En þessi tími, 20 mínútur, reyndist yfirleitt of stuttur, og var því lengdur upp í 25 mínútur. Útvarpsráðið hefir því óskað, að í frv. væru ekki tilteknar 20 mínútur, heldur skuli lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi. Ég vona, að óþarfi sé að tala lengra mál fyrir þessari litlu brtt., og læt þetta því nægja.

ATKVGR.

Brtt. 272 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 286).

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 324).

---

24. Yfirsetukvennalög.

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á yfirsetukvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930 (þmfrv., A. 83).

Á 21. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég gat þess áðan í frs.-ræðu minni um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, að með því frv. er svo ákveðið, að fella skuli niður l. nr. 49, 4. júní 1924, um ljósmæðraskóla.

Í þeim l. er ein gr., sem ákveður, að áhöld til ljósmæðraumdæmanna úti um land skuli greidd úr ríkissjóði, og þar sem ekki virðist eðlilegt, að það ákvæði falli niður, en hinsvegar óviðeigandi að láta það standa eitt eftir í frv., og virðist heldur ekki geta átt heima í frv. um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, leyfir allshn. sér að leggja til, að sú gr. frv. verði færð yfir í yfirsetukvennalögin, þar sem hún virðist eiga betur heima.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 83).
Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 83, n. 188).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er flutt þar af allshn. Tilefnið er það, að fyrir þingið hefir verið lagt annað frv., um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, og með því frv. eru úr gildi numin lög frá 1924 um ljósmæðraskóla. En í þeim lögum er svo ákveðið, að ríkissjóður kosti áhöld skipaðra yfirsetukvenna. Nú þykir sjálfsagt, að það ákvæði haldist óbreytt í l., að ríkissjóður leggi til þessi áhöld; því er með þessu frv. farið fram á það, að þetta ákvæði sé fært inn í yfirsetukvennalögin frá 1930, til þess að þetta ákvæði standi ekki eitt eftir í l. um ljósmæðraskóla, eða falli burt.
Allshn. hefir fallizt á frv. og leggur til, að það sé samþ.
Ég skal geta þess, að þar sem þetta frv. er bundið við samþ. annars frv., sem liggur hér fyrir hv. d., og ætti því að ganga á undan, þá tel ég rétt, að þetta frv. sé ekki tekið til 3. umr. fyrr en hitt er gengið á undan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

---

25. Eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum.

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi** (þmfrv., A. 59).

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég bjóst við, að hæstv. atvmrh. mundi leggja fyrir þetta þing frv. til laga, er heimiluðu að taka eignarnámi lóðir og lendur þar, sem mannvirki hafa verið reist, en samkomulag ekki náðst um þær landspildur, er mannvirkin þurfa á að halda. Mér er kunnugt um, að vitamálastjóri hafði samið frv. um þetta efni, en þar sem helzt lítur út fyrir, að slíkt frv. komi ekki fram á þessu þingi, þá hefi ég leyft mér að bera fram tvö frv. um þessi efni, annað um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í kringum öldubrjótinn þar, en hitt um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal til afnota við starfrækslu bátabryggju þar á staðnum.
Við fyrra frv., eða það, sem hér liggur fyrir, er að athuga, að hreppsnefnd Hólshrepps fer fram á, að þó að landið í kring-

um brimbrjótinn í Bolungavík hafi hækkað í verði, síðan 1907, er byrjað var á þessu mannvirki, þá eigi landeigandi ekki að njóta þeirrar verðhækkunar, heldur er tilætlunin, að landið verði metið eftir því verðlagi, sem á því var áður en brimbrjótsbyggingin hækkaði það í verði.

Með 2. gr. frv. er tilskilið, að þau réttindi, sem Vatnsfjarðarkirkja hefir til uppsáturstolla af landinu, haldist óbreytt.

Það er mjög nauðsynlegt fyrir bæi og þorp að eignast lönd nálægt mannvirkjum þeim, sem reist eru til almenningsþarfa, enda hefir þingið skilið þessa þörf og jafnan vikizt vel við, er til þess hefir verið leitað um slík mál. Vona ég, að svo verði enn, og sé því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en læt þessa framsögu nægja fyrir báðum þessum frv. mínum. Óska ég svo, að bæði málin fái að ganga til 2. umr., og geri að till. minni, að þeim verði vísað til hv. allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 182).

Frsm. (Jón Ólafsson): Eins og nál. ber með sér, mælir n. eindregið með því, að frv. þetta verði samþ. N. lítur svo á, að Bolungavík sé nauðsynlegt að fá þetta uppsátur, sem frv. fer fram á. Hinsvegar leggur n. til, að 2. málsgr. 1. gr. falli niður. Þar er farið fram á, að mat á þessari landspildu skuli byggjast á því verðlagi, sem var á landinu, áður en öldubrjótsbyggingin hækkaði það í verði. Það er ekkert fordæmi fyrir því að fara svo langt aftur í tímann um grundvöll undir mat á landi og vafasamt, hvort þetta sé ekki beint brot á stjórnarskránni. N. leggur því til, að þetta sé heimilað á venjulegan hátt.

ATKVGR.
Brtt. 182 samþ. með 16:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 219).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 219).

Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 308).

Frsm. (Pétur Magnússon): Frv. þetta var flutt í Nd. af hv. þm. N.-Ísf. eftir ósk hreppsnefndarinnar í Hólshreppi. Ástæðan til þeirrar óskar er sú, að hreppurinn þarf að koma upp ýmsum mannvirkjum í nánd við brimbrjótinn í Bolungavík og þarf því að eignast lönd þau, er að honum liggja, en hefir ekki komizt að samkomulagi við eiganda þeirra. Eins og kunnugt er, þá hefir allmiklu fé verið eytt í brimbrjótinn, og er nauðsynlegt, að hann komi að sem beztum notum, en skilyrði þess er, að landið fáist keypt. Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 353).

26. Eignarnám á landspildu í Skeljavík.

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal (þmfrv., A. 60).

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 183).

Frsm. (Jón Ólafsson): Um þetta frv. er ekkert að segja frá n. hálfu; hún leggur einum rómi til, að það verði samþ. Það er svo um þetta mál, að það er hin mesta nauðsyn fyrir Hnífsdælinga og hafnarmannvirki þeirra, að landspilda sú í Skeljavík, sem um getur í frv., verði eign hreppsfélagsins. Vegna bryggjugerðar, sem nú er hafin, er enginn kostur að komast af án umræddrar landspildu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 60).

Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 307).

Frsm. (Pétur Magnússon): Það er líkt um þetta frv. farið og það, er næst var á undan á dagskránni. Hreppsnefndin í Eyrarhreppi hefir ráðizt í að gera alldýra bátabryggju í Hnífsdal. Hefir hún kostað um 80 þús. kr., að því er mér er sagt. Til þess að bryggjan komi að fullu gagni þarf að gera ýms mannvirki í landi, uppfyllingu, geymsluhús o. fl. Hreppnum er því nauðsynlegt að ná eignarhaldi á landinu í kringum bryggjuna. Það land er í sameign 7 manna; hefir náðst samkomulag við flesta, en kaupin hafa strandað á 2 eigenda, að því er mér er sagt.
Í frv. er farið fram á, að eignarnámið nái til 4000 □ m. Hreppsnefndin hafði í bréfi til flm. óskað eftir þessari stærð. Síðan hefir þetta reynzt vera misritun, þar átt að standa 40000 □ m. N. hefir haft tal af starfsmanni í vitamálaskrifstofunni, er athugað hefir staðháttu þarna, og gaf hann þær upplýsingar, að nægilegt mundi vera að láta heimildina ná til 25000 □ m. Með þeirri breyt. hefir n. því lagt til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 307 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 330, 339).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 339. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Brtt. á þskj. 339 er að sjálfsögðu aðeins lagfæring. N.

hafði sézt yfir, að það var ekki fram tekið í frv., að 25000 m² sé hámarksstærð, en þetta er að sjálfsögðu tilætlunin, en ekki hitt, að binda það ákveðið við spildu af þessari stærð. Ég vænti þá, að hv. dm. samþ. till., ef það þykir nauðsynlegt að bera hana undir atkv. á annað borð.

ATKVGR.
Brtt. 339 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 356).

Á 48. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 371).

---

27. Aðför.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19, 4. nóv. 1887, um aðför (þmfrv., A. 181).

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta litla frv. gengur í þá átt að hækka nokkuð þá upphæð, sem skuldunautur má taka frá, þegar aðför er gerð. Núgildandi lög um þetta efni eru frá árinu 1887, og hefir auðvitað verðgildi peninga mjög mikið breytzt síðan. Þar af leiðir, að sú upphæð, sem þá var leyft að undanskilja fjárnámi, er nú orðin hlægilega lág. Það er ekki mikið hægt að taka frá af nauðsynjum fyrir 120 kr., þegar um heimilisföður er að ræða, og fyrir 20 kr., þegar um mann er að ræða, sem ekki hefir fyrir heimili að sjá. Er því nauðsynlegt að færa þessar upphæðir í samræmi við það verðlag, sem nú er. N. hefir orðið ásátt um að leggja til, að þeir, sem ekki hafa fyrir heimili að sjá, megi undanskilja fjárnámi 100 kr. virði, en heimilisfeður 500 kr. virði, og auk þess 100 kr. fyrir hvert barn, sem hlutaðeigandi hefir á framfæri. Þar að auki er gert ráð fyrir bæði í núgildandi lögum og frv., að skuldunautur megi halda eftir sængurfötum og öðrum nauðsynlegum fatnaði.

Það getur verið álitamál, hvað langt eigi að ganga í þessu efni og hvort n. fer nægilega langt með þessu frv. Um það má alltaf deila.

Ástæðan til þess, að n. ber þetta frv. fram nú, er sú, að málið var tekið til athugunar á nýafstöðnu búnaðarþingi. Þar var ákveðið að leggja til, að frv., sem gengur nokkuð lengra en þetta, yrði lagt fyrir Alþingi. En landbn. sá sér ekki fært að fara lengra en hér er gert ráð fyrir. Jafnframt leggur n. til, að við aðför vegna skatta og opinberra gjalda skuli ákvæði frv. ekki gilda, eins og er eftir gildandi lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 181).

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 335).

Frsm. (Pétur Magnússon): Í 27. gr. aðfararlaganna frá 1887 er svo fyrir mælt, að skuldunautur hafi rétt til að undanþiggja fjárnámi, auk rúmfata, sem nauðsynleg eru sjálfum honum, konu hans og börnum, 120 kr. virði, ef hann hefir fyrir fjölskyldu að sjá, en 20 kr., ef hann er einhleypingur. Þetta ákvæði er sett í lögin til þess að reyna að fyrirbyggja það, að maður verði ófær til að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni, þótt svo hafi farið fyrir honum, að hann hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar. Ég þarf ekki að lýsa því, að frá því að lögin voru sett 1887, hefir orðið mikil breyt. á öllu verðlagi. Sú upphæð, sem þá þótti sæmileg, hefir nú svo litla þýðingu, að telja má, að maður standi uppi slyppur og snauður, þó að taka megi frá þessa upphæð. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 181, fer fram á að gera breyt. á þessu, og liggur sú breyt. í því, að hækkuð er upphæðin, sem skuldunaut er heimilt að halda eftir við fjárnám. Auk þess er ætlazt til, að nokkurt tillit sé tekið til þess, hve stórri fjölskyldu hann hefir fyrir að sjá. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi upphæð megi nema 500 kr. að virðingarverði, ef skuldunautur á fyrir heimili að sjá, og auk þess 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ég efa það ekki, að það geti talizt álitamál, hvort hér sé rétt stefnt. Ég get hugsað mér, að sumum finnist, að hér sé verið að ýta undir það, að menn geri ekki sitt ýtrasta um að standa við þær skuldbindingar, sem þeir hafa á sig tekið. En hér er þó ekki nema um litla, eða jafnvel frá vissu sjónarmiði séð enga breyt. að ræða. Þessar 500 kr., eða 500 kr. verðmæti í munum, hafa sízt meira notagildi en 120 kr. virði í munum þegar l. voru sett. Er þetta því í raun og veru engin breyt. frá því, sem upphaflega var tilgangur laganna, en hann er sá, að tryggja rétt þeirra manna, er ekki geta staðið við skuldbindingar sínar, til þess að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni. Landbn. hefir sent nál. og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 380).

---

28. Hvalveiðar.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 72, 7. maí 1928, um hvalveiðar (þmfrv., A. 114)..

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bergur Jónsson): Eins og sést á grg. þessa frv., þá hefir íslenzku félagi verið veitt leyfi til hvalveiða hér við land 10 ár samkvæmt l. frá 1928. Þessi atvinnurekstur heimtar mikið rekstrarfé, og því hefir félagið ekki ennþá getað byrjað þennan atvinnurekstur, sökum fjárskorts. Nú er útlit fyrir, að félagið geti komizt í samband við norskt hvalveiðafélag, svo að nú væri unnt að hefjast handa á næsta vori. En útlenda félagið hefir sett það skilyrði, að það fái að nota sín skip til veiðanna, en ef þetta fyrirtæki tekst sæmilega, ætlar félagið sér að kaupa skipin og flytja þau inn í landið.

Eins og sést á 1. gr. frv., er undanþágan mjög takmörkuð, nær aðeins til 3 skipa í 1½ ár, svo að það er áhættulaust að veita þessa undanþágu, en aftur á móti

væri það eftirsóknarvert, ef hægt væri að hefja þennan atvinnurekstur hér á landi, þegar atvinnuvegir landsmanna berjast í bökkum og atvinnuleysi þjáir verkalýðinn í landinu. Ég vona því, að frv. verði vel tekið og legg til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vildi mælast til, að hæstv. forseti tæki málið af dagskrá að þessu sinni. Ég hafði því miður ekki tekið eftir, að það var á dagskránni, og er því vanbúinn að mæla fyrir því.

Forseti (JörB): Samkv. ósk hv. frsm. tek ég málið hér með af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 114, n. 204).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Sjútvn. hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. Frv. er þess efnis, að íslenzku hvalveiðafélagi sé veitt leyfi til að mega taka á leigu þrjú erlend skip til hvalveiða yfirstandandi ár og hið næsta. Félagið hefir ekki enn getað hafið atvinnurekstur sinn, vegna fjárskorts, enda mun þurfa a. m. k. ½ millj. kr. til þess, ef kaupa þyrfti veiðiskip og koma upp hvalveiðastöð. En fái félagið leyfi til að taka skip þessi á leigu, sparar það því að mestu að leggja fé í þessa tilraun nýs innlends atvinnurekstrar, sem vel getur misheppnazt. Sýni reynslan hinsvegar, að hér sé um atvinnurekstur að ræða, sem geti borgað sig, er tilætlunin, að félagið reki starfsemi sína með eigin skipum framvegis. Þótt nokkurt fé fari að vísu út úr landinu í skipaleigu o. fl. á meðan leigutíminn varir, er þess að gæta, að félagið greiðir útflutningsgjöld af framleiðslu sinni í ríkissjóð, svo og skatta og útsvar, og veitir auk þess nokkra atvinnu. Þetta er nýr atvinnurekstur, sem ekki þyngir á íslenzkum markaði, svo að hér er allt öðru máli að gegna en ef leyft væri að nota erlend skip til síldveiða. Sjútvn. hefir því litið svo á, að hættulaust væri með öllu að veita leyfi þetta í tvö ár og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14: 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 114).
Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, n. 342).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta fer fram á að veita h/f „Drekanum", sem fengið hefir sérleyfi til hvalveiða hér við land samkvæmt l. um hvalveiðar frá 1928, undanþágu frá ákvæðum þeirra laga, þannig, að félaginu sé heimilt á árunum 1932 og 1933 að nota 3 erlend skip til veiðanna.

Það er nú svo með þetta félag, að það hefir ekki enn getað byrjað starfsemi sína, og eins og nú lítur út, er því það ekki kleift, nema því aðeins, að það fái heimild til að nota erlend skip til þess-

ara veiða, og þá aðallega norsk, eins og þetta frv. fer fram á. Í hv. Nd. var frv. samþ. mótatkvæðalaust.

Sjútvn. sér ekki ástæðu til að leggja á móti því, að þessi undanþága verði veitt, og telur, eins og nú er ástatt um atvinnu í landinu, æskilegt, að félagið geti hafið starfsemi sína, og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 392).

---

29. Ríkisskattanefnd.

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisskattanefnd (þmfrv. A. 55).

Á 19. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Frv. það, sem hér er á dagskrá, er flutt eftir beiðni hæstv. fjmrh. af meiri hl. fjhn. Það voru að vísu ekki allir nm. á fundi, þegar málið var afgr., en ekki kom upp neinn ágreiningur um það, hvort flytja ætti frv.

Að hugsun og efni til er frv. þetta gamalkunnugt mál hér á Alþingi. Oft hefir verið um það rætt, að nauðsyn bæri til þess að setja allsherjareftirlit með skattaframtali landsmanna. Frv. er að efni til að mestu leyti sniðið eftir till. mþn. í skattamálum í frv. þeim, sem afgr. voru um tekjuskatt og eignarskatt frá báðum nefndarhlutunum. Í n. var enginn ágreiningur um það, að setja bæri á stofn þetta yfireftirlit, og má því vænta þess, að ekki þurfi að verða verulegur ágreiningur manna á milli um málið og að menn falist yfirleitt á það, að nauðsyn sé á þessu eftirliti með skattaframtali og skattákvörðun landsmanna.

Með frv. fylgdi ýtarleg grg. frá fjmrh. Ég geri ráð fyrir, að menn muni hafa kynnt sér hana og sé því frekari framsaga í málinu óþörf.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég var í þeim minni hl. n., sem ekki óskaði eftir að flytja þetta frv.; en það var rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að það var ekki beinlínis út af ágreiningi um efni frv., að ég tók þessa afstöðu.

Ég býst við, að það gæti komið til mála, að ég vildi stuðla að því, að á einhvern hátt væri hægt að ná þessum tilgangi, sem ætlazt er til með frv. En að við í minni hl. vildum ekki vera með í því að flytja frv., kom sérstaklega til af því, að við töldum ekki rétt, nú á þessum tímum, þegar bornar eru fram till. um að fækka heldur launamönnum og lækka á þeim, sem halda verður, að stofna til nýrra launagreiðslna eins og þessi n. myndi að sjálfsögðu hafa í för með sér. Ég skal geta þess strax, að þar sem við, af þessum ástæðum, ekki óskuðum eftir að vera með í flutningi frv., lögðum við auðvitað ekki neina vinnu í að gagnrýna það eða athuga, hvort við vildum, ef til kæmi, hafa það í þessari mynd eða einhvern veginn öðruvísi.

Það mætti segja, að tilgangurinn með þessari n. væri sá, að þeir skattar, sem hér um ræðir, yrðu þeim mun drýgri í ríkissjóði, þar sem hún sæi betur um, að l. yrði framfylgt. En þó er ég ekki viss um, að svo yrði, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Ég geri ráð fyrir því, að talsverð undirbúningsvinna yrði að fara fram áður en n. gæti tekið til starfa, og ég álít ekki heppilegt að hefja slíkt starf á þessum erfiðu tímum.

Ég finn svo ekki ástæðu til að tefja hv. d. með frekari umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég þakka hv. meiri hl. n. fyrir það, að hafa tekið þetta frv. að sér til flutnings. Ég þakka líka hv. minni hl. n. fyrir það,

að hafa ekki sterkari ástæður á móti frv. en hér hafa verið fram bornar.

Hv. minni hl. hefir greint frá því, að frv. þetta myndi orka því, að skattar til ríkissjóðsins yrðu drýgri en ella. Það hefir oft verið lögð áherzla á það, sérstaklega af fulltrúum Reykv., að niðurjöfnun þessara skatta væri ekki í fullu samræmi um land allt, heldur yrði Rvík þar harðast úti. Ég tel víst, af þeim kunnugleikum og þeirri afspurn, sem ég hefi af skattanefndum, og þá sérstaklega frá skattstofunni hér í Reykjavík, að það myndi muna þó nokkru frá því, sem nú er, ef slík n. yrði sett á stofn. Þó yrði n. þessi ekki einungis sett vegna ríkissjóðs, heldur engu síður vegna jafnréttis þegnanna í þessum greinum. Og sú ráðstöfun, sem tryggir slíkt jafnrétti, hefði gjarnan mátt koma fyrr. Ég hygg einnig, að enginn flokkur, ekki heldur stj.flokkur, myndi æskja þess, að úrskurðarvaldið í þeim málum verði lengur í höndum ráðuneytisins. Það er óeðlilegt og aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Ég hafði hugsað mér, að andstöðuflokkar stj. myndu e. t. v. enn frekar en stj.flokkurinn æskja eftir slíkri n., sem yrði nokkurskonar dómstóll í málum þessum í stað ráðuneytisins. Af rökum þeim, sem fram hafa komið í ræðu hv. frsm., og þá sérstaklega því, að mþn. í skattamálum hefir mælt með frv. því, sem hér er lagt fram, þykist ég sjá, að frv. muni fá góða afgreiðslu á þinginu.

Pétur Ottesen: Ég held, að ýmislegt í þessu frv. um skipun ríkisskattanefndar geti orkað tvímælis. Ég hafði satt að segja ekki búizt við því, að á þessu þingi yrðu borin fram jafnmörg frv. eins og raun er á orðin, sem fara fram á stofnun nýrra embætta eða sýslana. En þau eru, að ég ætla, orðin æðimörg. T. d. má benda á frv. um erfðaleigulönd. Þar er gert ráð fyrir, að stofnað sé eitt embætti. Hér er einnig fram komið frv. um lax- og silungsveiði. Þar á einnig að stofna eitt embætti og skipa eina n., og auk þess marga eftirlitsmenn. Af þessu leiðir vitanlega mikinn kostnað bæði fyrir ríkissjóð og aðra þá aðila, sem eiga að bera uppi kostnaðarhlið málsins. Gert er ráð fyrir að setja á stofn eftirlit með rafveitum, og afleiðingin af því er eitt embætti. Og svo er þetta frv. um ríkisskattan., þar sem gert er ráð fyrir stofnun þriggja nýrra embætta, og hinsvegar gert ráð fyrir því, að n. þessi þurfi að fá töluvert meiri starfskrafta en frá nm. sjálfum. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að þessir nm., eða þeir menn, sem n. þóknast að velja til þess, ferðist um landið þvert og endilangt og athugi og skoði gerðir undirskattanefnda og yfirskattanefnda, og auk þess hafa þeir heimild til þess að krefja hvern einstakan skattþegn sagna um hag sinn allan, eftir því sem þeim þýður við að horfa. Með þessu er því áreiðanlega stofnað til mikils kostnaðar frá því, sem nú er. En þetta á sýnilega að vinna aftur á þann hátt að ná inn meiri skatti samkv. l. um tekju- og eignarskatt heldur en nú flýtur inn í ríkissjóðinn, með þeirri framkvæmd og tilhögun, sem nú er um þessa hluti.

Það er löngum mælt, að Reykjavíkurbúar greiði meginhluta þessara skatta, en lítill hluti komi frá öðrum landshlutum, þó einkum sveitunum. Og mér virðist, að þeir menn, sem viðhafa slíkar orðræður, reki orsakirnar til þess, hve ábótavant sé um framtöl manna úti um byggðir landsins. En nánari athugun mun leiða það í ljós, að orsakirnar að því er sveitirnar snertir liggja í hinu, hve búskapurinn hefir reynzt hin síðari ár arðlítill og erfiður. Það er fullvíst, að með þessari skattalöggjöf verður ekki unnt að fá meira úr sveitunum en nú kemur þaðan.

Í þessu frv. eru sett ákvæði um það, að a. m. k. tveir af þeim mönnum, sem skipaðir verða í þessa skattan., hafi þekkingu á landbúnaði og sjávarútvegi. Í þessu á víst að felast aukin trygging fyrir því, að þessir menn séu starfinu vaxnir. Mér virðist það torskilið, að maður, sem fengizt hefir við sjávarútveg eða búskap áður en hann fluttist til Reykjavíkur, hefði við það eitt að vera búsettur hér í bænum aflað sér meiri þekkingar á þessum málum en menn þeir úti um land, sem nú eiga að fjalla um þessi mál og taka sjálfir þátt í atvinnurekstrinum. Ég held því um þá menn, sem þannig á að fara að setja til höfuðs skattþegnum og skattan. úti um land, að það þurfi ekki að gera ráð fyrir því, að þeir hafi neitt meira vit á þessari

grein atvinnurekstrarins en þeir menn, sem nú hafa þessi mál með höndum bæði til sjávar og sveita.

Í núgildandi skattalögum er skattan. fengið mjög mikið vald í hendur til þess að rannsaka efnahag manna og skyggnast inn í hvern krók, þar sem hugsanlegt er, að menn varðveiti eitthvað af þeirri uppskeru, sem þeim hefir auðnazt að afla sér í sveita síns andlitis. Vel má vera, að þetta sé nauðsynlegt til þess að fá eðlilegan grundvöll undir réttlátt skattaframtal. Ég vil ekki mæla slíku í gegn, þótt þetta sé alltaf töluvert viðkvæmt mál, og varhugavert í sumum tilfellum fyrir ríkissjóð að ganga mjög ríkt eftir slíkum hlutum. Þennan rétt á nú að yfirfæra til þessarar fyrirhuguðu yfirskattan., og ekki einungis til hennar, heldur einnig til þeirra manna, sem henni þóknast að láta hafa slíka rannsókn með höndum. En það, sem ég vildi vekja athygli hv. fjhn. á, er, að jafnframt því sem yfirskattan. á að fá þennan rétt á hún að taka á sig þagnarskyldu, en ég sé þess hvergi merki, að slík þagnarskylda sé lögð á herðar þeirra manna, sem n. getur látið hefja slíkar rannsóknir. Ég hefi verið að athuga þetta í frv., en get ekki séð, að menn þessir séu bundnir neinu þagnarheiti hvað þetta snertir. Samkv. 8. gr. frv. nær þagnarskyldan einungis til nm., en ekki þessara manna. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt, og ef það er rétt, sem mér hefir skilizt, þá þarf að breyta því þannig, að þeir séu líka bundnir þagnarheiti, sem sé trygging fyrir því, að þeir misnoti ekki þá aðstöðu um kunnugleika á efnahag manna, sem þeir öðlast við þetta starf.

Ég held, að eins og nú standa sakir, og raunar þótt betur blési, gæti það orkað tvímælis, hvort rétt er eða í nokkurn máta raunhæft að hleypa af stokkunum slíku nefndarbákni sem gert er ráð fyrir, að þetta verði, þar sem ætlazt er til, að gerður verði út leiðangur manna um sveitir og hreppa landsins í þeim tilgangi að athuga gerðir undir- og yfirskattan., og jafnframt skattþegnanna sjálfra. Ég er sannfærður um, að sá mikli munur á því, hverjar tekjur fást í ríkissjóðinn með þessum skatti t. d. hér í Reykjavík og e. t. v. öðrum kaupstöðum landsins annarsvegar og sveitunum hinsvegar, hann liggur í því, hvað sá atvinnurekstur, sem menn stunda í sveitum, gefur tiltölulega litlar tekjur. Þótt menn hafi allmikið umleikis í sveitunum, þá fer það að mestu leyti í kostnað og útgjöld, en afgangurinn verður minni en skyldi.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég er ekki sammála hv. þm. Borgf. um það, að það sé í sjálfu sér ekki þörf á að samræma þetta um land allt, en ég skal ekki fara neitt út í að ræða það við hann. Það, sem ég álít í þessu máli, er það, að eins og nú standa sakir eigi að skipa þessum málum á annan veg. En svo að ég víki að því, sem hæstv. fjmrh. vék að minni hl. n., þá finnst mér óþarfi af honum, sem hann gerir reyndar nokkuð oft, ef hann er ekki sammála einhverju, þá telur hann, að ástæður andstæðinganna séu svo lítilfjörlegar, að ekki beri að taka þær til greina. Mér fannst það óþarfi af hæstv. fjmrh. að gera lítið út röksemdafærslu minni hl. Ástæðurnar fyrir þeirri ósk, að þessi n. sé ekki skipuð nú, eru allveigamiklar. Það eru t. d. ekki miklar líkur til, að þessi n. hefði mikið upp úr tekjuskattinum, eins og nú lætur í ári. Líklegast er, að n. hefði ekki annað en aukakostnað í för með sér eins og stendur.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að við viljum gjarnan losna við núv. stj., og það sem fyrst. En þegar lög sem þessi eru sett, eru þau auðvitað ekki miðuð við þá stj., er situr að völdum í það skiptið, heldur landsstjórnina yfirleitt.

En um skipun n. hlýtur að miðast við núv. stj., og reynslan af embættaveitingum hennar og bitlingagjöfum gefur sannarlega tilefni til að ugga um óhlutdrægni í nefndarskipuninni. Fjmrh. á að vísu að skipa n., og getur hann e. t. v. sagt, að reynslan af sér sé betri. En reynslan af honum í þessu efni er satt að segja engin, og því er afsakanlegt, þótt maður sé dálítið hræddur. Þetta er þó aukaástæða, en aðalástæðan er sú, að ég tel ekki rétt að íþyngja ríkissjóði að óþörfu.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi áður látið í ljós, að ég teldi nauðsynlegt að hafa landsyfirskattanefnd, og sú skoðun

mín er óbreytt. En ég tel þann tíma, sem nú stendur yfir, mjög óheppilegan til að setja hana á stofn. En þar sem ég sé enga kostnaðaráætlun, vildi ég þó spyrja hæstv. fjmrh., hvað hann áætli, að frv. hafi minnstan kostnað í för með sér. Í 4. gr. frv. er n. gefinn allt of laus taumur um ferðalög nefndarmanna, og er ófyrirsjáanlegt, hvílíkan kostnað getur af því leitt. Í 4. gr. segir: „Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til". Skilst mér, að átt sé við, þegar nm. sjálfum þykir ástæða til. Þetta er allt of rúmt og getur orðið ríkissjóði þung byrði áður en lýkur. Ég vildi einnig mælast til, að hæstv. fjmrh. upplýsti, hvað hann teldi hæfilega borgun fyrir störf nm. auk ferðakostnaðar Það er ekki af tortryggni við hæstv. fjmrh., að ég spyr að þessu, heldur af því, að ég hefi séð þess dæmi í tíð núv. stj., að mynduð hafa verið mörg hálaunuð embætti út af heimildum Alþingis, þar sem enginn kostnaður var áætlaður. Má t. d. benda á bifreiðaeftirlitið. Nú hafa þrír fastir menn það með höndum, en það var áreiðanlega ekki tilætlun Alþingis. Sama má segja um vélaeftirlitið. Því er full ástæða til að vera varfærinn um slíkar heimildir.

Ég vil benda á, að í 6. gr. stendur: „og ennfremur hefir nefndin ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana". Hér er gengið feti framar en í gildandi lögum, þar sem hægt er að heimta af bönkum og sparisjóðum, að þeir gefi upp innieignir manna. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. hafi tekið eftir því, hve bönkum og sparisjóðum er illa við þetta ákvæði, og nær það þó allmiklu skemmra en ákvæðið í frv. þessu.

Að mínu áliti er langbezta aðferðin sú, að bankar og sparisjóðir taki sjálfir þennan skatt af innieign manna og greiði í ríkissjóð.

Eins og ég hefi þegar sagt, væri mér kært að heyra, hve háan hæstv. ráðh. áætlar kostnaðinn. Ég býst við, að hann sé mér sammála um, að forðast beri hvers eyris kostnað í slíku árferði sem nú er.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég ætla fyrst að svara hv. 2. þm. Skagf. út af 6. gr. frv. Ég get ekki séð, að hér sé gengið lengra en í gildandi lögum, en gæti þó fallizt á, að ekki sé vert að beita ákvæðinu þannig ár eftir ár, að bankar og sparisjóðir sendu skýrslu um hvern einstakling. En frá hinu er ekki hægt að falla, að skatta- og yfirskattanefndum sé í einstaka tilfellum heimilt að rannsaka bækur banka og sparisjóða eins og hvers annars gjaldþegns. Hér er ekki verið að fara fram á annað. Ég veit, að bönkum hefir verið illa við að gefa upplýsingar um alla viðskiptamenn sína, en ekki við það, þótt þeir hafi orðið að gera það í einstökum tilfellum. Enda er þetta varúðarákvæði til eftirlits í gildi í öllum löndum.

Þessi nefnd á að vera nokkurskonar hæstiréttur í þeim skattamálum, sem ekki eru svo vaxin að öðru leyti, að þau falli undir dómstólana. Dómstólseðli hennar krefst þess, að hún hafi aðgang að öllum gögnum.

Um kostnað við n. get ég ekki sagt með fullri vissu. Aukakostnaður við skattstofuna yrði ekki teljandi. Um aukakostnað við ferðalög færi eftir því, hve staðaeftirlit yrði mikið. Mætti og bæta því inn í lögin, að þessi kostnaður sé greiddur eftir því sem á hverjum tíma er ákveðið í fjárlögum. Um laun hvers nm. færi eftir því, hvort einn væri formaður eða allir jafnir. En ekki álít ég, að launin þyrftu að fara fram úr 3000 kr. á ári, eða 1000 kr. á mann. Ef ég get fengið nýjar upplýsingar um þetta atriði, mun ég geta þeirra við næstu umr. Einkum getur verið óviss kostnaður við ferðalög nefndarmanna.

Hitt álít ég fjarri sanni, að árferðið gefi tilefni til að spara í þessu efni. Ég tel þvert á móti, að við megum ekki láta undir höfuð leggjast að setja slík lög sem þessi í svona árferði. Við erum alls ekki svo efnum búnir, að við megum við því að kasta frá okkur þeirri tekjuvon, sem af frv. þessu er, því að ég er ekki í minnsta vafa um, að af því verður meiri hagnaður en kostnaður. Annars get ég nefnt mörg dæmi þessu til sönnunar, m. a. útlendan verzlunarrekstur hér, sem slapp við svo ríflegan tekjuskatt, að hann myndi hafa nægt til þess að greiða kostnaðinn af þessari nefnd um langt skeið. Ég hefi ennfremur rekið mig á annað

dæmi, þar sem um var að ræða tvö erlend fyrirtæki með líkri aðstöðu. Annað starfaði hér og það varð að greiða skatt, en hitt starfaði úti á landi, en það slapp við skatt. Slík tilfelli sem þetta eru ekkert undarleg, því að þess er beinlínis ekki að vænta, að skattanefndir í smáhéruðum hafi eins mikið bein í nefi til þess að standa á móti ofríki erlendra umboðsmanna eins og t. d. skattstofan hér.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri varhugavert að láta skipun þessarar nefndar í hendur núv. stj. Það væri sök sér, ef hans flokkur ætti að ráða henni. Að n. þessi eigi að vera pólitísk, mótmæli ég algerlega, og ef ég ætti að skipa í hana, myndi ég skipa í hana líkt og ég væri að skipa í hæstarétt, því að ég tel nauðsynlegt, að sem flestir væru ánægðir með hana. Ég get vel gengið inn á, að tekjuskatturinn verði minni í ár en hann hefir verið að undanförnu, en ég tel engar líkur til þess, að hann ásamt eignarskattinum fari, eftir þeim lögum, sem nú gilda, niður úr 900 þús. kr. Er það vissulega hlutur, sem ekki er ástæðulaust að athuga, gagnvart gjaldþegnunum engu síður en ríkissjóði.

Eins og ég tók fram áðan, geri ég fastlega ráð fyrir, að meiri tekjur verði af frv. þessu en kostnaður, því að það er víst, að framtal til tekju- og eignarskatts er hvergi meira en vera ber; sú hliðin þarf því ekki verndar við. Það mun því sérstaklega verða starf n. þessarar að athuga þá hlið þessa máls, sem að ríkissjóði snýr. Þó geri ég alls ekki ráð fyrir neinum stórum herleiðingum gegn skattræningjum, eins og hv. þm. Borgf. var að tala um. (PO: Frv. gerir ráð fyrir því). Já, hv. þm. les frv. þetta með svo undarlegum gleraugum, að í augum hans verður það allt öðruvísi en það á að vera, og allt öðruvísi en aðrir skilja það. Þannig sér þessi hv. þm. t. d. alstaðar hættur af því, sem enginn annar sér.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að bóndi, sem flytti hingað til Reykjavíkur, hefði engu meiri skilyrði til þess að dæma um afkomu þeirra, sem halda áfram búskapnum, heldur en áður. Þetta má vel vera rétt hvað búskap áhrærir, en er alls ekki rétt eða sambærilegt um skattaálögur og skattakærur. Því verður ekki í móti mælt, að sá, sem setur sig inn í þessi mál, hlýtur að verða færari um að dæma um þau en sá, sem lítið eða ekkert kynnir sér þau.

Að vera að tala um embætti í þessu sambandi, eins og hv. þm. Borgf. gerði, er alls ekki rétt. Slíkt er aðeins til þess að vekja óhug og andúð gegn málinu. Hér er einungis um að ræða lítið starf fyrir 3 menn, sem í hæsta lagi getur svarað til hálfs embættis eins manns. Það er því ekki kostnaðarhliðin, sem getur fælt menn frá að fylgja máli þessu, og það er heldur ekki hægt að færa fram sem ástæðu gegn því, að slík lög sem þessi eigi ekki að setja á vondum og erfiðum tímum jafnt sem góðum, þar sem hér er áreiðanlega um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, en ekki eyðslu. Ég vænti því, að hv. þm. Borgf. sýni nú hinn mikla sparnaðarhug sinn, sem hann er alltaf að tala um, og fylgi frv. á þeim grundvelli, sem það liggur fyrir.

Hannes Jónsson: Hæstv. fjmrh. var að tala um undarleg gleraugu, sem hann taldi hv. þm. Borgf. lesa frv. þetta með, gleraugu, sem svo mjög villtu honum sýn, að hann sæi í raun og veru allt annað en það rétta. Ég fyrir mitt leyti held, að hæstv. fjmrh. ætti sem minnst að tala um slík gleraugu, því að ég fæ ekki betur séð en að hann hafi sjálfur einhver undarleg gleraugu, þegar hann horfir á ríkissjóðinn, og mér er næst að halda, að þau séu á þann veg, að annað augað sé smækkunargler, en hitt stækkunargler. Smækkunarglerið virðist hæstv. ráðh. svo nota, þegar hann lítur á gjöldin, en stækkunarglerið aftur, þegar hann lítur á tekjurnar, og sem dæmi þess má nefna fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, því að það er öldungis víst, að tekjur þær, sem þar eru áætlaðar, ná engri átt, — svo ríflega eru þær áætlaðar.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir 1000 kr. til hvers nm. Hér er ekki vafi á, að hæstv. ráðh. hefir horft í gegnum smækkunarglerið, þegar hann ákvað þessa upphæð, þar sem hann ætlar mönnum þessum að ferðast um landið og leiðbeina og samræma skattinn. Annars vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það er ekki svo þægilegt að finna út þetta samræmi, sem hann

er alltaf að tala um, því að hann getur ímyndað sér, að eins og t. d. sauðfé og nautpeningur er ekki alstaðar á landinu í sama verðgildi, eins hlýtur skattaálagning að vera misjöfn í hinum ýmsu landshlutum. Það þarf því ekki að láta sér detta í hug, að þetta sé eins einfalt mál eins og sumir ætla, og ég veit hreint ekki, hvort það verður til að draga úr kostnaðinum við þetta eftirlit, að láta þá, sem eiga að hafa það á hendi, vera héðan úr Reykjavík, því að reynslan hefir sýnt, að Reykvíkingar kunna að búa út reikninga engu síður en aðrir. Þannig man ég t. d. eftir einum ferðakostnaðarreikningi, þar sem ferðakostnaðurinn var reiknaður 100 kr. á dag, og þar sem ferðin stóð yfir í 50 daga, þá geta allir séð, hvort reikningurinn hefir ekki verið allálitlegur. Þó að menn þeir, sem frv. þetta ræðir um, reikni sér nú ekki 100 kr. á dag, þá býst ég samt við, að ferðakostnaður þeirra verði þó alltaf eitthvað hærri en launin.

Þó að landsskattanefnd þessi verði nú sett á laggirnar, þá fæ ég ekki séð, að nein trygging sé fyrir því, að fullt samræmi fáist á milli skattaálagninga alstaðar á landinu, því að til þess yrðu að koma fram kærur sem víðast að, því að ef hún ætti að gera þetta án þess, yrði kostnaðurinn við hana miklu meira en gert hefir verið ráð fyrir. Ég hygg því, að úr þessu verði ekki bætt á þennan hátt, ef stjórnarráðið treystir sér ekki til þess að hafa á hendi úrskurðarvald í þessum málum, þá verði að leita annara úrræða en þessara.

Eins og ég er búinn að taka fram, þá sé ég ekki ástæðu til á þessum tímum að bera fram slíkar kröfur sem þessar, og mér finnst, að það ætti frekar að vera verkefni hæstv. fjmrh. að bera fram tillögur, sem draga úr útgjöldum ríkissjóðs, heldur en bera fram till., sem miða að því að auka nýjar álögur. Að þessu öllu athuguðu mun ég ekki greiða atkv. með frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er líkt um þá hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf., að þeir leggjast báðir á móti frv. þessu og nota báðir sömu gleraugun, gleraugu, sem þeir sjá með allt annað heldur en aðrir sjá, og forðast báðir að nefna hina raunverulegu ástæðu, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, þá brýnu þörf, sem á því er að samræma skattaálagningu í hinum ýmsu héruðum landsins. Heldur gera þessir hv. þm. helzt ráð fyrir því, að menn eigi að ferðast um landið í stórum flokkum til þess að kenna mönnum að útfylla skattskýrslur o. fl.

Sé ég svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar, en að síðustu vil ég taka það fram, að eins og verðgildi sauða og nauta er misjafnt í hinum ýmsu héruðum landsins, eins getur verðgildi hinna hv. þm. verið mismunandi hér á Alþingi.

Magnús Guðmundsson: Ég get sagt það, að mér þykir hressandi að heyra hv. þm. V.-Húnv. segja stj. til syndanna, en hv. þm. hefði átt að gera það fyrr, og ef hann vill vera réttlátur í skeytum sínum, þá á hann að senda miklu fleiri og stærri skot, — og þá jafnframt í aðrar áttir.

Að því er snertir svör hæstv. fjmrh., þá líka mér þau vel. Það er alveg rétt að ákveða í fjárl., hve miklu fé má verja í þessu skyni, en það verður jafnframt að fara eftir því. En eins og kunnugt er, hefir viljað verða misbrestur á því nú á síðari árum, að farið væri eftir ákvæðum fjárl., en um það saka ég ekki hæstv. núv. fjmrh., því að hann hefir skemmstan tímann farið með völdin.

Laun nm., 1000 kr. til hvers, sé ég ekki ástæðu til að gera sérstaklega að umtalsefni, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel ekki rétt að bæta útgjöldum á ríkissjóð eins og nú standa sakir, og í því efni er ég á móti hæstv. fjmrh., þó að ég hinsvegar viðurkenni, að 3000 kr. gera ekki mikið, hvorki til né frá.

Verði það úr, að n. þessi taki til starfa, þá er það alveg rétt, að hún taki fyrir dálítil svæði af landinu árlega, en ákveði ekki fyrirfram, hvaða svæði verði tekin það og það árið.

Pétur Ottesen: Hv. þm. V.-Húnv. hefir að mínu viti gefið rétta og skýra og skorinorða lýsingu á því, hvernig hæstv. fjmrh. lítur á hinar ýmsu greinar fjármálanna. Er það mjög á annan veg en hægt er að ætlast til, að maður í slíkri stöðu geri, og þá allra helzt á þessum tímum.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að í

ræðu minni hefði falizt áreitni til sín, en það er hreinn misskilningur. Ég er alltaf reiðubúinn að hjálpa til að koma fjárhag ríkissjóðs upp úr því sökkvandi feni, sem hann er nú kominn í, vegna hinnar frámunalegu fjármálastjórnar, sem ríkt hefir undanfarin ár. Hæstv. ráðh. hefir því ekki tekið þessari viðleitni eins og honum bar.

Ég held, að það hafi verið þörf hugvekja, sem hæstv. fjmrh. fékk áðan hjá flokksbróður sínum, hv. þm. V.-Húnv., og væri vel, ef hún vekti hann til frekari umhugsunar um þessi efni.

Hæstv. fjmrh. hefir gert lítið úr þeim kostnaði, sem leiða mundi af þessu frv. Slík svör frá stj. hafa nú verið margendurtekin á síðustu árum, þegar hún hefir verið spurð, hve þetta og þetta embætti mundi kosta, sem hún hefir viljað stofna, en reynslan ætti að vera búin að kenna mönnum, hve lítið er að byggja á fullyrðingum stj. í þessum efnum. Það er alkunnugt, hvernig stj. hefir notað litlar átyllur í lögum til þess að hrúga upp fjölda af embættum og sýslunum, og meira að segja þráfaldlega án þess að hafa nokkra slíka átyllu. Slík embætti er hægt að telja ótalmörg, þau hafa þotið upp eins og gorkúlur á haug í tíð núv. stj., og hæstv. fjmrh. má því ekki kippa sér upp við það, þó ég leggi ekki mikinn trúnað á fullyrðingar hans í þessu efni.

Hannes Jónsson: Hv. 2. þm. Skagf. var að ráðleggja mér um það, hvenær ég ætti að finna að við ráðherra og hvenær ekki. Ég get nú sagt hv. þm. það, að ég mun aldrei fara í smiðju til hans með slík efni. Ef til vill hefir hann meint það, að ég hafi látið vera að finna að við sig, þegar hann var ráðh., en ég get sagt honum það, að það var fyrir það, að þá var ég ekki kominn á þing og hafði því ekki aðstöðu til þess að finna að við hann, þó tilefni væru nóg. Hann er svo langt frá því að vera óskeikull, þessi hv. þm., og gæti ég því til sönnunar minnt hann á, að í sinni ráðherratíð gaf hann úrskurð, sem fór í bága við gildandi lög. Ef á að skilja hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Skagf. svo, að þeir treysti ekki stj. til þess að úrskurða um þau atriði, sem nú á að leggja fyrir þessa væntanlegu n., þá skil ég svo vel, að þeim þyki ástæða til þess að setja hana á stofn. — Ég hefi svo reyndar ekkert fleira að segja fram yfir það, sem ég tók fram í ræðu minni áðan. Hæstv. ráðh. taldi það fjarstæðu að ætla, að kostnaðurinn færi fram úr því, sem hann áætlaði. Ég hefi nú tekið eftir því á undanförnum árum, að ýmsir liðir hafa sífellt farið fram úr áætlun stj., og ýmsir nýir útgjaldaliðir, sem ekki áttu að verða dýrir, hafa orðið margfaldir.

Ég geri ráð fyrir því, að ef stj. ræður menn til þessara starfa, þá geti hún ekki tekið þá meðal atvinnuleysingjanna á götunni. Þeir verða sennilega teknir úr hópi þeirra manna, sem ekki lúta að litlu og hafa ótal leiðir opnar til góðra launa fyrir störf sín.

Það hefir verið reynslan, þó ekki hafi verið um að ræða nema óbreytt störf fyrir ríkið, að þá hafa þau yfirleitt orðið ærið dýr, og miklu dýrari en föstu störfin. Ég hefi enga tröllatrú á áætlunum ráðh. um kostnaðinn. Það er ekki hægt að ætlast til mikils starfs af manni fyrir 1 þús. kr., og varla að ætla, að ekki meira starf gefi mikinn árangur á svo yfirgripsmiklu sviði, og ég hefði haft gaman að heyra, hvað hæstv. ráðh. ætlast til, að n. starfi lengi á ári fyrir þetta kaup. Líklegt er, að ekki megi draga lengi að úrskurða þær kærur, sem henni berast, og eðlilega virðist hún þurfa að vera sífellt á verði, til að líta eftir með yfirskattanefndunum um land allt.

Ég læt mig engu skipta það mat, sem hæstv. ráðh. vildi gera á okkur hv. þm. Borgf. hér í deildinni og heima. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi nein tök á því að breyta því mati, svo það komi lítið þessu máli við. En hæstv. ráðh. má vita það, að ég læt ekki undir höfuð leggjast að finna að við hann, þegar mér finnst till. hans aðfinnsluverðar eða að hann ekki fari með rétt mál hér í þessum sal.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég get ekki neitað því, að það eru ólíkar undirtektir okkar minni hl. fjhn. við þetta frv. eða þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa á móti því. Við vorum frv. hlynntir og lofuðum því stuðningi, þegar það væri tímabært, en hinir eru því algerlega mótfallnir. En ég tel þetta frv. ekki tímabært nú.

Hæstv. ráðh. hefir svarað okkur því, að þeir, sem væru á móti svona n. á erfiðum tímum, mundu vilja leggja hana niður æfinlega þegar harðnaði í ári. — Ég held, að þetta sé röng ályktun hjá hæstv. ráðh., sem hann sannaði raunar bezt sjálfur, með því að gera ráð fyrir minni ferðalögum nefndarinnar í slæmu árferði. En ég held einmitt, að ef þessi n. verður sett á stofn nú, þá þurfi að leggja mikið í kostnað við hana einmitt í byrjun, meðan verið er að koma eftirlitinu af stað. Svona stofnanir eru æfinlega langdýrastar í fyrstu, og ég held, að annað sé óhugsandi með þessa nefnd. Þess vegna verð ég að telja þessa tíma óheppilega til þess að setja hana á stofn.

Hæstv. fjmrh. hefir í fjárlfrv. sínu áætlað, að tekjuskatturinn muni nema um 900 þús. kr. Ég býst við, að það sé sá skattliður, sem mest orkar tvímælis um og mestum skakkaföllum kunni að sæta. Það eru ekki kauptekjurnar, heldur atvinnutekjurnar, sem ég álít, að muni orka mest tvímælis, en það er einmitt þessi skattur, sem n. er ætlað að samræma. Af þessari ástæðu einnig verður að telja, að þetta mál sé ekki tímabært nú.

Ég get vel skilið það, að hæstv. ráðh. er dálítið bráðlátur með þetta frv. og að hann tekur ekki þegjandi þeim mótbárum, sem fram hafa komið, en hinsvegar má honum vera það raunaléttir, að þetta frv. fær fylgi þegar betur horfir en nú, og við það ætti hann að sætta sig.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á algengasta fyrirbrigðið hér á Alþingi, þegar verið er að ræða um nýja kostnaðarliði, að þá eiga þeir alltaf að kosta svo sem ekkert. Sumar áætlanir, sem gerðar hafa verið í þessum tilfellum, eru jafnvel glæpsamlegar. Ég minnist þess, þegar mþn. í berklavarnarmálinu lagði fram álit sitt um það, að kostnaður af því frv. mundi ekki nema nema nokkrum tugum þús. kr. Eða þegar verið var að ræða um skiptingu embættanna í Reykjavík, þá átti þetta ekkert að kosta. En reynslan í þessum málum hefir nú orðið æði mikið önnur.

Ég vil ekki væna hæstv. ráðh. um það, að hann vilji svíkja þetta mál hér inn á þingið, en ég vil segja það, að mér finnst ástæðulaust af honum að vera að gylla frv. eins og hann gerir. Mér skilst verkefni n. eigi að vera svo mikið, að hún muni þurfa miklu hærri laun til þess að geta starfað nokkuð að ráði. Og þar sem megingagn af störfum n. á að felast í því, að hún þarf að taka sig fram um það að hafa eftirlit með störfum yfirskattanefnda og framtölum yfirleitt í landinu, þá liggur það í augum uppi, að þetta er mikið starf. Mér þykir ekki ólíklegt, að bráðlega þurfi að borga hverjum fyrir sig eins og nú á að borga þeim öllum. Látum svo vera, að hægt verði að hafa hemil á útgjöldum til ferðalaganna. En þegar litið er á það, að n. á að samræma framtöl á öllu landinu, yfirfara alla úrskurði yfirskattanefnda og breyta þeim, ef henni sýnist, þá er það auðséð, að þessa n. verða að skipa mjög færir menn, sem þyrftu að starfa lengi á hverju ári og hafa skrifstofu með mörgum starfsmönnum. Mig langar ekkert til þess að verða spámaður í þessu máli, en þó hefi ég gaman af að festa í þingtíðindunum fyrir 1932 þá ágizkun, að kostnaður af þessu frv., ef að lögum verður, muni bráðlega nema tugum þús. króna. Það má náttúrlega segja, að það sé ekki svo mikið, ef n. geri verulegt gagn. Hæstv. ráðh ætlar að róa hv. þm. með því, að ferðakostnaðinn megi takmarka í fjárlögum, en það eru nú dæmi deginum ljósari með það, hvernig slíkt gengur, t. d. með utanfararkostnað ráðherra, sem alltaf fer fram úr áætlunum á hverju ári. Ég hygg, að sú verði reyndin með ferðakostnað n., að ríkissjóður megi gera sér að góðu að greiða eftir á það, sem krafizt verður, og annað þýði ekki. N. er skipað að vinna starfið, og ríkissjóður verður að borga. Ég skal ekki neita því, að n. kunni að geta eitthvað dregið úr starfskostnaðinum ár og ár, þegar illa lætur, eftir að hún er almennilega komin á laggirnar, en ég tel það mjög vafasamt.

Að lokum vil ég benda hæstv. ráðh. og hv. þd. á það, að það er eðlileg stefna, að vera gætnari í fjármálasökum á erfiðum tímum en ella. Á góðu árunum vill það brenna við, að menn verða helzt til bjartsýnir og ganga lengra í eyðslu á opinberu fé en góðu hófi gegnir, en það ætti að verða til þess að kenna mönnum að breyta til á erfiðum tímum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það hefir verið lögð mikil áherzla á það af hv. tveimur þm., andstæðingi og stuðningsmanni stj., að það sé ekkert að marka, hvað ég hafi haldið fram um kostnað við ríkisskattanefndina, og alveg eins, þó að binda eigi kostnaðinn að miklu leyti með fjárlögum. Ég veit ekki, á hverju þessir hv. þm. vilja yfirleitt taka mark í slíkum efnum, ef þeir treysta sér ekki til að byggja neitt á ákvæðum fjárl. eða því, sem sagt er úr ráðherrastóli, ef þeir vilja ekki taka mark á neinu nema þeim útblásna líknarbelg, sem þeir vilja gera úr þessu frv. Ég sé yfirleitt ekki, hvernig slíkir menn þora að fylgja nokkrum sköpuðum hlut, sem þannig umhverfa fyrir sér málefnunum.

Ég hefi engu að bæta við þau rök, er ég áður hefi fært fram með þessu frv. Ég skal aðeins endurtaka þá fullyrðingu, að hægt sé að ráða við þessi útgjöld með ákvæði í fjárl., og það verður að treysta stj. til þess að hafa hemil á útgjöldunum. Það, sem ekki má fresta að lagfæra, verður að sjálfsögðu látið sitja fyrir. Ég hefi margsinnis tekið það fram, að öðru en því allra nauðsynlegasta eigi að fresta til betri tíma. Ég verð að segja það, að mér finnst dálítið hart að fá harðvítugar árásir fyrir eyðslu í sambandi við þetta frv., sem er fram borið í þeim tilgangi að vernda tekjur ríkissjóðs.

Ég ætla ekki að svara einstökum ummælum hv. ræðumanna. Ég býst við, að það liggi fyrir mér á þessu þingi að þurfa að vega í tvær áttir. Þó hv. þm. Borgf. bjóði mér liðveizlu sína til sparnaðar, þá býst ég ekki við að geta þegið hana nærri alltaf. Og þegar hinir, sem vinstra megin standa, flytja till., sem eiga að stefna í viðreisnarátt, þá býst ég við, að það geti komið fyrir, að ég telji mér skylt að vega einnig í þá átt.

Ég bjóst við því, þegar ég tók við þeirri stöðu, sem ég nú er í, að ég máske þyrfti að vega til beggja hliða. Ég var ráðinn í því að reyna að draga úr ópunum til hægri og vinstri og fylgja 100% kröfum frá hvorugri hlið.

Magnús Guðmundsson: Það virtist svo sem ég hafi komið eitthvað óþægilega við hv. þm. V.-Húnv. í ræðu minni áðan, og er líklegt, að ég hafi ýtt eitthvað við hans vondu samvizku. Það sýnist harla undarlegt, að þessi hv. þm., sem hefir legið flatur fyrir stj., sem hefir eytt í óþarfa og í fullu heimildarleysi mörgum millj. undanfarið, skuli nú ráðast á þann fjmrh., sem áreiðanlega hefir ekkert líkar syndir á samvizkunni og fyrirrennarar hans.

Hv. þm. var að tala um einhvern úrskurð, sem ég hefði fellt þegar ég var ráðh. og farið hefði í bága við lög. En hv. þm. veit nú ekki svo mikið í lögum, að hann geti skorið úr því, hvað rétt er eða rangt í þeim efnum. Fyrir því er ekkert mark á þessu takandi.

Hannes Jónsson: Hv. 2. þm. Skagf. ætti að vita svo mikið í lögum, að hann staðfesti ekki reglugerð, sem greinilega fer í bága við gildandi lög, en það gerði þessi hv. þm., þegar hann var ráðh. **(MG:** Hvaða reglugerð er það?). Það er reglugerð, sem gildir þarna fyrir norðan. Og þó að ég sé ekki lærður í lögum, þá er það engin trygging fyrir hv. þm., að ekki komist upp um hann, þegar hann fremur einhver afglöp á því sviði.

Hv. þm. má gjarnan skemmta sér við að segja, að ég hafi legið flatur fyrir stj. Það getur kannske friðað samvizku hans, því að enginn maður hefir legið jafnflatur fyrir flokki sínum og samstarfsmönnum í stjórn sem þessi hv. þm. Endurminningarnar frá þeim tímum eru sennilega ekki sem þægilegastar fyrir hann.

Hæstv. fjmrh. hefir nú markað sér bás með fjárlagafrv. En ég vil minna hann á einn lið, er honum ætti að vera innanhandar að láta ekki fara fram úr áætlun. Það er stjórnarráðskostnaðurinn. Sá liður hefir alltaf farið langt fram úr áætlun, stundum um 30%, og eiga allar stjórnir allt frá 1920 þar hlut að máli. Ef hæstv. fjmrh. tekst ekki að halda þeim útgjöldum í skefjum, þá treysti ég honum ekki betur til að halda öðrum kostnaðarliðum í skefjum. Þarna er hann þó húsbóndi á sínu heimili og ætti að geta ráðið þessu, ef hann brestur ekki hug eða dug til þess. Áætlunin hefir verið nokkuð há, og störfin sennilega aukizt þar ár frá ári, en nú hljóta þau að minnka til muna vegna kreppunnar. Þarna hefir

hæstv. fjmrh. góða aðstöðu til þess að sýna sparnað sinn. Og ef honum endist aldur sem ráðh. að ganga frá LR fyrir árið 1932, þá sést, hver útkoman verður.

Út af mati því á þm., er hann var að tala um, þá vildi ég skjóta því að honum, að fari svo, að matið á honum reynist minna hér á þingi en heima í héraði, þá má hann sjálfum sér um kenna.

Svo ég víki mér aftur að hv. 2. þm. Skagf., þá held ég, að hann sé eitthvað vondaufur um að fá nægilegar ástæður til að ásaka hæstv. fjmrh. og sé því ekki óljúft að festa upp þessa snöru, sem í frv. felst, ef vera kynni, að hann fengi þar snaga til að hengja hatt sinn á. Hann undrast yfir því, að ég skuli ekki hafa ráðizt á fyrirrennara núv. hæstv. fjmrh. fyrir ógætilega meðferð þeirra á ríkisfé. Hv. 2. þm. Skagf. og aðrir fyrrv. fjmrh. hafa meira og minna syndgað í þessu efni. Hvort hv. 2. þm. Skagf. hefir orðið methafi þar eða ekki, skal ég láta ósagt. Hitt þykir mér meira máli skipta, að hæstv. núv. fjmrh. sé forðað frá, ef kostur er, að lenda í sama foraðinu.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er aðeins örlítil aths. til hv. þm. V.-Húnv. Ef bundið er með lögum að vinna eitthvert tiltekið starf og tiltekin fjárveiting í því skyni tekin upp í fjárlög, þá er fjmrh. við það bundinn að greiða ekki meira en veitt er, og auðvelt fyrir hann að halda sér við það. En um kostnað við stjórnarráðið er allt öðru máli að gegna. Sá kostnaður er ekki fastbundinn, heldur er þar um áætlunarupphæð að ræða, og greiðist þá kostnaðurinn eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Öðru í ræðu hv. þm. V.-Húnv. ætla ég ekki að svara, og því síður að spá neinu um það, hvað lengi ég verð í þeirri stöðu, sem ég nú skipa. En skjóta vil ég því til hv. þm., að það er á valdi hans og annara flokksbræðra minna að stytta embættisaldur minn. **(ÓTh:** Er þetta áskorun?). Já, að því leyti, að ef mér er ekki lengur treyst til þess að fara með þetta starf, þá vil ég, að það komi fram í ráðstöfunum þingmanna.

Annars þarf hv. þm. ekki að vera hræddur við mat ríkisskattanefndarinnar. Hún metur hvorki hann né aðra sem þingmenn. En því hefi ég tekið áreitni hans illa, að hann hefir með ræðum sínum viljað reyta af ríkissjóði tekjur, sem unnt er að afla að óbreyttri löggjöf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, 112).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Á þskj. 112 hefir meiri hl. fjhn., sem stóð að flutningi þessa frv., komið fram með brtt. út af þeim aths., sem gerðar voru við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, og ætla ég, að hv. þdm. hafi kynnt sér efni þeirra. Við 1. umr. þótti vera nokkur vafi á því, hvort væntanlegir aðstoðarmenn ríkisskattan. væru bundnir þagnarskyldu samkv. ákvæðum frv. Ákvæði frv., sem að þessu lúta, ber að skilja á þann veg, að þessir menn séu bundnir sömu þagnarskyldu sem skattanefndarmenn. Það var tilgangurinn, en fyrst á því þykir geta leikið vafi, þótti n. rétt að bera fram brtt., er tæki af allan vafa í því efni. Við 1. umr. var einnig allmikið umtal um þann kostnað, er kæmi á ríkissjóð vegna skipunar þessarar n. Voru skiptar skoðanir um það, hversu mikill hann yrði. Töldu ýmsir, að hann yrði allmikill og þótti af þeim ástæðum athugavert að láta stj. ákveða n. þóknun fyrir störf hennar. Í samráði við fjmrh. flytur meiri hl. n. því brtt. um aðra orðun á 9. gr. frv., þar sem ákveðið er, að kostnaður vegna ríkisskattan. skuli ákveðinn í hvers árs fjárl., í stað þess, að í frv. var stj. heimilað að ákveða hann. Ég hygg, að ég þurfi ekki að gera nánari grein fyrir þessu vegna þeirra miklu umr., sem urðu um þessi atriði við 1. umr. málsins.

Magnús Guðmundsson: Ég stend ekki upp til þess að mótmæla þessum brtt. frá meiri hl. fjhn. Ég vil aðeins gera grein fyrir mínum skilning á annari brtt., við 9. gr. frv., og hann er sá, að þegar engin fjárveiting er tekin upp í fjárlög til greiðslu kostnaðar við störf ríkisskattan., þá er ekki ætlazt til þess, að n. starfi eða að þessi lög komi til framkvæmda.

Og ég vil sérstaklega undirstrika það, að ef engin fjárveiting í þessu skyni verður tekin upp í fjárl. fyrir árið 1933, þá getur þingið ekki ætlazt til þess, að n. taki til starfa, þó að þetta frv. verði að lögum, og ekki fyrr en sú fjárveiting er fyrir hendi, sem sýnir vilja þingsins í málinu.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég er þakklátur hv. meiri hl. fjhn. fyrir till. hans og afgreiðslu á frv. Þó að ég teldi ekki nauðsynlegt að ákveða í fjárl. upphæð til kostnaðar vegna ríkisskattan., þá hefi ég ekkert á móti því, ef hv. þdm. þykir það betur við eiga.

Ég get fallizt á skilning hv. 2. þm. Skagf., að ef engin fjárveiting er ætluð í fjárl. til kostnaðar við störf ríkisskattan., þá er ekki hægt að láta lögin koma til framkvæmda. En hinsvegar tek ég það fram, að ef Alþingi telur þetta frv. þess vert að afgreiða það sem lög, þá hlýtur það einnig að áætla fjárveitingu til þess í fjárl., að þau verði framkvæmd. Ég vil biðja hv. þdm. að gæta þess (og gleyma því ekki), að hér er ekki um að ræða frv. til útgjalda fyrir ríkissjóð, heldur til tekjuöflunar, en sem auðvitað fylgir nokkur kostnaður. Frv. miðar sérstaklega að því að samræma tekju- og eignarskattinn alstaðar á landinu, og það leiðir áreiðanlega til tekjuauka fyrir ríkissjóð. Engin útgjöld hafa borgað sig betur fyrir ríkissjóð en þær 10—12 þús. kr., sem varið er til starfrækslu skattstofunnar í Reykjavík. Hér er einnig mikill tekjuauki í vændum fyrir ríkið, og vona ég fastlega, að áætlað verði í næsta árs fjárl. fyrir kostnaði við störf ríkisskattanefndar.

Magnús Guðmundsson: Mér þótti vænt um að heyra, að hæstv. fjmrh. hefir sama skilning og ég á því, að lög þessi komi því aðeins til framkvæmda, að fjárveiting verði ákveðin til þess í fjárl. — Ég veit, að hæstv. ráðh. getur ráðið því, hvort slík fjárveiting verður sett í fjárl. eða ekki.

Í 24. gr. fjárl.frv. stendur, að ef lög þau, sem afgr. hafa verið frá Alþingi 1932 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, verða staðfest,breytist fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkv. þeim lögum. Ég álít mjög óheppilegt að láta ríkisskattanefnd hefja störf á þessum erfiðu tímum og setja fjárveitingu í fjárl. í þeim tilgangi, meðan ekki er útséð um, hvort ríkissjóður getur staðið í skilum. Hæstv. fjmrh. vill telja þetta tekjufrv., en ég lít svo á, að það sé fyrst og fremst gjaldafrv. fyrir ríkissjóð, og það álit mitt byggi ég á því, að í núv. árferði þarf ekki að vænta tekjuskatts úr sveitunum. Þetta frv. virðist framkomið vegna þess og miðað við það, að skattanefndir í sveitum landsins ræki illa störf sín. En ég verð að segja, að ég er ekki þeirrar skoðunar, og ég er sannfærður um, að það þarf ekki að búast við auknum tekjuskatti úr sveitunum, þó að þetta frv. verði að lögum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég er sammála hv. 2. þm. Skagf. um, að það þarf ekki að búast við auknum tekjuskatti úr sveitunum á þessu ári, en það er um fleira að ræða en sveitirnar, sem skattstofan í Reykjavík nær ekki til. Má þar t. d. nefna síldarútveginn, sem hefir aðsetur í ýmsum héruðum, og síldarverksmiðjurnar. Ef vel gengi að samræma innheimtu á tekjuskattinum samkv. þessu frv., þá gæti jafnvel leiðrétting á skattgreiðslu einnar síldarverksmiðju, sem sloppið hefði við að greiða réttlátan skatt hjá skattanefnd hlutaðeigandi héraðs, numið miklu meiri tekjum fyrir ríkissjóð heldur en þarf til þess að greiða kostnað við störf ríkisskattanefndar. Þetta hefir komið fyrir áður, og er auðvelt að benda á einstök dæmi því til sönnunar frá fyrri árum, og það getur vitanlega komið fyrir aftur. Þess vegna get ég ekki skilið, að það verði misklíð út úr því í þinginu, hvort lögin um ríkisskattanefnd eigi að koma nú þegar til framkvæmda. Ég álít meira að segja, að það eigi ekki aðrir þm. að fylgja þessu frv. og greiða því atkv. en þeir, sem framfylgja því síðar á þann hátt að samþ. fjárveitingu í fjárl. í því skyni. (**MG:** Á þessu ári?). Já, það er mjög eðlilegt og venjulegt að skilja samþykki þingsins á lagafyrirmælum þannig, að þegar lögin komi til framkvæmda, þá skoðast fjárveitingin bundin. En ákvæðið um, að fjár-

upphæðin skuli til tekin í fjárl., skil ég á þá leið, að með því sé takmarkað, að kostnaðurinn fari ekki úr hófi. — Ef hv. þdm. ætla að fella fjárveitingu í fjárl. til framkvæmda þessum lögum, þá vil ég mælast til þess, að þeir felli heldur þetta frumvarp.

Magnús Guðmundsson: Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að ég óskaði eftir, að þetta frv., ef að lögum yrði, kæmi ekki til framkvæmda fyrst um sinn. En af því að ég er því fylgjandi, að sú skipun þessa máls, sem frv. fjallar um, komi til greina í framtíðinni, þegar um hægist, þá vil ég ekki greiða atkv. á móti því. Og ég vil ennfremur taka það fram, að ég fylgi því aðeins með skilyrði um að greiða atkv. gegn till. um fjárveitingu, sem flutt kann að verða því til framkvæmda nú þegar, vegna fjárhagsvandræða ríkissjóðs. Í því er engin mótsögn, að samþ. frv., en vilja þó ekki, að það komi til framkvæmda fyrr en batnar í ári. Um fjárveitinguna þarf ekki að deila frekar nú. Það kemur síðar til greina.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Af sömu ástæðu og ég hefi áður tekið fram, vegna fjárhagsvandræða ríkissjóðs, óska ég fastlega eftir, að þetta frv. verði samþ. Það vita allir, að við samræming tekjuskattsins í landinu hljóta tekjur ríkissjóðs að aukast. Og hitt er líka kunnugt, að lögin um tekju- og eignarskatt hafa hvergi verið framkvæmd enn til hlítar nema í Reykjavík. Ég játa, að það er ekki ástæða til að búast við því, að bændastéttin greiði tekjuskatt á næstu árum, og þó að þetta frv. sé mér áhugamál, þá er það ekki af því, að ég vilji, að bændur greiði hærri skatta. En ef þeir geta það, þá ber það vott um batnandi hag í sveitunum, og ég óska, að afkoma þeirri verði þannig.

Magnús Guðmundsson: Það, sem okkur hæstv. fjmrh. greinir á, er þetta, að hann lítur svo á, að ríkissjóður fái þegar tekjur samkv. þessu frv., en ég held, að þær tekjur komi ekki á þessu né næsta ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 112,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 112,2 (ný 9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BKr, GÍ, HStef, HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, LH, StgrS, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.
nei: EA, MJ, PO.
MG, ÓTh greiddu ekki atkv.
Sex þm. (HJ, JJós, JónasÞ, SvbH, TrÞ, VJ) fjarstaddir.

Á 25. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 124, 139).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 139. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson: Brtt. mín á þskj. 139 byggist á því, að eins og stendur eru tekjur ríkissjóðs nálega engar af tekjuskatti nema af þeim mönnum, sem föst laun hafa. Þess vegna virðist ekki ástæða til að láta þessi lög koma til framkvæmda, meðan árferðið er slíkt sem nú, heldur fresta framkvæmd þeirra þar til batnar í ári. Að öðru leyti er ég því fremur hlynntur, að slík löggjöf sé sett, því að ég hygg, að hún sé undir venjulegum kringumstæðum til bóta, en í slíku árferði er varla gerlegt að leggja út í kostnað í þessu skyni, sem óhjákvæmilega hlyti að leiða af framkvæmd þessara laga.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég endurtek ósk mína um, að lög þessi komi til framkvæmda, þegar fé er veitt í fjárl. í þessu skyni. Á yfirstandandi ári er engin slík fjárveiting í fjárl., en ef fjárveiting í þessu skyni yrði tekin upp í fjárl. næsta árs, þá tæki ég það sem heimild fyrir því að láta lögin koma til framkvæmda þegar í ár. Útgjöld þau, er leiðir af framkvæmd þessa frv., eru hverfandi móts við þann tekjuauka, sem ríkissjóði ynnist við það. Ég legg því til, að brtt. á þskj. 139 verði felld.

Jón Auðunn Jónsson: Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. lét svo um mælt, að ef fé yrði veitt í fjárl. 1933 í þessu skyni, þá tæki hann það sem heimild til að láta lögin koma til framkvæmda strax í ár. Náttúrlega er þessi skilningur hæstv. ráðh. hrein fjarstæða, sem ekki þarf orðum um að eyða. En ég geri fastlega ráð fyrir því, að eftir því, sem séð verður um árferði næsta árs, þá muni það verða alger óþarfi að láta lögin koma til framkvæmda þá, — einungis kostnaður fyrir ríkissjóðinn. Hinsvegar skal það viðurkennt, að frv. þetta er að stefnu til rétt, miðað við venjulega tíma, og væri því eðlilegast að miða framkvæmd þeirra einnig við „normalt" árferði.

ATKVGR.
Brtt. 139 felld með 12:8 atkv.
Frv. samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 124).
Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 124, n. 281 og 298).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Þetta frv. var upphaflega flutt í Nd. af meiri hl. fjhn. þar og eftir tilmælum fjmrh. Við meðferðina í Nd. breyttist frv. sama og ekkert að efni til og liggur því hér fyrir að mestu leyti í sama formi og það var fyrst. Fjhn. þessarar d. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv., þar sem minni hl. getur ekki fallizt á að rétt sé að setja slík lög sem þessi. Með þessu frv. er verið að stofna þriggja manna ríkisskattan. Hlutverk þessarar n. er eiginlega tvennskonar. Í fyrsta lagi, að n. úrskurðar kærur, sem til hennar er beint út af úrskurði yfirskattan. um tekju- og eignarskatt og sömuleiðis um útsvör. Í öðru lagi að samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattahéruðum landsins, og auk þess hafa eftirlit með störfum skattanefnda. Þessi úrskurður, sem hér er talað um að leggja undir ríkisskattan., hefir hvað viðvíkur tekju- og eignarskatti heyrt undir fjmrn., en útsvörin hafa aftur á móti heyrt undir atvmrn., svo framarlega sem málið hefir ekki verið þess eðlis, að það hefir átt að ganga undir úrskurð dómstólanna. Það er vitanlegt öllum þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, að það ríkir ósamræmi í skattaframtali og skattaálagningu í hinum einstöku skattahéruðum landsins. Og þó að fjmrn. hafi við ýms tækifæri reynt að gefa leiðbeiningar og reynt að kippa þessu í lag, þá hefir það enn ekki tekizt, enda hefir fjmrh. mjög örðuga aðstöðu til að líta eftir, hvernig skattan. rækja starf sitt. En sannleikurinn er sá, að það er mikið komið undir dugnaði og samvizkusemi skattan., hvort ríkissjóður fær þær skatttekjur, sem honum ber að réttu. Það hlýtur því að velta á miklu fyrir ríkissjóð, hvort þessi mál eru í því lagi, sem þau ættu að vera. En meiri hl. lítur svo á, að litlar líkur séu til þess, að þetta komist í viðunandi horf, nema slík n. sem þessi sé skipuð. Ég get ekki hugsað mér, að nein mótbára geti komið fram gegn því, að þessum málum verði komið í viðunandi horf. Það eina, sem hægt er að hafa á móti því, að þessi n. verði skipuð, er það, að hún mun baka ríkissjóði nokkur útgjöld. En meiri hl. lítur svo á, að kostnaðurinn við n. muni ekki verða nema lítið brot af þeim tekjuauka, sem hún skapar með starfi sínu, auk þess sem meira réttlæti myndi ríkja en áður milli hinna einstöku skattahéraða. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ríkissjóður muni fá margborgaðan þann kostnað með auknum skatttekjum samkvæmt þessu frv. Þó að slíkt frv. sem þetta hafi ekki komið fyrr fram á þingi, þá er það ekki af því, að sú hugsun hafi ekki vaknað fyrr, að fyrirkomulag sem þetta þyrfti að setja á stofn. Það kemur beinlínis fram í lögunum um útsvör frá

1916, að gert er ráð fyrir, að þegar ríkisskattanefnd er komin á stofn, þá skuli úrskurðir, sem áður heyrðu undir atvmrn., heyra undir nefndina. Þá hefir þeim, sem að þessari löggjöf stóðu, verið ríkt í huga, að nauðsyn væri á einhverri slíkri n. En auk þess hefir aðalefni frv. verið áður flutt hér á þingi í frv. um tekju- og eignarskatt, sem flutt var á þingi 1930. Þar var tekin sú aðferð, sem mun vera sumstaðar í nágrannalöndum okkar, að slík ákvæði sem þessi yrðu sett í lögin um tekju- og eignarskatt. Það frv. um tekju- og eignarskatt, sem lagt var fyrir þingið 1930, var samið af meiri hl. mþn., sem þá starfaði í skattamálum. Þetta sýnir, að það hefir verið þeim mönnum ljóst, sem um þessi mál hafa fjallað og þekkja inn á þau, að nauðsynlegt var að koma betra skipulagi á þau en verið hefir.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið taldar, leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég hefi gert grein fyrir því í nál. 298, að ég get ekki fallizt á, að það sé rétt að fara að stofna til þessarar gjaldaaukningar, sem frv. hefir í för með sér, á yfirstandandi krepputíma. Það eru 3 verkefni, sem þetta frv. ætlar ríkisskattanefnd þeirri, sem þar er farið fram á að stofna. Það má telja fyrst, að færa á úrskurðarvald, sem nú er hjá fjmrn. að því er snertir tekju- og eignarskatt og hjá atvmrn. að því er snertir útsvarskærur, í hendur þessarar nýju n. Það hefir að vísu áður verið gert ráð fyrir því í löggjöf, að þetta úrskurðarvald, að því er útsvarsmálin snertir, væri fært í hendur slíkrar n., ef hún yrði stofnuð. En eftir því, sem ég veit bezt, hafa þessir úrskurðir verið fremur fáir í báðum ráðuneytunum. Ég get ekki talið það aðkallandi þörf á krepputíma að setja á stofn svona n. til þess að fá úrskurðarvald flutt úr ráðuneytunum til hennar.

Þá er það næst, að frv. ætlar n. leiðbeiningarstarfsemi fyrir skattan. og yfirskattan. til að samræma framkvæmd laganna um tekju- og eignarskatt. Framkvæmd laganna er nokkuð misjöfn á mismunandi stöðum í landinu. En það eru erfiðleikar á því að samræma framkvæmd þessara laga, og langmest að því er tekur til landbúnaðarins. Og það er af því, að öll löggjöf á svo dæmalaust illa við landbúnaðinn eins og hann er ennþá rekinn hjá okkur. Á þessu sviði væri kannske mest þörf á leiðbeiningum, en um það er að segja, að eins og stendur er þar ekki um neina fjárhæð að ræða fyrir ríkissjóð, því að það getur vitanlega ekki komið tekju- og eignarskattur af landbúnaði svo neinu nemi, a. m. k. ekki þar, sem hann er rekinn í gamla horfinu, með vöruskiptaverzlun aðallega.

Þá er kvartað um það, að nokkur brögð séu að því, að framkvæmd laganna um tekju- og eignarskatt sé ekki eins röggsamleg í kaupstöðum, þar sem það eru skattan., sem fara með þessi mál, eins og hér í Reykjavík, þar sem skattstjóri er með föstu skrifstofuhaldi. Það getur verið, að nokkuð sé hæft í þessu. En ég held, að það mætti til bráðabirgða fá nauðsynlegar umbætur á einfaldari og kostnaðarminni hátt en að setja á stofn þessa n., sem sé að fjmrn. kostaði einhverju til að láta mann fara til þessara staða og tala við skattan., athuga skattaframtöl, útvega upplýsingar og gefa leiðbeiningar. Fjmrn. hefir allt vald, sem þarf í þessu efni; það þarf ekki að setja á stofn nýja ríkisskattan. til að útvega það vald.

Þá er það loks þriðja atriðið, að n. á að hafa vald til að breyta úrskurði skattan. um skattgjöld. Að því er þetta atriði snertir, þá tel ég, að þetta ákvæði í frv. sé mjög óviðeigandi. Eftir 4. gr. frv., næstsíðustu málsgr., getur ríkisskattan. af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattan. og yfirskattan., þótt ekki hafi verið kært, en hún skal þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra. Ég tel alveg óhæfilegt að leggja slíkt vald í hendur ríkisskattan. Til samanburðar skal ég skýra frá því, hvaða skipun er á samskonar málum í Danmörku, þar sem lögin um tekju- og eignarskatt eru í allri tilhögun talsvert svipuð og hjá okkur. Þar er tilsvarandi n., sem heitir landsyfirskattaráð, valin til þess að heimta allar upplýsingar, sem skattan. og yfirskattan. eiga heimtingu á að fá. Hún hefir rétt til að taka til rannsóknar hvert það atriði viðvíkjandi skattaálagningu, sem henni sýnist, ef skattan. að hennar dómi hafa

ekki lagt skattinn rétt á, hvort sem það er af því, að þar hefir vantað upplýsingar, eða af öðrum ástæðum. Þá ber landsyfirskattaráðinu að senda hlutaðeigandi skattan. þær upplýsingar, sem það hefir. En ef skattan. gerir ekki þær breyt., sem landsyfirskattaráðið telur þurfa, þá fyrst hefir landsyfirskattaráðið rétt til að gera breytingar. Menn sjá, að með þessum ákvæðum í dönsku lögunum er skattan. tryggður sá réttur, að gerðum þeirra verður ekki breytt án þess að upplýsingar séu fyrir þær lagðar og þeim þar með gefið tækifæri til að leiðrétta verk sín. Þetta er sjálfsagt, því að með þessu eina móti fá skattan. nauðsynlegt aðhald til að vanda sitt verk. Einnig er réttur gjaldendanna betur tryggður en með þeim ákvæðum, sem í frv. eru, því að gjaldandi á þá aðgang að því að tala við sína skattan. um þær nýju upplýsingar, sem hún kann að hafa fengið, og gefa skýrslur, ef honum þykir þörf. Hér er sem sagt alveg skilyrðislaust vald lagt í hendur ríkisskattan. til þess að gera hverjum manni þann skatt, sem henni þóknast. Ég álít ótækt og langt frá því að vera nægilegt réttaröryggi fyrir gjaldendur landsins að leggja slíkt vald í hendur einnar n., sem gert er með þessari málsgr. Það eru svipuð einkenni á þessu frv. og öðrum frv., sem fram hafa komið á seinustu árum og hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, og það er, að vikið er frá því, sem áður þótti sjálfsagt, að þessi kostnaður væri ákveðinn í lögunum sjálfum. Ég veit ekki, af hverju það er. Það lítur út fyrir, að mönnum þyki ófýsilegt að láta þessa nýju löggjöf hampa sínum aukna tilkostnaði framan í menn. En þetta er orðinn fastur siður. Þó að skipuð sé ný staða, þá er hætt að ákveða, hver launin skuli vera, sem alltaf var gert áður. Í þessu efni fylgir frv. hinni nýju reglu. Það stendur í 9. gr., að kostnaður við störf n. skuli greiðast úr ríkissjóði og að hann skuli ákveðinn í fjárl. Ég vil leiða athygli að því, að ef frv. verður samþ. við 2. umr., þá eru til bein fyrirmæli í þingsköpum um það að vísa slíku máli til fjvn. viðvíkjandi fjárhagsatriðinu. En verði frv. vísað til 3. umr., þá geri ég kröfu til þess, að þingsköpum verði fylgt og fjárhagsatriði frv. verði vísað til fjvn. Ég geri þetta til þess, að hægt sé að leggja fyrir d. við síðustu umr. málsins till. frá fjvn. um það, hver launagreiðsla samkv. frv. skuli vera, ef það verður að lögum. En aðaltill. mín er sú, sem skráð er á þskj. 298, að málinu verði vísað frá að þessu sinni og stutt verði að því, að fjmrn. veiti nauðsynlegar leiðbeiningar til að samræma framkvæmd laganna um tekju- og eignarskatt án tilfinnanlegs aukakostnaðar fyrir ríkissjóð.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég þakka meiri hl. n. fyrir till. hennar í þessu efni. Það getur varla verið ágreiningur um það, að það muni vera til bóta að færa úrskurðarvald í skatta- og útsvarskærum í hendur slíkrar n., og frv. er þannig úr garði gert, að einmitt fleiri slíkar kærur mundu koma fram, ef frv. yrði að lögum. Löggjöfinni er nú svo háttað, að ýmsar kærur, sem mér hafa borizt í hendur, sumpart „privat“ og sumpart opinberlega, eru þannig vaxnar, að ómögulegt er að sinna þeim. En n. með þessu valdi, sem um hefir verið talað, gæti rannsakað þessi mál til hlítar og breytt úrskurði yfirskattan., þó ekki hafi komið fram kærur frá málsaðilum. Ég hirði ekki að nefna nein einstök nöfn þessu til sönnunar, heldur get aðeins um þá staðreynd, að meiri skattur hefir náðst vegna aðgerða skattstjórans. Ríkisskattan. á, með aðstoð skattstjórans í Reykjavík, að koma samræmi á skattframtöl um land allt. Er það bæði nauðsynlegt vegna ríkisins og eins vegna skattþegnanna, því að rétt er, að ein lög gangi yfir alla. Og þeir menn, sem telja það höfuðnauðsyn, að atkvæðisrétturinn sé jafn fyrir alla, hvar sem er á landinu, ættu að viðurkenna, að það gildir ekki síður um þá reglu, sem tekju- og eignarskatturinn er reiknaður eftir. Leiðbeining og eftirlit um þetta er því nauðsynlegt. Skattstjórinn, sem ráðunautur nefndarinnar, verður að vísu aðalmaðurinn. — Það má nú kannske segja, að fjmrn. geti sent slíkan mann út um land til eftirlits og leiðbeininga. En þá verður líka kostnaðurinn við ferðalögin samur og jafn við það, sem hann verður, ef frv. er samþ. Það er því ekki sparnaður að fella frv., nema því sem nemur launum sjálfrar

skattanefndarinnar. En sé það gert, þá skortir það úrskurðarvald, sem n. er ætlað að hafa og þörf er á. Þótt frv. verði samþ., þá býst ég nú ekki við, að eytt verði miklu fé í ferðakostnað á fyrsta ári, eða meðan þröngt er í búi. Þó n. væri leyft að ferðast eða senda umboðsmann sinn, þá yrði aðeins um það að ræða, að senda sérfræðing til þeirra ferða, og þó ekki nema takmarkað. Skattstjórinn væri vitanlega tilvalinn til slíkra ferða, en það væri vitanlega aldrei langur tími árlega, sem hann mætti missa sig frá störfum sínum hér. Þetta er að vísu ekki hægt að nefna í frv. Og n. hefði óskorað vald um, hvern hún sendir. Skattstjórinn er aðeins einn af hennar undirmönnum. Ef n. álítur hann góðan til þessa starfs, þá er vitanlega sjálfsagt fyrir hana að senda hann. Ég veit það, að skattstjórinn, sem nú er, nýtur mjög mikils trausts um sína starfsemi, bæði hjá flokksmönnum sínum og eins mönnum úr mótstöðuflokkum. Ég hefi heyrt suma hina stærstu gjaldþegna hér í bænum bera honum hið bezta orð. Telja þeir, sem líka er rétt, að hann vilji ávallt gera hið sannasta og réttasta, hver sem í hlut á. Er slíkt gott, þar sem þó dómar um menn og starf þeirra eru venjulega pólitiskir.

Ég skal láta í ljós, að viðvíkjandi því atriði, að n. er gefið vald til að breyta ályktunum skattanefnda án þess yfir sé kært, þá hefi ég ekkert á móti því, að þetta sé orðað öðruvísi, eða ákvæðinu sé breytt líkt og hv. 1. landsk. talaði um, enda hefi ég talið rétt, að þær breyt., sem þannig væru gerðar, væru áður bornar undir viðkomandi skattanefndir. Frv. sýnir, að til þessa er ætlazt, en rétt má vera, að taka beri það skýrara fram. En allt veltur á því, að n. hafi óskorað úrskurðarvald, eins og tíðkast í Danmörku og víðar. Hitt er mér ekkert kappsmál, hvað tekið er fram í lögunum um samband skattþegna og n., en sjálfsagt er að gera öllum sem hægast fyrir. Um þetta á enginn ágreiningur að vera, þar sem heldur enginn ágreiningur er um, að n. hafi úrskurðarvald og leiðbeiningastarf með höndum.

Þá kem ég að kostnaðinum. Ég hefi ekkert amazt við, að hann væri ákveðinn í fjárl., enda er svo fyrir lagt í frv. Ég hefi áður við umr. um þetta mál sagt, að ég teldi 1200 kr. laun að meðaltali hæfilegt á hvern mann í ríkisgjaldan. En vilji Alþ. fullbinda þetta, þá er rétt, að fjvn. taki það atriði til athugunar. Ég hefi hugsað mér, þegar svo væri komið, að sýnt væri, að frv. þetta mundi ganga fram, að leggja til við fjvn., að hún ætli 5—6 þús. kr. til þessa. Á erfiðum tímum er þetta nóg. En þegar batnar í ári og fastar verður gengið að framkvæmdum, þá má leggja fram meira starf í þetta.

Hv. 1. landsk. sagði, að ekki væri rétt á krepputímum að stofna til slíkra útgjalda sem þetta væri. En ég segi, að á slíkum tímum sé rétt að stofna til tekjuauka, eins og ég álít, að þetta frv. sé. En slíkt fær nú litlar undirtektir hér, og á þeim grundvelli mætti máske standa á móti því hér, þótt sú ástæða hafi að vísu ekki enn verið notuð. En það væri réttara „argument". Ég þekki engin útgjöld, sem hafa orðið til meiri tekjuauka fyrir ríkissjóð heldur en þau útgjöld, sem fóru til þess að stofna skattstofuna fyrir fjórum árum. Þau útgjöld hafa fært ríkissjóði tugi eða jafnvel hundruð þúsunda í auknum sköttum. Þegar nú framkvæmd tekju- og eignarskattslaganna er orðin föst hér í Reykjavík, þá er einnig rétt að koma þeim málum í fast horf um land allt. Annars verður um misrétti að ræða gagnvart Reykjavík. Þeir, sem oft tala um jafnrétti þegnanna og ranglæti, sem sýnt er Reykjavík, ættu að vera með þessu frv. Ég hefi einmitt lagt það til, bæði í Nd. og hér, að frv. þetta verði samþ., vegna þess að það gefur auknar tekjur í ríkissjóðinn, sem á krepputímum er sérstök þörf fyrir. En í þessu felst líka réttlæti, sem ávallt á við.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Hv. minni hl. n. hefir nú gert grein fyrir afstöðu sinni. Hann sagði, að það væri lítið að gera við úrskurði um þessi mál. Svo hefði það verið og svo væri það. Hann sagði, að það ósamræmi, sem væri um framkvæmd þessara l., stafaði af því, að erfitt væri að samríma þessa löggjöf landbúnaðinum. Það er rétt, að erfitt er að samríma l. landbúnaðinum, eins og þau eru nú. Og ég er sammála um, að þar er stundum ekki um mikla upphæð að

ræða til eða frá. En hitt mun stafa af ókunnugleika, eða þá af því, að hv. þm. sé sama, hvaða trassaskapur sé viðhafður á þessu sviði, ef hann heldur, að ekki sé mikið að gera á þessu sviði, svo framarlega sem til þess er ætlazt, að þeir, sem verða hart úti um álagning tekju- og eignarskatts, eigi greiðan aðgang að úrskurðarvaldi, sem hefir aðstöðu til að kynna sér allar málsástæður niður í kjölinn og koma þessum málum yfirleitt í sæmilegt horf. Það mun líka vera ókunnugleika hv. þm. að kenna, ef hann heldur, að skattaframtöl og skattálagning sé í sæmilegu lagi alstaðar. Ég veit vel, að framkvæmd tekju- og eignarskattslaganna er stórum lakari víða úti um land heldur en hér í Reykjavík. Það getur reyndar vel verið, að hv. þm. álíti, að framkvæmd þessara l. hafi verið í góðu lagi frá því fyrsta, bæði hér í Reykjavík og úti um land, og því ekki þörf neinna umbóta. En þetta eru aðeins venjulegar úrtölur þeirra manna, sem engar endurbætur vilja á því, sem um er að ræða í þann og þann svipinn.

Hv. þm. gerði mikið úr því, hversu það væri óeðlilegt og óvenjulegt að leggja svo mikið vald í hendur slíkrar nefndar, sem í því liggur að breyta niðurstöðum skattstjórna og skattanefnda, án þess að tilkynnt séu úrslitin. Þetta er ekki stórt atriði og ríkisskattan. hefir með þessu ekkert meira vald en skattan. hafa nú. Er það yfirleitt ekki talið hættulegt. Hv. minni hl. skilur 4. gr. svo, að ríkisskattanefnd eigi að gera hlutaðeigendum aðvart áður en hún breytir skatti þeirra, svo þeir geti sagt álit sitt um málið. Þetta teljum við meirihl.menn smátt atriði. En ef þetta þykir svo áríðandi, þá er ekki annað en koma með brtt. um það fyrir 3. umr. Meiri hl. n. mun ekkert amast við því. Fjhn. hafði dönsku skattalögin til samanburðar og athugaði þetta og fannst engin ástæða til að breyta þessu.

Þá talaði hv. minni hl. um það, að ekkert væri ákveðið um kostnaðinn við störf þessarar n. Það er rétt, að þetta er ekki tiltekið í frv., en þar stendur, að kostnaðurinn skuli vera ákveðinn í fjárl. Ætti það að vera sæmileg trygging fyrir því, hvað ætlað skuli til þessara hluta.

Þá gerðist hv. minni hl. óvenjulega hátíðlegur yfir frv. og heimtaði, að fjárhagsatriði þess væru borin undir fjvn. Ákvæði um þetta mun nú finnast í þingsköpunum frá 1915, og var þá nýtt ákvæði. Eitthvað mun hafa verið gert að þessu á fyrstu þingunum á eftir. En svo fundu menn fljótt, hver hégómi þetta var, ef það ætti svo að segja að leggja hvert mál undir úrskurð fjvn. Þetta féll því brátt niður og engum hefir þótt taka því að fylgja þessu fram síðan, hv. 1. landsk. ekki heldur. Þessi orð ber þó ekki að skilja svo, að ég sé neitt mótfallinn því, að þetta sé gert, ef nú þykir endilega bráðnauðsynlegt að taka þetta upp við þetta frv. Og ég skal gjarnan verða við þeirri ósk hv. minni hl. að senda frv. til fjvn. Ég hefi ekkert á móti því, að það sé gert. En ég er bara hissa á því, að hv. minni hl. skyldi nú allt í einu fara að muna eftir því, að þetta ákvæði var til.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Ég þarf að svara hæstv. fjmrh. nokkrum orðum og hefði því gjarnan óskað, að hann gæti verið viðstaddur nokkur augnablik. (**JBald:** Þórólfur fór að sækja hann). Það þýðir þó vonandi ekki það, að hæstv. fjmrh. sé kominn til annars og betra heims. — Ég heyrði það á ræðu hæstv. fjmrh., að þessi nýja n., sem hann vill lögleiða, er honum kært barn. Ég skal ekki mikið við hann deila um ágæti hennar. Ég get viðurkennt, að nokkrar ástæður mæli með því, að hún verði til, en ég hefði þó talið rétt að hlífzt væri við skipun slíkrar n. nú, vegna kostnaðar, sem af henni hlýtur að leiða. Og það er einkennilegt að vilja stefna til aukinna útgjalda, þegar hagur ríkissjóðs er kominn á það hástig eymdarinnar, sem fjármálastjórn hv. 2. þm. Eyf. skildi við hann í. En ég skal þó ekki fást mjög um það, ef hæstv. fjmrh. stendur við það að leggja fram og fá úrskurðað á þinglegan hátt, hversu miklu fé megi verja til framkvæmdar laganna, og gerir það áður en frv. fær fullnaðarafgreiðslu í þinginu. Þegar menn sjá framan í þann kostnað, sem af þessu má leiða, þá geta menn metið það, hvort rétt sé kostnaðarins vegna að samþ. frv.

Ég held því fram, að ekki skorti vald til þess að úrskurða um þessi mál í fjmrn.

Það er miklu fremur starfskraftaatriði þar. En um það hefir ráðh. óskorað vald.

Hæstv. fjmrh. fór að gera hæfileika skattstjórans að umtalsefni, án þess að tilefni væri gefið. Það er að vísu ekki nema gott, að hæstv. fjmrh. beri lof á sína embættismenn, en það getur líka orðið oflof, og þá einnig á skattstjórann. Ég er nú ekki nema einn af ákaflega mörgum gjaldendum þessa bæjar. En vegna orða hæstv. ráðh. finn ég mig knúðan til að segja frá því, að honum hefir ekki tekizt ennþá að reikna rétt út minn tekju- og eignarskatt. Ég hefi næga þekkingu á tekju- og eignarskattslögunum til þess að sjá, þegar ranglega er á mig lagt. En ég get sagt það, að hann hefir verið lipur við að eiga og tekið til greina umkvartanir mínar, að einu smáatriði undanteknu, sem ég varð að leita til skattanefndar um og fékk líka leiðréttingu á því þar. Ég sé því ekki, að hann beri neitt af öðrum embættismönnum, þótt hann kunni að vera góður. Ég held því, að hæstv. ráðh. hafi hlaðið á hann oflofi. Ég veit líka af fleirum tilfellum, sem líkt er ástatt um, þar sem orðið hefir að leiðrétta tekju- og eignarskattinn hjá þeim skattgjaldendum, sem færir hafa verið um að reikna út skattinn sjálfir. En það er vitanlegt, að allur þorri skattgjaldenda hefir ekki þá þekkingu á þessari löggjöf, að hann sé fær um að gera aths. og geta borið sig upp við skattstofuna, þótt ekki sé rétt upphæð sett á skrá. Ummælum hæstv. ráðh. um, að staðið verði gegn þessu frv. af því það sé tekjuaukafrv. þarf ég ekki að svara. Það hefir engum komið til hugar að standa gegn frv. af þeirri ástæðu.

Hv. frsm. meiri hl. var eitthvað órótt út af þessu. Þótt hann sé ekki vanur því að koma fram með ádeilur, sem er líka rétt fyrir hann, því hann er enginn maður til að standa í slíku, þá sagði hann samt nú, að mér væri sama, hvaða trassaskapur ætti sér stað um framkvæmd tekju- og eignarskattslaganna. Þessi lög hafa nú staðið síðan þau voru gefin, sem var á þingi 1921. Báðir höfum við verið ráðh. síðan og átt báðir að gæta þessara laga sérstaklega. Og báðir höfum við komizt af án nokkurrar ríkisskattanefndar.

Hann sagði, að framkvæmd skattalaganna úti um land væri verri en hér í Reykjavík. Ég ber ekki á móti því, að nokkuð sé hæft í þessu. En ég held því fram, að okkur beri nú að hlífast við þessum aukna kostnaði, sem af frv. mundi leiða, og framkvæma þetta á einfaldari og ódýrari hátt.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. nokkuð út af aðfinnslum mínum um ákvæði frv. um valdsvið n. En heldur var lítið á þeim ummælum að byggja. Hann vísaði til þess, að ríkisskattan. væri ekki ætlað meira vald en skattanefndum nú er ætlað, þegar gjaldþegn telur ekki fram. Þetta kann að vera rétt, en sá er þó alltaf munurinn, að ríkisskattanefnd er ætlað þetta vald, hvort sem gjaldþegn telur fram eða ekki telur fram, og að úrskurður hennar er fullnaðarúrskurður. Annars þarf ekki svo mjög um þetta að deila eftir að hæstv. fjmrh. hefir fallizt á, að rétt sé að setja nákvæmari ákvæði um starfssvið n. og vald en nú er í frv.

Þá sagði hv. þm., að sér hefði fundizt ég óvenjulega hátíðlegur, þegar ég minntist á það, að þingsköpum væri fylgt. Ég get vel skilið það, að þessum hv. þm., með fjármálaráðherrafortíð sína að baki, finnist það vera óþarflegur hátíðleiki hjá óbreyttum þingmönnum, að minna hv. þdm. á að hafa gát á, hvernig farið er með fé það, sem þinginu er trúað fyrir að ráðstafa. Hans fjármálaráðherramennska er sannarlega rödd hrópandans á eyðimörku um það, að eitt sinn var svo komið, að Alþingi réð engu um meðferð ríkisfjár, vegna þess að í ráðuneytinu sat fjmrh., er setti nafn sitt undir þær ávísanir, sem að honum voru réttar, án þess að gefa því nokkurn gaum, hvort heimilt væri að greiða þær eða ekki. Ég get því vel skilið það, að honum þyki það tilgerð, er þm. gerast til þess að minna á þá skyldu Alþingis að hafa gát á þessu efni. Honum þótti það broslegt, ef þessi deild óskaði að vísa fjárhagsatriði frv. til fjvn., og það þrátt fyrir það, þótt þetta frv. standi þó mörgum öðrum framar að því leyti, að í því er gert ráð fyrir, að kostnaður af því komi í fjárlög. Mér finnst þetta ekki broslegt, en hitt finnst mér sorglegt, að hér er nú búið að stýra svo fjármálum ríkisins í eindæma góðæri með óvenjulegum tekjum, að liggur

við gjaldþroti, eingöngu fyrir það, að Alþingi hefir ekki nógu röggsamlega haldið í hemilinn á stjórn, sem óvenjulegar tilhneigingar hafði í þá átt að gæta þess að engu, hvort heimild væri til fjárgreiðslna eða ekki.

Jón Baldvinsson: Það eru nú 10 ár liðin síðan skattalögin voru sett, og frá upphafi hefir verið gert ráð fyrir ríkisskattanefnd. Sannast að segja hefir það dregizt nokkuð lengi að setja slíka nefnd.

Það hefir verið talið réttilega, að tekjuauki mundi verða að þessu frv., en auk þess mundi skatturinn koma réttlátar niður. Það er alkunnugt, að framtöl manna í Reykjavík eru vandaðri en annarsstaðar af landinu. Ég á með þessu ekki sérstaklega við bændur, því að það er alkunnugt, að þar er ekki af miklu að taka. En það er margvíslegur annar atvinnurekstur utan Reykjavíkur, sem sorglega lítið eftirlit hefir verið haft með að því er til tekjuframtals tekur.

Ég álít, að slík n. verði þörf stofnun. Mér skilst, að það sé ekki mikill ágreiningur um það. Því er játað af hv. frsm. minni hl., að fjmrn. hafi nú vald til að framkvæma það, sem þetta frv. ætlar n. Ég held nú, að ráðuneytið hafi a. m. k. ekki eins ákveðið vald og frv. ætlar n., og einkum hygg ég þó, að eftirlitið yrði slælegar framkvæmt, ef það yrði falið einhverjum starfsmanni ráðuneytisins, sem rækti það sem aukastarf. Auk þess finnst mér það rétt hjá stj. að fara ekki að fjölga hjá sér starfsmönnum vegna þessa, heldur leita lagaheimildar.

Ég mun því greiða frv. þessu atkv. Ég álít það muni verða til bóta og til þess að skattalögin verði jafnar og réttlátar framkvæmd. Mér þykir það hafa dregizt fullengi að koma þessu í framkvæmd. Þar sem saman fer réttlætismál og tekjuauki fyrir ríkissjóð, þá er ekki áhorfsmál að láta það ganga fram.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég get allvel sætt mig við þær undirtektir, er frv. hefir fengið, og ég mun ekki láta það bregðast að gera ráðstafanir til þess, að útgjöld þau, er af því stafa, komi í fjárlög, og má ætla, að þinginu sé ljúft að samþ. litla fjárhæð í því skyni, því það er víst, að hér verður um tekjuauka að ræða.

Það, sem mest skortir á nú, er, að leitað sé að og vandlega gengið eftir öllu, sem skattskylt er. Ýmsir hafa legið á því laginu að gefa ekki upp, þegar þeir hafa getað búizt við, að á þá yrði lagt minna með því móti. Þeir hafa reiknað með því, að skattanefndir myndu reyna að sýna þeim sanngirni, en væri hinsvegar ekki nógu kunnugt um raunverulegan hag sinn, til að taka tillit til allra eigna og tekna. Slíka linkind þarf að koma í veg fyrir, og það er auðveldast með því að hafa eftirlitið í höndum manna, er búa fjarri og standa ekki í persónulegum kunningsskap við gjaldþegnana. Það er alkunnugt, að frá því að útlendingar fyrst fóru að setjast hér að og allt fram á síðustu tíma, þá hafa þeir legið á því laginu að hóta að hverfa burt úr héraði með allan sinn atvinnurekstur, ef þeir fengju ekki að ráða sköttum sínum sjálfir. Sá aukni kostnaður, sem orðið hefir við skattstofuna hér í Reykjavík, hefir aðallega stafað af auknu starfi við að sjá um, að allt komi í leitirnar. Það hefir mikill árangur orðið að þeirri leit, og því þarf að halda vel við. Og þetta þarf að reka annarsstaðar eins og hér.

Það er nauðsynlegt, að vald ríkisskattanefndar sé svo víðtækt sem frv. gerir ráð fyrir. En það kann að mega ákvarða það nánar en frv. nú gerir. Það er ekki einungis gegn einstökum mönnum, sem því þarf að beita; það getur orðið nauðsynlegt að beita því gegn öllum gjaldþegnum í heilum hreppum.

Mér varð það á áðan að hæla einum starfsmanni ríkisins. Það er þó fátítt, að slíkum mönnum, sem sitja við ríkisjötuna og naga sína bita þar, sé hælt, og eru þeir þó margir, sem eiga þakkir skildar fyrir störf sín. Af því að nokkuð þurfti að draga úr því lofi, þá vil ég nefna annan starfsmann, sem heyrir undir mitt ráðuneyti, tollstjórann í Reykjavík, sem ég vil lofa líka. Mig langar til að vita, hvort eitthvað þarf að draga úr því lofi líka. Ég ber ekki brigður á, að það geti hent skattstjórann að gera skekkjur. Það er mannlegt og erfitt að standa í þeirri stöðu án þess að slíkt komi nokkru sinni fyrir. En ég vil fullyrða, að þó honum

verði slíkt á um einstök atriði, þá er það ekki af ásetningi. Ég er sannfærður um, að hann vill ávallt komast að réttri niðurstöðu, og hefir þar engin aukasjónarmið óviðkomandi sínu starfi. Það var þetta, sem ég vildi segja, en ekki hitt, að hann væri óskeikull.

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Hv. frsm. minni hl. færði engin ný rök fram og er því líklegt, að við þurfum ekki að ræðast mikið meira við um frv. En það leit svo út, að nokkur meinlaus ummæli, er ég viðhafði um þá till. hans að vísa frv. til fjvn., hafi komið nokkru geðróti á hug hans. Vera má og, að þar hafi nokkru um valdið góð ummæli hæstv. fjmrh. um skattstjórann í Reykjavík. Þetta tvennt hefir haft slæm áhrif á skapsmuni hv. þm., og út af því fór hann að tala um störf mín í stjórnarráðinu. Ég mun nú ekki ræða um þau hér; þau koma þessu mál ekkert við. Mér var það ekki ókunnugt áður, að hv. þm. hafði ekki álit á mér til þessa starfa eða annara hluta. En þar sem hv. þm. talaði um það, að ég hefði þar ekki gert annað en borga út ávísanir, er ég vissi ekki, hvort heimilt væri að greiða samkv. fjárl. eða ekki, þá get ég upplýst það, að ég gerði dálítið meira. Ég varð líka að greiða upphæðir, er þessi hv. þm. hafði sjálfur gleymt að ávísa í sinni ráðherratíð og loforð var um frá honum. Ég geri ráð fyrir, að þar hafi aðeins verið um gleymsku að ræða. Af hverju hún hefir stafað, veit ég ekki. En mér datt í hug, að hún kynni að hafa stafað af því, að hv. þm. hafi eytt of miklum tíma í að lesa „Manninn frá Suður-Ameríku".

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson) [óyfirl.]: Það, sem ég þykktist við, voru ekki hin ómerkilegu og lítilsvirðandi ummæli hv. frsm. meiri hl. viðvíkjandi sjálfsagðri framkvæmd Alþingis á skyldugu eftirliti með útgjöldum ríkisins, né heldur hin meinlausu ummæli hæstv. fjmrh. um skattstjórann. En það voru þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að mér stæði á sama, hvaða trassaskapur ríkti á þessu sviði. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni, að ég þori að leggja undir dóm allra óhlutdrægra manna afrek okkar beggja á sviði fjármálastjórnarinnar, og það mun enginn geta talið hann hafa rétt á að bera á mig trassaskap. Það mun hann skilja einhverntíma, þegar hann fær séð það, að hann hefir verið verkfæri í höndum sér verri manna til að gereyðileggja það starf, sem ég taldi aðalárangur fjármálastjórnar minnar, nefnilega viðreisn fjárhagsins. Mér getur runnið í skap við að hugsa um það út af fyrir sig, þótt það sé ekki æst upp með órökstuddum svigurmælum í minn garð.

Ég veit ekki, hvað hv. þm. átti við, þegar hann gat um, að ég hefði gleymt að ávísa einhverjum upphæðum úr ríkissjóði og hann svo orðið að gera það. Þetta gæti verið skiljanlegt, ef hann hefði tekið við ráðherraembætti eftir mig, en svo var nú ekki. Annar maður, sem nú er látinn, gegndi því embætti þar á milli, og hefði mér þótt líklegt, að það hefði orðið hans hlutskipti að bæta úr þeirri gleymsku, en ekki þessa hv. þm., er tók við embættinu löngu síðar. — Ef síðustu orð hv. þm. hafa átt að skiljast svo, að ég hafi vanrækt embætti mitt vegna skemmtibókalestrar, þá verð ég að segja það, að slík ummæli eru honum illa sæmandi. Sjálfur hefir hann átt aðgang til að bera saman mín handaverk þar við starf fyrirrennara minna og eftirmanns, og hefði því getað fundið, að ekki lá þar minna starf eftir mig en nokkurn þeirra.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 298, frá minni hl. fjhn., felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, HSteins, JónÞ, GÓ.

nei: MT, PH, PM, EÁrna, IP, JakM, JBald, JónJ, JónasJ.

1. gr. samþ. með 11 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.

nei: JónÞ, BSn, GL.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 124).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 419).

30. Síldarbræðsluverksmiðjan á Siglufirði.

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42, 14. júní 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (þmfrv., A. 169).

Á 30. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Svo sem vikið er að í grg. frv., er svo fyrir mælt í l. um Síldareinkasölu Íslands, að stj. einkasölunnar skuli skipa einn mann í stj. síldarbræðsluverksmiðjunnar. Nú hefir síldareinkasalan verið lögð niður með bráðabirgðalögum, sem telja má víst, að þingið samþ. Verður því að gera nýja skipun á stj. verksmiðjunnar. Sjútvn. leit svo á, að þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á rekstri verksmiðjunnar, væri og eðlilegast, að atvmrh. skipaði alla stj. hennar. Áður hefir Siglufjörður skipað einn mann í stj. verksmiðjunnar, en sjútvn. taldi rétt, að því yrði einnig breytt, úr því að breyt. er gerð á annað borð.

Þá hefir n. tekið upp breyt. eftir bendingu, er henni barst frá stj. verksmiðjunnar, um það, hversu að skuli farið, ef verksmiðjunni berst meiri síld en hún getur tekið á móti. Taldi stj. verksmiðjunnar, að hin fyrri ákvæði l. um þetta atriði væru áframkvæmanleg. Vill hún því, að lagt sé á vald stj. verksmiðjunnar, hve mörgum skipum hún tekur á móti, en hinsvegar ber stj. að tilkynna síldarseljendum sem fljótast, hvort þeir komist að eða ekki, svo að þeir geti komið sér í samband við aðrar verksmiðjur eða hætt við útgerðina.

Um 3. brtt. geri ég ekki ráð fyrir, að verði neinn ágreiningur. Í núgildandi l. eru engin fyrirmæli um endurskoðun, svo að sjútvn. leizt rétt að flytja brtt. um þetta, úr því að l. er annars breytt. Ég tel enga ástæðu að vísa þessu máli til n., þar sem sjútvn. flytur það.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég tel ástæðu til að lýsa yfir því, að þótt ég flytji þetta frv. ásamt meðnm. mínum, er ég algerlega mótfallinn þessum ríkisrekstri, en þar sem ríkið hefir þegar tekið verksmiðjuna að sér að öllu leyti, tel ég einnig rétt, að það beri ábyrgð á stj. hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 169).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins benda hv. sjútvn., sem að sjálfsögðu fær málið til meðferðar, á það, að á fiskiþinginu, sem haldið var í vetur, voru samþ. till. í þá átt, að Fiskifélag Íslands fengi að skipa einn mann í stj. síldarbræðsluverksmiðjunnar, þann, sem Síldareinkasala Íslands skipaði áður. Mælist ég til þess við hv. sjútvn., að hún taki þetta til athugunar, þegar hún fer að ræða málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 374).

Frsm. (Bergur Jónsson): Sjútvn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það er óhjákvæmileg afleiðing af því, að síldareinkasalan var lögð niður, að ákveða verður, hvernig skipa eigi stj. síldarverksmiðjunnar. — Að öðru leyti þarf ég ekkert frekar um þetta að segja. Frv. ber það með sér, hvernig stj. verksmiðjunnar skuli skipuð.

Pétur Ottesen: Ég hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að á fiskiþinginu í vetur hefðu komið fram tilmæli um, að fiskifélagsstj. fengi rétt til þess að skipa einn mann í stj. síldarbræðsluverksmiðjunnar. Ég skaut því þá til hv. sjútvn., að hún athugaði þetta og tæki þá til greina tilmæli fiskiþingsins að því leyti, sem hún sæi sér það fært. Nú þætti mér vænt um, ef þetta hefir verið rætt í hv. sjútvn., að heyra ástæður n. fyrir því, að hún hefir ekki viljað verða við þessum tilmælum. Þessi tilmæli eða áskorun fiskiþingsins er að finna í erindum þeim, sem það hefir sent Alþingi, og geri ég ráð fyrir, að hv. sjútvn. hafi kynnt sér þau. Fiskifélag Íslands ber að sjálfsögðu að skoða sem fulltrúa sjávarútvegsins, og því sanngjarnt og réttmætt, að það fái þennan rétt.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ástæða sjútvn. fyrir að sinna ekki tilmælum fiskiþingsins var sú, að hér er um stofnun að ræða, sem algerlega er rekin á ábyrgð ríkisins, og því eðlilegast, að hæstv. ríkisstj. skipi stj. verksmiðjunnar. Hitt má vel vera, að hæstv. stj. taki eitthvert tillit til óska Fiskifélagsins í þessu efni, en n. fannst engin ástæða til að hafa það ákveðið í lögunum.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég vil minna á, að á fyrri þingum hefir afstaða okkar sjálfstæðismanna um skipun stj. verksmiðjunnar verið sú, að þeir, sem skipta aðallega við þetta fyrirtæki — en það eru útgerðarmenn —, réðu mestu um stjórnarskipunina. En eins og kunnugt er, hefir þessu ekki fengizt framgengt, og get ég því fallizt á fyrir mitt leyti, að ríkisstj. beri allan veg og vanda af þessu fyrirtæki, bæði um skipun stj. og rekstur verksmiðjunnar yfir höfuð.

Annars vil ég nota tækifærið og beina fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um afkomu þessa fyrirtækis, og hvort ekki hafi sannazt það, sem ég sagði í vetur, að tapið á verksmiðjunni 1930 mundi nema um 400 þús. kr. með því, sem eftir stendur ógreitt af lögboðnum gjöldum til ríkissjóðs. Ég skal játa, að ég hefi ekki séð reikninga þessa fyrirtækis, en geri þó ráð fyrir, að ég reynist sannspár um þetta.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal geta þess, að alveg nýlega hefir borizt skýrsla um afkomu verksmiðjunnar, og mun ég sjá til, að hún komist í hendur hv. sjútvn. áður en 3. umr. fer fram.

Að sinni sé ég ekki ástæðu til að svara nánar fyrirspurn hv. þm. G.-K. En þó vil ég geta þess, að afkoma verksmiðjunnar síðastl. ár hefir verið mun betri en 1930. Þó ég hafi séð skýrsluna, man ég ekki svo um tölurnar, að ég geti látið hlýða mér yfir þær. Skal því ekkert fullyrða um, hvort tölur þær, sem hv. þm. G.-K. fór með, eru réttar eða ekki. En sem sagt, afkoma verksmiðjunnar er miklu betri nú en 1930.

Magnús Guðmundsson: Mér finnast upplýsingar hæstv. atvmrh. litlar og ónógar. — Þó að vitað sé, að stór tekjuhalli hafi orðið á rekstri verksmiðjunnar 1930, og nú sé sagt, að tekjuafgangurinn síðastl. ár sé um 130 þús. kr., þá er ekki þar með sagt, að fyrirtæki þetta hafi innt af hendi þær greiðslur, sem það átti að gera samkv. l. Annars getur þetta beðið til 3. umr., og sést þá vonandi, hver hin raunverulega afkoma er.

Mér skilst, að þótt verið hafi 130 þús. kr. ágóði af rekstri verksmiðjunnar 1931, þá hafi hún ekki uppfyllt þær skyldur, sem henni er ætlað að gera l. samkv. Og ef ekki er hægt að uppfylla þær skyldur, þá verður að breyta l.; engin meining að brjóta l. ár frá ári. Ef l. eru óframkvæmanleg, sem ég er hræddur um, að þau séu, þá verður, vegna þess hvað verksmiðjan er dýr í rekstri, að breyta þeim.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 469).

---

31. Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 27).
Á 8. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er orði til orðs eins og það var samþ. á næstsíðasta Alþingi hér í deildinni. Sé ég því enga ástæðu til að ræða það, né heldur að það verði látið ganga til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:1 atkv. og til allshn. með 7:3 atkv.

Á 23. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 100).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er svo gamalkunnugt hér í hv. d., að ég sé enga þörf á að ræða um það af minni hálfu. Ég hefi því ekki annað um það að segja en að leggja til f. h. meiri hl. n., að það verði samþ.

Pétur Magnússon: Eins og sjá má á þskj. 100, hefi ég lagt á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga. Málið hefir verið hér til umr. á tveim síðastl. þingum, og þá hefi ég gert grein fyrir, á hverju ég byggi andstöðu mína við það, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök nú, en læt mér nægja að vísa til þess, sem ég áður hefi sagt.

Jón Baldvinsson: Ég þakka hv. meiri hl. n. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og vænti þess, að það gangi nú greiðlega fram í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 27).
Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:3 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 40., 41., 45., 49. og 50. fundi í Nd., 1., 2., 7., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 27, n. 211).

Sveinbjörn Högnason: Þar sem hv. frsm. er ekki viðstaddur, skal ég f. h. meiri hl. n. skýra afstöðu hans til málsins. Frv. þetta hefir legið fyrir þinginu áður og er því hv. þm. kunnugt. N. gat ekki orðið að öllu leyti sammála um afgreiðslu þess;

tveir af nm. hafa engu áliti skilað, og gera þeir væntanlega grein fyrir sinni afstöðu í framsögu. Meiri hl. n. virðist full þörf á að setja slíka löggjöf sem hér er farið fram á, til þess að tryggja kaupstöðum og kauptúnum forkaupsrétt að mannvirkjum og lóðum, sem getur orðið þeim nauðsynlegt að eiga í framtíðinni og hækkað geta mjög í verði, ef þær eru látnar ganga kaupum og sölum manna á milli. Þess vegna leggur meiri hl. n. eindregið til, að frv. verði samþ.

Sveinn Ólafsson: Ég hygg, að þessi uppvakningur sé hér í fimmta eða sjötta sinn á ferðinni, og hefir ætíð farið um hann á einn veg. Mig furðar mjög á því, ef frv. á nú að ganga gegnum deildina umræðulaust, eftir þeirri meðferð, sem það hefir áður sætt. Mér þykir það furðulegt, ef þeir, sem einkanlega hafa á móti frv. staðið á undanförnum þingum, og þá sérstaklega þeir tveir menn í allshn., sem ekki hafa undirskrifað nál. á þskj. 211, koma nú ekki fram með nein mótmæli gegn því. Ég fyrir mitt leyti verð að ganga á móti þessu máli, eins og ég hefi áður gert. Ég tel það hreint og beint vansæmd fyrir Alþingi, ef frv. er samþ. Ef svo væri ástatt sem hv. 2. þm. Rang. hélt fram, að hér væri um mikla nauðsyn að ræða fyrir kaupstaðina og hreppsfélög að ná umráðum yfir löndum, lóðum, hafnarmannvirkjum og þesshättar, þá er vissulega til opin leið að því, sem alþekkt er og oft hefir verið farin áður, og það er að fá eignarnámsheimild hjá Alþingi í hvert skipti. Ég held ég muni það rétt, að nú liggi fyrir þinginu tvö frv. um slíka heimild fyrir sveitarfélög vestur á landi. Þetta er sú leið, sem þráfaldlega hefir verið farin, og hana tel ég þá einu eðlilegu og réttu aðferð, þegar þörf er á slíkum aðgerðum. Vilji menn hinsvegar vinna að því að koma á „kommúnistisku“ ástandi í bæjunum við sjóinn, þá vil ég þvo hendur mínar af því verki og mun aldrei leggja því lið. En það er áreiðanlega spor í þá átt að samþ. þetta frv. og gefa þannig sveitarfélögum og bæjarfélögum færi á að sölsa undir sig mannvirki, lóðir og lendur í nágrenni sínu.

Þar fyrir utan verð ég að segja það, að mér virðist þetta vera tvísýn gróðaaðferð fyrir bæina. Það má ganga hér um bil að því vísu, að „spekúlantar“, sem þetta vilja nota sér, mundu reyna að hækka sem mest verð eignanna með tylliboðum, þegar þeir vissu, að hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélög væru búin að samþ. að nota forkaupsréttinn. Bæjar- og hreppsfélögin þyrftu því sennilega að kaupa eignirnar fyrir miklu hærra verð heldur en þau hefðu getað fengið þær fyrir á frjálsum markaði. Hefðu þau þá ekki annað upp úr þessari lagasetningu en óeðlilega verðhækkun á þeim eignum, sem þau kynnu að hafa þörf á að ná umráðum yfir.

Jón Ólafsson: Það er eins og hv. 1. þm. S.-M. tók fram, að þetta frv. hefir verið borið fram á allmörgum undanförnum þingum. Frá upphafi mun það vera sprottið af skilningsleysi þeirra manna, sem borið hafa það fram og bera það fram enn, eða þá af megnasta viljaleysi á að skilja nokkurn skapaðan hlut, hvað hér er um að ræða. Það gengur nokkuð langt, þegar svo er komið, að menn vilja ekki skilja þær ástæður, sem mæla móti frv. og gera jafnvel hættulegt að samþ. það. En það mun óhætt að segja um tvo af hv. meðnm. mínum í allshn., hv. þm. Barð. og hv. 2. þm. Rang., sem leggja til, að frv. verði samþ., að það lítur út fyrir, að þeir beri ekki minnsta skyn á þetta mál, en af því frv. virðist vera í þjóðnýtingaráttina, í áttina til þess skipulags, sem barizt er fyrir í þeim herbúðum, sem þessir hv. þm. áttu áður heima í, þá finnst þeim sjálfsagt að mæla með því.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir tekið af mér ómakið að lýsa því, hvað af því mundi leiða að samþ. þetta frv., hvers vegna sá réttur, sem með því á að veita hreppsfélögum og bæjarfélögum, mundi ekki verða þeim til neinna nytja.

Það er vitanlegt, og kemur heim við mína margra ára reynslu hér í bæ, að þegar um slík forréttindi er að ræða eins og forkaupsrétt, þá kemst spákaupmennskan þar að, og viðkomandi eign fer að ganga kaupum og sölum fyrir hækkað verð, þegar álitið er, að hún verði á sínum tíma tekin fyrir „fullar bætur“ eða „sannvirði“ því fullar bætur er ekki hægt að miða við annað en hvað boðið

er fyrir eignina af öðrum. Með þessu er því lagður grundvöllur að því, að einföld bæjarstjórnarsamþykkt geti gert það að verkum, að eigendum eignanna, sem taka á, eða þeir, sem með spákaupmennsku ætla sér að græða á þeim, geti fengið meira fyrir þær en ef þær væru teknar eignarnámi með sérstakri heimild þingsins eftir mati. Ég tala nú ekki um, þar sem ákveða á það fimm árum fyrirfram, hvaða eignir á að taka; þá þarf ekki að segja neinum, sem nokkuð þekkir inn í viðskipti, að spákaupmennskan komist ekki undir eins að, þegar ákveðið hefir verið að nota forkaupsréttinn að 5 árum liðnum. Þetta hljóta allir að sjá, sem vilja sjá. En fyrir mér er þetta orðin reynsla. Er ég ekki hissa á því, að menn, sem ekki hafa verið viðriðnir stjórn bæjarmála, þekki þetta ekki út í æsar, en ætla mætti, að þeir leituðu sér upplýsinga, sem myndu sannfæra þá um, að það gæti verið háskalegt, ef einfaldur meiri hl. bæjarstj. ætti að geta samþ. slíka hluti án þess að nauðsyn beri til þess, að bæjarstj. skipti sér af því. Það er nú búið að ræða málið mikið hér í d., og hefir engin breyt. á því orðið síðan á síðasta þingi, er frv. var fellt. Má ætla, að hv. þdm. séu það skynugir, að þeir ljái ekki fylgi sitt til þess að þetta komist í gegn. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum hér um að þessu sinni, því að ég álít, að hv. þdm. þurfi ekki frekari skýringar á málinu en þeir hafa fengið á undanförnum þingum.

Sveinbjörn Högnason: Ég held ekki, að þörf sé að svara þeim hv. þm. miklu, sem mælt hafa gegn frv. Hygg ég, að hv. þdm. muni hafa tekið eftir mótsögnunum í röksemdafærslu þeirra. Leggja þeir í öðru orðinu áherzlu á það, að það opni leið fyrir spekúlationum, en í hinu, að það undirbúi kommúnistiskt skipulag. Held ég, að þetta tvennt geti illa samrímazt. Kemur mér á óvart, að jafnskilningsgóður maður og hv. samþm. minn skuli bera slíkt fram sem höfuðröksemd gegn frv. En um það, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þinginu væri vansæmd að því að samþ. slíkt frv., verð ég að segja, að því væri þvert á móti vansæmd að því að taka þessu máli með skilningsleysi.

Hv. samþm. minn rifjaði upp gamlar væringar með okkur frá kosningafundum. Hélt ég, að hann væri búinn að stagast svo mjög á því, er hann fór með um mig persónulega á þessum fundum, að hann væri orðinn leiður á því. Var það ein höfuðröksemd hans þar, að ég væri kommúnisti. Hélt ég, að hann væri búinn að sjá, hve þýðingarlaust slíkt er, og að jafnvel okkar góðu Rangæingar láta ekki hræða sig með því einu, þótt þeim sé, ef til vill, kommúnisminn ekkert kær. Slík slagorð eru löngu útþvæld og áhrifalaus.

Jón Ólafsson: Mér þótti óþarfi af hv. samþm. mínum að vera að rifja þetta upp, því að þegar við áttum tal um það á kosningafundi fyrir austan og hann átti að svara fyrir það, hvort hann ætti ekki sitt andlega óðal þar, sem kommúnismminn væri, þá andmælti hann aldrei einu orði og kom upp hlátur mikill. Þykir mér líklegt, ef hv. þm. er fæddur með því hugarfari, að þá muni lengi loða við hann það uppeldi, sem hann hefir fengið í þessu á unga aldri. Vil ég ekki hallmæla honum fyrir uppeldi það, sem hann hefir fengið, en að skammast sín fyrir uppeldi sitt ætti enginn að gera, og hann ekki heldur.

Hv. þm. misskildi það, sem við hv. 1. þm. S.-M. sögðum. Það er fullt samræmi í því, að verðlag hækki og að kommúnistiskur hugsunarháttur sé ráðandi. Hafi hann veitt kenningunni athygli, þá mun hann hafa séð, að það er stefnuskrá hennar að komast yfir eignir með einhverjum hætti. Hefir borið minna á því, að reynt væri að fá hlutina fyrir hið lægsta verð, sem hægt var að komast að, heldur hefir verið reynt að leggja það á hið breiða bak hins opinbera. Þetta fer alstaðar saman. Er ekkert hugsað um það, á hvern hátt skuli eignast hlutina, heldur að eignast þá fyrir hvaða verð sem er, því að hið opinbera ber kostnaðinn.

Sé ég svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta hér í deild, nema hv. þm. meiri hl. vilji ekki taka það til íhugunar, hvílíka ógæfu þeir eru að leiða yfir þau bæjarfélög, sem eru svo óhamingjusöm, að meiri hl. þar hafi þá skoðun, sem svo áþreifanlega er inngróin í huga meiri hl. í allshn.

Sveinn Ólafsson: Mér er óljúft að tala í þessu máli, og skoðun mín er sú, að það sé ekki þess vert, að eytt sé tíma í að ræða það. Vil ég þó snöggvast hverfa að því, sem ég hefi áður sagt og misskilið var af ýmsum. Með frv. þessu er alls ekki verið að gera greiða sveitar- og bæjarfélögum, heldur hinn mesta ógreiða. Ákvæði frv. hljóta að leiða til þess að þvinga fram óeðlilega verðhækkun. Ef bæjarfélag auglýsir fyrirfram, að það ætli sér forkaupsrétt að einhverri eign, þá verður það auðvitað til þess, að eigendur og jafnvel féhyggjumenn aðrir reyna að þoka verðinu upp, og kemur þannig fram verðhækkun með óeðlilegum hætti.

Þá vil ég einnig áður en ég skil við þetta mál, taka það fram, sem að vísu oft hefir verið bent á, að ef þessi forkaupsréttur verður lögfestur, þá stangast hann við forkaupsréttarlögin frá 1926. Ef þau lög eiga ekki að gilda lengur, þá hefði mátt ætla, að þau væru felld niður með þessu frv. og það fram tekið, en það hefir ekki verið gert. Þessi tvenn andstæðu og ósamrímanlegu lög eiga þá að gilda samtímis. — Frekar skal ég ekki fjölyrða um þetta. Málið er ekki þess vert og óneitanlega helber hégómi.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil spyrja hv. 1. þm. S.-M. að því, þar sem hann segir það ógreiða fyrir bæjarfélögin að fá þessa löggjöf, hvort hann álíti það ógreiða fyrir hreppsfélögin úti um land að hafa forkaupsrétt að jörðum innan hreppsins. (**SvÓ:** Þeir eru ekki að auglýsa það fyrirfram). Það skiptir ekki miklu máli. — Þá er það rangt athugað hjá hv. þm., að forkaupsréttarlögin frá 1926 ættu að falla í burt um leið og þetta yrði að lögum. Þarf ég ekki að fara frekar orðum um það; slíkt felst hvergi í þessu frv.

Viðvíkjandi því, sem hv. samþm. minn sagði, að sér hefði þótt óþarfi að rifja upp gamlar væringar okkar frá kosningafundum eystra, læt ég þess getið, að ég hefði ekki gert það, ef hann hefði ekki byrjað. Ættum við að geyma okkur púður það þangað til við hittumst aftur á þeim vettvangi. Um uppeldi mitt er það að segja, að ég skammast mín ekki fyrir það, hvorki fyrir honum né öðrum og benda slíkar hnútur sem hans í þessum efnum frekar til þess, að eitthvað vanti í andlegt uppeldi þess, sem kastar þeim, svo að ekki sé harðar að orði kveðið. Vil ég svo ekki deila við hann um slíka hluti.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl., 2. þm. Rang, bar fram þá spurningu í sambandi við það, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þessi ákvæði gengju í berhögg við forkaupsréttarlögin frá 1926, hvort forkaupsrétturinn væri þá hreppsfélögunum ógreiði. Ég vil benda hv. frsm. á það, að samkv. þessum forkaupsréttarlögum eru aðrir aðilar, sem ganga á undan hreppsfélögunum um forkaupsrétt á jörðum. Ef jarðeigandi vill selja barni, kjörbarni, systkini eða foreldri jörðina, þá kemur ekki til greina forkaupsréttur ábúanda eða hreppsfélags. Ef þessu er ekki til að dreifa, á leiguliði forkaupsrétt, og er hreppurinn þannig 3. aðili. En með þessu frv. hefir hreppur eða kaupstaður alltaf forkaupsrétt framar öllum öðrum aðilum.

Í því tilfelli, að innan kaupstaðar séu sérmetnar jarðir, sem forkaupsréttarl. frá 1926 taka til, er það rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að þau stangast við ákvæði þessa frv. Hvernig á svo, ef þetta frv. yrði að lögum, að greiða fram úr málinu, þar, sem þetta rekst á? Hefir oft verið bent á þetta á undanförnum þingum. Er það undarlegt, að þeir, sem frv. styðja, skuli ekki hafa tekið þessar bendingar til athugunar. Er það alveg rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að ekki er vansalaust fyrir Alþingi að afgreiða lög, sem skýrt og ótvírætt koma í bága við gildandi lög. Auk þess hefir verið bent á það, að þessi forkaupsréttarákvæði eru þarflaus, því að ef hreppsfélög eða bæjarfélög þurfa að fá fasteignir innan umdæmis síns, lóðir eða slíkt, þá geta þau í skjóli laga um eignarnámsheimild fengið því framgengt. Eru ekki dæmi þess, að Alþingi hafi neitað um slíkar heimildir, ef réttmætar hafa reynzt. Þar, sem svo er hinsvegar ástatt, að meiri hl. hreppsnefndar og bæjarstjórnar er skipaður mönnum, sem hafa þá skoðun, að fasteignir eigi að komast úr höndum einstaklinganna í hendur hins opinbera, þar er löggjöfin búin að opna

leið til þess fyrir það opinbera að sölsa undir sig slíkar eignir, án tillits til þess, hvort nokkur nauðsyn liggi til eða ekki. Þarf það ekki að byggjast á öðru en þeirri persónulegu skoðun þessara manna, að þeir séu að vinna þarft verk með því að koma þessum eignum úr höndum einstaklinganna yfir á hið opinbera. En frá sjónarmiði þeirra manna, sem styðja núv. þjóðskipulag, verð ég að benda á þá hættu, sem því er samfara að veita sveitar- og bæjarfélögum slíka heimild sem þessa. Með því að gera færa þá leið, sem oft er farin í slíkum tilfellum, að fá lögfesta eignarnámsheimild, hefir verið bætt úr þörfinni. Er það byggt á þessu, að Alþingi hefir undanfarið ekki viljað fallast á ákvæði þessa frv. Vona ég, að hv. þm. líti sömu augum á þetta og áður og að forlög frv. verði söm og á síðasta þingi.

Jóhann Jósefsson: Ég vil taka undir mótmæli hv. 1. þm. S.-M. gegn frv. og jafnframt benda á, að mér virðist hv. 2. þm. Rang. ekki hafa afsannað það með rökum, að í frv. felist þetta tvennt, að það greiði götu kommúnismans í bæjar- og sveitarfélögum og opni jafnframt leið fyrir braski. Það er augljóst, að það gerir þetta. Með frv. er ýtt undir það, að bæjar- og sveitarfélög vasist í fasteignakaupum, og er ekki ólíklegt, að þau geri meira að því en nú, ef slík löggjöf er fyrir hendi sem hér um ræðir. Nú er það svo, að ef bæjar- eða sveitarfélag þarf að ná tangarhaldi á landi til opinberra þarfa, þá leitar það til Alþingis, ef ekki fæst á annan veg, og fæst þá oftast heimildin. Þeir, sem kunnugir eru bæjar- og sveitarstjórnarmálum, hafa haldið því fram hér í deild, að oft myndi verða hrapað að því að ástæðulausu að tryggja því opinbera forkaupsrétt, ef þessi lög kæmust á. Ályktanir bæjar- eða sveitarstjórna geta verið gerðar yfirvegunarlítið á einhverjum fundi, og er þá sýnt, að með þessu er verið að íþyngja bænum eða sveitinni með skuldum. Er það ekki óhugsandi, að sá, sem á fasteign og vill losna við hana, geti ýtt undir það í bæjarstjórn eða látið ýta, að fasteignin sé tekin upp á skrá þeirra eigna, sem bærinn vill kaupa, til þess að verð hennar hækki. Þarf ekki annað en að benda á hrossakaupin hjá sumum flokkum á Alþingi, til þess að sjá, að slíkt hið sama getur átt sér stað úti um landið. Er það rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að þetta frv. ryður í senn þessu tvennu braut: Þeirri hugsun, að bærinn eigi að sitja á sem mestu af fasteignum og svo „svindilbraski", svo ég viðhafi orðalag Tímans, í fasteignasölu í kaupstöðum. Hygg ég, að þau dæmi, sem fyrir eru um það, að íslenzk bæjar- eða sveitarfélög hafi ráðizt í fasteignakaup eða atvinnurekstur, séu ekki þannig, að þau gefi tilefni til að ýta undir þetta. Ég tel mínu bæjarfélagi ekki betur borgið, hvort sem er á krepputímum eða ekki, þótt þetta frv. verði að lögum. Með því er meiri hl. í bæjarstjórnum gefin ástæða til að ráðast í kaup, sem geta orðið til þess að veikja bæjarfélagið. Mun ég því greiða atkv. á móti frv., eins og ég hefi gert hingað til.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Þetta mál er svo þaulrætt frá undanförnum þingum, að tilgangslaust og óþarft er að halda áfram þessum umr. Ég vil aðeins benda á það, út af hinu sífellda tali sumra andmælenda frv., sérstaklega hv. þm. Borgf., um það, að í frv. þessu felist brot á gildandi lögum um forkaupsrétt leiguliða, að lögfræðingar úr flokki hv. þm. sjálfs hafa frá fyrstu byrjun fylgt frv. þessu á þingi og ekki viljað viðurkenna, að frv. kæmi á nokkurn hátt í bága við gildandi lög, og leyfi ég mér sérstaklega að benda á Jóhannes Jóhannesson, fyrrv. þm. Seyðf. Þótt hv. þm. Borgf. vilji ekki trúa mér eða öðrum lögfræðingum úr andstöðuflokkum hans, ætti hann að geta trúað fyrrnefndum lögfræðingi úr sínum eigin flokki.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það út af ræðu hv. þm. Barð., að meiri uppgjöf af hans hálfu við að hnekkja þeim andmælum, sem komið hafa hér fram gegn þessu frv., gat ekki komið fram en er hann fer að vitna til utanþingsmanns um þetta mál. (**BJ:** Er ekki heimildin góð?). Hv. þm. hefði alveg eins getað setið kyrr eins og að fara að vitna til Jóhannesar Jóhannessonar í þessu máli, og rangfæra vitanlega það, sem hann hefir lagt til þessara mála. (**JJós:** Hann man

svo vel eftir honum). Já, það stafar sjálfsagt af því. Hv. þm. var að tala um, að umr. um þetta mál væru óþarflega langar. En eins og sýnt hefir verið fram á, er þetta frv. stórkostlega varhugavert, og því er ekki furða, þótt þeir, sem koma auga á hættuna, geri sitt til að opna augu hinna. Það er ekki aðeins eðlilegt, heldur hrein og bein skylda.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil benda á, að með frv. er opnuð leið fyrir óforsjálar bæjarstjórnir til að ákveða fram í tímann, hvaða fasteignum og mannvirkjum bærinn taki forkaupsrétt á. Hingað til hefir þingið aldrei neitað um eignarnám, þegar nauðsyn hefir verið á því. En í seinni tíð hefir borið á því, að bæjarstjórnir, þar sem jafnaðarmenn eru í meiri hl., hafa náð eignarhaldi á löndum að nauðsynjalausu. Svo hefir t. d. farið á Ísafirði. Bæjarstj. þar hefir hækkað lóðaleigu fram úr hófi, svo að ekki er óalgengt, að lóðaleiga undir einstök hús á lóðum bæjarins sé 400 kr. á ári, eða þrefalt hærri en elli myndi vera og tíðkazt hefir hjá einstaklingum. Má svo búast við, þegar bæirnir eru að þrotum komnir sökum þessarar óforsjálni, að þeir fari að heimta ábyrgð ríkissjóðs, en þegar svo er komið, eru fjárráðin tekin af Alþingi Íslendinga. Það nær heldur ekki nokkurri átt að brjóta viðurkennda meginreglu með því að Alþingi fari að leyfa forkaupsrétt að ástæðulausu, sízt þar, sem engin dæmi eru til þess, að Alþingi hafi neitað um eignarnám, ef nauðsyn hefir verið fyrir hendi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, JónasÞ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef.

nei: JJós, JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PO, SvÓ, EA, GÍ, JörB.

Fimm þm. (IngB, LH, MJ, ÁÁ, HJ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 13:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:8 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BKr, HStef, HG, HV, LH, StgrS, SvbH, TrÞ.

nei: EA, GÍ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, JörB.

Þrír þm. (BÁ, IngB, JónasÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 470).

---

32. Sáttanefndarkosning í Reykjavík.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík** (þmfrv., A. 205).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Arnórsson): Eftir gildandi lögum á bæjarstj. Rvíkur að velja 4—6 menn til að sitja í sáttanefnd. Þessi lög eru frá 1795. Svo eiga borgarar að kjósa 2 af þessum 4 mönnum til að sitja í sáttanefnd. En af öllum þeim, sem á kjörskrá eru, kjósa venjulega ekki nema 70—80 menn. Þetta skipulag svarar illa kostnaði. Það er þess vegna, sem bæjarstj. fer fram á, að þessu skipulagi verði breytt, þannig að bæjarstj. sjálf kjósi sáttanefndarmenn.

Það ætti ekki að vera meiri hætta á að láta bæjarstj. kjósa þessa menn í nefnd heldur en í niðurjöfnunarnefnd. Ég vænti því, að d. lofi þessu litla máli að ganga fram, og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 275).

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég hefi lítið um þetta frv. að segja, nema að allshn. leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., að sáttanefndar- og varasáttanefndarmenn verði kosnir eftir lögum þessum þegar er þau hafa öðlazt gildi.

ATKVGR.
Brtt. 275 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 314).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 314).
Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 444).

Frsm. (Pétur Magnússon): Tilhögun sú, sem nú er á kosningu sáttanefndarmanna hér í Reykjavík, er ákveðin með tilskipun frá 10. júlí 1795 og er því orðin talsvert á annað hundrað ára gömul. En tilhögunin er þannig, að bæjarstj. á að tilnefna 4 til 6 menn og bæjarbúar að kjósa á milli þeirra. Áhugi bæjarbúa fyrir því að velja þessa starfsmenn hefir nú ekki verið meiri en það, að ég hygg, að aldrei hafi fleiri en hundrað manns neytt atkvæðisréttar síns við þessa kosningu. Hinsvegar er nokkur kostnaður og fyrirhöfn við þetta, að hafa til kjörskrá, auglýsa kjörfund og yfirleitt að setja þær vélar í gang, sem nauðsynlegar eru við allar kosningar. Sýnist því ástæðulaust að haga þessu þannig lengur.

Í frv. er lagt til, að þessu verði breytt á þann veg, að bæjarstj. kjósi sáttanefndarmennina með hlutfallskosningu til þriggja ára í senn. Með því móti sparast öll sú fyrirhöfn og allur sá kostnaður, sem nú er við val þeirra. Virðist áhættulaust að fela bæjarstj. að skera úr um þetta, og má benda á, að henni er falið að velja menn til starfa, sem vissulega er meira um vert en starf sáttanefndarmannanna. Á ég þar t. d. við niðurjöfnunarnefndina, sem kosin er með hlutfallskosningu af bæjarstjórninni.

Frv. þetta var borið fram í Nd. af hv. 2. þm. Reykv., og gekk það gegnum þá hv. d. mótmælalaust. Hér í Ed. var því svo vísað til allshn., og leggur hún einróma til, að það sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 497).

33. Raforkuveitur.

Á 25. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa (þmfrv., A. 130).

Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég vænti þess, að í grg. frv. séu nægileg rök fyrir nauð-

syn þessa máls til þess, að hv. þd. geti fallizt á, að frv. fari mótmælalaust til 2. umr. og nefndar, og af því að orðið er áliðið fundartíma, ætla ég að sleppa því að mæla frekar fyrir frv. við þessa umr., nema andmæli komi fram. Legg ég til, að málinu verði vísað til athugunar til hv. fjhn., sem undanfarið hefir haft þetta og samskonar mál til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 254).

Frsm. (Jón Þorláksson): Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með þessu frv., með þeirri einu breyt., sem greind er í nál. á þskj. 254, að n. sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að skipuð verði til þess að undirbúa till. um þessi mál, verði ekki lögákveðin, heldur sé stj. heimilt að skipa hana. Það hefir sem sagt orðið að samkomulagi að mæla með frv. með þessari breyt., og vona ég, að jafngott samkomulag fáist um það í d., svo að ég þurfi ekki að flytja frekari framsöguræðu af hálfu n. frv. til meðmæla. Frá minu sjónarmiði segi ég það, að ég tel það ekki bót á frv. að leggja það á vald stj., hvort n. sé skipuð eða ekki. En ég fulltreysti því, að hvaða stj. sem er muni nota sér það að ná þannig samvinnu við alla flokka þingsins um þessi mál, jafnskjótt og nokkrar þær skýrslur liggja fyrir frá vegamálastjóra, sem gefa tilefni til þess, að stj. taki til yfirvegunar, hvort rétt sé að undirbúa till. til þál. eða frv. til laga út af þessu máli. Þetta segi ég fyrir mína hönd sérstaklega, til að gera grein fyrir því, að ég hefi þó getað orðið meðnm. mínum samferða í því að flytja þessa breytingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 254 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 285).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 285).
Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið að dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 285, n. 396).

Frsm. (Ólafur Thors): Þetta frv. kemur frá Ed. og var afgreitt þaðan ágreiningslaust. Eins og hv. dm. muna, var lagt fyrir þingið 1929 og '30 frv. um raforkuveitur utan kaupstaða. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, en samt var veitt dálítil upphæð í fjárl. til nauðsynlegs undirbúnings þessa máls og skipuð mþn. um það. Þessi n. hefir starfað talsvert, m. a. haft verkfræðing í þjónustu sinni. En á síðasta ári féll þessi starfsemi niður vegna erfiðleika ríkissjóðs, sem alstaðar lýsa sér. Tilgangur þessa frv. er sá, að vekja þessa starfsemi af nýju, og hefir náðst samkomulag við vegamálastjóra um, að hann hafi yfirumsjón með þessu máli og að í hans skrifstofu gætu orðið nærtæk öll þau gögn, sem undanfarandi rannsókn hefir fengið. Í öðru lagi eru þarna hagnýttir kraftar, sem ríkið hefir áður ráð á, sem sé starfsfólkið í skrifstofu vegamálastjóra, sem vafalaust getur með hægu móti sinnt þessu starfi ásamt sinni vanalegu starfsemi, svo að þessu fylgir enginn kostnaður.

Fjhn. Nd. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, og

þar sem það fór ágreiningslaust gegnum Ed., býst ég ekki við, að um það verði ágreiningur hér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

---

34. Póstlög.

Á 25. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921 (þmfrv., A. 137).

Á 27. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Það gefur að skilja, að á slíkum framfara- og breytingatímum, sem verið hafa á öllum sviðum hin síðustu ár, þá er það orðið margt í póstlögunum, sem og öðrum eldri lögum, sem betur mætti fara, til þess að svara betur kröfum hinna nýrri tíma. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera þetta frv. fram, til þess að fá felld burt hin úreltu ákvæði póstlaganna og bæta inn nýjum, eftir því sem nauðsyn krefur. Frv. þetta er að mestu samið af póstmálastjóra, enda má segja það um flest ákvæði þess, að þau eru þegar praktiseruð um lengri tíma, enda mörg þeirra heimiluð í reglugerð frá 1925, og í eðli sínu alveg sjálfsögð. T. d. 1. gr. frv., sem fjallar um þyngd bréfa, þá er það ákvæði í líkingu við það, sem á sér stað erlendis, nefnilega, að bréf megi vera allt að 2 kg. að þyngd. Hér er það í lögum, að þau megi ekki vera þyngri en 250 gr., og því hefir það oft komið fyrir, að póststj. hefir verið í vandræðum með bréf, sem hafa verið yfir þessu þyngdarmarki, þar sem ekki hefir mátt bera þau út, hafi hún stranglega viljað fylgja lögunum.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það, hve viðtækur staðartaxti megi vera. Auk þess setti ég inn ákvæði um það, að sami taxti gilti um póst milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Á milli bæjanna eru, svo sem kunnugt er, ákaflega mikil viðskipti, enda gengur póstur tvisvar á dag hvora leið. Vegna þess að við Hafnfirðingar búum við landtaxta, þá vilja verða mikil brögð að því, að bréf séu fengin bílstjórum til flutnings, er síðan setja þau í póst í Reykjavík, en af þessu verða oft vanskil og margskonar óþægindi, og veldur þetta mikilli truflun og baga fyrir öll eðlileg og greið viðskipti. Póstmálastjóri hafði ekkert að athuga við þetta ákvæði, enda taldi hann það fremur mundu verða til tekjuauka fyrir ríkissjóð heldur en hitt, þar sem póstur yrði miklu meira notaður en áður. Öll ákvæðin í 3. gr. eru komin til notkunar eftir reglugerðinni 1925, en þarf aðeins lögfesting. Eins er um ákvæði 5. gr. frv. um það, að menn geti fengið til sín óborgaðar sendingar og svarbréf eftir samningi við póststjórnina. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að rannsóknarstofa háskólans hefir undanfarið sent bændum bréf viðvíkjandi því, hvernig bóluefni hennar hafi reynzt, og til þess að greiða fyrir því, að svör komi, hefir hún leitað álits póststjóra um það, hvort ekki væri tiltækilegt að lögleiða það, sem 5. gr. fer fram á.

Loks er ákvæði 6. gr. frv. um það, að nota megi frímerkingavélar í stað frímerkja. Allt þetta er þegar farið að praktisera, en það þarf einungis að fá það tekið upp í gildandi lög. Að þessu athuguðu er þess að vænta, að frv. þetta fái góðar undirtektir og fljóta afgreiðslu í þinginu. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. samgmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 137, n. 295).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 295,1 samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 295,2 samþ. með 9. shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 295,3.a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 295,3.b samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 323).

Bjarni Snæbjörnsson: Um leið og ég þakka samgmn. og d. fyrir góðar undirtektir við þetta frv., vildi ég leyfa mér að minna hv. samgmn. á það, að í dag eru nú liðnar 5 vikur síðan annað mál, sem ég flyt, var afgr. af d. til n. Á ég við frv. um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar. Er þar að vísu um meira og umfangsstærra mál að ræða en þetta er, og óskylt þessu máli, en þar sem vegamálastjóri átti að vera búinn að skila áliti sínu um málið fyrir þetta þing, samkv. þál., sem ég flutti og samþ. var á sumarþinginu í þessu efni, og n. ætti því að hafa með höndum öll þau gögn, sem hún þarf við um málið, vildi ég beina því til n., að hún afgreiddi þetta mál sem fyrst, sérstaklega þar sem hér er nú komið til umr. annað mál, sem þarf að taka mikið tillit til í sambandi við þetta, þar sem er bifreiðaskatturinn. Vona ég, að n. geti verið búin að afgreiða þetta frv. mitt áður en bifreiðaskatturinn kemur hér til endanlegrar meðferðar í d., því að afstaða mín til hans fer mjög eftir því, hvernig þessu máli reiðir af.

Páll Hermannsson: Ég vil geta þess út af ummælum hv. þm. Hafnf., að samgmn. hefir tekið þetta mál, sem hann drap á, til meðferðar á fundum sínum og átt viðtal um það við vegamálastjóra, en eins og hv. þm. Hafnf. mun kunnugt, hefir vegamálastjóri ekki enn skilað umsögn sinni um málið, og hefir n. af þeim ástæðum ekki getað tekið það fyrir til endanlegrar meðferðar. Átti ég tal um þetta við vegamálastjóra fyrir 2 dögum, og tjáði hann mér þá, að þessi skýrsla væri nú að verða fullbúin og mundi koma á næstunni. Geri ég ráð fyrir því, að ekki líði á löngu, þar til n. skilar áliti sínu um málið, eftir að hún hefir fengið þessa skýrslu frá vegamálastjóra.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 323).

Á 47. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 323, n. 421).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Frv. þetta er komið frá Ed. og var afgr. þaðan með shlj. atkv. Það fer fram á nokkrar breyt. á núgildandi póstlögum. Sumar þeirra eru jafnvel þegar komnar á og hafa verið í framkvæmd um nokkurt skeið samkv. reglugerð.

Helzta breytingin er sú, að koma hámarksþyngd bréfa í samræmi við það, sem annarsstaðar gildir, og er það fullkomlega réttmætt að færa það hámark allverulega upp, þegar svo hefir batnað um flutninga á pósti sem öðru. Önnur aðalbreytingin er sú, að staðartaxti megi gilda nokkuð frekar en áður. Þetta kemur

einkum til greina milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Það er eðlilegt, að staðartaxti gildi milli staða, sem hafa jafnmikil skipti saman og samgöngur og þessir tveir kaupstaðir. Þegar taxinn er hár, þá er vitanlega mikið af bréfum sent sem privatbréf með bílstjórum, og getur það valdið margvíslegum trflunum á viðskiptum, og póstsjóður missir tekna.

Samgmn. hefir óskað að gera nokkra breyt á 2. gr. Í 2. gr. er svo ákveðið, að staðartaxti megi gilda allt að 7 km. út fra pósthúsi. N. þykir rétt að láta staðartaxta gilda jafnan innan sveitar, þótt lengra sé frá pósthúsi en 7 km. Því getur að vísu verið erfitt að koma við þar, sem hreppar eru stórir og beinar póstgöngur eru ekki innanhrepps, heldur ganga yfir aðra hreppa. En þar, sem hreppar eru stórir og samgöngur verri, er ekki ástæða til að láta greiða hærri burðargjöld innansveitar en annarsstaðar og rétt að láta hið sama gilda um þá og aðrar sveitir. Það virðist tæpast rétt að láta slíkar sveitir gjalda með póstflutninga sína þeirra erfiðu samgangna, sem þær eiga við að búa, enda þótt það kosti nokkru meira að flytja hann en annarsstaðar, sem staðartaxti gildir.

Aðra verulega breyt. hefir n. ekki gert við frv. En við 6. gr. hefir n. gert orðabreytingu; það er ekki efnisbreyt. Í frv. gr. er talað um „óstimpluð“ frímerki; n. leit svo á, að það gæti misskilizt og menn gætu skilið það svo, að átt væri við áður notuð frímerki. Til að fyrirbyggja þann misskilning hefir n. tekið upp orðið „áprentuð“ frímerki.

Í þessari brtt. er prentvilla á þskj. 421. Þar stendur „frímerkjavéla“, en á að vera: frímerkingavéla.

Annað held ég, að sé ekki ástæða til að taka fram um þetta mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 421,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 421,2 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 483).

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið aftur frá Nd., og hefir hún gert á því 2 lítilfjörlegar breytingar. Samgmn. þessarar hv. d. hefir athugað frv. af nýju, og telur hún breyt. þessar svo smávægilegar, að ekki sé ástæða til annars en að samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 549).

35. Viðurkenning dóma og fullnægja þeirra.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra (þmfrv., A. 274).

Á 44. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Einar Arnórsson): Allshn. flytur þetta frv. eftir beiðni hæstv. forsrh. Fjallar frv. um það, að stj. verði heimilað að láta ganga í gildi samninga, sem gerðir hafa verið af Íslands hálfu við hin önnur Norðurlönd og undirskrifaðir voru af umboðsmönnum landanna í Kaupmannahöfn 16. marz síðastl. — Efni samninganna er það, að aðfararheimild í hverju landanna um sig gildi einnig í hinum löndunum, en til þessa hefir þetta verið svo, að þurft hefir að fara í mál og fá ísl. dóm til staðfestingar á t. d. dönskum dómi, ef dóminum hefir ekki verið fullnægt góðfúslega. Hvíla samningarnir á því, að réttlátir dómar séu yfirleitt felldir í hverju landanna um sig, sem ekki komi í bága við réttarskipunina í hinum löndunum. Hefir þetta nokkra þýðingu t. d. fyrir menn hér, að geta þannig fengið framkvæmdan íslenzkan dóm í hinum Norðurlöndunum. En til þess að þetta geti komizt í kring, þarf að gera ýmsar ráðstafanir; t. d. hefir ísl. fógeti ekki vald til að fullnægja erlendum dómi, og fer frv. fram á það, að stj. sé heimilað að gera allar slíkar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að samningarnir geti komið til framkvæmda. — Samningarnir eru gerðir af færum mönnum, og því ekki að óttast, að þeir séu illa gerðir, og taldi n. því sjálfsagt að verða við þessari beiðni hæstv. forsrh. og væntir þess, að d. samþ. frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi engu við að bæta það, sem hv. frsm. n. hefir sagt um þetta frv., en vil aðeins þakka n. fyrir góðan málaflutning um leið og ég læt í ljós þá ósk, að málið megi fá sem fljótasta afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 274).
Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 509).

Frsm. (Pétur Magnússon): Þetta frv. var flutt af allshn. Nd. samkv. beiðni hæstv. forsrh. Efnið er það, að heimila ríkisstj. að láta ganga í gildi ákvæði samnings, sem gerður var 16. marz þ. á. og undirritaður í Kaupmannahöfn, milli Íslands og annara Norðurlanda, um það, að dómar, sem gilda í einu landinu, skuli líka gilda í hinum. Nú er það svo, að sé í einu landinu kveðinn upp dómur yfir manni frá einhverju hinna, þá verður að staðfesta hann í heimalandinu, til þess að hægt sé að gera aðför eftir honum. Er þetta þunglamalegt fyrirkomulag fyrir menn, sem þurfa að leita réttar síns. Þessi samningur byggist á gagnkvæmu trausti landanna á dómstólum hinna, og má fullyrða, að dómstólar í öllum þessum löndum njóti þess trausts, að ekki sé áhætta fyrir okkur að þessum samningi. Allshn. þessarar d. hafði málið til meðferðar, og mælir hún með því óbreyttu. Þessi samningur er prentaður hér sem fylgiskjal með frv. og er gerður af hinum hæfustu mönnum. Má treysta því, að svo sé frá gengið, að allir megi við una.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 582).

---

36. Prófessorsembætti í læknadeild háskólans.

Á 53. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands (þmfrv., A. 434).

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bergur Jónsson): Frv. þetta er flutt af allshn. eftir ósk hæstv. dómsmrh., er mun gera grein fyrir ástæðum að því, að það er flutt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það þarf nokkurrar skýringar við, að flutt er á þessum tímum frv., sem lítur út fyrir að vera um fjölgun starfsmanna ríkisins. Ég verð því að segja frá tildrögum þess, enda þótt ég búist við, að mörgum hv. þdm. muni vera þau kunn

Um leið og landsspítalinn var fullgerður, og enda reyndar strax og byrjað var að byggja hann, var það þegar ráðið, að við hann skyldu starfa 3 fastir yfirlæknar. Var og ráðið, hverjir það skyldu vera, og voru þeir svo með í ráðum um byggingu hans og alla gerð. Einn þessara manna er Guðm. Thoroddsen prófessor. Var hann fastur starfsmaður landsins. Annar, dr. Gunnl. Claessen, var bundinn föstum samningi við landið sem forstöðumaður röntgenstofunnar, sem þegar var ákveðið, að flytti í landsspítalann, þegar hann væri fullgerður. Þriðji yfirmaður landsspítalans er Jón Hjaltalín Sigurðsson, sem bæði var héraðslæknir í Rvík og hafði verið kennari við háskólann í mörg ár. Má það teljast hagsýni, að maður í stærsta héraðslæknisembætti landsins, sem líka hafði mikinn „praksis", kenndi líka við háskólann stærstu grein læknisfræðinnar.

Þegar Jón Hjaltalín fluttist að landsspítalanum, varð hann að hætta héraðslæknisstörfum hér og sömuleiðis læknisstarfsemi sinni úti um bæinn. Að standa fyrir lyflækningadeild landsspítalans og kenna við háskólann er vitanlega ærið nóg starf einum manni. Er því hnigið að því ráði að sameina þessi tvö störf með sömu kjörum og Guðm. Thoroddsen hefir nú. Er því ekki um aukakostnað að ræða, en auk þess er það sparnaður, að héraðslæknisembættið stendur enn óveitt, en bæjarlæknir gegnir þeim störfum einn. Eins og nú stendur er Jón Hjaltalín ráðinn til þessara starfa með lauslegum samningi við ríkisstj. Fer hann því fram á það, að störf hans verði lögfest, svo um fastan grundvöll verði að ræða. Hann segir sem svo, að ef breytt verði til, svo að hann fari frá þeim störfum, er hann nú hefir, og hverfi aftur að héraðslæknisembættinu, þá sé stórum breytt til hins verra, því lengra sem líður, vegna þess að hann tapar þeim praksis, sem hann hafði, en aðrir hafa þá tekið við. Nú er hér að vísu um svo góðan mann að ræða, að varla er hægt að gera ráð fyrir, að honum verði bægt frá þessum störfum. En það er þó eðlilegt, að hann vilji heldur, að starfið verði lögfest. Launin eru óbreytt, og er því um engan aukinn kostnað að ræða. Og þótt það mætti hugsa sér þann möguleika að fá yngri mann í þetta starf, sem ekki kæmi inn á fullum launum, þá mundi Jón Hj. Sigurðsson taka við héraðslæknisembættinu aftur. Er á engan hátt hægt að fá störf þessi unnin fyrir lægri laun en þau, er prófessorar hafa. Hér er því um engan aukinn kostnað að ræða og því ekkert hægt að spara, nema þá að læknakennsla og landsspítalinn verði lagt niður.

Skal ég ekki orðlengja þetta frekar, en vísa máli þessu til hv. deildar, sem ég vona, að greiði götu þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:3 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ við 3. umr. í Nd. (A. 434).
Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að hv. dm. viti um tilefni þessa frv.; það er sem sé það, að lögfestur sé gamall samningur við Jón Hj. Sigurðsson um að hann verði löglega skipaður prófessor við háskólann, en hann hefir verið það í raun og veru samkv. lauslegum samningi um mjög langt skeið, eins og frv. ber með sér.

Þegar hann varð héraðslæknir, tók hann að sér kennslu við háskólann og hefir gegnt því frá byrjun fyrir mjög litla þóknun, samhliða sínu erfiða starfi. Þegar farið var að reisa landsspítalann, var samið við Jón Hj. Sigurðsson, Guðmund Thoroddsen og Gunnlaug Claessen um að verða læknar landsspítalans, og eins og kunnugt er, störfuðu þeir að undirbúningi þess máls meðan á byggingunni stóð, og hafa starfað samkv. samningi við heilbrigðisstjórnina sem læknar landsspítalans síðan hann tók til starfa, eins og þeir væru prófessorar við háskólann. Nú hefir Jón Hj. Sigurðsson ekki sleppt héraðslæknisembættinu enn og segir, sem von er, að ef það væri ekki meining Alþ., að hann yrði prófessor, þá vildi hann fá að vita það strax, því að hann mundi þá stunda sitt embætti áfram, til þess að tapa ekki sínum gömlu samböndum, sem gæti verið nokkur hætta á, ef hann væri nokkur ár burtu frá því og kæmi svo aftur í það. Þess vegna er þetta ekki nein breyting á því skipulagi, sem nú er. Því ef Jón Hj. Sigurðsson færi burt, kæmi annar maður í staðinn, sem þá yrði að greiða svipað, eftir kauptaxta slíkra manna. Þess vegna er breytingin, sem þetta frv. gerir frá því, sem nú er, aðeins sú, að landið gerir endanlegan samning um þetta, í stað þess að stj. hefir gert samning til bráðabirgða.

Ég tel rétt, að umr. lokinni, að þetta mál verði athugað í allshn., og vildi gera það að minni till., að því yrði vísað þangað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 577).

Frsm. (Pétur Magnússon): Eins og nál. á þskj. 577 ber með sér, hefir allshn. orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Ég hefi í raun og veru engu við það að bæta, sem stendur í grg. frv., og það, sem hæstv. dómsmrh. sagði við 1. umr. þessa máls. Ég vil aðeins benda á það, að þótt frv. verði samþ., þá hefir það ekki í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Sá maður, sem hingað til hefir gegnt þessu starfi og ætlazt er til, að fái það embætti, sem hér á að stofna, er nú ráðinn yfirlæknir í lyflækningadeild landsspítalans og hefir þar sömu launakjör og forstöðumenn annara deilda við þann spítala. Svo sem kunnugt er, eru þau laun miklum mun hærri en kennaralaun við háskólann. Kennslunni hefir hann lengst af gegnt fyrir lítil laun, sam-

hliða héraðslæknisembættinu í Rvík. En nú verður hann að láta af því embætti vegna starfa sinna sem spítalalæknir. Staða hans við spítalann er alveg hliðstæð starfi yfirlæknisins við skurðlækningadeildina, en hann gegnir, svo sem kunnugt er, jafnframt prófessorsembætti við háskólann. Virðist því í alla staði eðlilegt, að sama sé látið yfir báða ganga, enda verða heildarútgjöld ríkisins alveg hin sömu, þótt kennaralaunin hækki nokkuð frá því, sem áður var. Og enginn mun vefengja, að læknirinn, sem hér á hlut að máli, sé stöðu sinni á allan hátt vel vaxinn, og að það sé vinningur jafnt fyrir spítalann og háskólann að fá að njóta starfskrafta hans.

N. vill því eindregið mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 631).

---

37. Tannlækningar.

Á 14. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar (þmfrv., A. 45).

Á 17. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er shlj. frv. um sama efni, er ég flutti á vetrarþinginu í fyrra. Ástæðan til þess er sú, að í ljós hefir komið, að það er talsverðum erfiðleikum bundið fyrir fólk, sem heima á langt frá aðalkaupstöðunum, að fá sér gervitennur. Nú eru ýmsir, sem lært hafa til tannlækninga og lokið prófi í þeirri grein, en hafa þó ekki leyfi til að setja í menn gervitennur samkv. lögunum frá 1929. Er það fyrir tilmæli eins slíks manns, að ég flyt þetta frv. Ég hefi borið það undir landlækni, og hann leyfði mér að láta þess getið, að hann væri því meðmæltur.

Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þetta frv. Það er nauðsynlegt fyrir afskekkt héruð að fá þessa ívilnun, og henni fylgir engin áhætta fyrir heilbrigðismál landsins.

Ég býst við, að hv. d. vilji vísa frv. til n., og legg ég til, að því verði þá vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 105).

Frsm. (Jón Jónsson): Ég þarf ekki langa framsögu fyrir þessu máli. Eins og skýrt er frá í nál., hefir allshn. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, enda hefir landlæknir í viðtali við n. lýst sig samþykkan frv. — Í hinum ýmsu héruðum landsins er fólki allt of erfitt að ná til lærðra tannlækna, og má reyndar segja, að ekki sé um tannlækna að ræða nema hér í Rvík og á Akureyri. Verður það því allkostnaðarsamt fyrir fólk að fá sér gervitennur, og enda illkleift. Þó að tannlæknarnir hinsvegar kunni að ferðast eitthvað um landið árlega, sem þeir þó lítið gera að, nægir það alls ekki til að bæta úr þeirri þörf, sem fólki er á tannlækningum, svo að neinu verulegu nemi. Þeir munu oftast vera á ferðinni á annatíma, þegar fólk getur ekki snúizt við því að fá sér tennur.

Ég hefi að vísu orðið þess var, að sumir tannlæknar hér í bænum muni vera frv. andstæðir, en það er ekki nema skiljanlegt, þó að tannlæknar sem aðrir vilji reyna að halda utan um sína sérhagsmuni, en þó munu tannlæknar hér ekki allir andvígir frv., eftir því sem landlæknir tjáði n., enda á það að vera sæmilega tryggt eftir frv., að þessar undan-

þágur, sem samkv. því má gera frá tannlækningal., verði ekki misnotaðar.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vildi gjarnan koma inn í þetta frv. betri skýrgreiningu á því, hvað meint er með því að „hafa lokið tannsmíðanámi". Er svo víða, t. d. í Danmörku, að tannsmiðir t. d. geta útskrifað tannsmiði. Kynnti ég mér þetta mál nokkuð, er ég dvaldi í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum, og komst að raun um, að hægt mundi að fá vottorð um leikni í tannsmíðum, þó að ekki væri verið lengur en ½ ár að slíku námi, ef nóg fé var fyrir það borgað, en þó var þetta vottorð þeim annmarka bundið, að það var ónothæft innan Danmerkur. Gæti þetta því leitt til þess, að hingað veldust þeir menn til þessa starfa, sem ekki eru hæfir til að leysa þetta af hendi, þótt þeir hefðu vottorð um kunnáttu, og vildi ég því leyfa mér að bera hér fram svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv., og vænti þess, að hv. d. heimili afbrigði um till., svo að hún megi komast hér að við þessa umr.:

„Á eftir orðunum: „er lokið hafa tannsmíðanámi" komi: „hjá íslenzkum tannlæknum eða viðurkenndum skóla fyrir tannsmiði, leyfi til o. s. frv.".

Ég lít svo á, að með þeim sé betri trygging fengin fyrir því, að til þessa starfa veljist menn, sem starfinu eru vaxnir, en orðið gæti að frv. óbreyttu, og vildi því mega vænta þess, að hv. d. gæti fallizt á þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 133) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Hv. þm. Hafnf. hefir að miklu leyti tekið af mér ómakið um það, sem ég vildi sagt hafa út af þessu frv. Þetta frv. lá einnig fyrir síðasta þingi, og lagði ég á móti því þá, fyrst og fremst af þeim ástæðum, að ekki er nægilega tryggt eftir því, að hæfir menn eingöngu fái leyfi til þessa starfa. Skilst mér þó, að ekki sé það ástæðulaust, þó að gerðar séu jafnmiklar kröfur til þeirra manna, sem smíða stykki og fella inn í mannlegan líkama, eins og gerðar eru til handiðnarmanna yfirleitt, sem smíða í dauða hluti. Samkv. frv. er ekki nægilega tryggilega frá þessu gengið, eins og hv. þm. Hafnf. réttilega benti á. Ef hér á að leyfa almenna tannsmiði, meira og minna hæfa til starfa síns, mundi það verða til að útrýma lærðum læknum í faginu, og enda reynslan ávallt verið sú, að þessir tannsmiðir færa sig út fyrir sitt eiginlega verksvið og fást jafnframt við að fylla tennur og draga þær út. Þegar út á þá braut er komið, getur þetta orðið allalvarlegt og enda hættulegt þeim sjúklingum, sem leggja sig undir aðgerð af þeirra hendi. Þar, sem slíkir menn setjast að, verður það til þess að tefja fyrir, að lærðir tannlæknar setjist að, eins og greinilegt er af reynslu Ísfirðinga í þessum efnum. Þar á Ísafirði hefir undanfarið dvalið einn tannsmiður, og mun hann hafa farið þar út fyrir verksvið sitt og fengizt við að fylla tennur og draga út. Mundi svo víðar verða, eins og er þarna á Ísafirði, ef hverjum, sem við tannsmíðar hefir fengizt meira eða minna, verður veitt slíkt leyfi, takmarkalítið eða takmarkalaust. Hefir og þessi orðið reynsla Færeyinga í þessum efnum, sem eiga enga reglulega tannlækna, en hinsvegar fjöldann allan af tannsmiðum, sem fúska í því að gera gervitennur, án þess að geta neina hjálp veitt, ef til alvarlegri aðgerða kemur. Hinsvegar er því ekki að neita, að þörfin fyrir tannlækningar er mikil. Það vill svo vel til, að nú eru 9 stúdentar að tannlækninganámi erlendis, og má auðvitað gera ráð fyrir, að þeir setjist að hér á landi, er þeir hafa lokið námi og má því vænta þess, að nægilega margir lærðir tannlæknar verði búsettir víðsvegar á landinu, svo að ekki þurfi að grípa til ólærðra manna. Frv. gerir ráð fyrir, að héraðslæknar hafi eftirlit með þessum tannsmiðum, en slíkt eftirlit verður aldrei nema kák eitt. Héraðslæknisumdæmin eru velflest svo stór, að héraðslæknum er enginn kostur að fylgjast með starfi tannsmiða, sem e. t. v. búa á öndverðum enda héraðsins við lækninn og lækninum því gefst lítið tækifæri til að kynnast, auk þess sem tannsmíðar liggja fyrir utan verksvið lækna og þeir af þeim ástæðum eru ekki öðrum fremur skynbærir á þessa hluti, landlæknir jafn sem almennir læknar. Tannsmíðar eru sérstök iðngrein, og þarf

til hennar sérstakrar fagþekkingar sem til annara iðngreina, og standa læknar þar almennt litið betur að vígi en allur almenningur. — Brtt. hv. þm. Hafnf. er til bóta á frv., og mun ég því greiða henni atkv. mitt, þó að ég telji hinsvegar, að hún nægi hvergi til þess, að það sé fyllilega tryggt, að ekki veljist nema hæfir menn til þessa starfa. Til þess að svo væri, þyrfti að láta próf fara fram yfir þessum tannsmiðum, og ég tel enda ekki til of mikils mælzt, þó að þeir væru prófskyldaðir sem aðrir fagmenn.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég fæ ekki séð, að till. hv. þm. Hafnf. sé nauðsynleg, þegar litið er til þess, að frv. gerir ráð fyrir, að þessi tannlækningaleyfi séu því aðeins veitt, að meðmæli landlæknis séu til þess, og virðist þetta eiga að vera næg trygging fyrir því, að slík leyfi verði ekki veitt, nema hlutaðeigandi menn hafi lokið námi á tryggan hátt. Þessi till. hv. þm. Hafnf. getur því ekki skilizt á annan hátt en sem vantraust á landlækni, sem ekki sé trúandi til að fara með þetta vald réttilega, sem frv. leggur í hendur honum. Hvað fúskið snertir, sem þeir voru báðir að tala um, hv. þm. Snæf. og hv. þm. Hafnf., fæ ég ekki séð, að það sé fremur heimilað með frv. en þegar er samkv. gildandi lögum í þessu efni, og þessi maður á Ísafirði, sem hv. þm. Snæf. talaði um, að gerði meira að þessum verkum en honum væri heimilt, þar sem hann jafnframt tannsmíðunum fæst við að fylla tennur og draga út, er einmitt talandi vitni þess, að ekki er gott að koma í veg fyrir þetta, þrátt fyrir hin ströngustu lagaákvæði í þessum efnum, því að samkv. gildandi l. er þessum manni þetta óheimilt, en með frv. yrði ekki önnur breyt. á þessu frá gildandi l. en að landlæknir veitti manninum leyfi til að gera gervitennur, ef hann þætti til þess hæfur.

Þá fæ ég ekki séð, að það muni rétt hjá hv. þm. Snæf., að engin bót yrði að eftirliti héraðslækna með starfi þessara tannsmiða, heldur þvert á móti, því að frv. gerir enda ráð fyrir, að þeir vinni starf sitt í samráði við héraðslæknana, þannig að skilja, að héraðslæknarnir taki tennurnar úr þeim, sem þess þurfa með, en hinir smíði í þá gervitennurnar. Það virðist því ekki vera ástæða til að bera kvíðboga í þessum efnum, þó að frv. verði samþ. óbreytt, en hinsvegar kann rétt að vera að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, svo að betra svigrúm gefist til að athuga þetta nánar. Það má vel vera, að tryggilegar megi frá þessu ganga, en landlæknir taldi þetta þó forsvaranlegt, eins og það er nú í frv., og enda einn af tannlæknum bæjarins, sem landlæknir bar málið undir.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 45, n. 105, 133).

Bjarni Snæbjörnsson: Ég gerði grein fyrir brtt. þeirri, sem ég flyt við þetta frv., þegar það var síðast til umr. í þessari hv. d. En af því að þá voru ekki allir hv. þdm. viðstaddir, vil ég geta þess aftur, að brtt. er borin fram með fullu samþykki landlæknis. Enda mun öllum ljóst, sem um þetta mál hugsa, að til þess eru sett lög um tannlækningar, að tryggja fólkinu, sem til tannlækna þarf að leita, að þeir séu sem bezt starfi sínu vaxnir. Og bezta tryggingin fyrir því mun vera sú, að þeir hafi lokið tannsmíðanámi hjá íslenzkum tannlæknum eða þá hjá viðurkenndum skóla erlendis, því að enn mun ekki vera svo komið, að tannlæknar hér á landi geri sér það að atvinnu að útskrifa menn í þeirri grein, þó slíkt eigi sér stað sumstaðar erlendis, t. d. í Danmörku. Þar mun vera hægt að fá vottorð um góða kunnáttu í tannsmíði hjá sumum tannlæknum, þó að viðkomandi hafi verið stuttan tíma við nám. Einungis hefir orðið að borga vel fyrir vottorðið og það heldur engin réttindi gefið innanlands.

Ég vil þess vegna mælast til, að hv. þdm. samþ. brtt. mína á þskj. 133.

Frsm. (Jón Jónsson): Allshn. tók til athugunar brtt. hv. þm. Hafnf. Virtist henni skipta litlu máli, hvort hún væri samþ. eða ekki, og hafa nm. óbundin atkv. um hana.

Ég vil benda á, að samkv. frv. eins og það liggur fyrir, er leyfi til tannsmíða bundið samþykki landlæknis, og getur hann því sett þau skilyrði, sem honum sýnist og hann telur þurfa. Finnist honum það, sem felst í brtt. hv. þm. Hafnf., nauðsynlegasta skilyrðið, getur hann sett það. Annars þykir mér ólíklegt, að það geti ekki í ýmsum tilfellum verið nægileg trygging fyrir kunnáttu, ef umsækjandi hefir t. d. námsvottorð frá viðurkenndum tannlækni erlendis. Ég skil ekki, að þeir, sem þessa grein læknislistarinnar stunda, séu svo sérstaklega óheiðvirðir, að ekki megi byggja á vottorðum þeirra eins og annara. Ég hygg, að öryggi manna gagnvart tannlæknum sé vel borgið með því ákvæði frv., að samþykki landlæknis þurfi til þess, að veita megi leyfi til að setja í menn gervitennur. Vænti ég því, að hv. d. geti samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Með brtt. er landlækni sýnt vantraust, sem ég sé ekki, að ástæða sé til.

Halldór Steinsson: Ég skil ekki aðstöðu hv. flm. og frsm., að hann skuli amast við því, að almenningi sé tryggt það sem bezt, að tannsmiðir, sem ekki eru starfi sínu vaxnir, fái ekki að setja í menn gervitennur. Ég veit ekki, hvað honum getur gengið til slíks. Sennilega er það ekki tilætlun hans með frv. að koma fúskurum að þessu starfi.

Einar Árnason: Þetta frv. er ekki stórt, og ég sé ekki, að með því sé höggið stórt skarð í þann verndarmúr, sem löggjafarvaldið hefir hlaðið utan um tannlækna. Ég hygg, að tannlæknar njóti meiri lagaverndar hér á landi en víða annarsstaðar. Þó hefir þetta litla frv. komið því til leiðar, að tannlæknar hafa sent þingmönnum bréf til að andmæla því.

Ég býst við, að það vaki fyrir hv. flm. að gera fólki úti um landið léttara fyrir að fá sér gervitennur heldur en nú er. Það má vera, að með því að samþ. frv. verði ekki mikið ágengt í þá átt, en þó held ég, að það gæti orðið að einhverju liði. Það er nú svo, að tannlæknar eru ekki á hverju strái; flestir eru þeir hér í Rvík. Og það er dýrt fyrir fólk, sem þarf að fá sér gervitennur, að verða að ferðast hingað til þess lengst utan af landi. Það má vera, að sú regla komist á, að tannlæknar fari um landið við og við til þess að gera við tennur í fólki og setja í það gervitennur. En menn hafa nú fengið nokkra reynslu af ferðum sérfræðinga í öðrum greinum læknisvísindanna, og hefir það orðið mjög dýrt fyrir þá fáu einstaklinga á hverjum stað, sem á þeim hafa þurft að halda, og erfitt á ýmsan hátt að hafa not af þeim.

Annars var það aðallega út af þessu bréfi, sem þrír tannlæknar hér hafa skrifað þm. — f. h. tannlækna, segja þeir —, að ég vildi segja nokkur orð. Mér finnst þetta bréf fyrst og fremst vera vantraustsyfirlýsing á tannlæknana sjálfa. Í þessu bréfi reyna þeir að færa rök að því, að frv. sé hættulegt. Og því er slegið þar fram, að þeir, sem fást eitthvað við tannsmíðar, aðrir en tannlæknar, séu fúskarar. Ég ætla ekki að dæma um, hvort svo er, en ég veit, að fólk leitar talsvert til þeirra og kemur það að miklu liði. Ég efast ekki um, að ef tannsmíðar þessara lækna væru ekki annað en fúsk, þá væri fólk búið að verða vart við það.

Í bréfinu segir ennfremur, að ef öðrum en tannlæknum er leyft að fást við tannlækningar, hafi það þau áhrif, að lærðir tannlæknar þori ekki að setjast að á þeim stöðum. Þetta þykir mér undarlegt, ef lærðir tannlæknar þora ekki að taka upp samkeppni við fúskara, sem þeir kalla. Ég hefi þá trú, að þar, sem lærðir tannlæknar setjast að, útrými þeir brátt fúskurum í sinni sérgrein. Þeir ættu að yfirvinna þá með lærdómi sínum og þekkingu. Hika ég því ekki við að greiða atkv. með frv.

Um brtt. er það að segja, að hún er ekki stórvægileg. En mér virðist hún heldur ganga í þá átt að rýra þau áhrif, sem frv. gæti haft, ef það er samþ. eins og það liggur fyrir, og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti henni. Ég þekki þess nokkur dæmi, að tannsmiðir, sem ég veit ekki til, að séu útlærðir tannlæknar, hafa sett gervitennur í menn í samráði við viðkomandi héraðslækni, og hefir það tekizt vel. Ef slíkir menn reynast illa, er ég ekki hræddur um, að margir leiti til þeirra, og er þá útskrifuðu tannlæknunum óhætt.

Bjarni Snæbjörnsson: Það er síður en svo, að brtt. mín rýri gildi frv., ef samþ. verður; þvert á móti miðar hún að því að auka gildi þess. Að auka öryggi þeirra, sem við verk tannsmiðanna þurfa að búa, fyrir því, að þeir vinni verk sitt vel, það hlýtur að vera til bóta.

Hv. 2. þm. Eyf. talaði um, að löggjafarvaldið hafi hlaðið verndarmúr um tannlækna. Þó það væri rétt, skapar það enga nauðsyn til að hlaða nú verndarmúr um fúskara í þeirri grein.

Að tannlæknar þori ekki að setjast að úti um land vegna samkeppni fúskara, er misskilningur. En af því, hvað fólkið er fátt, eiga þeir erfitt með að „praktisera" þar, sem héraðslæknar draga líka tennur úr fólki og leiðbeina því um meðferð þeirra.

Ég er sammála hv. þm. um það, að þessi lagabreyt. mundi eitthvað bæta úr brýnustu þörf afskekktra héraða í þessu efni, en það þarf bara að tryggja það, að það verði ekki nema góðir menn, sem fá að vinna að tannsmíðum.

Það má segja, að það sé vantraust á útlendum tannlæknum að gera ráð fyrir, að þeir selji mönnum vottorð um tannsmíðanám, sem ekki hafa stundað það fullkominn tíma. En ég hefi rekið mig á, að slíkt kemur fyrir í Danmörku. Aftur á móti þekki ég ekki dæmi til þess hér á landi. Þessi vottorð mun þó ekki vera hægt að fá hjá dönskum tannlæknum nema fyrir þá, sem ætla að „praktisera" utan Danmerkur.

ATKVGR.
Brtt. 133 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, JakM, JónÞ, PM, BSn.
nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

Frvgr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 6:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 45).

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 567).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14: 3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

38. Varnir gegn kynsjúkdómum.

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum (þmfrv., A. 34).

Á 13. fundi í Nd., 25. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég hefi samið þetta frv. fyrir tilmæli stj., þó að ekki beri að skoða það sem stjfrv. Þó hygg ég, að stj. muni vera því fylgjandi í aðalatriðum.

Í frv. er um tvær aðalbreyt. að ræða frá því, sem er í gildandi lögum. Hin fyrri er sú, að ríkið kosti sjúkrahúsvist fá-

tækra sjúklinga með kynsjúkdóma. Önnur aðalbreyt. er á þá leið, að ekki verði krafizt drengskaparvottorða um fjárhagsástæður þessara sjúklinga, heldur verði látin nægja umsögn viðkomandi héraðslæknis eða þeirra sérfræðinga í Reykjavík, er annast um þessa sjúklinga fyrir ríkið.

Um nauðsyn þessa máls hefir áður verið rætt á Alþingi. Útbreiðsla kynsjúkdóma hefir mjög aukizt hér á landi, einkum á síðustu árum, eins og heilbrigðisskýrslur sýna. Árið 1910 leituðu læknis 125 sjúklingar með lekanda, sem er algengasta tegund kynsjúkdóma. Árið 1921 voru þeir 192, árið 1929 431, en það er síðasta árið, sem heilbrigðisskýrslur greina frá.

Í yfirliti því, sem ég hefi þegar tekið saman fyrir árið 1930, er tala þessara sjúklinga komin upp í 519. Um syfilissjúklinga hefir verið öðruvísi háttað. Árið 1929 vitjuðu 13 sjúklingar læknis með þann sjúkdóm, og það er h. u. b. sama tala og árið 1910. Hæst fór tala þessara sjúklinga árið 1927, og voru þeir þá 37. Leit þá út fyrir, að hér á landi mundi fremur draga úr þessum hinum alvarlegasta kynsjúkdómi, eins og í öðrum löndum, og mátti þá segja, að við hefðum þá sloppið vel. En því miður átti ekki svo vel að fara. Tala þessara sjúklinga fer mjög hækkandi árið 1930, og eftir það virðist ástandið ætla að versna enn meir, ef ráða má af því, sem fram hefir komið í blöðum nýskeð frá kynsjúkdómalæknunum hér í bænum. Eru nú meiri brögð að smitun innanlands en áður. Hingað til hafa flestir þessara sjúklinga nær eingöngu sýkzt erlendis, en nú rekur hvert innlenda tilfellið annað.

Ég fullyrði ekki, að tölurnar í heilbrigðisskýrslunum um sjúklinga, sem hafa lekanda, sýni rétta mynd af útbreiðslu sjúkdómsins. Ég get búizt við því, að hinar hækkandi tölur stafi að nokkru leyti af nákvæmara framtali eftir að tveir sérfræðingar fóru að hafa nákvæmt eftirlit með þessum sjúklingum hér í Rvík. En þess er að gæta, að annarsstaðar á landinu hefir sjúklingum með lekanda einnig smám saman fjölgað, þó að gera megi ráð fyrir, að eftirlitið sé þar svipað og verið hefir. Má af því ráða, að þessir sjúkdómar séu í raun og veru stöðugt að aukast hér í landi.

Það er að vísu ekkert undarlegt, þó að svona hafi farið. Því að það er alviðurkennd erlend reynsla, að mjög náið samband er á milli kynsjúkdóma og drykkjuskapar, og ekki á það sízt við um drykkjuskap kvenna. Í kaupstöðum hefir mest borið á þessum sjúkdómum, enda hefir drykkjuskapurinn aukizt þar verulega hin síðari ár, og miklu meira en í sveitunum, og það er nær eingöngu í kaupstöðunum, að kvenfólkið drekkur og fer enn í vöxt. Kynsjúkdómarnir eru einn skugginn, sem fylgir.

Sjálfsagt má búast við nokkrum kostnaðarauka af þessu frv., ef það verður að lögum. Þó er það ekki ætlunin, að ríkið kosti öll sjúkrarúmin. Þau eru einnig ætluð þeim, sem sjálfir geta greitt sína læknishjálp, og þeir verða vafalaust allmargir, ef ráðvandlega er á haldið. Það er minni ástæða til að ætla, að þessi sjúkrastyrkur verði misnotaður en nokkur annar sjúkrastyrkur, vegna þess að yfirleitt vilja sjúklingarnir fara með þessa sjúkdóma sem leyndarmál. Um styrkinn verður því að jafnaði ekki sótt nema í brýnni þörf. Ennfremur má geta þess, að sjúklingar þessir eru flestir einhleypir menn, og í mörgum tilfellum þess vegna vorkunnarlaust að kosta þessa læknishjálp sína sjálfir. Ég get nefnt þessu til sönnunar, að á Ísafirði, sem er stórt læknishérað og hafnarbær og kynsjúkdómar þar alltíðir, sótti enginn slíkur sjúklingur um opinberan styrk í þau 14 ár, sem ég var þar héraðslæknir. Hér í Rvík mun þó nokkru öðru máli að gegna, því að kostnaður ríkissjóðs af þessum sjúkdómum undanfarin ár er mér óskiljanlega hár. Má vera, að hér sé litið öðruvísi á þessi efni og hispursleysið meira en annarsstaðar á landinu.

Þó að framkvæmdir samkv. þessu frv. hafi í för með sér allveruleg útgjöld, sem þær vafalaust hafa, ber ekki að líta á þetta sem ný útgjöld að öllu leyti. Ríkissjóður hefir áður orðið að greiða mikinn hluta af þeim kostnaði, er sveitar- og bæjarfélög hafa lagt fram í upphafi til sjúkrahúsvistar kynsjúkdómasjúklinga. Ég get ekki upplýst, hve miklu það nemur, en það hlýtur að vera talsvert.

Frv. um þetta efni hefir áður legið fyrir Alþingi í svipuðu formi og nú. Var það á síðasta þingi afgr. frá Ed. með rökst. dagskrá, meðmælum allshn. og ósk um, að stj. undirbyggi málið frekar. Samkv. till. nefndarinnar hefir verið leitað til bæjarstj. í Rvík um, að bærinn tæki þátt í þeim sjúkrakostnaði í Rvík, er af frv. leiddi, en svar við því hefir ekki komið. Hefi ég því hugsað mér þau eftirmál við kaupstaðina Rvík, Ísafjörð, Siglufjörð, Akureyri, Seyðisfjörð og Vestmannaeyjar, að heilbrigðisstj. semji við þá um að leggja til sjúkrarúmin fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða, gegn hæfilegu verði, enda fái þá sjúklingarnir þar vist gegn sanngjörnum greiðslum úr ríkissjóði. Náist ekki samningar, koma lögin ekki til framkvæmda, en ég geri ráð fyrir, að kaupstöðunum þyki þau eftirsóknarverðari en svo, að á þeim standi að bjóða fram hagkvæm kjör og aðgengileg fyrir ríkissjóð.

Mér hefir verið bent á óheppilegt orðalag í 2. gr. frv., þar sem sagt er: „semja skal“ o. s. frv. Frá minni hendi þýðir það hið sama og þar stæði: Leita skal samninga. — Ég vil þó benda væntanlegri hv. n., sem fjallar um frv., á þetta til athugunar, að hún lagfæri það, ef viðkunnanlegra kynni að þykja. Geri ég það svo að till. minni, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 45., 48., 49. og 50. fundi í Nd., 7., 11., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 34, n. 313).

Bergur Jónsson: Þar sem frsm. n. er ekki við, vil ég aðeins leyfa mér að leggja það til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 34).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 508).

Frsm. (Pétur Magnússon): Þetta frv., í líkri mynd og nú, hefir legið fyrir hv. d. tvisvar áður. Frv. er upphaflega samið af Hannesi Guðmundssyni, sérfræðingi í kynsjúkdómum, og flutt á þingi af okkur hv. þm. Snæf. Frv. fékk góðar undirtektir hér, en var þó á síðasta þingi vísað til stj. til frekari undirbúnings, því að það þótti ekki tryggt, að þau sjúkrarúm væru til, sem frv. gerir ráð fyrir. Frv. í sinni núv. mynd er samið af landlækni og flutt af honum inn á þing. Aðalbreyt. frá núv. löggjöf eru tvær. Fyrst sú, að tryggð sé sjúkrahúsvist sjúklingum með kynsjúkdóma og að ríkið greiði sjúkrahúsvist þeirra, sem geta ekki staðið straum af henni sjálfir, og svo hin, að ekki er lengur krafizt af sjúklingnum, að hann gefi drengskaparvottorð um það, að hann geti ekki borgað, heldur er það lagt undir dóm hlutaðeigandi læknis.

Eins og sést á grg. þeirri, sem fylgdi frv. upphaflega, hafa kynsjúkdómar auk-

izt allmikið upp á síðkastið. Jafnvel sá, sem alvarlegastur er talinn, syfilis, hefir farið nokkuð ört vaxandi síðustu árin. Sú breyt. hefir orðið hér á, að alloft eru nú farnar að eiga sér stað smitanir hérlendis, en áður fóru nálega allar slíkar smitanir fram erlendis. Þarf ekki að lýsa nauðsyn þess fyrir þjóðfélagið að hindra útbreiðslu þessara sjúkdóma. Hafa þeir orðið eitt hið þyngsta þjóðfélagsböl, þar sem þeir hafa gripið um sig. Sérfræðingar segja, að lækning sé því nær óframkvæmanleg, nema hægt sé að einangra sjúklingana. Á þetta sérstaklega við um kvenfólk, einkum þó þær, sem gera sér saurlifnað að atvinnugrein og smita svo og svo marga karlmenn, áður en lækning er fengin að fullu, og taka líka oft smitun aftur sjálfar. Sú lýsing, sem sérfræðingurinn gaf hér um, ætti að geta vakið menn til umhugsunar um það, að hér er bráð þörf á aðgerðum. Úr þessum ágalla ætlar frv. að bæta, þar sem í sjúkrahúsinu í Rvík eiga alltaf að vera 10 rúm til taks og önnur 10 í hinum kaupstöðum landsins. Hafnarfjörður er hér ekki talinn með, og liggur það í því, að Hafnarfjörður ætti að geta samið við Rvík um að taka sjúklinga, sem hann þarf að koma í sjúkrahús.

Um síðara atriðið er aftur það að segja, að það er haft til þess að hvetja sjúklinga til að leita læknis í þessum tilfellum. Reynslan hefir sýnt, að þessir sjúklingar eru heldur tregir til að leita læknis og vilja fara með sjúkdóminn sem leyndarmál og hlífast við því að gera uppskátt um hann. Vil ég segja, að það er í raun og veru ekki meiri hætta á því, að þetta ákvæði verði misbrúkað, þótt það verði lagt í hendur lækna að ákveða, hvort sjúklingurinn geti borgað. Jafnvel þótt einhver hætta væri í því efni, þá er hitt atriðið, að ekkert sé gert til þess að draga úr því, að sjúklingur leiti læknis, nægileg ástæða til að breyta um í þessu efni. Ég vil ekki neita því, að frv. getur haft í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en hann ætti ekki að vera mikill. Er gert ráð fyrir því, að leitað verði samninga við bæina um það, að þeir leggi til sjúkrarúmin, en ríkið kosti rekstur sjúkrahúsanna. Kostnaður er talsverður við þessar lækningar, en þótt einhver kostnaður bætist við, dugir ekki að hræðast það, ef menn eru sannfærðir um, að hann geti orðið til þess að draga úr þessum sjúkdómum.

Allshn. þessarar hv. d. hefir haft málið til meðferðar og lagt eindregið með því, að það verði samþ.

Bjarni Snæbjörnsson: Þegar frv. þetta kom fram í hv. Nd., tók ég eftir því, að það var ekki getið um í því, að Hafnfirðingar og ýmsir aðrir landsmenn gætu notið þeirra hlunninda, sem farið er fram á í frv., og talaði um það við landlækni, og tók hann því líklega að breyta því, en það hefir ekki verið gert. Hafði ég ekki athugað það fyrr en í dag. Það má vel vera, að það sé rétt athugað hjá hv. frsm., þegar hann talaði um, að n. hefði haldið, að Hafnfirðingar fengju pláss í sjúkrahúsi í Rvík, og það er sennilega það skynsamlegasta og bezta fyrir þá sjúklinga, því að hér í Rvík er auðvitað völ á þeirri beztu læknishjálp, sem hægt er að fá í þessari grein. En mér skilst samt, að þurfi að koma fram í frv. eitthvað þessleiðis, að Hafnfirðingar megi fá eitt rúm, annaðhvort af þessum 10 eða til viðbótar, eftir samkomulagi við Rvíkurbæ. Ég fyrir mitt leyti álít, að 10 rúm fyrir Rvík sé ekki of mikið og að hún hafi fulla þörf á þeim rúmum. En þá skilst mér, að eftir frv. sé ekki hægt að koma sjúklingum í sjúkrahús með sömu kjörum frá Hafnarfirði, eða annarsstaðar af landinu, ef ekki er pláss fyrir þá í þeim rúmum, sem Rvík eru ætluð. Ég hefi ekki borið fram brtt. um þetta við þessa umr., því að ég er ekki vel kunnugur því, hvernig landlæknir hefir hugsað sér þetta mál, en mun geyma mér það til 3. umr. að koma með brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 34, 553).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 553. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (GÓ): Það hafa komið tilmæli frá hæstv. dómsmrh. þess efnis, að málið verði tekið út af dagskrá, og mun ég verða við þeim.

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að mér fyndist það ekki nógu skýrt orðað í 2. gr., hverjir ættu að njóta þeirra ókeypis sjúkrarúma, sem þar eru nefnd. Ég hefi nú átt tal um þetta við landlækni, hv. þm. Ísaf., og þessar brtt. á þskj. 553 eru fram bornar í samráði við hann.

Í 1. brtt. er það tekið fram, að allir þessir sjúklingar eigi jafnt tilkall til þessara sjúkrarúma án tillits til þess, hvar þeir eiga heima á landinu. Þá hafa kaupstaðirnir engin forréttindi fram yfir aðra landshluta, en allir geta fengið aðgang að þessum rúmum, þ. e. a. s. þegar röðin kemur að þeim.

2. brtt. er aftur til að fyrirbyggja það, að þetta pláss fyllist af öðrum sjúklingum en þeim, sem smithætta stafar af. Þannig er það ekki tilætlunin, að þeir, sem hafa einhverja fylgikvilla eftir lekanda eða syfilis, fái þarna pláss, svo framarlega sem sjúkdómar þeirra eru ekki á smitunarstigi. Það hefir borið við stundum áður, að menn hefir greint á um það, hvort ríkissjóði bæri að greiða sjúkrakostnað þeirra sjúklinga, sem hafa fylgikvilla eftir þessa sjúkdóma. Hér er tekið fram, að svo sé ekki, enda mundu þessi fáu sjúkrarúm, sem hér um ræðir, óðara fyllast af þesskonar sjúklingum, ef þetta væri ekki skýrt tekið fram.

3. brtt. er aðeins afleiðing af 2. brtt., og 4. brtt. er aðeins til að taka fram, hvaða gr. er átt við í því upphaflega frv., til þess að þegar l. verða gefin út í heild, sé hægt að hafa sem bezt samræmi við þær breyt., sem þetta frv. fer fram á.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég ætla aðeins að láta þess getið, að allshn. hefir athugað þessar brtt. frá hv. þm. Hafnf. Telur n. þær allar til bóta og leggur því til, að þær verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 553,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 553,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 553,3 samþ. án atkvgr.
— 553,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 606).

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

39. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913 (þmfrv. A. 210).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. hefir áður legið fyrir þinginu, en náði þá ekki afgreiðslu. Það er flutt samkv. ósk bæjarstj. Vestmannaeyja og miðar að því að tryggja gjöld af lestum og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 2 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs.

Þetta sætti mótmælum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, sem leit svo á, að bátar væru ekki eins veðhæfir hvað lán snerti, ef þessi kvöð fylgdi þeim. En bæði er það, að veðhæfi ætti ekki að skerða mjög fyrir kvöð, sem höfninni er nauðsynleg, ef tryggur og öruggur aðgangur er að þessum lestagjöldum. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, en legg til, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 301).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég tel frv. þetta, þó lítið sé, talsvert varhugavert. Samkv. því, sem lagt er til í þessu frv., eiga þessi gjöld að ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. sjóveðrétti verkamanna í veiðiskipunum. Ég tel, að fyrir greiðslu þessara gjalda sé fullkomið öryggi í þeim sama lögtaksrétti og gildir fyrir önnur lögmæt gjöld, sem bæjarstjórnir þurfa að innheimta. Þó hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða, þá geta afleiðingarnar orðið þær, að sjómenn sama sem greiði þessi gjöld af kaupi sínu. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. og vona, að aðrir geri það, sem eins líta á þetta mál og ég.

Það er óþarft að tala frekar um þetta mál, því að það má vera öllum ljóst, að ekki er rétt að rýra sjóveðréttinn með því að færa þessa kröfu að þarflausu fram fyrir rétt verkamanna til þess kaups, er þeir hafa unnið fyrir, og síðast þegar þetta frv. kom til atkv. hér á Alþ., var horfið frá að samþ. það, horfið frá að skerða sjórétt skipverja, sem þá var álitið, að ætti að ganga á undan þessum gjöldum. Trygging skipverjanna fyrir greiðslu sinni er fulllítil fyrir því, þó ekki sé farið að skerða hana á þennan hátt. Og trúað gæti ég því, að bankarnir, sem veð hafa í skipunum og lána til rekstrar, telji frv. næsta óheppilegt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍ, HStef, IngB, JAJ, JónasÞ, MG, MJ, PO, SvÓ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, EA, JörB.
nei: HG, HV, StgrS, TrÞ, VJ.
Átta þm. (HJ, JJós, JÓl, LH, ÓTh, SvbH, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 210).
Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Þótt frv. þetta sé ekki langt, þá er það þó næsta innihaldsríkt og getur haft slæmar afleiðingar, ef það verður samþ. Frv. fer fram á það, að festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum gangi í tvö ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs. Þetta er að rýra að mun rétt verkafólks, sem verður að fá kaup sitt goldið eftir sjóveði. Í öðru lagi hefir þetta þau áhrif, að hættulegra verður fyrir lánsstofnanir að lána fé til báta og útgerðar þarna. Og í þriðja lagi getur þetta ýtt undir hafnarnefnd Vestmannaeyja að trassa innheimtu hafnargjalda.

Ef frv. þetta verður afgr. til sjútvn. hér, þá vona ég, að hún athugi vel, hvort rétt sé að samþ. frv. Ef þetta verður samþ. fyrir Vestmannaeyjar, þá má gera ráð fyrir, að fleiri kauptún og kaupstaðir komi og heimti sömu lög sér til handa. Þetta mun veikja lánstraust bátaeigenda og fyrir verkafólkið er það mjög varhugavert.

Ég mun ekki geta greitt þessu frv. atkv. til 2. umr., þó segja megi, að meinlaust væri, að það gangi til n., ef það verður látið lognast þar út af.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 381).

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Þetta frv. er komið frá Nd. Það var upphaflega

borið fram á vetrarþinginu 1931, eftir ósk bæjarstj. Vestmannaeyja. Ég veit ekki til, að frv. þetta hafi mætt neinni mótspyrnu í Nd., hvorki nú né í fyrra. Ég veit ekki heldur til, að nein andmæli gegn því hafi borizt til Nd. eða hingað, hvorki á vetrarþinginu í fyrra né nú. Á sumarþinginu síðasta voru samþ. hér lög um hafnarbætur á Eyrarbakka. Samskonar ákvæði eru í þeim l. og eru í þessu frv. Gekk það þó orðalítið gegnum þingið. Vera má þó, að hv. 2. landsk. hafi haft eitthvað við það að athuga. En ég veit ekki heldur til, að andmæli hafi komið annarsstaðar frá.

En nú hafa sjútvn. borizt mótmæli gegn frv., eftir að það var afgr. úr n. Þau andmæli eru frá Landsbankanum og Útvegsbankanum. Ég tel rétt að lesa bréfið upp. Það hljóðar á þessa leið:

„Reykjavík 13. apríl 1932.

Á Alþingi 1932 hefir verið borið fram frumvarp til laga um breytingu á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913, þar sem farið er fram á, að aftan við téða 11. gr. hafnarlaganna komi:

„og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 2 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs".

Með því að með téðum ákvæðum er gengið á rétt veðhafa og rýrður veðréttur sá, er eigendur geta veitt lánardrottnum sínum, og það fyrir tveggja ára gjöldum, þá leyfum vér oss hér með að mótmæla því eindregið, að téð frumvarp verði látið ná samþykki Alþingis.

Bankarnir líta svo á, að það sé mjög varhugavert af þinginu að setja slík ákvæði í lög, og eigi síður þegar aðeins er um að ræða sérstaka heimild fyrir eitt ákveðið bæjarfélag.

Fyrst er á það að líta, að með þessu er gerð tilraun til þess að gera þessar eignir manna í Eyjum óveðhæfar fyrir banka og sparisjóði, en það eru aðalveð þau, er þessir menn hafa handa á milli til þess að veðsetja fyrir skuldum sínum, og er þeim því óleikur mikill ger með ákvæði þessu, sem aðeins virðist gert til þess að styðja að slælegri innheimtu téðra gjalda frá því opinbera, og það ekki aðeins fyrir eitt ár í senn, heldur tvö ár. Enda mun innheimta gjaldanna fyrir 2 ár venjulega mun erfiðari.

Bankarnir geta ekki, þegar þeir lána út á eignir þessar, vitað, hve mikið mun á þær falla af gjöldum þessum, enda má breyta þeim frá ári til árs án þess að sá, er veðrétt kann að hafa í eignunum, hafi neitt þar um að segja. Vér sjáum ekki betur en að bankarnir séu neyddir til þess að segja upp lánum þeim, er á bátum þessum og skipum hvíla, eða a. m. k. lækka þau að mun, og getur slíkt orðið til hins mesta óhagræðis fyrir viðkomendur, og það þá sérstaklega á þessum krepputímum.

Væntum vér, að háttvirt Alþingi láti frv. þetta ekki ná fram að ganga.

Virðingarfyllst

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Útvegsbanki Íslands h/f.

Helgi Guðmundsson. E. Kvaran".

Út af þessu erindi vil ég segja það, að það hefir ekki haft tilætluð áhrif á afstöðu sjútvn. þessarar d., og leggur hún til eftir sem áður, að frv. verði samþ. En það er svo um þessa vélbátaútgerðarmenn, sem hér um ræðir, að allt það fé, sem þeir fá, gengur í gegnum bankana, og því er þessum mönnum ómögulegt að greiða sín gjöld nema bankarnir greiði fyrir þeim. Þessa aðstöðu vilja bankarnir nota til þess að láta þessi gjöld falla niður. Sjútvn. sér ekki ástæðu til að vernda þetta, því að það liggur í hlutarins eðli, að þessir atvinnurekendur verða að borga þau gjöld, sem hér um ræðir. Það er óhjákvæmilegt, að útgerðarmennirnir verða að inna af hendi nauðsynleg gjöld til hafnarinnar, sem byggð hefir verið til þess að mögulegt sé að reka þennan atvinnuveg. Verði þessi gjöld ekki greidd í hafnarsjóð, þá verður það til þess, að sjóðurinn getur ekki innt af hendi umsamda vexti og afborganir, og lendir það þá vitanlega á ríkissjóði, sem hefir veitt lán til hafnarinnar, eins og allir vita.

N. álítur, að það sé engan veginn rétt, sem haldið er fram í mótmælaskjali bankanna, að hér sé gengið á rétt þeirra, því að af slíkri lagasetningu, sem hér er um að ræða, leiddi að sjálfsögðu það, að bankarnir yrðu að fylgjast með í því,

hvort þessi gjöld væru greidd af bátunum fyrir umliðið ár eða ekki, og til þess eftirlits hafa bankarnir vitanlega ágæta aðstöðu. Þetta er allt, sem þarf til þess að komast hjá þeim skráveifum, sem ætlazt er til, að lesið verði út úr þessu mótmælaskjali, að bankarnir verði fyrir, ef lög slík sem þessi verða samþ.

Það er engan veginn rétt, að af þessu leiði það, að bankarnir verði að lækka lánveitingar út á þessar eignir. Með því að hafa eftirlit með, að gjöldin séu greidd á hverju ári, geta bankarnir fullkomlega tryggt sín veð hvað þetta snertir.

Annars má benda á það í þessu sambandi, að þessar eignir, vélbátarnir, eru eins og önnur skip sannarlega háðir annmörkum, sem eru miklu óvarlegri fyrir bankana heldur en slík lögveð, sem hér um ræðir. Þar verða það hin almennu sjóveð, sem gera öll slík skip meira og minna óveðhæf. Lánveitendur verða að fylgjast með í því, að þessi gjöld séu greidd árlega, og verður það ekki talinn teljandi annmarki á því að taka veð í slíkum eignum, samanborið við það, sem sjóveð hafa að þýða í þessu sambandi.

Ég vil leggja áherzlu á það, að þegar hafnir koma upp fyrir lánsfé, eins og á sér stað í Vestmannaeyjum, þá verður að tryggja það, að hægt sé að ná inn þeim tekjum, sem eiga að standa straum af vaxtagreiðslum og afborgunum, en það verður ekki gert með öðru móti en þessu, sem hér er farið fram á, a. m. k. ekki í erfiðu árferði eins og nú er, og er það vegna þess, hvernig aðstaðan er gagnvart bönkunum með afrakstur þessa atvinnuvegar. Fiskurinn er fyrst veðsettur áður en búið er að draga hann á land, og síðan eftir að hann hefir verið saltaður og honum komið í hús, og veð bankanna í honum ganga fyrir öllum gjöldum til þessara hafna, sem ekki eru verndaðar sérstaklega, eins og hér er farið fram á. Mér er kunnugt um, að opinber gjöld nást erfiðlega inn hjá mörgum atvinnurekendum, þegar kreppir að, og bankarnir nota sér mjög óvægilega sína aðstöðu til að neita að greiða höfninni gjöld fyrir þessa atvinnuvegi, þegar erfitt er í ári.

Ég held, að ég þurfi þá ekki að segja fleira að svo stöddu, en ég endurtek það, að þetta er ekki fyrsta löggjöfin, sem gefin er út af þessu tægi, því að á sumarþinginu í fyrra voru sett samskonar lög um aðra höfn. (MT: Það hefir verið gert ennþá fyrr). Já, það mun vera rétt, að það hafi verið sett samskonar löggjöf ennþá fyrr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 210, 443).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 443 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 464).

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 671).

40. Varðskip landsins (frv. sjútvn. Nd.).

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim (þmfrv., A. 218).

Á 35. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sveinn Ólafsson: Það vill svo til, að hv. frsm. þessa frv. er ekki hér viðstaddur, og verð ég því að hlaupa í skörð fyrir hann við þessa 1. umr. Eins og frv. og grg. þess ber með sér, er það borið fram eftir tilmælum dómsmrn. Ég þykist vita, að flestir ef ekki allir hv. þdm. hafi þegar kynnt sér það.

Sú breyt., sem með frv. er lagt til, að gerð verði á 3. gr. varðskipalaganna frá 1928, lýtur að því að gera ákvæði nefndrar gr. skýrari, án þess að raska að nokkru verulegu efni gr. Þó gert sé ennþá ráð fyrir því, að ráðningartími yfirmanna skipanna eftir frv. verði eftirleiðis 6 ár eins og er í l. frá 1928, þá er það ákvæði ekki bundið eftir frv. eins og í lögunum. Það hefir sýnt sig af reynslunni, að það ákvæði, að gera 6 ára ráðningarsamninga, hefir komið sér illa, og getur það einnig í framtíðinni valdið óþægindum.

Önnur aðalbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir, er heimild til þess að búa varðskip landsins björgunartækjum. Um það er enginn stafur í l. frá 1928. Samt sem áður hafa skipin, og þá sérstaklega eitt þeirra, verið búin fullkomnum björgunartækjum og hefir það verið gert eftir öðrum heimildum, en nú þykir réttara og er eðlilegra, að fyrirmæli um þetta séu einmitt í varðskipalögunum.

Þriðja breyt. er í þá átt, að varðskipin þurfi ekki að hlíta sömu reglum um skiptingu björgunarlauna og gilda um önnur skip eftir sjólögum, heldur sé nálgazt þær reglur, er annarsstaðar gilda um regluleg björgunarskip. Það er ljóst, að þegar varðskipin eru búin fullkomnum björgunartækjum eins og t. d. Ægir, þá er það ekki eðlilegt, að þau hlíti sömu reglum um björgun og önnur skip, sem ekki hafa slík tæki, og hafa sig því í meiri hættu.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta frv. að þessu sinni. Vænti ég, að hv. frsm. verði viðstaddur þegar það verður tekið til 2. umr., og mun hann þá taka nánar fram, hvað fyrir honum vakir í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Það er ædilangt liðið síðan fyrri hl. þessarar umr. fór fram, og ég mun hafa ætlað mér að bera fram nokkrar fyrirspurnir út af frv. til hæstv. dómsmrh. En auðvitað er hann hér ekki við nú frekar en vant er, og verð ég því að beina fyrirspurnum mínum til hv. sjútvn., sem að frv. stendur f. h. hæstv. dómsmrh.

Það er nú komið á daginn, sem bent var á á þinginu 1928, þegar breyt. á varðskipalögunum voru gerðar, að 3. gr. l. er með öllu óskiljanleg, og hefði því verið eins gott að taka sönsum strax og lagfæra þetta þá, en slíkt fékkst ekki fram fyrir ofríki fylgismanna hæstv. dómsmrh. En nú hefir reynslan skorið úr um það, að ekki er gott um að framkvæma þessi ákvæði l. og að óumflýjanlegt er að breyta þeim, en mér virðist það vera að fara úr öskunni í eldinn að fara að samþ. þær breyt., sem þetta frv. fer fram á. Ég fæ ekki skilið, af hverju verið er að binda ráðningartímann við 6 ár, þegar jafnframt er gert ráð fyrir, að setja megi uppsagnarfrestsákvæði í ráðningarsamningana. Hví ekki að fara að lögum heilbrigðrar skynsemi og hafa ráðninguna ótímabundna með uppsagnarfresti? Vil ég skjóta því til n., að hún lagi þetta svo, að það sé ekki meiðandi fyrir heilbrigða skynsemi.

Í 3. gr. frv. segir svo: „Ríkisstj. er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgissjóði". Í grg. frv. segir hinsvegar, að skipin hafi þegar verið búin björgunartækjum og öðrum þræði höfð við björgunarstarf. Vildi ég því beina því til n., hvort hér sé þá um eftirásamþykkt að ræða og þetta sé þegar búið og kostnaður af því greiddur úr landhelgissjóði, þó að engin heimild væri til. Þessi breyt. er annars ekkert smáræði, því að hér er verið að leggja á skipin nýtt starf, sem vel getur komið í bága við landhelgisgæzlustarfið. Vænti ég þess, að hv. frsm. geti gefið upplýsingar um þetta, og eins um það, hve kostnaðurinn við að búa skipin björgunartækjum hefir verið mikill, eða ef þetta er ekki búið, þá um það, hvað það muni kosta. Ég held, að ég megi segja, að það sé nú lítið orðið eftir í landhelgissjóði; það má heita, að hann sé

tæmdur, og það mikilli upphæð af væntanlegum tekjum hans er ráðstafað í fjárlögum, að ekki eru líkur til, að sjóðurinn hafi miklar tekjur afgangs í þessu skyni.

4. gr. frv. fjallar um greiðslu björgunarlauna. Má vera, að rétt sé að setja sérstök ákvæði vegna greiðslu björgunarlaunanna. Ég skal ekki bera á móti því. En ég vildi hinsvegar benda á hringsnúning hæstv. dómsmrh. í þessu, því að á þinginu 1928 lýsti hann yfir andstyggð sinni á því, að ríkið tæki björgunarlaun fyrir varðskipin. Honum fórust m. a. svo orð um þetta þá (Alþt. 1928, B, bls. 305): „En hvað snertir hið síðara, þá á ég ekki nógu sterk orð til þess að lýsa andstyggð minni á þessu atferli hv. fyrrv. ráðh. — á þeim gyðingshætti, er hann þarna beitti". — Ég var sá ráðh., sem hæstv. dómsmrh. þarna átti við, og hafði ákveðið að taka björgunarlaun fyrir togara, sem bjargað var fyrir Norðurlandi árið 1927. Sé ég, að hæstv. dómsmrh. hefir nú rækilega fallið frá þessari skoðun sinni, því að hann vill nú binda það með lögum, að björgunarlaun séu tekin fyrir skipin, og enda gera þau öðrum þræði að björgunarskipum (til að hafa sem mest upp úr þeim?), en á slíkum gyðingshætti hafði hæstv. ráðh. þvílíka andstyggð 1928, að hann gat ekki fengið sig til að hirða þetta fé, sem væri smánarblettur á ísl. þjóðinni, og gaf það í heimildarleysi til einhvers sjómannafélags í Grímsby eða Hull. Auðvitað er hæstv. ráðh. skyldur að endurgreiða þessa upphæð, þegar hann verður krafinn um hana, því að hann hafði náttúrlega enga heimild til að gefa fé ríkisins til annara landa.

Ég vildi aðeins benda á þessi atriði, úr því að ég stóð upp, og beini þeim þá sérstaklega til n., því að hæstv. dómsmrh. er hér ekki við nú frekar en endranær.

Forseti (JörB): Mér hefir verið tjáð, að hæstv. dómsmrh. sé bundinn við umr. í Ed.

Jóhann Jósefsson: Sjútvn. er eignaður flutningur þessa frv., og má þetta að vísu til sanns vegar færast, því að meiri hl. n. a. m. k. stendur að því. Ég verð þó að lýsa yfir því, að ég er ekki ánægður með öll ákvæði frv., sem er flutt að beiðni hæstv. dómsmrh., eins og í grg. segir.

Eins og hv. 2. þm. Skagf. tók fram, hefir það komið í ljós á síðari tímum, að þær breyt., sem gerðar voru á varðskipalögunum 1928, voru sízt til bóta og að ýmsir agnúar eru á um framkvæmd þeirra. Samkv. l. eins og þau voru afgreidd 1927 ætlaðist þingið til, að yfirstjórn varðskipanna væri sem mest í höndum dómsmrh. Voru ýmsir þm. þá óánægðir með þetta, einkum jafnaðarmenn, sem vildu láta siglingalögin taka meira til skipverja varðskipanna, en ég er þeirrar skoðunar, þar sem hér er um embættis- og sýslunarmenn ríkisins að ræða, að heppilegast sé að hafa þetta eins og það upphaflega var samkv. varðskipalögunum frá 1927. Fyrir sjútvn. liggur nú erindi frá Skipaútgerð ríkisins, þar sem farið er fram á, að ákvæðum 3. gr. l. verði breytt og að 2 af stýrimönnum varðskipanna verði reknir. Sjútvn. hefir haldið einn fund um þetta mál, og hún treysti sér ekki til að úrskurða það, hvort réttmætt væri að reka þessa tvo menn. Ég get ímyndað mér, að það geti orðið vafamál, hvort það sé rétt.

Það er eðlilegt, að hv. 2. þm. Skagf. bendi á þennan hringsnúning hjá stj. hvað snertir björgunarlaunin, því hann er ekki svo lítill. Frá því að Ohm var bjargað af Óðni, og þar til Ægir aðstoðaði við björgun togarans Delicots, er orðinn mikill munur á, hvernig stjórnarvöldin hafa komið fram í þessu efni. Þegar Ohm var bjargað, þótti ósvinna hin mesta, að ríkið tæki nokkuð fyrir það að hjálpa skipum úr strandi, en nú er komið svo langt yfir í hitt hornið, að það er í uppsiglingu hálfgert ef ekki algert hneykslismál út af björgun Delicots, sem strandaði fyrir fáum dögum og Ægir og enska herskipið Godetia aðstoðuðu við að ná út. Og ég veit svo mikið, að það hefir verið látið í ljós af hálfu Englendinga, að þeim þyki vera gerðar of harðar kröfur, jafnvel svo stappi nærri ósvífni, af hálfu Ægis. Væri bezt, að stj. kæmi í veg fyrir meira hneyksli en orðið er í þessu efni. Ég get ekki séð, að það sé hægt að snúast betur en stj. hefir gert í þessu efni.

Þegar til umr. var till. um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins hérna á dögunum,

átti ég orðakast við hæstv. fjmrh. út af eyðslu ýmiskonar, t. d. hvernig farið hafi verið með björgunarlaunin. Frv., sem hér liggur fyrir og flutt er eftir ósk hæstv. dómsmrh., undirstrikar það, að þetta hafi allt gengið öðruvísi en stj. hafi ætlazt til, og í þeim plöggum, sem liggja fyrir viðvíkjandi brottrekstri þessara stýrimanna, sem ætlazt er til, að sjútvn. leggi blessun sína yfir, segir einn þessara manna, að ósambærilegt sé um kaup á varðskipum, nema fastakaupið. Hann segir, að á Ægi hafi hann fengið í aukaþóknun björgunarlaun, sem námu ¼ af árslaunum, og skipstjórinn hafi borið meira úr býtum en skipstjórar beggja hinna varðskipanna til samans. Ég álít rétt að benda á þetta í sambandi við þetta mál, sem liggur hér fyrir, því þetta er helzta ástæðan fyrir því, að stj. kemur með frv. Hún er sjálf orðin skellkuð yfir því, hvernig framkvæmdirnar eru orðnar með björgunarlaunin og skiptingu þeirra.

Í Lesbók Morgunblaðsins skrifar einhver, sem hefir verið háseti á þessu varðskipi, grein um þetta starf. Hann minnist á eitt atriði, sem kannske er ekki þýðingarmikið í augum allra, en hefir fyrir því talsverða þýðingu, og það er það, hvernig skipverjar eru útbúnir til fata. Það var litið svo upp til þessa starfs af þinginu, þegar varðskipalögin voru sett 1927, að séð var fyrir því, að þeir gengju sómasamlega til fara og þeim lagðir til einkennisbúningar. Nú segir þessi háseti, að slegið hafi verið slöku við þetta í seinni tíð og hásetar gangi í slitnum og mislitum fötum, enda hefi ég sjálfur séð það, að útbúnaður þeirra upp á síðkastið hefir verið allt annað en sómasamlegur. Yfirleitt hefir stj. tekizt að draga þessa starfsemi niður, gert hana lítilfjörlegri og að öllu óvirðulegri en í fyrstu og til var ætlazt.

Það er kunnugt, að Þór var í fyrra á fiskirii og fiskaði nokkuð til að keppa við fisksala í bænum. Mér vitanlega hafa engir reikningar verið lagðir fram yfir þá framkvæmd, en það er víst óhætt að segja, að vafamál sé, hvort nokkur gróði hafi verið, og margir álíta, að þar hafi verið stórtap.

Ég geri ráð fyrir, að það þurfi margt að athuga í sambandi við rekstur varðskipanna eins og nú er komið. Skjölin, sem liggja fyrir sjútvn., tala sínu máli um það, hvernig samkomulagið er orðið, sérstaklega hvað Ægi snertir. Þar gengur allt á tréfótum, enda hafa tveir stýrimenn gengið í landi á fullum launum, og munu víst gera það enn, nema ef það er rétt, sem sjútvn. var flutt í morgun, að annar þessara stýrimanna hafi verið neyddur til að segja lausri stöðunni, með því að honum hafi verið sagt, að hann fengi ekki annað en hásetastöðu hér eftir. Brytinn á skipinu hefir einnig verið rekinn í land, og stendur til, að hann fari í mál við ríkissjóð út af sínu kaupi. Og um loftskeytamanninn veit ég, að hann hefir full laun og gengur þó í landi, hversu lengi sem ætlazt er til, að hann hafi þau. Það skal engan undra, þó að varðskipin verði kostnaðarsöm með þessu móti, þegar hópur af dýrum yfirmönnum gengur í landi á fullum launum. En það er vitanlega af því, að engar réttlátar orsakir eru fyrir því, að þeir hafa verið reknir í land. Því ef þessir menn eru í landi af einhverjum sökum, þá kæmi ekki til, að ríkissjóður þyrfti að launa þá.

Ég geri ráð fyrir, að það muni vera rétt að athuga frv. betur í n., því að ég held, að við höfum ekki allir verið viðstaddir í sjútvn., þegar það var sent til d.

Ég býst við, að það verði erfitt ákvæði til að framfylgja, að menn séu ráðnir til 6 ára, en svo geti ráðh. vikið þeim frá starfi. Ef brottvikningin á að byggjast á sömu forsendum og verið hefir, þá álít ég ekki vanþörf á að athuga frv. í n.

Ég geri því að till. minni, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til sjútvn. til frekari athugunar.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil taka undir það með hv. þm. Vestm., að n. fái frv. aftur til athugunar. Ég flyt annað frv. um breyt. á varðskipalögunum, sem ég vona, að n. athugi þá um leið nánar. Hv. þm. tók það réttilega fram, að þegar lögin 1928 voru samþ., héldum við Alþýðuflokksmenn því fram, að yfirleitt ættu um kjör skipverja að gilda hinar almennu reglur sjómannalaganna, og út á það gengur nú frv. mitt.

Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það nýmæli í 4. gr., að setja

reglur um skiptingu björgunarlauna. Það er tæplega réttmætt að hafa skiptingu á björgunarlaunum þá sömu, hvort sem skipið er búið fullkomnum björgunartækjum eða ekki. Ég held, að réttmætt sé að ákveða þann hluta, sem skipið fengi, með tilliti til þess, hve fullkomin björgunartækin eru. Auk þess finnst mér það alveg fráleitt að miða skiptinguna eingöngu við kaup skipverja. Sumir leggja sig í mikla hættu við björgun, en aðrir litla eða enga. Ég held því, að ef um þetta ætti að setja ákveðnar reglur, þá ætti að taka einhvern hluta af þeim hluta björgunarlaunanna, sem fellur til skipshafnarinnar, sérstaklega frá handa þeim, sem leggja sig í hættu við björgunina, en hinn hlutann handa skipverjum almennt, hvort sem honum svo er skipt í hlutfalli við kaup þeirra eða eftir öðrum reglum. Ég vil biðja sjútvn. að athuga þetta, því ég vona, að hún taki bæði frv. til athugunar. Loks vil ég benda á það, sem máli skiptir og ólíkt er í mínu frv. og í frv. n., að í mínu frv. er lagt til, að 5. og 6. gr. l. falli niður. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa 5. gr. upp: „Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, sem um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til". Ég þóttist heyra það á ræðu hv. þm. Vestm., að til þess hafi oft verið gripið að ófyrirsynju, og sýnir það, hvað fráleitt það er, að þessi gr. standi í lögunum. — 6. gr. hljóðar svo: „Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915. Það er í mínum augum alveg fráleitt að láta þessi lög frá 1915, sem eru bæði ranglát og heimskuleg að mínum dómi, ná til skipverja á varðskipum. Með því eru þeir settir skör lægra en allir aðrir sjómenn. Í frv. mínu er gert ráð fyrir, að þessar tvær gr. falli niður og almennar reglur sjómannalaganna gildi um kjör og ráðningu skipverja á varðskipum.

Magnús Guðmundsson: Það er hart, að frsm. n. skuli ekki vilja gefa neinar upplýsingar út af fyrirspurnum þeim, sem til hans hefir verið beint. Er það af því, að hann þekki ekkert til þess máls, sem hann er hér að mæla fyrir? — Ég gleymdi að geta þess áðan, þegar ég stóð upp, að ákvæði síðustu málsgr. 1. gr. frv. eru að mínu viti alveg óhæf, því þar stendur, að brottrekstur skipsmanna falli úr gildi, ef meiri hl. sjútvn. beggja deilda Alþ. á sameiginlegum fundi mótmæli brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun. Ég veit ekki, hvað þetta á að þýða, en mér skilst, að það sé meiningin, að sjútvn. þingsins eigi að vera dómstóll í þessum málum. Meiri hl. sjútvn. er ekki réttur aðili í þessu máli. Hér er verið að blanda saman starfsviði þessarar n. og starfsemi dómstólanna. Það er auðvitað þeirra að skera úr þessum málum. En svo er annað, sem benda verður á, og það er, að meiri hl. sjútvn. er ekki óvilhallur aðili, því meiri hl. hennar er h. u. b. alltaf pólitískt fylgjandi þeirri stj., sem hefir rekið þessa menn í burtu, eða verður að bera ábyrgðina á því. Og þar af leiðir það, að réttur þessara manna er fyrir borð borinn, ef þetta ákvæði á að þýða það, að þeir séu útilokaðir frá því að geta ákallað vernd dómstólanna. — Svo veit ég ekki, hvaða meining er með því, að brottreksturinn falli úr gildi. Þýðir það, að maðurinn komi á skipið aftur og fái ekki laun fyrir þann tíma, sem hann var í landi að ósekju, eða á það kannske að vera eins og hv. þm. Vestm. upplýsir, að hópur manna gangi í landi á fullum launum? Þessum upplýsingum hv. þm. Vestm. hefir ekki verið andmælt, og má því skoða þær viðurkenndar.

Hv. þm. Vestm. tók það réttilega fram, að varðskipin starfa minnst að því, sem til er ætlazt. Ef þau eru ekki í snatti, þá eru þau við björgun eða á fiskveiðum. Ég er í engum efa um, að af fiskveiðunum er stórtap, og það mun koma í ljós, ef rannsakaðir eru reikningarnir.

Annars get ég tekið undir það með hv. þm. Seyðf., að skiptingin á björgunarlaununum er alls ekki sanngjörn. Ég sé enga ástæðu til, að skiptingin sé í hlutfalli við kaup manna á skipunum. En hitt er ég ósammála honum um, að rangt sé að banna skipshöfnunum að gera verkfall, því að ef allur ísl. flotinn liggur í höfn vegna verkfalls og varðskipin líka, þá hafa útlendir togarar fullkomið næði til að vera í landhelgi.

Ég vildi svo skora á hv. frsm. að svara þeim fyrirspurnum, sem til hans hefir verið beint.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég var ekki viðstaddur fyrri hl. 1. umr., og þess vegna tók hv. 1. þm. S.-M. af mér ómakið og hélt framsöguræðu. Þess vegna ætlaði ég ekki að fara að blanda mér í þetta mál núna. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara langt út í þessar aths., sem komið hafa fram við þetta frv. frá hv. 2. þm. Skagf. Það voru mest fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh., en hv. þm. veit, að hann er upptekinn við umr. í Ed. og getur því ekki svarað honum. Ég get ekki gert grein fyrir hans máli.

Hv. þm. gerði aths. við 1. gr. frv., sem breytir 3. gr. l. Einmitt með þessu nýja orðalagi reyndum við að bæta úr þeirri hugsunarvillu, sem er í lögunum. Þar er talað um 6 ára bindandi tíma fyrir ráðuneytið, en aðeins eitt ár fyrir yfirmennina, en svo er talað um 3 mánaða uppsagnarfrest, og er óskiljanlegt, hvað það þýðir, hvort þar er átt við kjörin aðeins eða skylduna til að vera áfram. Þess vegna orðuðum við upp greinina, en það var ekki eftir beiðni hæstv. ráðh., heldur eftir ósk sjútvn. sjálfrar. Með gr. eins og hún er nú er ekki bundið við 6 ár, heldur er aðeins heimild til að gera starfssamning fyrir allt að 6 árum. Ekki er heldur skylt að setja uppsagnarfrest í samninginn; það er látið óbundið, eftir því hvað hagfelldast þykir í hvert sinn.

Hv. þm. var óánægður með það, að sett væri heimild til að útbúa varðskipin björgunartækjum. Það var vitanlega aðalástæðan fyrir því, að þetta hefir verið gert að nokkru leyti áður, og þykir viðkunnanlegra að hafa heimildir. Ég hefi ekki heyrt óánægju frá neinum öðrum en þessum hv. þm. um þetta.

Þá er það viðvíkjandi skiptingu björgunlauna í 4. gr., sem er aðalástæðan fyrir því, að frv. er fram komið. Það eru sérstök ákvæði í siglingalögunum um skiptingu björgunarlauna, og þau ákvæði eru miðuð við skip, sem hafa ekki sérstök björgunartæki, og þar er gert ráð fyrir, að sjómenn fái ⅓ af björgunarlaununum, sem þá yrðu allmiklar aukatekjur fyrir skipshöfnina á þeim skipum, sem útbúin eru sérstökum björgunartækjum og því líkur til, að oft fáist við björgun og hljóti björgunarlaun fyrir fleiri skip á ári. Þegar nú varðskipin eru orðin að nokkru björgunarskip, virðist ákjósanlegt að setja sérstök ákvæði um skiptingu björgunarlauna á þeim. Eru því skipshöfnunum í frv. ætluð 20—25% af björgunarlaununum, eftir að kostnaður hefir verið greiddur, í stað ⅓ hluta samkv. siglingalögunum. Að ekki var ákveðin sama hundraðstala í öllum tilfellum, er gert með það fyrir augum, að í siglingal. er talið upp allt það, sem taka ber tillit til við ákvörðun björgunarlauna, og er þar m. a. talið verðmæti skips þess og farms, sem bjargað er. Í einstökum tilfellum er ekki víst, að rétt hlutfall sé á milli verðmætisins og þeirrar hættu og þess ómaks, sem skipverjar hafa lagt fram; gæti t. d. vel komið það tilfelli, að hætta og fyrirhöfn væri sérstaklega mikil, en verðmæti lítið. Yrðu þá björgunarlaun óhæfilega lág, og er þá gott að hafa svigrúm til að veita skipshöfn hærri hundraðstölu af björgunarlaunum — 25% í stað 20%.

Hv. 2. þm. Skagf. tók undir það hjá hv. þm. Seyðf., að ekki væri rétt að skipta björgunarlaunum í réttu hlutfalli við kaup skipshafnarinnar. Það má vel vera, að svo sé, en það hefir enginn getað bent á annan grundvöll réttlátari og heppilegri. Ef skipta ætti björgunarlaununum eftir því, hver hefði lagt sig bezt fram eða haft sig í mestri hættu, þá yrði einhver að dæma um það. En hver ætti að gera það og hvernig ætti að tryggja það, að hver dómur yrði réttur í hverju einstöku tilfelli? Því fyrirkomulagi, sem tíðkast í siglingalögunum, er haldið hér. Og meðan engin önnur regla er fundin, sem er framkvæmanleg og talizt getur réttlátari, þá verður við þessa að una.

Því, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir beint til hæstv. dómsmrh., sem nú er bundinn við umr. í Ed., sé ég enga ástæðu til að svara. Óski hv. þm. að fá svar við því, verður hann að endurtaka þau ummæli sín við síðari umr.

Magnús Guðmundsson: Ég býst varla við, að hæstv. dómsmrh. verði viðstaddur 2. umr. þessa frv. frekar en vant er.

Um það, hvort ég endurtek þá það, sem ég sagði nú, geri ég alveg sem mér sýnist.

Ég var ekkert að hafa á móti því, að varðskipin væru útbúin björgunartækjum, en ég var að spyrja að því, hvort slík tæki væru ekki í þau komin, og hvað þau hefðu kostað. Og ef þau væru ekki komin í þau að öllu leyti, hvað kosta myndi það, sem við þyrfti að bæta. Ég veit, að landhelgissjóður er nú nærri tæmdur og að á honum hvílir sú kvöð, sem óvíst er þó, að hann geti orðið við, að leggja til ríkissjóðs 200 þús. kr., sem honum ber þangað að greiða á næsta ári. Það er alveg vafasamt, hvort þær verða til.

Viðvíkjandi brtt. við 3. gr. l., um ráðningarskilyrðin, verð ég að segja það, að mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna ekki má ráða mennina á venjulegan hátt um óákveðinn tíma, en með ákveðnum uppsagnarfresti. Hvað á þessi sex ára ráðning að þýða, ef segja má þeim upp með svo og svo margra mán. uppsagnarfresti? Það er eins og hv. nm. hafi ekki getað slitið sig frá þessu ákvæði í l., sem þeir viðurkenna þó, að þeir skilji ekki, til hvers hafi verið sett, og finna enga heilbrigða hugsun í.

Annars er það niðurlagsákvæði 1. gr. frv., sem ég tel varhugaverðasta ákvæði frv. Þar er lagt í vald sjútvn. Alþ. að skera úr, hvort ráðh. hefir haft rétt til að víkja mönnum frá starfi. Ef þeir menn eru þar með teknir undan þeirri vernd, sem dómstólarnir veita mönnum yfirleitt, þá er það ákvæði óhafandi.

Ég vil vænta þess, að frv. þetta verði að lokinni umr. látið ganga til sjútvn. á ný til nánari athugunar, eða þá að sú hv. n. lýsi yfir því, að hún taki það til rækilegrar yfirvegunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.
Till. þm. Seyðf. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 13:11 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég drap á það við 1. umr. þessa máls og bað hv. sjútvn. að taka til athugunar frv., sem ég hefi flutt á þessu þingi um sama efni. Ennfremur drap ég þá á ákvæði 4. gr. um skiptingu björgunarlaunanna og beindi til n., hvort ekki mundi rétt að taka upp aðra aðferð um skiptingu björgunarlauna en þar er gert ráð fyrir. Mér skildist þá, að hv. sjútvn. ætlaði að taka þetta atriði og fleira í varðskipalögunum til nánari athugunar ásamt frv. mínu. Þess vegna vildi ég nú leita upplýsinga hjá hv. n., hvort hún hefir gert þetta, og þá á hvern hátt.

Sveinn Ólafsson: Það er sannast að segja, að ég gat ekki heyrt mál hv. þm. Seyðf. Mér skildist þó, að hann spyrði um, hvort sjútvn. hefði tekið til meðferðar frv. hans um sama efni og hér liggur fyrir, er legið hefir fyrir n., — eða var ekki svo? (**HG:** Ég spurði, hvort hún hefði athugað varðskipalögin yfirleitt). Það hefir n. ekki gert nema í sambandi við þetta frv. Hvað n. ætlar sér að gera við frv. hv. þm. Seyðf., er mér ókunnugt um, en fyrir sjálfan mig get ég sagt, að mér finnst afgreiðsla þess lítt þörf, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. Fleira hefi ég svo ekki að segja um það mál að sinni.

Haraldur Guðmundsson: Mér þykir leitt, að svo skyldi takast til, að hv. form. sjútvn. heyrði ekki mál mitt. En ég spurði um athugun hv. n. á varðskipalögunum, og hann hefir svarað því, eins og hans var von og vísa, á þann hátt, að þetta hefði n. ekki gert. En mér heyrðist á einum sjútvnm., að hann væri því fylgjandi að taka upp aðra skiptingu á björgunarlaunum, og því spurði ég, hvað n. ætlaði sér í því efni.

Nú vona ég, að hv. form. hafi heyrt mál mitt, en ef svo er ekki, get ég reynt að brýna röddina betur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 218).

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 218, n. 571, 605).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 605. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er nú svo, eins og hv. dm. er kunnugt, að nú á þessum fundi hefir verið útbýtt brtt., sem gera ráð fyrir allmiklum breyt. á frv. En af því að þær eru rétt að koma fram, hefir sjútvn. ekki haft tækifæri til þess að taka þær til athugunar, og get ég því enga afstöðu til þeirra tekið fyrir hönd n. En af því að þær eru þannig vaxnar, að ég fyrir mitt leyti tel ástæðu til að þær væru teknar til athugunar í n. áður en þær koma til atkv., vil ég mælast til, að málið verði tekið út af dagskrá þangað til n. hefir haft tækifæri til að athuga brtt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 7. maí, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): F. h. sjútvn. hefi ég ekki margt að segja, því að eins og nál. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En eftir að n. hafði skilað áliti sínu, hafa komið fram brtt. á þskj. 605. N. hefir athugað brtt. þessar, og má ég skila því frá henni, að hún sé á móti 1. og 2. till., enda er þar algerlega um stefnubreyt. að ræða í þessum málum. Um 3. brtt. má að vísu segja, að í henni felist viðleitni til að bæta síðustu gr. frv. En það má segja, að þeirri viðleitni fylgi þó vandkvæði. Það er gert ráð fyrir í till., að nokkur hluti af björgunarlaunum, sem skipshöfninni ber samkv. frv., skiptist á milli þeirra, sem leggja sig í hættu við björgunina eða hafa verið í mestri hættu. Þetta er að vissu leyti ekki ósanngjarnt, en hætt við, að af þessu gæti leitt misklíð, því að álitamál getur orðið um, hverjir hafi verið í mestri hættu, en slíkt hlýtur alltaf að falla undir úrskurð skipstjóra, og væri þá hægt að hugsa sér, að þetta gæti leitt til óánægju milli skipshafnar og skipstjóra. En í frv. eins og það er nú eru ákvæðin skýr, og þó að segja megi, að ekki sé nema réttmætt, að þeir beri hærra úr býtum, sem í mestri hættu eru við björgun, eru þeir gallar á að framkvæma það, að n. sér ekki fært að mæla með till. Annars er mér óhætt að lýsa yfir því fyrir n. hönd, að henni er ekkert kappsmál, hvernig fer um þessa brtt. En það er hvorttveggja, að hún álítur hana gallaða, og svo hitt, að samþykkt hennar mundi tefja framgang málsins. Og eins og áliðið er þings, álítur n. ekki rétt að hefta framgang málsins. Aftur á móti er ekki útilokað við nánari athugun að koma ákvæði inn í lögin síðar, er stefndi að þessu takmarki, sem 3. brtt. fer fram á. En svona seint á þingi álítur n. varhugavert að samþ. brtt.

N. leggur því á móti brtt. á þskj. 605 og ræður hv. d. til að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Jón Baldvinsson: Þessar 3 brtt., sem ég hefi borið fram við þetta frv., eru til þess að færa frv. í betra horf, að því er ég álít. Mér finnst það ólíkt heppilegra og einfaldara, að því sé svo fyrir komið, eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni, að dómsmrh. eða sá, er hefir á hendi útgerðarstjórn varðskipanna, skuli gera starfssamning við skipstjóra og vélstjóra, heldur en að hafa fyrirkomulagið eins og nú er ákveðið í 1. gr. þessa frv.

Það er líka óeðlilegt að fara að blanda sjútvn. beggja deilda inn í þetta mál, eins og nú er ætlazt til í frv. Ég skal ekki segja, hvort það skiptir miklu máli, hvort þessi till. er samþ. eða ekki, en sú leið er þó alltaf opin, að láta það ganga til dómstólanna, ef samningarnir eru brotnir.

2. brtt. er sama eðlis og sú 1., að vélstjórar skuli ráða sína starfsmenn, kyndarana, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, og að það sé í samræmi við ráðningakjör sjómanna á þeim skipum, sem einstakir menn eiga. Ég álít, að þessi till. yrði miklu eðlilegri í framkvæmd heldur en ákvæði þessara l., að reynt sé að gera alla þessa menn að embættismönnum, þó að þeir starfi hjá því opinbera.

Þá kemur 3. brtt., og álít ég miklu máli skipta, að hún verði samþ. Hún er um skiptingu björgunarlauna, og er þar farið fram á aðra skiptingu á þessum launum heldur en lagt er til í frv. sjútvn. Nd. Hér er það lagt til, að þeir, sem virkilega leggja sig í hættu við björgunina, fái nokkru meiri hl. af björgunarlaununum. Þetta álít ég rétt á allan hátt, enda mun þetta vera svo annarsstaðar. Hv. frsm. viðurkenndi líka, að þetta fyrirkomulag væri í raun og veru gott, en vildi þó ekki, að till. yrði samþ., af því að ástæður þingsins leyfðu það ekki. Ég veit ekki, til hvers þm. eru hingað komnir, ef ekki til að semja lög og vinna að því, að þau fái sem bezta afgreiðslu, bæði hvað efni og form snertir. Ég sé ekki annað en að nægur tími sé til að ganga frá þessu máli, þó að þessi brtt. verði samþ. nú, því að það þarf ekki annað en láta frv. ganga gegnum þessar umr. hér í Ed. og svo eina umr. í Nd.

Hv. frsm. heldur, að það vinnist ekki tími til að afgr. frv., ef nú eru gerðar breyt. á því. Ég veit ekkert, hvað langt er liðið á þingtímann, þingið getur staðið í mánuð enn, og það getur verið, að allir verði sendir heim á mánudaginn. Ég býst við, að þingið verði ekki rofið í dag og vona, að ekki verði tekið upp á að brjóta sunnudagshelgina með því að rjúfa það á morgun. Það eru full líkindi til, að þingið standi svo lengi, að tími verði til að afgr. málið, þó að þessar brtt. væru samþ., því að um þær ætti ekki að þurfa að vera neinn ágreiningur, a. m. k. ekki 3. brtt.

Ég skil það vel, að stj. vilji gjarnan fá samþ. slík lög sem hér á að setja, þar sem ákveðið er, að hluti af björgunarlaununum skuli ganga til skipsins. Það er ekki nema rétt, að nokkur hluti björgunarlaunanna gangi til skipsins, þegar lagt er í sérstakan kostnað til að gera skipið fært um að bjarga, en ég sé enga ástæðu til að hafa þann hluta eins stóran, ef skipið er ekki útbúið með björgunartækjum. Þá finnst mér rétt, að skipið fái ekki neitt, þó að hér eigi samt ekki að ganga svo langt. Hin skiptingin er fullkomlega réttmæt, að þeir menn, sem fara í björgunarbátunum frá varðskipunum og hætta lífi sínu til að bjarga öðrum mönnum eða skipum, eigi rétt til meiri björgunarlauna en þeir, sem aldrei leggja sig í slíka hættu, eins og t. d. matsveinarnir, sem eru alltaf kyrrir um borð í þessum góðu skipum og eru því ekki í nærri því eins mikilli hættu og þeir, sem beinlínis starfa að björguninni. Þetta viðurkenndi hv. frsm. líka, en vildi láta það bíða þangað til á næsta þingi að lagfæra þetta. En mér virðist það skynsamlegt að nota tækifærið nú, þegar þetta mál er hér til umr., og það þarf að því er virðist ekkert að tefjast við þá breyt.

Hv. þm. gaf í skyn, að þessi till. væri gölluð, og mundi það koma í ljós í framkvæmdinni við skiptingu björgunarlaunanna. Ég get nú ekki annað séð en að yfirleitt verði auðvelt að ákveða, hvernig slík skipti fara fram. Það á að vera hægt að fá umsögn yfirmanns skipsins, hverjir þeir séu, sem sérstaklega hafa lagt sig í hættu til að framkvæma einhverja björgun. Ef svo er sem mig grunar, að hv. frsm. telji þetta einu gallana á þessu fyrirkomulagi, þá verð ég að segja, að það er ekki stórvægilegt, sem hann hefir út á till. mína að setja. Þetta hlýtur að verða auðvelt í framkvæmdinni, en er á hinn bóginn miklu réttlátara en þau ákvæði, sem nú eru í 4. gr. frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það eru aðeins örfá orð til að leiðrétta misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hv. 2. landsk. Hann taldi, að ég hefði aðallega haft það á móti 3. brtt. hans, að það væri

orðið svo áliðið þingtímans, að ef brtt. yrðu samþ., þá gæti það orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Þetta er misskilningur, ef ekki annað lakara, því að eins og allir heyrðu, taldi ég þetta aðeins aukaástæðu. Ég sagði, að með 3. brtt. væri gert ráð fyrir réttlátari skiptingu björgunarlauna, en þessi skipting væri samt svo gölluð, að vafasamt væri, hvort rétt væri að samþ. brtt. Höfuðgallinn væri sá, að hætt væri við, að þetta gæti valdið misklíð, ef ekki misrétti, því að hér er það skipstjórinn, sem verður að meta það í hvert skipti, hverjir hafa lagt sig í hættu.

Svo eru fleiri gallar á brtt. Hún gerir sem sé ráð fyrir, að skiptin skuli alltaf fara svona fram. Nú getur það oft komið fyrir, að skipið framkvæmi björgun án þess að neinn af skipshöfninni leggi sig neitt sérstaklega í hættu. Það er e. t. v. sjaldgæfara, en getur þó vel komið fyrir. Hvernig á þá að skipta? Í brtt. segir svo, að þeir skuli ávallt fá mestan hluta björgunarlaunanna, sem hafa lagt sig í mesta hættu. Þetta geri ég ráð fyrir, að geti valdið misklíð.

Ég geng þess ekki dulinn, að þótt hér sé um réttlátari skiptingu að ræða, þá verður að finna betra form fyrir hana en hér er gert, en það tel ég óvíst, að takist á þessu þingi. Þess vegna vil ég ekki setja þetta ákvæði í frv. heldur láta reynsluna skera úr, hvort þörf er á að tilgreina frekar en gert er í frv., hvernig björgunarlaununum skuli skipta. Því verður ekki neitað, að það er óheppilegt að gefa skipstjóra allt valdið í þessum efnum, og því væri ekki ótrúlegt, ef þessi brtt. væri samþ. nú, að þá yrði undir eins á næsta þingi að breyta henni aftur, vegna ónógs undirbúnings, — og hvaða gagn er þá að því að fara að samþ. hana nú?

Jón Baldvinsson: Mér finnst hv. frsm. ekki þurfa að kvarta undan þeim misskilningi, sem hann sagði, að ég hefði lagt í orð sín. Hafi ég misskilið hann, þá hefi ég aðeins fært til betri vegar fyrir honum, því að ég skildi hann svo, að hann væri frekar hlynntur þessari till. Nú hefir hann kveðið upp úr með það, að hann sé andvigur till., og sé ég ekki annað en að það komi í bág við það, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu. Hv. þm. hefir því alveg snúizt frá því hann flutti sína fyrri ræðu, því að nú er hann eindregið á móti till.

Hv. þm. var að tala um skipting björgunarlauna og sagði, að stundum þyrfti enginn að leggja sig í neina hættu. Slík björgun getur vitanlega komið fyrir. Varðskipið hittir t. d. eitthvert skip með bilaða vél úti í Faxaflóa, og þarf þá ekki annað en að kasta línu um borð í skipið og draga það til næstu hafnar. Þetta telst vitanlega björgun, og þarna þarf enginn að leggja sig í sérstaka hættu. Þá virðist það augljóst mál, að björgunarlaunin skiptast milli allrar skipshafnarinnar. Orðalag till. er því alveg augljóst í tilfelli eins og þessu.

ATKVGR.
Brtt. 605,1 felld með 8:2 atkv.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 605,2 felld með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt 605,3 felld með 7:4 atkv.
4. gr. samþ. með 7:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 693).

41. Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Ed.).

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 351).

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Einar Árnason): Ég hefi ekki margt um þetta mál að segja. Allshn. hefir orðið ásátt um það að leggja til við hv. d., að 2 mönnum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Hefir n. fengið ýms skjöl viðvíkjandi þessum mönnum, sem upplýsa það, að þeir uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til þess, að íslenzkur ríkisborgararéttur verði veittur. Þar sem n. flytur þetta mál einhuga, geri ég ekki ráð fyrir því, að andmælum verði hreyft gegn því hér í d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351, 427, 451).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 451. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Eftir að þetta frv. var tekið til meðferðar í d. hafa allshn. borizt umsóknir um ríkisborgararétt frá 4 mönnum. N. hefir athugað þau skjöl, sem umsóknunum fylgja, og að því loknu hefir hún komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt myndi að flytja brtt. við frv. það, sem fyrir liggur, þar sem þessum mönnum, sem taldir eru upp á þskj. 427, yrði veittur ríkisborgararéttur. Ég vil því mæla með því fyrir hönd n., að sú brtt. yrði samþ. Hinsvegar sé ég, að hér er komin brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. um að veita Rasmus Reinhold Andersson, klæðskera í Reykjavík, ríkisborgararétt. N. hafa ekki borizt nein skjöl þessum manni viðvíkjandi, og getur hún því ekki fyrir sitt leyti mælt með þeirri till. En hinsvegar er ekkert um það sagt af n. hálfu, hvort þessi maður muni e. t. v. uppfylla hin venjulegu skilyrði fyrir veiting ríkisborgararéttar eða ekki.

Jakob Möller [óyfirl.]: Brtt. mín fer fram á, að Rasmus Reinhold Andersson, klæðskera í Reykjavík, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Það er leitt, að hann skuli hafa orðið svo seinn fyrir með umsókn sína til þingsins, að ekki hefir unnizt tími til að gera hana fullnægjandi úr garði. En annars held ég, að d. væri nú óhætt að samþ. þetta, jafnvel þótt umsókninni væri enn meira ábótavant en nú er hvað formið snertir. Þessi maður er alþekktur af borgurum Reykjavíkur. Hefir dvalið hér um 43 ára skeið, eða frá því hann fluttist hingað árið 1889, að einu ári undanteknu, sem hann dvaldi í Kaupmannahöfn. Hann er kvæntur íslenzkri konu og á uppkomin börn. Tel ég vafalítið, að flestir hv. dm. muni þekkja mjög vel til þessa manns. En upplýsingar þær, sem krafizt er á hinum fyrirskipuðu eyðublöðum, vannst ekki tími til að ná í sökum sunnudagshelginnar, svo sem það, að fá vottorð bæði frá borgarstjóra og lögreglustjóra. Skírnarvottorð hefir hann ekki, en vitanlega hefir hann orðið að leggja það fram er hann kvæntist. Ekki hefir hann heldur vottorð frá „áreiðanlegum mönnum“ um það, að upplýsingarnar séu réttar, og því síður vottorð frá áreiðanlegum mönnum um, að þeir menn séu áreiðanlegir. En ég held, að nægilegt sé, að „áreiðanlegir“ menn hér í hv. d. votti, að þessar upplýsingar séu réttar. En ég legg það á vald d. og hæstv. forseta, hvort taka skuli málið út af dagskrá að sinni, svo að hægt verði að ganga fullnægjandi frá þessum skjölum, eða þá að afgr. málið til Nd. í því trausti, að öllum þessum formsatriðum verði fullnægt áður en málið verður afgr. frá þinginu.

Frsm. (Einar Árnason): Vitanlega hefi ég ekkert á móti því persónulega, að þeim manni, sem hér um ræðir, verði veitt þessi réttindi. En ég vil einungis benda á það, að ein umsókn mun vera enn á ferðinni. En henni er þannig varið, að þar geta nauðsynleg skjöl ekki verið tilbúin fyrr en eftir a. m. k. eina viku. Og það varð samkomulag á milli mín og eins af hv. þm. Nd. í morgun, að það mál yrði látið bíða í Nd., svo að ég geri ráð fyrir því, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. verði

samþ. hér, en ef svo verður ekki, þá hljóti hún að koma hingað til d. aftur, eða að frv. verði að bíða hér a. m. k. 2 vikur.

Annars legg ég ekkert kapp á þetta mál. Og vegna n. má vel taka það út af dagskrá nú, þótt ég fyrir mitt leyti leggi enga áherzlu á, að það verði gert.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Það væri e. t. v. rétt, eins og hv. 2. þm. Eyf. stakk upp á, að taka málið út af dagskrá að þessu sinni. E. t. v. væri það líka rétt vegna till. hv. 1. þm. Reykv. Ekki af því, að það sé ekki, eins og hann sagði, nægilega sannað, að óhugsandi sé að neita manni um borgararétt, sem hefir verið hér góður borgari í rúm 40 ár, heldur af því, að réttara mun að ganga frá ýmsum formsatriðum áður en málið fer úr d. En ég vildi skýra hv. d. frá því, eftir ósk skrifstofustjórans í 1. skrifstofu í stjórnarráðinu, um það orðalag, sem hér um ræðir og tíðkazt hefir á seinni árum, að ríkisborgararétturinn sé bundinn því skilyrði, „að þeir áður en ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmrh., að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir", að skrifstofustjóri segir, að þetta sé í raun og veru óframkvæmanlegt. Menn geti ekki sannað þetta. Er það mjög líklegt, að erfitt yrði fyrir mann þann, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að sanna nokkuð um ríkisborgararétt sinn, þar sem svo langt er síðan hann yfirgaf ættland sitt. Skrifstofustjórinn, Guðm. Sveinbjörnsson, álítur, að slík ákvæði ættu ekki að gilda gagnvart neinum öðrum en Þjóðverjum, því að þeirra löggjöf sé þannig háttað, að nauðsynlegt sé að skera úr þessu atriði sökum herskyldu ungra manna þar í landi. En Guðm. Sveinbjörnsson álítur, að í mörgum tilfellum sé ómögulegt fyrir stjórnarráðið að framkvæma þetta, vegna þess, að ónóg gögn séu fyrir hendi til endanlegs úrskurðar.

Ég vildi aðeins skýra d. frá þessu, ef henni þætti ástæða til að gera þetta rýmra. Annars getur vel farið svo, að dómsmálaráðuneytið geti ekki fullnægt kröfum Alþ., ef hlutaðeigendur geta ekki fært þessar sannanir fram.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég vildi aðeins út af þessum seinustu ummælum hæstv. dómsmrh. láta í ljós, að æskilegt væri fyrir d., að dómsmálaráðuneytið vildi gera einhverja uppástungu að því, hvaða orðalag mætti um þetta hafa. Ég hefi haldið það áður, að þetta myndi valda erfiðleikum. Mér kemur það því ekkert á óvart. En fyrir mitt leyti vildi ég hreyfa því, að mér sýnist réttast að leggja þetta á vald dómsmálaráðuneytisins í hvert sinn, og væru hlutaðeiganda sett þau skilyrði, sem það teldi nægja til þess, að veiting ríkisborgararéttar komi ekki í bága við rétt annara ríkja gagnvart þessum manni. En ég endurtek það, að æskilegt væri, ef dómsmálaráðuneytið vildi gera einhverja uppástungu í þessu efni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Ég býst við, að það væri mjög eðlilegt, eins og hv. 1. landsk. hefir stungið upp á, að skrifstofustjórinn, sem hefir haft þetta með höndum undanfarin ár, geri einhverjar till., sem n. geti svo athugað, hvort hún vildi leggja fyrir d. Út frá þessu vil ég því óska, að málið verði tekið út af dagskrá í þetta skipti.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 351, 427, 451, 488).

Frsm. (Einar Árnason): Allshn. þessarar d. hefir nú flutt nýja brtt. á þskj. 488, sem gerir þá breyt., að frvgr. er orðuð upp, jafnframt því sem tekið er inn í till. efni annara þeirra brtt., sem fram hafa komið við frv. á þskj. 427 og 451, og ennfremur bætt við nöfnum tveggja nýrra manna, er sent hafa n. umsóknir um ríkisborgararétt eftir að frv. var hér síðast til umr. Eru það þá orðnir 9 menn alls, sem frv. ákveður ríkisborgararétt til handa og allshn. mælir með. Jafnframt er með þessari brtt. n. fellt niður það ákvæði í frv., að ríkisborgararétturinn skuli vera skilyrðisbundinn, og er það gert í samráði við dómsmálaráðuneytið. Skrifstofustjórinn þar taldi ekki þörf slíks ákvæðis, en að það yrði aðeins til

óþæginda. Sagði hann, að þannig lagað skilyrði fyrir ríkisborgararétti þyrfti ekki að setja nema þegar um Þjóðverja væri að ræða, en engum þeirra manna, er frv. og brtt. 488 nefnir, er fæddur þýzkur ríkisborgari. Þess vegna væri skilyrðið óþarft.

Vegna brtt. 488, sem allshn. ber nú fram, tekur hún aftur brtt. 427. Væntir n., að hv. þd. sjái sér fært að afgreiða þetta mál eins og því er nú skilað frá allshn.

ATKVGR.
Brtt. 427 og 451 teknar aftur.
— 488 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 519).

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 575).

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins óska, að þetta mál verði tekið út af dagskrá, vegna þess að ég hefi orðið var við það, að umsókn um ríkisborgararétt frá einum manni á Siglufirði og skjöl, sem umsókninni fylgja, hafa af einhverri slysni ekki fundizt undanfarið og því ekki verið athuguð í n. Nú er loks búið að grafa þessi skjöl upp. Þykir mér betur fara á því, að það komi til greina við 2. umr. að taka upp nýjan mann í frv., þótt ég játi, að þetta mætti athuga milli umræðna og breyta frv. þá við síðustu umr. í d. Vona ég, að hv. frsm. n. sé sama um þótt málinu sé frestað lítillega.

Frsm. (Bergur Jónsson): Fyrir n. hönd hefi ég ekkert á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 519, n. 575, 635).

Frsm. (Bergur Jónsson): Eftir að allshn. hafði afgr. þetta frv. og lagt til, að það yrði samþ. eins og hv. Ed. gekk frá því, fékk hún í hendur umsóknir þriggja manna um ríkisborgararétt. Hefir n. orðið sammála um að leggja til, að einum þessara manna verði bætt inn í frv. Það er norskur húsasmiður á Siglufirði, sem þar hefir dvalið síðan í júní árið 1926. Hefir hann ákveðin meðmæli bæjarstj. þar og beztu hátternisvottorð frá málsmetandi mönnum og fullnægir auk þess öðrum skilyrðum til þess að fá ríkisborgararétt. Hann er kvæntur íslenzkri konu.

ATKVGR.
Brtt. 635 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 70 fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 659).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 659).

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Árnason): Síðan þetta frv. lá fyrir þessari hv. d., hefir verið bætt inn í það einum manni, sem á að veita ríkisborgararétt. Allshn. hefir ekkert við þetta að athuga og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 709).

42. Sala á Reykjatanga.

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á Reykjatanga í Staðarhreppi í Húnavatnssýslu (þmfrv., A. 265).

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannes Jónsson): Þetta litla frv. um sölu á Reykjatanga er svo lítið og óbrotið mál, að ég býst ekki við að hafa um það langa framsögu. Skólinn, sem nú þegar er búinn að hefja starfsemi sína á þessum stað, hefir frá því fyrsta haft mikinn samhug héraðsmanna á bak við sig. Á þessum stað á æska Strandasýslu og Húnavatnssýslu að hefja göngu sína til sjálfstæðrar starfsemi í sveitum landsins.

Það þarf að rækta landið, sem skólinn stendur á, það þarf að byggja gróðurhús, gera leikvelli og prýða staðinn eftir því, sem föng eru á. En til þess að þetta megi verða, þarf skólinn að hafa sem bezt tök á landinu, hafa sem sagt umráð yfir því að öllu leyti. Eins og menn hafa séð í fskj. með frv., þá er hér aðeins um 35 engjadagsláttuland að ræða. Þetta land var skilið frá jörðinni Reykjum, þegar hún var seld 1914. Síðan hefir ábúandinn á Reykjum haft jörðina á leigu fyrir 10—12 kr. Ég vona, að hv. þm. geti séð, að hér er ekki um stórvægilegan hlut að ræða fyrir ríkissjóð, að láta þetta land af hendi, enda er gert ráð fyrir því í frv., að verðið verði eftir því, sem lögin frá 1905 um sölu þjóðjarða ákveða. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. þurfi að fara í n. til athugunar og býst við, að það ætti þá helzt að vera allshn. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vona, að n. reyni að flýta fyrir því, svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi, þó það sé nokkuð seint fram komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 265, n. 394).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eftir að allshn. hefir rækilega athugað frv. þetta, vill hún mæla með því, að það verði samþ. Að vísu hefir einn hv. nm. ritað undir nál. með fyrirvara, en ég hygg, að fyrirvarinn hafi ekki þá þýðingu, að hann ætli beint að leggjast á móti frv., heldur vilji hann gera aths. við það í ræðu. En ég held, að hann sé ekki viðstaddur nú.

Þegar þjóðjörðin Reykir var seld árið 1914, var svo ákveðið af ríkisstj., að undanskilinn skyldi sölunni Reykjatangi. Á tanganum er heit laug, og mun tilætlunin hafa verið sú, að þar risi síðar upp skóli eða önnur opinber bygging. Þessi hugsjón hefir nú rætzt, því fyrir tveimur árum var þar reistur héraðsskóli fyrir tvær sýslur, og hefir hann nú starfað í tvo vetur. Héraðsskólinn er ábúandi þessa lands, og er það ekki óeðlilegt, þó ábúandi vilji fá kaupréttinn.

Þetta landsvæði er alls um 20 hektarar, eða svo lítið, sem nýbýlisland til sveita má minnst vera. Landið er með öllu óræktað, þar eru ekki slægjur og ekki skógur. Eftir því, sem mér er tjáð, er þetta þýft móaland, sem mun vera allvel fallið til ræktunar að ofanverðu, eða í grennd við skólann, en er dregur til sjávar, verður það sendið og jarðvegur þunnur og mundi bezt fallið til leikvalla, þó með nokkurri sléttun. Eftir lýsingum eru ekki aðrir kostir við þetta land en laugin. Hún er 86° heit, en ekki veit ég, hvað hún er vatnsmikil, en a. m. k. nægir hún til að hita skólann.

Reykjatangi er austanvert við Hrútafjörðinn, um 4 km. fyrir utan Borðeyri. Bæir eru engir nálægir, nema Reykir, um 1 km. frá skólanum.

Það kom til tals í n., hvort ekki væri rétt að bera fram brtt. við frv., þess efnis að skylda skólann til að láta af höndum heitt vatn, ef önnur opinber bygging skyldi rísa þarna upp og hann mætti missa það, sér að skaðlausu. Það varð þó ekki af því. Þótti nægilegt að taka þetta fram við framsögu málsins, og vil ég hér

með f. h. n. skora á hv. flm. að lýsa því hér með opinberlega yfir, hvort skólinn sé fús til að láta endurgjaldslaust af höndum heitt vatn til opinberra bygginga, sem síðar kynnu að rísa þarna, svo framarlega sem heita vatnið nægir til þess. Þar sem skólinn fær þetta heita vatn fyrir lítið, ef af sölunni verður, er réttmætt, að hann láti það af því af höndum aftur, sem hann má án vera, ef hið opinbera þarf á því að halda síðar.

Annað atriði, sem kom til tals í n., var það, að skólinn notaði ekki þá aðstöðu, er hann fær við kaupin, á þann hátt, að hann reikni heita vatnið sem framlag frá sjálfum sér móti ríkisstyrknum. Það taldi n. óhæfu og raunar með öllu ólöglegt. Ég hefi orðfært þetta við hv. flm., og vil ég óska opinberlegrar yfirlýsingar hans um þetta atriði. Því að hér er um töluvert mikilsvert mál að ræða.

En eins og ég hefi áður skýrt frá, þá er n. meðmælt sölunni. Það fer vel á, að landið sé í eigu skólans sem sjálfseignarstofnunar, er sýslubúar og ungmennafélagar hafa komið upp af miklum myndarskap. Með því móti má vona, að þessi staður verði ræktaður og prýddur.

Ég verð að játa, að ég er of ókunnugur staðháttum þarna nyrðra til að geta gefið ýtarlegar upplýsingar. En ég veit, að hv. flm. getur bætt það upp, ef þurfa þykir. Ég vil aðeins leyfa mér f. h. allshn. að óska þess, að málið verði samþ. til 3. umr.

Hannes Jónsson: Ég vil þakka hv. allshn. góðar undirtektir, og út af orðum hv. frsm. skal ég taka þetta fram:

F. h. skólanefndar lýsi ég yfir því, að skólinn mun ekki nota verðmæti heita vatnsins til að reikna á móti ríkissjóðsframlaginu. Ekki mun skólinn heldur leggja stein í götu þess, að hver sú opinber bygging, er þarna kynni að verða reist, fengi afnot heita vatnsins að því leyti, sem skólinn sjálfur þarf ekki að nota það.

Að þetta land er enn þá í eigu ríkisins, mun aðallega stafa af því, að árið 1893 var löggilt höfn á þessum stað. Þegar beðið var um sölu á jörðinni árið 1912 og sýslunefnd mælti með sölunni, synjaði stj. hennar og taldi sig ekki mega selja hana, vegna hinnar löggiltu hafnar. Það var eina mótbáran gegn sölunni, og það var því löggilding hafnarinnar, sem bjargaði því, að landið er enn þá í eigu hins opinbera.

Þessi löggilding er annars einkennilega til orðin. Þegar verzlun hófst á Hvammstanga, óttuðust kaupmenn á Borðeyri samkeppnina þaðan og datt þá í hug að koma upp útibúum á Reykjatanga. Varð þó ekki úr því, að sá tilgangur næðist, og verzlunin við Hvammstanga jókst og 1895 var löggilt höfn þar. Síðan hefir ekki komið til mála, að verzlun legðist niður þar.

Möguleikarnir fyrir því, að Reykjatangi verði miðstöð héraðsins, eru ekki miklir. Læknirinn situr á Hvammstanga. Þar er búið að reisa bæði spítala og læknisbústað, og eru engar líkur til þess, að læknissetrið verði fært. Hvammstangi liggur líka nær miðju héraðsins, og er hægari sókn þangað. Aftur á móti er eðlilegt, að Reykjatangi verði miðstöð héraðsins í skólamálum; og það getur ekki orðið héraðsskólanum nema styrkur, að aðrar skólastofnanir, t. d. húsmæðraskóli, rísi þar upp. Það mundi gleðja mig og alla Húnvetninga, og skólanefnd héraðsskólans mun vissulega ekki bregða fæti fyrir það.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, málið er einfalt og þær upplýsingar fram komnar, sem unnt er að gefa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 265).

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 655).

Frsm. (Jón Jónsson): Allshn. hefir orðið ásátt um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., enda er það sjálfsagt. Hér er aðeins um litla landspildu að ræða, sem var undanskilin sölu, þegar jörðin Reykir í Staðarhreppi var seld. Reykjatanga fylgja þeir kostir, að þar eru hverir og allmikið af heitu vatni. Þar hefir verið reistur héraðsskóli, sem hefir afnot af þessu heita vatni, og virðist því, að ekki sé annað eðlilegra en að skólinn fái þessa landspildu til eignar og umráða, eftir þeim reglum, sem gilda um þjóðjarðasölu, um mat á landinu, afborgunarkjör o. fl. Allshn. mælir því eindregið með því, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 710).

43. Jöfnunarsjóður.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um Jöfnunarsjóð (þmfrv., A. 490).

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég get af hálfu fjhn. vísað til grg. þeirrar, er frv. fylgir. Þetta mál kom fyrir Ed. á síðasta þingi og kom hér til 1. umr., en umr. varð ekki lokið. Í þeim umr. var það tekið fram, hver væru aðalatriði þessa frv. um Jöfnunarsjóð. Það má að vísu segja, að það sé ekki mjög aðkallandi í kreppu- og tekjuhallaári að setja löggjöf um það, hvernig verja skuli tekjuafgangi í góðæri, en ég tel þó réttara, að búið sé að setja löggjöf um það, þegar til þarf að taka, heldur en að byrja þá að setja hana, og n. hefir nú tekið það tilefni, sem gafst til þessa með því, að hv. 2. landsk. flutti frv. um jöfnunarsjóð. N. sér ekki ástæðu til að afgr. það mál frá sér, en ákvað að leggja fram þetta frv., eins og það var samþ. í Nd. á síðasta þingi með miklum atkvæðamun.

Jón Baldvinsson: Í fyrra lá þetta mál fyrir hv. Nd., og með góðu samkomulagi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna tókst að gerbreyta þar frv. því, sem Alþýðuflokksmennirnir höfðu flutt þar, og er þetta frv. sýnishorn af því samkomulagi. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram, að í þessu frv. stendur ekki einn stafur eftir af frv. því, sem við Alþýðuflokksmenn höfum flutt, og afleiðingin af samþykkt þessa frv. verður heldur ekki neitt í áttina við þær afleiðingar, sem hitt frv. hefði haft, ef það hefði verið samþ. óbreytt. Það var ætlað til þess, að meiri jöfnuður kæmist á framkvæmdir ríkisins, að það jafnaði frá ári til árs atvinnuna í landinu, með því að tekjur góðæranna væru notaðar til að jafna upp það, sem á brysti í vondu árunum, að ríkissjóður gæti lagt fram til verklegra framkvæmda sem svaraði meðaltali þeirra framlaga á nokkrum næst undanfarandi árum. Nú er þetta ekki annað en varasjóður, sem ríkissjóðurinn á að nota til að greiða með tekjuhalla fyrst og fremst. Hér er heldur ekki um neinar ákveðnar fjárhæðir að ræða, eins og var í hinu frv., því þar var talað um, að þegar tekjur ríkissjóðs færu fram úr vissri upphæð,

skyldi afgangurinn leggjast í jöfnunarsjóð, og var þá miðað við á hverjum tíma það, sem áætlað væri í fjárl. Þetta átti að vera hemill á ríkisstj., til þess að hún gæti ekki eytt öllum tekjum góðæra. Og okkur skildist, um tíma a. m. k., að sjálfstæðismenn legðu kapp á, að framsóknarmenn hefðu ekki eyðlusfé umfram áætlun fjárl., meðan þeir færu með völd. En nú hafa kannske sjálfstæðismenn von um að komast til valda, og þá vilja þeir náttúrlega ekki, að það sé lagt neitt haft á þeirra eyðslu. En þar sem ég tel þetta frv. þýðingarlaust, mun ég ekki greiða atkv. með því, ekki heldur við þessa umr.

Frsm. (Jón Þorláksson): Út af ræðu hv. 2. landsk. þykir mér rétt að taka það fram, að þetta er allt annað frv. en það, sem Alþýðuflokkurinn flutti á síðasta þingi og nú á þessu þingi. En fjhn. þótti réttara að koma fram með þetta frv. sem sjálfstætt mál heldur en að hafa þá aðferð, sem höfð var í hv. Nd. í fyrra, að breyta sérhverri grein frv. og fyrirsögninni líka. Ég skal ekki neitt fara að ræða það frv., sem hann flutti hér; það liggur ekki fyrir, og ég get því látið mér nægja það, sem ég sagði um það hér í hv. d. á síðasta þingi.

Með þessu frv. er ákveðið að ráðstafa tekjuafgangi ríkissjóðs, þegar til kemur, til 3 verkefna, sem sjálfsögð virðast. Fyrst er það, að greiða með honum tekjuhalla frá fyrra ári, þegar hann hefir verið meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári. Í öðru lagi á að verja honum til að halda uppi ólögbundnum framkvæmdum í erfiðum árum, þannig, að þær svari alltaf til meðaltals 5 síðustu ára. Og þriðja verkefnið er að inna af hendi aukaafborganir af skuldum ríkissjóðs.

Þessi 3 verkefni, sem sjóðnum eru ætluð, hygg ég, að ekki þurfi frekar að tala um. Ég vona, að hv. d. fallist á, að það sé sjálfsagt að inna þau af hendi, og að það sé skikkanleg meðferð á þeim tekjuafgangi, sem ríkissjóði kann að safnast í sjóðinn í óvæntu góðæri.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 63. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 490).
Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:2 atkv.
Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 8:8 atkv.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Við jafnaðarmenn höfum á nokkrum undanförnum þingum, og einnig á þessu, flutt frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins. Efni þess frv. er það, að þegar tekjur ríkissjóðs fara fram úr meðaltali nokkurra undanfarinna ára, þá skuli viss hundraðshluti af þeim umframtekjum lagður í sérstakan sjóð,

sem síðar yrði svo varið til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum, þegar svo stendur á, að atvinnufyrirtæki einstaklinganna draga saman seglin. Frumlagið í þennan sjóð átti að vera tiltölulega lágt í fyrstu, en fara stighækkandi, eftir því sem ríkistekjurnar færu lengra fram úr meðallagi. Þessu frv. hefir yfirleitt verið heldur vel tekið í orði kveðnu á Alþingi. Allir, sem um málið hafa rætt hér á þingi, hafa látið sem þeir væru þessari hugmynd hlynntir. En á síðasta þingi gerðist það, að þessu frv. okkar var umsteypt svo gersamlega, að ekkert var eftir af hinni upphaflegu hugmynd nema nafnið eitt. Nú er frv. vakið upp af hv. fjhn. Ed. í því nýja formi. Það er eftirtektarvert, hvað það er innilegt samkomulag milli framsóknar- og sjálfstæðismanna í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum. Fulltrúar þeirra í fjhn. virðast fullkomlega sammála um að koma frv. í það horf, sem n. nú ber það fram í. Eftir till. n. á þessi sjóður að myndast af því fé, sem verður umfram „lögbundin og óhjákvæmileg útgjöld" ríkissjóðs, eftir því sem segir í 1. gr. frv. Nú fæ ég ekki séð, eftir þessu orðalagi greinarinnar, að þessi jöfnunarsjóður fengi nokkurntíma nokkurt fé til umráða. Ef miðað væri við lögbundin gjöld einungis, væri nokkuð öðru máli að gegna. Hver á að dæma um, hvað eru óhjákvæmileg útgjöld annar en sú ríkisstj., sem með völdin fer á hverjum tíma? Og það segir sig sjálft, að ríkisstj. greiðir ekki önnur gjöld heldur en þau, sem hún af einhverjum ástæðum telur óhjákvæmilegt að greiða. Af þessu leiðir, að þessi sjóður mundi aldrei fá neitt fé.

Annað er athugavert við þetta frv., og það er, að eftir orðalagi 1. gr. er beinlínis gert ráð fyrir, að ríkisstj. greiði árs árlega svo og svo mikið fé umfram lögboðin gjöld, hin svokölluðu óhjákvæmilegu útgjöld, er frv. nefnir. Með þessu gengur þingið óbeinlínis inn á þá braut, að afsala sér svo eða svo miklu af fjárveitingavaldinu í hendur ríkisstj. Ætti þó reynsla undanfarinna ára, hin mikla eyðsla umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, að hafa kennt þm., að ekki er ástæða til þess að gefa hæstv. ríkisstj. sérstaklega undir fótinn í þessu efni.

Ef það skyldi nú samt sem áður eitthvað koma í þennan sjóð, sem ég hefi enga trú á, þá á ekki að nota það til atvinnujöfnunar nema að mjög litlu leyti. Eftir frv. virðist það verkefni sjóðsins aukaatriði, en fyrst og fremst á að verja því fé, sem í hann kann að safnast, til þess að greiða tekjuhalla á ríkisbúskapnum, þegar hann verður. Ennfremur er að vísu gert ráð fyrir, að þegar áætlaðar tekjur ríkissjóðs nægja ekki til þess að halda uppi ólögbundnum verklegum framkvæmdum, megi með fjárlagaákvæði ákveða að greiða úr jöfnunarsjóði það, sem á vantar. En þar sem í þriðja lagi á að greiða úr jöfnunarsjóði aukaafborganir af skuldum ríkissjóðs, ef fé er þar fyrir hendi til þess, verður sjáanlega aldrei neitt til til atvinnujöfnunar.

Hér er því um allt annað að ræða heldur en til var ætlazt í frv. okkar jafnaðarmanna um jöfnunarsjóð ríkisins. Þar átti verkefni sjóðsins einungis að vera það, að jafna verklegar framkvæmdir í landinu frá ári til árs, á þann hátt, að tryggt væri, að um það munaði. Það átti ekki einungis að láta vinna fyrir fé sjóðsins, heldur átti að verja því til þess að styrkja bæjar- og sveitarfélög til framkvæmda, gegn tvöföldu framlagi frá þeim. Ef maður gerði ráð fyrir, að helmingi af því fé, sem sjóðurinn hefði getað lagt fram, hefði verið varið þannig til styrktar atvinnubótum sveitar- og bæjarfélaga, en hinum helmingnum til ríkisframkvæmda, þá skapaði það helmingi meiri atvinnu heldur en ef því væri öllu varið til ríkisframkvæmda. Nú þarf ekki að eyða orðum að því, hvað mikil þörf er á ráðstöfunum í þá átt, sem frv. okkar jafnaðarmanna um jöfnunarsjóð gerir ráð fyrir. Tímar þeir, sem nú standa yfir, sýna svo greinilega nauðsyn slíkrar lagasetningar, að það virðist óhugsandi, að þeir hv. þm., sem á annað borð vilja nokkuð til þess gera að tryggja atvinnu í landinu, geti brugðizt við þessu máli á þann hátt, sem ætlazt er til með frv. fjhn.

Ríkissjóður hefir verið stærsti atvinnurekandinn hér á landi á undanförnum árum. Það hefir enginn einn atvinnurekandi — og jafnvel ekki margir til samans — veitt eins mörgu fólki atvinnu eins og ríkið og stofnanir þess. En einmitt á þessum tímum, þegar harðn-

ar í ári, svo að einstaklingarnir draga saman seglin, og þegar þess vegna mest ríður á, að ríkið haldi uppi atvinnu, þá eykur ríkisstj. á vandræðin með því að segja upp 3 af hverjum 4 eða 4 af hverjum 5 verkamönnum, sem unnið hafa í þarfir ríkisins.

Frv. okkar Alþýðuflokksmanna var flutt til þess að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir og til þess að tryggja það, að fé sé fyrir hendi til atvinnujöfnunar þegar harðnar í ári. Frv. n. miðar aftur á móti fyrst og fremst að því að reyna að safna nokkrum sjóði, til þess að mæta tekjuhalla og til þess að auka afborganir af skuldum ríkisins. En svo er um búið, að lítil líkindi eru til þess, að nokkurntíma komi nokkurt fé í þann sjóð.

Annars er það ekkert nýtt, sem hv. n. kemur fram með í sínu frv. Ég man ekki betur en viðlagasjóður ætti að hafa nokkuð svipað hlutverk og jöfnunarsjóðurinn á að hafa eftir frv. n. En þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, notaði Framsóknarflokkurinn aðstöðu sína til þess að taka það fé, sem safnað hafði verið í viðlagasjóð á mörgum árum, til þess að jafna með því reikningshalla ríkissjóðs, ef á þyrfti að halda, og orðið var nokkuð á aðra millj. kr., af ríkissjóði og afhenda það Búnaðarbankanum sem gjöf. Og með þeirri skipun þingsins, að mikill minni hl. kjósenda á mikinn meiri hl. þingsæta, er ekkert sennilegra en að þó byrjað væri aftur á að safna einhverjum slíkum sjóði, þá yrði hann aftur tekinn frá því, sem hann væri ætlaður til, og lagður til einhvers annars, sem ríkisstj. og hennar flokki kæmi vel að fá. Við jafnaðarmenn munum því greiða atkv. á móti frv. hv. fjhn.

En áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á það, að frv. um jöfnunarsjóð, sem við jafnaðarmenn höfum flutt hér þing eftir þing, hefir náð mikilli hylli úti um allt land. Því það er almennt farið að líta svo á, að það hvíli meiri skylda á ríkinu til þess að verja fé til atvinnujöfnunar heldur en á nokkurri annari stofnun eða einstaklingi í landinu. Þess vegna hefir samningsgerð íhaldsmanna og framsóknarmanna orðið þannig, að þeir halda nafninu, sem við höfum haft á sjóðnum, og ætla að reyna undir því yfirskyni að blekkja kjósendur, láta þá halda, að hér sé í raun og veru um jöfnunarsjóð til jöfnunar atvinnu að ræða.

Einhver orðheppinn maður hefir sagt, að þennan sjóð, sem hv. fjhn. leggur til að sé stofnaður, mætti kalla sáttmálasjóð; með honum er gerður sáttmáli milli Íhalds og Framsóknar, líkt og með frv. um að fella niður ýms lögbundin gjöld til þjóðþrifa- og menningarmála. Þessir flokkar vinna að því í bezta bræðralagi að fella niður það, sem tekizt hefir að koma inn í fjárlögin undanfarin ár af framlögum til félagsmála og menningarmála, flytja frv. um að fella niður framlag til Menningarsjóðs, fella niður framlag til verkamannabústaða, framlag til hýsingar á prestssetrum o. s. frv. Yfirleitt vega þeir í þann sama knérunn að fella niður framlög til þeirra hluta, sem helzt bera vott um framfarir og menningu hjá hverri þjóð. Og í sömu átt má segja, að breytingar hv. nefndar á frv. okkar Alþýðuflm. gangi.

Hannes Jónsson: Ég held, að sá tilgangur, sem ætlazt er til, að þetta frv. hafi, náist varla með því eins og það er. Það eru ákvæði 1. gr., sem mér finnst, að muni verða þess valdandi, að ekkert fé geti safnazt í sjóð hjá ríkinu sjálfu. Þegar þetta frv. kæmi til framkvæmda, verður sennilega svo ástatt, að lítið eða ekkert fé verður til í sjóði hjá ríkinu, og hefir það þá ekkert til þess að fleyta sér á fram yfir hver áramót. En ég hygg, að venjulegast verði ekki komizt af með minna en 3—5 millj. kr. til þess. Hafi ekki ríkið þá upphæð fyrirliggjandi í sjóði frá ári til árs, verður það að taka lán til þess að fleyta sér yfir hver áramót.

Mér virðist, að það þyrfti að vera gert ráð fyrir því í þessum l., að ríkið hefði óbundnar hendur til þess að safna ákveðinni upphæð í sjóð ríkisins, áður en farið væri að binda þennan tekjuafgang. Mér dettur í hug, að nauðsynlegt væri að hafa t. d. 25% af tekjum ríkisins í sjóði við hver áramót. Sú upphæð þyrfti að safnast hjá ríkinu, svo að það þyrfti ekki lán til þess að fleyta sér yfir áramótin. Það er galli á þessu frv., að ekki skuli mega nota jöfnunarsjóðinn í þess-

um tilgangi, og þyrfti að breyta því svo, að ef ekkert yrði til í ríkissjóði um áramót, mætti nota þennan sjóð til þess að fleyta ríkissjóði yfir áramótin.

Þá ætla ég að gera nokkrar aths. við 2. gr. Mér sýnist hún ekki geta staðizt, eftir núverandi formi landsreikninganna. Hér er tekið fram, að verði tekjuhalli á rekstrarreikningi ríkisins, skuli hann greiðast úr jöfnunarsjóði. En það getur orðið tekjuafgangur á rekstrarreikningnum, þó að verði tekjuhalli á sjóðsyfirlitinu. Rekstrarreikningurinn sýnir aðeins afkomuna á ríkisrekstrinum, en allar eignahreyfingar eru þar fyrir utan.

Það þarf fé til þess að standast þær framkvæmdir, sem ákveðnar hafa verið, þó að greiðslan sé færð á sjóðsyfirlitið. Mér hefir dottið í hug að ráða bót á þessu með því að bera fram skriflega brtt. þess efnis, að ef rekstrarhalli verði meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, þá eigi að taka það, sem á vantar, úr jöfnunarsjóði. Ég vil, að 2. gr. sé orðuð alveg upp, og tel það nauðsynlegt, ef lögin eiga að koma að verulegu gagni.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svolátandi skrifl. brtt. frá hv. þm. V.-Húnv.:

„Við 2. gr. Greinin orðist þannig: Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, skal hann greiddur úr jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til".

Brtt. er of seint fram komin og þarf því afbrigði til þess að geta komið til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 652) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég get yfirleitt fallizt á þetta frv. og aths. hv. þm. V.-Húnv. við 2. og 1. gr. Af því að hér er ekki gert ráð fyrir því, að fé ríkisins standi allt í rekstri ríkisins sjálfs, óska ég þess, að málið verði tekið af dagskrá nú, svo að ég geti komið að brtt. Það er ótækt, að ríkið geti ekki haft allt fé sitt í rekstri. Ég skal ekki segja, hvað ríkissjóður þarf að vera stór til þess að þurfa ekki að taka lán til þess að fleyta sér yfir áramót, en ég held, að það megi tæplega vera minna en 3 millj. kr. Ég held, að það yrði enginn sparnaður að láta jöfnunarsjóð standa í banka kannske með lágum vöxtum, en taka svo dýr lán til rekstrar ríkisins. Frv. verður að breyta svo, að jöfnunarsjóður geti að einhverju marki staðið í ríkisrekstrinum. Ég vona, að hæstv. forseti verði við bón minni um að taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 10. mai, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 490, 652, 663, 673).

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hefi borið fram brtt. til þess að tryggja það, að ríkið þurfi ekki að taka að láni rekstrarfé, ef það á í raun og veru peninga til að láta standa í rekstrinum, og sú upphæð, sem ég hefi miðað við — 3 millj. kr. —, er vitanlega lágmark rekstrarfjárþarfar ríkisins. Ég hefi valið þetta lágmark til þess að skapa aðhald um, að ekki væri haft meira fé í rekstrinum en nauðsyn krefði. En eftir að till. er komin fram frá hv. 2. þm. Skagf. um að færa þessa rekstrarfjárheimild upp í 4 millj., þá get ég vitanlega fallizt á hana og geri það að engum ágreiningi. Eins skal ég geta þess, að mér hafði láðst í minni till. að miða þessa rekstrarfjárheimild ríkissjóðs við sjóðsuppgerð um áramót. En þegar á að áætla um, hve ríkið megi hafa mikið fé eftir, áður en lagt er í jöfnunarsjóð, verður vitanlega að miða við einhverja uppgerð, og ekki annað fyrir hendi en áramótauppgerðin. Hv. 2. þm. Skagf. hefir borið fram leiðréttingu við þetta, og fellst ég að sjálfsögðu á hans till. í því efni. Ég gat þess við fyrri hluta umr., að nauðsynlegt væri að gera slíka breyt. sem þessa, því að ótækt væri, að ríkissjóður tæki dýr rekstrarlán, ef hann ætti sjálfur mikið fé í sjóði. Þessi till. gerir það að verkum, að ekki byrjar að safnast í jöfnunarsjóð fyrr en fyrst hafa safnazt 3—4 millj. í rekstrarfé handa ríkinu. En eins og var í frv. upphaflega, var það ófært, að alltaf gæti klipizt af því fé, sem væri í ríkissjóði áður en frv. næði gildi, en legðist aldrei neinn afgangur í hann. Þetta þurfti að laga, og því bað ég um

frest á umr., og ég hygg, eftir málavöxtum, að samkomulag muni vera um brtt., sem fram eru komnar.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég verð að segja, að mér þykir vænt um að heyra, að hæstv. fjmrh. gengur inn á brtt. mína á þskj. 673, því að ég hygg, að það vaki hið sama fyrir okkur báðum í þessu máli, sem sé það tvennt, að tryggja það, að ríkissjóður hafi fé til rekstrar á hverjum tíma, og svo hitt, að það fé, sem ekki þarf til rekstrarins, verði lagt til hliðar. Það hlýtur auðvitað að vaka fyrir öllum, sem um þetta mál hugsa, að ekki verði tekið frá ríkissjóði það fé, sem hann þarf að hafa í rekstri sínum, og meiningarlaust væri að taka lán, ef hann ætti samtímis fé, sem hann gæti haft til rekstrar. En frv. þetta var búið til í fyrra og var svo flutt óbreytt á þessu þingi, og hygg ég, að það sé ástæðan til þess, að ekki hefir verið athugað, að síðan hefir breytzt um það fé, sem ríkissjóður hefir handbært, því að það var miklu meira í árslok 1929 en í árslok 1931. Þessa hefir láðst að taka tillit til, þegar frv. var borið fram nú, og því var brtt. hæstv. ráðh. á þskj. 663 algerlega réttmæt í hugsun sinni. En mér finnst fara betur á því, sem hann hefir nú gengið inn á, að miðað sé við sjóðsyfirlit við áramót, en ekki við hvað er í sjóði og bönkum við áramót, því að alltaf er hægt að sjá um, að féð sé ekki beinlínis í sjóði, þótt það sé það reikningslega, og það er það, sem undir er komið, hve mikið er reikningslega í sjóði, því að mismunurinn á því, sem er reikningslega í sjóði, og því, sem er raunverulega í sjóði, er það fé, sem er í rekstri á hverjum tíma. Ég verð því að segja, að ég þykist finna, að *lítill munur sé á milli skoðana minna* og hæstv fjmrh. í þessu efni.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil geta þess, að ástæðan fyrir minni brtt., og þá um leið hv. 2. þm. Skagf., er auðvitað ekki einungis sú, að nú er miklu minna fé í sjóði heldur en var fyrir tveim árum. Höfuðástæðan er sú, að eins og nú er háttað LR. og fjárl., bæði rekstrarreikningi og sjóðsyfirliti, var komið í ósamræmi við frv. og reikningshaldið yfirleitt. Til þess hefir ekki verið tekið tillit fyrr, og okkar brtt. ganga í rauninni út á að samræma frv. við hið nýja bókhald.

Hannes Jónsson: Brtt. á þskj. 663, frá hæstv. fjmrh., og brtt. við þær frá hv. 2. þm. Skagf. uppfylla það, sem ég hafði við þetta frv. að athuga hér í d. um daginn, og brtt. *mín* á þskj. 652 er því orðin óþörf, þar sem nú er, með þessum brtt. frá hæstv. fjmrh., ef samþ. verða, loku fyrir það skotið, að hægt sé að ganga í þann sjóð, sem nauðsynlegur er frá ári til árs til þess að standast greiðslur á milli ára. Ég get því lýst yfir því, að ég tek brtt. mína á þskj. 652 aftur. Annars skal ég geta þess, að þessar brtt., sem nú liggja fyrir, eru og hafa alltaf verið nauðsynlegar. Þær voru jafnnauðsynlegar í fyrra eins og þær eru nú, því að frv. sjálfu er svo háttað, að eftir því er hægt að ganga á þann sjóð, sem nauðsynlegur er til að fljóta frá ári til árs. Það var því nauðsynlegt að fyrirbyggja það þegar í stað, að gengið yrði á þann sjóð ríkisins, sem það hafði í sínum höndum, en svo stæði meira eða tilsvarandi í jöfnunarsjóði, sem ríkisstj. hefði ekki rétt til að hreyfa til bráðabirgðagreiðslna á milli ára.

Þessar brtt. eru sem sagt til bóta fyrir frv. Það, sem ég hefði e. t. v. út á þær að seja, er, að það er ákveðin upphæð, sem hér er um að ræða, en það er auðvitað breytilegt eftir staðháttum og rekstri ríkisins. Eftir því sem hann verður umsvifameiri, því meiri þörf verður fyrir bráðabirgðaveltufé milli ára, en auðvitað má, þegar það fer að rekast verulega á, bæta úr því með breyt. á lögum þessum. En fyrst mætti að sjálfsögðu komast af með því að bæta við þetta bráðabirgðalán, sem áreiðanlega verður ekki nema eitthvað lítið nú fyrst um sinn, eftir að búið er að hækka upphæðina úr 3 í 4 millj. kr.

ATKVGR.

Brtt. 673,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 663,1, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 673,2 samþ. án atkvgr.
— 663,2, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 663,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 652 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 696).

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 725).

44. Sala á nokkrum hluta Auðkúlu.

Á 35. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal (þmfrv., A. 239).

Á 36. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Grg., sem fylgir þessu frv, er stutt, en skýr, og ég vil aðeins bæta nokkrum orðum við það, sem í henni stendur, til að skýra málið nokkru betur.

Fyrst vil ég taka það fram, að þótt hér sé farið fram á að selja nokkuð stórt stykki af beitilandi Auðkúlu, þá er af svo miklu að taka, að nóg er eftir, því að jörðin hefir svo geysistórt beitiland, að hún hefir eftir allt það land, sem henni er frekast fært að nota, eins og búnaðarhættir manna eru nú orðnir. Land það, sem hér er farið fram á að selt verði, hefir ekki um tugi ára orðið ábúandanum á Auðkúlu til nokkurra nytja, vegna legu þess, nema hvað hann mun öðruhverju hafa fengið dálitla leigu fyrir sellandið, en aldrei neitt fyrir það stykki, sem liggur uppi á hálsinum, en það hefir þó alltaf verið notað af bæjum þeim, sem næst liggja.

Núv. ábúandi á Auðkúlu, sóknarpresturinn, sem líka er prófastur, hefir mælt með sölu á landi þessu, en sökum óhappa hefi ég þau gögn ekki við hendina nú, en mun að sjálfsögðu útvega þau með símskeyti frá prófasti, svo að n. sú, sem málið fær til meðferðar, geti kynnt sér þau.

Það mun sennilega vera réttara að bera mál þetta undir biskup. Ég hefi þó ekki gert það. Vænti ég því, að n. fái till. hans, þó að ég telji ekki líklegt, að hann sjái ástæðu til þess að mæla á móti því, þar sem það virðist liggja beint við að selja landið, fá verðmæti fyrir það, sem gæfi prestakallinu árlegar tekjur í vöxtum, í stað þess að fá aðeins leigu fyrir nokkurn hluta þess við og við.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, en legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til landbn., því að ég sé ekki annað en að það sé landbúnaðarmál og eigi því eins vel eða fremur heima þar en í allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 337).

Frsm. (Jón Jónsson): Landbn. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að hún vilji mæla með því, að frv. verði samþ. Henni hefir borizt símskeyti frá prestinum á Auðkúlu, sem er prófastur í Húnavatnssýslu, þar sem hann mælir með sölunni, og biskupinn hefir látið það í ljós, að hann hafi ekkert við það að athuga. Þar sem hér er um heldur afskekkt fjalllendi að ræða, þá sá n. ekki ástæðu til annars en að mæla með sölunni. En gert er ráð fyrir, ef salan nær fram að ganga, að séð verði um, að prestur missi ekkert af launum sínum, því að sjálfsagt hefir, þegar síðasta mat fór fram á jörðinni, verið tekið tillit til þess lands, sem nú er tekið frá heimajörðinni, svo sjálfsagt er að bæta presti það lítilsháttar upp. Sömuleiðis virðist ekki ósanngjarnt, að

kaupanda sé gert að skyldu að setja upp girðingar milli heimajarðarinnar og þessa lands.

Jón Baldvinsson: Í umr. um þetta mál minnist ég ekki að hafa heyrt færðar fram neinar ástæður, sem geri það nauðsynlegt að selja land það, sem frv. ræðir um. Ég minnist ekki heldur að hafa heyrt getið um það, hver kaupandinn sé. Mér þykir ótrúlegt, að verði það samþ. að selja landið, sé það gert til þess, að ríkisstj. geti selt það hverjum sem hafa vill á eftir, mér þykir líklegt, að bak við frv. sé einhver ákveðin ósk frá tilteknum mönnum um að kaupa landið. En nú álít ég, að ekki beri að selja lönd frá ríkinu, nema það sé nauðsynlegt fyrir viðkomandi sveitarfélag að fá landið til ráðstöfunar. Öðruvísi er það ekki nauðsynlegt að selja slíkt land, heldur leigja það. Þó hefir þetta verið gert, og ég er því fylgjandi, að kaupstaðir geti fengið slík lönd keypt, þar sem þau geta komið að gagni fyrir marga menn. En mér skilst, að um slíkt sé ekki að ræða hér.

Það er eins og vant er þegar verið er að selja slík lönd, að þá eru þau kölluð lítils virði, og nú segir flm., að presturinn á Auðkúlu hafi lítil not af landinu. En það á að bæta honum missinn upp við söluna. Mér sýnist því eftir öllu, sem ég hefi heyrt og fram hefir komið í málinu, að engin nauðsyn reki til sölunnar. Má vera, að hv. flm. hafi gert grein fyrir þessu í framsögu málsins, en það hefir þá alveg farið fram hjá mér. Væri hér um að ræða að selja land, sem virðist vera eingöngu beitiland, til hreppsins, en ekki einstakra manna, þá gæti vel verið, að þessi sala mætti fara fram. Annars skilst mér, að margir séu komnir á þá skoðun, að ríkinu beri ekki að farga löndum þeim, sem það ennþá á eftir. — Ég get því ekki greitt atkv. með frv. Ég sé, að hæstv. forseti er fluttur í ræðustól til þess að gefa upplýsingar í málinu. Ef eitthvað hefir farið framhjá mér, sem áður hefir komið fram í málinu, þá fæ ég að heyra það nú.

Guðmundur Ólafsson: Ég get ekki annað en virt það við hv. 2. landsk., hvað hann vill fara varlega í þessu tilfelli. Það er kannske eitthvað, sem við má bæta til skýringar, við það, sem grg. hefir tekið fram, sem ekki er mikið, því að hún er stutt og orð þau, er ég hefi áður sagt um mál þetta. Ég vil reyna að upplýsa það, sem ég get frekar. Nokkuð af þessu landi vill bóndinn í Litladal kaupa. Land Litladals nær upp í hálsbrúnina, og Auðkúla á bæði fyrir norðan það og sunnan og svo á hún ræmu á háhálsinum, og það land vill bóndinn í Litladal gjarnan kaupa. Það er vitanlega hann, sem notar landið án þess að borga nokkuð fyrir það, því skepnurnar fara ekki eftir því, hver landið á. En þar fyrir framan hafa nokkrum sinnum verið leigðar slægjur, en aldrei verið notaðar frá Auðkúlu. Maður, sem býr þar nálægt og hefir landið nú á leigu, er að hugsa um að kaupa það. Það er óhætt að fullyrða, að eftir því, sem búskap er háttað nú, er Auðkúlu þetta land ekki til neinna nytja, nema þegar tekizt hefir að fá einhvern leigjanda. En nágrannarnir nota landið eins og þeir þurfa, án þess að borga fyrir það. Það yrði ekki stórfé, sem þyrfti að bæta presti upp, ef landið yrði selt. Mér þykir líklegt, að það gæti ekki orðið meira en það, sem hann hefir fengið í leigu þegar leigt hefir verið. Ég held, að það sé síður en svo nokkuð varhugavert fyrir d. að samþ. frv., og það sannar líka nokkuð, að n. mælir eindregið með því, og svo það, að bæði ábúandinn á Auðkúlu og biskup sjá enga agnúa á þessu.

Ég sé ekki, að ég þurfi að fjölyrða frekar um þetta, ég er búinn að svara spurningum hv. 2. landsk. Ég sé, að kunnugur maður er að hvíslast á við hann (**JBald:** Það er gamall smali þarna úr dalnum). Það hafa nú verið fleiri en hann, en hann hefir kannske einhverntíma verið smali þarna á hálsinum.

Jón Baldvinsson: Ég get ekki sagt, að ég hafi sannfærzt við ræðu hæstv. forseta um nauðsynina á að selja þetta land. Hann gerði nánari grein fyrir því, hvers vegna frv. væri fram komið, og það er vegna þess, að nágrannabóndinn nytjar þetta land, en vill fá yfirráð yfir því. Mér finnst, að þetta megi þá vera svo sem nú er. Það er kunnugt, að í svona árferði er óhentugt að selja eignir. Ég geri ekki ráð fyrir, þó að landið verði selt, að það verði

neinir peningar fyrir ríkissjóð. Þetta er dálítið svipað og þegar verið var að selja lönd undan Mosfellsprestakalli, heiðalöndin. Ég mun greiða atkv. móti frv., því að ég sé ekki neina nauðsyn bera til sölunnar. Ef landið kemur að svona miklum notum fyrir bóndann, sem vill kaupa það, þá getur það einnig komið að notum fyrir Auðkúluprestinn, ef hann kostar til þess að girða landið, eins og gert er ráð fyrir, að hinn nýi kaupandi muni gera. Viðvíkjandi verðinu, þá skildi ég ekki alveg, hvað það átti að vera hátt, en ég gat tekið það svo, að presturinn gæti ekki fengið meira en það, sem leigunni nemur. En ég geri ráð fyrir, að hv. flm. hafi meint það þannig, að leigan yrði lögð til grundvallar fyrir söluverðinu og presturinn ætti að fá nokkurn hluta þess. En það er ekki talað um neitt ákveðið verð fyrir landið. Það fer auðvitað eftir mati, en við höfum enga hugmynd um, hvernig verðið gæti orðið.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég held, að það hljóti að stafa af ókunnugleika, að hv. 2. landsk. leggur á móti því, að þetta land verði selt. Talsvert af þessu landi er ræma eftir hálsi, sem kannske er 50 faðmar á breidd, og það sá vegur, þar sem kaupandi verður að setja girðingu, fyrir endann á þessari spildu. Það borgar sig illa fyrir prestinn að girða þessa spildu. En hinsvegar hagar svo til, að varla er hægt fyrir bóndann í Litladal að hleypa skepnu út svo, að hún sé ekki komin í þetta land. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að honum sé selt landið, þegar heimajörðin hefir ekki nytjar af því. Nokkur hluti landsins er gamalt selland, sem liggur uppi í heiðinni, og það eru engar líkur til, að Auðkúla geti notað það. Hún hefir þess vegna leigt það öðrum manni eins og stendur, og það er hann, sem óskar eftir að fá það keypt. Presturinn, sem ætti að vera þessu öllu kunnugastur, mælir með sölunni, og allir kunnugir menn telja það sjálfsagt. Ég skil því ekki, að hv. d. leggi á móti þessari sölu, því að það er ekki um að ræða mikil verðmæti. Það hefir oft verið meiri ástæða fyrir ríkið að passa upp á sinn hag gagnvart sölu þjóðjarða en nú, því að það hefir oft gálauslega látið af hendi ýmsar jarðir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 239).
Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 651).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Landbn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með örlítilli orðabreyt. í upphafi frv.

ATKVGR.
Brtt. 651 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 669).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 669).

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 726).

45. Barnavernd.

Á 26. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um barnavernd (þmfrv., A. 156).

Á 29. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Við þrír þm., hver úr sínum flokki, höfum þann mikla heiður að flytja þetta frv. inn í d. Þetta er ef til vill mesta mannúðarmálið, sem lagt hefir verið fyrir þetta þing. Takmark frv. er að tryggja það, eftir því sem stendur í valdi þjóðfélagsins, að hverju barni geti liðið sæmilega í æsku og geti náð sem fyllstum þroska, bæði líkamlegum og andlegum. En okkar heiður er ekki annar en sá, að flytja frv. Hugsjónin er frá öðrum, og nefnd karla og kvenna hér í bænum hefir algerlega búið málið í okkar hendur.

Hjá nágrannaþjóðum okkar er fyrir löngu komin á löggjöf í þessu efni, og þörfin á slíkri barnavernd er þar því fyrir löngu viðurkennd. Hjá okkur hefir þörfin að ýmsu leyti verið minni, því að hér hafa engar stórborgir verið, en þar er einmitt mest þörf á slíkri verndarstarfsemi. En eftir því sem kunnugir menn skýra frá, verður þörfin hér alltaf brýnni og brýnni með hverju ári. Ljóst dæmi þess er skýrsla frá lögreglustjóra, sem fylgir með þessu frv. Þar segir, að á síðustu 10 árum hafi 150 börn fyrir innan fermingaraldur verið ákærð fyrir þjófnað, og nærri má geta, að þar eru ekki talin öll þau börn, sem sýnt hafa af sér óráðvendni, því að þá kann ég illa skap manna, ef þeir fara að draga fyrir lögregluna öll þau börn, sem eitthvað misjafnt hafa sýnt af sér í þessum efnum. Það er aðeins gert, þegar úr hófi hefir keyrt. En ástæðan til þessa er sú, að uppeldið hefir verið öðruvísi en vera átti.

Það hefir því miður stundum sýnt sig, að munaðarlaus börn njóta í uppvextinum ekki eins góðrar aðbúðar og vera ætti. Ljóst dæmi þess er mál, sem kom upp fyrir nokkru út af meðferð á veslings munaðarlausum dreng í einu héraði landsins. Menn geta hugsað sér, hvernig uppeldið og aðbúð öll muni vera, ef allskonar óregla hefir hertekið heimilið. Þess eru einnig dæmi, að fátæklingar geti ekki vandað uppeldið sem skyldi, svo að börnin verða að mestu leyti að hirða sig og hugsa um sig sjálf, lenda þá í solli og verða allskonar löstum að bráð, eins og eðlilegt er.

Þá mun það vera augljóst, að ýmsir aðstandendur barna hafa mikla þörf allskonar leiðbeininga við uppeldið. T. d. hafa ýmsar umkomulitlar mæður mikla þörf á því að geta snúið sér til n., sem veitir þeim leiðbeiningar, eftir því sem mögulegt er. Þetta allt sýnir greinilega, að kominn er tími til þess, að löggjöf sé sett til að ráða bót á þessum vandamálum.

Það má auðvitað segja sem svo, að í núgildandi lögum séu ýms ákvæði um þetta efni, t. d. í fátækralögunum og í lögum um óskilgetin börn. En slík ákvæði eru á víð og dreif og taka til ýmissa aðilja, sem skoða það ekki sem aðalstarf sitt að hafa eftirlit með slíkum málum. Eins og reynslan hefir sýnt annarsstaðar, þá verður það hér beinasta leiðin að setja löggjöf um, að nefnd skuli setja, sem hefir eftirlit með uppeldi barna.

Það skiptir vitanlega afarmiklu máli, að nefndina skipi menn, sem hafa áhuga á starfinu og vilja fórna sér fyrir það. Eflaust verður að fá þessari n. allýtarlegt vald til ýmissa ráðstafana, og verður að treysta því, að hún mundi beita því valdi með gætni og mannúð. Þetta vald á að gefa henni samkv. 7.—14. gr. frv. Sumum mun ef til vill finnast það vald nokkuð mikið og nærgöngult. Það er mikið vandamál, hvernig á að koma þessu fyrir, og ég vona því, að hv. þdm. vilji athuga

þetta mál vel, og þá sérstaklega frá þessari hlið málsins. Við flm. erum mjög fúsir til samvinnu við hv. þdm. um allar þær breyt., sem við álítum að standi til bóta. Ég geri jafnvel ráð fyrir, að við flytjum brtt. við frv. Þetta er nýmæli í okkar löggjöf og þarf því að íhuga það vandlega.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til n., sem ætti þá að vera annaðhvort menntmn. eða allshn., og læt ég hv. d. skera úr því.

Jón Baldvinsson: Hv. aðalflm. hefir nú gert nokkra grein fyrir frv., svo að ég hefi litlu þar við að bæta, því að við erum sammála um hin almennu atriði málsins, að skipa barnaverndarn., og það er aðalatriðið í frv. Þetta erum við flm. sammála um, að geti orðið til mikils gagns. Hinsvegar höfum við óbundin atkv. um ýms ákvæði frv., og vel getur farið svo, að ég beri fram sérstaklega brtt. við frv., en ekki mun ég snúast á móti frv., þó að þær brtt. næðu ekki samþykki í d. Þetta vil ég láta koma fram nú við 1. umr., svo að síður verði hneykslazt á því, ef ég ber fram brtt. við frv., sem ég er flm. að. Ég geri ráð fyrir, að eins geti farið með hina flm., eins og hv. aðalflm. tók fram í ræðu sinni.

Annað er það líka, sem ég vil skjóta til n., sem fær þetta mál, eða hv. dm., þeirra sem orðhagastir eru, hvort þeir gætu ekki fundið eitthvað betra nafn á þessa n. heldur en það, sem í frv. stendur, en það er „barnaverndarnefnd". Það þarf að hafa sérstakan setning á sér til að bera það nafn rétt fram, ég tala nú ekki um, þegar kæmi yfir- eða undirbarnaverndarnefnd. Mér hefir ekki dottið í hug neitt gott nafn, sem þýðir það sama og það nafn, sem í frv. stendur, og ég veit ekki, hvort n., sem undirbjó frv., hefir sérstaklega athugað þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 8 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 359).

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Það er gamalt máltæki, sem segir, að það sé of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í hann. Þeir eru því miður of margir opnu brunnarnir, og fullmörg börnin, sem dottið hafa ofan í þá, og mér virðist lítið að því gert frá ríkisins hálfu að byrgja þá. Hér liggur þó fyrir ein tilraun, sem sé frv. til l. um barnavernd.

Tildrögin til þessa frv. eru mörgum kunn, ekki sízt Reykjavíkurbúum. Mönnum mun enn í minni mjög hvimleitt mál, sem kom fyrir hér fyrir tveim árum. Varð það til þess, að dómsmrn. tók rögg á sig og skipaði nefnd, eftir tilmælum lögreglustjórans í Reykjavík. Verkefni n. var það, sem hér er fram komið, að gera till. um löggjöf, er styðji heimilin við uppeldi vangæfra barna, og yfirleitt að gera till. um uppeldismál barna og unglinga.

Það mun nú öllum koma saman um það, að tryggja beri rétt barnsins í þjóðfélaginu, vernda það gegn hverskonar óréttlátri og óviðurkvæmilegri meðferð. Barnið — æskan er framtíð þjóðanna, og velferð hvers einstaks barns er trygging fyrir heilbrigðu þjóðlífi. Þetta er játað og viðurkennt alstaðar, en sú játning kemur ekki ávallt fram í verki.

Í fjölmennari löndum þykir það sjálfsögð nauðsyn að hafa l. um barnavernd og sérstakar n. til að sjá um framkvæmd þeirra l. Þetta þykir yfir höfuð gefast vel, enda þótt einhverjir misbrestir kynnu á því að finnast, en svo er auðvitað um öll mannanna verk.

Í gildandi l. lands vors er hér og hvar vikið í sömu átt og frv. þetta fer. Eins og öllum er kunnugt, þá ber skólanefndum og fátækrastjórnum undir eftirliti presta, að líta eftir uppeldi og meðferð á börnum. Hvernig því eftirliti hafi verið sinnt, dæmi ég ekki um, þótt ég segi, að víða muni pottur vera brotinn í því efni, enda hreinasta ofætlun fyrir önnum kafnar fátækrastj. í fjölmennari stöðum landsins að inna til fulls af hendi þau störf, sem bæði 36. og 37. gr. fátækral. mæla fyrir um.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að í stað þeirra aðilja, sem ég hér hefi minnzt á, komi barnaverndarn. í kauptúnum, þar sem eru yfir 300 manns; annarsstaðar

eiga skólan. að annast þau störf, sem barnaverndarn. eru ætluð.

Um hinar einstöku gr. frv. mætti segja ýmislegt. Ég ætla að láta mér nægja að minnast á örfáar þeirra. Kem ég þá fyrst að 7. gr., sem mér virðist eiginlega vera mergurinn málsins í þessu stóra og umfangsmikla frv. Ekki er um það að villast, að verði fyrirmælum þessarar gr. vel fylgt, þá er hér um talsverðar umbætur að ræða. Að vísu má segja sem svo, að allmargt í gr. sé ekki annað en það, sem tekið er fram í gildandi landslögum. En að athuguðu máli dylst það engum, að hér hefir mikil vanræksla átt sér stað, t. d. hvað fræðsluna snertir og hæfileika barnanna, eins og um er talað í 7. gr., síðasta málsl. Væri það óneitanlega til mikilla bóta, ef þesskonar eftirlit yrði tíðkað meðal barna og unglinga og framkvæmdirnar færu þá eftir því.

Í 4. málsgr. er talað um það, sem algengast er í ráðstöfun fátækrastj. Ég veit að vísu, að það er öllum góðum mönnum kappsmál að útvega munaðarlausum börnum góða samastaði, og fátækralög vor banna algerlega að halda undirboð á þurfalingum. En samt uggir mig það, að stundum muni vera tekið fullmikið tillit til krónunnar, en öllu minna fengizt um að kynna sér rækilega heimilishætti og það, hvort heimilið í sjálfu sér er þess megnugt að taka barn að sér til fósturs, því að það er vandaverk, sem krefur mikils, ekki sízt þegar vandræðabörnin svokölluðu eiga í hlut.

5. málsgr. og hin 6. fjalla um fræðslumálin, og eru það nýmæli, sem mundu hafa bætandi áhrif á uppeldismál vor yfirleitt.

7. málsgr. hefir til fyrirmyndar gildandi l. Svía o. fl. þjóða. Í vorum eigin l. er mælt svo fyrir, að lögreglustjóri geti skipað þeim börnum eftirlitsmann, sem hafa brotið hegningarl. Mér er ekki fullkunnugt um, hvort því hefir verið framfylgt, en hygg þó, að svo sé ekki. En slík ráðstöfun þykir góð annarsstaðar, og er það mjög skiljanlegt. Af minni litlu reynslu í þessum efnum get ég sagt það, að vel hefir það gefizt að fá góða konu, t. d. hjúkrunarkonu, til að hafa eftirlit með heimilum, þar sem vafi gæti á verið, að uppeldi barnanna væri vel sinnt. Ég held því, að þessi 7. málsgr. 7. gr. sé réttmæt og heppileg.

8. málsgr. talar um eftirlit með vinnu barna. Það gegnir að vísu nokkru öðru máli með vora þjóð, sem svo að segja engar eða sárfáar verksm. rekur, heldur en þar, sem börn jafnt sem fullorðnir vinna í verksmiðjum, en það mun yfirleitt vera óholl vinna fyrir börn. Mér er heldur ekki svo kunnugt um það, hvernig vinnu barna er háttað, en séð hefi ég eina vinnutegund barna, sem ég álít mikla þörf á að líta eftir, ef ekki banna alveg, sérstaklega ungum börnum og stúlkubörnum, og það er blaðasala á götum úti. Það lítur helzt út fyrir, að það sé orðin sérstök atvinnugrein barna, hér í bænum a. m. k. Ég get ekki annað skilið en að hér sé um mjög varhugaverða stefnu að ræða hvað börn áhrærir. Oft hittir maður þessa litlu anga seint á kvöldin norpandi af kulda, ef kalt er í veðri, hrópandi hvert í kapp við annað af ákafa miklum „krassandi" fyrirsagnir skammargreina o. s. frv. Þetta virðist mér blátt áfram skemmd á börnunum, að láta þau hafa slík störf með höndum, og það segja mér viðförlir menn, að það sé fágæt sjón í öðrum siðuðum löndum að sjá smátelpur og smádrengi við þá iðju.

Sjálfsagt kemur fleira til greina, þegar gætt verður að vinnu barnanna, og tel ég því 8. málsgr. 7. gr. til bóta. Sama er að segja um 9. málsgr. Hún er nýmæli hér, en mjög er þessi regla tíðkuð ytra. Þar er litið svo á, að heppilegast sé, að lögregluvaldið hafi sem minnst afskipti af brotamálum barna, og eru barnaverndarn. falin þau mál til meðferðar. Að þessu er stefnt í 9. málsgr. 7. gr. Þótt ekki sé lengra farið en svo, að n. öðlist það vald aðeins, ef hún æskir þess sjálf. Það mætti kalla þetta tilraun, og virðist mér hún heppileg. Mér er kunnugt um, að lögreglustjórinn í Rvík er þessu nýmæli meðmæltur og álítur, að meðfeð barnaverndarn. í sakamálum barna hafi betri áhrif á börnin heldur en venjuleg lögreglumeðferð.

Seinasta málsgr. 7. gr. frv. fjallar um kvikmyndahúsin. Já, ætli það veitti af því að hafa eftirlit með myndum, sem börnin hafa aðgang að? Heyrt hefir maður það, hvort sem satt er frá sagt eða ekki,

að drengir, sem lent hafa í þjófnaði og óknyttum, hafi borið það fyrir rétti, að þeir hafi fengið hugmyndirnar í bíó, lært þar listina af einhverjum glæpamannaforingjanum, sem þar var sýndur.

15. gr. frv. kann að þykja nokkuð hörð í garð foreldra, þar sem n. getur ráðstafað börnunum þvert á móti vilja foreldranna og talið meðlag sveitarstyrk veittan foreldrunum, ef þau greiða það ekki öðruvísi. En þetta er í samræmi við 37. gr. fátækral., þar sem talað er um foreldra, er ekki þiggja af sveit, sem fari illa með börn sín og veiti þeim ósæmilegt uppeldi. Slík börn má fátækrastj. taka burt af heimilinu og telja meðgjöf þeirra foreldrunum til sveitarstyrks, borgi þau hann ekki þegar í stað. Til slíkra úrræða er aðeins gripið í ýtrustu vandræðum og neyð. Yfir höfuð verður það að vera hlutverk barnaverndarnefndanna að reyna eftir megni að vinna störf sín með lipurð, beita áhrifum sínum til þess að hvetja heimilin til góðs, koma þar fram sem sannir vinir, en ekki sem valdamenn, er settir séu til höfuðs heimilunum. Störf slíkra n. verða fyrst og fremst að byggjast á kærleika, samúð og skilningi. Þetta eru höfuðskilyrði fyrir farsælu starfi, og það fer auðvitað eftir því, **hvaða** menn og **hvernig** menn setjast í þessar n. Undirbúningsn. þessa frv. hefir verið þetta ljóst, og þess vegna reynt að tryggja það, að til starfsins veldust hæfir menn. Sóknarprestar og skólastjórar munu t. d. öðrum fremur, sökum stöðu sinnar og starfs, vera kunnugir heimilunum og börnunum. Virðist því heppilegt að ætla þeim sæti í slíkum n., enda gerir frv. ráð fyrir því.

Menntmn. gerði þó breyt. á 3. gr. frv. N. taldi það erfitt að ákveða fyrirfram, hverja kjósa skyldi, þar sem hlutfallskosningar eru taldar heppilegastar, og réð því af að setja bæjarstjórn Rvíkur engar slíkar reglur viðvíkjandi kosningunni. N. kom saman um það, að hér í Rvík væri nokkuð öðru máli að gegna en á þeim stöðum, þar sem aðeins er um einn prest og einn skólastjóra að ræða, sem sjálfkjörnir væru í n.

Aðra smábreyt. ber n. fram við 2. gr. frv. Það skiptir auðvitað ekki miklu máli, hvort orðalagið er haft, en hitt mun alstaðar eiga sér stað, þar sem barnaverndarn. eru kosnar, að konur skipi þær jafnt og karlmenn. Það þykir nauðsynlegt, þar eð n. þessar fjalla oft um verkefni, sem liggja nær verkahring konunnar en verkahring karlmannsins, sérstaklega þegar tekið er tillit til einstæðingsmæðra, meðferðar á börnum o. fl.

Við 12. gr. frv. eru nokkrar breyt. N. þótti gr. fullhvasst orðuð og vildi skjóta inn í hana þeirri sjálfsögðu viðbót, að barnaverndarn. vandaði um við viðkomandi heimilismann áður en gripið væri til annara ráða. N. var sammála um, að vel gæti það verið nauðsyn að eiga slík lagaákvæði, enda þótt engin ástæða væri til að óttast það, að sanngjarnir menn misnoti slík refsiákvæði.

Þá er brtt. við 20. gr., annan kafla frv. N. leit svo á, að 5 menn gætu eins vel og 7 unnið það starf, sem þessari n. væri ætlað.

23. gr. lýsir þeim störfum, sem aðallega eru fólgin í eftirliti með því, að aðrar n. sinni störfum sínum, krefja þær um ársskýrslur og sjá um, að almenningur fái öðruhverju fulla vitneskju um störf n., svo og að skera úr ágreiningi í málum, sem undir hana eru borin. Virðist það mun eðlilegra, að slík störf séu falin þesskonar n., heldur en að þau fái afgreiðslu í einhverri skrifstofu stjórnarráðsins, þar sem þess er ekki að vænta, að menn hafi sérstakan áhuga á þessum málum. Starf þessarar n. gæti því orðið allvíðtækt. Eigi að síður hefir menntmn. borið fram brtt. við 25. gr., þar sem ræðir um ársþóknun handa n., og fellt þann málsl. niður. Auðvitað getur það verið vafamál, hvort rétt sé að fá einstökum mönnum þjóðfélagsins störf í þarfir almennings án þess að ætla þeim endurgjald. Reynslan sker úr um það, hvað víðtækt starf barnaverndarinnar verður, og má þá alltaf breyta til.

Fundið hefir verið að því, að nafnið yfirbarnaverndarnefnd sé þunglamalegt og langt, og hefir lauslega verið stungið upp á að nefna það barnaverndarráð. Það er talsvert erfitt að finna nafnorð, sem er gott að hafa yfir þetta.

Ég hefi þá drepið á einstök atriði frv. og brtt. Ég býst við, að menn hafi ýmsar aths. að gera við ræðu mína. En þetta

frv. ber að skoða sem byrjunartilraun til þess að bæta uppeldi barna. Reynslan sýnir, hvernig það tekst. En ég vona, að hv. þm. sjái nauðsyn þessa máls, þar sem þetta er í fyrsta skipti, sem málefni barnanna eru borin fram á hinu háa Alþingi. Það á skilið að fá bæði góða og haganlega afgreiðslu.

Einar Árnason: Ég efast ekki um, að gott eitt vakir fyrir þeim mönnum, sem standa að þessu frv. Ég vil heldur ekki neita því, að ekki kunni að vera svo ástatt þar, sem borgir eru og fjölmenni mikið, að þörf sé á slíkum ráðstöfunum, en hér er allt öðru máli að gegna. Þetta er ennfremur svo viðkvæmt mál fyrir heimilin, að löggjöfin verður að taka varlega á því. Með þessu frv. er fyrirskipað, að í hverjum kaupstað og kauptúni, sem hefir yfir 300 íbúa, skuli vera barnaverndarnefnd. Í öðrum hreppum skal skólanefnd starfa sem barnaverndarnefnd. Þarna er því að ræða um stofnun 200 nýrra nefnda. En ég er hræddur um, að störf þessara nefnda verði sáralítil í flestum sveitum og kauptúnum hér á landi. Og þar sem verkefnin eru smá, er það reynslan, að þó nefndir séu til, sem eiga að sinna þessum verkefnum, sofa þær að meira eða minna leyti og láta ekkert til sín taka. Það mun líka verða svo, að þessar n. munu skirrast við að gera strangar ráðstafanir, sem ganga nærri einkamálum heimilanna.

Í fyrri kaflanum eru m. a. ákvæði um skipun nefndanna, en í þeim síðari eru fyrirmæli um eina allsherjar yfirbarnaverndarnefnd. Um fyrri kaflann skal ég ekki fjölyrða, en aðeins taka það fram, að ég hefði heldur kosið, að 1. gr. frv. hefði verið svo orðuð, að heimilt skyldi að setja þessar nefndir á stofn, en ekki gert að skyldu. Í 7. gr. frv. eru talin upp allnákvæmlega verkefni þessara nefnda. Ég mun ekki fara sérstaklega út í það, en aðeins benda á, að nefndunum er gefin víðtæk heimild til þess að vera nærgöngular heimilunum. Ég býst ekki við að greiða atkv. móti fyrri kaflanum, og sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um hann.

Þessi mál mega heita ný hér hjá okkur, og með þessu frv. er verið að leggja inn á nýja braut, en við vitum ekki, hvað mikil eða hverskonar verkefni liggja þar óunnin. Að þessu athuguðu held ég, að réttast væri að fara ekki lengra í þessu frv. en fyrri kaflinn fer fram á, að nefndirnar verði settar á stofn í kaupstöðum og kauptúnum, en yfirbarnaverndarnefndin skuli ekki skipuð fyrst um sinn. Gert er ráð fyrir, að í henni skuli sitja 7 menn, og að sjálfsögðu á þessi n. að hafa aðsetur í Reykjavík. Verkefni hennar er það, að hafa yfirumsjón með starfi nefndanna úti um land. Ennfremur er henni ætlað að hafa eftirlit með barnahælum landsins. Ég held, að réttara sé að sjá fyrst, hvernig nefndirnar úti um land starfa, áður en haldið er lengra en fyrri kafli frv. gerir ráð fyrir. Ætlazt er til þess, að ríkissjóður greiði allan kostnað, sem leiðir af störfum þessarar yfirbarnaverndarnefndar. Ég held, að við getum sparað þann kostnað í bili, þessa n. væri alltaf hægt að setja á laggirnar, þegar full vissa væri fengin fyrir því, að hennar væri þörf. Ég hefi engar brtt flutt við frv. við þessa umr., en geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti öllum síðari kaflanum. Í fyrri kaflanum eru ýms smáatriði, sem orkað geta tvímælis, en þau eru ekki stærri en svo, að vel má laga þau fyrir 3. umr.

Jón Baldvinsson: Við 1. umr. þessa frv. gerði ég við það nokkrar smávegis aths. og hefi litlu við það að bæta, enda hefir hv. n. tekið sumt af því til athugunar, t. d. það, sem ég benti á um óþjált orðalag. Ég minntist þá m. a. á, að ég teldi ekki rétt að binda kosningu manna í barnaverndarnefndir við tiltekna menn, en hv. n. hefir ekkert tillit tekið til þess, nema hvað snertir Reykjavík. N. í Rvík á að vera skipuð 7 mönnum, sem bæjarstj. kýs með hlutfallskosningum. Ég vil skjóta því til hv. frsm. n., hvort þetta fyrirkomulag mætti ekki gilda líka í öðrum kaupstöðum. Ekki þyrfti nema að bæta orðunum „Utan kaupstaða“, framan við 2. málsgr. 2. gr. frv., svo að hún byrjaði á þessa leið: „Utan kaupstaða eru barnaskólastjóri og prestur sjálfkjörnir“ o. s. frv. — Það er hreint ekki sagt, að barnaskólastjóri og prestur séu alltaf heppilegustu mennirnir í slíka nefnd. Í kaup-

stöðum getur oft verið að ræða um menn, sem hafa sérstaka kunnáttu og áhuga fyrir þessum málum, og þarf þá að vera frjálst um að kjósa þá í nefndina. Starf þeirra held ég, að verði yfirleitt mikið, og því sérstök þörf á að vanda mannavalið sem bezt. Þó að bæði prestur og skólastjóri geti verið allra beztu menn, tel ég samt ekki rétt að einskorða kosningu í barnaverndarnefnd við þá. Aftur á móti álít ég vel ráðið, að ákveðin skuli vera viss tala kvenna, sem skuli verða í nefndunum. Góðar konur eru áreiðanlega bezt fallnar til slíkra starfa og hafa oftast nær meiri áhuga fyrir þeim en karlmenn.

Og þó að ákveðið sé í lögunum, að n. skuli eftir einhverjum vissum hlutföllum skipaðar konum, er það ekki líkt því eins þröngt og að binda það, að sérstakir embættismenn séu sjálfkjörnir í þær.

Ég skýt þessum aths. til hv. n. og legg fram skriflega brtt. um þetta efni. Að öðru leyti mun ég eindregið fylgja þessu frv., þó að ég hefði kosið, að einstöku smáatriðum væri öðruvísi fyrir komið en þar er gert.

Magnús Torfason: Ég get tekið undir með hv. 2. þm. Eyf., að ég tel ekki bráðnauðsynlegt að stofna þessa yfirbarnaverndarnefnd eða barnaverndarráð nú, og er það af sömu ástæðum og hann greindi frá.

En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, er ákvæðið í 7. gr. frv., 9. tölul., þar sem segir, að barnaverndarnefnd hafi vald til þess, er hún óskar, að rannsaka og kveða upp rökstudda úrskurði um mál barna innan 16 ára aldurs, þau er annars ber undir lögregluvaldið. Ég veit ekki, hvort þetta fyrirkomulag er heppilegt, og efast um, að rétt sé að taka úrskurðarvaldið þannig úr höndum lögreglustjóra. Ég held, að varfærnara hefði verið að orða gr. þannig, að lögreglustjóri úrskurði í slíkum málum, þegar hann hefir fengið umsögn og till. n. Slíkar nefndir og þessar eiga allt gengi sitt undir því, að þær verði vinsælar í starfsumdæmum sínum. En við vitum, að þegar úrskurðarvaldi er beitt, verða jafnan skiptar skoðanir um úrskurðinn, og geri ég ráð fyrir, að svo verði einnig um úrskurði nefndarinnar. Og fengi n. slíkt úrskurðarvald, mundi hún sífellt liggja undir álasi fyrir hlutdrægni, verðugu eða óverðugu. Ég held því, að ekki sé rétt, að nefndirnar takist þetta á herðar. Í sambandi við þetta vil ég minnast á, að skv. brtt. við 12. gr., á þskj. 359, er sagt, að n. hafi heimild til þess að víkja manni af heimili, ef þess sýnist þurfa. Þar er ekki tekið fram, hver eigi að framkvæma það, hvort það sé lögreglustjóri eða n. eða báðir þessir aðiljar í sameiningu, en beri maður þessa gr. saman við 9. tölul. 7. gr., þá gæti maður haldið, að n. ætti að gera það. Nú er vitanlegt, að enginn annar en lögreglustjóri getur framkvæmt slíkt verk, svo að n. yrði þá alltaf að fá hann sér til aðstoðar. Og hugsanlegt væri, að í slíkum málum féllu skoðanir lögreglustjóra og n. ekki saman, og gæti þá farið svo, að lögreglustjóri yrði að vinna verk, sem hann væri ekki viss um, að væri rétt. Yfir höfuð held ég, að ekki sé rétt af n. að taka á sig annað eins harðræðisverk og að taka börn af heimilum með valdi, eða gera aðrar ráðstafanir, sem raska venjulegu heimilislífi og venjulegum umráðum þar. Ég vildi benda hv. n. á þetta, sem ég tel varhugaverð ákvæði, til athugunar.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég vil þakka þeim hv. dm., sem hér hafa talað, fyrir hlýjar undirtektir. Dálítið hefir borið á milli hvað við kemur fyrirkomulaginu, en hv. þdm. virðast hafa fullan skilning á, að hér sé göfugt og þarft mál á ferðum.

Hv. 2. þm. Eyf. hélt, að skaðlaust væri að sleppa yfirbarnaverndarnefndinni. Við vitum, að hvaða umfangsmikil fyrirtæki sem er þurfa yfirstjórn til eftirlits og leiðsagnar. Og ekki tel ég ástæðu til þess að óttast kostnaðinn, sem af þessu leiðir, ef hv. þm. trúa á, að hér sé um þarft og gott fyrirtæki að ræða. Sami hv. þm. sagði, að þessar n. mundu fá lítið að gera úti um sveitir og í smærri kauptúnum. Þetta getur vel verið rétt, en ég held nú samt, að líka sé þörf á barnavernd þar. Mér er kunnugt um, að fyrir allmörgum árum komst það upp, að barni í sveit hafði blátt áfram verið misþyrmt með vinnu, og ekki alls fyrir löngu kom svip-

að tilfelli fyrir á sveitabæ, þar sem fátt var um fólk til vinnu. Það vill brenna við, að alstaðar er misjafn sauður í mörgu fé, og það jafnvel líka, þótt féð sé fátt. Þá var minnzt á, að menn mundu skirrast við að gera strangar ráðstafanir, sem gengju nærri heimilunum. Það getur vel verið, en þó geta slík mál komið upp, að alls ekki eigi við að taka á þeim með silkihönzkum. Það er vitanlega hart aðgöngu að taka börn frá foreldrum móti vilja þeirra, en slíkt getur orðið nauðsynlegt, En það gerir auðvitað enginn slíkt að gamni sínu. Í þessar n. verður að vera mjög vandað val manna, svo að lítil hætta yrði á, að þær misbeittu valdi sínu. En það er satt, vald þeirra og ábyrgð verður geysimikil, og ég segi fyrir mig, að ekki hefði ég löngun til þess að vera í slíkri n.

Ég vil vara hv. þm. við að greiða atkv. gegn síðari hluta frv., því að n. sú, sem hefir undirbúið þetta mál, leggur einmitt mikið upp úr honum. Nefndin hefir starfað að undirbúningi þessa frv. í 2 ár og kynnt sér fyrirkomulag slíkra mála mjög rækilega. Ættu því orð hennar að verða nokkuð þung á metunum.

Eins og ég sagði áðan, yrði kostnaðurinn af þessu hverfandi lítill, og náttúrlega því minni, sem minna væri að gera. Og það færi áreiðanlega enginn að leika sér með þessa hluti, og l. yrðu því ekki notuð nema í fyllstu alvöru, því að þetta er fullkomið alvörumál. Og mér finnst, að þegar þau tilfelli koma fyrir, að til þeirra þarf að taka, svo að nefndirnar þurfa að hlutast til í þessum málum, þá muni þeim vera vel borgið í þeirra höndum.

Hv. 2. landsk. talaði um, að hann vildi síður láta frv. kveða á um það, að prestar og skólastjórar skyldu vera sjálfkjörnir í þessar nefndir utan Reykjavíkur. Þetta er auðvitað ekkert höfuðatriði, heldur er það sett af því, að ætla má, að þeir séu yfirleitt þessu starfi betur vaxnir en allur almenningur. Með þetta fyrir augum komst n. að þeirri niðurstöðu, að einmitt þessir menn, sem venjulega hafa átt kost á að kynna sér það, sem að þessum málum lýtur — eru yfirleitt menntaðir menn —, hefðu betri tök á að kynna sér ástandið á heimilunum en menn almennt hafa, og væru því mjög heppilega valdir til þessa starfs. En ég skal fúslega ganga inn á það, að það er nokkuð misjafnt, hvernig þessir menn eru, og að verið getur, að margir leikmenn standi þeim á sporði, sumum hverjum. Um þetta má kannske deila. En þegar allt kemur til alls, held ég, að það sé ekki efamál, að sóknarprestur og skólastjóri verði ákjósanlegri til þessara starfa en hver og einn, sem annars kynni að verða til þess valinn.

Annars þykir mér mjög vænt um, hve mikinn áhuga hv. 2. landsk. hefir á þessu máli og vill reynast því vel, og vona ég, að hann greiði fyrir því með atkv. sínu.

Hv. 2. þm. Árn. benti á, að það væri að stofna nefndunum í voða, ef þær ættu að fara að hafa afskipti af þeim málum, sem lögregluvaldinu einu heyrðu til. Mér skilst ekki, að 9. mgr. 7. gr. ætlist til þess, þó að þar sé reyndar talað um, að n. geti kveðið upp rökstuddan úrskurð, heldur eigi hún að hafa eftirlit með heimilunum, enda er í lok mgr. sagt, að lögreglustjóra sé skylt að veita n. alla þá aðstoð, sem hún beiðist, og í því tel ég að felist, að lögreglustjóri eigi að annast uppkvaðningu þessara úrskurða, enda mundi n. aldrei taka fram fyrir hendurnar á honum. Ég er sammála hv. 2. þm. Árn. um það, að með því væru lagðar þungar búsifjar á n., því það mundi gera hana mjög óvinsæla. En það, sem er meginatriðið fyrir n., er einmitt vinsældir; að hún forðist öll valdboð, en kynni sig að því að vera vinur og ráðunautur heimilanna. Án samúðar og skilnings á hlutverki sínu og kjörum þeirra, sem hún á að starfa með og fyrir, væri hún ekki til neins gagns, heldur þvert á móti, hún væri þá ekki til annars en að auka úlfúð og ósamlyndi. Þessi mál eru mjög viðkvæm og þarf að taka á þeim mjúkum tökum og þýðir ekki að ganga að þeim eins og hversdagslegri óbrotinni iðju, heldur fara um þau mjúkum höndum. Ég er því á sama máli og hv. þm. að þessu leyti. Og mér þætti gott, ef hann sem valdsmaður, sem á að eiga þátt í framkvæmd þessara l. í sinni sýslu, vildi láta gott af sér leiða í þessu máli með því að hjálpa til að gera frv. svo úr garði, að vel verði við það unað.

Það er sama að segja um 12. gr., að mér getur ekki skilizt annað en að það sé valdsmaður, sem á að taka til þeirra örþrifaráða að víkja manni burt af heimilinu, ef hann lætur ekki skipast við fortölur n., en að n. eigi að reyna að hafa góð áhrif á hann. Og að þá fyrst, þegar það dugir ekki, og maðurinn heldur upptekinum hætti um framferði sitt, sem hætta getur stafað af fyrir börnin, þá eigi n. að snúa sér til valdsmanns og fá hann til að víkja manninum burt af heimilinu.

Nú veit ég vel, að þetta er mjög strangt, að þetta er refsiákvæði, en það getur samt verið afarþýðingarmikið og nauðsynlegt að eiga slíkt ákvæði í lögum landsins. Ég veit um heimili hér í bænum, þar sem ástandið er mjög slæmt. Mér er t. d. kunnugt um drykkjumannsheimili, þar sem maðurinn hafði, þegar hann var drukkinn, hvað eftir annað lagt hendur á konu sína og verið mjög vondur við börn sín, og loks varð ástandið svo, að það varð að flýja með börnin af heimilinu. En konan hafði ekki þrek til að kæra þetta, mest fyrir þá sök, að hún óttaðist, að eftirköstin yrðu þau, að hún hefði aldrei frið á heimilinu. En þá höfðu aðrir komið henni til hjálpar og svo snúið sér til lögreglustjóra, sem hafði gert skyldu sína og losað hana við þennan mann með því að fjarlægja hann frá heimilinu. Ég hygg þó, að þessu yrði ekki beitt nema í ýtrustu neyð, þegar út úr flýtur, enda hygg ég, að ef lögin veittu þessa heimild, þá yrði það þess valdandi, að menn vöruðu sig á slíku framferði, þannig að heimildin yrði aðhald fyrir slíka menn til að halda sér í skefjum. En þetta þarf ekki aðeins að ná til eiginmanna; það gæti líka náð til leigjanda, því slíkur maður gæti líka haft í frammi athæfi, sem börnum stafaði háski af, svo að foreldrar þeirra vildu vernda þau fyrir því, með því að fjarlægja hann af heimilinu. En sem sagt — ég legg þennan skilning í þessi ákvæði, að það sé valdsmaður, sem á að inna af hendi þessi störf, en ekki nefndin. Það má vera, að þetta sé ekki nógu skýrt orðað í 9. mgr. 7. gr. og að heppilegra væri, eins og hv. 2. þm. Árn. benti á, að orða ákvæðið svo, að lögreglustjóri leiddi þessi mál til lykta í samráði við n. Það væri ef til vill öllu vandaminna fyrir nefndina.

Ég man svo ekki, að það sé fleira, sem ég þarf að taka fram viðvíkjandi því, sem aðrir hafa sagt hér. En ég veit, að margir hv. þdm. vilja gjarnan, að frv. verði að lögum, þó að þeir sjái ástæðu til að breyta því á einhvern hátt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 385 felld með 7:5 atkv.

— 359,1.a. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 359,1.b. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 359,2 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 359,3 (ný 12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

13.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 359,4.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 539,4.b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 359,4.c samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 359,5 samþ. með 8:1 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 359,6—8 samþ. án atkvgr.

22.—24. gr., svo breyttar, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 359,9.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 359,9.b samþ. með 8 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

26. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386, 405).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 405. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Einar Árnason: Ég hefi leyft mér að flytja nokkrar brtt. við þetta frv. Ég gat þess við 2. umr., að ég hefði heldur kosið, að frv. þetta væri að nokkru leyti samþ. sem heimildarlög. Þær brtt., sem ég flyt, ganga í þá átt, en efni frv. breyta

þær ekki í verulegum atriðum. Í fyrstu brtt., sem er önnur orðun á 1. gr., er svo fyrir mælt, að barnaverndarnefnd skuli vera í Reykjavík og eins fyrir komið og frv. gerir ráð fyrir.

Í 2. brtt. er svo fyrir mælt, að í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli bæjarstjórnunum eða hreppsnefndunum heimilt að skipa slíkar barnaverndarnefndir, og er gengið frá því líkt og í frv. — Í 7. brtt. er einnig heimild fyrir kennslumálaráðh. að skipa barnaverndarráð. Hinar brtt. eru svo afleiðing þessara aðalbreytinga.

Ef svo fer, að 2. brtt. nær samþykki, þá leiðir af því, að rétt er, að úr frv. falli nokkur atriði, sem þá eiga ekki við, eða eru óþörf, og lúta sumar brtt. að því. Þá er og gert ráð fyrir því, að 18. gr. falli niður. Það ákvæði getur ekki átt við, ef brtt. verður samþ. og ekki er skipuð barnaverndarn. nema í Reykjavík. En þótt fleiri slíkar n. verði skipaðar, þá mun þess ekki þurfa við að lögákveða þá samvinnu þeirra í milli, sem 18. gr. ákveður. Ég lít svo á, að það verði áhugamál þeirra sjálfra að hafa slíka samvinnu, svo ekki þurfi að lögfesta það.

Þá er lagt til, að 21. gr. falli niður, en ákvæði hennar hefi ég tekið upp í 7. brtt., sem verður 20. gr., ef hún nær samþykki.

Þá hefi ég loks lagt það til, að 24. gr. frv. falli niður. Hún ákveður, að barnahæli geti því aðeins notið styrks af ríkisfé, að þau fái meðmæli barnaverndarráðs. En ef slíkt ráð verður ekki skipað, þá finnst mér ekki rétt að binda styrkveitingu til barnahæla við það.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. dm. sé ljóst, að hverju brtt. mínar stefna; þær eru svo einfaldar, að ekki þarf langan tíma til að átta sig á þeim. Ég hefði þó gjarnan kosið, að þær hefðu komið fram fyrr, en málið hefir gengið svo hratt hér í gegnum d., að mér vannst ekki tími til að hafa þær fyrr tilbúnar en þetta.

Jón Jónsson: Ég bjóst satt að segja ekki við svona stóru blaði frá hv. 2. þm. Eyf. út af þessu þarfa máli. Ég get ekki séð, að sveitunum stafi neinn voði af því, þó að skólanefndunum sé falið eftirlit með uppeldi barna. Mér finnst ekki nema eðlileg varúðarráðstöfun, að það sé gert. Sem betur fer þekki ég ekki mörg dæmi þess, að meðferð á börnum í sveitum sé svo háttað, að slíkt eftirlit skólanefndar væri nauðsynlegt. En þó eru þau dæmi til. Og ég get hugsað, að það eitt, að n. með slíku valdi sé til, væri nóg til að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir. Ég held því, að varhugavert sé að fella þessa skyldu niður utan Reykjavíkur, bæði í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Ég þykist vita, að þörfin geti verið brýnust hér í Reykjavík. En hún getur líka verið mikil í hinum kaupstöðunum. Þeir eru líka orðnir nokkuð stórir og vaxa hröðum skrefum. Því er ekki rétt að binda þessa skyldu aðeins við Reykjavík, en við það eru till. hv. þm. miðaðar.

Eftir brtt. við 20. gr. frv. á skipun barnaverndarráðs aðeins að vera heimild til handa kennslumálaráðh. Hefði hv. þm. komið með brtt. sínar á fund n., þá hygg ég nú, að frekar hefði verið litið á þessa brtt. En varlegra mun þó að hafa þetta barnaverndarráð, til að líta eftir starfi nefndanna. Er og ætlazt til, að barnaverndarnefnd og barnaverndarráð starfi kauplaust. Er því ekki um mikla kostnaðarhættu að ræða. Svona viðtækum brtt., að skyldan að hafa barnaverndarnefndir falli niður á öllu landinu nema bara í Reykjavík, verð ég ákveðið að mótmæla. Hitt væri frekar, að ég gæti látið hlutlausa brtt. við 20. gr.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég verð að segja eins og hv. 3. landsk. sagði, að ég bjóst ekki við svona viðtækum brtt. á síðustu stundu, þegar að því er komið, að frv. verði afgr. héðan úr deildinni. Ég vil benda á, að það er ekki ónauðsynlegt, að barnaverndarn. styðji hver aðra. Þetta starf byggist einmitt á kunnugleika um land allt. Og það eru einmitt slíkar nefndir, sem eiga að sækja afl sitt í lögboðna samhjálp. Ég veit, að oft verða mikil mistök vegna ókunnugleika, þegar börnum er ráðstafað. Þeir, sem það gera, eru oft bæði ókunnugir barninu og heimilinu, og því geta mistök orðið, enda þótt ekki skorti góðan vilja. Uppistaðan í þessu starfi er sá kunnugleiki, sem kem-

ur í hendur nefndanna þegar þær vinna saman.

Til þess að sýna, hver þörf er á þessu, skal ég minna á dæmi úr veruleikanum, þótt nokkuð sé nú liðið síðan sá atburður gerðist. Þar er um sorglegt dæmi þess að ræða, hverju vanþekking á lyndiseinkunn barns og vanþekking á heimili, sem þó var álitið gott, getur valdið:

Fyrir nokkrum tíma síðan var stúlkubarni 3 ára að aldri ráðstafað þannig, að því var komið fyrir á afskekktu og rólegu sveitaheimili. Á heimilinu var aðeins roskið fólk, ekkert barn. Þetta umrædda barn var tekið af fátæku, en glaðværu barnaheimili. Viðbrigðin voru því mikil fyrir litlu stúlkuna. Vitanlega átti ekki að gera henni neitt illt með þessu. En þarna vantaði kunnugleika á eðli barnsins og kunnugleika á því, sem hið afskekkta, fámenna, barnlausa heimili hafði að bjóða barni, sem vant var við leik og glaðværð systkina sinna. Litla stúlkan kunni því svo illa við sig, að hún lagði þrisvar til stroks. Þrisvar sinnum var hún elt, þrisvar sinnum náðist hún og þrisvar sinnum var hún bundin við rúmstólpann og barin. — Þarna fékk hún nóg að borða og nóg föt. En bilið var of mikið milli ásku og elli. Og lyndiseinkunn hennar þoldi ekki þetta afskekkta og æskuvana heimili. Nú er hún brjálaður aumingi á sextugsaldri — og bókstaflega bundin við rúmstólpann æfilangt.

Ef vel á að fara, þá þarf náin kynni af sálarlífi barna og náin kynni af því fólki, sem þeim er komið fyrir hjá. Í 18. gr. er það tekið fram, að n. vinni hver með annari. Og undirbúningsn., sem að þessu frv. vann, tekur það skýrt fram, að barnaverndarn. vinni saman. Ég veit, að það, sem fyrir henni hefir vakað, er að koma sem mestu og beztu fram í þessu máli. Menn ættu því að hugsa sig vel um áður en þeir fara að raska þeim grundvelli fyrir barnavernd, sem lagður er með frv. þessu.

Það, sem síðast er talað um hjá undirbúningsn., brotamál barna, hefi ég mikið hugsað um og athugað. Ef barnaverndarn. fer rétt að ráði sínu og starfar eftir settum reglum, þá hygg ég, að á því sviði muni geta leitt hvað mest og bezt af starfi hennar. Í Kaupmannahöfn er ávallt, þegar barn er kallað fyrir rétt fyrir einhverjar sakir, einhver úr barnaverndarfélaginu kallaður til aðstoðar. Og ef um stúlkubarn er að ræða, þá er kona úr barnaverndarn. fengin til að líta eftir því. Það þarf að fara afar gætnum og mjúkum höndum um slík mál, því að barnið er viðkvæmt og það má ekki beita það skilningsleysi. Það er lagður mikill vandi á herðar þessara nefnda, og vel má vera, að fyrirmæli þessa frv. verði ekki í framkvæmdinni þrædd út í yztu æsar, en ég vona þó, að að því verði mikil bót.

Með frv. er skylda lögð á herðar fólks um að kæra illa meðferð á barni. Það er algengt, að fólk tali og slúðri sín á milli um slíkt, en ætli maður að ganga hreint að verki og fá sannanir, þá vill enginn segja neitt. Ég hefi oft komizt í hann krappan út úr slíku. Ég skal nefna eitt dæmi, gripið beint út úr hversdagslífinu. Það var eitt sinn kvartað um illa meðferð á gamalmenni. Ég gerði ítrekaðar tilraunir til að fá það upplýst, hvernig farið væri með það, en ég gat þá ekki fengið neinn til að segja mér sannleikann. En það á að vera skylda manna að þegja ekki þegar litlu barni er misboðið, heldur kæra slíkt athæfi tafarlaust. Frv. er með þessu að kalla á hið góða í þjóðfélaginu, sem vill hjálpa og leiðbeina, en ekki kasta steinum. Og nú vil ég vitna í það, sem brezkur sálarfræðingur, sem hefir veitt sálarlífi svokallaðra óknyttabarna sérstaka athygli, segir: Sálfræðingurinn lætur sér ekki nægja réttarrannsóknina, hann lætur sér ekki nægja minna en það að kynnast sálarlífi barnsins frá rótum. Glæpahneigðin er sjúkdómur, sem ekki verður upprættur nema orsökin finnist; en þá verður að kynnast manninum meðan hann er lítið barn og ná tökum á honum, meðhöndla hann ekki sem glæpamann, heldur sem lærisvein, sem þarf að læra, eða sjúkling, sem þarf að lækna.

Í heild sinni má líta á frv. sem tilraun til að koma slíku til leiðar. Aðaláherzlan liggur í því, að barnaverndarnefndirnar kynnist og byggi starf sitt á viðkynningu og undirstaðan undir starfi þeirra sé grundvölluð á samúð, skilningi og kærleika.

Mér þætti miður, ef frv. yrði breytt

svo, að það yrði gert að heimildarlögum. Ég get vel hugsað mér, að sumar bæjar- og sveitarstjórnir mundu fyrst líta á fyrirhöfnina, sem af þessu stafar, og því næst horfa í kostnaðinn og mundu síðan draga það á langinn að notfæra sér slík lög.

Ég get svo látið máli mínu lokið. Ég vil aðeins geta þess, að brtt. um viðauka við 3. gr. kann ég vel og mun því greiða henni atkv. En að öðru leyti held ég, að brtt. séu sízt til bóta.

Magnús Torfason: Ég hafði mælzt til þess við 2. umr., að hv. n. athugaði, hvort ekki væri ástæða til að breyta 9. lið 7. gr. og vikja við atriði í 12. gr. Mér fannst þá á hv. þingfrú, að hún tæki þessu vel og vildi athuga þetta, en mér skilst, að nú hafi hún séð sig um hönd og líti svo á, að ekki sé ástæða til að veita þessu athygli. En því var skotið að mér, að n. hafi ekki komið saman milli umr. til að athuga þetta mál, eða bendingar þær, er fram komu um það. Ég get skilið, að hv. þingfrú sé það mikið í mun, að málið komist sem fyrst út úr þessari deild og til hv. Nd., vegna þess að nú er liðið á þingtímann. En ég held, að ég þori að ábyrgjast, að eins og frv. er nú úr garði gert nái það aldrei samþykki Nd. breytingalaust. Ég hygg, að það verði því betri vinnubrögð að taka málið af dagskrá nú og athuga það betur í n. Ég vildi því óska þess, að hv. þingfrú vildi samþ. það fyrir sína hönd og n.

Jón Jónsson: Ég vil geta þess, að n. er því samþykk, að málið sé tekið út af dagskrá, en vil þá um leið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann taki málið aftur á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., 16. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 386, 405, 417, 435).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 435. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Einar Árnason: Hv. 3. landsk. og líka hv. 6. landsk. létu í ljós undrun sína yfir því, að ég skyldi flytja brtt. við þetta frv. Ég vil nú út af þessu segja, að mín undrun er ekki minni yfir því, að þeim skuli finnast þetta nokkuð undarlegt, bæði af því, að það er meira og minna algengt að flytja brtt. við frv., og þó sérstaklega af því, að við 2. umr. málsins gat ég þess, að ég hefði nokkrar aths. við frv. að gera, og lýsti þeim þá að nokkru leyti. Ég lét í ljós þá skoðun mína, að frv. ætti að mestu eða öllu leyti að vera heimildarlög. Og ég gerði ráð fyrir, að flm. hefðu heyrt það, sem ég sagði, því ég vissi ekki annað en að þeir hefðu verið staddir í d. En af ummælum þeirra er ekki hægt að skilja, að svo hafi verið.

Hv. 3. landsk. sagði, að það stafaði ekki háski af frv. Ég verð nú að segja, að það er ekki að gera háar kröfur til frv., ef ekki er farið fram á annað en að af því stafi enginn háski. Ég hélt þó, að það mætti gera þær kröfur, að það gæti gert eitthvert gagn. Mér hefir ekki dottið í hug að segja, að það stafaði háski af þessu frv. Brtt. mínar miða heldur ekki í þá átt, heldur aðeins í þá átt að gera frv., og þá lögin, ef það verður samþ., nokkru frjálslegri. Samkv. brtt. vil ég leggja það á vald sveitar- og bæjarstjórna, hvort þær telja það nauðsynlegt og eru því fylgjandi, að slíkar nefndir séu settar, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hefi þá trú, að þvílíkar ráðstafanir komi að betra liði, ef fólkið sjálft, sem við þær á að búa, finnur hjá sér hvöt til að framkvæma það, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er einungis þessi stefna, sem felst í brtt. mínum, að ég vil láta þá, sem hlut eiga að máli, héraðs- og bæjarstjórnir, hafa ákvörðunarrétt um það, hvort nauðsyn sé á að setja þessar n. Hitt er alls ekki mín meining, að sporna við því, að þessar n. séu kosnar, ef hlutaðeigendur telja það til gagns. Þess vegna finnst mér, að brtt. mínar séu ekki fjarstæða, eins og hv. þm. (JónJ og GL) vilja láta í veðri vaka.

Hv. 6. landsk. talaði um þetta mál sem mikið tilfinningamál og sagði hér sögur, sem ég skal ekki bera brigður á, að geti verið réttar, en þær sögur tel ég enga röksemd gegn brtt. mínum. Ég efast ekki um, að það er hægt að segja marga herfilega misþyrmingarsögu úr lífi þessarar þjóðar. En ég held því hiklaust fram, að nú

ríki breyttur hugsunarháttur — breyttur til hins betra, og það er viðurkennt, að mannúð í garð smælingjanna sé nú meiri en áður var og að mikil framför hafi orðið í þessa átt. Það er þróun í þessu efni, sem ég vil láta ráða, að svo miklu leyti, sem hægt er.

Hv. 6. landsk. fór allmikið inn á uppeldismálin í þessu sambandi. Það er nú svo, að hver kynslóð mun hafa sínar uppeldis- og menningaraðferðir. Hér áður fyrr var aðaluppeldis- og menningaraðferðin fólgin í tvennu, í fyrsta lagi í því, að hér voru margar kirkjur, og í öðru lagi í því, að það var mikið notaður vöndurinn. Ég þarf ekki að lýsa því frekar; menn þekkja það svo mjög af ýmsum framkvæmdum valdhafanna gegn smælingjunum. Og oftast var það gert í nafni kirkjunnar og réttlætisins. Nú er vöndurinn lagður niður, og kirkjum hefir fækkað. En þrátt fyrir það heldur menningin áleiðis, og samúð með þeim, sem minni máttar eru, er nú meiri en áður var. Ég held líka, þó að ég hafi engan hug á að gera lítið úr því, sem þessar n. gætu gert, að þeim yrði vandsiglt gegnum það völundarhús, sem þær þurfa að ganga í gegnum. Ef þessar n. eiga að starfa af áhuga og grípa yfir höfuð inn í heimilislíf almennings, þá verða þær að kynna sér mjög vel alla heimilishagi einstaklinga yfir höfuð, og það verður erfitt fyrir þær að geta fengið þá kynningu af heimilunum, sem þeim er nauðsynleg. Það verður ákaflega vandfarið með slíkt hlutverk. Ég er hræddur við, að annaðhvort muni þessar n. leggja aftur augun og ekki sjá sér fært að gera mikið, eða þá fara hina leiðina, að grennslast um hagi nábúans hjá nábúanum. Af þessum ástæðum finnst mér væri nauðsynlegt, að héruðin og bæirnir hefðu ákvörðunarrétt um það, hvort og hvenær ætti að setja á stofn það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frumvarpinu.

Ég hefi svo ekki meira að segja um þetta; ég hefi lýst afstöðu minni til frv. og þykist hafa sýnt fram á, að brtt. mínar þurfi alls ekki að standa í vegi fyrir framgangi málsins á þann hátt, sem fyrir flm. vakir, aðeins ef vilji hlutaðeigandi fólks til að fara inn á þá braut er fyrir hendi.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Síðan þetta mál var hér til umr. seinast hefir menntmn. af nýju athugað það nánar og gert á því 2 smábreyt., við 10. og 12. gr.

Brtt. við 10. gr. mælir fyrir um það, að úrskurðum og ráðstöfunum, sem barnaverndarnefndir gera samkv. 7. og 9. gr., megi skjóta undir fullnaðarúrskurð barnaverndarráðs. Nm. kom saman um, að það væri nokkur trygging í því fyrir hlutaðeigendur, að þessir úrskurðir og ráðstafanir kæmu undir dóm lögfróðs manns, sem sæti í barnaverndarráðinu.

Þá er brtt. við 12. gr., sem að áliti n. færi betur, ef skotið væri inn í hana orðinu „honum“ á eftir orðunum „og er“, þar sem með því væri skýrar kveðið á um, hver á að inna það starf af hendi að víkja manni burt af heimilinu.

Svo er örstutt brtt., sem ég flyt á þskj. 417, og tekur varla að orða hana. Það hefir fallið úr í 23. gr. að minnast á 13. gr., og er þetta því gert nú til samræmis, svo sem gr. gefur tilefni til.

Það voru ummæli hv. 2. þm. Árn., sem ollu því, að n. fór að tala saman betur um málið, og lágu fyrir n. ráðleggingar frá honum, og hefir hún notað þær, og árangurinn af þeim eru brtt. á þskj. 435. En í sambandi við ákvæði 9. mgr. 7. gr. vil ég þó taka það fram, að það er eftirtektarvert að athuga það, hvað samskonar ákvæði hafa gefizt vel hjá frændum vorum Norðmönnum, sem hafa yfir 30 ára reynslu um þetta. Þeir mæla svo fyrir í sinni barnaverndarlöggjöf, að ákæruvaldið hafi rétt til að velja um að afhenda brotamál barna 14—16 ára í hendur dómstólanna eða barnaverndarnefndar, og kunnugir segja, að það sé oftar barnaverndarnefndin, sem fái málin til meðferðar. En öll brot barna innan 14 ára aldurs er alveg sjálfsagt, að barnaverndarnefnd fái til meðferðar.

Ég hefi síðan um daginn lesið ummæli merks Norðmanns, sem ritað hefir bók um þetta; hann er fangelsisstjóri við stórt fangahús í Oslo. Hann sagði, að reynsla Norðmanna síðan 1895, er barnaverndarlöggjöfin var sett, sýndi það, að það væri enginn vafi á því, að það væri fyllsta ástæða til að afhenda barnaverndarnefndum öll brotamál barna til 17 ára aldurs, í stað 16, sem nú er heimilt. Þessu til sönn-

unar segir hann, að ekki þurfi annað en að benda á þann árangur, sem náðst hafi í þessum málum síðan barnaverndarnefndir voru settar í þessu landi, nefnilega Noregi, en hann er sá, að á árunum 1912—'21 fækkar brotamálum barna um 80%, og telur hann það eingöngu að þakka starfsemi barnaverndarnefnda. Ég hygg, að úr því að sú þjóðin, sem að skyldleika og ýmsu öðru stendur næst okkur, hefir þessa reynslu af sinni barnaverndarlöggjöf, þá sé sennilegt, að við Íslendingar hefðum haft sömu reynslu í þeim málum, ef við hefðum haft samskonar löggjöf. Nú er það tíðkanlegt, að þegar barn brýtur á móti hegningarl., þá tekur lögreglan málið og rannsakar það, og sendir það síðan til stjórnarráðsins, þar sem það er afhent einhverjum skrifstofumanni, sem venjulega fellir úrskurð um, að barninu skuli ráðstafað í sveit, og hefir það þannig oft komið fyrir, að börn hafa verið gerð útlæg úr bænum og ekki mátt koma í hann aftur fyrr en eftir einhvern vissan tíma, og ég veit dæmi þess, að sá tími hefir verið í lengsta lagi 2—3 ár. Þannig verður alveg ókunnugur maður, sem ekkert hefir rannsakað málið, að kveða upp í því úrskurð, í stað þess, að barnaverndarnefndin gerði það, sem hefði rannsakað málið og farið með það frá fyrstu, og ráðstafaði síðan barninu, m. ö. o. mál barnsins væri alveg útkljáð í barnaverndarnefndinni. Það færi betur á því, því að hitt er óeðlilegt og yfirleitt óheppilegt, að þeir, sem rannsaka mál og undirbúa, eigi svo að afhenda málið í hendur manns, sem engin kynni hefir haft af því, t. d. skrifstofumanns í stjórnarráðinu, sem oft yrði að úrskurða í máli, þar sem hann ekkert vissi, hvað hann ætti að gera.

Yfirleitt er það álit þeirra þjóða, sem lengst eru komnar í þessum málum og mesta reynslu hafa í þeim, að það sé bezt að breyta sem minnst um þá menn, sem fara með hvert einstakt brotamál barna. Ég álít það óheppilegt mjög, að lögreglan sé látin hafa með þessi mál að gera. Börnin eru tilfinninganæm og viðkvæm og finnst því, að farið sé með þau eins og glæpamenn. Í Noregi eru vandræðabörn afhent sérstakri n., sem fer með málefni þeirra.

Þá vil ég fara örfáum orðum um brtt. á þskj. 405. Ég sagði það um daginn, og segi það auðvitað enn, að ég tel það miður fara, ef þær verða samþ., sökum þess, að í þessu tilfelli má gera ráð fyrir, að heimildarlög séu sama sem engin lög. Það mun fara svo, að heimildin til þess að kjósa barnaverndarnefndir verður ekki notuð, og þar með ekki fremur en verið hefir tekið tillit til þarfa barnanna í þessu efni, heldur meira litið á þær tálmanir, er menn sæu á vegi þessa máls. Ef hv. dm. álíta, að þörfin fyrir verndun barnanna sé aðallega hér í Reykjavík, þá er það mikill misskilningur. Ég skal játa það, að þar sem fjöldinn hér er svo mikill, þá eru auðvitað fleiri dæmi, sem hér koma fyrir en annarsstaðar, en við þurfum ekki að leita langt utan Reykjavíkur, við þurfum ekki að fara aftur í aldir til þess að finna mörg mál, sem börn hafa verið riðin við, þannig vaxin, að þau gefa fullt tilefni til þess, að eftirlit sé haft með börnunum. Eitt slíkt dæmi, eitthvert hið athugaverðasta tilfelli, sem komið hefir fyrir í seinni tíð, gerðist fyrir skömmu síðan, og það voru ekki Reykjavíkurbörnin, sem áttu þar hlut að máli; það voru blessuð sveitabörnin í sjálfri Húnavatnssýslunni, sem stóðu í sambandi við draugaganginn á Þverá um árið. Og það er ekki langt síðan það kom fyrir á Norðurlandi, að mannúðarlögmálið var brotið svo herfilega gegn einum munaðarlausum, fátækum dreng, að fádæmum sætti. Og í Skaftafellssýslu mun slíkt átakanlegt dæmi hafa komið fyrir fyrir eitthvað 20—30 árum.

Ef það er álit hv. þdm., að hér sé það aðeins Reykjavík, sem hafi þörf fyrir þetta eftirlit, þá vil ég leyfa mér að hafa yfir fáeina kafla úr bréfum þeirra skólastjóra, sem eftir ósk n., er undirbjó þetta frv., hafa sent henni skýrslur og upplýsingar. Skólastjórar þessir eru bæði úr kaupstöðum og sveitum víðsvegar á landinu. Einn þeirra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér eru 2 drengir, 10 og 12 ára, siðferðislega veiklaðir, sá eldri er þjófur, hinn virðist mjög tilfinningasljór fyrir, hvað sé rétt eða rangt. Heimili hans að líkindum ófært að ala upp börn".

Annar segir á þessa leið, kennari, sem verið hefir lengi í því skólahéraði:

„Í skólahéraðinu hafa verið, síðan ég kom hingað, og eru víst alltaf einhver börn, er sýnast hneigð til óráðvendni og miður góðrar hegðunar. Tölu þeirra vil ég ekki ákveða, en þau, sem ég veit um, hafa verið á aldrinum 10—14 ára. Mest er gert að gripdeildum. Í fyrra voru hér 2 drengir, sem voru ekki hæfir í skóla vegna framkomu sinnar.

Fyrir nokkrum árum krafðist ég þess, að 2 drengir væru teknir af heimili vegna vondra áhrifa, en fékk ekki áheyrn. Drengirnir fóru úr skólanum. — Annars rekst maður öðruhverju á heimili, sem eru þannig, að börn ættu ekki að vera þar. Er bersýnileg nauðsyn á að fá heimild til að taka börn af heimili í alvarlegum tilfellum, ekki eingöngu þegar um svonefnt saknæmt athæfi er að ræða, heldur líka önnur óholl áhrif. Tel vafalaust, að héðan mundu verða send einhver börn á hæli fyrir ósiðsöm börn öðruhverju, ef slík hæli væru til".

Nú vil ég skjóta fram þeirri spurningu, hvort það sé ekki nauðsynlegt að hafa vissa menn og konur, sem tækju höndum saman um allt land til þess að rannsaka þetta alvarlega mál barnanna og láta ekki lengur afskiptalaus þau heimili, sem eru alófær að ala upp börn. Ég endist ekki til að lesa nema lítið eitt af þeim svörum, sem n. hafa borizt frá kennurunum, en þau benda öll í þá átt, að þörfin sé mikil til að taka alvarlega í taumana. Einn skólastjóri segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Álitamál er, hvað hér eru mörg siðferðislega veikluð börn. Þau eru áreiðanlega 2, á 8. og 12. ári; gengur að þeim klækjulund, þjófnaður og betl. Hér eru a. m. k. 6 heimili, sem ófær eru að veita börnum sæmilegt uppeldi sakir drykkjuskapar, ósamlyndis, lauslætis og ómyndarskapar".

Þetta eru ófagrar lýsingar á heimilunum. En þó það sé vanþakklátt starf að skipta sér af slíkum heimilum, þá er hér um þarft mál að ræða, og það er tími til þess kominn, að þjóðin vakni til meðvitundar um þetta alvarlega mál, sem framtíð hennar er svo mjög undir komin.

Einn kennari í fjölmennu þorpi segir:

„Þrjú börn siðferðilega veikluð 10—13 ára, og þó nokkur 14—18 ára. Börn þessi hafa gert sig sek í þjófnaði og jafnframt reynt að verjast því, að brot þeirra kæmust upp, með því að beita fyrir sig blygðunarlausum ósannindum".

Annar kennari segir:

„3 til 4 heimili eru hér í þorpinu, þar sem alast upp siðferðislega vangæf börn, sem velgerningur væri að taka þaðan og koma í betra andrúmsloft".

Sami skólakennari telur upp 5 önnur börn, sem komin eru á glapstigu fyrir eftirlitsleysi og vanrækslu. Einn kennari talar um tóbaksreykingar barna. Hann segir m. a.:

„Ég hefi séð heimilisföður, sem á 10 börn, taka rjúkandi tóbakspípuna út úr sér og stinga henni upp í 2 ára dreng sinn til að sýna hóp manna, hvað snáðinn væri efnilegur og bæri pípuna vel. 4 drengir frá því heimili reyktu, er þeir komu í barnaskólann, og öfluðu sér tóbaks með ýmsu óleyfilegu móti".

Mér þykir þetta mega nægja, þótt ég geti tínt til fleiri dæmi, til þess að lýsa ástandinu víðsvegar á landinu í þessum efnum, er sýna átakanlega, hversu barnauppeldinu er ábótavant, en ég sé ekki þörf að flytja hér um lengri ræðu að þessu sinni. Ég treysti því, að hv. dm. sjái hinn mikla mun á því að gefa hér út heimildarlög eða ákveðin lagaboð. Ég treysti því, að þeir skilji, að tilefnið til þeirra laga, sem Alþingi gefur í þessu máli, á að vera það, að hvar á landinu, sem drepið er niður hendi, finnast samskonar dæmi og ég hefi nú bent á. Þessi fáu dæmi af mörgum, sem n. hafa borizt lýsingar af, eru víðsvegar af Íslandi tekin. Þau hljóta að sýna, að það er brýn nauðsyn að hefjast handa um slík störf. Og ég hefi ekki mikla trú á, að heimildarlög segi mikið í slíku máli sem þessu, af þeirri ástæðu, að þau verða ekki notuð. Allt öðru máli væri að gegna um bein lagaboð. Ég vil því ekki að óreyndu trúa því, að hv. þd. lofi frv. ekki að sigla frá sér í því formi, sem n. hefir lagt það fyrir d.

ATKVGR.

Brtt. 405,1 felld með 8:4 atkv.

— 405,2 sjálffallin.

Brtt. 405,3 felld með 7:5 atkv.
— 405,4—6 teknar aftur.
— 435,1 samþ. með 8:2 atkv.
— 435,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 405,7 samþ. með 8:5 atkv.
— 405,8 samþ. með 9:1 atkv.
— 417 samþ. án atkvgr.
— 405,9 samþ. með 8:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 446).

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, 638, n. 639).

Frsm. (Einar Arnórsson): Frv. það, sem lá fyrir menntmn. Ed. og nú er hér komið, var upphaflega undirbúið af n., sem ég ætla, að hæstv. dómsmrh. hafi skipað 6 mönnum eða 7, og var frv. þeirrar n. borið fram í hv. Ed. og samþ. þar með nokkrum breyt.

Í gildandi lögum eru nokkur fyrirmæli, sem ákveða stjórnarvöldum heimild að hlutast til um meðferð barna. Skal ég þá fyrst benda á l. nr. 39 frá 1907. Þar er heimilað, að afbrotabörn megi taka frá foreldrum sínum og senda í sveit, ef um kaupstaðarbarn er að ræða. En þann ákvörðunarrétt geta þó ekki aðrir tekið en dómsmrh. Í fátækral. (nr. 43 frá 1927) er fátækrastjórninni heimilt að taka börn frá foreldrum, sem þiggja af sveit, og koma þeim fyrir annarsstaðar. Ennfremur er í 37. gr. sömu l. heimild fyrir fátækrastjórn, ef foreldrar, sem ekki þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, að taka börnin og koma þeim á góð heimili. Er sóknarpresti ætlað að hafa eftirlit með því, að vel sé með börnin farið, og þyki presti meðferð á börnum, sem komið hefir verið fyrir hjá vandalausum, ekki viðunandi, og hann getur eigi með umvöndun sinni lagfært það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastj. til að gera skyldu sína.

Loks er í l. nr. 46 frá 1921, 34. gr., heimild fyrir skólanefndir eða fræðslunefndir að taka óskilgetið barn frá móður eða heimili, þar sem því hefir verið komið fyrir, ef uppeldi barnsins fer ekki svo vel úr hendi sem skyldi.

Af þessu, sem nú var talið, er auðsætt, að allmörg fyrirmæli eru í lögum um meðferð barna og eftirlit með þeim, en lagafyrirmæli þessi eru ófullnægjandi og hefir þeirra sumra lítið gætt í framkvæmd, því að mestu ráða þar gerðir fátækrastjórnanna, enda ekki að búast við, að lögreglustjórarnir láti þetta eftirlit mikið til sín taka, sem flestir eru hlaðnir öðrum störfum meira og minna. Það má því ætla, að þörf sé á að setja önnur lög um þetta, eða m. ö. o. að þörf sé á ríkara eftirliti og frekari framkvæmdum í þessum efnum en verið hefir hingað til. Að því leyti vænti ég, að það lagafrv., sem hér liggur fyrir, mundi ráða bót á þessu, ef það verður samþ. með líku efni og menntmn. þessarar hv. deildar hefir lagt til á þskj. 638. Hinsvegar hefir n. þótt ástæða til að koma með ýmsar brtt. við frv. eins og það var samþ. í hv. Ed., og mun ég þá í sem fæstum orðum gera grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. Í frv. eins og það kom hingað er svo fyrirskipað, að barnaverndarn. skuli vera í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri. Ef brtt. n. við 1. gr. verður samþ., þá eiga kaupstaðirnir einir að kjósa sérstaka barnaverndarn., en utan allra kaupstaða annist skólanefndir þessi störf. N. eða meiri hl. hennar lítur svo á, að utan kaupstaða sé ekki þörf á sérstakri barnaverndarn., störfin verði ekki svo mikil, að skólanefndum sé ofætlun að annast þau. En í kaupstöðum hefir hún fallizt á að fela þetta eftirlit sérstakri n. Mismunur frv. hv. Ed. og þess, sem menntmn. leggur til, er því sá, að í kaupstöðum landsins skal vera starfandi barnaverndarn., en alstaðar annarsstaðar annist skólanefndir þessi störf.

Sem betur fer er ekki almennt svo mikið um illa meðferð barna, að skólanefndir geti ekki rækt starfið.

Við 2. og 3. gr. hefir n. gert þá brtt., að báðum þeim gr. skuli steypt saman í eina gr. Leiðir það sumpart af brtt. við 1. gr., en sumpart helgast það af öðrum ástæðum. Menntmn. þykir ekki ástæða til, að neinir einstakir menn skuli sjálfkjörnir í barnaverndarn., eins og frv. hv. Ed. ætlast til um barnaskólastjóra og presta utan Reykjavíkur, séu þeir heimilisfastir á staðnum. Menntmn. lítur svo á, að ef þessir menn hafa traust framar öðrum mönnum, þá verði þeir settir í barnaverndarn. og þess vegna þurfi ekkert sérstakt ákvæði til að tryggja það. Það er lagt til í frv. eins og hv. Ed. skilaði því, að 3 konur skuli eiga sæti í barnaverndarn. Reykjavíkur, en 2 konur í barnaverndarn., sem kosnar eru annarsstaðar á landinu. Nú er það langt frá, að menntmn. þessarar hv. deildar sé á móti því, að konur starfi í slíkum n., heldur þvert á móti. En sumir líta svo á, að það sé vantraust á kvenþjóðinni að taka það fram í lögunum, að konur **skuli** eiga sæti í nefndunum. Ég fyrir mitt leyti hefði viljað hafa þetta óbundið, því að ég efast ekki um, að margar konur í kaupstöðum landsins njóta þess trausts samanborið við karlmenn, að þær verða kosnar í barnaverndarn. hvort sem ákvæði um það stendur í l. eða ekki. En af því að ýmsar konur leggja talsvert upp úr, að þetta verði lögfest, hefir n. ekki lagt til, að það yrði fellt, heldur orðað það á þá leið, að 2—3 konur skuli að jafnaði vera kosnar í hverja barnaverndarnefnd.

Þá hefir menntmn. flutt brtt. við 4. gr., þess efnis, að kjörtími barnaverndarn. skuli vera sami og bæjarstjórna. Menntmn. þykir fara vel á, að kjörtímabil beggja falli saman, að barnaverndarn., sem fær umboð sitt frá bæjarstj., starfi á sama tíma. Aðeins vill þó n. taka fram, að þær barnaverndarn., sem fyrst verða kosnar eftir l. þessum, starfi ekki lengur en þar til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram. Og er þetta aðeins í samræmi við hugsun n. með brtt.

Við 5. gr. hefir n. gert örlitla brtt., sem er þó aðallega orðabreyt. Það virðist ekki nein ástæða til að taka það sérstaklega fram í l., að bæjarstjórn eigi að sjá barnaverndarn. fyrir fundarstað. Það er ýmislegt fleira, sem bæjarstj. þarf að sjá n. fyrir, svo sem bækur o. fl., til þess að n. geti komið að gagni. Þess vegna þykir réttara að standi í l., að kostnaður af nefndarstörfunum greiðist úr bæjarsjóði.

Við 7. gr. hefir menntmn. flutt nokkrar brtt. Er sú fyrsta við 1. lið og fer fram á, að rýmkað verði valdsvið barnaverndarn., svo að hún geti einnig skipt sér af meðferð og uppeldi unglinga, sem komnir eru yfir 16 ára aldur, ef þeir eru vanþroska eða veikir. Það hefir komið fyrir í þessum bæ og víðar, að unglingar 16—18 ára hafa verið meðhöndlaðir á þann hátt, að ekki er viðhlítandi, en ekkert vald er til að hlutast um það efni. Menntmn. þótti því rétt að gefa barnaverndarn. rétt til íhlutunar, er svo ber undir.

Brtt. við 2. tölul. 7. gr. er aðeins orðabreyt. Sama er og að segja um brtt. við 3. tölul. og fyrri brtt. við 9. tölulið.

Síðari brtt. við 9. tölul. 7. gr. fer fram á, að síðari málsl. falli niður, þar sem ákveðið er, að lögregluvaldinu sé skylt að veita barnaverndarn. alla þá aðstoð, er hún beiðist. En í 2. brtt. menntmn. á þskj. 638 er ákvæði um, að starfsmönnum ríkis og kaupstaða sé skylt að veita n. þessa sömu aðstoð. Verði því brtt. menntmn. við 2. og 3. gr. samþ., þá er ákvæði síðara málsl. 9. tölul. 7. gr. óþarft og ekkert annað en endurtekning.

Við 8. gr. hefir n. flutt þá breyt., að ein setning úr miðri gr. falli niður. Þar stendur sem sé þetta:

„Þegar nefndin æskir þess, ber hlutaðeigandi valdsmanni að láta fara fram réttarrannsókn á slæmri meðferð á barni; yfirheyrir hann þá þau vitni, sem hún og forráðamenn barnsins tilnefna". Þessi setning um yfirheyrslu vitnanna leggur n. til, að falli niður, því að það er villandi að taka þetta sérstaklega fram. Valdsmaðurinn verður ekki aðeins að yfirheyra vitni, heldur verður hann að afla sér margskonar annara gagna og skjala, svo sem læknisvottorðs o. fl.

Við 1. málsl. 10. gr. er örlítil breyt. gerð, sem helgast af breyt., sem áður er gerð, og má því skoðast sem orðabreyt. Sama er og að segja um 9. brtt., við 11. gr., og

10. brtt., við 14. gr.; þar er orðalagið aðeins fært til betra máls. Þar er talað um sérfræðiathuganir á **sálarlífi** barna. N. lítur svo á, að fleira sé að athuga, og leggur því til, að orðið „sálarlífi“ falli niður.

Næst kem ég að 11. brtt., sem er umorðun á 15. gr. Eftir 15. gr. frv. hvílir ótakmörkuð skylda á foreldrum eða framfærslumönnum að gefa með börnum sínum þangað, sem n. ráðstafar þeim. Sömuleiðis hvílir ótakmörkuð skylda á sveitar- og bæjarfélögum til að greiða, þegar foreldra eða framfærslumenn þrýtur. Menntmn. þótti varhugavert að leggja þessa skyldu á ótakmarkað, því að vel getur verið, að barnaverndarn. komi börnum fyrir með svo háu meðlagi, að ókleift eða illkleift sé viðkomanda að greiða það. Með þessu getur stafað óþarfa kostnaður af því að koma börnunum fyrir, því að gera má ráð fyrir, að n., sem kemur barninu fyrir, líti á það starf einhliða með hag barnsins fyrir augum og án tillits til þess kostnaðar, sem viðkomanda er gert að skyldu að greiða. Þess vegna varð að ráði í menntmn. að gera þá breyt. á þessu ákvæði 15. gr., að viðkomandi foreldrum eða framfærslumönnum væri jafnan skylt að greiða meðalmeðlag með börnum sínum þangað, sem n. ráðstafar þeim. En ef barnaverndarn. semur um hærra meðlag, þá þarf samþykki viðkomandi fátækrastjórnar til þess að bæjar- eða sveitarfélagi verði skylt að greiða hærra meðlag en sem því nemur. Með þessu er ekki sagt, að aldrei eigi að greiða hærra en meðalmeðgjöf, heldur er hér um samkomulagsatriði að ræða á milli þess, sem barnið tekur, og fátækrastjórnar.

Þá hefir n. gert lítilsháttar breyt. við 16. gr., þar sem lagt er til, að síðari málsl. hennar verði felldur niður, en hann hljóðar um það, að sé þagað um glæpsamlegt athæfi gagnvart barni, getur það varðað fangelsi. Þetta ákvæði er óþarft, þegar refsiákvæðum við brotum gegn einstökum gr. frv. er safnað saman í 19. gr. Við þau refsiákvæði hefir menntmn. bætt tveimur brotum. Er hið fyrra um brot gegn 10. tölul. 7. gr. og á við það, að ef kvikmyndahús vanrækja að láta barnaverndarn. í té upplýsingar um þær myndir, er þau sýna, þá liggi refsing við því. Hitt ákvæðið er um brot gegn 12. gr.

Þá er lagt til, að efnisbreyt. verði gerð á 20. gr. frv. Eins og hv. Ed. skilaði frv. frá sér, þá felst í þessari gr. aðeins **heimild** fyrir kennslumálaráðh. að skipa barnaverndarráð, er hafi heimili í Reykjavík. Menntmn. er kunnugt um, að n. sú, er skipuð var til að undirbúa þetta frv., er mótfallin þessu og leggur ríka áherzlu á, að barnaverndarráð fyrir allt land skuli skipað. N. telur málinu betur komið með því skipulagi, að ráðuneytið fari með þessi mál. Þar eru menn eigi fullkunnugir þeim, og mundu hvorki hafa nægan tíma né nægan áhuga á þeim til nægilegrar rannsóknar, þegar máli væri þangað skotið. Hinsvegar þótti menntmn. þessarar d. rétt að hallast að því, sem Ed. hafði samþ., að hafa 3 menn í þessum nefndum og skipaða með þeim hætti, sem segir í 20. gr. þessa frv.

Þá taldi n. sjálfsagt, að svo sé ákveðið í 23. gr., að kostnaður af barnaverndarráðinu greiðist allur úr ríkissjóði.

Þá leggur n. til, að 24. gr. verði breytt. Í henni eru talin upp nokkur lagafyrirmæli, sem er sagt, að falli úr gildi, þegar þessi l. koma til framkvæmda. Það getur verið vafasamt um ýmislegt í þessum l., bæði frá 1907, 1921, 1926 og 1927, hvað geti staðizt og hvað ekki. N. þótti því réttast að orða það svo, að öll þau lagaákvæði, sem brytu í bág við fyrirmæli þessa frv., skyldu úr gildi falla. Má þetta fremur kallast formsatriði en efnisatriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rekja þetta mál lengur. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. muni hafa athugað þessar brtt. og vona, að þeir taki þeim yfirleitt vel.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég býst við, að þessu frv. verði yfirleitt vel tekið hér. Ég sé því enga ástæðu til að mæla með frv., en hefði þess þurft, þá mundi ég hafa gert það.

Það er ánægjulegt að sjá, hve mikla vinnu hv. menntmn. hefir lagt í að endurskoða frv. og gera við það ýmsar brtt., sem mér virðist, að séu yfirleitt til bóta.

Fyrsta brtt. er langvíðtækust og gengur í þá átt að þrengja þetta starfsvið, sem hér á að vinna á. Brtt. er í þá átt, að í stað þess að skipa barnaverndarnefndir í öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, þá skuli þessar

nefndir aðeins vera skipaðar í kaupstöðum, en á öllum öðrum stöðum skuli skólanefndir hafa þetta starf með höndum. Þessi brtt. þykir mér ekki allskostar góð. Ég viðurkenni að vísu, að þegar byrjað er á nokkurskonar nýju starfskerfi, þá sé rétt að byrja ekki allt of stórt og sjá, hversu vel þetta gefst á nokkrum stöðum, þar sem þörfin er mest fyrir þetta. Samt virðist mér, að hv. menntmn. hafi gengið fulllangt með þessari brtt. Ég hefði viljað, að íbúatala þeirra kauptúna, þar sem þessar nefndir á ekki að skipa, hefði verið hækkuð, því að sum kauptún eru svo fjölmenn, að þar væri nóg að gera fyrir þessar n. Að vísu eiga skólanefndir að annast þessi mál þar, en eins og menn vita, þá eru þær valdar til starfa, sem eru nokkuð annars eðlis. Ég hefði því fyrir mitt leyti helzt viljað, að fyrsta brtt. hefði verið tekin aftur eða þá felld. Hitt skal ég viðurkenna, að mér fannst það ákvæði frv. fullríkt, að öll þau kauptún, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli skyldug til að skipa hjá sér slíka n. Það hefði verið réttara að hækka þessa lágmarkstölu t. d. upp í 500—600. Væri till. felld, þá gæti n. athugað þetta til 3. umr. og borið þá fram brtt. um þetta atriði.

Þá er það önnur brtt., sem gengur líka í þá átt að þrengja verksvið barnaverndarnefndanna, sem sé b-liður 5. brtt. Það er meira en orðabreyt., þó að hv. frsm. gæfi í skyn, að hér væri um enga efnisbreyt. að ræða. Í frv. er gert svo ráð fyrir, að barnaverndarnefndirnar hafi nokkurskonar eftirlit með þeim barnahælum, þar sem börnum er komið fyrir frá þeim stöðum, þar sem nefndin er skipuð, en eftir brtt. getur hún aðeins haft eftirlit með þeim börnum, sem hún hefir ráðstafað á þessum hælum. Ég er algerlega samþykkur þessari brtt. n., því að þessi hæli eru oft innan umdæmis annarar nefndar, barnaverndarnefndar eða skólanefndar, og væri því ekki rétt að heimila barnaverndarnefndunum að fara þannig inn á verksvið annara nefnda. Ég mæli því með þessari brtt.

Þá vil ég vekja athygli á einu atriði, sem er bæði í frv. og í brtt. n., og það er það, hvort mögulegt sé að fyrirskipa það, að 2 eða 5 konur skuli vera í nefndum, sem kosnar eru með hlutfallskosningu. Mér virðist þetta ákvæði varhugavert, þó að ef til vill sé mögulegt að framkvæma það með því, að þeir, sem listana setji fram, komi sér saman um þá; annars er ekki hægt að tryggja þetta.

Ég álít, að n. hafi stigið rétt spor með 14. brtt., þar sem hún leggur til, að ráðh. skuli skipa barnaverndarráð, en í frv. er það aðeins heimild. Að vísu má gera ráð fyrir, að sú heimild yrði notuð, en ég álít samt rétt, að svo sé ákveðið, að það skuli gert. Það er ekki hægt að hugsa sér, að ráðuneytið gæti haft eins gott eftirlit með þessum málum eins og sérstakir menn, sem til þess yrðu kjörnir, því að ég get vel ímyndað mér, að það yrðu einhverjir þeir menn, sem mest hafa beitt sér fyrir því, að þessi lög yrðu sett, og hafa mestan áhuga á þessum málum.

Þó að hér sé eitt og annað fleira, sem ástæða væri til að minnast á til meðmæla eða andmæla, skal ég ekki tefja tímann með því að gera það frekar.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég þarf fáu að svara þessum vinsamlegu ummælum hv. samþm. míns um þetta mál.

Viðvíkjandi 1. brtt., sem hann minntist á, skal ég taka það fram, að í n. var ég persónulega nokkuð sama sinnis og hv. samþm. minni. En hv. samnm. mínir, a. m. k. sumir og líklega meiri hl. þeirra, álitu, að rétt væri að fara ekki lengra en þetta fyrst um sinn, og þótti það vel gerlegt að fela skólanefndum þetta starf til að byrja með, og ég beygði mig þar fyrir vilja meiri hl. Ég held líka, að það megi vel leggja upp með þetta. Það má þá alltaf breyta þessu, ef það kemur í ljós, að skólanefndirnar eru ekki þessu starfi vaxnar. Ég vona, að í mannfærri stöðum verði ekki mikið að gera í þessum málum. Það koma kannske ekki nema eitt eða tvö tilfelli á ári, sem hver n. þarf verulega að taka til athugunar. Skólanefndum er því sennilega vel trúandi fyrir þessu til að byrja með. Svo er þess að gæta, að ef yfirbarnaverndarráð verður skipað, þá getur það, ef því sýnist svo, haft fulltrúa sína á þessum stöðum, einn eða fleiri, sem litu eftir störfum nefndanna.

Ég býst því ekki við, að n. vilji að svo stöddu taka þessa brtt. aftur, enda eru

ýmsar aðrar brtt. miðaðar við það, að hún verði samþ., og þess vegna er ég hræddur um, að frv. yrði hálfgerður óskapnaður, ef þessi till. yrði felld, en ýmsar aðrar till. samþ., sem eru samdar með tilliti til hennar. Hinsvegar getur n., ef svo sýnist, tekið þetta til nánari athugunar til 3. umr.

Viðvíkjandi því, hvort hægt sé að fyrirskipa þetta tvennt, að viðhafa hlutfallskosningu og hafa svo og svo margar konur í hverri nefnd, skal ég upplýsa það, að það var tekið til athugunar í n., hvort hægt væri að samríma þetta tvennt, og við álitum, að aldrei mundu verða vandræði út úr þessu, því að allir þeir, er fram kæmu með lista, mundu alltaf hafa eina eða fleiri konur á lista sínum.

Þetta fyrirmæli er líka hvöt fyrir flokkana til að hafa konur á lista. Hinsvegar er það ekki lögbrot, þó að engar konur séu í nefndunum. Við því er sleginn varnagli í gr. með því að segja, að þær skuli vera þetta margar **„að jafnaði"**. En ég er þess fullviss, að það verða alltaf kosnar konur í þessar nefndir, því að þetta starf er þannig lagað, að það virðist sjálfsagt, að konur séu kosnar til þess, og líklegt, að sumar greinar þessara starfa verði a. m. k. eins vel, ef ekki betur rækt-ar af konum en körlum. Það er því frá praktisku sjónarmiði alveg sjálfsagt, að í þessum barnaverndarnefndum verði alltaf einhver kona eða einhverjar konur.

Það er alveg rétt, sem hv. samþm. minn tók fram, að b-liður 5. brtt. er ofurlítil efnisbreyt. Hann skildi það alveg rétt, að það mundi verða óvinsælt, að barnaverndarnefnd færi að hefja rannsóknir á einhverjum stað utan síns umdæmis, þó að hún hefði komið einhverju barni þar fyrir. Hitt er annað mál, að þótt það sé ekki lögskipað, þá geta barnaverndarnefndirnar vitanlega hafizt handa um eftirlit með meðferð barna á heimilum utan síns umdæmis, en aðallega mundi það þó vera gert við barnahæli, sem eru utan kaupstaðanna, þar sem líklegt er, að allmörg börn yrðu úr kaupstöðunum. T. d. er eitt slíkt hæli komið á fót austanfjalls, og eru þar þó nokkuð mörg börn úr Reykjavík.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um málið, en ég vil mælast til þess, að hv. þd. samþ. eftir atvikum líka fyrstu brtt.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vildi víkja aðeins örfáum orðum að b-lið 5. brtt. Mér láðist að minnast á það áðan, hvort hv. menntmn. sæi sér ekki fært að athuga það tilfelli, ef eitthvert barnahæli væri kostað eingöngu af einhverju bæjarfélagi, hvort þá væri ekki rétt, að barnaverndarnefnd þess bæjarfélags hefði umsjón með slíku heimili, jafnvel þótt það væri utan umdæmis n. Mig minnir, að á fundi, sem haldinn var um þessi mál nú fyrir nokkru og ég var á, væri vakin athygli á þessu atriði.

Það er ekki nema aukaatriði þetta með kosningu kvenna í þessar nefndir, en við nánari athugun sé ég, að það er ekki hægt að samríma þetta tvennt, því að það er ekki hægt að skylda neinn flokk til að hafa konur á sínum lista. En eins og hv. frsm. tók fram, þá yrði það ekki lögbrot, þó að konur væru ekki í nefndunum. Þetta ákvæði verður þá bara sem áminning til þeirra, sem setja fram listana, að hafa konur í kjöri, svo að þær geti starfað í barnaverndarnefndunum, sem ég er sammála, að sé alveg rétt.

ATKVGR.

Brtt. 638,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 638,2 (ný gr. í stað 2.—3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 638,3 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 638,4 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 638,5.a—e samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 638,6 samþ. án atkvgr.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 638,7.a—b samþ. með 16 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 638,8 samþ. án atkvgr.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 638,9 samþ. án atkvgr.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
12.—13. gr. (verður 11.—12. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 638,10 samþ. án atkvgr.
14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 638,11 (ný 15. gr., verður 14. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 638,12 samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
17.—18. gr. (verður 16.—17. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 638,13 (ný 19. gr., verður 18. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 638,14 samþ. með 18:2 atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
21.—22. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 638,15 (ný 23. gr., verður 22. gr.), samþ. með 16:2 atkv.
— 638,16 (ný 24. gr., verður 23. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 683).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 683).
Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Það hafa verið gerðar tvær breyt. á frv. í Nd., og má segja um aðra þeirra, að hún sé til bóta, en hina þvert á móti. Það er breytingin við 1. gr. frv., að nú á ekki lengur að kjósa barnaverndarnefndir nema í kaupstöðum landsins, en ekki í smærri kauptúnum, eins og ætlað var, þar sem íbúar væru 300 eða fleiri. Skólanefndunum er ætlað að vinna það starf, sem þetta frv. ætlaði barnaverndarnefndunum. En það er enginn vafi á því, að nauðsynin í sjávarþorpunum er engu minni en í hinum stærri stöðum. Ég get nefnt sem dæmi, að í fleiri en einum af þeim bréfum, sem undirbúningsnefndinni bárust utan af landi sem svar við fyrirspurnum þessu viðvíkjandi, voru lýsingarnar einna lélegastar í sumum þessara sjávarþorpa. Þó skólanefndir hafi átt að hafa afskipti af óskilgetnum börnum, þá er ég hrædd um, að þær hafi ekki alltaf staðið vel í stöðu sinni hvað það snerti. En vonandi er nú samt, að þetta frv. og þessar nefndarkosningar verði til þess að vekja skólanefndirnar og segja þeim þeirra skyldu. Þótt menntmn. hafi þótt þetta spor vera stigið aftur á bak, þá vill hún samt ekki gera ágreining út af því. Fyrir henni vakir, að frv. fái fram að ganga, og vill hún ekki stofna því í tvísýnu með breytingum.

Hin breytingin, sem ég fyrir mitt leyti og öll n. telur til bóta, er við 1. gr. 2. kafla. Þar sem áður var einungis um heimild að ræða, er nú tvímælalaus skylda; í staðinn fyrir, að ráðh. var heimilt að skipa yfirbarnaverndarnefnd, þá skal hann gera það.

Þá eru nokkrar smábreyt., sem einnig eru til bóta, og þegar alls er gætt, leggur menntmn. til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það er nú.

Jón Jónsson: Ég vil bara taka undir þessa áskorun hv. frsm., að d. samþ. frv. Þó er eitt atriði þessu viðvíkjandi, sem ég legg öðruvísi skilning í en hv. frsm. Eins og hann benti á, þá hefir frv. tekið tveimur aðalbreytingum í Nd. Seinni breyt. er að lögbjóða barnaverndarráð og það tel ég til mikilla bóta. Hin breyt. er um það, að utan kaupstaða skuli skólanefndir vinna störf barnaverndarnefnda, en vitanlega er gert ráð fyrir því, að skólanefndir hafi sömu skyldur sem barnaverndarnefndir. Þess vegna er þessum héruðum utan kaupstaðanna ekki stofnað í hættu hvað þetta snertir, heldur er þetta hagkvæmara í fámennum héruðum, því oft er ekki um svo marga áhugamenn að ræða á þessu sviði. Ég ætla, að barnaverndinni sé eins vel borgið, þó þetta

starf sé falið skólanefndunum, og legg því til, að frv. verði samþ.

Frsm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég taldi þetta ekki svo mikinn galla á frv., að ekki væri óhætt að samþ. það, þótt þessi breyt. yrði gerð á því. En ég vildi aðeins benda á það, að hingað til hafa skólanefndirnar sinnt fremur lítið þessu starfi, sem af þeim er ætlazt til eftirlits með óskilgetnum börnum. En nú er þeim lagt þetta starf á herðar með sérstakri löggjöf jafnt og barnaverndarnefndunum, og verður það vonandi hvöt fyrir þær til þess að taka betur til greina þessi lög heldur en þau fyrirmæli, sem hingað til hafa verið gildandi í þessum efnum. Og skyldi það gleðja mig mikið, ef skólanefndirnar hrintu algerlega þeim efa, sem ég hefi hér látið uppi viðvíkjandi framtíðarhorfunum í þessum málum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 729).

46. Læknishéruð, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (þmfrv., A. 36).

Á 14. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Frv. þetta inniheldur ekki nýmæli í hlutfalli við fyrirferð. Það eru aðallega þrjú atriði í því, sem eru breyt. frá núgildandi l. Fyrsta atriðið er það, að farið er fram á að nema það ákvæði úr launalögunum, sem er því til hindrunar, að hægt sé að semja nýja gjaldskrá fyrir héraðslækna.

Annað atriðið er að koma nýju sniði á læknaskipun Rvíkurbæjar. Og þriðja atriðið er ákvæði um að setja landlækni og héraðslæknum ný erindisbréf, sem ekki mun verða talin vanþörf, með því að þau erindisbréf, sem nú gilda, eru orðin á annað hundrað ára gömul og því orðið úrelt.

Á sjálfri skipun læknishéraðanna er ekki farið fram á aðra breyt. en þá, að einn hreppur er tekinn frá einu læknishéraði og færður til annars. Um þetta og allar ástæður til þess er getið nægilega greinilega í aths. við 1. gr. frv.

Ég skal geta þess, að ég hefi ekki hirt um við upptalningu hreppanna innan hvers læknishéraðs, að taka tillit til nafnbreytinga á hreppum né þeirra sundurskiptinga á hreppum, sem orðið kunna að hafa, síðan hin ýmsu lög um héraðsskipunina hafa verið sett. Ég hefi tekið hreppana upp í frv. eins og þeir eru taldir í gildandi l. Um þetta atriði vildi ég mega biðja hv. þm., hvern fyrir sitt hérað, að gefa n. þeirri, er málið fær til meðferðar, sem greinilegastar upplýsingar. Býst ég svo ekki við, að frekari umr. þurfi um mál þetta nú, og óska því vísað til 2. umr. og allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 420, 184, 200, 238).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með lítilsháttar breyt.

Í fyrsta lagi hefir hv. flm. flutt brtt. við 1. gr. frv. Þar er aðeins um leiðréttingu á staðanöfnum að ræða, en engin breyt. á héraðaskiptingunni.

Brtt. n. eru flestar um formsatriði. Í staðinn fyrir „heilbrigðisstj“. vill n., að komi „ráðh.“. Hitt þykir n. of óákveðið. Eina efnisbreyt. flytur n. þó, við 2. mgr. 5. gr. Þar er svo ákveðið, að héraðslæknirinn í Reykjavík veiti forstöðu skrifstofu bæjarins um heilbrigðismál. Með þessu ákvæði fannst n. kaupstaðurinn of bundinn um val þessa forstöðumanns. Í samræmi við þessa brtt. er líka brtt. við 6. gr., um að skrifstofufé, 600 kr., falli líka niður, enda er það bundið við hitt ákvæð-

ið. Þá kom það líka til tals í n., að fella niður það ákv. 6. gr., að héraðslæknir hér í Reykjavík hefði hálf önnur héraðslæknislaun. En engin brtt. kemur frá n. um þetta. Og við tveir í n. munum ekki fylgja slíkri till., ef fram kemur.

Hv. þm. S.-Þ. hefir komið fram með brtt. við 1. gr. N. hefir ekki tekið afstöðu til hennar. En ég býst við, að hún sé sanngjörn, eftir því sem þar hagar til. — Að öðru leyti en því, sem nú hefir verið tekið fram, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Í frv. þessu liggur mikið verk. Hér eru saman dregin í eitt ákvæði eldri laga og nýju bætt við. Er því ástæða til þess að vera þeim þakklátur, er samdi frv.

Ingólfur Bjarnarson: Ég hefi flutt brtt. við frv. Að efninu til eru þær aðeins tvær. Hin fyrri eru um það, að Hálssókn í Fnjóskadal sé ætlað að sækja lækni til Akureyrar. Hin síðari er, að Flateyjarhreppur eigi læknissókn til Húsavíkur. Ég hefi hér fyrir framan mig óskir viðkomandi hreppa og sóknar, og vil ég með leyfi hæstv. fors. lesa þær upp. Er þá fyrst símskeyti frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps, svo hljóðandi:

„Óskum eindregið, að Flateyjarhreppur verði sameinaður Húsavíkurlæknishéraði. Felum yður flytja málið á Alþingi.

Hreppsnefndin".

Hitt skeytið hljóðar svo:

„Hálssókn Hrísgerði Víðivellir Draflastaðasókn óska tilheyra Akureyrarlæknishéraði.

Oddviti Hálshrepps".

Ég vil gera þá aths. út af þessu skeyti, að ég hefi ekki treyst mér til að taka upp till. um, að þeir tveir bæir í Draflastaðasókn, sem nefndir eru í skeytinu, verði lagðir undir Akureyrarhérað, enda álít ég, að það skipti engu máli. Ég hefi því eingöngu miðað till. við Hálssókn. Þessir tveir bæir liggja því undir Höfðahverfishérað, eins og áður hefir verið. Eins og hv. frsm. drap á, þá er hér um sanngjarna breyt. að ræða, og er í fullu samræmi við það, sem áður hefir tíðkazt. Hálssókn hefir jafnan leitað læknis til Akureyrar. Og nú er þó, vegna bættra samgangna við Akureyri síðan bílaferðir hófust, enn haganlegra en áður var að vitja læknis þangað.

Sama má segja um Flateyjarhrepp. Læknissókn liggur miklu betur fyrir þeim til Húsavíkur heldur en til Grenivíkur, vegna staðhátta, enda sannar skeytið þetta. Í viðtali við landlækni hefi ég fengið vitneskju um það, að hann hefir fengið staðfestingu viðkomandi lækna á því, að þetta, sem hér er farið fram á, sé í samræmi við þá venju, sem tíðkazt hefir, og séu því brtt. réttmætar frá þeirra sjónarmiði. Veit ég, að landlæknir sannar þessa umsögn mína, ef með þarf. — Af framansögðu vona ég því, að enginn sjái neitt því til fyrirstöðu, að brtt. mínar verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv. um það, að Ólafsfjörður verði gerður að sérstöku læknishéraði. Hér liggur og fyrir þessari d. sérstakt frv. um þetta sama. Er það komið frá Ed. og var samþ. þar. Ég vil vona, að hv. allshn., sem hefir það til meðferðar, afgreiði það engu síður, þótt þetta frv., sem nú liggur fyrir, ásamt brtt. minni verði samþ. hér í d. Skeð getur, þar sem nú er orðið allmjög áliðið þings, að þetta frv. gangi ekki fram á þessu þingi. Er þá gott, að hitt frv. gæti verið komið til 3. umr., svo að fljótlega mætti afgreiða það, ef þetta dagaði uppi. En gangi þetta frv. fram á annað borð, þá taldi ég réttara að taka þetta atriði upp í þau heildarlög um skipun læknishéraða. Ég hefi því borið fram brtt. um, að Ólafsfjörður verði tekinn upp í frv. sem sérstakt læknishérað.

Þetta er nú ekki neitt nýtt mál hér á Alþingi. Það var fyrst flutt fyrir meira en 10 árum, og svo aftur og aftur. Síðar komst svo málið inn á nýja braut, því að þótt þingið fengist ekki til að gera Ólafsfjörð að sérstöku læknishéraði, þá viðurkenndi það þó þörfina á að hafa þarna sérstakan lækni með því að taka 1925 upp í fjárl. næsta árs styrk til Ólafsfirðinga til að launa sérstakan lækni. Þetta komst þó ekki strax til framkvæmda. En síðari árin hefir verið þar sérstakur læknir, ráðinn af hreppnum, en styrktur af ríkinu með 2600 kr. á ári. En Ólafsfjarðarhreppur hefir lagt fram 1600 kr. til að launa hann. Sá læknir, sem

nú er, var ráðinn til 5 ára, og eru samningar við hann út runnir á næsta ári. Ef ekki næst samþykki Alþingis fyrir því, að þarna verði sérstakt læknishérað, þá skal ég ekkert um það segja, hvernig um þetta fer, þegar samningstíminn er út runninn. Ég veit ekki, hvort Ólafsfirðingar treysta sér að ráða lækni áfram. Þetta er vitanlega mjög þungur baggi á einum hreppi, og það er alveg sérstætt að leggja slík gjöld á einn hrepp, þar sem ríkið launar alla aðra héraðslækna, en starf þessa læknis er alveg hliðstætt starfi þeirra. Það er því á engan hátt sanngjarnt að leggja þetta gjald á Ólafsfirðinga, sem á engum öðrum landsmanna hvílir. — Hvað þörfina fyrir það að hafa þarna sérstakan lækni snertir, þá sýnir hana ljóslegast það, að Ólafsfirðingar vinna það fyrir, til þess að geta haft sérstakan lækni, að leggja á sig þung gjöld. Það er alveg augljóst, að hreppsfélagið gerir það ekki að gamni sínu að leggja á sig gjald, er nemur hátt á 2. þús. kr. árlega. Þá sýnir það einnig þörfina, að ríkisvaldið hefir viðurkennt hana með því að styrkja þarna sérstakan lækni, þótt það hafi að vísu ekki enn veitt Ólafsfirðingum sama rétt og öðrum. Þá má enn benda á það, að í þessari sveit er mikil fólksfjölgun, vegna þess að þar er að vaxa upp kauptún, sem stækkar árlega. Að vísu yrði Ólafsfjörður nú með fámennari læknishéruðum, en þó ekki hið fámennasta. Og ég hygg, að þess verði ekki langt að bíða, að þó nokkur önnur læknishéruð verði fámennari. Ég skal þó játa, að það er ekki fólksfjölda-inn, heldur staðhættirnir, sem gera það alveg nauðsynlegt, að læknir sé til staðar í Ólafsfirði, og þá um leið réttmætt, að þar verði sérstakt læknishérað.

Ég vil benda á það, að fjörðurinn má heita algerlega einangraður. Sveitin er umgirt háum fjöllum. Yfir þau eru engar leiðir og sízt í þá átt, sem liggur til læknis. Og þó hægt sé að klöngrast yfir þau um hásumarið, þá eru þau oftast alveg ófær á vetrum. Er þá ekki um annað að ræða en sjóleiðina. Varð og áður en sérstakur læknir kom að sækja lækni sjóleiðis til Dalvíkur. En sú leið er einnig oft ófær. Því er svo háttað, að Ólafsfjörður er mjög grunnur innan til. Brýtur því oft á honum svo, að alófært er inni á honum, þótt fær sjór sé úti fyrir. Einnig er mjög brimasamt við lendingarstaðina. Þetta gerir það að verkum, að Ólafsfirðingar sjá sér ekki fært að hafa báta sína liggjandi þar á vetrum. Þeir hafa þá á Siglufirði eða Akureyri, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þeim ekki á land. Það getur því oft farið svo, þegar sækja þarf lækni í lífsnauðsyn, að þá er bæði ófært á sjó og landi. Sjá allir, hvað af slíku getur leitt. Þar sem þá einnig fólkið í Ólafsfirði er orðið eins margt og í sumum öðrum læknishéruðum og fer fjölgandi, þá er ekki forsvaranlegt, að þarna sé læknislaust. En búast má við því, að svo fari, ef Alþingi sér sér ekki fært að samþ., að þar verði sérstakt læknishérað.

Hin brtt. er aðeins afleiðing af þessari. Ólafsfjarðarhreppur hét áður Þóroddsstaðahreppur.

Jón Auðunn Jónsson: Ég verð að leiða athygli hv. þdm. að einu atriði í þessu frv., sem snertir skiptingu læknishéraða. Þetta læknishérað er Nauteyrarhérað. Samkv. gildandi l. nær hérað þetta yfir 4 hreppa, Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjarfjarðar- og Ögurhreppa, að Vigur undanskilinni. Í frv. er farið fram á það að bæta Súðavíkurhreppi við og taka hann undan Ísafjarðarhéraði. Íbúar þessa hrepps hafa sent þinginu skrifleg mótmæli gegn þessu. Í frv. eru sett ákvæði um, að hreppsbúar eigi jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins á Ísafirði, og í langflestum tilfellum mundu þeir sækja Ísafjarðarlækninn, bæði af því, að oftast má nota ferðina til annars um leið og læknis er vitjað, svo og af því, að gera má að öllum jafnaði ráð fyrir, að Ísafjarðarlæknirinn sé reyndari og betri læknir, og auk þess er ágætt sjúkrahús á Ísafirði, svo að nota má sömu ferð til þess að flytja sjúklinga, sem þurfa að fara á sjúkrahús, og þá, sem farin er til að flytja lækninn heim. Hreppsbúar eru hræddir við, að þessu ákvæði um rétt þeirra til að nota Ísafjarðarlækninn óskorað geti verið breytt síðar. Þess vegna er eðlilegt, að þeir mótmæli mjög ákveðið.

Í núgildandi l. er læknissetrið í Nauteyrarhreppi á Langadalsströnd. Er næsta eðlilegt, að íbúar Nauteyrarhrepps mótmæli færslu þeirri, sem hér er farið fram

á í frv. Það er rétt, að búsetumál læknisins hefir verið hið mesta deilumál innan héraðs. Fyrrv. landlæknir reyndi að fá samkomulag um læknissetrið, og kjörmenn úr viðkomandi hreppum hafa hvað eftir annað með nokkurra ára millibili haldið fundi um málið og reynt að ná samkomulagi, en ávallt án árangurs. Hinsvegar er öllum héraðsbúum vitanlegt, að ekkert verður úr byggingu læknisbústaðar meðan samkomulag ekki fæst. En jafnframt er fullreynt, að ekki fæst læknir í héraðið til frambúðar, nema byggt sé fyrir hann.

Útlit er fyrir, að ekki fáist samkomulag innan héraðs um læknissetrið og þá ekki um byggingu læknisbústaðar. Þar með er það fyrirfram séð, að ekki taka allir hreppar héraðsins þátt í kostnaðinum við byggingu læknisbústaðar. Það er fyrirsjáanlegt, að ekki verður kleift fyrir þá hreppa, sem taka vilja þátt í kostnaðinum, að leggja fram það fé, sem áskilið er móti tillagi ríkissjóðs, og má því búast við, að ríkissjóður verði að greiða meira en almennt hefir verið gert. Mér þætti í mesta máta ósanngjarnt að skylda t. d. Súðavíkurhrepp, sem tilheyrt hefir öðru læknishéraði, þar sem engin kvöð hvílir á um byggingu læknisbústaðar, til þess að leggja fram fé til byggingar læknisbústaðar. Nokkuð sama má segja um þá hreppa, sem ekki samþykkja læknissetrið. Í þessu tilfelli, sem hér liggur fyrir, er svo ástatt, að lítt hugsanlegt er, að meira en tveir hreppar samþ. læknissetrið. Ég hefi getið þess hér, svo að engum komi á óvart, þótt ríkissjóðstillagið til byggingar læknisbústaðar í þessu héraði verði nokkru hærra en almennt hefir verið. Fyrir því er fordæmi, að tillag ríkissjóðs hefir orðið mun hærra, vegna þess að ekki hefir náðst samkomulag um læknissetur, og þeir hreppar, sem óánægðir voru, hafa ekkert tillag greitt, en ríkissjóður greitt þann hluta, sem þeim annars bar að greiða.

Þá vil ég geta þess, að auk þess sem Súðavíkurhreppur hefir mótmælt sameiningunni, þá hafa hreppsnefndir tveggja annara hreppa, Nauteyrarhrepps og Reykjarfjarðarhrepps, og þá líka hreppsbúar, mótmælt þeirri breyt., að læknissetrið yrði flutt að Ögri. Það er sérlega erfið læknisvitjun frá innri hl. Nauteyrarhrepps að Ögri. En sé læknishéraðið stækkað svo sem lagt er til í frv., þá er Ögur næst miðju héraðsins.

Ég hefi viljað kynna hv. þdm. þessi mótmæli hinna ýmsu hreppa gegn breyt. Hitt verð ég að játa, að ástandið er ótækt eins og það er, og sýnilegt, að engin lausn fæst svo, að ekki verði nokkur hl. héraðsbúa óánægður. Hitt er vafasamara, að breyta einu vissu ástandi í ef til vill annað verra og taka heilan hrepp gegn mótmælum hans úr hagfelldu sambandi við læknishérað og setja hann í annað mun óhagfelldara.

ATKVGR.

Brtt. 184 samþ. án atkvgr.

— 200,a samþ. með 14:6 atkv.

— 200,b samþ. án atkvgr.

— 238,a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 238,b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 238,c samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 420,1 samþ. án atkvgr.

3. gr. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 420,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 420,a og c samþ. án atkvgr.

— 420,b samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, JÓl, JónasÞ, ÓTh, PO, JörB.

nei: StgrS, VJ, HJ, HG, HV, JÁJ, LH, MG, MJ.

IngB greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÁÁ, EA, JJós) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 420,4 samþ. með 16:3 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 485, 501).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 501. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að Súðavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu verði tekinn undan Ísafjarðarhéraði og lagður undir Ögurhérað. Ég hefi leyft mér að koma fram með brtt. við þetta á þskj. 501, þannig, að Súðavíkurhreppur verði framvegis eins og hingað til látinn fylgja Ísafjarðarhéraði. Út á þetta gengur 1. brtt. á þskj. 501. — Svo er 2. brtt. á þessu sama þskj., í þremur stafliðum. a-liðurinn er sjálfsögð afleiðing af fyrri brtt., og b-liðurinn er um það, að læknissetrið skuli ákveðið af héraðsbúum sjálfum; c-liður er afleiðing af hinum, ef samþ. verða.

Ástæðan til þess, að ég hefi flutt þessar brtt., er sú, að ýmsir menn úr þessu héraði hafa látið þá ósk í ljós við mig, sérstaklega úr Súðavíkurhreppi, að fá að vera áfram í Ísafjarðarlæknishéraði. Ég er svo ókunnugur þarna, að ég get ekki sagt alveg nákvæmlega um ástæðuna fyrir því, en mér skilst helzt, að það sé bæði læknissetrið, sem um er að ræða, og svo hitt, að þeir vonast frekar eftir, að á Ísafirði verði betri læknir. Ég skil varla, að þetta geti verið kappsmál neinum hv. þm., að samþ. frv. óbreytt, því að venjan mun vera sú, að sá læknir gegnir, sem til er farið, hvort sem hann er skyldugur eða ekki. Ég get því ímyndað mér, að þetta atriði hafi ekki neina stórkostlega þýðingu, og býst við, að íbúar hreppsins myndu geta notið læknis á Ísafirði, jafnvel þótt þeir heyrðu undir Ögurhérað. En það eru ýmsar aðrar ástæður, eins og kostnaðurinn við að reisa læknisbústað o. fl. Ég veit, að hv. þm. Ísaf. og hv. þm. N.-Ísf. eru mjög kunnugir þarna, og þar sem hv. þm. Ísaf. er nú landlæknir og flm. þessa frv., þá geri ég ráð fyrir, að hann skýri frá, hvers vegna hann hefir gert þessar breyt., því að ég ætla þær fáar, ef nokkrar eru, breyt. á læknishéruðum, sem þetta frv. ráðgerir, að undantekinni þeirri, er hér um ræðir.

Jón Auðunn Jónsson: Út af till. hv. 2. Skagf. vil ég geta þess, að mér koma þær ekki á óvart. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, hefir ávallt verið mikil deila þarna í Nauteyrarhéraði bæði um læknissetur, stærð héraðsins o. fl. En það er eðlilegt, að íbúar Súðavíkurhrepps séu óánægðir með að falla undan Ísafjarðarlæknishéraði, sérstaklega vegna þess, að þeir búast e. t. v. við, að þeir þurfi að einhverju leyti að standa undir þeim kostnaði, sem bygging læknissetursins hefir í för með sér. Hinsvegar eru í frv., eins og það liggur fyrir, ákvæði, sem tryggja þeim, að þeir hafi jafnt tilkall til Ísafjarðarlæknisins og áður. Um hina till., að láta atkvgr. innan héraðs ráða vali læknissetursins, er það að segja, að hún er sanngjörn. Sú leið hefir ekki verið farin í málinu, heldur hefir jafnan verið reynt með kosningu fulltrúa úr ýmsum hreppum að ná samkomulagi um læknissetur, en það hefir ekki tekizt, eins og réttilega er tekið fram í grg. frv. Hinsvegar virðist fyrirsjáanlegt, hvernig sú atkvgr. myndi falla, að óbreyttu því svæði, sem Nauteyrarhérað nú nær yfir, þar sem tveir fjölmennari hrepparnir hafa sent áskorun um það að hafa læknissetrið að Ögri, eins og frv. stingur upp á. Býst ég því við, að það myndi fara nokkuð á sama veg, en yrði heldur til þess, að menn sættu sig fremur við þessar breyt. Hinsvegar vil ég vænta þess, að tveim hreppum, og sérstaklega Nauteyrarhreppi, sem harðast verður úti við þessa breyt. á læknissetrinu, verði veittur nokkur læknisvitjanastyrkur, því að erfiðleikarnir á læknisvitjun verða miklir. Nauteyrarhreppur hefir reyndar í fjárl., eins og þau fóru héðan úr d., nokkurn styrk, en ég vænti, að hann verði hækkaður og styrk til Reykjarfjarðarhrepps bætt inn í fjárlfrv.

Annars þykist ég sjá, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Hefi ég því ekki fleiri orð um brtt. eða málið í heild, því að mér eru þegar kunn afdrif þess hér í d. Þau munu hafa verið ákveðin, áður en frv. var lagt fram.

Vilmundur Jónsson: Ég skal taka það fram, að ástæðan til þess, að farið er hér fram á þessa breyt. á takmörkum Nauteyrarlæknishéraðs, er sú, að eins og héraðið er nú, er það svo fámennt, að vandræði eru að fá þangað lækni til nokk-

urrar frambúðar. En með því að bæta Súðavíkurhreppi, sem er allfjölmennur, við Nauteyrarhérað, verður það nægilega fjölmennt, til þess að hægðarleikur ætti að vera að fá sæmilegan lækni til að una þar. Af því að Súðavíkurhreppur hefir til þessa heyrt til Ísafjarðarlæknishéraði og hreppsbúar þar kjósa sjálfir engin skipti, þá er þeim í frv. þessu tryggður sami réttur til Ísafjarðarlæknisins og áður. Má því segja, að aðstaða þeirra til læknisþjónustu sé betri en áður, í stað þess að vera síðri, og hafa þeir sannarlega undan engu að kvarta. Viðvíkjandi atkvgr. um, hver aðseturstaður læknisins skuli vera í þessu héraði, vil ég geta þess, að hún hefir **þegar farið fram.** Í lestrarsal þingsins liggja frammi áskoranir frá meiri hl. héraðsbúa um það, að lækninum skuli valinn aðseturstaður í Ögri. Hver einasti alþingiskjósandi í Snæfjallahreppi og Ögurhreppi — en í þeim hreppum er fullur meiri hluti héraðsbúa — óska þess eindregið, og þar að auki allmargir úr Reykjarfjarðarhreppi. Raunar er það aðeins einn hreppur, Nauteyrarhreppur, sem telur sig verða hér hart úti — og verður það. En það er því miður sú minnsta óánægja, sem hægt er að gera ráð fyrir í sambandi við lausn þessa máls. Héraðið er svo illa lagað, að engin leið er að velja þann aðseturstað fyrir lækni, að allir geti vel við unað. Hvar annarsstaðar en í Ögri eða þar í grennd, sem læknirinn yrði settur niður, mundu tveir hreppar í stað eins hafa a. m. k. jafngilda ástæðu til óánægju.

Ég vil taka undir orð hv. þm. N.-Ísf. um, að sanngjarnt væri, að Nauteyrarhreppsbúum væri ætlaður nokkur læknisvitjanastyrkur, ef þessi skipun kemst á, og eins vil ég láta þá skoðun í ljós, að það er aldrei nema rétt og eðlilegt, að þeir hreppar, sem hafa lækninn hjá sér, kosti meiru til læknisbústaðar en hinir, sem fjær liggja, enda býst ég við, að bæði Nauteyrarhreppur og Súðavíkurhreppur verði tregir til að leggja fram fé til læknisbústaðar í Ögri. En Ögurhreppsbúum og Snæfjallahreppsbúum ætti að verða því ljúfari útlátin, og fá það margfaldlega uppborið síðar í ódýrari læknisvitjunum. Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að hv. d. felli brtt. hv. 2. þm. Skagf., því að verði þær samþ., yrði það ekki til annars en gera ef til vill nokkra fáa menn ánægða, en meiri hluta þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, mikinn órétt. Aftur á móti vil ég mælast til þess, að frv. verði samþ. óbreytt. Mótmæli þau, sem borizt hafa frá íbúum Súðavíkurhrepps gegn því, að hann verði sameinaður Nauteyrarhreppi eru að engu hafandi, því að þau eru á misskilningi byggð, þar sem engin réttindi eru frá íbúum Súðavíkurhrepps tekin, heldur þess í stað aukið við þau, þar sem hér er gert ráð fyrir, að þeim sé veittur réttur til tveggja lækna í stað eins, sínum til hvorrar handar.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Ísaf. áleit andstöðu Súðavíkurhreppsbúa gegn því að falla undir Nauteyrarhérað á misskilningi byggða. Um það býst ég við, að íbúar Súðavíkurhrepps vilji ekki hlíta hans dómi. Hitt virðist mér skína út úr frv., að hv. þm., sem er flm. þess, telji einhverja sanngirni bak við þessar kröfur, þar sem hann leggur til, að íbúar Álftafjarðar, sem er í Súðavíkurhreppi, skuli hafa jafnt tilkall til héraðslæknisins á Ísafirði eins og til þess héraðslæknis, sem er þó þeirra læknir. Slíkt er ekki venja. Það virðist því benda til þess, að hv. flm. sé ekki viss í sinni sök, telji sig jafnvel hafa gengið eitthvað á snið við rétt íbúa Súðavíkurhrepps. Þessi réttur, að vitja læknis til Ísafjarðar, er aðeins bundinn við þá, sem búa í Álftafirði, og nær því ekki til allra íbúa hreppsins. Það má vel vera, að takmörkum læknishéraðsins eigi að breyta, sökum þess að læknirinn á Ísafirði vilji heldur vera laus við Súðavíkurhrepp. En það eru ekki óskir læknanna, sem eiga að ráða í þessum efnum, heldur óskir héraðsbúa sjálfra. Að segja, að menn þarna geti farið út í Ögur og sótt lækni, þegar þeir eru búnir að fara til Ísafjarðar og læknirinn þar vill ekki fara, er meira en hæpið, því að þau tilfelli geta komið fyrir, að ekki sé sama, hvað lengi er verið að ná í lækni. Auk þess sem það myndi hafa mikinn aukinn kostnað í för með sér að þurfa að senda í báða staðina.

Annars þarf ekki mikið um þetta að ræða. Hv. flm. hefir með aths. sinni í frv. um hin sérstöku hlunnindi fyrir íbúa

Álftafjarðar viðurkennt, hve nærri hann hefir gengið rétti Súðavíkurhreppsbúa, og því viljað sletta bót yfir það með þessu ákvæði frv.

Vilmundur Jónsson: Það er ekki rétt, að ég hafi viðurkennt að hafa gengið nærri rétti Súðavíkurhrepps, með því að áskilja meiri hluta hreppsbúa eftir sem áður tilkall til læknisþjónustu frá Ísafirði. Ég er viss um, að ef það lægi nú fyrir að ákveða takmörk þessa læknishéraðs í fyrsta sinn, þá yrði það gert eins og lagt er til í frv. og læknisbústaðurinn ákveðinn í Ögri. Að ég hefi lagt til í frv., að íbúar Álftafjarðar hafi rétt til að sækja Ísafjarðarlækninn sem sinn lækni, er eingöngu vegna þess, að þeir hafa til þessa átt tilkall til þess læknis — eru orðnir vanir því — og hafa ekki óskað eftir skiptum. Slíkt ákvæði er ekki óþekkt. Það er alveg hliðstætt því, sem átt hefir sér stað um íbúa Kjósar- og Kjalarneshrepps í Hafnarfjarðarhéraði. Þeirra læknir situr í Hafnarfirði, en þó eiga þeir einnig samkv. l. rétt á lækni í Reykjavík. Og þetta komst inn í lögin sökum þess, að læknirinn bjó áður uppi í Kjós, en var síðan fluttur til Hafnarfjarðar.

Það er með öllu tilhæfulaust, að læknirinn á Ísafirði vilji heldur vera laus við Súðavíkurhrepp úr héraði sínu. Hann þarf að jafnaði ekki að fara þangað nema 2—4 ferðir á ári, og um það munar hann ekkert. Honum má því alveg á sama standa og stendur áreiðanlega á sama, hvort hreppur þessi tilheyrir áfram læknishéraði hans eða er tekinn frá því. Þá er það misskilningur hjá hv. þm., að fara þurfi til Ísafjarðar í óvissu um að fá þar lækni og að menn geti átt á hættu að fá neitun þegar þangað er komið. Allt slíkt fer fram í síma, með því að símasamband er mjög gott þar vestra. Er því alls ekki farið til Ísafjarðar, nema full vissa sé fyrir um það, að læknirinn fáist. Ég held yfirleitt, að hv. dm. sé óhætt að treysta því, að hér sé ekki hallað rétti neins og eins sanngjarnlega gengið frá málinu og hægt er.

Þegar frv. þetta er orðið að l., er það aðeins einn hreppur héraðsins, sem á fremur erfiða læknissókn, en honum má aftur bæta það upp með sérstökum læknisvitjanastyrk. Með þeirri skipun, sem nú er, eru það aftur á móti tveir hreppar með meiri hluta héraðsbúa, sem eiga ekki aðeins erfitt um læknissókn að hinu lögákveðna læknissetri, heldur mega að miklu leyti heita útilokaðir frá allri þjónustu þaðan. Aðalatriðið, sem liggur til grundvallar fyrir því, að farið er fram á þessa breyt. á skipun þessa héraðs, er þó það, að eins og héraðið er nú, er það svo lítið, að undir hælinn er lagt, hvort hægt er að fá þangað nokkurn lækni, og við það er verst unandi fyrir alla héraðsbúa í heild, en með því að bæta þessum eina hreppi við það, býst ég við, að sá örðugleiki sé úr sögunni.

Mér láðist áðan að geta hér um skriflega brtt., er ég hefi borið fram við frv. nú við þessa umr. Hún er um það, að l. gangi ekki í gildi fyrr en um áramót. Er það nauðsynlegt vegna þeirrar breyt., sem gerð hefir verið á frv., þar sem inn í það hefir verið bætt nýju læknishéraði, auk þess sem takmörkum annara héraða hefir verið breytt lítilsháttar. Vegna skýrslugerða er nauðsynlegt eða a. m. k. hagkvæmara, að slíkar tilfærslur eigi sér stað við áramót. Ég vildi því leyfa mér að fara fram á, að brtt. þessi verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 507) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er út af tvennu, að ég hefi kvatt mér hljóðs. Við 2. umr. frv. þessa hér í d. var bætt inn í það nýju læknishéraði. Í sambandi við það vil ég minna á, að mér hafa fyrir nokkrum árum borizt óskir úr kjördæmi mínu um að fá nýtt læknishérað þar, setur á Borðeyri, en héraðið nái yfir Hrútafjörð, Miðfjarðardali að nokkru og lítinn hluta Dalasýslu. Að ég þó ekki ber fram brtt. um það að fá þessu nýja læknishéraði bætt inn í frv. nú, er m. a. sökum þess, að þessa 3. umr. bar svo fljótt að, og í öðru lagi af því, að ég hefi líka tækifæri til þess að koma fram með hana í Ed., ef því þá ekki verður frestað í þetta sinn.

Þá vil ég segja nokkur orð út af brtt. hv. 2. þm. Skagf. Það hefir borizt til mín

bréf frá nokkrum mönnum í Nauteyrarhreppi, þar sem þeir leggja mjög fast á móti því, að læknissetrið verði ákveðið í Ögri, og skírskota til þess, að þessi hluti héraðsins eigi ákaflega örðuga aðstöðu um að ná lækni frá Ögri og verði því mjög hart úti, ef sú skipun verði gerð, sem lögð er til í frv. Ennfremur benda þeir á það, að fram til þessa hafi læknirinn ekki alltaf setið í Ögri, heldur einnig á Melgraseyri, (**JAJ**: Hann sat þar aldrei) og þar sat t. d. Sigvaldi Kaldalóns. Þetta vildi ég láta koma fram, og jafnframt vil ég geta þess, að erindi þetta frá Nauteyrarhreppsbúum hefi ég þegar afhent form. n. þeirrar, sem mál þetta hefir haft til meðferðar. Út frá þessu finnst mér b-liðurinn í síðari brtt. háttv. 2. þm. Skagf. á þskj. 501 réttmætur. Þegar svona stendur á, verður það að teljast réttmætt, að málið sé borið undir héraðsbúa og atkvgr. hjá þeim sé látin skera úr, því að ég fyrir mitt leyti fæ ekki annað séð en að fullt tillit beri að taka til óska héraðsbúa í þessum efnum. Þeir eru sá aðili, sem mál þetta varðar mestu, og verða því að teljast dómbærir um það. Hitt er undir öllum kringumstæðum rétt, að verði læknissetrið ákveðið í Ögri, þá á þó Nauteyrarhreppur að fá læknisvitjanastyrk.

Vilmundur Jónsson: Hæstv. forsrh. hefir víst ekki tekið eftir því, að atkvgr. á þeim grundvelli, sem hann minntist á, hefir þegar farið fram þar vestra um þetta mál. Eins og ég hefi áður tekið fram, liggja hér fyrir Alþingi **einróma** óskir frá tveimur hreppum, sem í er meiri hluti kjósenda héraðsins, og einnig frá talsverðum fjölda kjósenda úr hinum þriðja hreppi af fjórum alls, um að hafa læknissetrið í Ögri. Mál þetta er þrautrætt vestra, og meiri hluti héraðsbúa hefir sem sagt þegar tekið þá afstöðu til þess, sem ákvæði frv. eru byggð á.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að hann hefði í hyggju að koma fram með brtt. við frv. um stofnun nýs læknishéraðs, vegna þess að bætt hefði verið inn í það hér við 2. umr. nýju héraði. Það er aldrei nema gömul venja hér í þinginu, þegar drepa hefir átt till. eða frv. um stofnun nýs læknishéraðs, að koma þá með upp-ástungur um fleiri ný héruð. Ég er þess alls ekki fýsandi að stofna mörg ný og smá læknishéruð. Þvert á móti. En hvað snertir Ólafsfjarðarlæknishérað, sem hæstv. ráðh. mun hafa átt við, þá stendur nokkuð sérstaklega á um það. Þar hefir að undanförnu verið sérstakur læknir með allmiklum styrk úr ríkissjóði, er slagar hátt upp í laun þau, er hinum nýja héraðslækni mundu verða ákveðin. Íbúatalan er um 800 manns, og fer alltaf fjölgandi. Hér er því ekkert sambærilegt við þá tvo hreppa í Hrútafirði, sem hæstv. ráðh. minntist á, sem munu vera Bæjarhreppur og Staðarhreppur. Þar er íbúatalan í hæsta lagi 500 manns. Þori ég því að fullyrða, að þangað fengist enginn læknir, þó að læknishérað yrði stofnað þar. Vil ég því biðja hæstv. ráðh. að hugsa sig vel um, áður en hann kemur fram með brtt. þessa, því að hún gæti orðið til þess að tefja fyrir málinu í heild, en eins og kunnugt er og viðurkennt orðið, liggur því á afgreiðslu, ekki síst vegna ákvæðanna um framtíðarskipulag læknamálanna hér í Reykjavík. Einnig þarf það meðal annars vegna gjaldskrárákvæðanna að vera sem mest samferða frv. mínu um lækningaleyfi o. fl., sem nú er komið til Ed. Vænti ég því, að hv. allshn. ýti frv. þessu áfram eins og frekast er kostur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Brtt. um nýtt læknishérað í Hrútafirði liggur alls ekki hér fyrir og verður ekki borin fram við þessa umr. Er því engin ástæða til að taka málið af dagskrá hér eða tefja það hennar vegna. Ég mun geta komið henni að í hv. Ed., ef mér sýnist svo. Upplýsingar þær, sem hv. þm. gaf um mannfjöldann þarna norður frá, voru mjög ófullnægjandi. Hann gekk aðeins út frá mannfjölda í tveimur hreppum, en það er ekki minnsti vafi á, að svo framarlega sem læknir kæmi á Borðeyri, þá myndi hann sóttur t. d. úr Laxárdals- og Haukadalshreppum í Dalasýslu, a. m. k. að einhverju leyti. Einnig myndi hann í mörgum tilfellum verða sóttur fram í Miðfjarðardali.

Um hitt atriðið, að rétt væri að leita álits héraðsbúa í Nauteyrarhreppi um læknissetrið, virðist hv. þm. sammála

mér, en hann hélt því bara fram, að það væri búið að því. En við vitum báðir, hve miklu minna er að marka undirskriftasmölun, sem safnað er, og þá aðeins frá annari hlið, heldur en atkvgr., sem fer fram á fundi, eftir að málið hefir verið sótt og varið frá báðum hliðum. Ég tel því brtt. hv. 2. þm. Skagf. um að leggja málið undir atkvgr. héraðsbúa, fullkomlega réttmæta.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst hv. þm. Ísaf. óþarflega ráðríkur, er hann vill fá þessa stóru lagabálka sína samþ., án þess að nokkur brtt. við þá fái að komast að. A. m. k. verður hann að sætta sig við, að þær komi fram. Hann getur verið ánægður, ef hann fær þær allar drepnar.

Hann sagði, hv. þm., að það væri ekki skylda fyrir hreppa að leggja fram fé til læknisbústaða. Ég veit það vel, að það er ekki lagaskylda, en einhvern veginn verður að leysa það mál. Get ég því vel búizt við, að svo framarlega sem hann verður áfram landlæknir, þá líði ekki á löngu, áður hann komi fram með frv. í þá átt að skylda íbúa læknishéraðanna til þess að taka þátt í kostnaði við byggingu læknisbústaða, því að ég get búizt við, að hann reki sig fljótlega á það, að ekki sé gott, þegar heilir hreppar skorast undan að taka þátt í þeim kostnaði.

Um atkvgr. um læknissetrið í Nauteyrarhéraði verð ég að segja, að ég fæ ekki séð, að nein hætta sé á ferðum, þó að héraðsbúum sé gefinn kostur á henni. Ef það er rétt, sem hv. þm. heldur fram, að hún hafi þegar farið fram, þá er engin hætta á, að héraðsbúar óski eftir henni aftur. Og sé hv. þm. viss í sinni sök, um að meiri hl. vilji hafa læknissetrið í Ögri, þá er engin hætta, þó að atkvgr. fari fram af nýju.

Ég skil vel, að þessi færsla Súðavíkurhrepps milli læknishéraða sé gerð til þess að jafna á milli héraðanna. Það er að vísu ástæða, en ekki fullnægjandi, því að ef farið væri út í þá sálma að jafna á milli læknishéraðanna og gera þau öll jöfn, þá er ég hræddur um, að víða yrði kurr.

Að símasamband sé svo gott þarna vestur frá, að það kosti engin aukaómök að ná í lækni frá Ísafirði, trúi ég ekki. Þá sagði hv. þm., að læknirinn á Ísafirði óskaði ekki eftir að losna við Súðavíkurhrepp úr umdæmi sínu, en ég skildi hv. þm. einmitt svo í fyrstu ræðu hans, að læknirinn væri ófús að fara, þegar hans væri vitjað úr Súðavíkurhreppi, af því að hann hefði svo mikið að gera á Ísafirði.

Það kom við hjartað í hv. þm., þegar honum var bent á, að þetta ákvæði í frv., að vitja mætti jafnt læknis í tvær áttir, væri því nær einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Hann nefndi Kjósarsýsluna til samanburðar, en aðstaða hennar er alls ekki sambærileg við það, sem hér á sér stað. Kjósarsýslubúar hafa sérstakan lækni hér í Reykjavík og dettur því aldrei í hug að fara til Hafnarfjarðar, en íbúar Súðavíkurhrepps mundu sennilega fyrst leita til Ísafjarðar, en að því frágengnu til hins læknisins. Þetta er því ekkert sambærilegt.

Vilmundur Jónsson: Ég vil aðeins svara hæstv. forsrh. því, að allir íbúar þessa héraðs hafa haft sömu aðstöðu til þess að láta í ljós vilja sinn í þessu læknissetursmáli. Hér liggja fyrir óskir frá kjósendum í 2½ hreppi um að hafa læknissetrið í Ögri, en aftur mótmæli gegn því frá einum hreppi.

Það er því staðreynd, að slík atkvgr. sem hæstv. forsrh. talar um hefir þegar farið fram, og liggja fyrir greinilegar skriflegar yfirlýsingar um vilja allra þeirra, er hlut eiga að máli. Nauteyrarhreppur er á móti breyt., Snæfjalla- og Ögurhreppur, þ. e. meiri hluti allra atkvæðisbærra manna í héraðinu, eru henni fylgjandi, en Reykjarfjarðarhreppur er klofinn í málinu. Þetta er líka svo þrautrætt, að ekkert nýtt kæmi fram, þó að farið yrði að greiða atkvæði um það enn á ný, en yrði hinsvegar aðeins til þess að vekja af nýju úlfúð og óþarfar æsingar.

Ég vil benda á það sem nokkra sönnun fyrir því, að hér er enginn varhugaverður reipdráttur á ferðinni, að milli mín og hv. þm. N.-Ísf. er enginn ágreiningur í þessu máli. Okkur kemur saman um það, að þar vestur frá muni aldrei verða eining um þetta mál, aldrei meiri eining en sú, sem þessi skipun gæti komið til leiðar. Ég skal einnig geta þess, málinu til enn

frekari stuðnings, að fyrrv. landlæknir gerði sér ferð vestur fyrir fáum árum til þess að athuga þetta læknisbústaðarmál, og ég held, að frammi í lestrarsal liggi erindi frá honum, þar sem hann stingur upp á nákvæmlega sömu lausn og hér er farið fram á. — Viðvíkjandi því, að verið sé að leggja inn á nýja leið með því að leyfa íbúum í Álftafirði í Súðavíkurhreppi að sækja jöfnum höndum til læknisins á Ísafirði og í Ögri, er það að segja, að þetta er nákvæmlega sama fyrirkomulag og verið hefir í mannsaldur með Kjósar- og Kjalarneshrepp, eins og ég hefi áður tekið fram.

Það hefir verið svo með Álftfirðinga, að þeir sækja ekki oft lækni til Ísafjarðar, og er sjaldan, að læknir fari þangað tíðar en 3—4 sinnum á ári. Mun nokkru valda, að læknirinn á Ísafirði á sjaldan vel heimangengt vegna mikilla anna þar.

En ef Álftfirðingar hefðu lækni líka á hina hliðina, leiðir það af sjálfu sér, að læknarnir gætu oftar látið eftir héraðsbúum að fara þangað inn eftir eða út eftir þeim til hjálpar. Og vissulega gæti hinn skipaði héraðslæknir, sem sæti ætti í Ögri, haft miklu betra tóm til eftirlits með öllum heilbrigðismálum í hreppnum en nú er hægt frá Ísafirði.

Um símann er það að segja, að ég man ekki eftir því, að kallað hafi verið á lækni á Ísafirði öðruvísi en símleiðis nú í mörg ár. Súðavíkurþorpið liggur utarlega við fjörðinn, þar liggur leiðin um, og hafa menn það fyrir vana að hringja þaðan til læknisins, til þess að vita, hvernig á stendur fyrir honum. Súðavíkurhreppsbúar þurfa því hér ekki undan neinu að kvarta.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi ekki heldur í þessari síðustu ræðu hv. þm. Ísaf. fundið gildar ástæður fyrir því, hvers vegna eigi að skilja Súðavíkurhrepp út úr sínu læknishéraði. En samanburðurinn við Kjósarhrepp var ekki sem bezt valinn. Ég viðurkenni, að þetta er í l. nú, en landlæknirinn vill einmitt afnema það fyrirkomulag með þessu frv. En í stað þess vill hann setja þetta fyrirkomulag á þar, sem það ekki var áður, svo að þetta einsdæmi haldi áfram að vera í l. Ég skil satt að segja ekki þessa tiltekt hv. þm.

ATKVGR.

Brtt. 501,1 felld með 11:5 atkv.
— 501,2.a kom ekki til atkv.
— 501,2.b felld með 10:7 atkv.
— 501,2.c kom ekki til atkv.
— 507 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 515).

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Ed., 9. og 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 515, n. 656, 677, 678).

Frsm. (Einar Árnason): Allshn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. — Að sönnu flytja tveir nm. brtt., þar sem um 2 efnisbreyt. er að ræða. En ég hygg þó, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeir munu þó ekki leggja svo mikla áherzlu á þessar brtt., að þeir muni greiða atkv. gegn frv., enda þótt brtt. þeirra verði felldar.

Með þessu frv. eru úr gildi numin ýms þau l. og lagaákvæði, sem nú gilda viðvíkjandi læknishéraðaskiptingu landsins. Þá eru og sett í það ýms ákvæði, sem ekki hafa verið lögfest áður. Og loks eru sum ákvæði, sem áður voru til, gerð fyllri en þau áður voru.

1. gr. frv. ákveður sjálf læknishéruðin. Þar er ekki um mjög miklar breyt. að ræða frá l. 1907, nema að því leyti, sem breyttar ástæður hafa gert nauðsynlegar breyt., s. s. að hreppar hafi skipzt eða breytt um nafn. Slíkt allt er fært til samræmis við það, sem nú er. — Í þessari gr. eru þó tvær efnisbreyt. frá núgildandi l. Hin fyrri er, að í Ögurhéraði sé læknissetur sett að Ögri. Ákvæði þau, sem áður giltu, orðuðu þetta ekki nánar en það, að

aðsetur læknisins skyldi vera einhverstaðar á Langadalsströndinni. Þessu hefir þó ekki verið fylgt, og hér er því ákveðið, að læknissetrið skuli vera í Ögri. — Hin efnisbreyt. gr. er sú, að nýtt læknishérað, Ólafsfjarðarhérað, skuli bætast við. Er það gert í samræmi við það, sem þegar hefir verið samþ. hér í hv. d., en bíður nú í Nd., vegna þess að ákvæði þess frv. eru nú komin inn í þetta frv., enda fer það hér betur. — Í síðari hl. frv. eru svo fyrirmæli um afstöðu landlæknis að því er við kemur heilbrigðismálum og læknum þessa lands. Í 4. gr. eru nánari ákvæði en nú eru í l. um skyldur héraðslækna. Og í 5. gr. er störfum héraðslæknis í Reykjavík breytt frá því, sem nú er. Er ætlazt til, að hann hætti að sinna sjúkravitjunum, en aðalstarf hans verði skýrslugerð. Í samræmi við þetta er sett það ákvæði í 6. gr., að laun þess læknis verði 1½ sinnum hærri en laun annara héraðslækna, til uppbótar því, að hann verður að leggja niður læknisstörf, sem hann annars hefði tekjur af.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., þar sem n. er öll sammála um, að það verði samþ. Á þær brtt., er fyrir liggja, vil ég ei minnast að fyrra bragði. Vil heldur bíða og hlusta á það, sem hv. flm. þeirra segja um þær.

Pétur Magnússon: Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir þá breyt. á Ísafjarðarlæknishéraði og Nauteyrarlæknishéraði, að Súðavíkurhreppur verður tekinn undan Ísafjarðarhéraði og lagður undir Nauteyrarhérað. Þá á og læknissetur Nauteyrarhéraðs að verða í Ögri og héraðið að nefnast eftir því og heita Ögurhérað.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi orðið þess varir, að ákveðin mótmæli gegn þessum breyt. hafa komið til þingsins. Eru þau frá mönnum í Súðavíkurhreppi, sem ekki vilja, að sá hreppur sé skilinn frá Ísafjarðarhéraði, og telja, að það valdi þeim erfiðleikum um læknisvitjun. Og þá ekki síður af Langadalsströndinni og það af sömu ástæðu. Íbúar Súðavíkurhrepps telja, að þeir verði eftir sem áður að vitja læknis til Ísafjarðar. Telja þeir að vonum óviðfelldið að leita annars en sins eigin læknis. Einnig óttast þeir, að þessi breyt. leiði til þess, að þeir verði neyddir til að taka þátt í byggingu læknisbústaðar í Ögri. — Getur heldur ekki talizt sanngjarnt að taka þá frá læknishéraði, sem þeir hafa lengi fylgt, flytja þá til annars héraðs, sem þeir telja, að sé þeim óhentugra, og láta þá taka þátt í byggingu læknisseturs í því héraði, enda þótt þeir búist ekki við að nota þann lækni, sem þar er búsettur.

Ég hefi því leyft mér að koma fram með brtt. við frv. Kveður hún á um það, að Súðavíkurhreppur skuli fylgja Ísafjarðarhéraði, eins og áður hefir verið. — Þá er einnig á sama þskj. gerð till. um það, að læknisbústaðurinn í Nauteyrarhéraði, eins og það nú er nefnt, skuli vera í Vatnsfirði og héraðið nefnast Vatnsfjarðarhérað.

Ég hefi reynt að kynna mér það eftir föngum, hvar sanngjarnast sé, að læknissetur þessa héraðs verði sett. Þetta atriði hefir verið og er hitamál milli íbúa héraðsins. Er því vandi að kveða á um þetta og vitanlega ekki hægt að gera það, svo að öllum líki vel. Íbúar Nauteyrarhrepps vilja ekki missa læknissetrið frá sér. Og þeir, sem hafa kynnt sér vegalengdir þarna og afstöðu alla, geta séð, að aðstaða manna innst úr Nauteyrarhreppi verður erfið til læknisvitjana, ef læknissetrið er ákveðið í Ögri. Því verður og heldur ekki neitað, að aðstaða manna utan til í héraðinu verður erfið, ef læknissetrið er á Langadalsströndinni. Hér er því í brtt. farið bil beggja og lagt til, að læknissetrið verði í Vatnsfirði. Þeir einir, sem þá má segja, að illa verði úti, eru þeir, sem búa á Snæfjallaströndinni utan til. Þeir eiga vitanlega enn erfiðara með að vitja þangað læknis en í Ögur. En þess ber þó að gæta, að íbúar eru þar færri og læknisvitjanir þess vegna ótíðari. Og það mun ávallt verða svo, að læknir verður ekki settur annarsstaðar en þar, að erfitt verður um læknisvitjun af Snæfjallaströndinni utanverðri. Hafa þeir og notað lækni á Ísafirði ekki síður en sinn eigin lækni. Ef sú skipun verður á þessu gerð, sem ég legg til, þá verður fyrir þá fullt eins hægt að vitja læknis til Ísafjarðar. Verður þá afstaða þeirra hin sama og áður hefir verið.

Eins og ég sagði, þá er þetta hitamál

í héraðinu. Með till. hefi ég því viljað reyna að þræða meðalveg og ákveða læknisbústaðinn svo, að sem flestir megi vel við una. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Hv. þdm. verða sjálfir að gera upp við sig, hvað þeir álíta réttast í málinu. Fyrir mitt leyti þykist ég hafa valið sanngjarna leið.

Halldór Steinsson: Eins og hv. frsm. tók fram, eru fá nýmæli í þessu frv. Aðalefnið er í l. frá 1907, en auk þessa eru önnur lagaákvæði tekin með, og er gott að fá þetta með viðeigandi breyt. í eina heild. Aðalnýmæli frv. er breyt. á héraðslæknisembættinu í Reykjavík, og reyndar líka nokkrar breyt. á læknishéruðum landsins, sem inn í það hafa komið undir meðferð þess í þinginu. Þegar ég sá frv., saknaði ég þess, að í 6. gr., þar sem talað er um laun læknanna, varð ekki séð, að ákveðin væru laun læknis í Ólafsfjarðarhéraði eða honum ætluð laun. En ég sé nú, að landlæknir hefir ráðið bót á þessu með nýju frv. um laun þess læknis. — Hér liggja nú fyrir tvær brtt., og get ég á hvoruga fallizt. Önnur er um hið margumtalaða Ögurhérað. Í frv. er ákveðið, að læknissetrið verði í Ögri. En með brtt. er lagt til, að það verði í Vatnsfirði. Þessi till. er byggð á mótmælum, sem komið hafa úr þessu héraði gegn því, að læknissetrið verði í Ögri. En nú er það svo, að mótmæli hafa komið frá báðum hliðum úr þessu héraði. Og ef byggja skal á mótmælum, sem fram hafa komið gegn því, að læknissetrið verði ákveðið í Ögri, þá má ekki síður byggja á miklu fjölmennari áskorun, sem komið hefir fram um það, að læknissetrið verði í Ögri. Ef því meiri hl. héraðsbúa eiga að ráða þessu, þá er eðlilegast, að læknissetrið sé ákveðið í Ögri. Ég get heldur ekki af framansögðu verið með þessari brtt.

Hin brtt. er um það að leggja Höfðahverfishérað niður. Ég held nú, að ég hafi verið sá eini hér í hv. d., sem var á móti stofnun nýs héraðs í Ólafsfirði, þegar það mál var hér fyrir d. Var það af því, að ég tel ekki rétt að stofna lítil héruð. En þótt ég hafi þá skoðun, þegar um skipun nýs héraðs er að ræða, þá er ég líka mótfallinn því, að niður séu lögð gömul læknishéruð, því að þar sem læknir hefir lengi verið, eins og ástatt er um þetta hérað, eru það mikil viðbrigði fyrir íbúa héraðsins að tapa honum. — Eins og gengið var frá Höfðahverfishéraði í Nd., þá var það víst lítið meira en einn hreppur. En einn fjölmennur hreppur getur líka átt kröfu til þess að hafa sérstakan lækni, og hv. 2. þm. Eyf. byggði einmitt á því, er hann mælti fyrir því, að Ólafsfjörður væri gerður að sérstöku læknishéraði. Á þetta féllust flestir hv. þdm. Eins mun vera ástatt í því héraði, sem hér um ræðir, að þar yrði erfitt um læknisvitjun, ef héraðið væri niður fellt. — Einkum má segja, að það sé vart viðeigandi, þar sem fólkið í þessu héraði er orðið því vant að geta náð í lækni á hægan hátt. Ég tel þetta því heldur ekki rétt og er því mótfallinn báðum brtt.

Jón Jónsson: Hv. þm. Snæf. hefir nú tekið af mér ómakið og talað fyrir brtt. minni, þótt á annan veg sé en ég hefði gert.

Ég álít nú í sjálfu sér, að varhuga beri að gjalda við því, að stofnuð séu fleiri embætti eða haldið uppi en þörf er á. Að vísu var nú hér í vetur samþ. stofnun eins nýs embættis, þar sem var Ólafsfjarðarhérað. En þá færði hv. 2. þm. Eyf. svo ljós rök að því, að þarna væri þörf á að hafa sérstakan lækni, að þdm. sáu sér yfirleitt ekki fært að standa á móti því. En þá var þó nokkuð athugað í n., hvort ekki væri hægt að fækka annarsstaðar, þótt ekki væri hægt að neita Ólafsfirðingum um sérstakan lækni vegna erfiðrar aðstöðu til læknisvitjunar.

Af því héraði, sem brtt. okkar á þskj. 678 ræðir um, voru klipptir hreppar í Nd. og lagðir til annara læknishéraða, svo að nú eru ekki eftir í því nema tæplega 1½ hreppur og íbúar þess ¼ færri en í Ólafsfjarðarhéraði. Þetta hérað verður því eitt með mannfæstu héruðum. Að vísu verða máske 2 héruð við Breiðafjörð og 1 á Ströndum fámennari. Ég vildi með þessari brtt. gera afsökun mína um að benda á, að þarna væri hægt að fækka, ef hv. þd. vildi fallast á að gera það. Þarna er um að ræða sókn í Hálshreppi með 140 íbúum, sem hæglega gæti vitjað læknis til Akureyrar. En Grýtubakkahreppur með um 500 íbúum yrði að

sækja yfir fjörðinn til Dalvíkur. Telja kunnugir menn, að ekki séu tormerki á að komast yfir fjörðinn svo innarlega. Ég held því, að sómasamlegt sé, þótt þessi skipun sé á því gerð, að skipta þessu héraði milli Svarfdælahéraðs og Akureyrar. Það verða að vísu fáeinir bæir í Þorgeirsfirði og Hvalalátursfirði, sem verða illa úti. En kunnugir menn segja þó, að þeim sé lítið erfiðara að sækja til Dalvíkur en þó læknir sé þarna kyrr. En læknismálum þessa héraðs verður ekki svo skipað, að þessir bæir hafi ekki jafnan erfiða aðstöðu. — Ég vildi benda hv. d. á þetta og kom með það í till. formi, svo að það geti komið til framkvæmda, ef þingið vill fallast á það. En ég geri samþykkt þess ekki að neinu kappsmáli. Ég tel rétt og skylt, að athugað sé gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að fækka einhversstaðar móti þeirri fjölgun, sem orðin er. Og ég fyrir mitt leyti tel þetta fært.

Frsm. (Einar Árnason): Mér er kunnugt um, að hv. flm. till. leggja ekkert kapp á að koma þeim fram. Skal ég því reyna að haga orðum mínum svo, að þau veki ekki deilur. Ég vil þó gera nokkrar aths. við þær. Er þá fyrst brtt. hv. 4. landsk. Það er rétt, sem hv. þm. tók fram, að nokkur togstreita mun hafa orðið um læknisbústað í þessu héraði. Hefir verið safnað áskorunum og undirskriftum með og móti, og niðurstaðan orðið sú, að mikill meiri hl. kosningabærra íbúa héraðsins hafa óskað eftir Ögri sem læknissetri, eins og gert er ráð fyrir í frv. Vitanlega verða hlutaðeigendur aldrei á eitt sáttir um slík mál sem þessi. Hver sveit vill hafa lækninn sem næst sér. En einhver verður úr að skera. Þingið verður því að taka ákvörðun sína eftir því, sem það álítur heppilegast almennt skoðað.

En að því er snertir Súðavíkurhrepp, sem hv. þm. sagði, að ætti hægasta sókn til Ísafjarðar, þá vil ég leyfa mér að benda á það, að við Ögurhérað er sú aths., að íbúum Súðavíkur er heimilað að vitja læknis jöfnum höndum til Ísafjarðar sem Ögurs. Hafa þeir því sama rétt og þann, er þeir hafa haft áður. Þessi hreppur verður því ekki að neinu leyti verr settur en hann er nú og þurfa þeir því ekki að vera óánægðir með brtt.

Læknirinn hefir nú upp á síðkastið setið í Ögri, svo að héraðsbúar hafa fengið reynslu af því og yfirleitt líkað það vel. Samgöngur um þetta hérað eru aðallega með Djúpbátnum milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar, og Ögur er þar í leiðinni. Er það mjög þægilegt, að læknirinn geti komizt þannig með bátnum inn eftir sínu héraði og til baka aftur. Þetta er ein ástæðan af mörgum fyrir því, að ég tel ekki rétt að breyta þessu atriði. Ennfremur er sú ástæða, að þegar þetta frv. var til meðferðar í Nd., þá kom engin brtt. í þessa átt frá þm. þessa kjördæmis, og tel ég það mjög mikilsverða ástæðu fyrir því, að þessi brtt. eigi ekki að ná fram að ganga.

Þá var það brtt., sem hv. 3. landsk. mælti fyrir, og var hún um það, að leggja niður Höfðahverfislæknishérað. — Hann talaði fyrir þessari brtt. á þeim grundvelli, að það væri óheppilegt eða a. m. k. athugunarvert að fjölga embættismönnum. Þetta má auðvitað segja, ef það er verulegt fjárhagsatriði. En ég vil aðeins benda honum á, að með því að gera Ólafsfjörð sérstakt læknishérað fellur niður læknisvitjanastyrkur sá, er Ólafsfjörður hefir fengið í fjárlögum, en hann er 2600 kr. Auk þess sparast 500 kr. við það, að Ögurhérað færist í lægri launaflokk, svo að sú breyt., sem hér er lagt til, að gerð verði á skipun læknishéraðanna, getur aldrei komið til með að kosta ríkissjóð meira en 1000 kr., og er ekki hægt að segja, að það sé stór upphæð, þegar um það er að ræða, að hjálpa afskekktum hreppi til að tryggja sér læknishjálp.

Ég neita því að vísu ekki, að mögulegt sé að leita læknis úr Höfðahverfi til Dalvíkur. Það er hægt, þegar mótorbátar ganga þarna, en getur þó verið ómögulegt, ef ófært er sjóveður. Nú er þess að gæta, að Grýtubakkahreppur er mjög víðlendur, og honum tilheyrir afskekkt sveit norðan í landinu. Þar er yfir fjöll og firnindi að fara inn í Höfðahverfi, þar sem læknissetrið er. Ef þar væri ekki læknir, þá yrði að bæta við sjóleið yfir fjörðinn vestur til Dalvíkur. Verður þetta í mörgum tilfellum tvær dagleiðir. Ég vil helzt líkja þessu við það, ef menn, sem byggju í Hornvík eða Aðalvík, ættu að sækja lækni í Ögur. Sömuleiðis til-

heyrir Látraströndin Grýtubakkahreppi og nær út með öllum Eyjafirði, og væri miklum erfiðleikum bundið að sækja lækni þaðan til Dalvíkur. — Þess er ennfremur að gæta með Draflastaðasókn, sem nú er í þessu læknishéraði, en á eftir till. að leggjast til Akureyrar, að Akureyrarhérað er svo víðlent og mannmargt, að það væri óhugsandi, að héraðslæknirinn þar gæti annað því öllu. Þess vegna yrði það að koma á bak þeirra praktiserandi lækna, sem á hverjum tíma eru á Akureyri, og er þá vitanlega undir högg að sækja, hvort hægt er að fá þá lækna. Ég tel því rétt að fara ekki að vekja óánægju og erfiðleika hjá því fólki, sem þarna á hlut að máli, með því að fella niður þetta hérað, þar sem þarna er líka læknir, sem vill vera þar áfram, svo að það er ekkert því til fyrirstöðu, að héraðinu verði þjónað. Ég hefði því helzt óskað eftir, að hv. flm. þessarar till. vildu taka þær aftur, því að ég held, að ef þetta verður samþ., þá geri það ekki annað en að valda hlutaðeigandi héraðsbúum óánægju og erfiðleika.

ATKVGR.
Brtt. 677,1 felld með 8:4 atkv.
— 677,2 tekin aftur.
— 678,a—c felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með öllum (14) atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 730).

47. Flugmálasjóður Íslands.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 17 frá 1930, um stofnun flugmálasjóðs (þmfrv., A. 217).

Á 38., 40., 41., 44., 48., 49. og 50. fundi í Nd., 30. marz, 1., 2., 6., 11., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Ég hafði hugsað mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, en þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, get ég eftir atvikum látið mér nægja að vísa til grg. frv., og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 217, n. 471 og 503).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég get að mestu vísað til nál. meiri hl. á þskj. 503 um þetta mál, þar sem tekið er fram það, sem máli skiptir, og ástæður færðar fyrir því, að eins og nú stendur er ekki gerlegt að leggja flugmálaskattinn niður. Ástæðurnar eru þær, að nú eru á döfinni samningar við vestræna flugfélagið, sem fengið hefir hér sérleyfi til viðkomu og fyrir lendingarstaði á millilandaflugi. Félag þetta hefir gefið í skyn — eða jafnvel gefið fyrirheit um að taka upp flug innanlands, eða framhald af innanlandsflugi því, er hér hefir verið undanfarið, og þá jafnframt að kaupa eignir innlenda flugfélagsins, sem starfað hefir undanfarið, en nú orðið að hætta störfum vegna fjárskorts. Meðan ekki er útséð um þessa samninga, sem bundnir eru við það, að félaginu vestræna verði tryggður flugskattur sá, er innlenda flugfélagið hefir notið undanfarið, er ógerlegt að fella skattinn niður með lögum. Slíkt gæti orðið til þess, að ekkert yrði úr innanlandsflugi vestræna fél. hér, og auk þess myndi það baka innl. flugfélaginu tilfinnanlegt tjón að geta ekki losnað við

eignir sínar og skuldir með haldkvæmri sölu flugvéla og flugtækja. Þótt ef til vill sé ekki hægt að benda á mikinn árangur af starfsemi hins innlenda flugfélags, munu þó allir kannast við, að það sé og hafi verið fyrsti vísir til innlends flugs og bættra samgangna eftir loftleiðum, sem stuðnings sé verður, þó eigi væri nema með því móti, að gera félaginu mögulegt að selja eignir sínar. Á þetta er ljóslega bent með þskj. 503, og vona ég, að hv. þm. hafi kynnt sér það. Ég hefi ekki viljað leggja til, að frv. væri fellt, af því að mér fannst mjúklegri meðferð á því að bera fram dagskrá í málinu, og sú dagskrá liggur fyrir á nefndu þskj.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, klofnaði n. um málið. Minni hl. n. leggur til, að lögin um flugmálasjóð verði afnumin og frv. samþ. óbreytt.

Það má ef til vill segja, að nauðsyn hafi verið á því að afla flugfélaginu tekna í byrjun, en sú nauðsyn er a. m. k. ekki lengur fyrir hendi, eftir að félagið er orðið gjaldþrota og hætt að starfa.

Ég vil í þessu sambandi til samanburðar benda á annað félag, sem stofnað hefir verið hér á landi til að annast samgöngur. Þetta félag er Eimskipafélag Íslands. Það var stofnað af þjóðhagslegri nauðsyn, til þess að koma í veg fyrir, að erlendir menn okruðu á vöruflutningi frá og að landinu, og jafnframt til þess, að landsmenn gætu sjálfir ráðið tilhögun flutninganna í sambandi við eðlilega framþróun atvinnu- og viðskiptalífs hér á landi. Þetta félag átti mikinn þátt í því, að sjálfstæðismál vor fengu svo skjóta lausn. Það var því að þakka að verulegu leyti, að við fengum siglingafánann, og það var því að þakka, að við gátum verið sjálfum okkur nógir um siglingar á stríðsárunum. En þetta tvennt voru einna þyngstu lóðin á vogarskál okkar Íslendinga, þegar við gengum til samninga við Dani 1918. Þetta félag var stofnað af fjárhagslegri nauðsyn, sem allri þjóðinni var auðsæ, enda lagði mikill hluti þjóðarinnar fé fram til stofnunar þess. Hin sama nauðsyn er enn fyrir hendi, og þess vegna hafa menn tekið því með ró, þótt þeir hafi tímunum saman enga vexti fengið af fé sínu. Og það er þessi sama nauðsyn, sem mun halda landsmönnum saman í þéttri fylkingu um þetta félag.

En lítum svo á flugfélagið. Var það stofnað vegna nauðsynjar landsmanna? Skipti það svo miklu máli, hvort einstaka bréf eða einstaka farþegi komst 2 dögum fyrr á ákvörðunarstað en ella kynni að hafa orðið? Nei, hér var ekki um neina þörf eða nauðsyn að ræða. Til flugferðanna var eingöngu stofnað til að svala sport- og skemmtanalöngun þjóðarinnar, að sínu leyti eins og leikhús og kvikmyndahús. Vélar þær, er keyptar voru, höfðu aðeins 1 hreyfil, og voru því óhæfar til annars eða meira en snatt- og skemmtiflugs í góðu veðri.

Því var að vísu haldið fram, þegar félagið var stofnað, að þessar flugvélar gætu annazt fólksflutninga í hvaða veðri sem væri og í hvaða árstíð sem væri. Meira að segja var slegið á þá strengi, að flugvélarnar myndu geta komið að haldi, þegar hafís innlyki Norðurland. Reynslan hefir orðið önnur. Á þessum tyllingum byggðist það, að hægt var að ginna út úr einstaklingum, bæjar- og sveitarfélögum stórar fjárhæðir til þessa fyrirtækis, og með hinum sömu röngu forsendum var hægt að fá þm. til þess að samþ., að ríkið legði fram stórfé, og loks var á svipuðum grundvell samþ., að einn atvinnuvegur landsmanna skyldi skattlagður til stuðnings flugferðunum, fáeinum mönnum til skemmtunar. Það var gert ráð fyrir því, þegar flugskatturinn var samþ., að svokallað síldarflug gæti orðið til mikilla hagsbóta fyrir síldarútveginn. Þetta hefir alveg brugðizt. Því hefir verið haldið fram, að Ísland hafi orðið fyrst til þess að nota flugvélar við síldarleit. Má vera, að svo sé, en það er þó vafasamt. Norðmenn hafa einnig undanfarið notað flugvélar til síldarleitar, en ekki látið síldarútveg sinn kosta þær, heldur hafa það verið flugvélar frá flotanum, sem ókeypis hafa flogið síldarflug. En út af slysi, sem varð í slíkri leit í sumar, lýstu norskir síldveiðimenn yfir því, að þeir teldu sér þetta síldarflug algerlega gagnslaust. Sama reynslan hefir fengizt hér heima. Að vísu mun

einn íslenzkur skipstjóri hafa haldið því fram, að hann hafi í eitt sinn haft nokkurt gagn af slíku flugi, og hefir hann jafnan verið því fylgjandi síðan, og haldið því fram, að það mætti að gagni koma. En ég efast um, að nokkur annar skipstjóri finnist, sem við síldveiðar hefir fengizt, er telji síldarflugið vera til nokkurs gagns. Nú má benda á, hvernig þessi síldarleit hefir verið framkvæmd. Samkv. l. um flugmálasjóð var það skilyrði fyrir því, að gjald þetta yrði innheimt, að haldið yrði uppi flugferðum í 3 mánuði. Þetta hefir ekki verið gert. Sumarið 1931 var mjög góð veðrátta yfirleitt, en þó eigi flogið nema tvo mánuði. Samkv. skýrslu, sem hefir verið gefin út um þetta og útbýtt hér í d., var ekki hægt að fljúga nema einar 43 ferðir í þessa ca. 2 mánuði, sem flugan er talin að hafa verið við síldarflugið. Þrátt fyrir hið góða veður var ekki hægt að fljúga oftar. Það reyndist svo, að ekki var þorandi að fljúga í golu, þegar ekki var hægt að setjast á sjóinn; í dimmviðri og þoku var heldur ekki hægt að fljúga, það var aðeins hægt í logni og björtu veðri. Af þessum 43 ferðum hafa, að því er maður sagði mér, sem hefir séð þessa skýrslu flugfélagsins, ⅔ verið farþegaflug. M. ö. o. að t. d. öll flug milli Akureyrar og Siglufjarðar með farþega — og þau voru mörg —voru talin síldarflug. Flugvélin hefir farið flug með farþega og póst frá Rvík til Akureyrar, og hin fer mjög oft með farþega og póst milli Akureyrar og Siglufjarðar, og allar þessar ferðir eru heimfærðar undir síldarflug, þótt engan varði um síld inni í Eyjafirði, þar sem skipin eru stöðugt á ferð. Þegar þessa er gætt, er það augljóst, að síldarflugið hefir verið æði takmarkað, sennilega ekki farnar nema ca. 16 ferðir og um 10 þeirra hefir skýrsla verið gefin.

Ég vil biðja menn að athuga í skýrslu þeirri, sem útbýtt var hér í deildinni í þingbyrjun, hvernig reynt er á allan hátt að sýna fram á, að ferðirnar hafi komið að gagni. Oftast er það orðað svo, að flugan hafi flogið þetta og þetta og séð síldartorfu. En hún sá venjulega meira. Hún sá fjölda skipa vera að veiða síldina. Ég skil ekki þann hag, sem skipin geta haft af því, að flugvélin fljúgi yfir þar sem þau eru að veiða. Það var að vísu í eitt sinn, er flugvélin flaug vestur á Húnaflóa, að hún sá síld, sem aðrir virtust ekki vita um, eða kæra sig um, því að þá var nóg síld fyrir Norðurlandi. En þetta varð til þess, að nokkrir bátar frá Ísafirði tóku sig upp frá Siglufirði og fóru vestur, ekki vegna vöntunar á síld, heldur vegna „hinnar afarseinu afgreiðslu síldarverksmiðjunnar á Siglufirði", eins og það er orðað í skýrslunni. Þarna kemst formaður flugfélagsins, sem ritar þennan pésa, í hrifningu yfir hinu mikla gagni í þessari flugferð. Til þess að geta gert kröfu til flugskattsins þurfti flugfélagið samkv. lögum að halda uppi stöðugu síldarflugi í 3 mánuði. Í þess stað eru aðeins farnar ca. 16 ferðir, eftir því sem næst verður komizt, án þess að séð verði, að þær hafi orðið að nokkru gagni, nema e. t. v. í þetta eina sinn, ekki af því, að síld vantaði, heldur sáu nokkur skip sér hag í því af öðrum ástæðum að skipta um stað. Gagnsleysi flugsins var fyrirfram vitað. En hitt er næsta athyglisvert, að flugfélagið skyldi geta fengið flugskattinn innheimtan og greiddan sér, þó að það svikist um að uppfylla sett lagaskilyrði.

Ég efast ekkert um, að þegar l. um flugmálasjóð voru samþ. hér á Alþ., hafa margir þm. litið svo á, að þetta myndi koma síldarútveginum að miklu liði. En þegar sýnt er fram á, að svo er ekki, þá er næsta merkilegt, að nokkrum manni skuli detta í hug að vilja halda áfram að skattleggja þennan sérstaka atvinnuveg, sem hefir ekkert annað gagn af því en að nokkrir þeirra manna, sem hann stunda, þurfa mikið að ferðast að sumrinu og kynnu e. t. v. að telja sér meiri hag í því en aðrir að geta verið fljótir í förum staða á milli. Það væri eitthvað svipað, ef suðurlandsundirlendið, — Árnes- og Rangárvallasýsla —, sem hefir engar hafnir og af þeim ástæðum þarf að nota vegi meira en aðrir, yrði að bera allt vegaviðhald á landinu. Það er alveg hliðstætt því, að menn vilja leggja á eina atvinnugrein að halda uppi flugferðum fyrir alla þjóðina. Hv. frsm. meiri hl. minntist á það, að flugfélagið væri búið að kosta miklu fé til. Það er rétt. En hvaðan hefir það fé komið? Ég hefi minnzt á það, að ginnt hefir verið fé út úr einstakling-

um, sveitar- og bæjarfélögum, og sömuleiðis hefir verið kríað fé út úr ríkissjóði, og í byrjun ársins 1931, þegar stjórn flugfélagsins hlýtur að hafa séð, að fjárhagurinn var að verða svo þröngur, að horfði við gjaldþroti, hefir hún úr ríkissjóði 70 þús. kr. styrk, sem veittur var fél. í þess ár fjárl., sumpart sem beinn styrkur, sumpart til hlutafjárkaupa. Jafnframt myndast félagið við að halda uppi síldarflugi, að nafninu til ⅔ þess tíma, sem tilskilið er í flugmálasjóðslögunum, og gengur síðan eftir flugskattinum fyrir það ár. Og loks heldur stjórn flugfélagsins áfram að taka á móti fjárframlögum eða hlutafé frá einstökum héruðum, þangað til félagið varð að lýsa sig gjaldþrota. Mér er kunnugt um, að Eyjafjarðarsýsla sendi sitt tillag eitthvað viku áður en fregnir komu um, að félagið væri að verða gjaldþrota. Má segja, að félagið hafi verið duglegt að afla sér fjár og ekki sparað „agitationir" í því skyni. Ég minnist þess, að í sumar sem leið, þegar flutt var hér í d. frv., sem gekk í þá átt að lækka flugskattinn um helming, þá sá ég varla þm. svo á götu hér í bænum, að formaður flugfélagsins væri ekki að tala við hann eða á harðahlaupum á eftir honum, sennilega til þess að mótmæla þessu hróplega ranglæti. Þetta sýnir, hversu kappsamlega var róið á þingmönnum til þess að fá samþ. fjárframlög til þessa félags. Ég vil ekki út af fyrir sig fordæma eða telja flugferðir óalandi og óferjandi, en ég vil, að menn geri sér það ljóst, að flugferðum þýðir ekki að reyna að koma hér á, nema með sterkari flugvélum en hingað til hafa verið notaðar hér. Til þessa þarf flugvélar með tveimur eða fleiri hreyflum. Ég get ekki skilið, þegar þetta félag er komið á höfuðið og búið að leika þá, sem lagt hafa fram fé, svo grátt, og félagið sem sagt hefir brugðizt öllum þeim vonum, sem menn voru tældir til að gera sér um það við stofnun þess, að nokkur þm. skuli dirfast að halda því fram, að rétt sé að halda flugskattinum á síldarútveginum óbreyttum. Og jafnvel þótt einhverjir samningar standi yfir um að halda flugi áfram í einhverri mynd, þá finnst mér meira en lítil frekja að bjóða upp á, að það skuli gert með þeim skilyrðum að halda óbreyttum flugskatti á einni atvinnugrein landsmanna. Ég get alls ekki þakkað félaginu, sem nefnt hefir verið í þessari hv. d. sem samningsaðili, þótt það biti á slíkt. Það má eitthvað gera fyrir 50—70 þús. kr. á ári, ef síldarfluginu er haldið allan tímann. En síldarútvegurinn er nú af mörgum ástæðum að komast í kaldakol, ekki síst vegna einkasölunnar frægu, og finnst mér því til fullmikils mælzt að ætla honum að halda uppi þessari skemmtistofnun landsmanna, því að annað hefir félagið ekki verið hingað til.

Að vísu má segja, að verði síldarfluginu ekki haldið uppi, sé heldur ekki hægt að krefjast skattsins samkv. lögum. En samt hefir það verið gert án þess að fullnægt hafi verið þeim ákveðnu skilyrðum. Fluginu var síðastl. sumar aðeins haldið uppi í 2 mán. af þrem, sem tilskilið er. Geta menn því jafnvel búizt við, að þótt ekkert síldarflug verði, þá verði flugskatturinn innheimtur eftir sem áður. Auðvitið biður enginn um síldarflug, því að það er alveg gagnslaust, og jafnvel þótt eigi næðist að afnema flugskattinn, og halda ætti uppi einhverju kákflugi (síldarflugi), myndi engum síldarútvegsmanni detta í hug að óska eftir þessu gagnslausa flugi.

Þá er enn eitt atriði í þessu sambandi. Það hefir verið talið, að flugvélarnar gætu komið að nokkru gagni hvað strandvarnir snertir, og mætti líta svo á, að rétt væri, að síldarútvegurinn bæri einhvern hluta af þeim kostnaði. Einnig þetta er rangt. Á sumrin, meðan björt er nótt og allt fullt af skipum við Norðurland, er það hrein undantekning, ef svo ber við, að útl. skip fara í landhelgi til að veiða þar. En þegar þokur koma, þá fara þau frekar inn fyrir, ef þau telja sér það hag, en þá kemst flugvélin ekki úr höfn. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þetta frv. verði fellt. Ég get ekki skilið, þótt flestir hinir sömu þm., sem samþ. flugskattinn, eigi nú sæti á Alþingi, að þeir geti nú, að fenginni reynslu um gagnsleysi síldarflugsins, fengið sig til að greiða atkv. á móti afnámi hans. Því að vitanlega byggðist samþykkt hans upprunalega á þeim röngu forsendum, að hann mundi verða síldarútveginum að miklu gagni. Þótt meiri hl. sjútvn. hafi af sér-

stökum ástæðum talið óheppilegt að gera þessu gjaldþrota félagi ómögulegt að reisa sig við aftur með því að afnema flugskattinn, þá er þess að gæta, að engar minnstu líkur — hvað þá sannanir — eru fyrir því, að samningar takist við hið erlenda félag. Ég leyfi mér beinlínis að skora á hv. þm. að athuga, hvað það hefir í för með sér að ganga inn á þá braut, að skattleggja eina sérstaka atvinnugrein landsmanna eins og gert er með flugskattinum, alveg að nauðsynjalausu. Sú stefna hlyti að verða afar óvinsæl og beinlínis hættuleg. Og ég tel mér óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd þeirra Norðlendinga, er hér eiga sérstaklega hlut að máli, að verði flugskatturinn ekki numinn úr lögum, en innheimtur þrátt fyrir yfirlýsingar þeirra um, að þeir æski ekki flugsins, þá munu þeir af alefli vinna á móti því, að það flugfélag, sem síldarfluginu heldur uppi á þeirra kostnað, en í fullkominni óþökk, geti þrifizt, a. m. k. hvað flug á Norðurlandi snertir.

Ég ætla að svo stöddu ekki að hafa orð mín fleiri, en geri ráð fyrir að þurfa síðar að bæta nokkrum orðum við, eftir að aðrir hafa tekið til máls.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég mun ekki taka þetta eins geyst og hv. frsm. minni hl. og finnst engin ástæða til að taka málið með þvílíkum ákafa og hann hefir gert. Ég álít heldur ekki eiga við að draga inn í þessar umr. alveg óskyld efni, eins og t. d. stofnun og starf Eimskipafélags Íslands. Framhjá öllu sliku, sem málinu er óviðkomandi, mun ég ganga. En þar sem hv. frsm. minni hl. heldur því fram, að hér sé ekki og hafi ekki verið um annað að ræða en leikaraskap með flugferðir og telur þetta fyrirtæki — Flugfélag Íslands — hliðstætt byggingu kvikmyndahúss eða leikhúss, þá finnst mér hann hafa skotið langt yfir markið og muni aldrei markið hæfa með þvílíkum röksemdum. Hvað hafa aðrar þjóðir gert í þessu efni? Hefir eigi um öll lönd verið viðleitni hin síðari ár til undirbúnings reglubundnum og stöðugum ferðum? Hefir ekki hvarvetna verið reynt að ná því marki, að flugferðir gætu orðið almenningi að liði? Það er löngu ljóst, að flugvélar hafa ýmsa yfirburði yfir öll önnur samgöngutæki, og vegna þess er líka hvarvetna kapp á það lagt að koma á reglubundnum flugferðum, þar sem þær geta átt við. Það er í raun og veru mjög eðlilegt, að samgönguerfiðleikarnir hér í stóru og vegalausu landi freistuðu til loftferða og notkunar flugvéla. Og þótt hv. frsm. minni hl. geri lítið úr starfi félagsins í þarfir síldveiðanna og telji það yfir höfuð að tala óþarft, þá eru vissulega til yfirlýsingar frá ýmsum mönnum, er þennan veiðiskap hafa stundað, sem viðurkenna ekki einungis, að þær hafi orðið að liði við þetta starf, heldur og, að gagnið myndi verða miklu meira, ef útbúnaður væri sá, sem við á. Liggur það líka í hlutarins eðli, þar sem hraðfæri flugvéla er svo mikið, að þær geti miklu fremur en nokkur önnur aðferð, sem þekkist, gefið bendingar nauðsynlegar fyrir veiðimenn.

Að því leyti sem ræða hv. frsm. minni hl. laut að ákærum á hendur flugfélagsins fyrir vanrækslu á skyldustörfum, sem það hefði tekið að sér, þá er það óviðkomandi þessu máli með öllu. Hafi það vanrækt skyldur, sem það hefir undirgengizt að rækja, verður slíkt mál að sækjast á þeim rétta vettvangi og halda því utan við þetta mál. Eins og tekið er fram í nál. og ég stuttlega gerði grein fyrir í framsögu málsins, er hér um að ræða að geta haldið áfram innlendu flugferðunum, bætt úr því, sem áfátt hefir verið við þær, og veita þeim þróunarskilyrði. Að því er nú opin leið með því tilboði, sem fengizt hefir frá vestræna félaginu um að taka að sér ferðirnar og flugvélarnar. En þar sem vestræna félagið hefir sett það skilyrði jafnhliða tilboðinu, að flugmálaskatturinn haldist og verði því tryggður, þá er það vitanlega sama og hafna tilboðinu og sigla öllu í strand að fella skattinn niður. Þótt hv. frsm. minni hl. héldi því fram, að tilraunir flugfélagsins hefðu að ýmsu leyti misheppnazt og vélarnar verið of litlar og hvorki nógu vel né örugglega útbúnar, þá sýnir það ekki annað en það, sem allir reyndar vita, að getan hefir ekki náð lengra í þessum efnum; en tækifærið til þess að fá betri og öruggari tæki er nú e. t. v. á næstu grösum, og hin alvarlega spurning, sem fyrir liggur, er um það,

hvort vér eigum að taka álitlegu boði vestræna félagsins eða hafna því.

Ég verð að hverfa allra snöggvast að því, sem hv. frsm. minni hl. nefndi, um síldar- eða leitarflugið, sem hefði verið tekið upp í Noregi og reynzt þar árangurslaust, eftir yfirlýsingu veiðimanna. Slíkar frásagnir eða fréttir, sem gripnar eru úr lausu lofti, hafa ekki mikið gildi. Það er víst, að Norðmenn tóku upp þessa tilraun með tiltölulega lítilfjörlegum útbúnaði, af því að þeir höfðu spurt, að þetta hefði verið gert hér og árangurinn hefði virzt verða nokkur. Og þótt dómur nokkurra veiðimanna sé sá, að þessi fyrsta tilraun hafi ekki tekizt æskilega, er þó alls ekki nein úrslitareynsla með því fengin um það, að hverju gagni þetta megi verða. Nú verður auðvitað á það að líta, að innanlandsflugið var hér ekki einungis hafið vegna þessarar hugmyndar um síldarleit, sem var óljós í upphafi og þokukennd, heldur vegna póstflutninga og skyndiferða, sem ætíð geta fyrir komið og nauðsynlegar verið, svo sem sjúkraflutningur í lífshættu. Og sú hugmynd hefir löngu komið fram, að í sjúkdómstilfellum væru þessi samgöngutæki hin ákjósanlegustu, sem völ væri á. Á þeim stutta tíma, sem flugferðir hafa verið stundaðar hér — og aðeins er tilraunatími —, er þess ekki að vænta, að nein stórkostleg afrek verði sýnd, en víst er, að með flugi hefir þó nokkrum sjúklingum verið veitt hjálp, og nær erum vér markinu nú en þegar byrjað var að hagnýta þessi samgöngutæki Þau hafa þegar gefið góða raun við flutning pósts og sjúklinga, hvað sem sagt verður um síldarflugið. En víst er þó, að reynslan á eftir að sýna meiri og almennari árangur flugferða hér á landi en kominn er. Ég er í engum vafa um það, að síldarleitin með flugum er framtíðarskipulagið, sem haft verður við þennan veiðiskap. Nú er það kunnugt, að flugvélar þær, sem notaðar hafa verið, hafa ekki haft tæki til að tilkynna veiðifregnirnar jafnsnemma og þær hafa orðið veiðinnar varar. Þær hafa orðið að sækja um langan veg til þess að geta gert aðvart. Í framtíðinni verða þær vafalaust útbúnar slíkum tækjum, og þá má vænta þess, að árangurinn verði meiri og almennari.

Það er heldur ekki með öllu rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að allur þunginn af þessum flugtilraunum hafi hvílt á einum atvinnuvegi, síldveiðunum. Það er mjög fjarri sanni. Til flugferðanna hefir miklu meira fé verið varið úr ríkissjóði og frá einstökum mönnum en nemur flugmálaskattinum. Það er heldur ekki nema $^{9}/_{10}$ af fé flugmálasjóðs, sem fallið hefir til flugfélagsins.

En þótt mikill hluti þessa flugkostnaðar hafi samkv. lögunum frá 1930 lent á síldveiðunum, þá er þess líka að minnast, að á síðasta sumri var felldur niður $^{1}/_{3}$ af útflutningsgjaldi af síld, meðfram vegna hinnar auknu byrði af flugskattinum. Sú lækkun nam fimmfalt hærri upphæð en gjaldið í flugmálasjóð. — Annars vita allir, að síldarútvegurinn veltur ekki á þessum skatti. Ef ekki væru aðrir eða meiri erfiðleikar þess útvegar, þá væri hann ekki kominn eins og nú er. Það er annað, sem að kreppir, og mun sáralitlu skipta útveginn, hvort skatturinn er greiddur eða greiddur ekki.

Hv. frsm. minni hl. hélt því fram, að meiri hl. n., sem leggur til að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, flytji dagskrána í þeim tilgangi að bjarga við réttlausu og gjaldþrota flugfélagi. Hv. frsm. minni hl. finnst, að vér með því höfum unnið oss til óhelgi. Það má vel vera, að það verði reiknað meiri hl. n. til syndar, ef hv. þm. Ak. á um að dæma, að vilja gefa félaginu færi á að breyta eignum sínum í peningum og leggja drög að framhaldi flugferða. Ég tek mér ekki nærri slíka sleggjudóma. En það, sem mestu máli skiptir, er það, að með samþykkt frv., ef til kemur, er verið að hefta eðlilega þróun flugferða hér á landi og gera að engu kostnaðarsamar tilraunir á því sviði, sem gerðar hafa verið síðustu árin.

Það er áreiðanlegt, að flugfélagið hefir fórnað miklu fé í tilraunir undanfarið, beinlínis í þarfir þjóðarheildarinnar. Þess vegna vil ég halda því fram, að jafnvel þótt það að einhverju leyti hafi vanrækt síldarflugið eins og hv. þm. Ak. segir, þá hafi það unnið óeigingjarnt og þarft verk, sem viðurkenningu eigi skilið. Ég get ekki hugsað mér það, að vér drögumst svo aftur úr vegna þröngsýni fárra síldveiðimanna, að vér útilokum flugferð-

ir hér og það hagræði, sem af þeim leiðir, þótt allar aðrar þjóðir kappkosti að hagnýta sér þær og kosti til þess ærnu fé.

Ég álít, að hér sé í raun og veru verið að deila um keisarans skegg. Flugskatturinn er smámunir, sem skiptir engu fyrir framtíð síldarútvegsins. Hann stendur eða fellur jafnt skattsins vegna.

Ég furðaði mig einna mest á yfirlýsingu hv. frsm. minni hl. í ræðulokin. Ég held, að hún hafi ekki verið honum að öllu sjálfráð. Ég vil ekki trúa því, að hann ætli sér eða treystist að fá Norðlendinga yfirleitt til þess að vinna á móti því, að flugferðum verði haldið uppi hér á landi eins og annarsstaðar. Og þótt hann vildi leggja lið sitt til þess og hefja för með nesti og nýja skó um allan Norðlendingafjórðung, þá trúi ég því ekki, að hann komi sigri hrósandi úr þeim leiðangri.

Ég skal ekki tefja tímann á því að fara út í hvert einstakt atriði í ræðu hv. frsm. minni hl. Hann kom víða við, og sumstaðar ómaklega. Það verður að ráðast, hvernig fer um málið. En slysni mikil væri það, ef nærsýn aurahyggja nokkurra síldveiðimanna spillti því tækifæri, sem nú hefir boðizt til eflingar flugferðum hér á landi, tækifæri, sem felur í sér meiri möguleika en vænta mátti af fyrstu tilraunum, sem af vanefnum voru gerðar.

Pétur Ottesen: Mér þykir það harla undarlegt, ef Alþingi ætlar að spyrna gegn því, að þessi skattur verði felldur niður, þegar allir greiðendur hans, sem gagnsins eiga að njóta af síldarleitinni, telja sig ekkert gagn af þessu hafa. Ég verð að telja það dálítið ónærgætið gagnvart þessum mönnum að þröngva þeim til að greiða yfir 50 þús. kr. á ári fyrir það, sem þeir álíta sér einskis virði. Í mínum augum eru þau léttvæg rökin um, að svo og svo mikið gagn hafi af síldarfluginu hlotizt, þegar þau stríða gegn einróma staðhæfingu þeirra manna, sem veiðarnar stunda. Hvaða vit er í því að vera að þröngva þessari síldarleit upp á menn og leggja skatt á framleiðslu þeirra fyrir þetta, sem þeir telja sér að engu gagni koma?

Afkoma síldarútvegsins er heldur engan veginn svo, að ástæða sé til að leggja sérstakan, óþarfan skatt á þennan atvinnuveg. Hv. frsm. meiri hl. sagði reyndar, að það skipti engu, hvort þessi skattur hvíldi á honum eða ekki. Ég skal nú benda á dæmi, sem sýnir, hvað skatturinn er samanborið við það, sem síldveiðimennirnir báru út býtum á síðastl. sumri. Skatturinn nemur 10 aurum á hverja tunnu síldar, sem söltuð er, og hvert mál, sem fer í bræðslu. Ég hefi hér í höndum reikning um afkomu tveggja báta, sem gerðir voru út á síld síðasta sumar. Ég hefi áður minnzt á þann reikning í sambandi við annað mál. Af þessum reikningi er það ljóst, að hásetarnir hafa fengið greitt sem svarar 5 aur. út á hverja tunnu síldar. Eftir var þó að draga frá allan kostnað þeirra, svo sem fæði o. fl. Brúttótekjur þeirra eru 5 aur. á hverja tunnu, en flugskatturinn 10 aurar, eða helmingi hærri en það, sem þeir báru úr býtum að ófrádregnum kostnaði. Ég ætla að vona, að þetta slái niður þessari staðhæfingu hv. frsm. meiri hl., að flugskatturinn sé ekki fjöður á fati og gæti ekki neitt um afkomu útvegsins. Hann er þung byrði á útveginum, og þar sem svo er ástatt, að síldveiðimenn telja sig ekkert gagn hafa af síldarleitinni, þá er það hin svartasta rangsleitni að ætla að kúga síldveiðimenn til að inna af hendi þessa skattgreiðslu.

Um flugferðir almennt er það að segja, að það hefir hvergi tekizt enn að reka þær svo, að ríkin yrðu ekki að leggja stórfé með þeim. En með hliðsjón af því, að flugvélarnar eru stórfengleg samgöngutæki, sem standa mjög til bóta og sjálfsagt taka smám saman þeim endurbótum, að þær geti borið sig eins og skip og bílar og önnur samgöngutæki, hefir það verið talið réttmætt. En fé hefir hvarvetna verið tekið af sameiginlegum heildarsjóði landanna, ríkissjóðnum. Það er ekkert við því að segja út af fyrir sig, að veitt sé nokkurt fé árlega til flugferða hér á landi úr ríkissjóði. Við fetum þá í fótspor annara þjóða. En að ætla sér að skattleggja einn einstakan atvinnuveg til þess að halda uppi almennum flugferðum, það nær engri átt. Að inn á þessa braut var nokkru sinni farið, stafaði af því, að menn höfðu trú á því, að þetta gæti orðið síldveiðunum að einhverju

liði. En þegar reynslan hefir sýnt, að þeim tilgangi hafi ekki verið náð, virðast síldveiðimenn eiga beina kröfu á því, að þessum skatti sé af þeim létt. En ef Alþingi telur rétt, að flugferðum verði haldið hér áfram, og veiti til þeirra sérstakan styrk, þá verður sá styrkur að koma beint úr ríkissjóði, en ekki með því að skattleggja síldveiðimenn.

Ég verð að treysta því, að Alþingi líti svo rétt og hlutdrægnislaust á þetta mál, að það felli niður skattinn með öllu og samþ. frv. Ef Alþingi vill stuðla að því, að flugfélagið geti selt ameríska flugfélaginu, sem nýlega hefir fengið réttindi til þess að setja hér upp flugstöð, t. d. með því að veita styrk til áframhaldandi flugferða hér á landi, þá er það allt annað mál, sem verður að taka til sérstakrar athugunar, en alls ekki í sambandi við þetta frv.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Síldarflugið og flugskatturinn eru frá upphafi samstæð hugtök. Um leið og upplýst er, að síldarflugið sé einskis virði fyrir síldveiðarnar og eigi þess vegna að falla niður, þá eiga síldveiðimenn kröfu á því, að skatturinn sé einnig felldur niður.

Hv. frsm. meiri hl. taldi mig hafa farið út fyrir efnið, þegar ég minntist á Eimskipafélagið. Það má vera, að ég hafi haft fleiri orð um það en strangt tekið var nauðsynlegt. En samanburður á flugfélaginu og Eimskipafélaginu, sem bæði annast flutningastarfsemi, lá svo nærri og var svo eðlilegur, að ég held, að mér verði ekki með nokkurri sanngirni gefinn hann að sök, þótt hv. þm. væri sýnilega lítið um hann gefið. Það er ákaflega athyglisvert að bera saman þessi tvö félög. Eimskipafélagið var stofnað af þjóðarnauðsyn, flugfélagið algerlega að nauðsynjalausu. Hv. frsm. meiri hl. reyndi heldur ekki að andmæla þessu áliti mínu, enda stend ég ekki einn að því. Flugferðir kosta afarmikið fé, og er því óhugsandi að reka þær nema í fjölmenni. Viðvíkjandi póst- og farþegaflutningi má benda á, að hér gat ekki verið um neinar fastar ferðir að ræða, með þeim vélum, sem hér voru notaðar. Flugvélar, sem nothæfar væru til farþega- og póstflutninga hér á landi, svo að nokkurn veginn öruggt mætti telja, kosta fleiri hundruð þús. kr. Þær eru allt of dýrar til þess að skemmta sér á þeim hér í fámenninu.

Hv. þm. Borgf. sýndi fram á, hvílík fjarstæða það væri, að það stæði á sama fyrir síldarútveginn, hvort haldið væri áfram að taka 10 aura skatt af hverju síldarmáli og síldartunnu eða ekki; hann munaði hvort sem væri ekkert um svo lítið gjald. Ef þetta væri rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., þá vildi ég leggja það til, að þessi skattur væri lagður á og innheimtur daglega. Ef ekkert munar um skattinn, þá er eins ástatt um síldarútveginn og hænuna, sem varp gulleggjunum, og því óhætt að reyta hann. En þetta er hin mesta fjarstæða. Skatturinn er mjög tilfinnanlegur. Fyrir skip, sem veiðir 5000 mál, er hann 500 kr., og er það ekki lítið, þegar tap er á útgerðinni á hverju ári. Hv. frsm. meiri hl. talaði um það, að flugfélagið hafi fórnað fé í þágu þjóðarheildarinnar. Hvaða fé hefir það fórnað? Því fé, sem það var búið að sníkja út úr þjóðinni, og þá ekki sízt frá síldarútveginum. Meginið, yfir 100 þús. kr., kom frá síldarútveginum, án þess að hann fengi nokkuð í staðinn.

Hv. þm. þótti furðulegt, að ég skyldi vilja vinna á móti eðlilegri þróun flugferða hér á landi, eins og hann orðaði það. En þetta er alls ekki rétt. **(Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, ef hann á mikið eftir ....). Ég á aðeins örfá orð eftir. — Ég vil vinna á *móti óeðlilegri* þróun. Ég sé ekki mun á því að skattleggja síldarútveginn og því að skattleggja einstakling, t. d. 1. þm. S.-M., í því augnamiði að halda flugferðum uppi. Slíka lausn á því máli tel ég óeðlilega, og óeðlilega þá þróun, sem byggð væri á þesskonar gripdeildum.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri. Vildi ég aðeins undirstrika þessi atriði frekar, að gefnu tilefni.

Jón Ólafsson: Þetta mál, sem margir kannast við, hefir á undanförnum þingum hlotið meðmæli næstum ótrúlega margra þm. Þó hafa verið til þeir þm., er aðra hlið hafa eygt á þessu máli. Þeir komu í upphafi auga á það, sem nú er fram komið, að það mundi kosta ríkis-

sjóð og aðra allmikið fé. Og nú er svo komið, að fyrirtæki þetta er orðið gjaldþrota, en því var einnig spáð. Og þótt leitað sé eftir í bezta sjónauka, þá er ekki hægt að sjá, að af öllu þessu fé hafi unnizt nokkurt gagn. Þar sem svo ósleitilega var mælt fyrir máli eins og gert var fyrir þessu, þá vantaði nógu víðan sjóndeildarhring til að sjá út yfir þann gyllingamúr, sem hlaðinn var kringum þetta mál, þegar verið var að koma því af stað. Gagnið, sem þetta átti að gera, hefir ekkert orðið, — þvert á móti. Þessar flugferðir hafa einungis verið til að ginna menn til að eyða fé af fordild og ráðleysi, með ferðum hafna á milli. Sumir lögðust svo smátt, að þeir töldu fram til ágætis flugferðunum, að vegna þeirra gætu menn fengið póst tíðar og reglulegar en áður. En það kom nú samt fljótt á daginn, að í þeim sökum varð enginn ávinningur. Pósturinn var ekki fluttur oftar en áður, og flugvélarnar reyndust ófærar til að halda áætlunarferðum um hásumarið jafnvel, þegar bezt og blíðust var veðráttan. Allar þær vonir, sem gefnar voru um ágæti þessa fyrirtækis, voru sviknar.

Það vill tíðum bera við, þegar um einhverjar nýjungar er að ræða, að menn verði ginnkeyptir fyrir þeim; þeir vilja spila sig sem framfaramenn, en gæta þess svo ekki að sjá fótum sínum forráð. Því að eins og komið er á daginn, er ekki hægt að halda hér uppi flugferðum — eins og líka strax var fyrirsjáanlegt — nema með miklu meira fé en við höfum ráð á að leggja til. Nú er því komið svo, að gera verður út um, hvort landsmenn vilja sinna þessu áfram og leggja hart á sig að halda uppi flugferðum í landinu. Og hvaða ráð hafa svo þessir framfaramenn séð til þess að geta haldið áfram að þjóna fordild sinni og skemmtanafýsn með því að fljúga yfir láð og lög? Eina leiðin til þess að halda uppi flugferðum er að þeirra dómi sú, að skattleggja eina vesæla grein í atvinnulífi þjóðarinnar. Þeir einir, sem leggja fyrir sig að veiða síld, eiga að borga brúsann, og án þess að fá nokkuð í aðra hönd, því að mér hefir aldrei dottið í hug, að flugferðir í sambandi við síldarleit geti orðið okkur að nokkru minnsta gagni. Ég hefi upplýst um það áður, að síldin er sá fiskur, sem fljótur er að stinga sér og hverfa í djúpið. Þó að stórar síldartorfur hafi sézt vaða uppi við Langanes, og þótt skip, sem eru t. d. vestur undir Horni, bregði strax við, er þeim berst fregnin, þá er eins sennilegt, að síldin hafi stungið sér, svo að ekki sjáist urmull eftir af henni, þegar austur kemur. Það er því eins víst, ef farið verður eftir þessum síldarfregnum, að menn geri sér stórskaða með því. Enda hefir hv. þm. Ak. upplýst um, að þó skipum hafi borizt fregnir frá flugvélinni um mikla síld á einhverjum stað, þá hefir engum dottið í hug að fara eftir því, og var þeirra vitið meira.

Það er eftirtektarvert við ummæli hv. frsm. meiri hl., og kemur líka fram í nál., að honum finnst hér um óverulega skattlagningu að ræða. Þessi skattur er þó talið, að hafi numið um 70 þús. kr. síðastl. ár. Að vísu má segja, að þetta sé ekki stór fjárhæð samanborið við alla síldarútgerðina. En þó er óþarft að kalla hann lítinn, þegar hann bætist ofan á aðra stóra skatta og tolla, sem verða að lokum drápsklyfjar á þessari atvinnugrein þjóðarinnar. Þegar um smáa skatta og marga er að ræða, þá er það skylda löggjafans að skapa sér yfirlit yfir, hvort samanlögð skattabyrði sé hófleg á viðkomandi atvinnugrein. En mér finnst oft vilja brenna við, þegar verið er að leggja skatt á skatt ofan, að menn geri sér ekki ljóst, að hér er verið að gera byrðina of þunga, svo að sá, sem á að bera hana, leykist undir henni og verður því ekki sjálfbjarga. Mér hefir alltaf fundizt þessi flugskattur mjög ósanngjarn, og meira að segja ranglátur, auk þess sem hann er til engra nytja fyrir þá, sem honum er ætlað að koma að gagni. Mér finnst mjög ranglátt að skattleggja eina grein atvinnuveganna fyrir alla landsmenn. Og þó að forgöngumönnum þessa máls sýnist það gott og blessað, af því það kemur ekki við þeirra eigin pyngju, þá er það samt í mesta máta ósanngjarnt og ranglátt. Ef slíkur skattur á rétt á sér, þá á hann að ná til allra landsmanna. En eins og komið er fyrir okkur Íslendingum, þá tel ég ekki tímabært að halda hér flugferðum uppi, enda varhugavert fyrir Alþingi að stuðla að því að skapa mönnum

tækifæri til þess að eyða fé fyrir fordild eina.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um, að það gæti komið sér vel fyrir sjúklinga í sumum tilfellum að eiga þess kost að geta gripið til þessa farartækis. En hvaða gagn er að því fyrir sjúkan mann, sem þarf að halda á skjótri læknisaðgerð í sjúkrahúsi, að byggja á farartæki eins og flugvél, sem sýnt hefir sig að geta ekki flogið nema þriðja og fjórða hvern dag eða aðeins í blíðskaparveðri? Enda hefir það komið á daginn, að þegar grípa hefir átt til flugvélanna í þessu skyni, hefir það ekki orðið að neinu liði, og mun aldrei koma að haldi, a. m. k. með þeim flugvélum, sem hér hafa verið að undanförnu.

Annars er það dálítið merkilegt á þessum tímum, þegar mest er talað um kreppuna og atvinnuvegir þjóðarinnar eru svo lamaðir, að ekki er hægt að sjá fyrir, hvort þeir geti haldið áfram eða ekki, að þá um leið geri löggjafarnir á Alþingi ráðstafanir til þess að halda þessum rangláta skatti, sem kemur mjög hart niður á þeim, sem eiga að inna hann af hendi — eins og hv. þm. Borgf. benti réttilega á —, þegar síldin er verðlaus og menn fá ekki nema 2 kr. fyrir hverja tunnu, þá verða þeir samt að greiða skattinn, og gildir sama um hann, hvort hærra verð fæst fyrir síldina eða ekki.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að Norðmenn hefðu lært af okkur þessa dæmalausu nytjakúnst að elta síldartorfur úr loftinu. En ég held, að eitthvað sé saman við þetta frá honum sjálfum. Annars er allt öðru máli að gegna um ríki, sem hafa margar flugvélar og halda menn til þess að æfa sig við flug, og engin undrun, þó að reynt sé að hafa flugvélanna einhver ímynduð not, úr því flogið er á annað borð, því að sami er tilkostnaðurinn. En ég hefi nú samt fyrir satt, að Norðmenn hafi enga trú á síldarleit úr lofti og hafi komizt að sömu niðurstöðu og menn hér, að það sé algerlega tilgangslaust að ætla sér að nota flugvélar við síldveiðar.

Hv. frsm. sagði líka, að fyrir meiri hl. sjútvn. vekti m. a. að bjarga flugfélaginu, svo það falli ekki í kaldakol. En ég held, að það sé komið í svo mikið kaldakol, að ekki þurfi að hugsa um að endurreisa það. Það er sannreynt, að flugvélar þær, sem hér hafa verið notaðar, ganga fljótt úr sér, og þó að annað félag hugsi til að taka þær til starfrækslu, þá efast ég um, að þær reynist nothæfar. Flugmál okkar sem stendur eru reist á bjartsýni og því alveg haldlaust og ekkert nema kostnaður að reyna að halda flugferðum uppi. En hitt má vel vera, að við verðum einhverntíma svo auðug þjóð, að okkur muni ekkert um að hafa flugvélar til þess að leika okkur með að fljúga hafna milli, en það verður ekki á næstu árum, — það er eitt, sem víst er. Þegar þannig er komið fyrir félaginu, er ekki annað að gera en að halda veglega líkræðu yfir flugfélaginu og lofa því svo að sofa í friði. Okkur vantar fé, og auk þess er engin þörf á þessum farartækjum, sem vitað er um, að geta ekki komið okkur að neinu gagni.

Þegar menn tala um 70 þús. kr. sem einhvern smáskatt, þá skil ég eiginlega ekki, hvernig menn hugsa. Nú á tímum er 70 þús. kr. þó alls ekki sérstaklega smá fjárhæð. Ég geri líka ráð fyrir, að hver sem gæti komið með till. um að spara ríkissjóði 70 þús. kr. útgjöld nú á þessum tíma, hann mætti vel við afrek sitt una.

Að lokum vildi ég svo mega árétta það, sem ég hefi sagt hér á undan, með því að brýna fyrir hv. þdm., að okkur er vissulega meiri þörf að létta af sköttum en að bæta við þá eða halda við ranglátum og alóþörfum sköttum.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég hefi í raun og veru engu að svara, því að þótt margir hafi talað síðan ég lauk máli mínu, hefir ekkert nýtt komið fram í þeim umr., sem ekki var búið að segja áður. Það hefir verið endurtekið þetta sama: að flugferðirnar hafi engan árangur borið, sem auðvitað er frekleg fjarstæða. Þetta er ekkert annað en fullyrðing, enda ekkert rökstutt sagt um árangur þessara tilrauna. Það hefir líka verið margendurtekið, að flugferðir þessar hafi ekki borið sig. Það vita allir, enda var aldrei búizt við því á tilraunaskeiði þeirra því fyrsta.

Þessi fyrsta tilraun með flugferðar hér á landi hefir haft í för með sér nokkra

fjáreyðslu, og þarf engan að undra slíkt, þegar jafnumfangsmikið og algerlega nýtt tilraunastarf var hafið. En mér þóttu óvarleg ummæli hv. frsm. minni hl. um þessar flugferðatilraunir, þegar hann var að lýsa því, að fé til þeirra hefði verið **sníkt** út úr mönnum og sumir jafnvel verið ginntir til þess að leggja eitthvað af mörkum. Það var fyrirfram vitað, að menn urðu einhverju að fórna og það varð að fá einhverja til að fórna. Hv. þm. má kalla það snikjur, ef honum þykir það sæma. Þeir, sem fórnuðu fé í þessar tilraunir, gerðu það vegna þess, að þeir trúðu því, að þeir væru að vinna fyrir gott málefni og höfðu vilja og löngun til að verða því að liði. Og mér finnst þeir eiga fremur þakkir en ámæli skilið fyrir þá fórnfýsi.

Og þó að menn vilji gera lítið úr síldarfluginu og segi, að það hafi engan árangur borið, þá er þó ljóst eftir skýrslum og uppdráttum, sem fyrir liggja, að á þessum ferðum hefir sézt síld og oft verið fundin, ýmist þar, sem engin veiðiskip voru, eða þar, sem þau höfðu yfirgefið veiðisvæðið. En af því að flugvélarnar hafa ekki verið búnar loftskeytatækjum, þá þurfti jafnan að fljúga langa vegu til þess að koma af stað tilkynningum um síldarleitina, en af þessu er ljóst, að árangurinn af síldarleitinni hefir orðið minni en ella, ef hægt hefði verið að tilkynna loftleiðina til veiðiskipanna um leið og síldar varð vart. En mér finnst enga þýðingu hafa að vera að þrátta um þetta efni.

Aðeins nokkur orð verð ég að segja út af því, sem hv. þm. Borgf. tók fram. Hann hneykslaðist á flugskattinum, sem er 10 aurar af tunnu, og var að vitna í einhverja ákveðna veiðiför, þegar veiðimennirnir báru ekki úr býtum nema 5 aura fyrir tunnu hverja, en urðu samt sem áður að greiða 10 aura í flugskatt. Út af því vildi ég spyrja: Hversu oft hefir það ekki borið við, að menn hafa haldið í veiðiför og komið öngulsárir að landi? Og þarf ekki jafnt að greiða kaup og skatta, þó að ekkert veiðist? (PO: Þetta var útkoman á síðastl. sumri, en ekki einstök veiðiför). En þetta eru gagnslaus rök í svona máli og koma því ekkert við.

Það hefir verið sagt hér, að þessi skattur væri lagður á eina og ákveðna grein atvinnuveganna. En þess má þó geta, að síðan flugskatturinn var lagður á hefir verið fært niður útflutningsgjald af síld. Það er nú, að viðbættum flugskattinum, aðeins kr. 1.10, en var áður kr. 1.60. Það segir sig nú sjálft, að þessir 10 aurar geta hvorki eyðilagt síldarútveginn né bjargað honum. Annars er hér ekki nema um fyrirkomulagsatriði að ræða um skattgreiðsluna og skiptir engu máli. Eins vel mátti segja, að útflutningsgjaldið væri kr. 1.60 af hverri síldartunnu, en greidd væri ákveðin upphæð af gjaldinu til framkvæmda síldarleitar og annara flugferða. Það virðist eingöngu vera nafnið **flugskattur**, sem vekur þessa miklu andúð, þótt vitað sé, að hann er aðeins lítill hluti þess fjár, sem varið hefir verið til flugferða hér á landi.

Með þessum fáu orðum þykist ég þá hafa svarað öllum þeim, er talað hafa á móti því, að flugskatturinn haldist. Þeir hafa allir tekið upp sömu rök og lagt áherzlu á, að skattur sá, sem lagður hefir verið á síldina í þessu skyni, væri ómakleg byrði fyrir útgerðina og kæmi henni að engu haldi. En það hefir komið meira fé til þessara flugtilrauna annarsstaðar frá en sem flugskattinum nemur, — margfalt meiri og stærri upphæðir, bæði frá ríkinu og einstökum mönnum.

Aðalatriðið eins og nú er komið er það, að vestræna flugfélagið hefir boðizt til að kaupa vélar flugfélagsins íslenzka og að halda áfram flugi innanlands, ef til vill auka það með betri og fullkomnari tækjum, svo að meira liði mætti verða. En skilorðið er það, að flugskatturinn haldist. En ef flugskatturinn verður felldur niður, má ætla eftir skeytum, sem farið hafa á milli vestræna félagsins og manna hér, að útséð mundi að sinni um flugferðir innanlands, jafnframt og útilokað væri, að sala tækist á eignum flugfélagsins. Ég held því, að það sé enginn afslagur að geta með því að halda skattinum komizt að sölu þeirra gömlu flugtækja flugfélagsins, sem líta verður á að nokkru leyti eins og ríkiseign.

Til þess að sanna þetta tilboð um flugvélakaupin betur verð ég að lesa upp símskeyti frá formanni vestræna flugfélagsins til Guðm. Grímssonar. Það er dag-

sett í New-York 16. marz og barst hingað áður en Alþingi hafði veitt heimild þá, er félagið óskaði eftir um viðkomustaði hér við millilandaflug, svo sem hv. þdm. er kunnugt um. Skeytið er á ensku, og geri ég ráð fyrir, að flestir hv. þdm. skilji það engu að síður, en það hljóðar svo:

„In event concession granted Transamerican will promptly send representative Iceland with intention working out plan for continuing operation local aviation enterprise, if Iceland continues hering subsidy.

Hoyt".

(PO: Hvaða biblía er nú þetta?). Í skeytinu segir, að svo framarlega sem leyfi verði veitt, þá verði fulltrúi félagsins sendur hingað til þess að undirbúa, að innlent flug geti hafizt, svo framarlega að Íslendingar láti haldast flugskattinn eða síldarskattinn. Nú er eftir þessu fulltrúi félagsins væntanlegur hingað innan skamms að undirbúa flugferðir félagsins. Og finnst mér þá harla óviðfelldið að fella niður flugskattinn rétt áður en sendimaður þessi kemur í þeim erindum að semja um vélakaupin og innlendar flugferðir, m. ö. o. að gabba hann þessa löngu leið frá New-York til Íslands. Ég veit ekki, hvað hv. þm. sjá sér í því að fella skattinn niður einmitt nú, því að ekki má ætla, að þeir vilji láta sendimanninn hlaupa apríl hingað.

Segjum, að ekki semdist við þennan sendimann, og mundi þá auðsótt á næsta þingi að fella skattinn niður. En flugskatturinn einn út af fyrir sig hefir sáralítil áhrif á afkomu síldarútvegsins, eins og ég hefi margtekið fram.

Ég ætla svo ekki að deila um þetta lengur, enda finnst mér það þýðingarlaust. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að Alþingi vilji bletta skjöld sinn með því að gabba fulltrúa vestræna félagsins hingað og með því að hafna því gagni, sem verða mætti af komu hans og samningum. (PO: Hver hefir boðið honum?).

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Hv. frsm. meiri hl. hefir orðið tíðrætt um, að við, sem höfum mælt með frv., værum mjög á sama máli og hefðum allir byggt á þessu eina atriði, að við teldum réttmætt að nema flugskattinn úr gildi, af því að síldarleit með flugvélum hefði ekki komið og mundi aldrei koma að því gagni, sem ætlazt var til í upphafi. Svipað má segja um ræður hv. frsm. meiri hl. Þær hafa snúizt um eitt atriði, sem sé það, að útflutningstollur á síld hefði í fyrra verið lækkaður úr kr. 1.50 í 1 kr. á síldartunnu, og þess vegna væri 10 aura flugskatturinn aðeins smáræði eitt, sem útgerðarmenn munaði ekkert um.

Þegar skatturinn var lagður á, var síldin í margfalt hærra verði; þess vegna gat sá útvegur borið hærra gjald þá. En nú, þegar síldarverðið er fallið, eins og raun er á orðin, er einnar krónu útflutningsgjald af hverri tunnu síldar a. m. k. þrisvar sinnum of hátt, miðað við annað útflutningsgjald af sjávarafurðum, og er því ástæðulaust að láta lækkun útflutningsgjaldsins af síld á síðasta þingi vaxa sér svo mjög í augum sem hv. þm. gerir. Hv. frsm. meiri hl. finnst svo mikið til um lækkunina, að hann endurtekur það hvað eftir annað í báðum sínum ræðum, að það sé ekki mikið að borga eina 10 aur., þegar útflutningsgjaldið sé komið niður í 1 kr.

Þá fannst hv. frsm. það of djarft talað af mér, að ginnt hefði verið fé út úr landsmönnum. Ég veit ekki, hvað mikið hann vill leggja í orðið að ginna. Því var haldið fram strax í byrjun, þegar flugfél. var stofnað, að hægt mundi að nota flugvélar bæði vetur og sumar og svo að segja í hvaða veðri sem væri. Því til sönnunar gæti ég vitnað í blaðagreinar um þetta mál frá þeim tíma. Allt þetta hefir brugðizt; það hefir ekki verið hægt að nota flugvélarnar nema í logni og björtu veðri. Í nokkurri teljandi golu, svo ég ekki tali um í stormi, hefir aldrei verið hægt að fljúga, og heldur ekki í þykkviðri og þoku. Og þegar reynslan hefir orðið þessi og þeir menn, sem stofnuðu flugfélagið, hlutu að sjá það fyrirfram, að svona hlyti að fara, þá finnst mér ekki kveðið of rammt að, þó notað sé orðið að ginna.

Þá minntist hv. frsm. á það, eins og hann gerði áður í sinni fyrri ræðu, að til boða stæðu samningar um það, að amerískt félag yfirtæki eignir og skuldir flugfélagsins, að því tilskildu, að flug-

skatturinn héldist, og héldi síðan uppi flugferðum. Ég veit ekki til, að neinir samningar hafi verið gerðir um þetta. Hv. frsm. las upp skeyti áðan, sem átti að sanna, að þessir samningar væru líklegir. En það er einkennileg tilviljun, að einmitt núna fyrir fáeinum mínútum barst mér í hendur blað, sem út kom í dag, „Vísir", og í því er skeyti um það, að nú sé lokið samningum þessa flugfélags við Dani um að fá leyfi til að fljúga yfir Grænland. Og þar segir, að náðst hafi við stjórn Dana samningar um það, að flugfélagið fengi að gera veðurathuganir á Grænlandi næstu 2 ár, til undirbúnings undir flugferðir. Þetta útilokar, að ameríska flugfélagið geti hafizt handa um flug fyrr en a. m. k. eftir 2 ár. Þetta útilokar ennfremur, að samningar geti tekizt milli okkar Íslendinga og þessa félags, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það ætli sér að hefja flugferðir milli hafna innanlands með flugvélagörmum þeim, sem búið er að nota hér síðustu 2—3 árin. Það er hagfræðilegt lögmál, að allir hlutir, sem verzlað er með, hafa sitt gengi. Þegar um vörur er að ræða, þá er gengi þeirra það verð, sem fyrir þær fæst á opnum markaði á hverjum stað og tíma. Og þegar um einstakan hlut er að ræða, þá er gengi hans það verð, sem hann er seljanlegur fyrir. Ef ég kæmi inn í búð, sem seldi t. d. málverk, og ég sæi þar málverk, sem ég vildi gefa 70 kr. fyrir, og enginn vildi gefa meira á sama stað og tíma, þá er hið framboðna verð — 70 kr. — gengi hlutarins, þó að það kynni að vera verðlagt á 170 kr. Fengi ég ekki málverkið þá gengi ég út. En hugsanlegt er, að til væru þeir menn, sem í stað þess að ganga út, keyptu málverkið, ef þeir gætu komið því við að fá það skrifað á reikning náunga síns, þannig að hann þyrfti að borga, en ekki kaupandinn. Flugferðir hafa einnig sitt gengi. Þegar leitað var styrks til ríkissjóðs á þingi 1930, þá sýndu fulltrúar þjóðarinnar, hvað mikið þeir mátu gengi þeirra, á 70 þús. kr. Nú er félagið gjaldþrota, og hvert er nú gengi þess? Hvað vilja menn gera til þess að reisa það við aftur? Ég veit ekki, hvað hv. 1. þm. S.-M. mundi vilja gera, ef farið væri fram á styrk úr ríkissjóði. Ég efast um, að hann mundi greiða því atkv. að borga nokkurn hlut, og yrði þá gengi félagsins = 0 frá hans sjónarmiði. En ef hægt er að láta náungann borga, sem í þessu falli er síldarútgerðin, þá má vera, að málið horfi öðruvísi við.

Hv. 1. þm. S.-M. endaði ræðu sína með því, að hann tryði ekki fyrr en hann tæki á því, að menn fylgdu því máli fram að nema úr lögum styrkinn til flugferða. En ég vil enda mína ræðu með því að lýsa því yfir, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að menn vilji leika hlutverk varmennisins, sem ég nefndi í dæminu áðan, með því að koma því yfir á náungann að borga það, sem þeir vilja ekki borga sjálfir.

Jörundur Brynjólfsson: Sökum þess, að umr. hafa orðið miklar um þetta mál og talsverður ágreiningur um það, hvað gera beri út af frv., sem hér liggur fyrir, og ennfremur sakir þess, að ég hefi orðið að hafa nokkur afskipti af þessu flugmáli, þá þykir mér hlýða að gera grein fyrir atkv. mínu. Það er nú komið á daginn, sem spáð var á þingi 1930, að þetta flugfélag mundi ekki eiga sér langan aldur. Þá var, eins og kunnugt er, leitað til þingsins um 70 þús. kr. fjárveitingu til flugfélagsins. Nokkuð af þeirri fjárveitingu átti að ganga til rekstrar félagsins, en nokkuð til þess að kaupa flugvélar. Fjvn., sem varð samkv. sínu starfi að segja álit sitt um þessa fjárbón, lagði eindregið á móti henni. Það var fyrir hennar hönd, sem ég hafði orð í d. og mælti á móti fjárveitingunni, ekki fyrir þá sök, að ég væri á móti því, að þessi tilraun væri gerð, ef varlega væri farið, heldur af því, að mér þótti sýnt, að þetta myndi ekki verða starfrækt af þeim hyggindum, sem nauðsynleg eru til þess að starfsemin gæti átt sér nokkurn aldur. Það var haft til réttlætingar og meðmæla með þessu máli, að erlendar stórþjóðir hefðu látið til sín taka í þessum flugmálum og hjá þeim hefði þessi starfsemi gert nokkurt gagn. Þá var bent á það af þeim, sem voru andvígir málinu, að veitt væri mikið fé í þessu skyni, að hér stæði öðruvísi á. Við værum fátæk og fámenn þjóð, og sýnt væri, að þessi starfsemi gæti ekki borið sig og væri því ekki tímabær. Um líkt leyti — ég ætla að það hafi verið

á sama þingi — var skattur af síldveiðum lögboðinn til styrktar flugferðum og sagt, að það gæti komið sjávarútveginum að gagni. Þá voru nokkrir útgerðarmenn, sem höfðu komið auga á, að þetta mundi ekki koma að verulegum notum, og ég man eftir því, að þáv. hv. 3. þm. Reykv., sem nú er 1. þm. Rang., benti á það með glöggum dæmum, að þetta mundi ekki geta komið að tilætluðum notum og að hann hefði ekki trú á þessari starfsemi. Spár okkar andmælenda hafa bókstaflega rætzt, og má segja, að enn verr sé komið með þennan félagsskap og fjárhagslega getu hans en nokkurn okkar hefir órað fyrir. Þessum 70 þús. kr. hefir alveg verið á glæ kastað, auk allra annara fjármuna, sem safnazt hafa hjá einstökum sveitum og bæjarfélögum, eins og hv. þm. Ak. hefir réttilega bent á. Og er ekki nóg með það, að árangurinn af þessari starfsemi sé í raun og veru alls enginn, heldur er það nokkurnveginn fullvíst, að undir mjög fáum kringumstæðum getur þetta að nokkru haldi komið. Þegar á allt er litið, þá undrar mig stórlega, að nokkur hv. dm. sjái sér fært að andmæla þessu frv. um að afnema þessi lög, og finnst mér það sérstaklega gegna furðu, þar sem öll starfsemi landsmanna er í kaldakoli og þjóðin sér tæplega fram úr, hvernig hún á að sjá fyrir bjargráðum. Síldveiðaskatturinn mun nema frá 500—600 kr. af smærri skipum og upp í 2 þús. kr. af stærri skipum. Í sumar munu margir hásetar ekki hafa haft nema um 200 kr. kaup og átt að fæða sig af því. Skatturinn er því á við kaup 2—3 háseta. Þó það megi segja, að þetta sé ekki mjög mikil upphæð af hverju skipi, borið saman við útgerðarkostnaðinn, þá er það svo, að hvert strá gerir skugga, og þetta verður til þess að íþyngja atvinnuveginum. Ég geri lítið úr þeirri ástæðu, sem færð hefir verið fram, að rétt væri að halda við þessum skatti, til þess að við kæmumst að betri samningum við ameríska flugfélagið. Fyrst og fremst er það allt í lausu lofti, hvers það kann að óska, því engin tilboð liggja fyrir frá því, og þó að einhver orð hafi fallið í þá átt, að ekki væri ólíklegt, að samningar gætu tekizt, þá kalla ég það litla ástæðu til þess að vera á móti frv. Ég ætla, að það sé skynsamlegast að samþ. þetta frv. og taka þá upp samninga við þessa amerísku menn, ef þeir þykja girnilegir, og greiða þá fyrir flugferðum, þegar maður veit, hvað um er að ræða og hvort okkur er fært að uppfylla þá samninga. Mér finnst ástæða til að taka til greina óskir útgerðarmanna um að vera lausir við skattinn. Mér hefir verið sagt af nákunnugum mönnum um þessa hluti, að síldarleit úr lofti sé miklum vandkvæðum bundin, fyrir utan það, að veðráttan er svo dutlungasöm, að sjaldan er hægt að fá svo heiðskírt veður, að hægt sé að leita að síldinni, því að það mun allerfitt að koma auga á hana. Mér er sagt, að illt sé að greina, hvort það eru síldartorfur eða t. d. ufsatorfur, og verður oft ekki skorið úr, hvort heldur sé. Auk þess hefir mér líka verið tjáð það, að þegar svo skipin koma á þann stað, sem ganga hefir sézt, þá sé hún með öllu horfin, enda gefur það að skilja, því að þessi fiskur er eins og nokkurskonar „flugfiskur“, sem er fljótur í ferðum, skýtur upp við og við hér og þar og er horfinn að lítilli stundu liðinni. Eftir því, sem ég veit bezt um álit útgerðarmanna, þá er það undantekningarlítið, að þeir telja, að síldarleit úr lofti sé mjög lítils virði fyrir síldveiðarnar. Og þá getur mér ekki sýnzt nein ástæða til þess að halda áfram að skattleggja þennan atvinnuveg í þágu flugferða hér á landi. Önnur gagnsemi af flugferðum, t. d. farþegaflutningur og póstflutningur, er hégómi einber. Sökum þess, hvernig þessu máli er háttað og sakir nauðsynja, sem á því eru að draga úr tilkostnaði við þennan atvinnuveg, sé ég mér ekki annað fært en að greiða atkv með frv., og mig undrar stórlega, að hv. 1. þm. S.-M., sem er greindur, ráðinn og roskinn þm. og kann glögg skil á mörgu, skuli sjá sér fært að standa á móti frv. Ég geri ráð fyrir, að það sé af hans framfaraþrá og löngun til að bæta úr samgöngunum. En þó svo sé, að menn séu fúsir til framkvæmda og framfara, þá verður í þessu efni sem öðru að sníða sér stakk eftir vexti. Mér þætti leiðinlegt undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, ef menn brygðu fæti fyrir þetta frv., og ég vænti, að til þess komi ekki. Frekari umr. af minni hálfu geri ég ekki ráð fyrir, að verði um þetta mál, en ég vildi

gjarnan, að það kæmi í ljós, hverjum augum ég liti á þetta mál.

Jón Ólafsson: Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekkert nýtt hefði komið fram í ræðum okkar andstæðinga hans í þessu máli. En ég verð að segja það, að ég veit ekki, hvað hann kallar nýtt, ef það er ekki nýtt, þegar honum er sýnt fram á fjárhagsatriði málsins frá öllum hliðum, því nál. ber með sér, að þeir hafa ekki athugað þá hlið nokkurn hlut. Ef þetta er ekki nýtt fyrir honum, þá hefir hann gegn betri vitund verið með fullyrðingar um, að þetta væri engin fjárhæð og að þennan atvinnuveg munaði ekkert um það. Ég hefi aldrei veitzt að forgöngumönnum félagsins, og geri það aldrei, því að ég veit, að þeim gengur gott eitt til, og ég get sagt um þá, sem stóðu fremstir í að koma félaginu á, að þeir hafa sýnt þar óvenjulegan dugnað og unnið ótrauðlega. Hv. frsm. meiri hl. segist halda fluginu fram vegna framtíðarinnar. En ég held, að það hafi verið bent á það oftar en einu sinni, að eins og félagið var stofnað á veikum fjárhagslegum grundvelli upphaflega, mundi því ekki verða langra lífdaga auðið, og þó þessi skattur yrði lagður á, þá væri það ekki nærri nóg til að halda slíku gangandi, og mundi þá aftur verða flúið í ríkissjóð til að fá styrk. Ég er alveg hissa á því, hvað hv. frsm. meiri hl. virðist vera bljúgur fyrir þessu ameríska fyrirtæki, sem hann er hér að tala um, og hvað hann sýnist sanntrúaður á, að þetta sé það bjargráð, sem við þurfum í þessum fjárhagslegu vandræðum. Ég held, að þó okkar ágæti vesturíslenzki maður, Guðmundur Grímsson, eigi alla virðingu skilið, þá megum við vera fullkomlega tortryggnir og viðhafa fulla athugun á slíku máli, en ekki láta stjórnast af hrifningu, svo sem hv. frsm. meiri hl. virðist gera. Ég er hræddur um, að þeir muni teyma ýmsa nokkuð á eyrunum, eins og talsvert ber á í þessu máli. Ég get ekki skilið þessa hrifningu yfir því að veita þeim þessi flugréttindi hér á landi. Ég þekki ekki fjárhag þess félags, sem Guðm. Grímsson hefir umboð fyrir. En trúað gæti ég því, að ameríska gullið væri máske meira í orði en á borði, og gæti því vel svo farið, að flugskattur okkar gufaði upp í góðmótlegum áætlununm og umtali um væntanlegt flug.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en ég vona, að hv. þm. líti í kringum sig áður en þeir halda fram þessum skatti á þessum bágstadda útvegi.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. er nú algerlega horfinn úr því vígi, sem hann ætlaði upphaflega að verjast úr í þessu máli, að þessi skattur á síldarútveginn komi að nokkru gagni fyrir hann. Hv. þm. er búinn að viðurkenna, að það eigi að nota skattinn til þess, að flugfélagið geti haldið hér uppi almennum flugferðum framvegis. Þeir einir, sem að síldarútveginum standa, eiga að halda áfram að borga brúsann og bera kostnaðinn af almennum flugferðum í landinu. Ég verð nú að segja, að mér þykir hv. frsm. vera ósýnt um rök fyrir sínum málstað, og að hann eiga erfitt með að koma auga á varnir í þessu máli, ef hann telur það sanngjarnt að leggja þennan skatt á þá, sem stunduðu síldveiðar síðastl. sumar og fengu sem svaraði 5 aurum fyrir hverja síldartunnu, er þeir afhentu síldareinkasölunni. En flugmálaskatturinn er, eins og kunnugt er, helmingi hærri en þetta, eða 10 aur. af hverri síldartunnu. M. ö. o. þurfa síldarútvegsmenn að greiða til flugmálasjóðs helmingi hærra í skatt heldur en það, sem þeir höfðu upp úr þeirri síld, sem þeir afhentu einkasölunni til meðferðar síðastl. sumar. Ef hv. frsm. telur þetta ekki rök í málinu, að fjárhagsgrundvöllur þessara skattgreiðenda, sem hann vill að beri gjöldin áfram, er svona undirbyggður, þá held ég, að það sé honum fyrir beztu að hætta að ræða málið, og óhætt fyrir aðra að hætta umræðum um það við hann.

Hv. frsm. meiri hl. talaði mikið um, að það hefði verið samþ. á síðasta þingi að lækka útflutningsgjald af síld úr 1,50 kr. niður í 1 kr. af hverri síldartunnu. Ég skildi hann svo, að hann vildi gefa í skyn, að lækkunin hefði komið til framkvæmda á síðastl. sumri, en svo var alls ekki. Þessi lækkun gengur ekki í gildi fyrr en á þessu ári, eða komanda sumri, og kemur þá fyrst til framkvæmda. Ég verð að segja það, að útflutningsgjaldið er enn geysilega hátt. Ef

gert er ráð fyrir, að innihald hverrar tunnu seljist á 20 kr., þá ætti útflutningsgjaldið að vera aðeins 32 aurar af hverri tunnu, ef borið er saman við útflutningsgjald af öðrum vörum, en það er ekki því að heilsa, heldur er það nú þrátt fyrir lækkunina þrefalt hærra en á öðrum vörum, sem fluttar eru út úr landinu. Þess vegna er alveg ástæðulaust fyrir hv. frsm. meiri hl. að gera mikið úr því, að síldarútvegsmenn séu færari um að greiða skatt til flugmálasjóðs af því, að útflutningsgjaldið hafi verið lækkað. Þeir síldarútvegsmenn, sem fengu 2 kr. fyrir tunnuna síðastl. sumar, urðu að greiða 1,50 kr. af hverri tunnu í útflutningsgjald og flugmálaskattinn í ofanálag. Nú er fengin viðurkenning hv. frsm. meiri hl. fyrir því, að það á ekki að leggja þennan skatt á síldarútveginn af þeirri ástæðu, að hann hafi nokkuð upp úr síldarleit flugvélanna, það er játað, að hún sé gagnslaus, en það á eftir till. meiri hl. aðeins að nota síldarútveginn sem gjaldstofn, er hafi þá þegnskyldu að greiða árlega 50—70 þús. kr. til flugferða í landinu framvegis.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um, að ameríska flugfélagið yrði gabbað, ef þessi flugmálaskattur væri felldur niður. En ég vil leggja þá fyrirspurn fyrir hv. frsm. meiri hl.: Hver hefir gert þessu félagi það tilboð f. h. Alþingis, að þessi skattur til flugmálasjóðs væri látinn haldast framvegis? Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gert. Hafi hv. 1. þm. S.-M. gert slíkt tilboð, þá verður hann vitanlega að standa við það í eigin persónu. Mér er ekki kunnugt um, að hann eða nokkur annar hafi nokkurt umboð frá þinginu til þess, og þeir, sem þetta hafa gert, bera því fulla ábyrgð á því sjálfir. Alþingi hefir ekki boðið neitt slíkt og ber því enga ábyrgð á þessu.

Þá var hv. frsm. meiri hl. að mótmæla hv. þm. Ak., sem sagði, að frsm. meiri hl. væri að gefa flugmálasjóði ávísun á náungann, en vildi sjálfur ekki taka neinn þátt í slíkum skattgjöldum. Hv. frsm. meiri hl. skaut því fram, að hann væri sjálfur einn af þessum gjaldendum sem síldarútvegsmaður. En því fer fjarri, hv. frsm. er þar undanskilinn. Ég skal ekki mæla á móti því, að hann láti veiða síld, þegar hún slæðist alla leið inn í botn á þeim langa og mjóa firði, sem hann býr við. En hann veiðir ekki síldina í snurpinót, og það er einungis af þeirri síld, sem þannig er veidd, að greiða ber skatt til flugmálasjóðs. Þó að hv. þm. láti veiða síld í lás eða net inni í botni Mjóafjarðar, þá er sú síld alveg undanþegin því ákvæði laganna að vera skattskyld til flugmálasjóðs. Það er því algerlega rétt, sem hv. þm. Ak. sagði, að hv. frsm. meiri hl. vildi skattleggja náungann án þess að greiða nokkuð sjálfur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál. En ég vil aðeins árétta það, sem hv. 1. þm. Árn. tók fram réttilega í ræðu sinni, að það er ekki aðeins rétt af Alþingi, heldur skylda þess að verða nú við þessum kröfum síldarútvegsmanna og létta af þeim skattinum til flugmálasjóðs. Reynsla þriggja undanfarinna ára hefir sýnt það og sannað, að síldarleit flugvélanna hefir ekki náð tilgangi sínum. Alþingi er því siðferðislega skuldbundið til að fella skattinn niður. En hitt er vitanlega annað mál, ef Alþingi vill styrkja flugfélagið eða veita fé til þess að halda hér uppi flugferðum, þá á að taka það úr hinum sameiginlega sjóði allra landsbúa — ríkissjóðnum —, en ekki gefa ávísun á síldarútvegsmennina.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það er sérstaklega eitt atriði í ræðu hv. frsm. minni hl., sem ég vildi mótmæla. Hann gaf í skyn, að ég væri með till. mínum í þessu máli að hugsa um að láta þungann af flugskattinum koma niður á náunganum, en vildi sjálfur vera laus við að greiða hann. Þetta átti að vera tálbeita í umr. og hv. þm. Borgf. beit líka á hana og kom að þessu sama efni. Sannleikurinn er sá, að ég hefi að öðrum þræði um nokkur ár verið riðinn við síldveiði; hefi því undanfarið greitt flugskatt jafnvel af síld, sem ekki var veidd í herpinót, og tel ég gjald þetta enga verulega byrði, sem um muni. Hitt kemur ekki málinu við, þegar verið er að gera ráðstöfun, sem gilda skal um langt tímabil, þótt viljað hafi til, að eitthvert ár hafi gefið ákveðnum síldveiðimönnum rekstrarhalla, eins og hv. þm. Borgf. minntist á. Það er svo mörg veiðiförin farin á sjó, sem lítið

hefst upp úr. Og það eru auðvitað engin rök gegn réttmæti þessa skatts, þótt síldveiðin hafi gefið minni arð eitt árið en annað.

Þá verð ég að minnast annars, sem kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl., þar sem hann hafði það eftir fréttum úr einhverju blaði, að samningar væru strandaðir milli dönsku ríkisstj. og ameríska flugfélagsins, sem dr. Guðm. Grímsson er fulltrúi fyrir, um leyfi handa félaginu til loftferða um Grænland.

Mér var í morgun sýnt símskeyti frá Guðm. Grímssyni, þar sem hann tilkynnir, að forsætisráðh. Dana hafi nýlega undirritað leyfið og að samningar hafi tekizt. Guðm. Grímsson er þess vegna farinn áleiðis vestur um haf, en getur þess í skeytinu, að sendiherra Íslands í Khöfn — Sveinn Björnsson — hafi átt mikinn og góðan þátt í því, að þessi samningsniðurstaða fékkst. Mér þykir rétt að skýra frá þessu hér, af því að blaðafrétt sú, er hv. frsm. las upp, er eldri en þessi frétt og þess vegna óábyggileg.

Ég skal svo að öðru leyti ekki tefja tímann. Ég get látið mér í léttu rúmi liggja, þótt beint sé til mín olnbogaskotum, og beðið eftir úrskurði atkvgr.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að meiri hl. sjútvn. hefði ekki gert sér grein fyrir þeim kostnaði, sem leiddi af þessu máli. Má segja, að undarlega sé þá að orði kveðið, en svör við þessum órökstuddu ákúrum hans eru þau ein, að enn síður hefir hann hugsað þetta mál eða nokkuð til þess lagt af þekkingu og viti.

Hv. 1. þm. Árn. dró það í efa, að síldartorfur sæjust úr flugvél í lofti. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi ekki komið í flugvél við síldarleit og geti því lítið um þetta dæmt. Að vísu verð ég að játa, að ég hefi ekki tekið þátt í síldarleit með flugvél, en mér er fullkomlega ljóst, hvernig þeirri leit er farið, enda er það gömul og þekkt aðferð síldveiðimanna að skyggnast eftir veiði úr fjöllum nærri sjó og ráða af lit sævar, hvar veiði er fyrir. Að vísu verður eigi með þeim hætti eða úr flugvél greind fiskitegund sú, sem litnum veldur, en oft má um það nærri fara og sjá síldartorfur úr talsverðri fjarlægð, jafnvel þótt sjór sé nokkuð úfinn, og skera litabrigðin þar úr. Ummæli hv. þm. eru sprottin af svo miklum ókunnugleika, að ekkert þýðir um þau að deila. Ef hv. þdm. eru búnir að kynna sér nál., sem ég vil ætla, þá tel ég þeim enga ofraun að mynda sér rétta skoðun á málinu. Lengri umr. um það hygg ég óþarfar og læt því máli mínu lokið.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil aðeins endurtaka fyrirspurn hv. þm. Borgf. til hv. frsm. meiri hl. um það, hver hefði borið fram þá uppástungu við Guðm. Grímsson, umboðsmann ameríska flugfélagsins, að félagið tæki að sér flugferðir hér á landi gegn því, að skatturinn til flugmálasjóðs héldist óbreyttur framvegis. Ég vil, að hv. þd. fái að vita hið sanna um það efni.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég finn það, að mótstöðumenn dagskrártill. meiri hl. sjútvn. vilja halda hér áfram persónulegu hnútukasti í þd., en hv. þm. Borgf. leiddi þó fyrst asnann inn í herbúðirnar, þar sem hann var að gefa í skyn, að ég hefði gert ameríska flugfélaginu tilboð um, að flugmálaskatturinn skyldi haldast óbreyttur framvegis. Þetta var svo meinfýsileg aðdróttun, að ég vildi ekki sýna henni þá viðhöfn að svara henni áðan í ræðu minni. Það er vitað og víst, að formaður Flugfél. Íslands gaf vestræna flugfélaginu skýrslu um horfur flugferða hérlendis og lagasetningu þeirra vegna, eins og hann líka skýrði málið fyrir fulltrúa félagsins hér, Guðm. Grímssyni. Er engin ástæða til að vekja tortryggni gegn þeim, sem reynt hafa þannig að styðja að framhaldi flugferða hér á landi. En upplýsingar þær, sem hér hafa legið fyrir um þessi vestrænu tilboð, eru allar fengnar frá Guðmundi Grímssyni, sem af áhuga fyrir málinu vildi styðja að samningum við innlenda flugfélagið og framhaldi flugferða um landið.

Pétur Ottesen: Út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. var að tala um, að ameríska flugfélagið mundi grípa í tómt og verða gabbað, ef skatturinn til flugmálasjóðs yrði afnuminn, þá skildi ég hv. þm. svo, að hann teldi, að Alþingi væri að gabba þetta félag. Þess vegna spurði ég, hver hefði leyft sér slíka djörfung að gera félaginu

slík boð fyrir hönd Alþingis. Nú hefir hv. frsm. meiri hl. þvegið hendur sínar og gefið ávísun á formann Flugfél. Íslands um þetta atriði. En ég verð nú að segja, að ég held, að Alþingi komi það lítið við, þó að formaður Flugfél. Íslands hafi gert eitthvert slíkt tilboð sem þetta; til þess hafði hann ekkert umboð frá Alþingi.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 503, frá meiri hl. sjútvn., felld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BÁ.

nei: BKr, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PO, VJ, BSt, JörB.

Átta þm. (EA, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PO, VJ, BSt, BKr, GÍ, JörB.

nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BÁ.

Átta þm. (EA, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:5 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég vil leyfa mér að mælast til þess f. h. meiri hl. sjútvn., að þetta mál verði tekið af dagskrá nú. Málið sætti þeirri meðferð við 2. umr., að ég ætla, að ýmsa þm. muni iðra hennar, og þar sem ekki er ólíklegt, að einhver leið muni finnast til þess að leysa málið, er það ósk meiri hl., að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að þetta mál verði tekið af dagskrá nú. Það er nú svo liðið á þingtímann, að ófært er að vera að tefja málið með því að taka það af dagskrá, enda er óhætt að afgreiða málið til Ed., því að ef eitthvað nýtt kemur fram í því, má alveg eins taka það til greina við afgreiðslu málsins þar. — Ég vil a. m. k. mælast til þess, að látin verði fara fram atkvgr., áður en hrapað verður að því að taka málið af dagskrá.

Jónas Þorbergsson: Ég vildi styðja tilmæli hv. frsm. meiri hl. um það, að málið verði tekið af dagskrá. Mér skildist á ummælum hans, að hann hefði von um, að sá ágreiningur, sem er í þessu máli, myndi e. t. v. geta jafnazt þannig, að allir gætu sætt sig við þá afgreiðslu, sem endanleg yrði í hv. d., en hann gerir ráð fyrir, að verði það ekki gert, muni verða miklar umr. Og þar sem ég veit, að það er vilji hæstv. forseta og allra hv. dm., að störfin gangi greiðlega, þá finnst mér skynsamlegast að verða við þessum tilmælum.

Pétur Ottesen: Ég vil styðja mótmæli hv. þm. Ak. gegn því, að málið verði tekið af dagskrá. Málið fékk þinglega meðferð, þegar það var til 2. umr., og kom þá greinilega fram vilji d. í þessu máli. Tilgangurinn getur ekki verið annar en að reyna að tefja fyrir framgangi málsins með því að taka það af dagskrá. Út af því, sem sagt hefir verið um greiða afgreiðslu mála, þá er sjálfsagt að samþ. málið til Ed. nú, og er bezt greitt fyrir þessu máli og þingstörfum að öðru leyti með því að fara svo að.

Lárus Helgason: Mér hefir virzt það oftast ganga fyrir sig, þegar frsm. hefir óskað eftir, að mál væri tekið út af dagskrá. Ég held, að skynsamlegast sé að verða við þessum tilmælum hv. frsm., eins og venja hefir verið hér í d. Það er einkennilegt að vera á móti þessu, þegar það er gert í þeim tilgangi að reyna að miðla málum og til þess að málið verði betur undirbúið. Það er ekki víst, hvað málinu er gert gott með því að brúka svona stífni.

Forseti (JörB): Það væri æskilegt, að menn færu ekki að hafa miklar umr. um þetta þingskapaatriði.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Ég man ekki, hvort hv. þm. V.-Sk. var hér viðstaddur, þegar þetta mál var rætt.

Það er ólíklegt, því ef hann hefði hlustað á þau rök, sem flutt voru í þessu máli, þá get ég ekki skilið, að hann féllist á þá till. að taka málið út af dagskrá, án þess að færð sé nokkur ástæða fyrir því, nema gefið í skyn, að það kunni að koma fram eitthvað, sem geti breytt afstöðu manna, og þá sennilega eitthvað í sambandi við samninga þá, sem hér hefir verið talað um. Þegar engin ástæða er færð fram önnur en þessi, þá verður maður að líta svo á, að þetta sé gert til þess að tefja málið, eða þá til að svæfa það alveg.

Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. Borgf. og fleiri, sem sækja þetta fast, segja, að bezt sé greitt fyrir málinu með því að koma því á dagskrá, þótt hv. frsm. meiri hl. óski, að það sé tekið af dagskrá. En ég vil segja hv. þm. Borgf. það, að ef beita á slíku ofurkappi, þá eru það fleiri en hann, sem geta tafið fyrir með málþófi.

Forseti (JörB): Það er óhæft að innleiða slíkar umr. sem þessar viðvíkjandi afgreiðslu mála. Ég ætla að það sé bezt til fallið, þar sem ágreiningur er svo mikill um þetta atriði, að miðla þannig málum, að þetta mál verði tekið út af dagskrá að þessu sinni, en ég mun taka það sem fyrsta mál á dagskrá á morgun.

Er málið hér með tekið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 217).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Aðeins nokkur orð í framhaldi af því, sem tekið var fram í gær af minni hendi um frestun málsins. Ég verð að lýsa yfir því, að ekkert ákveðið samkomulag hefir komizt á um meðferð þess, þrátt fyrir tilraunir þær, sem gerðar voru. Aðeins get ég getið þess, að nokkrir menn tjáðu sig fúsa að fella niður eitthvað af útflutningsgjaldi síldar, ef þetta gjald fengi að standa óhaggað þar til endanlega væri búið að ganga frá samningum við hið vestræna flugfélag.

Ég tel enga ástæðu til þess að fara að endurtaka hér umr. þær, sem urðu um mál þetta við 2. umr. hér í d., því að ég tel heppilegast að hraða því eins og öðrum málum, sem illa þola bið, og læt því máli mínu lokið.

Jónas Þorbergsson: Ég hafði ætlað mér að taka lítils háttar til máls um frv. þetta við 2. umr., en gerði það þó ekki. Vil ég því nú skýra afstöðu mína til frv. Ég verð að segja það, að mig furðar dálítið á því, hve mjög hv. þm. Ak. brýndi hér raustina og hvað fast að orði við 2. umr. málsins; er hann þó gæfur maður hversdagslega bæði hér á þingi og utan þings. Mér virtist, að í ræðu hans kæmu fram svipaðar úrtölur og ég varð var við á Akureyri 1907. Magnús heitinn á Grund hafði flutt inn vörubifreið, sem hann ætlaði að nota til vöruflutninga milli Akureyrar og sveitaverzlunar sinnar á Grund. Hann mun ekki hafa verið heppinn í innkaupunum. Bifreiðin var notuð, og smíði bifreiða mun þá hafa verið allmjög áfátt, miðað við það, sem nú gerist, enda tókst tilraunin ekki eins vel og skyldi. Skorti þá ekki mikið umtal um þessa misheppnuðu ráðsmennsku Magnúsar heitins, að leggja út í jafntvísýnan hlut sem þessi bifreiðakaup. En nú er komið á daginn, að Magnús var í þessu efni langt á undan sinni samtíð, eins og í mörgum öðrum hlutum. Með þessu er ég þó ekki að segja, að hann hafi flutt fyrstur manna bifreið til landsins. Umtal þetta er nú löngu þagnað. Tilraun Magnúsar var aðeins byrjun á því, sem nú er viðurkennt, að bifreiðar séu og eigi að vera aðalsamgöngutæki hér á landi. Mér virtist ræðum hv. þm. Ak. hvað hugsunarhátt og úrtölur snertir mjög svipa til umtalsins um bifreiðakaup Magnúsar heitins. Það er kunnugt, að þróun flugferðanna er á sömu leið og notkun bifreiðanna var fyrir nokkrum árum. Þær halda áfram að þróast og fullkomnast, hvað svo sem hv. þm. Ak. segir. Ég segi þetta hér vegna þeirrar yfirlýsingar, sem hv. þm. gaf, að Norðlendingar myndu gera allt, sem þeir gætu, til þess að standa á móti flugferðunum og hindra þá hreyfingu, sem hér hefir orðið á flugmálunum. Ég veit ekki, hversu víðtækt umboð hv. þm. hefir haft til þess að gefa þessa yfirlýsingu f. h. Norðurlands, en ég býst við, að hann hafi sagt þetta mestmegnis út úr eigin brjósti. Mætti út frá slíkum yfirlýsingum álykta, að hv. þm. færðist næst í fang að stöðva rás tímans eða snúning jarðar og önnur

þesskonar smávik. Slíkt myndi honum reynast jafnkleift eins og það, að stöðva þróun flugsamgangnanna í heiminum. Mér virðist nú svo, að við getum ekki komizt hjá því með öllu að taka þátt í ýmsum framförum og umbótum, þó að þær komi til okkar nokkru síðar en til annara þjóða. Nú stendur svo sérstaklega á um þetta mál, að þingið hefir afgr. lög um heimild til þess að veita erlendu félagi leyfi til þess að setja hér upp flugstöð, og mun félag þetta hafa í hyggju að halda uppi flugsamgöngum hér á landi, að því tilskildu, að Íslendingar sýni einhverja viðleitni á móti. Ég hygg því, að hv. þm. Ak. hefði getað sparað mest af því, sem hann sagði um flugsamgöngur almennt, því að hann þarf ekki að ætla sér þá dul, að hann geti breytt skoðunum manna um þá hluti. En nú lá annarsstaðar fiskur undir steini hjá hv. þm., eins og sjá má á frv. því, er hér liggur fyrir, þar sem farið er fram á að fella niður síldarskattinn til flugmálasjóðs. Sú afstaða hv. þm. er skiljanleg, og það út af fyrir sig, hvort rétt sé að hafa hann eða ekki, getur verið álitamál, en það á ekki að hafa áhrif á hluttöku Íslendinga í flugmálum framvegis.

Ég skal þá snúa mér að aðalatriðinu, sem hér liggur fyrir, en það er um réttmæti þessa skatts á síldarútveginn. Ber þá fyrst að meta tvennt, annarsvegar skattinn sem útgjöld fyrir síldarútveginn og hinsvegar það gagn, sem þegar hefir orðið og ætla má að hljótist af síldarleit með flugvélum. Í grg. frv. er tekið fram, að skattur þessi hafi reynzt 50 þús. kr. tvö undanfarin ár. Af skipi, sem veiðir 20 þús. mál yfir sumarið, yrði hann 2 þús. kr., og af bát, sem veiðir 6 þús. mál, yrði hann 600 kr. Það liggur því í augum uppi, enda þótt það sé rétt í sjálfu sér, að hvað lítil upphæð sem er verður til aukinna þyngsla fyrir útgerð, sem illa gengur, að þá geta þó þessir 10 aurar af tunnu ekki haft neina verulega og sízt úrslitaþýðingu fyrir atvinnuveginn, auk þess sem miklar líkur eru til þess, að síldarleitin geri miklu meira en borga þennan skatt.

Ég skal þá gefa örlítið yfirlit yfir starfsemi flugfélagsins í þágu síldarútvegsins síðan 1930. Yfirlit þetta hefi ég fengið hjá fyrrv. forstjóra flugfélagsins. Árið 1930 voru sendar út 33 tilkynningar um síldargöngur, en kunnugir menn sögðu, að á Siglufirði hefði ekki verið fest upp nema nokkuð af þessum tilkynningum, í mesta lagi 15 þeirra. Þetta stafaði af því, að framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar, sem tók að sér að birta þessar tilkynningar, trassaði að gera það. Út af þessu reis eðlilega mikil óánægja það ár. Slíkan grikk sem þennan má öllum gera; við honum er ekki gott að sjá fyrirfram. 1931 voru sendar út 43 tilkynningar, en þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að birta þær, svo þær kæmu að fullu gagni. Í þessum upplýsingum, sem ég hefi fengið frá fyrrv. forstjóra flugfélagsins, er lýsing á því, hvernig síldarfluginu var hagað, og vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp dálítinn kafla.

Lýsingin er á þessa leið:

„Flugvélin flýgur venjulega í 600—800 m. hæð, og sér þá greinilega yfir afarstórt svæði, t. d. allan Skagafjörð í einu, eða meginið af Húnaflóa í einu, og síldartorfurnar sjást greinilega eins og dökkir blettir hingað og þangað um sjóinn. Staðmiðunin t. d. einn til tvo km. vestur af Kálfshamarsvík eða þessháttar hefir reynzt fullnægjandi fyrir skipin. Það er auðvitað ekki hægt að sjá úr loftinu, hvort um síld eða ufsa er að ræða, en það mun hafa komið aðeins einu sinni fyrir, að send hafi verið út tilkynning um síld, þar sem um ufsa var að ræða, enda getur slíkt ekki komið fyrir nema í lok síldartímans. Það er því vísvitandi blekking að telja þetta galla á síldarleitinni. — Flugvélin sveimar yfir stór svæði á einum til tveim tímum, lendir síðan á Siglufirði og lætur samstundis festa upp tilkynningu, sem símuð er til Akureyrar og útvörpuð frá Reykjavík. Hver sjómaður veit þá, hvar síld hefir sézt og hvar ekki þann og þann daginn, og getur hagað sér eftir því. Hann getur farið alsjáandi til veiða, en þarf ekki að fylgja óljósu hugboði, hvort hann eigi að stefna í vestur eða austur. Hann getur siglt rakleiðis þangað, þar sem síldin er fyrir".

Þessi er lýsingin á því, hvernig síldarleitinni er hagað, og sem dæmi þess, hví-

líkt gagn má verða að síldarleitinni, vil ég geta þess, og getur það einkum verið til athugunar fyrir hv. þm. Ísaf., að síðastl. sumar flaug flugvélin eftir miðjan ágúst vestur á Húnaflóa, þegar allt var fullt af síld kringum Flatey og ekki var hægt að afgreiða skip á Siglufirði, vegna þess, hve ört hún barst að, og fann flugvélin þá síld með öllum ströndum frá Reykjarfirði norður að Syðra-Horni, og varð þetta til þess, að ísfirzku bátarnir fóru allir þangað vestur og fylltu sig, og höfðu stóran hag af. Ég gæti meira að segja trúað, að þessi eina för þeirra hafi gert meira en að borga síldarskattinn, sem féll í hlut þessara báta að greiða. Það liggur og í augum uppi, hvílíkt hagræði það er fyrir síldveiðimenn að þurfa ekki að fara blindandi til veiða, en vita það fyrirfram, hvar síldina er að finna og hvar hún er ekki. Og ég vil benda á það, að það er engu síður gagn í þeim neikvæðu upplýsingum en hinum jákvæðu.

Hv. þm. Ak. hélt því fram í ræðu sinni um daginn, og byggði enda ræðu sína og röksemdir á því, að það hefði komið í ljós, að síldarleitin kæmi ekki að neinu gagni. Tók hann þetta hvað eftir annað fram, og aðrir hv. þm. hafa orðið til að taka þetta upp eftir honum sem óræka niðurstöðu af þessari viðleitni. Ég hefi hér fyrir framan mig umsagnir þriggja manna um þetta efni, sem ég skal leyfa mér að lesa hér upp, og þær umsagnir stinga mjög í stúf við álit hv. þm. Ak. á þessu máli, enda geri ég ekki ráð fyrir því, að þessi hv. þm. hafi einu sinni lagt á sig það ómak að fara upp í loftið til þess að kynna sér, hvernig fluginu er háttað og skapa sér rökstudda skoðun á gagnsemi þessara hluta. Einn þessara manna, sem hér er um að ræða, er Geir Sigurðsson fyrrv. skipstjóri, alþekktur og gætinn maður. Honum farast svo orð:

„Álit mitt er, að hægt sé að ákveða síldargöngur úr flugvél, ef flogið er hæfilega hátt, og má þó vera, að misjafnlega sjáist til síldarinnar, eftir því, hvernig veður er, en vafalaust tel ég, að uppivöður sjáist greinilega, og virðist mér nokkuð auðvelt að ákveða stærð þeirra, því að þar er sjórinn miklu dekkri. Það er auðvitað ekki hægt að slá neinu föstu í þessu efni eftir einstakt flug, en verði þessum athugunum haldið áfram, sem ég tel sjálfsagt, mun allt þetta koma betur í ljós með reynslunni.

Loftur Bjarnason, útgerðarmaður í Hafnarfirði, lætur svo um mælt um þetta:

„Eftir þetta flug er það sannfæring mín, að heppilegt muni vera að nota flugvélar til að athuga síldargöngur og leiðbeina fiskimönnum við veiðar. Skal það sérstaklega tekið fram, að engu síður er það áríðandi að geta ákveðið á vissum flóum og fjörðum, að engin síld sé þar. Er það hagræði fyrir fiskimenn að þurfa ekki að leita langt á þá staði, er enga veiði er að fá".

Þriðji maðurinn er Guðmundur Jónsson skipstjóri á Skallagrími, sem er einhver hinn mesti aflakóngur á landi hér. Er ólíklegt, að hann láti hafa eftir sér ummæli um veiðiskap, sem ekki eru byggð á fullri athugun og þekkingu, en honum farast svo orð:

„Ég er ekki í neinum vafa um það, að starf Súlunnar við síldveiðar hefir verið og verður til ómetanlegs gagns".

Menn hafa óttazt það, og má telja eðlilegt, að gagnið af síldarleitinni mundi verða lítið vegna þess, hve flugið yrði stopult vegna veðráttunnar. Það er og að vísu rétt, að ekki verður flogið nema í sæmilega björtu veðri, en að því verður að gæta, að hér er um sumarmánuðina að ræða, og þá er venjulegast stillt og gott veður, enda hefir niðurstaðan um starf Súlunnar orðið sú, að hún hefir getað flogið hverja tvo daga af þremur yfir veiðisvæðið og haft fullt skyggni til að ákveða, hvar síldin væri og hvar ekki.

Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta, en vildi láta þetta, sem ég hefi sagt, koma fram, áður en til atkv. verður gengið um frv. Og ég verð að bæta því við, að ég tel illa farið, ef nú verður felld niður þessi litla þátttaka síldarútvegsins fyrir þá beinu þjónustu, sem flugið hefir látið honum í té, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hér verði á næstunni aftur tekið upp síldarflug, ef það fellur niður nú, eins og víst mun verða, ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég viðurkenni fyllilega þá erfiðleika, sem síldarútvegurinn á nú við að etja, eins og aðrar atvinnugreinir, en mér er hinsvegar líka ljóst, að fyrir

hverja þjónustu, sem atvinnuvegunum er látin í té, verður að koma einhver þátttaka af þeirra hálfu. Og hér er einmitt um að ræða slíka þátttöku af hálfu síldarútvegsins fyrir veitta þjónustu.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Mér þykir leitt, hve hv. þm. Dal. hefir fylgzt illa með umr. um þetta mál við 2. umr. þess, því annars hefði hann ekki rangfært orð mín eins herfilega og hann gerði.

Ég vil byrja með því að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Dal. sagði út af hinum fyrstu tilraunum með bifreiðar hér á landi. Er það rétt, að Magnús á Grund gerði fyrstu tilraunina með bifreið fyrir norðan, en sú tilraun misheppnaðist, af því að öll skilyrði til þess að tilraunin gæti heppnazt, vantaði, bæði vegi og nothæfa gerð bifreiða. Önnur tilraunin, sem hér var gerð með bifreið, var sú, sem Thomsen gerði hér í Reykjavík, og mistókst hún einnig, og hefði þó að vísu helzt mátt búast við því, að hægt hefði verið að þrælast í bifreið um göturnar hér í Reykjavík, þó að ekki væru þær þá orðnar malbikaðar. Þessi er sagan um tvær ótímabærar tilraunir með bifreiðar hér á landi. Það er ekki hægt að bera saman bíla og flugvélar. Bílflutningarnir eru nauðsynlegir, og eru bifreiðarnar aðallega notaðar til flutninga á þungavöru, en flugvélarnar eru eingöngu notaðar til að flytja póst og farþega, enda má segja, að þær séu víðast fremur til sports en gagns. Það ætti því að liggja í augum uppi öllum heilskyggnum mönnum, að hér á landi eru lítil skilyrði fyrir flugferðir, a. m. k. í nánustu framtíð, og af þeim ástæðum verður heldur enginn samanburður gerður á þessum tveim farartækjum, að því er til okkar tekur.

Þá gat hv. þm. Dal. þess til, að ég mundi aldrei hafa komið upp í flugvél, og bæri því ekkert skynbragð á þessa hluti, en ég get frætt hv. þm. á því, að ég hefi einmitt flogið, og skal ég ekki neita því, að ég hafði gaman af, en það var heldur ekki nema gamanið. Var ég að vísu ekki nema hálftíma á leiðinni, í stað þess að vera 5 tíma með skipi, en ferðin var líka fjórum sinnum dýrari, og sá tími, sem mér þannig sparaðist, var ekki 15 kr. virði fyrir mig. Ég veit, að fleiri en ég einn líta svo á, að flugið hér á landi hafi verið fremur til skemmtunar en gagns, líkt og þegar menn fara í bíó eða í leikhúsið.

Hv. þm. reyndi að snúa út úr orðum mínum og vildi fá það út úr þeim, að ég hefði lagt á móti flugi almennt, og taldi hann, að ég hefði getað sparað mér það, sem ég hefði sagt almennt um flugsamgöngur, því að þær kæmu, hvort svo sem mér líkaði betur eða miður. Nú talaði ég að kalla eingöngu um síldarflugið og sagði sem satt er, að það hefir reynzt gagnslaust að dómi þeirra, sem flugsins eiga að njóta og bezt skyn bera á þessa hluti. Ég get að vísu ekki hampað hér vottorðum álíka og þeim, sem snöpuð hafa verið saman af flugfélaginu hjá einstökum mönnum, sem hafa látið fá sig til að gefa slík vottorð, og hv. þm. Dal. síðan er sendur með hér inn í þingið, sýnilega af því, að nú á að beita þeim vopnum, sem notuð verða, en ég ætla þó, að ég hafi ekki færri á bak við minn málstað í þessu máli en hv. þm. Dal. á bak við sinn málstað, þrátt fyrir öll vottorðin. Það er með öllu rangt, að ég hafi lagt á móti flugferðum almennt eða talið þær einskis virði, því að ég talaði eingöngu um síldarflugið, en ég vil segja þeim mönnum það, sem vilja offra einhverju til þess að koma hér upp flugferðum, að sú fórn verður að koma niður á hinum sameiginlega sjóði þjóðarinnar, en ekki sem skattur á einstaka atvinnurekendur. Síldarfluginu var óbeðið þrengt upp á síldarútgerðarmenn, og það reyndist gagnslaust, og heimta þeir því, að það sé afnumið. (**JónasÞ:** Hver rök hefir hv. þm. fyrir þessu?). Eins og ég áður sagði, byggi ég þetta á áliti þeirra manna, sem síldarflugsins eiga að njóta. Hefir þetta hvað eftir annað komið fram á fundum norðlenzkra útgerðarmanna, og tala ég fyrir þeirra munn í þessu máli, þó að ég að vísu hafi engar beinar skjalfestar yfirlýsingar frá þeim máli mínu til sönnunar. Norðlenzkir útgerðarmenn krefjast þess, að þessum nauðungarskatti sé létt af þeim, og þeir munu taka til sinna ráða, ef Alþingi daufheyrist við þeim sanngirniskröfum.

Ég vil gjarnan leggja út í það að end-

urtaka ræðu mína frá 2. umr., og það, sem ég hefi tekið upp, hefi ég tekið upp til leiðbeiningar fyrir hv. þm. Dal., sem ekkert virðist hafa heyrt eða skilið. (BJ: Það er vissara að endurtaka ræðuna). Víst virðist full þörf á því, en það er eins og það þýði ekki að flytja þeim mönnum rök í þessu máli, sem málinu eru fjandsamlegir og ekki vilja líta á það með sanngirni.

Það er rétt hjá hv. þm. Dal., að síldarskatturinn nam ekki nema ca. 50 þús. kr. síðastl. ár, en hann hefði getað orðið 70 þús. kr., eins og segir í grg., ef síldarleitin hefði verið framkvæmd svo sem lög stóðu til, en henni var aðeins haldið uppi í tvo mánuði, í stað þriggja, sem tilskilið er í lögunum. Nú veiddust samtals 700 þús. tn. og mál af síld yfir veiðitímann, en skatturinn nemur 10 aur. á tn. og mál, svo að hann hefði numið alls 70 þús. kr., ef síldarleitin hefði verið framkvæmd allan tímann, en um það var svikizt, og af þeim ástæðum varð skatturinn ekki nema 50 þús. kr.

Hv. þm. Dal. skýrði frá því, að árið 1930 hefðu verið farin 33 síldarflug, en Siglfirðingum hefði ekki þótt það ómaksins vert að birta fregnirnar. (JónasÞ: Það var svikizt um það). Og ástæðan var vitanlega sú, að útgerðarmenn létu sig einu gilda um fregnirnar, og töldu enda, að ef þeir hefðu verið þau flón að fara eftir þeim, mundu þeir beinlínis hafa beðið tjón af því. Þetta liggur og í augum uppi, því að þótt sjást kunni síldartorfa á einhverjum stað, er ekki þar með sagt, að hún sé kyrr á þeir sama stað, þegar skipin loks eru komin á vettvang. En það, sem einkum gerir þó síldarleitina óþarfa, er það, að á öllum miðum er krökkt af skipum, og fylgjast þau með í því, hvar síldina er að fá, og vanir skipstjórar vita það upp á hár, hvar síldarinnar er að leita, og þurfa engar leiðbeiningar í því efni. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að haft er eftir einum starfsmanni flugfélagsins, að formaður þess hafi látið svo um mælt, að þar sem sæjust 5 torfur, væru a. m. k. 50 undir, og gerði því ekkert til, þótt puntað væri upp á fregnirnar í samræmi við það. Það er að vísu rétt, að þetta er ekki haft beint eftir formanni flugfélagsins, heldur í gegnum einn af undirmönnum hans, svo að ekki verður fullyrt, að formaðurinn hafi beinlínis lagt fyrir að ýkja fregnirnar, en líkurnar fyrir því, að hann hafi gert það, eru þó allsterkar.

Ég vil enda mál mitt að þessu sinni með því að endurtaka það, að norðlenzkir útgerðarmenn hafa hvað eftir annað gert ályktanir um það, að þeir telji, að síldarleitin hafi ekki komið að neinu gagni, og að þeir krefjist því þess, að síldarskatturinn verði numinn úr lögum, og ef þessir menn, sem síldarflugið á að vera gert fyrir, hafa ekkert í þessu máli að segja, veit ég ekki, til hverra málið kemur. Og ég fæ ekki skilið það, þótt tekizt hafi að fá þrjá menn úr hópi allra þeirra manna, er síldveiðar stunda, til þess að gefa síldarfluginu meðmæli samkv. beiðni, að vitnisburður þeirra eigi að vega meira í málinu en vitnisburður allra annara.

Vilmundur Jónsson: Hv. þm. Dal. lét svo um mælt, að ísfirzku bátarnir hefðu haft mikið gagn af síldarleitinni, og gefur þetta mér tilefni til að segja hér nokkur orð, með því líka, að ég get skilað því frá sjómönnunum á Vesturlandi, að þeir líta ekki svo á þetta mál, og lögðu af þeim ástæðum fast að mér og einróma að fylgja frv. um afnám flugmálaskattsins.

Ég hygg og, að það liggi ljóst fyrir, að það er ekki af einskærri umhyggju fyrir síldarútgerðinni, að svo mjög er barizt fyrir málinu, heldur er þetta sprottið af því, að menn vilja stuðla að því, að þær tilraunir til flugferða, sem hér hafa verið gerðar undanfarið, falli ekki niður. Ég fyrir mitt leyti vil líka styðja að þessu, en það er skakkt að ætla sér að láta kostnaðinn mæða á síldarútveginum, enda öllum vitanlegt, að hann getur ekki borið þennan kostnað í þeim nauðum, sem hann er staddur. Ef menn vilja flytja þetta mál rétt, er leiðin sú, að leggja til, að 50 þús. kr. verði veittar beint úr ríkissjóði til styrktar flugferðunum, en ekki að taka þetta af síldarútgerðinni, sem ekki getur lagt það á sig, jafnvel þótt síldarleitin geti komið að gagni, eins og ég ætla að sé. Það mun þá rétt hermt, að

sjómenn og útgerðarmenn kunna ekki að meta síldarleitina enn sem komið er, og ég ætla, að augu þeirra muni þá fyrst opnast fyrir þýðingu hennar, þegar skortur verður á síldinni, en svo hefir ekki verið þessi ár, sem síldarflugið hefir verið reynt, heldur má þvert á móti segja, að of mikið hafi verið um síldina þessi ár, meira en atvinnurekstrinum hefir verið hollt með því skipulagi, sem á honum er.

Ég get og ennfremur skilað því frá sjómönnum og útgerðarmönnum á Ísafirði, að þeir líta svo á, að heppilegast muni vera eins og sakir standa að sameina síldarleitina landhelgisgæzlunni fyrir Norðurlandi. Telja þeir nauðsynlegt að hafa 2 skip við landhelgisgæzluna þar á síldartímanum, og að nægja muni að fela skipunum jafnframt að athuga síldargöngur og gefa úr tilkynningar um þær.

Hv. þm. Dal. drap á, að bílferðirnar hefðu átt erfitt uppdráttar til að byrja með, þó að þær hefðu nú rutt sér til rúms svo mjög sem raun ber vitni. Þetta er rétt, og víst hefði verið ástæða til að gefa þeim tilraunum meiri gaum og þörf á að styðja þær, en ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Dal. hafi verið umkomulítill piltur í þann mund, er Magnús á Grund var að gera sínar fyrstu tilraunir með bíla, og hefði því ekki verið sanngjarnt að heimta af honum, að hann styrkti þessar tilraunir, svo merkilegar sem þær þó voru. Gegnir alveg sama máli um síldarútveginn nú, sem er svo umkomulítill, að hann ekki hefir ráð á að styrkja þessar tilraunir, og hefir heldur ekki meiri skyldur gagnvart flugferðum en hv. þm. Dal. hafði gagnvart hinum fyrstu tilraunum með bifreiðar hér á landi, þó að bifreiðar komi nú honum að gagni ekki síður en öðrum.

Jónas Þorbergsson: Mér skildist á ræðu hv. þm. Ak., að ekki mætti bera saman bílferðir og flugsamgöngur, af því að það hefði legið í augum uppi, þegar byrjað var á bílferðum hér, að engin skilyrði hefðu verið fyrir þær, þó að nú væru komin. Það er að vísu rétt, að skilyrðin um þetta hafa breytzt frá því, sem áður var, en það er sá stóri munur á þessum tveim hlutum, að skapa þurfti skilyrðin fyrir bílana með því að leggja vegi og byggja brýr, en loftið er hið sama og það hefir verið og verður eilíflega, og þar sem það er, eru skilyrðin þegar fyrir hendi um flugferðirnar án þess að nokkurra sérstakra aðgerða þurfi við, heldur aðeins að fylgjast með í þróuninni um gerð og notkun flugvéla, sem hlýtur að ryðja sér til rúms hér sem annarsstaðar. Og sannarlega er í raun og veru hægt að gera sér meiri vonir um framtíð flugsamgangnanna hér á landi heldur en hægt var að gera sér um bílsamgöngurnar á þeim tíma, þegar þær voru að hefjast um landið, og liggja til þess þær ástæður, sem ég áður nefndi, að skapa þurfti beinlínis skilyrðin fyrir bílsamgöngunum, en þessi skilyrði eru fyrir hendi um flugsamgöngurnar.

Hv. þm. þóttist ekki hafa talað um flugferðir almennt, en það kom þó fram hjá honum, að hann taldi flugferðirnar aðeins sport, sem menn gerðu sér til gamans. Vil ég út frá þessu benda þessum hv. þm. á það, að nú hafa nýlega borizt út fregnir um, að verið sé að gera hinar stórkostlegustu áætlanir um flugsamgöngur yfir Atlantshaf, og er fyrirætlunin sú, að stytta áfangana með því að byggja sérstakar flotstöðvar á hafinu. Gera menn sér miklar vonir um, að flugvélarnar muni í framtíðinni taka meginhlutann af fólksflutningunum yfir Atlantshaf, sem nú er í höndum hinna stóru millilandaskipa. Sýnir þetta, að aðrar þjóðir líta öðrum augum á þetta mál en hv. þm. Ak., sem hyggur, að hér sé um að ræða sport eitt og gaman, enda er það mála sannast, að flugferðirnar eru nú þegar orðnar ríkur þáttur í samgöngum margra landa, og því ekki að undra, þó að menn geri sér glæsilegar vonir um þær í framtíðinni. Ég hefi raunar ekki miklu að svara hv. þm. Ak. Hann gat þess, að ég mundi vera sendur inn á þing með mótmæli gegn frv. Það má náttúrlega alltaf segja, þegar einhver þm. kemur hér með ákveðin málefni, að hann sé sendur til að beita sér fyrir þeim. Það er ekki minni ástæða til að segja, að hv. þm. Ak. sé sendur með þetta frv. inn á þing, en sá er munurinn á, að ég er þó sendur með rök í málinu, því að ég las upp álit merkra manna á þessu máli, en hv þm.

kemur með tvær hendur tómar, hefir ekkert fram að bera nema fullyrðingar. Það er ekki ástæða til að taka fullyrðingar hans trúanlegar, og því síður sem hann hefir farið hér með staðlausan óhróður um formann flugfélagsins. Hann lét þess getið hér, að það léki grunur á því, að formaður flugfélagsins hefði látið í veðri vaka, að þar sem sæjust 5 síldartorfur, væri óhætt að láta uppi, að a. m. k. væru 50 þar undir. Það er dálítið vafasöm sæmd, þegar þm. leyfa sér að bera óhróður innan þinghelgi á menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér á þeim sama vettvangi. Ég er beðinn af form. flugfélagsins, sem hér er áheyrandi, að skila því til hv. þm., að hann óski eftir, að hv. þm., ef hann sér sér fært, endurtaki þessi ummæli utan þinghelginnar, svo hann geti þar leitað réttar síns. Kemur þá á daginn, hversu staðgóð þessi ummæli eru, og hvort hugrekki hv. þm. er jafnmikið utanþings sem innan.

Hv. þm. Ísaf. hefi ég ekki miklu að svara í þessu máli. Þó var eitt atriði í ræðu hans merkilegt, sem sé yfirlýsing um það, að hann liti svo á, að mikið gagn gæti verið af síldarleit úr lofti. Hann skilar fyrst þeirri orðsendingu frá Ísfirðingum, að þeir álíti ekkert gagn af flugleit, en þrátt fyrir það er hann sjálfur á þeirri skoðun, að hún geti verið til mikils gagns. Hér liggja því fyrir tvennskonar yfirlýsingar, frá flm. þessa frv., hv. þm. Ak. og hv. þm. Ísaf. Annar heldur því fram, að ekkert gagn sé af síldarleit úr lofti, en hinn, að af því geti hlotizt mikið gagn. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., að það, sem fyrir honum vakir, er það, að hann telur ranglátt, að þessi skattur hvíli á síldarútveginum. Ég lít svo á, að ef gagn er að síldarflugi, þá eigi síldarútvegurinn að taka tilsvarandi þátt í þeirri viðleitni að halda uppi flugsamgöngum. Ég geri ráð fyrir því, að ef þessi skattur verður felldur niður, þá muni ekki á næsta sumri verða gerð tilraun til þess að leita að síld á skipulagsbundinn hátt með flugvélum, og hygg ég, að það geti orðið til mikils skaða fyrir síldarútgerðina, ef þessi byrjunartilraun verður nú felld niður. Ég geri ekki ráð fyrir, að mér gefist ástæða til að taka aftur til máls, og ég vil eindregið mælast til þess, að d. sjái sér fært að láta þennan kaleik víkja frá sér.

Jóhann Jósefsson: Ég verð að segja það, að mér þykir það næsta undarlegt, að í máli eins og þessu skuli nú rísa upp sumir hv. þm. og hefja það sem stundum hefir verið kallað, þegar um önnur mál hefir verið að ræða, málþóf, um jafnsjálfsagt mál og hér er til umr. Ég veit ekki, hver meiningin er, hvort bak við þetta liggur einlægur og alvarlegur ásetningur þess efnis, að þetta sanngirnismál eigi ekki að ná fram að ganga, eða hvað það nú er, sem veldur því, að hv. þm. Dal. hefir á ný undir forustu hv. 1. þm. S.-M. umr. um þetta mál á þessu stigi. Ég hefi enn ekki tekið þátt í umr. um þetta mál. Ég skrifaði undir nál. minni hl. með hv. þm. Ak., því ég treystist ekki til að halda því fram, að Norðlendingar — því það eru aðallega þeir, sem um er að ræða — ættu einir að bera kostnað af reynsluflugi til að athuga, hvort hægt væri að hafa leiðbeiningu af flugvélum til síldveiða, því meira hefir aldrei verið um að ræða. Það er alveg óþarfi að fara út í deilu um flugferðir almennt í sambandi við þetta mál. Og það er líka — því miður — óþarfi að vera nokkuð að spreyta sig á því, hvort þetta geti haft veruleg áhrif á aflabrögðin, að hafa flugvélar til þess að leita að síldartorfunum. Það er alveg óþarfi á þessu stigi málsins, því það er alls ekki það, sem háir síldarútveginum mest, að hann finni ekki síldina. Fyrir afkomu útvegsins hefir þetta ekkert að segja, því skipin geta fundið miklu meiri síld en hægt er að selja. Ég býst því miður við því, eftir því sem viðhorfið er nú, að síldarútvegurinn verði ákaflega lítill í sumar. Í fyrra var eins og menn vita uppgripaár að afla til, og þá gerðu menn út á síld, vonandi það, að saltsíldarverðið yrði tæplega lægra en 8 kr. tunnan; um bræðslusíldarverðið var nokkurnveginn vitað, hvað það yrði. Þá var það þannig, með því að gera ráð fyrir normalgróða á þessu verði, sem virtist ekki vera úr hófi spennt, að útvegurinn gat vonazt eftir sæmilegri afkomu. En nú horfir þetta allt öðruvísi við. Það er ekki sjáanlegt, að síldarverksmiðjan geti borgað hærra verð nú en síðasta ár, og það

verður ekki gert, nema þingið breyti l. um rekstur verksmiðjunnar, en það hefir engan lit sýnt á því ennþá. Það lítur því þannig út, að ef ekki verður gerð ráðstöfun til þess, að síldarbræðsla ríkisins megi borga a. m. k. 4,50 kr. fyrir málið, þá muni engir fást til að fara á síld, því útlitið er þannig með saltsíldina, að ég skil ekki, að það verði nema mjög fá skip, sem fara á síld með nokkru tilliti til þess að geta fengið sæmilegt verð fyrir hana. Á síðasta ári munu meðallínubátar hafa tapað hér um bil 5 þús. kr. á útgerðinni, og þá báru hásetar mjög lítið úr býtum, 300—400 kr., því að tapið lendir aðallega á þeim, þegar svo fer sem fór á síðasta ári með síldarútgerðina. Hvers vegna eru menn þá að deila um það, hvort eigi að létta þessum skatti af síldveiðimönnum eða ekki? Hvernig stendur á því, að menn eru að spreyta sig á löngum ræðum um það, hvort eigi að létta af þessum skatti, sem aldrei er annað en blóðtaka á síldarútveginn, þegar menn sjá, ef þeir vilja sjá það, að þessi atvinnuvegur er allur í rústum? Svo er hitt, að jafnvel þó skatturinn sé ekki tilfinnanlegur og jafnvel þó betur stæði á og betur áraði fyrir síldarútveginn en nú er, þá sjá það allir sjálfir, að það er ekki annað en misrétti að taka þessar 50 þús. kr. af síldarútgerðarmönnum bara til þess að geta haldið uppi starfsemi flugfélagsins áfram. Ég vil taka undir með þeim, sem segja, að þeir, sem vilja offra landsfé í að halda uppi flugferðum, verða þá að fallast á, að þetta sé gert af fé almennings, en ekki einstaklinga í landinu. Það þarf heldur engan að undra, þó hv. þm. Ak., sem er sérstaklega fulltrúi fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, beiti sér af kappi fyrir því að fá þessum skatti af létt. En hitt gegnir furðu, að fulltrúar þeirra kjördæma, sem hér hafa engra hagsmuna að gæta, rísa upp með miklum móði til þess að halda þessum rangláta skatti við. Og ef sú framkoma og það offors, sem fram kom í ræðu hv. þm. Dal., er að undirlagi einhverra utan þings, og sé hann sendur inn á þing með þennan gauragang út af jafnsjálfsögðu máli og þessu, þá sé ég ekki annað en að ógagn muni leiða af slíkri framkomu fyrir flugfélagið. Það er alls ekki til þess að afla flugfélaginu samúðar meðal þm., að menn séu sendir inn á þing til þess að halda fram hreint og beint ranglæti í þeim efnum að kosta flugferðir. Ég vil fyrir mitt leyti alls ekki ljá lið mitt til þess.

Bergur Jónsson: Ég var einn af þeim, sem skrifuðu undir álit meiri hl. sjútvn., og lögðum vér til, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá við 2. umr. En þegar atkvgr. fór fram, vantaði 8 þm. í d., og þess vegna er alls ekki full vissa fyrir því, hvernig meiri hl. þessarar hv. d. lítur á málið. Finnst mér þess vegna full ástæða til, að málið sé nú nokkuð rætt og undirbúið áður en til atkvgr. kemur. Það er eftirtektarvert, að þeir, sem hafa talað hér fyrir frv., eru alltaf að tala um fortakslausan og skilyrðislausan skatt, sem ætti að létta af útveginum. En skatturinn er skilyrðisbundinn í l. Í 1. gr. stendur: .... „meðan flugvélar eru notaðar til síldveiða“ o. s. frv., og í 2. gr. er gert að skilyrði, að haldið sé uppi stöðugri síldarleit um lögákveðinn tíma, frá 15. júní til 15. sept. Það er ekki hægt að leggja á þennan skatt, og hann verður heldur ekki á lagður, nema þessu skilyrði sé fullnægt. Það er því rangt að tala um að létta skatti af síldarútveginum eða demba á hann skattinum, eins og sagt hefir verið, að við ætlum að gera, sem ekki viljum samþ. frv. Það er óvíst, hvort þessi skattur verður notaður í sumar. Ég held, að það séu litlar líkur til, að svo verði. Aðalatriðið fyrir mér er, að ég vil leggja mikið upp úr flugsamgöngum. Ég álít, að þær séu svo mikilvægar fyrir okkar þjóð, að ekki sé rétt af þinginu að taka neinn möguleika burtu fyrir því, að hægt sé að koma þeim á eða halda þeim uppi. Mér finnst það vera sérstök vantrú á okkar þjóð, að okkur einum ætti að vera ofvaxið að halda uppi þessum glæsilegu samgöngum, sem alstaðar annarsstaðar eru starfræktar, þó vitanlegt sé, að hér er nauðsynin brýnni en víðast annarsstaðar, vegna strjálbyggðar og stærðar landsins. Við þá menn, sem ekki vilja líta á ágæti flugsamgangna, þýðir ekki að ræða þetta. Sumir, sem talað hafa hér fyrir frv., hafa ekki virzt leggja mikla áherzlu á, að vér gætum notað

þessi glæsilegu samgöngutæki, sem allar aðrar menningarþjóðir nota eftir mætti. Þeir, sem hafa talað fyrir frv., hafa aðallega borið fram þrjár ástæður. Í fyrsta lagi, að skatturinn, svo framarlega sem hann er notaður, ofþyngi síldarútveginum. Ég get ekki séð, að mikið vit sé í því að reka atvinnuveg, sem er svo aumur, að hann getur ekki borið annað eins gjald og 10 aur. af hverri tunnu í nauðsynlegum tilgangi. Í öðru lagi hafa þeir haldið fram, að síldarleit af flugvélum væri gagnslaus. Móti þessu mæla vottorð margra kunnugra og sérfróðra manna á þessu sviði. Þriðja ástæðan, sem komið hefir fram, er, að af flugferðunum sé ekki neitt verulegt gagn fyrir okkur. Þar er ég á andstæðri skoðun. Hv. þm. Ak. segir, að flugvélar séu aðeins til skemmtunar, en ekki til neins gagns, því þær geti ekki flutt þungavöru. Það er rétt, að þær geta það ekki enn sem komið er, en ég vona, að hv. þm. sé ekki svo mikill spámaður, að hann geti sagt um það með vissu, að flugvélarnar verði aldrei svo vel úr garði gerðar, að þær geti flutt þungavöru. En í okkar strjálbyggða landi er geysilega mikið gagn af flugvélunum til fólksflutninga. Ég get bent hv. þm. á, að hvað eftir annað hafa flugvélar bjargað lífi manna, sem hafa verið fluttir dauðvona til Rvíkur og alls ekki hefði verið hægt að bjarga, ef ekki hefði verið kostur á svo góðu samgöngutæki.

Hv. þm. Ak. bar saman byrjun bifreiðanotkunar og flugvélanotkunar hér á landi og sagði, að flugvélar væru ótímabærar hér. Hver getur sagt um það, hvenær þær eru ótímabærar? Ef við reiknum alltaf svo, að ennþá sé ekki tímabært að byrja á framförum, þá er hætt við, að seint komi til framkvæmdanna. Það eru engin rök í málinu, þótt einhverjir norðlenzkir útgerðarmenn óski ekki eftir síldarleit. Andúð þeirra þarf ekki að stafa af öðru en því, að þeir líti þarna á peningana, sem þeir telja sig verða að láta samkv. l. Má einnig vera, að á meðal þeirra sé hópur manna, sem er álíka þröngsýnn og hv. þm. Ak. og líti á flugsamgöngur á líkan hátt og hann.

Mér þótti það hálfeinkennilegt, þegar hv. þm. Vestm. fór að átelja hv. þm. Dal. fyrir að beita sér fyrir þessu máli, þar sem hans sýsla hefði engra hagsmuna að gæta. Vitanlega hefir öll íslenzka þjóðin og Dalamenn eigi að síður en aðrir hagsmuna að gæta í þessu máli.

Pétur Ottesen: Ég held, að það sé nú komið greinilega í ljós, að það hafi verið rétt hjá þeim, sem voru því andstæðir í gær, að málið væri tekið út af dagskrá, að tilgangurinn væri sá, að tefja fyrir málinu. Nú er liðið nokkuð á annan sólarhring síðan málið var tekið út af dagskrá. Það hefði því mátt vænta, að ef tilgangurinn með því að taka málið út af dagskrá hefði verið sá, að fá tækifæri til að bera fram brtt. — og hann gat ekki verið annar en sá að tefja fyrir málinu —, að einhver brtt. væri nú fram komin. (**BJ:** Til þess að undirbúa málið). Var ekki hægt að gera það í gær? Ég veit, að það er mikil „agitation“ hjá ýmsum mönnum, ekki einasta innan þings, heldur líka utan þings. Það hefir oft verið svo áður hér á þingi, þegar um flugmál hefir verið að ræða, að þá hafa menn utan þings gengið hér um göturnar og ganga þingsins og skrifað niður nöfn þm. og sagt: þennan og þennan á ég, hann er mín eign í þessu máli. — Þetta hefir verið ein af aðferðunum, sem notaðar hafa verið í þessari „agitation“. Ég ætla, að það sé langt fyrir neðan virðingu þingsins, svo framarlega sem þingið hefir nokkra tilfinningu fyrir því að vera það, sem það á að vera, að gefa mönnum færi á að nota sjálfa sig og sína sannfæringu upp á þennan máta.

Mér er alveg ráðgáta, hvernig nokkur maður getur haft þrek til þess að vera að tala almennt um flugferðir í sambandi við þetta frv. Það mótmælir því enginn, að flugferðir geti komið að miklu haldi í framtíðinni. Um þetta er ekki deilt. Það er fundið upp af mótstöðumönnum þessa frv. að færa umr. inn á þetta svið. En að því leyti, sem æskilegt má telja að halda uppi flugferðum og veita styrk til þess, þá á sá styrkur að koma úr ríkissjóði, en ekki skylda eina stétt manna til að halda flugferðunum uppi á sinn kostnað. Þetta hefir verið sýnt svo glöggt, að það er alveg út í hött að vera að tala um flugferðir á almennum grundvelli í sambandi við þetta frv. Flugmálasjóður var á sínum

tíma stofnaður til þess að fá reynslu um það, að hverju gagni síldleitarflug gæti orðið fyrir síldveiðarnar. Nú er það, að því er helzt verður vitað, einróma álit allra útgerðarmanna, sem við síldveiðar fást, að þetta síldarflug hafi ekki komið að neinu gagni. Nú hefir það verið dregið í efa, að við, sem tölum máli síldveiðimannanna, höfum gögn, er sanni þessa fullyrðingu. Það er rétt, að við höfum ekki komið fram með skjöl, er sýni þetta. En það út af fyrir sig eru þó engin rök gegn því, að við flytjum rétt mál. Þó ekki hafi verið sendar áskoranir til þingsins, þá er það þó eftir beiðni og samkv. fundarsamþykktum síldveiðimannanna, að við flytjum þetta mál. Á síldveiðastöðvunum fyrir norðan hafa verið samþ. till. um að fella niður flugskattinn. Og hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Vestm. hafa skilað hinu sama hvor frá sínum umbjóðendum. Sama get ég sagt. Er því engin ástæða til og hreint ekki leyfilegt að halda í flugskattinn gegn vilja allra þeirra, er eiga að greiða hann og telja sig ekkert gagn hafa af síldleitarflugi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég tel víst, að frv. verði samþ. Það var samþ. við 2. umr. með 12:7 atkv., sem stafaði af því, að þm. voru þá fjarstaddir. Nú eru þeir fleiri viðstaddir, en ég tel víst, að þeir, sem fjarstaddir voru við 2. umr., skiptist í svipuðum hlutföllum og hinir, og að samþykkt frv. sé þar með trygg. Enda væri það vansæmd fyrir Alþ. að verða ekki við þeim óskum sjómannanna að fella þetta gjald niður.

Hv. þm. Dal. talaði um, að þessi skattur væri svo lítill, 10 aurar á tunnu, að útgerðina munaði lítið um að greiða hann. Ég benti nú á það við 2. umr., að þar, sem bezt hefði látið, hefði síldveiðimennirnir fengið sem svaraði 5 aura af tunnu, eða helmingi lægri upphæð en skatturinn er. Hv. þm. Barð. talaði og um, að sá atvinnurekstur væri ekki fær og ætti engan rétt á sér, sem ekki gæti borið þetta gjald. En hvernig hefir nú verið að þessum atvinnuvegi búið með skattgreiðslum af hálfu löggjafarinnar? Það hefir orðið að greiða kr. 1,50 útflutningsgjald af hverri tunnu, og þá hefir flugskatturinn komið til viðbótar við það. Þetta gjald hefir nú að vísu verið lækkað úr kr. 1,50 niður í kr. 1,00. En þrátt fyrir það eru þó útflutningsgjöld af þessari vöru þrem sinnum hærri en af nokkurri annari útflutningsvöru. Miðað við 20 kr. söluverð á tunnu ætti þessi skattur að vera 32 aurar á tunnu, ef hann ætti að vera í samræmi við önnur útflutningsgjöld.

Þeir, sem telja réttmætt, að haldið sé uppi flugferðum hér á landi og meina það í raun og veru, ættu að fara aðra leið til að styrkja þær framkvæmdir. Slíkar almennar flugferðir ætti þá að styrkja úr ríkissjóði og styrk til þeirra ætti þá að setja inn í fjárlög. En hinu má eigi fram halda, að skattleggja eina stétt manna til almennra þarfa. Þetta hefði þm. átt að vera fyrir löngu orðið ljóst, en ekki fyrst í sambandi við þetta frv., sem miðar að því einu að létta skatti af einni stétt manna, sem á hana var lagður vegna starfsemi, sem ekki hefir reynzt þeim atvinnuvegi til neinna hagsbóta eða gagnsemi. — Ég verð því að enda ræðu mína með því að snúa við þeim ummælum, sem hv. þm. Dal. endaði sína ræðu með, nefnil. þeim, að óska þess, að deildin viki þessum kaleik frá með því að fella frv. — og skora á hv. deild, að víkja þeim kaleik frá síldveiðimönnum að borga þennan skatt lengur í flugmálasjóð — og samþykkja frv.

Frsm. minni hl. (Guðbrandur Ísberg): Umr. eru orðnar langar og ég vil ógjarnan verða til þess að tefja fyrir afgreiðslu málsins héðan úr deildinni, og mun því reyna að vera stuttorður.

Hv. þm. Dal. var að bera saman þau rök, er ég flyt í þessu máli, við sín rök. Hans rök voru vottorð, sem höfðu verið útveguð. Er ekkert undarlegt við það, þó að slík vottorð sé hægt að fá, þegar gengið er á milli manna og þeir beðnir að gefa þau. Hið eina, sem einkennilegt er við það, er, að ekki skuli hafa fengizt miklu meira af slíkum vottorðum. Ekki sízt þegar þess er gætt, að eitt eða fleiri þessara vottorða munu vera fengin fyrir tveimur árum, eða áður en reynsla var fengin um gagnsleysi síldarflugsins. Og það er eftirtektarvert, að þessi vottorð

eru ekki frá útgerðarmönnunum, sem eru einmitt þeir mennirnir, sem eiga hér hagsmuna að gæta. Mín rök eru þau, að ég flyt þetta frv. eftir ósk útgerðarmanna á Akureyri. Og ég veit, að allir aðrir síldarútgerðarmenn fylgjast þar að málum. Hv. þm. Ísaf. hefir lýst afstöðu sinna kjósenda til flugskattsins, sem krefjast þess, að hann verði afnuminn. Hv. 1. þm. Eyf. hefir flutt með mér þetta frv. eftir ósk sinna kjósenda. Hv. þm. N.-Ísf., sem sjálfur er útgerðarmaður og getur því úr flokki talað, hefir sagt sína skoðun á málinu og mælir með frv. Og í sama streng taka aðrir þeir, sem fylgja þessu frv. Sjálfur hefi ég engra persónulegra hagsmuna að gæta hvað þetta mál snertir, þar sem ég fæst ekkert við útgerð. En fyrir mér eru þessi rök langtum meira virði en þau rök, sem hv. þm. Dal. hefir flutt fram. Og svo hygg ég, að vera muni í augum allra skynbærra manna.

Hv. þm. Dal. var hneykslaður yfir því, að ég sagði, að hann hefði verið sendur með þessi plögg, er hann las upp, inn í þingið. Hann sagði, að það mætti líka segja um mig, að ég hefði verið sendur inn í þingið með þetta frv. Það má nú kannske segja sem svo. En ég hefi þó verið sjálfum mér samkvæmur í þessu máli, en hv. þm. Dal. var málinu fylgjandi við 2. umr. (**JónasÞ:** Ég var þá eigi viðstaddur). Hv. þm. greiddi þá atkv. með málinu, að viðhöfðu nafnakalli. (**JónasÞ:** Sú atkvgr. er þá ranglega bókuð, því ég var fjarstaddur). Þetta má athuga, en ef það er ekki rétt, að hv. þm. hafi greitt atkv. með frv. við 2. umr., þá misminnir mig mjög mikið.

Hv. þm. Barð. talaði rólega um málið og að því er virtist af sannfæringu. Met ég það mikils. Hann sagði, að ekki mætti innheimta flugskattinn af síldveiðimönnum nema með sérstökum skilyrðum viðvíkjandi síldarfluginu. En hvaða tryggingu hafa síldveiðimenn fyrir því, að þau skilyrði verði haldin frekar hér eftir en hingað til? Hvaða tryggingu hafa útgerðarmenn fyrir því, að eigi verði reynt að halda uppi síldarflugi með flugvélargarmi eitthvað af síldveiðitímanum og skatturinn svo innheimtur, þó skilyrðum laganna væri eigi fullnægt? — Síðastl. sumar var t. d. haldið uppi síldarflugi í ca. 2 mán., en í flugskattslögunum er svo ákveðið, að síldarfluginu skuli haldið uppi í 3 mánuði, til þess að skatturinn megi innheimta. Eigi að síður var skatturinn allur innheimtur fyrir það ár. Á sama hátt má brjóta þessi ákvæði laganna áfram.

Hv. þm. sló því líka fram, að það væru engin rök gegn flugferðum, þó mótmæli gegn skattinum hefðu komið frá síldveiðaútgerðarmönnum. Þessi mótmæli hafa nú komið fram úr Norðurlandi, frá Ísafirði og úr Vestmannaeyjum. Ég veit nú ekki, hvaða rök á að flytja í þessu máli gegn flugskattinum, ef ekki almennt álit þeirra manna, er síldarflugið á að gera gagn. Og þeir mótmæla því eindregið, að flugið hafi komið þeim að nokkrum notum. Það er alveg rétt athugað hjá hv. þm. Borgf., að þó ekki hafi verið komizt hjá því að minnast á flug almennt í þessu sambandi, þá kemur það þó þessu máli í raun og veru ekkert við. Þótt flugferðir almennt skoðað væru æskilegar, sem vel getur verið að sé, þá er ekki rétt til þess að standa straum af þeim að skattleggja eina atvinnugrein landsmanna. Hinsvegar er það rétt, að ég fyrir mitt leyti lít ekki á flug almennt sem bráðnauðsynlegan hlut. Síður en svo.

Svo að ég víki aftur lauslega að samlíkingunni milli bíla og flugvéla, þá er hægt að segja, að til þess að hægt sé að nota bíla þurfi þrennt: Akfæra vegi, trausta og endingargóða bíla og nægan flutning. Þegar fyrst var gerð tilraun með bíla hér á landi, var þungaflutningsþörfin hið eina af þessum þremur skilyrðum, sem var fyrir hendi. Nú eru hin tvö skilyrðin líka fyrir hendi. Akfært vegakerfi er komið um flest héruð landsins, og bifreiðar eru nú búnar að ná þeirri fullkomnun, að heita má, að þær hafi ekkert breytzt síðari árin. Það eru því öll skilyrði fyrir hendi, sem gerir bílanotkun eðlilega og nauðsynlega. Til rekstrar flugvéla þarf aðeins 2 aðalskilyrði: Vandaða gerð og nægan fólks- og póstflutning. Gerð og öryggi flugvéla er enn mjög ábótavant, svo að þar þarf að bæta mikið um til þess að þær geti komið að verulegum notum hér á landi, a. m. k. ódýrari gerðir flugvéla, sem hér hafa verið notaðar. Þegar um stuttar vegalengdir er

að ræða, þola flugvélar ekki samkeppni við bílana. Hér á landi yrði því eingöngu um langflug að ræða, en til þess að það geti borið sig, hlýtur að skorta á, að farþega- og póstflutningur fáist nægilega mikill. Veldur því fámennið. Flugvélum verður því ekki hægt að halda úti hér á landi nema með allríflegum styrk, eins og sú tilraun, sem hér var gerð, sýndi. Og ef æskilegt þykir að halda uppi flugferðum, þá þarf að gera sér grein fyrir, hvað það kostar. Komi fram till. um fjárstyrk í þessu skyni, þá kemur fyrst til minna kasta og annara að meta, hve miklu rétt þykir að kosta til í þessu skyni. En hitt er með öllu óforsvaranlegt, að gera þá kröfu til einnar atvinnugreinar landsmanna, að hún leggi fram allan kostnaðinn án þess að nokkuð komi á móti, sem henni megi að gagni verða. Það er þetta, sem ég, og þeir aðrir, er frv. fylgja, mótmæla. Og það er um þetta, sem nú er barizt.

Jón Auðunn Jónsson: Mig undrar það, hve miklar umr. hafa orðið um þetta mál nú. Ég hélt, að þeim hefði verið lokið í gær. Ég hélt, að allir myndu sjá, hve fáránlegt og fráleitt það er að ætla sér að halda uppi flugferðum hér á landi með tillagi frá örpíndum atvinnuvegi, sem ekki vill hafa síldarleit með flugvélum og telur sig ekkert gagn af loftferðum hafa fram yfir allan almenning. Ég er hlynntur því, ef hægt væri að halda uppi flugferðum hér á landi. En ég vil ekki taka peningana til þess úr vösum hinna verst stæðu allra illa stæðra, atvinnurekenda og verkamanna hér á landi. Við verðum eflaust að neita okkur um þessi gæði eins og svo mörg önnur, meðan ástandið er jafnerfitt og nú er, nema þá að hið erlenda flugfélag, sem var að semja við okkur í vetur, taki að sér ferðirnar. Það er eina vonin um, að hér verði haldið uppi flugferðum næsta sumar. Væri rétt að heimila nokkurt fé í fjárlögum til þess, en ekki að fara ránshendi í vasa þessa atvinnuvegar. Vona ég, að það verði ekki gert.

Bergur Jónsson: Ég þarf ekki að vera langorður, en vil þó gera örlitla aths. Hér hefir verði talað eins og allur kostnaður af flugferðunum lenti á einum atvinnurekstri í landinu, ef l. þessi verða framkvæmd. Þetta er rangt. Þess ber að gæta, að þegar flogið er í síldarleit, þá er um engar aðrar tekjur að ræða. Þá er hvorki að ræða um gjöld fyrir póst né farþega, sem hvorttveggja gefur tekjur, þegar um annað ferðalag er að ræða. En þegar haldið er uppi síldarleit og hún kemur að gagni, þá er sjálfsagt, að sá atvinnurekstur, sem nýtur góðs af því, borgi það flug. Það er gert með skattinum. Hann kemur þá bara í stað fargjalds, sem aðrar ferðir gefa.

Jón Auðunn Jónsson: Það er auðheyrt, að hv. þm. Barð. er ekki kunnugur þessu máli. Væri hann það, þá mundi hann vita, að þær ferðir, sem farnar voru til síldarleitar, kostuðu ekki helminginn af því fé, sem borgað var með flugskatti á síldveiðar síðustu ár. Ég hygg, að þær hafi í hæsta lagi kostað 20 þús. kr., en skatturinn nam víst 50 þús. kr. Hér á auk þess að pressa sjómenn og útgerðarmenn til að borga síldarleit, sem þeir telja sig ekkert gagn hafa af og vilja því, að verði lögð niður, a. m. k. að svo stöddu. Ef það verður ekki gert, þá er ég viss um, að sjómenn og útgerðarmenn munu mótmæla því einhuga og neita að greiða þennan skatt. Þá mætti að vísu taka hann lögtaki. En slíkt væri alveg óviðurkvæmilegt. Það er vitanlegt, að samþykktir liggja fyrir frá öllum þingmálafundum, sem um málið hafa fjallað, gegn þessum skatti. Það hefir verið greint frá mótmælum gegn honum frá Ísafirði, ég get bætt því við, að í N.-Ísafjarðarsýslu er álit allra hið sama, svo og á Norður- og Suðurlandi. Vera má, að ekki væri ósanngjarnt, þegar betur árar, að þessi atvinnuvegur greiddi einhvern skatt til flugferða. Nú er slíkt óráð, og í því feldist svo mikið ranglæti, að ég trúi því ekki, að úrskurður Alþ. falli á þá leið að halda skattinum.

Bergur Jónsson: Ef hv. þm. N.-Ísf. eða einhver annar góður maður gerir áætlun um það, hvað mikinn þátt síldarleitin á í útgerðarkostnaði flugvélanna, skal ég, þegar það er sýnt, vera fyrsti maður til að vera með því, að gjaldið sé fært til samræmis við þann kostnað,

sem lagður hefir verið fram. Sé ég þá eigi, að síldveiðimenn hafi undan nokkru að kvarta.

Jón Auðunn Jónsson: Hér er ekki að tala um neitt slíkt. Viðkomandi menn hafa óskað eftir því, að þessi starfræksla verði lögð niður, þar sem þeir telja, að hún geri þeim ekkert gagn. Og af þeim ástæðum er ekki vert að reikna út sannvirði síldarleitar nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EA, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PO, VJ, BSt, JörB.

nei: HJ, HG, HV, JónasÞ, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BÁ.

Fimm þm. (IngB, LH, ÓTh, StgrS, BKr) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 217).

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 217, n. 692).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: N. hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við hv. 2. þm. Eyf. leggjum til, að frv. verði samþ., en hv. 2. þm. S.-M. leggur til, að það verði fellt.

Frv. fer fram á, að lögin um stofnun flugmálasjóðs séu afnumin og þar með af tekið það gjald, sem lagt hefir verið á síldarútveginn til flugmála og numið hefir 10 aurum af hverri tunnu síldar, sem söltuð hefir verið, og 10 aurum af hverju máli, sem til bræðslu hefir farið.

Frv. er fram borið vegna eindreginna óska svo að segja allra þeirra, er við síldveiðar fást. Því er haldið fram, að síldarleitin komi að sama sem engu gagni. Hinsvegar sé það mjög ósanngjarnt að skattleggja síldveiðarnar til að halda uppi almennum flugferðum og engin ástæða til að láta þann atvinnuveg einan bera þann kostnað.

Hvað sem segja má um flugferðir hér á landi og gagnsemi þeirra, þá verður að fallast á, að þetta sé rétt. Það er ósanngjarnt að skattleggja þennan atvinnuveg einan, þegar sýnt er, að hann hefir ekki frekar gagn af flugferðum en aðrir. Því er að vísu haldið fram, að síldarleit úr lofti geti orðið að einhverju gagni. En það er þó fyrst og fremst ennþá deilt um það. Það er talið, að ekki sé auðvelt að sjá úr flugvélum, hvaða torfur það eru, sem vaða, t. d. ekki gott að greina að ufsa og síld. Leiðbeiningarnar geti því orðið jafnvel til þess að gabba veiðimennina. Þegar skip eru heldur ekki á staðnum, getur síldin líka verið horfin aftur, þegar þau koma á vettvang. Annars mun það algengast, að skip sinna þessu lítt eða ekki.

En sem sagt, það er mjög eindregin krafa allra þeirra, er veiðarnar stunda, að þessi skattur sé felldur niður. Ég legg því til, að frv. verði samþ.

Ingvar Pálmason: Ég hefi ekki getað fallizt á að samþ. frv. þetta. Það er þó ekki af þeirri ástæðu, að ég viðurkenni ekki, að flugskatturinn sé þungur. Það viðurkenni ég fyllilega. En til þess að létta sköttum af síldarútveginum tel ég ekki þessa leið þá einu heppilegu. Enn er ekki nægileg reynsla fengin um það, að hvaða gagni flugvélar geti komið við síldarleit. Ég sé heldur ekki ástæðu til að samþ. frv. nú, vegna þess, að í lögunum um stofnun flugmálasjóðs er svo fyrir mælt, að gjaldið skuli ekki innheimt nema síldarleitin fari fram. En það er nú nokkurnveginn vitað, að hún fer engin fram í ár. Það er því á engan hátt brýn nauðsyn að afnema lögin nú. Hefði ég viljað, að lögunum væri breytt svo, að skatturinn yrði lækkaður frá því, sem hann er nú, og fénu varið til stuðnings síldarútgerðinni með flugferðum á einn

eða annan hátt, síldarleit og öðru. Þar sem og vitanlegt er, að skatturinn verður ekki innheimtur í ár, tel ég rétt, að þessu máli verði frestað nú, en tekið til athugunar á næsta þingi og l. þá breytt. En ekki geri ég þetta að kappsmáli, og snertir enda kjördæmi mitt lítið, á hvorn veginn málið fer, því að ekki er útlit fyrir, eins og ástandið er nú, að menn á Austurlandi muni hafa áhuga fyrir síldarleit. Ég tel þó ekki rétt af Alþingi að fella l. úr gildi nú og kveða þannig upp þann dóm í málinu, að síldarleit með flugvélum geti ekki komið útveginum að liði.

Frsm. (Jakob Möller) [óyfirl.]: Hv. 2. þm. S.-M. færði það fram sem aðalástæðu fyrir því að fella ekki þessi l. úr gildi nú, að víst væri, að síldarleitin yrði ekki framkvæmd í sumar, og sýnist mér þetta þó fremur vera ástæða fyrir því að afnema l. Ég verð að líta svo á, að rétt sé af Alþingi að taka til greina óskir síldveiðimannanna sjálfra í þessu efni, og ef það er rétt að láta þá ráða, sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þetta, er ekki betra að vera að fresta þessu nú, til þess að gera það síðar. Það er og alveg ástæðulaust að vera að neyða upp á menn því, sem þeir vilja ekki, og enda rangt af Alþingi að gera slíkt, og því ekki ástæða til að vera að fresta afnámi laganna.

Það segir að vísu svo í l., að ekki megi innheimta skattinn, ef síldarleitin er ekki framkvæmd ákveðinn tíma, en reynslan hefir þó orðið sú, að mikil brögð hafa orðið að vanefndum á síldarleitinni, og skatturinn þó innheimtur engu að síður. Það kann að vera, að skatturinn verði ekki innheimtur, ef ekkert síldarflug verður flogið, en ég hefi engar sönnur fyrir því, að ekki verði höfð nein viðbrögð um síldarleitina, til þess þannig aðeins að fá tylliástæðu til að innheimta skattinn.

Ingvar Pálmason: Ég skil vel afstöðu hv. 1. þm. Reykv. Hann er sannfærður um það, að síldarleitin komi aldrei að notum, og út frá því er ekki nema eðlilegt, að hann telji rétt að afnema síldarskattinn. En ég er ekki eins sannfærður um þetta eins og hv. 1. þm. Reykv., og tel þvert á móti miklar líkur til þess, að síldarflugið geti komið að miklum notum, og af þeim ástæðum tel ég ekki tímabært að nema l. úr gildi nú.

Hvað það snertir, að vanefndir hafi orðið á framkvæmd síldarleitarinnar eftir l., get ég litlu um það svarað, en því aðeins hefir skatturinn verið innheimtur, að gerðir hafa verið samningar milli ríkisstj. og flugfélagsins um síldarleitina, og er það mál milli þessara aðilja, ef um vanefndir hefir verið að ræða í þessu efni. En hitt er víst, að í sumar verður ekkert síldarflug, og þá ekki heldur innheimtur neinn skattur vegna þess.

Frsm. (Jakob Möller): Ég veit ekki, hverja vissu hv. 2. þm. S.-M. getur haft fyrir því, að síldarleitinni verði ekki haldið uppi í sumar. Það kom a. m. k. fram í umr. málsins í Nd., að þetta gæti alveg eins orðið, en vel má þó vera, að eitthvað hafi komið fram í málinu síðan, sem mér er ókunnugt um.

Það var ekki rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að aðalástæðan fyrir mér í þessu máli væri sú sannfæring, að ekkert gagn væri að síldarleitinni. Aðalástæðan fyrir mér er sú, að þetta er gert í óþökk allra þeirra, sem hafa hagsmuna um það að gæta, og ég tel það í senn ástæðulaust og rangt af þinginu að vera að þröngva þessu upp á menn, úr því að þeir hafa enga trú á því og vilja engu til þess kosta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 742).

---

48. Berklavarnir.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 288).

Á 44., 49. og 50. fundi í Nd., 6., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta frv. er samið af skrifstofustjóranum í atvmrn. og flutt af allshn. skv. beiðni Sjúkrasamlags Rvíkur. Frv. fer fram á að fella niður skyldu ríkissjóðs til að endurgreiða sýslufélögunum þann hluta af 2 kr. gjaldinu, sem umfram verður ⅖ af berklavarnakostnaðinum þeirra vegna. Virðist ástæðulaust, að sum sýslufélög sleppi þannig að meira eða minna leyti við að greiða þetta 2 kr. gjald á hvern heimilisfastan mann vegna berklavarnanna, og enda réttmætast, að öll sýslufélög taki að sínu leyti þátt í útrýmingu þessa þjóðarböls án tillits til þess, hvort sýkin er mikil í héraðinu hvert einstakt ár. Í öðru lagi fer frv. fram á það, að felld verði niður skylda sjúkrasamlaganna til að greiða sérstakt gjald vegna berklaveikra sjúklinga, sem í þeim eru, enda er samlögunum að hinu leytinu jafnframt gert að greiða til berklavarnanna fyrir meðlimi sína skv. 4. mgr. 14. gr. berklavarnalaganna. Er þetta þannig tvöfaldur skattur, sem lagður er á sjúkrasamlögin í þessu skyni, og sjálfsagt að fella hann niður, auk þess sem það er nauðsynlegt til þess, að samlögin verði ekki féþrota og verði af þeim ástæðum e. t. v. að leggja niður hina mjög svo þjóðhollu starfsemi sína með öllu. Einkum á þó Sjúkrasamlag Rvíkur nú í vök að verjast fjárhagslega. Í samræmi við þetta er ennfremur farið fram á það, að allur áfallinn, en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrasamlaganna verði felldur niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að frsm. málsins er fjarstaddur, en hinsvegar allþýðingarmiklar brtt. við frv. frá mér og hv. þm. V.-Sk., og má búast við, að einhverjar umr. verði um málið. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort ekki muni rétt að fresta því.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 288, 384).

Þorleifur Jónsson: Af því að ég og hv. þm. V.-Sk. eigum hér brtt. á þskj. 384, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um hana í sambandi við þetta mál.

Frv. þetta var upphaflega sent allshn. frá Sjúkrasamlagi Rvíkur, og var aðaltilgangur þess að létta berklavarnaskattinum af sjúkrasamlögunum. Nú er svo máli varið, að sjúkrasamlögin eru mjög illa stödd, sérstaklega þó Sjúkrasamlag Rvíkur, sem greinilegast er tekið fram í aths. þeirri, er fylgir 2. gr. frv., sem ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp: „Sjúkrasamlög eiga fullt í fangi með að standast útgjöld sín og berjast í bökkum, þó þau þurfi ekki sérstaklega að greiða fyrir þá samlagsmenn, sem veikjast af berklaveiki. Auk þess er sú upphæð, sem þeim ber að greiða, mjög lítil, borin saman við hina miklu fúlgu til berklavarnanna, en fyrir sjúkrasamlögin sjálf alltilfinnanleg. Sjúkrasamlag Rvíkur er nú sem stendur í hinum mestu vandræðum, og verður að gera aðrar og frekari breytingar á löggjöfinni um sjúkrasamlög, ef það á að geta staðizt. Að öðrum kosti mun þetta þarfa fyrirtæki að öllum líkindum verða að leggjast niður og jafnvel verða gjaldþrota, og mun þó öllum ljóst, hvílíkt gagn slíkt sjúkrasamlag vinnur, þar sem það oft mun forða fólki frá að lenda á sveitinni vegna veikinda og á þann hátt vafalaust spara bæði bæjar- og ríkissjóði

bein fjárframlög til þurfalinga vegna veikinda þeirra. Þessi burtfelling berklavarnagjalda samlaganna myndi m. a. verða til þess að styðja samlögin í áframhaldandi starfsemi þeirra til almenningsheilla". Í þessari aths. við 2. gr. er hvergi vikið að því, að sjúkrasamlögin heimti, að berklavarnalögunum sé breytt að öðru leyti en því, sem er þeim í hag sjálfum, og um það er n. á einu máli. Hún telur sjálfsagt að rétta samlögunum hjálparhönd með því að fella burt skyldukostnað þeirra við berklavarnirnar. En í frv. þessu er einnig ákvæði um að breyta fyrirmæli, sem gilt hefir um tillög sýslnanna vegna berklavarnanna. Í lögum frá 1927 er svo fyrir mælt, að hvert lögsagnarumdæmi greiði til ríkissjóðs 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann innan lögsagnarumdæmisins. Gjald þetta gengur svo upp í berklavarnakostnaðinn. En svo eru aftur fyrirmæli um það, að þegar gjald þetta fer fram úr ⅖ kostnaðar við berklavarnir vegna sjúklinga þeirra, er heimilisfastir voru í héraðinu, þá skuli endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Þessa endurgreiðsluskyldu ríkissjóðs fer frv. fram á að fella niður með öllu. Fá héruðin því samkv. þessu ekkert endurgreitt, hversu lítinn berklavarnakostnað, sem þau hafa. Þessu ákvæði er ég mótfallinn, enda þótt ég fylgi frv. að öðru leyti, og þess vegna höfum við hv. þm. V.-Sk. borið fram brtt. okkar. Við viljum láta þetta standa eins og það er í lögunum, því að við teljum það ekkert skylt aðaltilgangi frv., sem sé að hjálpa sjúkrasamlögunum. Því er haldið fram í grg. frv., að það sé mjög mikið verk fyrir stjórnarráðið að skipta berklakostnaðinum niður og finna út hluta hvers lögsagnarumdæmis. Þetta held ég, að sé aðeins viðbára, því að óhætt mun að fullyrða, að stjórnarráðið fær mörg mál, sem erfiðara er að leysa en þetta, enda hefir reynslan sýnt, að því hefir tekizt mætavel að reikna þetta út. Ég hefi fengið skýrslur fyrir árin 1928—1929, þar sem þetta er reiknað út, og á þeim má sjá, hvaða sýslur hafa fengið endurgreiðslur. Þær eru ekki margar, aðeins fjórar annað árið, en fimm hitt. Skýrslur fyrir árin 1930—1931 eru ekki fullgerðar enn, svo miða verður við skýrslurnar fyrir árin 1928—1929. Árið 1928 hafa sýslurnar fengið endurgreitt sem hér segir:

Snæfellsnessýsla	kr.	2853,26
Seyðisfjörður	—	987,48
Austur-Skaftafellssýsla	—	2213,20
Vestur-Skaftafellssýsla	—	795,30
Rangárvallasýsla	—	3348,00

Árið 1929 hafa 4 sýslur fengið endurgreitt sem hér segir:

Snæfellsnessýsla	kr.	4124,01
Austur-Skaftafellsýsla	—	2258,00
Vestur-Skaftafellsýsla	—	1465,60
Gullbringu- og Kjósarsýsla .	—	789,36

Skaftafellsýslurnar báðar og Snæfellsnessýsla hafa fengið endurborgað bæði þessi ár. Seyðisfjörður og Rangárvallasýsla annað árið, en Gullbringu- og Kjósarsýsla hitt. Eftir þessu er auðsætt, að það eru áraskipti að þessu. Ég býst því t. d. alls ekki við, að Austur-Skaftafellssýsla fái þessa endurgreiðslu í ár, því að nú hefir hún a. m. k. tvo berklasjúklinga. Er það því alls ekki af neinni hreppapólitík fyrir mér, að ég vil, að ákvæði þetta um endurgreiðslu haldist í lögunum. Reynslan mun verða sú, að þetta skiptist á milli sýslnanna. Ein hefir fleiri sjúklinga þetta árið, en önnur hitt.

Það er líka á fleira að líta þessu viðvíkjandi. Ég get t. d. vel búizt við, að í þeim héruðum, sem fjærst liggja heilsuhælunum, sé sjúklingunum ekki sópað eins á hælin eins og úr þeim héruðum, sem nær þeim liggja. Hin fjarlægari héruð munu því oft sitja með þá sjúklinga sína heima, sem ekki ganga með smitandi berkla, og spara því ríkissjóði með því mikil útgjöld.

Þá hefir því verið haldið fram, að það muni sýslurnar mjög litlu, þó að þær fái þessa endurgreiðslu. En muni það sýslurnar litlu, þá munar það ríkissjóðinn ekki heldur miklu að halda þessu fyrir sýslunum. Ég vænti því, að hv. d. sjái það, að það er engin ástæða til þess að breyta þessu ákvæði berklavarnalaganna nú. Ennfremur má minna á það, að þessi 2 kr. skattur er nefskattur, sem kemur jafnt niður á ungbörnin í vöggunni og fullorðna menn fullhrausta og vel vinnandi, og öll sýslufélög verða að greiða jafnt, miðað við fólksfjölda, hvort sem þau eru vel eða illa stæð. Að þessu

leyti er gjald þetta eigi sérstaklega sanngjarnt eða til fyrirmyndar. Er því sízt vanþörf að draga úr ákvæðum þess, eins og gert er með endurgreiðsluákvæðinu.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, því ég veit, að hv. dm. skilja, hvað hér er átt við, en ég vænti þess, að brtt. okkar verði samþ. og frv. sömuleiðis, vegna vandræða sjúkrasamlaganna.

Frsm. (Bergur Jónsson): Hv. þm. A.-Sk. byrjaði á því að lesa upp úr grg. frv. og gat þess réttilega, að frv. væri flutt af allshn. eftir ósk Sjúkrasamlags Rvíkur. En eins og kunnugt er, er einnig annar tilgangur með frv. en sá, sem kemur fram í 2. gr. þess. Það er það, sem kemur fram í 1. gr. þess, og það er einmitt það, sem þeir þm. Skaftfellinga vilja eyðileggja með till. sinni. Þeir gátu því haft hana öðruvísi, aðeins ákvæði um að gr. félli niður.

Meiri hl. allshn. er mótfallinn þessari brtt., því að henni er ætlað að eyðileggja annan aðaltilgang frv., sem er sá, að fella niður endurgreiðsluskyldu ríkissjóðs á nokkrum hluta tillags sýslufélaganna vegna berklavarnanna. Ástæðan fyrir því, að við viljum fella þessa endurgreiðsluskyldu niður, er sú, að við álítum berklaveikina þjóðarmein, sem komi öllum landsbúum jafnt við og öllum héruðum, hvort sem mikið er af veikinni þar í svip eða ekki. Þetta er líka viðurkennt af löggjafanum með berklavarnalöggjöfinni og með berklahælum þeim og heilsuhælum, sem komið hefir verið upp og starfrækt eru á opinberan kostnað. Berklavarnirnar eru ekki aðeins vegna sjúklinganna og hinna sýktu héraða, heldur og engu síður vegna hinna heilbrigðu, eins og t. d. hinar almennu sóttvarnir eru framkvæmdar vegna hinna heilbrigðu, en eigi hinna sýktu. Það er því ekkert réttlæti, eins og þessum málum gagnvart sýslufélögunum er skipað nú, að láta hin ósýktu héruð sleppa alveg við kostnaðinn, enda má þá búast við, að gjaldskyldan verði í öfugu hlutfalli við gjaldþolið, því að venjulega má gera ráð fyrir, að þau héruð, sem marga sjúklinga hafa, hafi minna gjaldþol en þau, sem eiga þá fáa. Hér er því aðalástæðan fyrir því, að meiri hl. allshn. leggur það til, að brtt. á þskj. 384 verði felld.

Þorleifur Jónsson: Ég bjóst alltaf við því, að hv. þm. Barð. myndi leggja á móti brtt. okkar hv. þm. V.-Sk. Hann sagði, hv. þm., að það væri ekkert réttlæti í því, að þau héruð, sem slyppu bezt við berklaveikina í það og það skiptið, fengju endurgreiðslu á tillagi sínu frá ríkissjóði. Um þetta held ég að lengi megi deila. Annars vil ég benda hv. þm. á, að grundvöllurinn undir þessum skatti er ekkert sérstaklega réttlátur. Það mætti alveg eins fá alla skatta ríkissjóðsins með því að leggja þá alla á sýslufélögin eftir höfðatölu hjá þeim. Ég hefi til fróðleiks aðgætt, hve mikið ríkissjóður greiðir til berklavarna á hvern íbúa í hinum ýmsu sýslufélögum. Vegna Akureyrar greiðir ríkissjóður 16 kr. á hvern íbúa og vegna Hafnarfjarðar 15 kr. Þessi háa greiðsla liggur sennilega mikið í því, að rétt hjá Akureyri er heilsuhæli fyrir berklaveika menn, en í Hafnarfirði er sjúkrahús, sem nær hver sjúklingur er drifinn á, og svo Vífilsstaðahæli við hliðina á bænum. Þá eru þrjú lögsagnarumdæmi, sem greitt er fyrir 12 kr. á mann, og tvö með 10—11 kr. á mann, en lægst er Vestur-Skaftafellssýsla með kr. 0,98 á mann. Þetta sýnir gleggst, hve misjafnlega mikið ríkissjóður þarf að borga vegna berklasjúklinga hinna ýmsu héraða.

Þá sagði hv. þm. Barð., að við hefðum eins getað haft brtt. okkar þannig, að fella niður 1. gr. frv., en þetta er ekki rétt, því að þá hefði síðasti málsl. 4. málsgr. í 1. gr. laganna frá 31. maí 1927 staðið eftir óbreyttur, en það mátti ekki vera vegna 2. gr. frv. Fjórða málsgr. 1. gr. l. frá 1927 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Allur sá kostnaður, sem hér er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 kr. fyrir hvern mann í lögsagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr $^2/_5$ kostnaðar við berklavarnir vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í héraðinu, skal endurgreiða það, sem umfram verður". Svo kemur dálítið meira: „Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína ákveð-

ið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst ár hvert". Það er þessi síðasti málsl., sem fella verður burt úr málsgr. eins og hún er í lögunum, því að hann kemur við gjaldi sjúkrasamlaganna, sem með 2. gr. frv. er ætlað að falla burt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að karpa um þetta frekar, því að ég býst við, að hv. þdm. geri sér fyllilega ljóst, hvað hér er um að ræða.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég skal viðurkenna það með hv. þm. A.-Sk., að það muni vel mega finna réttlátari aðferð við að jafna niður berklavarnakostnaðinum en með nefskatti. T. d. mætti jafna honum niður á sýslufélögin eftir efnum og ástæðum. En það getur ekki talizt neitt réttlæti að láta þau sýslufélög, sem minnst afhroð hafa goldið vegna veikinnar, verða léttast úti með greiðslurnar, því að lög þessi eru fyrst og fremst sett til þess að vernda þá heilbrigðu. Annars má minna á það, að meginþunginn af þessum berklavarnalögum hvílir á ríkissjóði og þar með á skattþegnunum samkv. hinum almennu tolla- og skattalögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 384 felld með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, IngB, LH, PO, SvbH, SvÓ, TrÞ.

nei: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, HStef, HG, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, StgrS, VJ, JörB.

Sex þm. (BKr, EA, GÍ, HJ, HV, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 288, 590).

Vilmundur Jónsson: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv., á þskj. 590, um annað orðalag á 1. málsgr. 14. gr. berklavarnalaganna og 5. málsgr. sömu gr., sem fara í þá átt, er áður hefir verið um rætt og fengið hefir góðar undirtektir hér í hv. þd., að fastákveða, að semja skuli fyrirfram við sjúkrahús landsins, sem hæf teljast, um sjúkravist fyrir berklasjúklinga. Það hefir reynzt erfitt eftir á að jafna deilur, er risið hafa út af dvalarkostnaði slíkra sjúklinga. En með því móti, að samið sé um vistina fyrirfram, er sett undir þann leka. Nú má gera ráð fyrir, að berklasjúklingar þurfi við og og við, a. m. k. um stundarsakir, að dvelja á sjúkrahúsum, sem ekki hefir verið samið við og heilbrigðisstj. telur eigi þannig úr garði gerð, að til þess séu fyllilega hæf að hýsa berklasjúklinga yfirleitt. En til þess að sú dvöl komi ekki hart niður á sjúklingum, sem ekki geta komizt á annað sjúkrahús vegna fjarlægðar eða annars, þá er heimilað að greiða fyrir þá í samræmi við dvalarkostnað á sjúkrahúsi, er samið hefir verið við.

Þetta mál hefir áður fengið góðar undirtektir hér í hv. þd., þó að það hafi ekki enn komizt fram. Einu sinni vildi það einkennilega slys til, að brtt. við berklavarnalögin, sem fór í þessa átt, féll hér í þd., þó að enginn greiddi atkvæði á móti henni, eins og hæstv. forseti mun minnast. Nú vona ég, að málið gangi fram á eðlilegan hátt og verði afgr. til Ed. án slysa og tafar.

Magnús Guðmundsson: Það stendur í brtt. á þskj. 590, að berklaveikur sjúklingur geti „fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku". Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., sem jafnframt er landlæknir, hver eigi að semja við sjúkrahúsin, hvort landlæknir eigi að gera það eða ríkisstj., eða hvort sjúkrahúsin eigi sjálf að leita eftir samningum um þetta. Ég vildi leggja þann skilning í till., að það sé meiningin, að semja megi við öll þau sjúkrahús, sem hafa venjuleg sjúkrahústæki og vel hæfan

lækni, sem er fær um að gegna sínu starfi, svo framarlega sem þau sýna ekki óbilgirni í samningum. Það er langt frá, að ég amist við því, að gerðar séu þær ráðstafanir, sem unnt er að gera til þess að sporna við miklum kostnaði af sjúkrahúsvist berklasjúklinga, en ég vil fyrirbyggja það, að sjúkrahús, sem eru sanngjörn í samningum, séu útilokuð frá því að hafa þessa sjúklinga. Ég óska eftir skýrri yfirlýsingu frá hv. flm. sem landlækni um það, hvern skilning hann leggur í þessi ákvæði.

Vilmundur Jónsson: Samkv. síðari brtt. minni er það skýrt fram tekið, að stjórnarráðið eigi að semja við sjúkrahúsin, þau, sem til þess teljast hæf að taka á móti berklasjúklingum. Ég býst við, að um það mat á sjúkrahúsunum verði að hlíta dómi ríkisstj. En ég geri jafnframt ráð fyrir, að ekki sé mikil ástæða til að óttast hlutdrægni í því efni. Það er yfirleitt ekki svo mikill munur á sjúkrahúsunum, ekki þeim stærri a. m. k. Hinsvegar minnir till. á, að eigi skuli semja við sjúkrahús, sem eru verulega ófullkomin, illa sett eða innréttuð, svo að ekki sé hægt að einangra þar sjúklinga o. s. frv. Þó er gert ráð fyrir undanþágu frá þessu um stundarsakir, meðan sjúklingurinn getur ekki fengið vist á fullkomnara sjúkrahúsi. Að sjálfsögðu verður fyrst og fremst samið við þau sjúkrahús, sem hafa öll tæki, þ. á m. ljóslækningatæki, og bezt væri, ef hægt væri að semja um eitt ákveðið daggjald fyrir allt, sem sjúklingnum er látið í té, vist, læknishjálp, lyf og ljóslækningar. Í 14. gr., eins og hún nú er, stendur, að greiða megi úr ríkissjóði lækningakostnað fyrir þá berklasjúklinga, sem dvelja utan sjúkrahúss, þar með taldar ljóslækningar. Till. mín, sem hér liggur fyrir, hreyfir ekki við því ákvæði, en sjálfsagt er að gera jafnframt samninga um þá læknishjálp.

Magnús Guðmundsson: Ég gleymdi að taka það fram áðan, að það er hortittur í brtt. að segja, að **stjórnarráðið** skuli semja við sjúkrahúsin, í stað þess að það ætti að vera ráðuneytið. Það er vitanlega ekki meiningin, að allt stjórnarráðið eigi að hafa þetta með höndum, heldur það ráðuneyti, sem málið heyrir undir og verið hefir dómsmrn. Á síðari árum hefir verið reynt að forðast orðið „stjórnarráð“ í lagamáli, þegar aðeins er átt við ákveðnar deildir þess. Og ég vil skjóta því til hv. flm., hvort honum þykir ekki betra að setja ráðuneytið í staðinn. Mætti flytja um það skrifl. brtt. (**EA:** Það mætti líka setja ráðherra). Já, það er eins rétt.

Það hefir stundum litið svo út, að erfitt sé að semja um ljóslækningakostnaðinn fyrir berklasjúklinga, en vel má vera, að það geti tekizt, og ég get tekið það trúanlegt, sem hv. flm. segir um þetta, af því að hann er kunnugur málinu og hlýtur að vita mest um þetta sem landlæknir. En ég sakna þess, að það er ekki tekið fram, að samningarnir við sjúkrahúsin skuli bornir undir landlækni; þó að ráðuneytið leiti máske til hans, þá er hvergi gert ráð fyrir því. Og betra hefði verið að taka það fram, að ráðun. væri skylt að leita tillagna landlæknis. Ég býst við að greiða atkv. með þessum brtt., ef vænta má, að öllum sjúkrahúsum á landinu verði sýnd sanngirni í þessum viðskiptum.

Vilmundur Jónsson: Mér er ljóst, að það er ekki vel við eigandi að nota orðið stjórnarráð í þessu sambandi. En það er gert í öllum þessum lagabálki, og hefði því þurft að breyta þessu orði alstaðar í lögunum, en það virtist mér of mikil fyrirhöfn. Ég held, að þetta verði að standa líka í þessum liðum 14. gr., og mun ég þess vegna ekki flytja brtt. um þessi orðaskipti þar.

Magnús Guðmundsson: Ég lít svo á, að það geri ekkert til, þó að þetta orð sé óbreytt í eldri lögunum, en af því að hér er um nýja lög að ræða, sem ekki verða felld inn í texta eldri laganna, þá þurfa þau ekki að verða höttótt, þó að breytt sé þessu orði í frv. Og ef hv. flm. hefir ekkert á móti því, þá ætla ég að leyfa mér að flytja skrifl. brtt. um, að fyrir orðið „stjórnarráðið“ á tveimur stöðum í b-lið brtt. á þskj. 590, komi: ráðherra.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Skagf., við b-lið brtt.

á þskj. 590, þess efnis, að fyrir „stjórnarráðið“ á tveimur stöðum komi: ráðherra.

Þar sem brtt. þessi er skrifl. og þar að auki of seint fram komin, verður að leita afbrigða um, að hún megi koma til greina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 602) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 590,a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 602 samþ. án atkvgr.

— 590,b, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 603).

Á 68. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 603, n. 700).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. felur í sér þá breyt. á berklavarnal., að leysa sjúkrasamlögin undan þeirri skyldu að greiða ákveðið tillag upp í berklavarnakostnað meðlima þeirra, en samkv. gildandi l. eiga samlögin að greiða ⅖ af meðlagskostnaði samlagsmanna, allt hvað þetta fer ekki fram úr 2 kr. á dag. Hefir þessi kvöð reynzt svo þung á sjúkrasamlögunum, að þau hafa ekki getað innt hana af hendi, og eiga þau allt ógreitt, sem þeim hefir borið að greiða í þessu efni. Hinsvegar verður það varla talið sanngjarnt að hegna svo þeim mönnum, sem sýnt hafa þann áhuga fyrir mannúðarmálum, að þeir hafa stofnað með sér sjúkrasamlag, að láta þá borga meira en aðra landsmenn vegna berklavarnanna, en eins og kunnugt er sleppa sýslurnar með að greiða 2 kr. fyrir hvern héraðsbúa. Taldi n. því sanngjarnt að fella þessi ákvæði gildandi l. niður, enda þýðingarlaust að láta þau standa, þar sem sjúkrasamlögin geta ekki innt þessa kvöð af höndum, eins og ég áður sagði. Á einstökum árum hefir þetta numið frá 4—10 þús. kr. fyrir sjúkrasamlögin, svo að hér er ekki mikils í misst fyrir ríkissjóð, þó að samlögin muni hinsvegar mikið um þetta.

Hin breyt. frv. á gildandi l. viðvíkjandi sjúkrasamlögunum er bein afleiðing af þessu, og er sú, að gefa eftir áfallinn berklavarnaskatt sjúkrasamlaganna. Hafa samlögin ekki getað greitt þennan skatt, eins og ég áður sagði, og þess vegna rétt að gefa hann upp, enda ekki um annað að gera.

Til þess að vega upp á móti því tapi, sem ríkissjóður verður fyrir vegna þessara breyt. á berklavarnal., er farið fram á það með frv., að öllum sýslufélögum sé gert að skyldu að greiða sama gjald vegna berklavarnanna, 2 kr. á hvern sýslubúa. Samkv. gildandi l. er þetta gjald bundið því skilyrði, að það fari ekki fram úr ⅖ kostnaðar við berklavarnirnar, og ef sýslufélag hefir fyrir engum berklasjúkling að sjá, þarf það ekki heldur að borga neitt. Sýnist lítil ástæða til að vera að ívilna svo þeim sýslufélögum, sem hafa fáa sjúklinga, því að þau ættu að vera betur sett en hin, sem fyrir mörgum sjúklingum hafa að sjá, og þess vegna að vera færari um að leggja eitthvað af mörkum í þessum efnum.

Loks hefir frv. að geyma skýrari ákvæði um styrkhæfi berklasjúklinga en eru í gildandi l.

Fleiri orð þykist ég svo ekki þurfa að hafa fyrir þessu máli fyrir hönd n. N. telur þær breyt., sem í frv. felast, sumpart réttmætar og sumpart til bóta, og ræður n. hv. d. eindregið til að samþ. frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

2.—3. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 743).

49. Lækningaleyfi o. fl.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar (þmfrv., A. 35).

Á 14. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um það, að þörf sé á ýtarlegum lögum um réttarstöðu lækna í þjóðfélaginu og annara þeirra, sem fást við lækningar. Um það efni eru ekki til nein lagaákvæði, nema í lögunum frá 1911, en þau lög eru ákaflega stutt, óákveðin og ófullnægjandi.

Um undirbúning þessa frv. er það að segja, að ég hefi samið það eftir beztu getu, og stuðzt við góðar erlendar fyrirmyndir. Síðan sendi ég það í tvo staði til yfirlits; í fyrsta lagi til læknadeildar háskólans, til þess að hún athugaði það, aðallega frá fræðilegu sjónarmiði, og í öðru lagi til Læknafélags Ísl., til þess að það færi yfir það og athugaði, aðallega frá hagsmunasjónarmiði læknanna sjálfra. Það má segja, að um frv. hafi orðið gott samkomulag milli allra þessara aðilja, og er ekki neinn ágreiningur, sem máli skiptir, nema um þau atriði, sem sérstaklega er tekið fram um í grg. frv. Hávaðinn af ákvæðum frv. mun heldur yfirleitt ekki orka tvímælis, enda er málið þaulrætt úti í löndum, og frv. í samræmi við það, sem þar gerist í þessum málum. Það eru því aðeins örfá atriði, sem hugsanlegt er, að geti valdið deilum. Væntanlegri n. til athugunar skal ég nú geta um þau helztu nýmæli, sem hér er um að ræða:

Fyrst er þá það, að lagt er til að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, að allir þeir kandidatar, sem útskrifast frá háskólanum, fái um leið óskoraðan rétt til að fást við lækningar hér á landi. Þessu er lagt til að breyta svo, að eftir frv. fá þeir ekki þennan rétt, nema sérstakt leyfi heilbrigðisstj. komi til. Í frv. því, sem liggur fyrir danska þinginu og minnzt er á í grg. frv., er lagt til að taka upp þetta fyrirkomulag þar í landi. Þykir þetta miklu tryggara til að fyrirbyggja það, að óhæfur maður komist í læknisstöðu, en prófið eitt. Þeir, sem dæma við próf, geta varla litið á annað en þekkingu þess, sem prófið tekur. En það er augljóst, að þó ekki sé um þekkingarskort að ræða, getur maðurinn haft ýmsa aðra galla, sem gera hann óhæfan til að fást við lækningar, enda er kennurum háskólans þetta vel ljóst, hafa séð þess dæmi og draga ekki dul á.

Sama er að segja um sérfræðingana. Eftir frv. eiga læknar ekki að mega kalla sig sérfræðinga, nema með leyfi heilbrigðisstj., en áður gerðu þeir það eftir ákvörðun stéttarfél. síns. Að vísu hefir ekki verið kvartað um, að þetta hafi komið að sök, en það virðist þó tryggara, að ákvörðun um það heyri undir heilbrigðisstj., enda er það í meira samræmi við ákvæði frv. um veitingu leyfa til almennra lækninga. Einkanlega virðist það réttmætt eftir að sérfræðingum hafa verið tryggð í löggjöfinni ýms sérréttindi fram yfir aðra lækna, eins og í frv. er gert ráð fyrir, og þ. á m. hærri greiðslur fyrir störf sín.

Þá eru ýms ákvæði um hegðun og framferði lækna, sem almennt eru tekin upp í reglur félagsskapar sjálfra þeirra, en erlendis er ekki siður, að kveðið sé á um með öðrum hætti. En eins og tekið er fram í grg., er hér meiri þörf á að binda slíkt í lögum, því að vegna þess, hve stéttin er fámenn, og kunningsskapur þar af leiðandi mikill innan hennar, verður miklu erfiðara að halda uppi góðum reglum hér en þar, sem félagsskapurinn er stærri og kunningsskapurinn minni og er ekki laust við, að borið hafi á því. Læknafél. Ísl. er fylgjandi þessum ákvæðum og

gerði till. um að auka þau á ýmsan hátt. Var tekið tillit til velflests, ef ekki alls þess, sem það lagði til um þau atriði.

Enn er það nýmæli, að hver almennur praktiserandi læknir, sem hefir opna lækningastofu, sé skyldur að gegna læknisvitjunum innan vissra takmarka. Þetta er alveg nauðsynlegt, því að þar sem praktiserandi læknir er í kaupstað, hefir hann alltaf stóran viðskiptamannahóp, sem reiðir sig á hann og þarf helzt að geta átt sama tilkall til hans og héraðslæknisins, sem ekki er hægt að búast við, að öllu geti annað. Einkum er Rvík höfð hér í huga, og er ekki hægt að segja, að Reykvíkingar með einn héraðslækni, eigi, án slíkra ákvæða, lagakröfu á læknishjálp í áttina til þess að vera fullnægjandi. Auk þess ber nauðsyn til að leysa héraðslækninn í Reykjavík undan almennri gegningarskyldu vegna embættisanna, og liggja till. um það fyrir þinginu í öðru frv. Læknar munu ekki kunna þessu ákvæði illa. Þeir vilja flestir hafa sem mest að gera, svo að þetta ætti að vera og er þeim áreiðanlega ljúf skylda. Læknar í Rvík hafa og skilið þessa skyldu, því að þeir hafa gert samtök um læknavörð, sem sé alltaf til taks, þegar ekki er almennt hægt að ná í lækna. Í frv. er líka gert ráð fyrir, að læknir í kaupstað eða kauptúni losni við gegningarskylduna, ef hann tekur þátt í samtökum lækna um læknavörð á nóttum og helgidögum, þ. e. a. s. þann tímann, er vörðurinn situr.

Þá er það atriðið, sem hefir verið mjög mikið deilumál, a. m. k. erlendis, en það er um þagnarskyldu lækna og einkum vitnisburðarskyldu þeirra fyrir rétti. Læknar krefjast þess yfirleitt að fá að vera lausir við að bera vitni fyrir rétti um einkamál sjúklinga sinna. Lögfræðingar vilja ekki viðurkenna þetta, og gilda um þetta mjög mismunandi lagaákvæði í ýmsum löndum. Sumstaðar er læknum beinlínis bannað að bera vitni fyrir rétti um einkamál sjúklinga sinna, sumstaðar er þeim heimilað það undir vissum kringumstæðum, og enn annarsstaðar er það eins og hér, að læknar hafa enga sérstöðu að þessu leyti. Ég hefi reynt að finna milliveg í þessu máli og kosið sömu leið og n., sem um þetta mál fjallaði í Danmörku, til undirbúnings frv., sem um hefir verið getið, að ekki sé heimilt að krefja lækna vitnisburðar fyrir rétti um einkamál sjúklinga þeirra, ef sjúklingar ekki leyfa það sjálfir, nema eftir sérstökum úrskurði dómarans í hvert sinn, og aðeins þá, er það getur oltið á vitnisburði læknisins, hver úrslit málið fær, enda hafi það þýðingu fyrir málsaðila eða þjóðfél. Ég minnist á það í grg., að læknar hér kjósa helzt að vera lausir við þetta, og kemur það til álita í hv. n. og hv. d., hvað rétt sé að gera í þessu efni.

Þá er hér ætlazt til, að í fyrsta sinni sé ákveðið í lögum um skyldu lækna til að leitast við að afstýra þeirri hættu, sem af sjúklingi hans getur stafað undir sérstökum kringumstæðum. Hingað til hefir sjálfsagt hver læknir reynt í kyrrþey og án hávaða að gera þetta, og á því fer jafnan bezt. Náttúrlega er ekki ætlazt til, að læknar hafi víðtækar lagaskyldur í þessu efni, og eru þær skýrt afmarkaðar í frv. En vel er hugsanlegt, að um svo mikla og augljósa hættu geti verið að ræða, að sjálfsagt sé að heimta það sem lagaskyldu af læknum, að þeir leitist við að afstýra henni, jafnvel þó að það kosti átök. Og þá er gott fyrir lækninn að hafa lagaákvæði um, hvernig hann á að haga sér, til hvers hann er skyldugur og út yfir hvaða takmörk hann á ekki að fara.

Þá vil ég minnast á eitt atriði enn, en það er ákvæði frv. um gjaldskrá fyrir praktiserandi lækna. Þetta er aðalágreiningsefnið milli mín og Læknafél. Íslands, sem óskaði mjög ákveðið, þ. e. a. s. stj. þess, að þetta væri óbundið sem hingað til. Hún getur fallizt á gjaldskrá fyrir praktiserandi lækna, að svo miklu leyti sem þeir vinna fyrir hið opinbera, en taldi fjarstætt, að löggjöfin legði að öðru leyti verð á vinnu þeirra fremur en annara manna embættislausra, og er þetta tekið fram í grg. Þó eru mjög margir læknar, sem vilja annaðhvort hafa gjaldskrá fyrir alla lækna eða enga, og vilja ekki gera neinn greinarmun á embættislæknum og embættislausum í þessu efni. Ég geri ráð fyrir, að þetta ágreiningsmál verði nákvæmlega athugað af væntanl. hv. n. og hv. þdm. yfirleitt.

Enn eru skottulækningar bannaðar frekar en áður hefir verið, og jafnframt

leitazt við að skilgreina, hvað skottulækningar séu. Er sú skilgreining nokkru víðtækari en áður hefir tíðkazt, og undir skottulækningar látnar heyra ýmsar yfirsjónir, sem lærðir læknar geta gert sig seka um. Læknafél. kann því ekki allskostar vel, þó að það leggi ekki á það verulega áherzlu. Enda held ég slíkt óþarfa viðkvæmni. — Ennfremur eru ákvæði, sem banna almennar auglýsingar lyfja. Þessu er beint gegn skrumauglýsingum. Þar sem ekki er hægt að kveða á um, hvað séu skrumauglýsingar, þótti greinilegast að banna allar lyfjaauglýsingar. Læknfél. Rvíkur hafði gert sérstaka samþykkt um þetta fyrir nokkru og óskaði eftir, að hún yrði tekin til athugunar af heilbrigðisstj. Milli lækna er enginn ágreiningur um þessa nauðsyn.

Loks eru ákvæði um, að svipta megi lækna lækningaleyfi, og virðist þar vera tryggilega um búið og betur en nú er, ekki sízt það, að læknar séu ekki sviptir lækningaleyfi að ástæðulausu.

Ég fer svo ekki frekar út í einstakar greinar frv. að þessu sinni, en læt það bíða þangað til við síðari umr. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Pétur Ottesen: Eins og hv. flm. tók fram, þá eru hér í þessu frv. gerðar víðtækari ráðstafanir gagnvart læknunum og störfum þeirra en áður eru til í ísl. lögum. Á ég þar við l. um þetta efni frá 1911.

Ég býst nú við, að það sé fullkomin þörf á því að endurskoða löggjöfina að þessu leyti og setja þar um fyllri lagaákvæði en nú eru til. Því það er svo um lækningastarfsemina, að hún hefir tekið miklum framförum. Það eru nú komnir sérfræðingar í ýmsum greinum, og mun vera full þörf á að setja nánari ákvæði um þá í lög en nú eru til.

Eins og hv. flm. tók fram, er hér gerð sú breyt. frá gömlu l., að allar smáskammtalækningar á nú að banna. En það orð hefir hingað til verið notað um það, er ólærðir menn hafa fengizt við meðalalækningar, þó hv. flm. hafi þótt smekklegra að uppnefna þá og kalla þá skottulækna og vilji taka upp í löggjöfina þetta orð, sem menn nota, er þeir tala í niðrandi merkingu um þessar meðalalækningar ólærðra manna.

Í l. frá 1911 sé ég ekki annað en að smáskammtalækningar séu fullkomlega heimilaðar. Enda er það kunnugt, að smáskammtalæknar hafa síðan óáreittir fengið að stunda lækningar sínar við hliðina á lærðum læknum. En samkv. frv. skilst mér, að slíkar lækningar séu nú skornar niður, og smáskammtalæknarnir megi nú ekki framar fást við þessar lækningar. Og þar með er líka landsfólkið svipt aðstoð og hjálp þessara manna, sem það hefir notið um langan aldur. Og það þarf ekki um það að deila, að lækningar þessara manna hafa í mörgum tilfellum komið að miklu liði. Það má nú reyndar segja, að í þessu efni sé orðin mjög mikil breyt. frá því, sem áður var, því nú eru læknar orðnir miklu fleiri en var, og þó er það svo enn úti um hinar dreifðu byggðir landsins, að þar eru eiginlega ekki læknar í öllum héraðslæknisembættum, svo að á hinum afskekktustu stöðum standa þau sum auð, og þeir menn, sem þar búa, eru því ekki betur settir, þótt í héraðinu eigi að heita að vera til héraðslæknisembætti, sem er autt, eða þeim sé vísað til héraðslæknisins í öðru héraðslæknisembætti, sem þeir svo ekki ná til, þegar til þarf að taka. Þrátt fyrir alla læknafjölgunina er það því svo, að enn er ekki betur séð fyrir þörfum manna sumstaðar í því efni en það, að töluvert verksvið getur verið fyrir náttúrugreinda menn, sem hafa kynnt sér þessar meðalalækningar, svo það er alls ekki tímabært að banna þær algerlega með lögum. Ég held þess vegna, að hvað þetta snertir þá sé fullkomin ástæða fyrir þá hv. n., sem fær frv. til athugunar, að taka rækilega til athugunar þetta algerða bann á smáskammtalækningum og breyta frv. svo, að ekki sé algert bann sett á þær. Því það er nú svo, með allri virðingu fyrir lærðu læknunum, að mér virðist, að í meðalalækningum slagi hinir töluvert upp í þá. Ég vil því biðja n., sem fær þetta mál, að taka þetta atriði sérstaklega vel til athugunar.

Það eru nokkur fleiri atriði í frv., sem ástæða væri til að minnast á, en ég skal þó ekki fara langt út í það, enda er allmikill vandi á því fyrir leikmann, að gera

skilgreining á svo lærðum hlutum, sem hér er um að ræða, og að tala um lækningar og slíkt. En mér skilst, að eftir 4. gr. frv. sé það lagt á vald landlæknis eins, hvort læknisefni, sem ekki hefir próf, geti í vissum tilfellum gegnt störfum embættislækna í landinu, í forföllum þeirra. Það er alkunnugt, að læknar þurfa stundum að hverfa frá embættum um stundarsakir, og þá er það nauðsynlegt að sjá fyrir því, að aðrir gegni embættunum á meðan. Hinsvegar getur það oft verið erfitt að fá fullkomlega lærða lækna, og hefir þá oft verið gripið til þess að fá stúdenta frá háskólanum til að gegna embættunum. Nú getur það m. a. valdið því, að læknir verði að hverfa frá embætti sínu um hríð, að hann sé t. d. kosinn á þing, og þá getur verið, að hann eigi ekki kost á að fá nema læknisnema til að gegna embættinu á meðan. Mér finnst þá varhugavert að fela einum manni úrskurðarvald um það, hvort lækninum sé gert mögulegt að gegna þeirri köllun í alþjóðarþarfir, sem hann er kvaddur til, með því að veita honum heimild til að taka *í sinn stað próflausan mann*, svo hann komist burtu. Við höfum dæmi af því, að lækni nokkrum var fyrirmunað að sitja á þingi, af því að hann gat ekki útvegað lærðan lækni í sinn stað, en stjórnarvöldin neituðu honum um að fara til þings ella. Mér þykir því öruggara, að læknadeild háskólans fjalli um þetta með landlækni, en ekki hann einn, eins og 4. gr. frv. fer fram á.

Hv. flm. talaði um, að lagðar væru *hömlur á auglýs.*, sem læknar kynnu að vilja beita sér til framdráttar, og er fátt nær sanni en að hömlur séu á þetta lagðar, því að samkv. 13. gr. frv. er læknum beinlínis bannað að auglýsa sig, nema þrisvar sinnum sé, og þá að því er virðist, aðeins þrisvar á æfinni. Finnst mér þetta ákvæði nokkuð strangt. Kann að vísu að vera, að þetta sé nóg þeim læknum, sem *alla æfi sitja á sama stað*, en ef læknir flytur sig um set oftar en þrem sinnum, er honum með þessu ákvæði frv. fyrirmunað að gera almenningi kunnan flutning sinn, sem og að auglýsa, að hann taki á móti sjúklingum á sínum nýja aðsetursstað, enda þótt hann að öðru leyti hafi fullt lækningaleyfi samkv. frv. Nær þetta vitanlega engri átt. — Þá er jafnframt í þessari gr. spornað við því, að skrifað sé í blöð eða tímarit um störf einstakra lækna og afrek, sem þeir kunna að vinna, og virðist þar eiga sama að gegna, hvort heldur sem um er að ræða afrek í vísindum eða í almennum læknisaðgerðum, og er tilgangurinn með þessu sá að koma í veg fyrir, að slíkt sé gert í auglýsingaskyni, enda gerir frv. ráð fyrir því; að stéttarbræður viðkomandi læknis reki aftur það, sem ofmælt kann að vera í slíkum greinum, ef fram koma eftir sem áður. Nú er það alkunna, að fjöldi þeirra karla og kvenna, sem til læknis þurfa að leita, telur sér skylt að setja þakkarávarp í blöðin til læknis síns fyrir veitta hjálp. Oftast á hér hlut að máli fátækt fólk, sem læknarnir þess vegna eru vægir við í borgunarkröfum, og hefir þetta fólk þá tvöfalda ástæðu til að tjá lækni sínum þakkir sínar opinberlega, fyrst og fremst fyrir fengna lækning meina sinna, og í öðru lagi fyrir þá góðvild, sem læknirinn sýnir því með því að taka litla og jafnvel oft enga borgun fyrir aðgerð sína. Ef 12. gr. er tekin bókstaflega eftir orðanna hljóðan, er fólki með öllu meinað að birta slík þakkarávörp, og virðist satt að segja engin ástæða til þess liggja, að hið opinbera fari að gera ráðstafanir til að girða fyrir, að fram komi þakkarávörp fyrir velgerðir, sem einn eða annar kann að sýna náunganum. (MG: Það er ekki frjálslegt). Nei, slíkt er í hæsta máta ófrjálslegt og tekur satt að segja engu tali.

Ákvæði 13. gr. eru mikil réttarbót frá því, sem nú er, þar sem þar er gert ráð fyrir, að hinum praktiserandi læknum sé sett sérstök gjaldskrá að fara eftir, svo sem embættislæknar verða að gera. Vitanlega verður að taka tillit til þess aðstöðumunar, sem er með þessum tveim flokkum lækna, þar sem embættislæknarnir hafa föst laun auk hinna sérstöku greiðslna, sem þeir taka af sjúklingunum fyrir hjálp sína, enda gerir og frv. ráð fyrir þessu. Þykist ég að vísu vita, að ágreiningur sé um þetta innan læknastéttarinnar, eins og hv. flm. og einnig tók fram, að væri, en ég held, að með þessu sé rétt spor stigið gagnvart almenningi, og enda nauðsynlegt. Hinsvegar felli ég mig ekki við þá leið, sem með frv. er far-

in til að ná þessu marki, þar sem verið er að smeygja því inn í löggjöfina, að hið opinbera semji við stéttarfélög. Hafa að vísu áður verið gerðar tilraunir í þessa átt, en þær hafa aldrei náð fram að ganga, og vildi ég beina því til þeirrar n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún gjaldi fullan varhuga við þessu ákvæði frv. Liggur og betur við að fara aðra leið í þessu efni, og sú leið kemur m. a. s. fram í sjálfu frv., því að þar er gert ráð fyrir, að gjaldskráin sé sett með sama hætti sem er gjaldskrá héraðslækna, ef ekki verður samkomulag um gjaldskrána samkv. ákvæðum gr. En ég tel mjög varhugavert að fara inn á þá braut í þessu efni, sem frv. markar, fyrst og fremst af þeim ástæðum, hvað þessi stéttarfélög virðast geta verið mörg innan læknastéttarinnar. Frv. talar um allskonar sérfræðinga, svo sem tannlækna, nuddara o. fl. o. fl., og mér virðist það ekki heppileg leið fyrir löggjöfina að fara út á þá krákustigu að semja við öll tilsvarandi stéttarfélög þessara sérfræðinga, t. d. væntanlegt verkamálaráð nuddaranna! Virðist mér ólíkt heppilegra að fara um þetta sömu leið sem farin er við ákvörðun gjaldskrár héraðslæknanna, en ef ekki svndist nóg, að landlæknir og heilbrigðisstj. hefðu þetta með höndum; mætti jafnframt leita um það álits t. d. læknadeildar háskólans.

Þá vildi ég skora á þá n., sem frv. fær til meðferðar, að hún tæki til rækilegrar meðferðar ákvæði 16. gr. frv., en þar segir svo m. a., að öllum, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, og jafnframt öllum þeim, sem ekkert lækningaleyfi hafa, sé bannað að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki og aðra smitandi sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, svo og sjúklinga með krabbamein o. s. frv. Ég veit að vísu ekki, hvað vakir fyrir hv. flm. með orðunum „að taka til meðferðar", því að þar er um mjög teygjanlegt hugtak að ræða, en um sótthita er það vitanlegt, að hann fylgir oft t. d. kvefi, svo að ekki séu nefndir alvarlegri sjúkdómar, eins og t. d. lungnabólga, og verð ég að segja það, að mér þykja firn mikil, að við skuli liggja tugthúsrefsing, ef ólærður maður gerir eitthvað til að draga úr þjáningum hitasóttarsjúklinga, t. d. með því að ráðleggja honum aspirín eða önnur kælandi meðul. Slík „húsráð" eru oftast hendi næst, ef einhver verður veikur, enda jafnan til þeirra gripið, áður en til læknis hefir náðst, en samkv. frv. verða hverjir þeir húsbændur brotlegir við lögin, sem til slíkra aðgerða grípa vegna veikinda heimamanns síns. Slíkt nær auðvitað engri átt, enda sjálfsagt ekki meining hv. flm., en samkv. orðalagi frv. getur til þessa leitt.

Í 17. gr. er haldið áfram bannsöngnum yfir auglýsingastarfsemi lækna og hér jafnframt lyfsala, og bannaðar allar auglýs. á lyfjum og lækningaáhöldum, sem og tilsvarandi auglýs. um lækningakraft drykkja og matvæla. Ég veit ekki, hvað segja á um annað eins ákvæði sem þetta. Samkv. því virðist vera bannað, að maður, sem t. d. selur nýmjólk eða matvæli, megi auglýsa, hversu mikill heilsukraftur fylgir þessum fæðuteg., t. d. hvað í þeim sé mikið af fjörvi o. s. frv. Yfirleitt virðast allar auglýs. vera bannaðar samkv. ákvæðum þessarar gr. um allt það, sem hollt er fyrir mannlegan líkama að neyta. Ég held því, að nauðsynlegt sé að breyta orðalaginu á þessari gr., svo að ekki verði dregnar út úr henni svo víðtækar takmarkanir á auglýs. í þessu efni. Það nær t. d. engri átt að banna auglýs. á borskalýsi, sem mönnum er mjög hollt að neyta, einkum börnum og unglingum, eins og væri gert að orðalagi gr. óbreyttu. Yfirleitt er mjög varhugavert að setja slíkar takmarkanir sem þessar. Fólkinu er bezt að fá sem beztar upplýsingar um það, hverjar fæðuteg. séu hollastar, og ég held þvert á móti, að læknarnir ættu að skoða það skyldu sína að nota hvert tækifæri til að auglýsa þetta fyrir fólkinu. Er það sérstaklega einn af læknum landsins, sem skilið hefir köllun sína að þessu leyti, Jónas Kristjánsson fyrrv. alþm. Hefir hann verið ótrauður, bæði í ræðu og riti, til að fræða almenning í þessum efnum, og sé honum bökk fyrir. Ég sé, að nú er að vakna sterk alda til að vinna að því betur en verið hefir, að landsmenn noti meira þær afurðir, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, en nú gera þeir. Eitthvert áþreifanlegasta sporið í þessa átt er stigið með ísl. vikunni svokölluðu, sem

hér á að hefjast 1. apríl næstk., og er þá gert ráð fyrir því, að í hverjum búðarglugga og alstaðar annarsstaðar á mannamótum verði brýnt fyrir mönnum, hve hollar okkar innlendu afurðir eru, auk þess sem sýnt verði fram á það, hvílík þjóðhagsleg nauðsyn okkur er sem öðrum þjóðum að búa að því, sem okkar er. Þetta sýnir ljóslega, að ekki nær nokkurri átt að setja hömlur við því að l., að það sé predikað fyrir fólkinu, hversu góðar okkar ísl. vörur eru, heldur á þvert á móti að hvetja fólkið til að nota þær sem mest. — Í niðurlagi þessarar gr. (17. gr.) er gerð sú undantekning frá þessu auglýsingabanni, að birta megi slíkar auglýs., ef rækilega er um það búið, að þær berist ekki fyrir augu nema læknanna einna. Skal ég ekki neita því, að læknunum sé nauðsynlegt að kunna skil á þessum hlutum, en ég fæ ekki séð, hver nauður rekur til þess að fara með þetta á laun fyrir öllum almenningi. Slíkt minnir á það, þegar kaþólskir eru að predika á latínu fyrir ólatínulærðum almenningi, enda vafalaust af svipuðum rótum runnið. Sé ég ekki, að nauðsynlegt sé að halda þessum auglýs. svo stranglega leyndum fyrir öllum almenningi, sem þetta snertir vissulega ekki síður en læknana sjálfa.

Ég hefi þá bent á þau fjögur atriði frv., sem ég einkum tel varhugaverð, og leyfi mér að vænta þess, að n., sem málið fær til meðferðar, geti tekið þessar aths. mínar til greina.

Að lokum vil ég svo drepa nokkrum orðum á ákvæði 20. gr. Þar ræðir um missi lækningaleyfis, og er allt vald í þeim efnum lagt í hendur landlæknis og læknadeildar háskólans. Er þetta að því leyti breyt. frá núg. l. í þessu efni, að samkv. núg. l. getur hlutaðeigandi læknir skotið málum sínum til dómstólanna, en er sviptur þeim rétti samkv. frv. Þykist ég vita, að þetta sé gert af því, að svo sé litið á, að sérfræðinga þurfi til að dæma um í slíkum málum, en ég vil þó benda á það, að afbrot læknis geta legið utan þessa sérfræðisviðs og verið almenns eðlis, og verð því að telja vafasamt, að rétt sé að sleppa því ákvæði niður, að læknir megi skjóta málum sínum til dómstólanna, ef svo stendur á, og tel það enda sjálfsagt, að þessi réttur sé ekki af honum tekinn. Vil ég beina því til n., að hún einnig taki þetta til athugunar, og vil svo enda mál mitt að þessu sinni eins og ég byrjaði, að ég skil ekki, að það fáist samþ. að skera allar smáskammtalækningar niður við trog að svo komnu.

Sveinn Ólafsson: Hv. þm. Borgf. hefir tekið margt það fram, sem ég vildi sagt hafa í þessu máli, en ég mun reyna að forðast endurtekningar á því.

Margir munu líta svo á, að í þessu frv. felist viðtækar réttarbætur og öryggisráðstafanir fyrir sjúka menn, en ég verð að lýsa efa mínum um, að svo sé. Ég er hræddur við, að ýmsum ákvæðum frv. kunni að verða misbeitt, t. d. ákvæðum 1. gr. um, að enginn megi **fást við lækningar** nema lækningaleyfi hafi. Hún er að vísu hliðstæð 1. gr. l. nr. 38 frá 1911, nema að því leyti, að heimilaðar eru smáskammtalækningar eftir 1. gr. þeirra l., eins og hv. þm. Borgf. réttilega tók fram. Er þar svo til orða tekið, að „rétt til að fást við lækningar, aðrar en smáskammtalækningar, hafi hér á landi þeir einir, er staðizt hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða Háskóla Íslands", og má að vísu segja, að þetta sé óeðlilegt ákvæði, þar sem svo hagar til sem hér, að víða verður að **fást við lækningar** af leikmönnum einum, þegar lærðir læknar eru ekki við hendina eða sérstaklega erfitt að ná til þeirra. Af margþættri og nokkuð langri lífsreynslu hefi ég komizt að þeirri skoðun, að ekki séu aðrir viðhlítandi læknar en þeir, sem það eru fyrir meðfædda innri hvöt og tilhneigingu til að hjálpa — læknar af guðs náð, ef svo mætti að orði kveða. En ýmsum þeim, sem við lækningar fást, er ekki svo farið, enda óteljandi dæmi þess, að hinum svo nefndu lærðu læknum hefir oft hrapallega mistekizt í lækningastarfinu. Og ætti ég að telja upp öll þau sorglegu atvik, sem ég hefi horft á og hafa sannfært mig um mistök og fánýti sumra þessara manna, yrði sá lestur bæði bryggilegur og óskemmtilegur. Ef fara ætti nú að lögfesta það, að þeir einir megi fást við lækningar, sem lesið hafa að nafni til læknisfræði og slampazt ein-

hvern veginn gegnum próf, væri þar með útilokað, að leikmenn, sem af hneigð og innri hvöt til hjálpar vildu liðsinna sjúkum, mættu gera það; er ég ekki í minnsta vafa um það, að slíkt mundi til margs ills leiða. Ég vil því leggja þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, ríkt á hjarta að varast öll þau orðatiltæki í frv., sem geta gefið tilefni til misbeitingar á ákvæðum þess.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að hér á landi hagar víða svo til, að erfitt er að ná til hinna skipuðu lækna, og því oft og tíðum óumflýjanlegt að leita liðsinnis reyndra og nærfærinna manna um hjálp og aðhlynningu við sjúklinga, enda ekki fátítt, að hinir lögskipuðu læknar eru lélegri en skottulæknarnir, sem svo eru nefndir. Það nær engri átt að setja ákvæði í l. um það, að aðrir en lærðir læknar megi ekki, hvernig sem á stendur, fást við læknisstörf. Ég hefi verið viðstaddur svo marga sorglega atburði, þar sem glapræði og fákænska svo nefndra **lærðra** lækna hefir ýmist valdið stórtjóni eða riðið sjúklingnum að fullu, að ég hika ekki við að telja suma þá, sem skottulæknisnafnið hafa hlotið, þeim stórum fremri, enda sumir héraðslæknar fyrr og nú óreglumenn og héruðunum hrein og bein plága.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um þetta að sinni; býst líka við, að frv. sjáist hér aftur, og mun þá tækifæri til að fara frekar út í það, en eins og frv. nú er, mun ég ekki geta greitt því atkv., ekki einu sinni til 2. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ef hv. þm. Borgf. væri dómari, sem dæma ætti um mál eftir þessu frv., ef að l. yrði, efast ég ekki um, að það þyrfti að gerast miklu betur úr garði en mér hefir tekizt. Hann fær svo fáránlega hluti út úr ákvæðum þess, af því að hann skilur svo nauðalítið í þeim. Það er t. d. fjarri sanni hjá hv. þm. Borgf., að smáskammtalæknar séu kallaðir skottulæknar í frv. Frv. minnist m. a. s. ekki einu orði hvorki á smáskammtalækna né skottulækna, og því fer fjarri, að smáskammtalækningar séu bannaðar eftir frv., þó að frv. hinsvegar geri ráð fyrir því, að enginn megi fást við lækningar, nema að þar til fengnu leyfi hjá heilbrigðisstj. Virðist þetta ekki vera hörð krafa borið saman við þær kröfur, sem gerðar eru til iðnstarfa. Enginn má fást við iðnaðarstörf, nema hann hafi leyst iðnbréf, sem svo er kallað. Það má t. d. enginn skraddari suma buxur á hv. þm. Borgf., nema hann hafi bréf og pappíra í lagi til þess, en svo ætti hver og einn, án nokkurs sérstaks leyfis, að mega gefa sig við lækningum og jafnvel taka fótinn af hv. þm., sem virðist þó vera töluvert alvarlegra verk og hættulegra. Ef athugaður er kaflinn í frv. um skottulækningarnar, ætti það að vera öllum ljóst, að samkv. honum geta jafnt lærðir sem ólærðir læknar orðið sekir um skottulækningar, og er þar á engan sérstakan hátt niðrað hinum svokölluðu smáskammtalæknum, sem eiga svo öflugan talsmann í hv. þm. Borgf. eins og **ólærðir** læknar yfirleitt.

Ekkert þarf betur að tryggja en kunnáttu þeirra, sem mega fást við læknisstörf í þjóðfél. Náttúrugreind er að vísu mikilsvarðandi, en á þessum sviðum er hún ekki einhlít. Hún ein gerir engan mann að lækni. Hér er þekkingin aðalatriðið. Skoðanir hv. þm. Borg. á þessum hlutum eru leifar af gamalli hjátrú, sem er að engu hafandi. Ef maður vill fást við lækningar, þá sækir hann um það til heilbrigðisstj. og færir fullnægjandi sönnur á, að hann hafi þá þekkingu á þessum fræðum, sem krefjast verður af þeim, sem við slíka starfsemi fást. Frv. bannar hvergi að veita mönnum lækningaleyfi, ef þeir hafa ekki fullgilt læknapróf, en gerir þvert á móti ráð fyrir því. Fyrir mitt leyti myndi ég sem landlæknir ekki hika við að mæla með slíku leyfi til handa leikmönnum, hvort heldur til smáskammtalækninga eða annara lækninga, ef viðkomandi fullnægði skilyrðum til þess. Þessi ákvæði eru einungis sett til að girða fyrir það, að menn, sem alls enga þekkingu né önnur skilyrði hafa til lækningastarfsins, geri sér það að atvinnu.

Jafnvel smáskammtalæknar geta verið of þekkingarlausir. Mér kemur í hug eitt dæmi um mann, sem var kamarmokari hér í Rvík, sem er heiðarleg atvinna og trúnaðarstarf. Nú kom þó að því, að manninum þótti þessi atvinna helzt til

lítilfjörleg, gerir sér hægt um hönd, kaupir slatta af lyfjum og labbar án frekari undirbúnings norður í land og setur sig þar niður sem smáskammtalæknir. Heimildarmaður að þessari sögu er fyrirrennari minn í landlæknisembættinu, Guðmundur Björnson, þá er sagan gerðist að ég ætla héraðslæknir í Rvík. Og var honum sagan sérstaklega minnisstæð fyrir það, að það var í fæðingarsveit hans, sem smáskammtalæknirinn setti sig niður til að praktisera. Slíkt sem þetta eiga þessi lög að koma í veg fyrir.

Um aðrar aðfinnslur hv. þm. Borgf. er líkt að segja. En það var eftirtektarvert, að þau atriði, sem hann hártogaði mest, eru einmitt innskot læknafél. í frv., eins og ég gekk frá því í upphafi. Ákvæðið um það, að læknir megi aðeins auglýsa þrisvar sinnum, er þannig sett inn í frv. fyrir tilmæli læknafél. Því er kunnugt um, að af slíkum auglýs. getur stafað mikil hætta fyrir stéttina, því að ef einn óprúttinn byrjar neyðast læknarnir fyrr eða síðar til að auglýsa hver í kapp við annan, til þess að verða ekki undir í samkeppninni. Hinsvegar er það auðvitað mál, að ef læknir flytur búferlum, þá getur hann auglýst þrisvar sinnum við hver bústaðaskipti. Útúrsnúningur hv. þm. um þetta atriði er þess vegna ekki svaraverður, og líkt má segja um þau ummæli hans, að ákvæði frv. um lyfjaauglýsingar væru að ófyrirsynju. Það er að vísu rétt, að hingað til höfum við verið mikið til lausir við þesskonar, en erlendis er það víða orðið hið mesta böl. Í Noregi kveður svo mikið að slíkum skrumauglýsingum, að til stórkostlegra vandræða horfir. Mörg þessara skrumlyfja eru beinlínis hættuleg, en öll eiga þau sammerkt í því, að þau eru talin eiga við alla mögulega sjúkdóma og seld með óhæfilegu verði. Slík lyf kaupa Norðmenn árlega fyrir um 10 millj. kr. Ég held, að sparnaðarpostular eins og hv. þm. Borgf. ættu sízt að hafa á móti því, að girt sé fyrir slíkt. Við höfum til þessa haft vandaða lyfsala og lækna, sem ekki hafa misnotað aðstöðu sína í þessum efnum, en þó hefir þesshättar auglýsingastarfsemi skotið upp kollinum í seinni tíð og mun eflaust færast mjög í aukana, ef ekki er aðgert í tíma. Það er vitaskuld mjög auðvelt að færa dæmi þess, að auglýsa þurfi ýms nauðsynleg lyf, svo sem þorskalýsi, en þá ber þess að gæta, að fyrir hverja eina þarfa auglýsing kæmu þúsund óþarfar, ef ekki hættulegar auglýsingar. Ef hv. þm. Borgf. getur bent á annað orðalag, sem einungis útilokar hinar óþörfu auglýs., þá væri það mjög gott, ég treysti mér ekki til þess.

Ég endist ekki til að elta ólar við allar hártoganir hv. þm. Borgf. Því fer mjög fjarri, að t. d. Jónasi Kristjánssyni yrði meinað að skrifa fróðlegar ritgerðir um mataræði, þótt þessi ákvæði yrðu samþ. Þau ná einungis til skrumlyfjaauglýsinga í **verzlunarskyni.** Um þakkarávörpin, sem hv. þm. var að tala um, er það að segja, að þau yrðu alls ekki bönnuð, eftir þessu frv. nema þau væru beinlínis dulbúnar auglýsingar, en annars held ég, að flestir læknar kysu helzt að vera lausir við þau, og væri að því lítill skaði, þótt þau hyrfu úr sögunni.

Þá átti það að vera eitthvað hættulegt að semja við stéttarfélag lækna um gjaldskrána. Ég hélt nú þvert á móti, að það væri vinningur að fá samkomulag við stéttina í heild um þessa hluti, en slíkt er ógerningur með því að tala aðeins við einn og einn lækni. Hv. þm. virtist misskilja, hvaða félagsskap væri hér átt við. Vitanlega er það Læknafél. Ísl., önnur félög koma eins og er ekki til greina.

Þá var hv. þm. að reyna að gera 16. gr. frv. hlægilega, en sú gr. bannar þeim, sem ekki hafa fullt lækningaleyfi, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki og aðra smitandi sjúkdóma, eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli. Samsvarandi ákvæði eru í lögum flestra landa og þykja alveg sjálfsögð, til þess að koma í veg fyrir, að skottulæknar fái til sín hættulega sjúklinga, sem vegna t. d. smithættu þyrftu strax að komast undir læknishendi. Hér er því um öryggisráðstöfun að ræða gegn þeirri þjóðfélagshættu, sem stafað getur af skottulæknum í þessu tilliti. Vitanlega er um þetta ákvæði sem önnur þegjandi gert ráð fyrir skynsamlegri framkvæmd, og verður því tilraun hv. þm. til að leiða þetta ákvæði út í öfgar að skoðast sem misheppnuð fyndni. Ég vil einungis benda hv. þm. á það dæmi, að kólera kæmi upp

uppi í Borgarfirði og „náttúrugreindur maður“ gæfi hinum veika manni aspirín og léti við svo búið standa, þá gæti svo farið, að þessi aspirínlækning, sem hv. þm. virðist leggja svo mikið upp úr, yrði nokkuð dýr þjóðinni, ef kóleran fyrir hana breiddist út um kjördæmi hv. þm. og dræpi t. d. hann sjálfan og marga aðra ágæta Borgfirðinga.

Hv. 1. þm. S.-M. tók mjög í sama streng og hv. þm. Borgf. um hina ólærðu lækna og talaði um það, að lærðir læknar fremdu mörg glapræði. Sjálfsagt er það rétt, en margt af því, sem hv. þm. kallar glapræði, er vafalaust ekki það glapræði, sem hann heldur. Um það er hann svo illa dómbær. En ef það hendir hina lærðu lækna að fremja glapræði, hvað er þá líklegt um hina, sem enga þekkingu hafa, ekkert nema hina svokölluðu „náttúrugreind“. Ummæli hv. þm. um glapræði læknanna eru í góðu samræmi við þá viðleitni þessa frv. að herða á kröfunum til þeirra, sem við lækningar fást, og gera þá ábyrga gerða sinna. Það er hinsvegar auðvitað mál, að fyrir mistök og „glapræði“, eins og hv. þm. kallar það, verður aldrei fyllilega girt með lagasetningu. Í því efni miðar þetta frv. þó tvímælalaust í rétta átt.

Hv. þm. Borgf. áleit ákvæði frv. um svipting lækningaleyfis mjög varhugaverð. Því fer mjög fjarri, því að hér er um mikla umbót að ræða. Í lögunum frá 1911 getur landlæknir svipt mann lækningaleyfi fyrirvaralaust og síðan ráðherra að fullu. Þá á viðkomandi ekki aðra útvegi en að leita til dómstólanna. En þess er varla að vænta af þeim, að þeir geti dæmt af fullri sanngirni um slík mál, sem krefjast alveg sérstakrar fagþekkingar. Í þessu frv. er ætlazt til, að læknadeild háskólans fái málið til athugunar, ef heilbrigðisstj. samkv. kæru landlæknis sér ástæðu til þess að taka hana til greina. Þegar leyfissviptingin hefir þannig gengið gegn um þessi þrjú stig, er varla hætta á misbeiting þessa ákvæðis.

Pétur Ottesen: Það fór mjög að vonum, að hv. flm. þætti við hv. 1. þm. S.-M. færast helzt til mikið í fang, er við ætluðum okkur þá dul að ræða um þessi mál við hann. Andsvör hans voru þess vegna ósköp einföld: við skyldum bara þegja um þessa hluti, því að við hefðum ekkert vit á þeim. Ég vil nú segja þessum hv. þm. það í allri góðsemi, að hann ætti sízt þann veg að mæla, því að þó að honum hafi, fyrir óskiljanlega viðburðanna rás, skolað upp í landlæknisembættið, þá má hann ekki fyrir þá sök eina ætla, að hann sitji inni með alla veraldarinnar vizku í þessum efnum, og að honum líðist að vaða uppi með embættis- og lærdómshroka hér innan vébanda þingsins, því að enn hefir hann ekki sýnt þá yfirburði né unnið þau kraftaverk og stórvirki, sem réttlæti slíka framkomu. Við hv. 1. þm. S.-M. munum þess vegna ekki kippa okkur upp við það, þó hv. flm. tali digurbarkalega og þyki litið koma til okkar vitsmuna. Við höfum hér kynnzt nýrri hlið á þessum hv. þm., sem gerir okkur sterkari í allri viðureign við hann.

Hv. flm. sagði, að smáskammtalækningar væru hvergi bannaðar í þessu frv., og að þeir, sem stunda vildu þessar lækningar, gætu leitað leyfis til þess hjá heilbrigðisstj. og hún dæmt um hæfileika þeirra til þess. En ég vil nú spyrja: Hvaða þekkingu hafa nú þessir hálærðu menn til þess að dæma um þekkingu smáskammtalæknanna? Ekki hina minnstu. Slík fræði liggja mjög fyrir utan þeirra lærdóms- og þekkingarsvið, og mér hefir virzt þeir yfirleitt eiga nóg með að grípa yfir öll þau bóklegu fræði, sem fyrir þá eru lögð, og þótt menn þessir séu útþandir af bókviti og hverskyns speki og vísdómi, þá er þeim alls ekki ætlanda, að þeir geti dæmt af fullri sanngirni og þekking um smáskammtalæknana og þeirra aðferðir. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, hvernig dómar þeirra myndu falla. Auk þess ber þess að gæta, að læknarnir myndu beinlínis hafa hvöt til að halla á smáskammtalæknana í úrskurðum sínum, vegna samkeppninnar við þá og til þess að reyna að ryðja þeim úr vegi. Það er því ætlun mín, að þessir menn yrðu með þessu algerlega útilokaðir, og að engin trygging sé fyrir réttlæti í úrskurðum hinna hálærðu lækna í þessum greinum.

Hv. flm. kvað það eðlilegt, að þessir menn yrðu að ganga undir eitthvert próf. Ja, það mætti svo sem setja lög um það,

að t. d. mætti enginn sauma buxur, nema hann hefði staðizt próf í þeirri list, og að enginn mætti ganga í buxum, nema þær væru gerðar eftir nýjasta Parísarmóð og síðan saumaðar af útlærðum sérfræðingum. Ég nefni þetta bara sem dæmi.

Hv. flm. dró upp eina mynd af smáskammtalækni, svona sem dæmi upp á þá almennt. Maður þessi hafði verið kamarmokari í Rvík, en síðan flutzt norður í land og stundað lækningar þar. Það er vel, að hv. flm. afhjúpaði með þessum orðum þá hugsun, sem liggur að baki þessum ákvæðum frv., og ætli það sé ekki einmitt þessi sama hugsun, sem er grundvöllur þeirrar andúðar, sem smáskammtalæknarnir eiga að mæta af hálfu þessara „fínu", hálærðu lækna. Margir þeirra hafa þessar lækningar einungis í ígripum, og a. m. k. þeir, sem í sveit búa, verða oft að fást við það, sem hv. flm. kallar skítverk, það er að yrkja jörðina, hirða skepnur o. s. frv. og það er nú svo um mig og fleiri þm., að okkar daglegu verk heima fyrir eru nú þessi og önnur skítverk, sem hv. þm. kallar svo, og það er þess vegna ekki að vænta, að hv. flm. þyki mikið til okkar koma, né þess, sem við leggjum til málanna. Hv. flm. finnst víst, að áminnztur kamarmokari og hans nótar séu ekki til annars en skítverkanna. Það fór vel, að hv. flm. auglýsti innræti sitt og hugarþel gagnvart þeim borgurum þjóðfél., sem vinna líkamlega vinnu, og að þar með séu þeir óhæfir og einskis nýtir til annara starfa, og þessi ummæli hans skulu geymd, en ekki gleymd.

Mér þótti vænt um það, að hv. flm. varð að viðurkenna, að flestar af aths. mínum við frv. væru að gefnu tilefni af orðalagi greina frv. Þetta vil ég undirstrika, því hvað sem annars má um efni frv. segja, þá er það víst, að orðalag frv. er víða mjög óljóst og teygjanlegt, og ég vil enn skjóta því til hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að hún reyni að orða frv. sem næst þeirri hugsun, sem liggur að baki þess. Sú skoðun er nú almennt viðurkennd, að lög beri að orða sem gleggst á alla lund, til þess að koma í veg fyrir öll tvímæli.

Út af 16. gr. frv., og í sambandi við það, er ólærðir menn gripu til einhverra bráðabirgðaaðgerða við veika menn, þá sagði hv. flm. það, að ef kólera geisaði t. d. uppi í Borgarfirði, þá gæti það verið hættulegt fyrir þjóðina, ef sjúklingi þar væri gefinn inn aspirínskammtur. Það er vitaskuld, að kólera getur verið hættuleg þjóðfélaginu, en að hún verði miklu hættulegri fyrir það, þótt sjúklingi sé gefinn inn einn aspirínskammtur, það get ég með engu móti skilið. Það er nú einu sinni sá andi ríkjandi, að reynt sé að hjúkra veikum mönnum og draga úr þjáningum þeirra eftir því sem föng eru á, þangað til næst til læknis, og þá verður mönnum fyrst fyrir að neyta þeirra ráða, sem fyrir hendi eru og vel hafa þótt gefast. Og að ætla að fara að straffa menn fyrir slíkt, t. d. þótt manni með hitasótt sé gefinn aspirínskammtur, það nær vitaskuld engri átt. Og að lögfesta aðra eins fjarstæðu og þetta er vitaskuld fjarri öllum sanni.

Hv. flm. endaði ræðu sína á því, að í frv. væri vel séð fyrir rétti þeirra, sem lækningaleyfi væru sviptir, þar sem leyfissviptingin yrði að ganga gegnum þrjá hreinsunarelda. Í flestum tilfellum kann það að reynast svo, að réttur þessara manna sé fulltryggur, en brotið getur líka verið þess eðlis, eins og ég benti á áðan, að það liggi fyrir utan þau svið, sem þessir læknisfróðu menn bera sérstaklega skyn á. Í læknadeildinni er t. d. enginn lögfræðingur, og að því leyti t. d., sem atriði kann að varða lagalegt spursmál, þá eru læknarnir ekki dómbærir um það. Ég ætla því, að það sé ekki fjarri sanni, að með þessum ákvæðum frv. sé kippt burt nokkurri tryggingu fyrir rétti þessara manna, sem núv. löggjöf hefir að geyma.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég mun ekki hirða um að svara hv. þm. Borgf. nema fáu einu, enda höfum við nú nálgazt hvorn annan upp á síðkastið, eftir síðustu ræðu hans að dæma. Hann hefir nú horfið frá því, sem hann hélt fram í fyrstu, að í frv. væru smáskammtalæknarnir kallaðir skottulæknar. Hann hefir talað máli smáskammtalæknanna, hvort sem þeir eru skottulæknar eða ekki, og hafið þá til skýjanna, og læt ég hann um það. Hann taldi ýms tormerki á því, að

smáskammtalæknar fengju lækningaleyfi samkv. þessu frv., og það má vel vera, að í mörgum tilfellum yrði þeim synjað um það, en varla að ófyrirsynju, eins og búið er um þá hnúta í frv. Það gæti að vísu komið hart niður á þeim, sem fyrir því yrðu, að fá ekki leyfið, en frá sjónarmiði þjóðfélagsins er með þessum ákvæðum verið að koma í veg fyrir alþjóðarhættu, sem vegur miklu meira en þó að einn og einn færi e. t. v. á mis við fulla sanngirni.

16. gr. frv. er sjálfsögð varúðarráðstöfun, til þess að girða fyrir það, að gagnslausar lækningatilraunir ófróðra manna tefji fyrir því, að leitað sé lækna, þegar um alvarlegri sjúkdóma er að ræða. Eða hvernig hyggst hv. þm. Borgf. að koma í veg fyrir slíka hættu? Að dæmi hv. þm. af aspirínskammtinum er ekki orðum eyðandi. Vitaskuld fellur slíkt ekki undir ákvæði þessara laga, ef að öðru leyti er leitað læknis án ástæðulausrar tafar.

Að það sé niðrandi um almenning að segja, að hann hafi ekki án alls lærdóms og undirbúnings vit á lækningum, get ég ekki tekið undir. Hitt er að mínu viti miklu meira niðrandi, að ætla almenning svo fáfróðan, að hann telji læknisstarfsemi ekki vandasamari en svo, að til hennar þurfi engan lærdóm né þekkingu.

Pétur Ottesen: Hv. flm. segir, að ég sé að tala máli skottulæknanna. Ég hefi alls ekki minnzt á þá einu orði. Hv. flm. er að reyna að uppnefna smáskammtalæknana og kalla þá skottulækna (**VJ:** Þetta er tilhæfulaust.), í stað þess lögfesta heitis, sem þeir hafa í lögunum 1911 og í aldagamalli málvenju þjóðarinnar. Nú á ekki að unna þeim þessa heitis lengur, sem þeir nú hafa. Ef þýða á danska heitið, þá er skottulæknir e. t. v. nær því, og má vera, að hv. flm. hafi fremur kosið dönsku þýðinguna en hið ísl. lögfesta heiti, og að þangað megi rekja orsakir þessarar afbökunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Bergur Jónsson: Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá, þar sem frsm. málsins, hv. 2. þm. Rang., er nú fjarverandi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36., 38., 40., 41., 45., 48., 49. og 50. fundi í Nd., 23. og 30. marz, 1., 2., 7., 11., 12. og 13. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 35, 163, n. 166, 195, 250, 389).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það getur ekki orkað tvímælis, að þörf er á ýtarlegri löggjöf á þessu sviði en verið hefir. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, virðist í flestu vera til bóta. N. hefir því lagt til, að það verði samþ., enda þótt einstakir nm. hafi áskilið sér rétt til að koma með brtt.

Um það verður ekki deilt, að nauðsynlegt er, að ákvæði séu í lögum um það, að læknar þurfi löggildingar eða leyfis til að reka atvinnu sína, því að vitanlega eru próf og kunnátta ekki einhlít hér fremur en annarsstaðar, nema síður sé, ef annað brestur, hvort sem þeir brestir liggja í skapgerð eða öðru. Í frv. þessu eru fólgin ákvæði, sem gera hvorttveggja í senn, að tryggja aðstöðu fólks gagnvart læknunum og ákveða skýrar um réttindi þeirra lækna, sem lækningaleyfi öðlast, og gera þá óháðari.

Komið hafa fram brtt. við frv., sem n. hefir ekki tekið afstöðu til, en ég vil lítið eitt geta frá mínu sjónarmiði.

Brtt. á þskj. 195 fer fram á, að smáskammtalæknar séu undanþegnir þessari löggjöf. Með þessu móti er þeim gert hærra undir höfði en öllum öðrum, á þann hátt, að engin lög ná til þeirra, en slíkt nær auðvitað ekki nokkurri átt. Hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða hjá hv. flm. brtt. þessarar.

Brtt. á þskj. 163 frá hv. flm. sjálfum gengur nokkuð lengra en frv. í ákvæðum um auglýs., og virðist ekki ástæða til

að mæla gegn henni. Önnur brtt. á þskj. 189 frá hv. flm. er orðabreyt., að í stað „heilbrigðisstjórn“ komi „ríkisstjórn“. N. hafði lagt til í frv. um skipun læknishéraða, að í stað „heilbrigðisstjórn“ kæmi „ráðherra“. Hygg ég réttast, að svo væri einnig hér, og býst ég við, að fram komi skrifl. brtt. um það.

Þá er brtt. á þskj. 250 frá hv. 1. þm. S.-M., sem er að nokkru orðabreyt., sem n. hefir ekki tekið afstöðu til. Hún fer fram á, að í stað „lækningar“ komi „læknisatvinnu“. Ég hygg réttast, að í frv. stæði „rétt til að **stunda** lækningar“, sem er annað en brtt. fer fram á. Hygg ég svo ekki þörf að fara fleiri orðum um frv. að sinni. Flm. gerði grein fyrir helztu nýmælum þess við 1. umr., og þarf því ekki að endurtaka það.

Einar Arnórsson: Hv. 1. þm. Rang. og ég höfum skrifað undir nál. með fyrirvara. Stafar það þó ekki af því, að við séum á móti frv. í heild, heldur af því, að nokkur atriði eru í frv., sem við töldum þurfa nánari athugunar við.

Ég geri ráð fyrir, að það, sem læknastéttin telji nokkru máli skipta í frv., séu ákvæði 13. gr., þar sem svo er ákveðið, að um borgun fyrir störf lækna, annara en héraðslækna, fari eftir því, sem um semst milli stéttarfél. þeirra og ríkisstj., en héraðslæknar taki laun eftir gjaldskrá. En hvernig fer, ef samningar takast ekki milli stj. og stéttarfél. lækna? — Þeir, sem þegar hafa fengið lækningaleyfi, verða líklega ekki skyldir til að beygja sig undir taxta. En þeir, sem fá lækningaleyfi eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, verða væntanlega að hlíta þeim taxta, er síðar kann að verða settur. Hvernig á að fara að, ef ekki semst? Það væri ástæða til að víkja að því, hvernig taxtinn ætti þá að vera gerður. — Mér finnst allhæpið að miða taxta praktiserandi lækna við meðaltekjur héraðslækna. Ég er að vísu ekki vel kunnugur þessu máli, en ég ætla, að meðaltal af árstekjum héraðslækna verði ekki hátt. Héruðin eru mörg fámenn og rýr, svo að vafasamt er, hvort duglegum praktiserandi lækni er ekki sýnd ósanngirni með því að miða taxta þeirra við tekjur héraðslækna. Ég skal fúslega játa, að engin ástæða er til að ýta undir lækna til að draga sjúklinga sína upp, en hinsvegar álít ég, að fara megi varlega í það að skammta þeim um of úr hnefa borgun fyrir störf sín, einkum sérfræðingum. Við þurfum á mörgum sérfræðingum að halda, og hætt er við, að lágur taxti yrði til að draga úr hvötinni til að gera sig vel færan til starfsins, en slíkt gæti auðvitað orðið til hins mesta tjóns. Nú er hér enginn almennur taxti til, nema fyrir héraðslækna, ef ágreiningur verður milli sjúklings og læknis um borgun. Annars er taxti héraðslækna eingöngu á pappírnum, nema ef vera skyldi, er þeir vinna fyrir hið opinbera. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. flm., hvort hann vilji ekki gera taxta héraðslækna svo úr garði, að hægt sé að halda sér við hann, ef læknar setja of hátt upp, og þá jafnframt að athuga, hvort sá taxti skyldi ekki aðeins ná til hins opinbera.

Erlendis hefir ekki þótt fært að setja taxta fyrir embættislausa lækna. Skal ég þó játa, að ég hefi ekki kynnt mér það mál sjálfur. En praktiserandi læknar líta svo á, að eigi að fara að setja þeim taxta, megi alveg eins setja taxta á verk smiðsins og jafnvel allra þeirra, sem vinna ákveðið verk. Og þessi skoðun þeirra virðist hafa við talsverð rök að styðjast.

Ýms önnur fyrirmæli eru í frv., sem e. t. v. væri ástæða til að gera breyt. á, og má vel vera, að lagfæringar geti orðið milli 2. og 3. umr. Þyrfti t. d. að athuga sektarákvæðið í 18. gr. En þó ætla ég, að ekkert af þessu sé svo vaxið, að ástæða sé til að fella frv. eða tefja það þess vegna. En ég áskil mér rétt til að koma síðar fram með brtt. við 18. gr.

Sveinn Ólafsson: Ég á hér brtt. á þskj. 250. Hún er að vísu ekki mikilvæg og má fremur kallast orðabreyt., þar sem hún haggar að engu efni frv.

Í 1. gr. frv. stendur, að enginn megi **fást við lækningar** né kalla sig lækni, nema hann hafi fengið leyfi til þess hjá heilbrigðisstj. Ég legg til, að í stað þessa, að **fást við lækningar,** komi: stunda lækningaatvinnu. Þetta orðalag frv. er tekið upp úr lögunum frá 1911 og hefir aldrei verið annað en hortittur, þar sem á allra vitorði er, að fjöldi manna hefir

fengizt og fæst við lækningar hér, sem vonlegt er í svo strjálbýlu landi. Ólærðir menn og konur hafa jafnan reynt eftir föngum að aðstoða og lækna sjúka, þegar ekki hefir náðst til læknis. Því er með öllu óviðurkvæmilegt og óviðeigandi að banna mönnum að fást við lækningar. Svo má heita, að á hverjum bæ séu menn, sem binda um sár og fægja sár, opna smákýli, kippa í lið o. s. frv., og ljósmæður nær í hverri sveit, sem hjúkra sjúkum, ef svo ber undir, og veita sjúkum ýmsa hjálp. Ég veit líka vel, að það er ekki tilgangur hv. flm. né nokkurs annars, sem málið ber undir, að aftra því, að slík hjálp sé veitt, þótt af ólærðum sé.

Hv. flm. taldi betra orðalag að „stunda lækningar" en stunda **lækningaatvinnu**. Ég verð að halda því fram, að það sé jafnóljóst og orðalag frv. Samkv. málvenju þýðir „stunda" og „fást við" nær hið sama. En orðið „lækningaatvinna" tekur af öll tvímæli. **Lækningaatvinnu** geta ekki aðrir rekið en þeir, sem fengið hafa leyfi til þess eftir frv. þessu. Hjálp annara við sjúka menn er að jafnaði kauplaus og fellur ekki undir atvinnu. Ég get þess vegna ekki látið að ósk hv. frsm. um að taka aftur þessi orð í brtt. minni á þskj. 250. Mér er nær að halda því fram, að eins og á stendur, sé þetta það orðalag, sem rétt og sjálfsagt er að viðhafa, til þess að fyrirbyggja, að þetta ákvæði verði misnotað.

Jónas Þorbergsson: Við hv. þm. Borgf. höfum leyft okkur að bera fram brtt. við 5. gr. þessa frv. á þskj. 195, þess efnis, að smáskammtalæknar, sem aðeins stunda meðalalækningar, séu undanþegnir ákvæðum þessara laga. Eftir því sem bezt er vitað, þá byggja þeir á öðrum meginreglum um meðalanotkun en þeir læknar, sem ætlazt er til, að fái lækningaleyfi samkv. þessu frv. En þar sem þessum smáskammtalæknum eru ekki áskilin nein réttindi samkv. þessu frv., virðist ekki ástæða til að leggja á þá skyldur með ákvæðum þess. Þess vegna viljum við flm. undanþiggja þá ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður.

Við nánari athugun hefi ég orðið þess var, að brtt. okkar er sett á skakkan stað í frv., og þess vegna munum við taka hana aftur til 3. umr. Ég skal geta þess, að ég mundi fyrir mitt leyti verða tilleiðanlegur til að taka hana aftur til fulls, ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. nær fram að ganga. En þó vil ég taka undir það með hv. frsm., að réttara sé að nota orðið **lækningar** heldur en **lækningaatvinnu** eins og stendur í brtt., það þýðir sitt hvað eftir mínum skilningi. Og hygg ég, að þetta yrði þá praktiserað þannig, að landlæknir sæi í gegnum fingur við smáskammtalæknana, sem ætla má, að ekki vinni tjón, en að áliti margra manna hafa gert mikið gagn. Ég hygg, að samkv. slíku orðalagi mundi landlæknir ekki gera gangskör að því að svipta þessa menn rétti til þess að fást við lækningar.

Ólafur Thors: Ég hefi enga aðstöðu til þess að dæma um þetta frv. sem sérfræðingur; það geta í raun og veru ekki aðrir en læknisfróðir menn. En ég hefi fengið ýmsar upplýsingar frá þeim og get sagt svo mikið, að það muni vera einróma skoðun læknisfróðra manna hér í bænum, að þetta mál sé mjög illa undirbúið. Læknar telja þess líka fulla von, því að hv. flm. frv., þm. Ísaf., hefir verið svo stuttan tíma í landlæknisstöðunni, að ekki er ástæða til, að hann hafi getað undirbúið málið svo sem þörf var á.

Læknadeild Háskóla Ísl. og stj. Læknafél. Ísl. hafa að vísu látið meðmæli sín fylgja þessu frv., en báðir þessir aðilar höfðu mjög nauman tíma til að athuga málið og munu við nánari athugun hafa séð, að mikið skorti á, að nægilega væri til undirbúningsins vandað. Ég vil vekja athygli á því, að meðal nágrannaþjóða okkar hafa mál eins og þetta hlotið langan undirbúning og mikið verið til hans vandað. Í Danmörku var kosin nefnd, skipuð læknum og lögfræðingum, til þess að athuga og undirbúa slíka löggjöf, og hefir hún setið að störfum frá 1928 þangað til nú nýverið, að hún skilaði frá sér mjög ýtarlegu áliti. Þó hefir það valdið nokkrum ágreiningi og deilum meðal sérfræðinga í Danmörku. Þess vegna held ég, að það sé ástæða til þess fyrir hv. þdm. að íhuga, hvort ekki sé nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað nánar og betur undirbúið. Ég vil leiða athygli hv. þdm. að því, að Læknafél. Rvíkur hélt fund

hér í bænum fyrir nokkru með félagsmönnum til þess að ræða þetta frv., og voru þar mættir nálega allir þekktustu læknar bæjarins. Ég get nefnt nokkur nöfn þeirra lækna, sem þar voru: Guðm. Hannesson, Matthías Einarsson, Halldór Hansen, Helgi Tómasson, Valtýr Albertsson, Jón Hj. Sigurðsson, Gunnl. Claessen, Guðm. Thoroddsen o. fl. o. fl. af þekktustu og beztu læknum landsins. Allir, sem staddir voru á fundinum, greiddu atkv. með því að skora á Alþ. að afgr. ekki á þessu þingi frv. það, sem hér liggur fyrir, heldur skipa n. til þess að athuga það betur og búa undir næsta þing. Vildi læknafundurinn, að í þessari n. væru 1 sérfróður læknir, 1 almennur læknir og 3 aðrir menn, og skyldi n. vinna kauplaust. Þetta sýnist vera mjög sanngjörn og réttlát krafa. Þegar málið er þannig vaxið, að fæstir þm. bera nokkurt skyn á það, og að vitað er, að aðrar þjóðir hafa vandað mjög til undirbúnings slíkrar löggjafar, en að hér hefir einn maður undirbúið það á mjög stuttum tíma, þá sé ég ekki, að hjá því verði komizt að taka svo mikið tillit til læknastéttarinnar, þeirra manna, sem hafa bezt vit á þessu máli, að Alþ. verði við ósk þeirra og fresti því um eitt ár að setja löggjöf um þessi efni. Ég er vitaskuld ekki fær til þess að dæma um, í hverju veilur þessa frv. eru fólgnar, en ég vil þó leyfa mér að nefna sem dæmi ákvæði 10. gr. frv., en samkv. því er öllum læknum landsins gert að skyldu, ef svo ber undir, að bera vitni fyrir rétti í málum, sem snerta sjúklinga þeirra. Ég get hugsað mér, að nauðsynlegt sé að lögfesta þetta, en miklir annmarkar eru á því að lögskylda slíkt. Það, sem fram fer á milli læknis og sjúklings, eru oft slík einkamál, að læknir á aldrei að fara með þau fyrir rétt. Og hvort sem slíkt ákvæði er í eldri lögum eða ekki, er fullt íhugunarefni, hvað réttlátt er og viturlegt að lögbjóða á því sviði. Ég vil benda á, að það er engum vafa undirorpið, að það getur verið stórhættulegt að láta skyldu læknanna til að segja allt um sjúklinga sína vera algerlega ótakmarkaða. Það getur leitt til þess, að sjúklingur segi lækni sínum ekki allt um sína hagi, heldur leyni þá ýmsu, sem þó getur verið nauðsyn fyrir þá að vita.

Hv. 2. þm. Reykv. fann ástæðu til að geta um ákvæði 13. gr. frv. og gera þau að umtalsefni. Ég get tekið undir það, sem hann sagði. Mér hefir verið sagt, að praktiserandi læknar seldu störf sín hvergi ódýrara en á Íslandi, og þó hefir hvergi annarsstaðar þótt ástæða til að lögfesta almenna gjaldskrá fyrir störf þeirra, nema fyrir vottorð, sem þeim er skylt að gefa í þágu hins opinbera. Ég ber ekki ábyrgð á þessu, hvort satt reynist, en kunnugir menn hafa skýrt mér þannig frá, og ráðvendni þeirra þekki ég vel. Hinsvegar vil ég benda á, að varhugavert geti verið að lögfesta gjöld fyrir viðtöl við lækna. Eins og hv. flm. frv. veit, þá geta slík viðtöl verið misjafnlega löng, stundum aðeins 5 mín., en stundum allt að 2 klst. Það getur orðið freisting fyrir lækna að hafa viðtalsbilin sem stytzt og sem flest, ef sama gjald er fyrir hvert viðtal.

Í 11. gr. frv. segir svo: „Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað, andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til heilbrigðisstjórnarinnar“. Ég býst við, að þetta sé nýmæli, en mér er sagt, að þessi gr. sé tekin eftir frv. dönsku n., og það mun sérstaklega vera á það bent í grg. þessa frv. En hv. flm. virðist ekki hafa haft álit og till. dönsku n. við hendina, þegar hann þýddi þetta frv., því að þar er tekið dýpra í árinni og beint tekið fram í nál. dönsku mbn., að lækni sé auk þessa gert að skyldu að gera heilbrigðisstj. aðvart, ef hann álítur, að almenningsheill eða „ökonomiske Interesser“ annara manna stafi hætta af andlegu ástandi viðkomandi sjúklings. (VJ: Má ég sjá bókina?). Ég hefi hana ekki við hendina. En ef hv. flm. hefir lesið bókina, þá hefir hann vafalaust séð þar talað um almenningsheill og „ökonomiske Interresser“. Ég tel mig ekki sérstaklega bæran til þess að rannsaka þetta mál eða dæma um það, og skortir þar mikið á, en ekki meira en aðra hv. þdm. yfirleitt. Og ef þeir menn, sem bezt skyn bera á þessi mál, hafa misjafnar skoðanir

á þeim og greinir á um mikilsverð atriði, þá tel ég sjálfsagt að verða við áskorun Læknafél. Rvíkur og afgr. frv. ekki á þessu þingi. Að sjálfsögðu á slík löggjöf að ganga fram síðar, en ég hygg, að jafnvel hv. flm. játi það sjálfur, að enginn voði muni af því stafa, þó að afgreiðsla n. tefjist um eitt ár, og hann mun líka játa það, að þess var tæpast að vænta, að honum tækist á svo skömmum tíma að undirbúa þetta mál sem skyldi.

Vilmundur Jónsson: Ég skal byrja með að gera grein fyrir brtt. minni á þskj. 163, við 12. gr. frv. Af vangá hafði í afritun fallið úr orðin: „á lyfseðlum“, og er þeim nú með brtt. bætt við í gr., þannig að lækni er heimilt að auglýsa á lyfseðlum með nafni, er sýni starfsgrein hans, og er það altítt, auk annara auglýsingaaðferða, sem í gr. eru taldar.

Á sama þskj. er brtt. við 20. gr.; þar er bætt við setningu sem féll aftan af gr. í vélritun. Í frv. endar gr. á því að tala um lækni, sem sviptur er lækningaleyfi, og við hana á að bætast: „en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna“. Þetta má skoða sem leiðréttingu.

Þá á ég eftir að benda á brtt. á þskj. 389, sem ég flyt eftir bendingu frá hv. 2. þm. Reykv., að í stað orðsins „heilbrigðisstjórn“, hvar sem er í frv., komi **ráðherra** víðast hvar, og á tveimur stöðum **ríkisstjórnin,** þar sem orðið heilbrigðisstjórn þykir ekki vera lagalega ákveðið hugtak, og mér skilst, að það muni vera rétt athugað, og kemur þó orðið fyrir í lögum.

Þá vil ég minnast á brtt. hv. þm. Dal. og hv. þm. Borgf. á þskj. 195. (**JónasÞ:** Hún er tekin aftur til 3. umr.). Þá get ég sleppt því að ræða hana fyrr en við þá umr., ef hún kemur þá fram.

Brtt. hv. 1. þm. S.-M. á þskj. 250 hefi ég ástæðu til að gera nokkra aths. við, og vil ég gera tilraun til að mæta honum þar á miðri leið. Till. hans, eins og hún er nú orðuð, breytir alveg efni 1. gr. frv. og tryggir almenning ekki gegn því, að þeir menn kunni að stunda lækningar, sem ekki eru læknar og ekki eru færir um að vera það. Ég hygg, að hv. þm. skilji það, að ef maður, sem stundar lækningar, tekur ekki laun fyrir lækningar sínar, þá sé honum heimilt að halda þeim áfram, ef brtt. hv. þm. verður samþ. Ég skal benda á dæmi til skýringar: Það er algengt, að erlendir trúboðar hér á landi geri tilraunir til að hæna fólk að sér með því að stunda ýmiskonar skottulækningar fyrir enga borgun, en fá laun frá erlendum trúboðsfélögum fyrir trúboðsstarfsemi sína. Þessir menn eiga ekki að fá lækningaleyfi eftir frv. eins og það er nú, en samkv. brtt. hv. 1. þm. S.-M. mundi þeim vera það heimilt. Ég vil því óska þess, að hv. þm. taki þessa till. sína aftur, en ef hann gerir það ekki, mun ég bera fram skrifl. brtt. við till. hans, sem ég vona, að hæstv. forseti taki til greina, þess efnis, að í stað orðanna: Rétt til að stunda lækningaatvinnu, komi: Rétt til að stunda **lækningar**.

Ég skal síðan að gefnu tilefni taka það fram, að það er enginn ágreiningur á meðal lækna um þetta frv., nema að því leyti, að ýmsir læknar, sérstaklega hér í bænum, eru, eins og ég bjóst alltaf við, mótfallnir ákvæðum 13. gr. frv., um að sett skuli gjaldskrá fyrir störf lækna, annara en héraðslækna. Það kom ljóst fram á fundi Læknafél. Rvíkur, sem ég sat fyrir skömmu, því að aths. fundarmanna við frv. voru flestar lítilsháttar og smávægilegar orðabreyt., sem litlu eða engu máli skipta, **nema** aths. þeirra við 13. gr. Flest önnur höfuðákvæði frv. fengu þar yfirleitt ágæta dóma. Þess vegna kemur mér spanskt fyrir, að fél. hefir nú gert samþykkt um, að málinu skuli slegið á frest vegna ónógs undirbúnings. Það er vitanlega alveg rétt, að það er sjálfsagt og gott að undirbúa hvert mál sem bezt. En þetta mál fær aldrei þann undirbúning, að praktiserandi læknar hér í Rvík samþykki það ákvæði 13. gr., að sett verði gjaldskrá um störf þeirra. Hitt er fjarri sanni, að læknastétt landsins sé einum rómi mótfallin því. Ég hefi fengið símskeyti frá mörgum læknum utan af landi, og þ. á m. ýmsum hinna þekktustu í þeirra hóp, ég get nefnt t. d.: Steingrím Matthíasson, héraðslækni á Akureyri, Jónas Kristjánsson, héraðsl. á Sauðárkróki, Kristján Arinbjarnar, héraðsl. á Ísafirði, Gísla Pétursson, héraðsl. á Eyrarbakka, Finsen, héraðsl. á Akranesi, og fjölda marga aðra, alls um

20 lækna, sem eru mjög einhuga meðmæltir því, að sett verði sérstök gjaldskrá um störf lækna, ekki aðeins fyrir héraðslækna, heldur jafnframt fyrir praktiserandi lækna. Og þó að sjálfsagt flestir læknar hér í bænum séu þessu mótfallnir, þá veit ég þó um lækna hér, og jafnvel sérfræðinga, sem eru því fylgjandi, að gjaldskrá verði sett um störf allra lækna og álíta það m. a. s. hagsbót fyrir sig.

Það er alveg rétt, að víða erlendis hafa nefndir unnið að undirbúningi samskonar löggjafar og setið lengi að störfum, en það kemur okkur að góðu haldi, því að fyrir það var hægt að hafa góð not af rannsóknum þeirra og reynslu. Mér er það ljóst, að þetta frv. hefði tæplega verið undirbúið á svo stuttum tíma, nema af því að hægt var að styðjast við hinn góða grundvöll erlendrar löggjafar og þ. á m. frv. og nál. dönsku n., sem að þessum málum hefir starfað.

Ég skal upplýsa það, að í dönsku n. kom það t. d. mjög til tals að setja öllum læknum gjaldskrá, eins og sést á grg. við danska frv. N. ræddi sem sé mikið um að setja öllum læknum gjaldskrá, en þó að það yrði ekki ofan á í þetta sinn, var það ekki af því, að ríkinu væri talið það óheimilt, eða af því, að það þætti brot á stjskr., eins og hér hefir komið til tals. Það var ekki heldur af því, að það þætti ósanngjarnt, eða að á því gæti ekki verið full þörf. Ástæðan var eingöngu sú, að í bili („for Öjeblikket" eins og þeir segja) væri minni þörf á gjaldskrá vegna almennings, þar sem meiri hl. þjóðarinnar, 60—70%, er í sjúkrasamlögum, sem standa vel að vígi að gæta réttar sjúklinganna gagnvart læknunum. Það er eins og n. gefi í skyn, að síðar geti komið til þess. Aðhaldið að læknum í Danmörku er miklu meira í þessu efni heldur en að læknum hér á landi. Sjúkrasamlögin eru þar svo voldug og semja við læknana. Hér megna sjúkrasamlögin enn ekkert í þessum efnum, og þess vegna þarf almenningur hér sérstaka vernd.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að ákvæði þessa frv. um gjaldskrána, ef að lögum yrði, mundi ekki vera bindandi fyrir þá lækna, sem nú hafa lækningarétt, og vildi mótmæla minum skilningi á því. Ég held því fram, að ákvæðin hljóti einnig að ná til þeirra. Ég skil þetta svo, að því aðeins setji hið opinbera læknunum gjaldskrá, að hún eigi að vera almenningi til verndar. Það er lagaboð, sem horfir til almenningsheilla og á að tryggja rétt fólksins gagnvart ósanngjörnum kröfum frá læknunum. Þannig á þetta lagaboð stoð í 65. gr. stjskr.

Upphaflega voru allir læknar hér á landi skuldbundnir til að hlíta einni gjaldskrá. En þegar hún var sett, var aðeins um héraðslækna að ræða og víðast einn læknir á hverjum stað, sem fólkið gat leitað til. Eflaust hefir verið litið svo á, að hann gæti orðið erfiður í viðskiptum, ef löggjöfin setti ekki takmörk fyrir því, hvað hann yrði að sætta sig við fyrir störf sín. Nú má að vísu segja, að þetta horfi öðruvísi við um hina praktiserandi lækna, sem aðallega eru í bæjunum, og að læknafjöldinn þar leiði til þess, vegna samkeppninnar, að þeir hljóti að verðleggja verk sín sanngjarnlega. En samtökin vega væntanlega upp á móti samkeppninni, og þrátt fyrir læknafjöldann getur fólk yfirleitt ekki haft nein not af samkeppni læknanna. Það heldur ekki uppboð á sjúkdómum sínum.

Líka getur ástandið orðið það, að í fleiri eða færri sérgreinum læknisfræðinnar sé ekki nema einn læknir í hverri grein á öllu landinu, og ef lögin setja honum engin takmörk fyrir því, hvað hann megi verðleggja læknisverk sín, þá getur farið svo, að almenningur verði algerlega ofurseldur kröfum hans, hverjar sem þær eru. Það er því vel hægt að rökstyðja það, að almenningsheill geti varðað, að öllum læknum sé sett gjaldskrá, engu síður nú en áður, þegar einn héraðslæknir var í hverju héraði.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði að því, hvernig færi, ef ekki yrði samkomulag við stéttarfél. praktiserandi lækna um gjaldskrá þá, sem gert er ráð fyrir, að samin verði af hendi ríkisstj. Það fer á þá leið, eins og segir í niðurlagi 13. gr., að sett verður gjaldskrá, samin af landlækni og staðfest af stj. Ég skal játa, að um þau atriði, sem eiga að vera grundvöllurinn undir gjaldskránni, má lengi deila. Þar er aðeins um að ræða lauslegan grundvöll, til þess að eitthvað sé við að miða,

þegar farið sé að semja um gjaldskrána.

Hv. þm. G.-K. hafði þau orð, að það væri „einróma álit allra lækna, að málið væri illa undirbúið". (**ÓTh:** Allra lækna Læknafél. Rvíkur). Í Læknafél. Rvíkur eru allir stjórnarmenn í Læknafél. Ísl. og þeir hafa undirbúið þetta mál. Þeir höfðu það eins lengi og þeir vildu og gerðu allar aths., sem þeir kusu, og var tekið tillit til þeirra h. u. b. allra, og allra, sem máli skiptu, nema þessarar einu, um gjaldskrána. Það má því heita undarlegt, ef þeir álíta málið illa undirbúið, sérstaklega vegna þess, að ekki er stungið upp á neinu og ekki bent á neitt, sem ágreiningi geti valdið, nema þetta eina atriði.

Þá skal ég ítreka það, sem ég skaut fram í fyrir þessum sama hv. þm. um, að það væri eitthvað sérstakt, sem hér ætti að lögfesta, sem nú ekki tíðkaðist, að læknum væri undir vissum kringumstæðum skylt að bera vitni í rétti. Þetta atriði er mjög umdeilt erlendis, og gilda um það mismunandi reglur, en læknar hafa **enga sérstöðu** hér að þessu leyti. Ég veit ekki til, að fólk hér skirrist við að trúa læknum fyrir leyndarmálum sínum, en enn síður myndi það gera það, ef þeir fengju sérstöðu í þessu efni og væru eigi skyldir að bera vitni, nema í afarþýðingarmiklum málum, þegar vitnisburður þeirra gæti ráðið miklu um, hver úrslit málsins yrðu. Þessi millivegur er tekinn eftir till. dönsku mþn., og ég hygg, að þar sé siglt mitt á milli og hóflega og sanngjarnlega í sakir farið.

Að lokum vil ég minnast á aðra fullyrðingu frá sama hv. þm., en hún var sú, að læknishjálp væri hvergi ódýrari en á Íslandi. Þetta er rangt. Læknishjálp er víða ódýrari fyrir almenning, einkanlega þann gjaldlausa almenning, en á Íslandi. Er það einkum vegna þess, að í flestum siðuðum löndum á almenningur kost á að fá læknishjálp fyrir bókstaflega ekki neitt. Það er það, sem gerir gæfumuninn í þessu máli. Almenningur úti í löndum, t. d. í Englandi, þar sem ég hefi verið og er dálítið kunnugur, eins og t. d. í Lundúnum, getur ávallt talað við hina lærðustu sérfræðinga án þess að greiða eyri, og m. a. s. á almenningur kost á að fá þar öll lyf ókeypis, án þess að leggja nokkuð til nema e. t. v. glasið. Svona er það í h. u. b. öllum stórum sjúkrahúsum í Lundúnum, og svipað mun vera í öðrum löndum, í borgunum a. m. k. Geta menn þar valið um ágæta lækna ókeypis, að ógleymdum öllum sjúkrasamlögum og tryggingum. Hér er þessu ekki til að dreifa, og það er þess vegna, sem gjaldskráin er miklu nauðsynlegri hér en víða annarsstaðar.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf. við brtt. á þskj. 250, svo hljóðandi:

„Till. orðist svo: Við 1. gr. Fyrir „Rétt til að fást við lækningar" komi: Rétt til að stunda lækningar".

Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkv., mun ég leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 414) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Hv. flm. sagði, að í þessu máli væri enginn ágreiningur um nokkurn skapaðan hlut nema taxtann. (**VJ:** Ágreiningur, sem **máli skiptir**). Sem máli skiptir, segir hv. flm. Samtímis segir hv. flm. frá því, að sér sé vel kunnugt um, að margir innan Læknafél. Rvíkur leggi enga höfuðáherzlu á, að ekki sé settur taxti og séu jafnvel sammála því, að hann sé settur. En ef þetta væri nú svo, hvernig getur þá staðið á því, að þessi fjölmenni fundur í fél. gerir samhlj. ályktun um, að Alþ. afgr. ekki þetta mál. Þetta rekst nokkuð á, enda skal ég sanna það áður en ég lýk þessu stutta máli mínu.

Um það, hvort í sjálfu sér væri ástæða til að setja taxta, sagði hv. flm., að hér væri ástæða til þess vegna þess, að almenningur ætti alstaðar aðgang að ódýrari læknishjálp heldur en hér. Ég veit ekki, hvort almenningur í Englandi og Frakklandi á kost á að njóta aðstoðar ágætra lækna og fá meðul ókeypis. Þetta má vera, en skiptir þó ekki máli í þessu sambandi. **Læknar fá hvergi minna fyrir sitt starf en hér.** Það er aðalatriðið. Hitt er svo annað mál, hvort hið opinbera sér sér fært að greiða læknishjálp og meðul fyrir fátækt fólk. Ég skal gjarnan

segja hv. flm. dæmi frá Englandi, sem hann gat sérstaklega um og úr sama bænum, Lundúnum, og ég skal sýna það, að eftir minni litlu reynslu liggur mjög fjarri, að læknishjálp sé þar eins ódýr og hér. Hér geta menn leitað ágætra sérfræðinga og greitt fyrir löng viðtöl 5—10 kr. og jafnvel minna. Ég þurfti einu sinni að leita læknis í Lundúnum, sem varð svo hissa á, að nokkur lifandi maður skyldi vita, að hann væri til, að hann vildi helzt fá að vita um alla ætt mína og æfisögu. En hann tók fyrir að klippa mér eina nögl £3 eða 66 kr. (VJ: Hann hefir séð á hv. þm. burgeisabraginn). Hvað sem því líður, að ég sé burgeis, þá ber ég það a. m. k. ekki utan á mér. Það væri frekar, að ætla mætti, að einhverjir af þm. Alþýðuflokksins væru burgeisar.

Einu sinni þurfti ég að leita sérfræðings, er naut álits í sínu landi. Hann mátti *illa* vera að sinna mér, en þó gaf hann mér 15 mínútur af sínum dýra tíma og fyrir þær tók hann 220 kr., og allt, sem hann sagði við mig, þegar hann kvaddi mig, var, að hann skyldi ábyrgjast, að ég væri ætlaður til langlífis. Þetta var nú að vísu góður spádómur, en mér þótti hann nokkuð dýr samanborið við hinn íslenzka mælikvarða. Og ég vil segja hv. flm. það til viðbótar um ágæti eða öllu heldur skaðræði slíks taxta, að það er staðreynd, að ísl. læknar gefa nú fátækum mönnum mikið af læknishjálpinni. Það eru margir læknar, sem aldrei gera tilraun til að innheimta gjöld frá fátækum fyrir læknishjálp. Og ég hygg, að það sé nær sanni, að læknar fái ekki meira en 40—50% inn af því, sem þeir vinna fyrir. Ef læknir má nú hvergi taka nema eins og lögskipað yrði, þá þýðir það það, að þeir efnuðu, sem nú greiða meira en hinir fátæku, sleppa ódýrar, en hinir fátæku verða að greiða jafnmikið og þeir efnuðu Ég er sannfærður um, að skaðræði slíks fyrirkomulags liggur í því, að hinir fátæku greiða meira, en hinir efnaðri minna en nú er. Og engin ástæða er til þess fyrir löggjöfina að veitast að hinum fátæku, en draga úr gjöldum hinna, ekki síst þar sem læknastéttin stillir svo mjög í hóf kröfum sínum í þessu efni.

Ég tók það fram, að ég hefði ekki fullnægjandi þekkingu til að dæma um, hve vel þetta mál væri undirbúið, en ég gat hinsvegar um, að Læknafél. Rvíkur hefði á fjölmennum fundi, þar sem staddir voru flestir helztu læknar bæjarins, og í þeirra hóp eru flestir helztu læknar landsins, samþ. eindregin mótmæli gegn þessu frv. Hv. flm. svaraði því, að ef þetta væri rétt, hvernig stæði þá á því, að meðlimir læknadeildar háskólans, sem einnig eru í læknafél., hefðu mælt með frv. Það stendur þannig á því, að þeir hafa ekki haft nægan tíma til að athuga þetta mál. Ef menn greinir á um, að ég segi satt um skoðun Læknafél. Rvíkur, þá vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp útdrátt úr erindi, sem læknafél. hefir sent Alþ. í tilefni af þessu máli og hljóðar svo:

„Hinn fyrsta þessa mánaðar átti Læknafélag Reykjavíkur fund með sér til þess að ræða um tvö frv., er fram voru komin á Alþ., frv. til l. um lækningaleyfi o. fl. og frv. til l. um skipun læknishéraða o. fl. Lauk þeim fundi þannig, að kosin var þriggja manna nefnd til þess að athuga mál þessi.

Á aðalfundi fél., sem haldinn var 14. þ. m., bar n. svo fram till. sínar, og voru þessar aðaltill. hennar samþ. í einu hljóði: „Læknafélag Reykjavíkur leggur til, að frv. þau, er nú liggja fyrir Alþ., um lækningaleyfi og læknaskipun, verði vegna ónógs undirbúnings ekki gerð að lögum á þessu þingi".

Og ennfremur þessi till.: „Læknafélag Reykjavíkur skorar á Alþ., að skipuð verði 5 manna ólaunuð n., mþn., þar sem tveir n.manna séu læknar, annar almennur læknir og hinn sérfræðingur, til þess að undirbúa heildarlöggjöf um skipun heilbrigðismála landsins, þar með talin læknaskipun, veiting og afnám læknisréttinda".

Þessum aðaltill. fylgir svo grg. n. í læknafél. til rökstuðnings því. En þar sem hæstv. forseti óskar eftir því, að ég lesi hana ekki upp, og ég get fallizt á það með honum, að enga nauðsyn beri til þess, skal ég láta það niður falla. En ég vil biðja menn að athuga það, að þegar um er að ræða mál, sem við dm. vitum, að við berum ekki fullt skyn á, og þegar sá, sem hefir undirbúið þetta mál, hefir haft *tæpan tíma* til þess, þá ber okkur að taka

tillit til slíkra ástæðna, þegar enginn voði getur stafað af því og ekki er drepið neitt eða svæft með því, þótt frestað væri um eitt ár að setja heildarlöggjöf um málefni þetta.

Að þessu athuguðu vona ég, að frestað verði til næsta þings að taka ákvörðun um málið.

Einar Arnórsson: Ég skal út af ummælum hv. þm. G.-K. viðvíkjandi vitnisburðarskyldu lækna geta þess, að eftir gildandi reglum er læknum engin undanþága veitt í því efni. (**ÓTh:** Það ber vott um, að ég hafi ekki verið lengi í skóla hjá prófessornum, þar sem hann er nú búinn að kenna mér þetta tvisvar). Ég veit ekki, hve vel hv. þm. hefir tekið eftir því þá, en ég vil láta þetta sjást í minni eigin ræðu, en ekki sem innskot í ræðu hv. þm. G.-K.

Ég er ekki óánægður með ákvæði 9. gr. um þetta atriði. Hitt er alkunna, að það hefir ekki staðið ára, heldur áratuga deila um það í flestum löndum Norðurálfunnar, hvort læknar ættu að hafa undanþágu að nokkru eða öllu leyti í þessu efni. Hér er farinn meðalvegur, sem ég býst við, að megi vel við una, eins og ákveðið er í 10. gr., því að eftir henni þurfa læknar ekki að bera vitni, nema sérstaklega standi á.

Þá eru það nokkur atriði úr ræðu hv. þm. Ísaf., sem ég þarf að svara. Ég get ekki vikið frá því, að ég tel vafasamt, þótt gjaldskráin öðlaðist gildi, að eldri læknar myndu fara eftir henni, læknar, sem hafa fengið sín réttindi fyrir löngu eða fyrir skömmu, áður en lögin öðluðust gildi. Og þótt gjaldskrá hafi verið sett fyrir héraðslækna, mun það að nokkru leyti stafa af því, hve fáir þeir voru og fólkið ofurselt þeirra kröfum. Þótti því hyggilegra að setja þeim læknum gjaldskrá, en af því leiðir ekki, að setja þurfi gjaldskrá fyrir aðra en héraðslækna, sem eru fastir starfsmenn og fá hæfileg laun. Og þar sem þeir fá slík laun, eru greiðslur til þeirra fyrir önnur störf í þágu hins opinbera eða einstaklinga hugsaðar sem uppbót. Annars gerir hv. þm. Ísaf. of mikið úr því, að menn væru ofurseldir læknunum, ef ekki væri gjaldskrá. Ef læknir setur meira en sanngjarnt er, þá er engin skylda að greiða það umyrðalaust fremur en aðrar ósanngjarnar kröfur. Ef á þarf að halda, geta læknarnir borið sín málefni undir dómstólana og fengið mat annara manna, þ. á m. landlæknisins, hv. þm. Ísaf. (**SvbH:** Eru lög um það?). Það er almenn regla. Ef ég set eitthvað ósanngjart upp fyrir mitt starf, þá má fara með það fyrir dómstólana. Þetta vita allir og hv. 2. þm. Rang. sennilega líka. Ef presturinn að Breiðabólsstað í Fljótshlíð setti upp 1000 kr. fyrir að búa til eina líkræðu —. (**SvbH:** Hann hefir gjaldskrá). Já, það er nú svo, en ég held, að prestarnir séu eins sekir í því, að fara ekki eftir sinni gjaldskrá eins og aðrir. Svo er það með þessar gjaldskrár, að það er auðvelt að setja þær á pappírinn, en ekki eins auðvelt að sjá um, að þeim sé fylgt. Stundum er það, að þeir, sem njóta t. d. læknishjálpar, vilja gjarnan greiða hærra en gjaldskráin segir, af því að þeir telja verkið þess virði.

Hv. þm. Ísaf. svaraði fyrirspurn minni um það, hvernig færi, ef ekki næðist samkomulag við læknastéttina um gjaldskrána, með því að vísa til niðurl. 13. gr. frv. um, að þá settu aðrir gjaldskrána. Ég vissi auðvitað af þessu ákvæði 13. gr., en það leysir að minni hyggju ekki spursmálið, vegna þess að ég tel, að eldri læknar myndu ekki verða bundnir við þá gjaldskrá, sem sett yrði, og þá er ekki önnur leið en sú, að hleypa málinu fyrir dómstólana. Ef einhver greiddi meira en gjaldskráin segir til, og landlæknir kærði svo lækninn fyrir að hafa brotið gjaldskrána, þá mætti þannig fá leyst úr málinu.

Hv. þm. Ísaf. segir, að í 13. gr. sé lauslegur grundvöllur lagður undir gjaldskrárákvörðunina. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því að það er beinlínis ætlazt til þess, að lögskipað verði, eftir hvaða mælikvarða gjaldskráin verði sett. Í 2. málsgr. 13. gr. segir fyrir um það. Ég ætla ekki að lesa gr. upp, þar sem allir hv. þdm. hafa átt kost á að kynna sér hana. Í 4. lið sömu gr. segir: „Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra". Hér eru líka settar algerlega fastar skorður fyrir því, hvernig þessi gjaldskrá eigi að vera. Ef t. d. almennur

læknir má taka 3 kr. fyrir viðtal, þá vænti ég, að þriðjungurinn af 3 kr. sé 1 kr., og þá má sérfræðingurinn taka 4 kr. Þetta vona ég, að sé rétt skilið. Ég hefi sjálfur verið 2 tíma í einu hjá einum af sérfræðingum bæjarins, og hann gerði að því er mér virtist ýtarlega rannsókn á því, sem fyrir lá, og eftir þessu hefði hann ekki mátt taka nema 4 kr. fyrir það. Hann hefði ekki mátt taka nærri eins hátt kaup fyrir sinn tíma eins og t. d. stundakennarar í skólum hafa fengið, og án þess að gera lítið úr þeirra starfi, þá hefi ég meira álit á starfi þessa kollega hv. þm. Ísaf. Ég álít, að hann hafi átt miklu meira en 4 kr. fyrir starf sitt þá, eins og hann líka auðvitað setti upp. Ég held því, að þessi grundvöllur, sem þarna er lagður, geti verið varhugaverður.

Út af því, sem þeir töluðu um, hv. þm. Ísaf. og hv. þm. G.-K., hvað hér væri ódýr læknishjálp á móts við það, sem annarsstaðar tíðkast, þá má vel vera, að hv. þm. Ísaf. hafi rétt fyrir sér í því, að það sé allmikill hluti fólksins erlendis, sem á kost á ódýrari læknishjálp en hér er um að velja, en ég get ekki annað en samsinnt skýrslu hv. þm. G.-K. um það, að þeir sérfræðingar, sem ég hefi komizt í kynni við erlendis, hafa reynzt mér miklu dýrari en samsvarandi sérfræðingar hér í Rvík. Ég skal nefna nokkur dæmi. Í Lundúnum þurfti ég að fara til sérfræðings í augnsjúkdómum, kom tvisvar til hans og var hjá honum samtals svona ½ klst. til ¾ stundar og hann setti upp 3 guineur eða h. u. b. £3 sh. 3. Er þetta mjög dýrt í samanburði við það, sem ég hefði þurft að greiða hér í Rvík, og ekki hefði orðið meira en 10—15 kr. Sömu læknisverk og greiddar eru fyrir 30 kr. hér, verður að greiða með 50 d. kr. í Kaupmannahöfn. Svona er mín reynsla þaðan, að sömu verkin verða að greiðast þar h. u. b. tvöfalt á við það, sem hér er.

Ég held, að yfirleitt megi segja um læknana hér á landi, sérfræðinga sem aðra, að þeir séu mjög hóflegir í kröfum sínum, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að fyrir mikið af verkum sínum fá þeir ekkert.

Það vita allir, að það er eins með greiðslur fyrir þau verk og t. d. vörur í búð, að skilamennirnir og þeir, sem eitthvað geta, greiða fyrir þá, sem ekki vilja eða ekki geta greitt. Þetta er nú einu sinni svo. Það er létt verk að setja taxta á vörur, t. d. kaffipund, ennfremur er létt verk að setja taxta á störf presta, því að það er nákvæmlega sama starf, sem fer t. d. í það að skíra börn fátæklinga og ríkra manna. En þetta er miklu erfiðara með læknisstörf, vegna þess, hve þau eru ósamkynja, og erfitt að finna samnefnara fyrir þau. T. d. eru viðtöl mjög mismunandi. Þau geta eytt fleiri en einni klst. af dýrmætum tíma læknisins, en stundum standa þau ekki lengur en 5 mín. Þarna væri mjög ranglátt að banna lækninum að taka meira fyrir lengri tímann, og gæti það leitt til þess, að læknar létu sjúklinginn koma oftar en beinlínis væri þörf á.

Ég vil beina því til hv. þm. G.-K., hvort ekki væri réttara að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá, mér finnst ekki viðeigandi að leggja til, að það sé fellt, þar sem allir eru sammála um nauðsyn slíkra laga, og ágreiningur er aðeins um einstök atriði.

Vilmundur Jónsson: Umr. eru nú komnar á þann grundvöll, að um er deilt, hvort eigi að setja taxta á praktiserandi lækna eða ekki. Þetta er líka eina atriðið, sem ágreiningur er um milli mín og meiri hl. Læknafél. Rvíkur, þó að í Læknafél. Rvíkur séu að vísu til læknar, og þ. á m. a. m. k. einn sérfræðingur, sem hafa talað svo í mín eyru, að þeir væru því hlynntir, að gjaldskrá sú yrði sett, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það mun vera rétt, sem hv. þm. G.-K. og hv. 2. þm. Reykv. sögðu um það, að praktiserandi læknar yfirleitt teldu sig vilja hafa óbundnar hendur til þess að geta tekið ríflega af þeim ríku, en ósköp lítið eða ekkert af aumingja fátæka fólkinu! En ég álít hvorttveggja jafn ófært og óviðeigandi hér á landi að gera fátækt alþýðufólk að gustukaskepnum hvaða læknis sem er, og að ofurselja það þeirri hættu að þurfa að borga stórfé fyrir nauðsynlega læknishjálp. Læknum á að tryggja fullsanngjörn og helzt rífleg laun fyrir öll sín störf, jafnt fyrir fátæka og ríka, og fátækt alþýðufólk á að fá ódýra eða ókeypis læknishjálp eftir þörfum, án allrar gustukar.

Það er þetta fyrirkomulag, sem okkur vantar. Og það skal komast á. En á meðan við búum við núv. vandræðaástand í þessum efnum, held ég, að frv. það, sem hér um ræðir, sé til nokkurra bóta, jafnframt því, sem það mun ýta á eftir frekari ráðstöfunum, og skil ég sízt í því, að læknar skuli vera því mótfallnir.

Hv. 2. þm. Reykv. bar brigður á það, að sjúklingar væru ofurseldir læknum með launagreiðslur, og gætu þeir farið í mál, ef þeim fyndist læknirinn gera of ósvífnar kaupkröfur. En það getur staðið svo á, að ekki sé þægilegt fyrir sjúkling að lenda í málavafstri t. d. við eina lækninn, sem í héraðinu er, eða eina sérfræðinginn á landinu í sjúkdómi hans, og sjúkl. e. t. v. telur algerlega hafa í höndum sér hans litlu batamöguleika. Annars var öll ræða hv. 2. þm. Reykv. svo, að helzt mátti skilja á henni, að ekki væri rétt að setja taxta á nokkra lækna. Og í því væri nokkurt samræmi. Því að ef á að fara að útkljá kaupkröfumál praktiserandi lækna með málaferlum í hvert sinn, þá ætti það sama að geta gilt um héraðslækna. Ég geri engan mun á þörfinni á gjaldskrá fyrir héraðslækna og praktiserandi lækna. Og ég er ekki einn um það, því að ég hefi í höndum skilríki frá 20 helztu héraðslæknum á landinu, sem eru sammála mér um þetta. Ég hygg þess vegna, að rétt sé að láta deiluna snúast um það, hvort öllum læknum eigi að setja gjaldskrá eða engum.

Ólafur Thors: Ég hefi engu við það að bæta, sem ég áður hefi sagt í þessu máli, öðru en því, að ég mun við 3. umr. flytja rökst. dagskrá um að vísa þessu máli frá nú vegna ónógs undirbúnings, með tilmælum um, að það verði lagt fyrir næsta þing, með þeim breyt., sem þurfa þykir. Það er rétt, að ekki er ástæða til þess að fella þetta frv., en ég held, að það hefði betra af því að bíða.

Sveinn Ólafsson: Hv. flm. hefir borið fram skrifl. brtt. við brtt. mína á þskj. 250, um það, að í stað orðanna „Rétt til að stunda lækningaatvinnu", komi: Rétt til að stunda lækningar. Ég geri ráð fyrir því, að þetta muni óþarft vera, þar sem það mun skilið hvorttveggja á sama hátt, að „fást við lækningar" og „stunda lækningar".

Það er rétt, að þeir, sem lækningaatvinnu stunda, eiga að hafa leyfi heilbrigðisstj. til þess, en lækningar stunda oft menn án þess leyfis. Þess er að gæta, að þegar menn, sem lítt eru lækningafróðir, leggja stund á slíka vinnu, gera þeir sér það sjaldnast að atvinnu, en vinna ókeypis og í greiðaskyni. Slíkir menn hafa oft mikla lífsreynslu, og margir þeirra kynna sér ýmsar lækningaaðferðir, og mér finnst það illa viðeigandi að gera þeim torveldara með framkvæmd líknarstarfa sinna en þörf er á.

Ég legg því ákveðið á móti skrifl. brtt. hv. flm. og tel fullkomlega óhætt að samþ. mína till. óbreytta.

ATKVGR.

Brtt. 414 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngB, JÓl, JónasÞ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BKr, EA, HG, JörB.

nei: JAJ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, HJ.

JJós[1]) greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 250, svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

— 389 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 195 tekin aftur.

5.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 163,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

15.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 163,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

22.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

---

1) Þar sem ég tel, að þetta sé algerlega strið um keisarans skegg, greiði **ég ekki** atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 415, 416, 459).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 459. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Við 1. umr. þessa máls hreyfði ég nokkrum aths. við sumar gr. frv. Þessar aths. voru að nokkru teknar til greina við 2. umr., en að sumu leyti var það ekki gert, og því hefi ég nú flutt 4 brtt. við frv.

Við 2. umr. málsins og í áliti því, sem þá var lesið upp frá læknafél., kom það fram, að frágangur þessa frv. og undirbúningur sé ekki eins og æskilegt hefði verið, og hvað læknafél. snertir þá dæmir það þar út frá sjónarmiði fagþekkingar.

Þessar brtt., er ég flyt, eru um nokkur minni háttar atriði, er frv. fjallar um.

1. brtt. mín er við 4. gr. 4. gr. ákveður, að læknisefni megi fela þjónustu læknishéraðs um stundarsakir, ef landlæknir mælir með því. Það geta legið ýmsar orsakir til þess, að héraðslæknir þurfi að vera fjarvistum frá héraði sínu. Það, sem ég hefi sérstaklega í huga og miða brtt. mína við, er það, að héraðslæknir verði kvaddur til starfa utan héraðs síns til almenningsþarfa, t. d. þingsetu. Þá þarf héraðslæknir að hafa öruggan rétt til að geta sett læknanema í embættið, ef lærðan lækni er ekki að fá, og má hann þar ekki vera háður valdi eins manns. Mér þykir því rétt, að úrskurðarvaldið um hæfileika læknanemans sé hjá læknadeild háskólans. Annars raskar þessi brtt. ekki neitt ákvæðum frv., þegar öðruvísi stendur á.

2. brtt. er við 13. gr. Þar er svo ákveðið, að þegar læknum verður settur taxti, skuli semja um hann við stéttarfél. þeirra. Ég hefi lagt til, að í stað orðsins stéttarfélag komi félagsskapur. Það er hið algenga heiti í löggjöfinni á þessu. Ég ætla, að enn sem komið er, sé orðið stéttarfélag ekki tekið upp í löggjöfina. Brtt. er engin efnisbreyt. og gerir ekki annað en færa orðalagið til samræmis við venjuleg orðatiltæki í löggjöfinni.

3. brtt. er við 17. gr. Gr. fjallar um varnir við auglýs. og skrumi um lyf og læknisáhöld og m. a., sem þar er bannað, er bann við að auglýsa lækningakraft drykkja og matvæla. Það mun þykja nokkuð frekt að kveðið, að mega ekki vekja athygli í auglýsingum á hollum og góðum eiginleikum vöruteg. Mér finnst það óviðfelldið að taka upp í löggjöfina bann við því að brýna fyrir þjóðinni að neyta þeirra vara og drykkja, sem hollir eru og nauðsynlegir. Því legg ég til, að felld séu úr upptalningunni orðin drykkir og matvæli.

4. brtt. er við 22. gr. og fjallar um það, að smáskammtalæknar, sem aðeins stunda meðalalækningar, verði undanþegnir ákvæðum l. að öðru leyti en því, að svipta má þá lækningarétti og beita þá refsingum, ef brotlegir verða, sem aðra lækna. Áður hefir verið bent á, að í l. frá 1911 eru smáskammtalæknar algerlega undanskildir ákvæðum þeirra laga. Ég veit ekki til þess, að neitt hafi komið fram síðan 1911, er geti verið ástæða til þess að setja þá nú undir ákvæði þessara laga. Hinsvegar er sjálfsagt að láta þá vera háða hinum strangari reglum, sem nú gilda um brot lækna. Eins og menn muna, flutti ég áður, ásamt hv. þm. Dal., brtt. svipaðs efnis og þessa, en tók hana aftur, því við nánari athugun sá ég, að hún átti betur heima á öðrum stað en hún þá var sett, og nú er það lagað.

Ég vænti þess, að þessar brtt. mínar verði samþ. Þær eru til bóta á frv., þótt þær ekki bæti nema að litlu leyti úr því, sem frv., að dómi læknafél., er áfátt. Því getur það vel verið, að þeir hafi rétt að mæla, sem fara fram á nánari athugun og undirbúning málsins, áður en því verður endanlega ráðið til lykta, og er það nú á valdi hv. d., þar sem rökst. dagskrá er komin fram með þetta fyrir augum.

Ólafur Thors: Við 2. umr. vakti ég athygli á bréfi, sem Læknafél. Rvíkur hefir sent Alþ., og las úr því örfá orð. En þar sem ýmsir hv. dm. eru nú viðstaddir, sem þá voru hvergi nærstaddir, vil ég

leyfa mér að lesa lítið eitt af því aftur.

Í upph. bréfsins er frá því skýrt, að læknafélagið hafi haldið fund í tilefni af þessu frv. og öðru, sem líka liggur fyrir þinginu nú. Svo segir frá því, að á fundinum hafi verið samþ. með samhlj. atkv. svofelldar tillögur:

„Læknafélag Reykjavíkur leggur til, að frv. þau, er nú liggja fyrir Alþingi um lækningaleyfi og læknaskipun, verði vegna ónógs undirbúnings ekki gerð að lögum á þessu þingi".

„Læknafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi, að skipuð verði 5 manna ólaunuð milliþinganefnd, þar sem 2 nefndarmanna séu læknar, annar almennur læknir, hinn sérfræðingur, til þess að undirbúa heildarlöggjöf um skipun heilbrigðismála landsins, þar með talin læknaskipun, veiting og afnám læknisréttinda".

Þessum till. fylgir alllöng grg. Ég tel ekki ástæðu til að lesa hana upp alla í heild, en vil þó taka hér upp örfá orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Af því, sem áður var sagt, er það fullkomlega tímabært, að ný löggjöf sé sett hér á landi í þessum efnum, en þeir lagabálkar, sem hér liggja fyrir, fullnægja ekki að vorum dómi þeim kröfum, sem áður voru nefndar. Þeir safna aðeins saman í eina heild nokkrum sundurlausum lögum án þess að laga ýmsa þá vankanta, sem nú eru á löggjöfinni, eða flytja nokkur þau nýmæli, er bæti úr svo brýnni þörf, að nokkru máli skipti, hvort þau verði að lögum á þessu þingi".

Hv. d. kemst ekki hjá því að taka tillit til áskorana jafnmerkra manna og að þessu ávarpi standa, og það um mál, sem hv. þdm. verða að játa, að þeir beri ekki slíkt skyn á sem læknafél., að undanteknum hv. flm., sem hefir aðeins haft örfáa mán. til að vinna að málinu. Það er vitanlegt, að flm. þessa frv. hefir ekki getað lagt í undirbúning þess nokkuð svipað því eins mikla vinnu og talin er þurfa um undirbúning slíkrar löggjafar sem þessarar. Þetta mál er svo sérfræðilegt, að flestir hv. dm. geta játað kinnroðalaust, að þeir beri ekki fullt skyn á það, en hér liggja fyrir áskoranir frá sérfræðingum um að fresta þessu máli um eitt ár, og ættu allir hv. dm. að geta séð, að málinu er ekki stefnt í neinn voða með þeirri frestun. Ég held því, að hv. þdm. ættu að verða við ósk Læknafél. Rvíkur og afgreiða málið ekki á þessu þingi; ég vil því leyfa mér að bera fram svo hlj. rökst. dagskrá:

„Þar sem deildin telur æskilegt, að sett verði heildarlöggjöf um heilbrigðismál landsins, vandlega undirbúin af sérmenntuðum og þar til hæfum mönnum, svo sem gert hefir verið með nágrannaþjóðum vorum, en flm. þessa frv. hefir aðeins haft fáa mánuði til undirbúnings frv., telur deildin rétt að verða við einróma áskorun Læknafélags Reykjavíkur um að afgreiða málið ekki að þessu sinni, þar eð eigi verður séð, að nein vandkvæði geti af því hlotizt. Í vændum þess, að málið fái rækilegri undirbúning undir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Vilmundur Jónsson: Ég býst við, ef þessi dagskrá verður samþ. og eftir henni farið, að sá lagabálkur, sem gert er ráð fyrir, að verði lagður fyrir næsta Alþ., verði enn verr undirbúinn, og það miklu verr en þetta frv. Ef tími ætti að vinnast til þess að endurskoða alla heilbrigðislöggjöfina fyrir næsta þing, yrði vafalaust flausturslegur frágangur á einhverju af því starfi. Slík endurskoðun mundi þurfa að taka mörg ár. Það er ekki nóg til að fullnægja dagskránni að setja lög um starfssvið lækna, heldur yrði slík endurskoðun að ná yfir allar greinar heilbrigðismálanna, skipun læknishéraða, sjúkrahús, sóttvarnir, heilsuverndun, réttarstöðu og meðferð geðveikra og fávita, sjúkratryggingar, lyfsölu, eftirlit með matvælum o. s. frv., sem of langt yrði upp að telja. Ef þetta hefir vakað fyrir Læknafél. Rvíkur, og annað verður ekki séð af till. þess, þykir mér það nokkuð fljótfærnislega athugað, og það er efalaust einnig fyrir fljótfærnislega athugun hv. þm., að hann hefir tekið að sér að flytja þetta mál hér.

Eftir því, sem lagafrv. eru venjulega undirbúin, verð ég að halda því fram, að þetta frv. sé mjög sæmilega undirbúið. Ég hefi byggt það á margra ára reynslu erlendra lækna og löggjafa, og læknadeild háskólans og Læknafél. Ísl. hafa starfað að því með mér af kostgæfni og með góðu

samkomulagi. Ágreiningurinn við Læknafél. Rvíkur er aðeins um það, hvort eigi að setja praktiserandi læknum gjaldskrá. En sá ágreiningur mun ekki vera við mig einan, heldur skilst mér hann muni vera við mikinn meiri hl. þessarar hv. d. og alls þingsins, án tillits til pólitískra flokka, og mun enginn undirbúningur duga til að jafna þann ágreining. Ég held því, að óþarfi sé að fresta málinu vegna ónógs undirbúnings, enda er það ekkert einsdæmi, ef gallar koma fram í lögum í notkun, sem vel má verða, að hér eigi sér stað, að þeim sé breytt síðar. Á fundi í Læknafél. Rvíkur var þetta mál rætt í margar klst., að mér viðstöddum, og kom í ljós, að enginn ágreiningur, sem ágreiningur gat heitið, var viðvíkjandi frv., nema um þetta eina atriði, sem ég nefndi, og hefi ég margtekið þetta fram og fært sönnur á. Hefði því verið skynsamlegra fyrir læknafél. að fá einhvern þm., t. d. hv. þm. G.-K., til þess að flytja brtt. við þetta eina atriði, en að senda slík allsherjar mótmæli gegn frv., sem hér eru fram komin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta ágreiningsatriði, með því að ég veit, að hv. þdm. hafa fyrir löngu gert sér ljóst, að þörf er á að setja praktiserandi læknum gjaldskrá, engu síður en héraðslæknum. Ég vil aðeins mælast til þess, að rökst. dagskráin frá hv. þm. G.-K. verði felld sem rækilegast.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Borgf. get ég sagt það, að mér virðast þær allar vanhugsaðar og til skaða fyrir frv. Mér skilst, að brtt. við 4. gr. eigi að koma í veg fyrir það, að lækni, sem væri t. d. kosinn alþm., yrði gerð erfið eða ómöguleg þingseta fyrir meinbægni stjórnarvalda. Þetta kemur þó ekki vel fram í till., og hefði átt að orða hana svo skýrt, að enginn vafi gæti á þessu leikið. En annars er hættan á slíkri misbeitingu ekki mikil. Ég held, að engin dæmi séu slíks stjórnarofbeldis, síðan Jósep heit. Skaptasyni var meinuð þingseta fyrir mannsöldrum síðan. Og það er m. a. fyrir það, að stjskr. verndar nú rétt embættismanna að þessu leyti. Þeir þurfa ekki einu sinni leyfi stj. til þess að þiggja kosningu til Alþ., en verða aðeins að sjá sér fyrir staðgöngumanni, sem stj. samþ. Og því verður ekki breytt með almennum lögum. Brtt. við almennt lagafrv., sem segir, að læknadeild háskólans eigi að ákveða um það, sem stjskr. segir, að stj. skuli ákveða um, er gersamlega þýðingarlaus. Ég vil því óska þess, að flm. sansist á að taka hana aftur.

2. brtt. er við 13. gr. Hv. þm. þolir ekki að nefnt sé stéttarfélag, en vill í þess stað setja orðið félagsskapur. En félagsskapur lækna getur verið mjög margvíslegur. Stéttarfélag er hins vegar ákveðið hugtak og merkir félagsskap, sem gætir atvinnulegra hagsmuna stéttarinnar. Þegar aðeins er talað um félagsskap lækna, er engin leið að vita, hvað við er átt. Þeir geta verið í esperantófélagi, spíritistafélagi, sócialistafélagi og bindindisfélagi, svo ég taki nokkur dæmi: Það er þess vegna alls ekki nóg að taka til félagsskap lækna, það verður að vera stéttarfélag þeirra. Ég vil því mælast til þess, að hv. flm., taki einnig þessa till. sína aftur, af því að hann meinar vafalaust það sama og ég, þó að orðalagið sé honum gersamlega að ástæðulausu þyrnir í augum.

Eins er um 3. brtt. Ég held, að hún sé ekki borin fram af öðru en fáfræði á máli því, sem hér ræðir um. Hv. þm. talar um það, að sér finnist hart, ef ekki má auglýsa í verzlunarskyni lækningakraft drykkja og matvæla. Hann var þó ásáttur um að láta þetta gilda um lyf, en ég vil benda honum á það, að mjög erfitt er í þessu sambandi að draga takmörk á milli þess, hvað eru lyf, og hvað má teljast matur og drykkur.

Því miður hefi ég ekki hjá mér enskt tímarit, sem ég handlék rétt áður en ég kom hér á fundinn. Þar voru yfir 100 skrumauglýsingar um allskonar lyf, og önnur hver auglýsing var um slík lyf, sem jafnframt mátti kalla mat eða drykk. Eða hvað skal segja um öll þau lyf, sem unnin eru úr eggjum, mjólk, kjötseyði o. fl., sem selt er þúsundföldu verði við næringargildi, undir því yfirskini, að þau hafi í sér fólginn dularfullan lækningakraft. Hér hefir það t. d. viðgengizt, að auglýst hafa verið þessi eða hin bætiefni í fæðuteg., sem sannazt hefir um, að alls ekki eru þar til. Það er því fullvíst, að ef þessi brtt. yrði samþ., og leyft yrði að auglýsa lækningakraft matar og drykkja, þá næði ákvæðið um bann gegn skrum-

auglýsingum um lyf ekki tilgangi sínum nema að litlu leyti, því að það er svo margt, sem með lagi er hægt að kalla matvæli.

Þá kem ég að síðustu brtt. þessa hv. þm., og er sú stærst og mikilvægust. Hann vill sem sé ekki láta ákvæði þessara laga ná yfir smáskammtalækna. Það er mesti misskilningur, ef hv. þm. heldur, að þessu frv. sé sérstaklega beint gegn smáskammtalæknum. En það á auðvitað að ná yfir smáskammtalæknana, m. a. þannig, að þeir þurfi að fá leyfi til þess að stunda atvinnu sína, eins og aðrir læknar. Ef brtt. hv. þm. verða samþ., ná engin ákvæði þessara laga til smáskammtalæknanna. Og skulum við nú athuga, hvað það hefir að þýða: Þeir þurfa ekki að hafa leyfi til lækninga og eru undanþegnir öllum skyldum um lærdóm. Þeir þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar og mega hafa verið dæmdir til refsingar fyrir svívirðilegt athæfi. Þeir mega vera bæði líkamlega og andlega sjúkir, svo að hætta stafi af þeim við læknisstörf. Þeir mega vera drykkjumenn og eiturlyfjaneytendur, hafa kynni sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði og kalla sig sérfræðinga í hverju sem er. Þeir þurfa ekki að gegna starfi sínu með árvekni, halda þekkingu sinni við, eða fara nákvæmlega eftir henni. Þeir þurfa ekki að gæta neinnar samvizkusemi og mega baka sjúklingum óþarfa kostnað með óhæfilegri lyfjanotkun og þýðingarlausum aðgerðum. Ekki þurfa þeir heldur að gæta þagmælsku um einkamál sjúklinga sinna. Þeir mega auglýsa sig og lækningar sínar með takmarkalausu skrumi, og þeir eiga ekki að hafa neina gjaldskrá til að fara eftir. Og loks mega þeir stunda hverskonar skottulækningar, — sem kemur sér vafalaust mjög vel fyrir þá — og taka smitandi sjúklinga til meðferðar án nokkurra takmarkana.

Þegar hv. flm. athugar allt þetta, vona ég, að hann sjái að sér og taki einnig þessa brtt. aftur. Það er augljóst mál, að svo mikil nauðsyn sem það er að setja fulllærðum læknum takmörk, er þó nauðsynin hálfu meiri, þegar um er að ræða menn, sem vilja gefa sig við lækningum án þess að hafa notið nokkurrar menntunar í þeirri grein. Samþykkt brtt. gerir raunar lögin gersamlega þýðingarlaus. Ef hún yrði samþ., gæti hvaða læknir sem er smokkað sér undan ákvæðum þeirra með því að kalla sig smáskammtalækni.

Ég vil mælast til þess, að hv. d. felli allar þessar brtt., ef þær móti von minni verða látnar koma til atkv., og síðan fái frv. samþykki. Ég tel illa farið, ef það nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Það er alveg satt, sem hv. flm. rökst. dagskrárinnar sagði, að mikil ástæða væri til þess að taka alla heilbrigðislöggjöfina til endurskoðunar, og það mun verða gert smátt og smátt. En þar mun nóg til þess að endurskoða, þó að eitthvað sé afgreitt. Og ég tel vel farið, ef aldrei hefir verið eða verður samþ. frv., sem verr er undirbúið en þetta.

Ólafur Thors: Ég þarf ekki að tala langt mál til þess að svara hv. flm., en vil þó gera nokkrar aths. Hv. flm. sagði, að ef ætti að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni fyrir næsta þing, yrði hún sennilega miklu verr undirbúin en þetta frv. Mér er nú ekki vel ljóst, hversu slíkt má verða. Ég verð að vísu að játa það, að ég hefi enga sérmenntun á þessu sviði og verð því að vitna í umsagnir mér lærðari manna, eins og t. d. læknanna í Læknafél. Rvíkur. Í erindi þeirra segir, að þeir óski eftir því, að frv. þetta verði ekki samþ. nú, og rökin, sem þeir færa fyrir því, er ónógur undirbúningur. Ég vil leyfa mér að lesa dálítið úr erindi læknafél., til þess að skýra málið fyrir hv. dm. Þar segir:

— — „Þeir lagabálkar, sem hér liggja fyrir, fullnægja ekki að vorum dómi þeim kröfum, sem áður voru nefndar. Þeir safna aðeins saman í eina heild nokkrum sundurlausum lögum, án þess að laga ýmsa þá vankanta, sem nú eru á löggjöfinni, eða flytja nokkur þau nýmæli, er bæti úr svo brýnni þörf, að nokkru máli skipti, hvort þau verði að lögum á þessu þingi".

Þannig líta þessir sérfræðingar á málið. Sem rökrétta afleiðingu af því leggja þeir til, að lögfesting þessa frv. verði frestað um eitt ár, og að fyrir næsta Alþ. verði lagt frv. til heildarlaga um þessi efni. Og það er engin ástæða til þess að væna þá menn, sem vilja fresta þessu máli vegna

ónógs undirbúnings nú, um að þeir fari að leggja til, að heildarlög um heilbrigðismál verði sett á án nægs undirbúnings. Enda verður þetta enn ólíklegra, ef við athugum, hvaða menn það eru, sem hafa sent þessa áskorun. Það eru t. d. Guðm. Hannesson, Guðm. Thoroddsen, Matth. Einarsson, Gunnl. Claessen, Halldór Hansen og Jón Hjaltalín Sigurðsson. Ég trúi því ekki, ef það væri rétt hjá hv. flm., að ágreiningur út af þessu máli sé aðeins sá, hvort eigi að setja praktiserandi læknum taxta, að þessir menn legðu slíkt kapp á það að láta frv. ekki ganga fram nú. Ég verð að biðja hv. dm. að athuga, hvor aðili ætti að vera óhlutdrægari. Annarsvegar eru margir læknar, sem eftir rólega athugun taka ákvörðun gegn því, að frv. nái nú fram að ganga, en hinsvegar er flm. frv., sem búinn var að flytja þetta frv. áður en hann fékk þessa umsögn, en hefir svo þótt vansi að því að taka frv. aftur. En ég sé ekki, að það sé nokkur vansi að játa, að hann hafi ekki haft nægan tíma til undirbúnings þessu frv. Ég vona því, að hv. þdm. sjái sér fært að verða við bón Læknafél. Rvíkur og fresti þessu máli um eitt ár, enda sýnilegt, að það getur engan skaða af því beðið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég sé, að hér við 3. umr. hefir komið fram rökst. dagskrá frá hv. þm. G.-K. og nokkrar brtt., sem að vísu eru ekki stórvægilegar, en þó til skemmda á frv., yrðu þær samþ. Ég heyrði síðari hl. ræðu hv. þm. G.-K. og tók eftir því, að hann vitnaði í einhver skjöl frá læknum í Rvík. Ég var upptekinn af máli í Ed., þegar hv. þm. byrjaði þessa ræðu og veit ekki, hvort hann hefir lesið upp nöfn þeirra lækna, sem hafa undirskrifað þetta skjal. Ef svo er ekki, vil ég mælast til þess, að hann geri það næst, en ég get ekki séð, að það hafi mikla þýðingu í þessu máli, þó að reykvískir embættislausir læknar hói saman fundi og geri þar einhverjar samþykktir. Ég vil þakka hv. flm. fyrir það, að á þeim stutta tíma, sem hann hefir gegnt embætti sínu sem landlæknir, hefir hann séð sér fært að undirbúa þetta mál og annað þýðingarmikið frv. á sviði heilbrigðismálanna. Mér þykir það undarlegt, að þeir, sem fordæma mþn. vegna útgjalda, sem þær hafa í för með sér, skuli ekki kunna að meta það, þegar starfsmenn ríkisins vinna ótilkvaddir slík störf sem þessi.

Kjarninn í mótmælum hv. þm. G.-K. var sá, að praktiserandi læknar séu óánægðir með frv. Eins og nú er, þá eru þeir engum taxta háðir. Þeir geta því sett upp á verk sín eins og þeim sýnist. Í flokki hinna praktiserandi lækna eru að vísu margir sanngjarnir menn. En þar eru líka aðrir, sem eru ósanngjarnir. Menn, sem heimta t. d. 10 kr. fyrir stutt viðtal, hvort sem ríkur eða fátækur á í hlut. Þar er líka dæmi að finna fyrir því, að teknar hafa verið á einu ári 10—12 þús. kr. fyrir meðferð á einum sjúklingi. Það er því hægt að setja sig inn í tilfinningar slíkra lækna, ef nú á að lögfesta eftirlit með því, hvern taxta þeir hafa. Og það er einnig öllum kunnugum skiljanlegt, hvers vegna einmitt hv. þm. G.-K. er valinn til að halda uppi málstað þessara manna hér í þinginu. Hann mun naumast viðkvæmur fyrir kjörum þeirra, sem fátækir eru og erfitt eiga.

Kjarni þessa máls er því sá, hvort það beri að álítast rétt, að praktiserandi læknar hafi óskoraðan rétt til að setja upp á vinnu sína í þágu sjúklinganna eins og þeim sjálfum þóknast, án allrar íhlutunar ríkisvaldsins. Er þá á það að líta, með hverjum hætti og hvar læknarnir hafa fengið sína menntun. Hana hafa þeir flestir eða allir fengið hér með 10—12 ára skólagöngu á kostnað alþjóðar. Þeir hafa notið hér kennslunnar ókeypis, og allflestir styrks bæði í menntaskólanum og við háskólann. Og þeir hafa margir verið styrktir til utanfarar, er þeir hafa viljað fullkomna sig í læknisgrein sinni. Þjóðfél. hefir því borið þá á örmum sínum meðan þeir voru að læra mennt sína. Það virðist því vera í fullum rétti með að gera nokkra íhlutun um þá borgun, er þeir megi taka af sjúklingum sínum. Og því miður verður að segja það, að á slíku er ekki vanþörf. Þegar sumir þessara manna setjast að og fara að praktisera sem læknar, þá telja þeir sig hafa eins fullt leyfi til að trolla í vösum alls almennings, eins og togararnir á sínum fiskimiðum, utan landhelginnar, vel að merkja.

Nú mætti segja, að takmörkun á taxta þessara lækna gæti leitt til þess, að þeim fækkaði heldur. En því ber þá ekki heldur að neita, að óhæfileg fjölgun lækna felur í sér hættu fyrir þjóðfél. Er ég ekki einn um þá skoðun, því próf. Guðmundur Hannesson, sem er nú talinn einn af helztu málsvörum lækna, hefir opinberlega lýst þessari hættu í grein, sem hann hefir skrifað. Hann segir skýrt og skorinort, að þegar læknar fari að verða of margir, freistist þeir til að taka óhæfilega mikið fyrir störf sín, og þó hitt frekar, sem hættulegra er, að taka sér sitt af hverju fyrir hendur til að græða á, sem ekki sé hægt að telja þjóðfél. hollt. Alþekkt er, að áður notuðu sumir læknar áfengissölu sér til framdráttar. Einn héraðslæknir lýsti því hreinskilnislega yfir, að hann hefði getað ferðast til Ameríku fyrir þá peninga, er hann hefði grætt á því að selja áfengi, ólöglega auðvitað. Þetta er þó einn af velmetnustu og þekktustu læknum landsins. Má því nærri geta, þegar svo var um þetta græna tré, hvernig þá hefir verið um þau visnu. Hvers var þá að vænta af þeim, sem lítið höfðu að gera. Þótt nú sé þrengra um vik fyrir læknana að gera sér áfengissölu að féþúfu, þá hafa þeir, vegna aðstöðu sinnar, tækifæri til að græða fé á fleiru, miður heppilegu fyrir þjóðfél. Og slík hætta vex eftir því, sem læknum fjölgar meira í hlutfalli við læknaþörfina. Ég vil ekki segja, að sú hætta sé nú fyrir hendi. En ég hygg þó, að við förum að nálgast hana. Er því nauðsynlegt, að sett sé nánara og skarpara eftirlit með þessum embættislausu læknum. Reynslan sannar, að nauðsynlegt er, að haft sé eftirlit með taxta þeirra. Og ég tel þingið hreint og beint bregðast skyldu sinni, ef það fæst ekki til að vernda almenning gegn þeim öfgum, sem upp kunna að koma og þegar hefir bólað á. Og ég vil í sambandi við þetta vekja athygli á, að á fleiri sviðum en þessu eina getur verið þörf á að setja hámarkstaxta, svo sem hjá verkfræðingum, húsameisturum o. fl. stéttum. Úr nágrannalöndunum eru fordæmi um slíkt. Þar er bannað að afla sér óhæfilegra tekna með því að selja verk og vinnu dýrara en þörf er á.

Flutningur dagskrártill. hv. þm. G.-K. sannar það, hversu það getur gengið langt, að fáeinir menn geta fengið þm. til að ganga erinda sinna um þau mál, sem eru gagnstæð hagsmunum alls þorra almennings. Og atkvgr. um hana veltur á því, hvort meta beri meira hag fárra manna eða hag alls almennings.

Það á ekki við að tala um einstakar gr. frv. við þessa umr. En ég vil þó benda á það, að ákvæði í frv. veita heilbrigðistj. meiri tök gagnvart drykkjuskap lækna en áður hefir verið. Því þarf ekki að lýsa, hve hættulegur öllum almenningi er drykkjuskapur lækna. Og það er hægt að færa fullgild rök fyrir því, að á undangengnum áratugum hefir drykkjuskapurinn höggvið stórt skarð í læknahópinn. Er það sorgleg saga. Er hægt að sýna og sanna, hve margir læknar hafa fallið frá af völdum áfengis á síðari árum. En þetta segi ég hér vegna mótstöðu hv. þm. G.-K., sem ber fyrir sig læknana hér í bæ. En ekki er þó útilokað, að þeim kunni að missýnast. Jafnvel stj. Læknafél. Ísl. hefir villzt svo, að hún gaf út yfirlýsingu um það, að hún vildi ekki ganga hart að læknum fyrir misnotkun áfengis. Fyrst hún gat flaskað svo á einföldu máli, sem allir þó sjá, að er hættulegt, þá getur hún, eða þeir læknar, sem hv. þm. G.-K. ber fyrir sig, alveg eins flaskað á þessu. En hugsanlegt er, að þetta álit læknanna sé fram komið fyrir það, að þeir vissu af brotlegum mönnum í hópnum, og hafi því af kurteisi við þá gefið þetta álit, og fengið svo hv. þm. G.-K. til að bera fram dagskrána, í því skyni að fresta þessu máli um ófyrirsjáanlegan tíma.

Hér er um mikla bót að ræða frá því, sem nú er. Er það nauðsyn alls almennings og þjóðfélagsins í heild sinni, að frv. þetta verði lögfest.

Pétur Ottesen: Ég vil lýsa því yfir strax, að ég get hreint ekki orðið við þeirri beiðni hv. þm. Ísaf. að taka aftur brtt. mínar. En mér þykir þó ekkert undarlegt, þó hann gangi ekki inn á þær og telji þær sprottnar af fáfræði minni, þegar hann vill heldur ekkert tillit taka til þess, sem Læknafél. Rvíkur leggur til málanna, sem þó er skipað hinum beztu og vitrustu læknum landsins. Er

því ekki von, að ég fái viðurkenningu fyrir réttmæti minna tillagna hjá hv. þm. En þetta er þó ekkert afgerandi fyrir mig. Ég held vitanlega minni skoðun. Og það styrkir mig í því að fara ekki eftir áskorun hv. þm. Ísaf., að hann hefir vitrustu lækna landsins á móti sér í þessu máli.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að 1. brtt. mín næði ekki tilgangi sínum. En það er mesti misskilningur, því það gerir hún fullkomlega. Samkv. stjskr. getur stj. ekki sett sig gegn því, að læknir taki sæti á Alþingi. En læknirinn verður að fá mann til að gegna störfum fyrir sig, sem uppfyllir þær skyldur, sem um það eru settar, að hann megi starfa sem læknir í forföllum héraðslæknis. Eftir frv. á landlæknir einn um það að dæma, hvort staðgöngumaðurinn sé fær um að uppfylla þessar skyldur. Hann á að gefa hið afgerandi svar í þessu efni. Ef hann mælir gegn því, að hinn þingkjörni læknir megi nota þann mann, er hann á völ á að fá, þá getur farið svo, að hann verði að sitja heima og sæti hans standi autt í þinginu. Ef í landlæknisembættinu situr ofstopafullur stjórnmálamaður, eins og vel getur komið fyrir, þá er honum hægt eftir fyrirmælum þessara laga, ef frv. verður samþ., að bægja andstæðing sínum frá að vinna að opinberum störfum í þágu þjóðfél., þingmennsku eða öðru. Brtt. mín fyrirbyggir, að þetta komi fyrir. Með henni er úrskurður um þetta atriði lagður í hendur fleiri manna, sem ætla má, að ekki séu eins háðir stétta- og flokkabaráttunni í landinu yfirleitt, eins og landlæknirinn hæglega getur orðið. Og það er líka eins og hv. þm. Ísaf. hafi þetta eitthvað á tilfinningunni. Það er auðfundið, að hann leggst á móti brtt. minni, af því að hann vill halda þessum möguleika opnum fyrir landlækni. Það er hin eina skiljanlega ástæða fyrir hann til að vera á móti minni till. Ég legg því óhikað þennan skoðanamun okkar undir úrskurð hv. d. Hún sker úr því, hvort henni þykir réttara og tryggilegra að leggja úrskurðinn um þetta undir landlækni einan eða læknadeild háskólans.

Það lítur út fyrir, að hv. þm. Ísaf. hafi mjög misskilið brtt. mína við 13. gr. Hann fór að telja upp allskonar félagsskap, sem ekkert á skylt við þetta. Hann nefndi félagsskap sócialista, sem var nú víst mjög eðlilegt, þar sem hann er í þeim félagsskap. Hann nefndi félagsskap spiritista. Það getur vel verið, að hann sé í honum líka. Félagsskap esperantista, þar er hann e. t. v. félagsmaður líka, og fleiri slík félög nefndi hann. Ég get nú ekki betur séð en að það sé til þess gert að segja eitthvað, að vera að telja slíkt upp, og lýsi eiginlega algerðum rökþrotum. Brtt. mín verður vitanlega ekki misskilin. Þar er átt við félagsskap þann, er læknar einir hafa með sér og ekki annað. Ég held ekki, að úr þessu verði nein vandræði eða vafi um framkvæmd þessa fyrirmælis. Um þetta eru mörg fordæmi í löggjöfinni og því ekki nýtt, að vísað sé til félagsskapar einhverra, og er þá vitanlega átt við félagsskap þeirrar stéttar, er um ræðir í hvert skipti.

Þá er 3. brtt. mín við 17. gr., að þau ákvæði falli niður, að banna skuli auglýs. um lækningakraft drykkja og matvæla. Þótt hv. þm. vilji nú bregða mér um fáfræði í þessum efnum, þá ætti hann þó naumast að halda því fram, að álit Læknafél. Rvíkur á þessum efnum sé sprottið af fáfræði. En hv. þm. er nú þarna í mótsögn við sjálfan sig og þær kenningar, sem læknarnir flytja. Þeir telja t. d. nýmjólk holla og fjörefnaríka fæðu. Sama má segja um þorskalýsi, skyr og fleira. Ég verð nú að segja, að ef leggja á með l. hömlur á það, að auglýsa megi slíkar vörur og brýna fyrir þjóðinni að nota þær, þá sé lagt út á viðsjárverða braut. Og mér þykir slíkt koma úr hörðustu átt, er það kemur frá lækni, að ekki megi leiðbeina þjóðinni um það, hvernig hún á að haga lífsvenjum sínum, svo að hagkvæmast sé afkomu hennar og að sem bezt sé tryggð hreysti og heilsa mannlegs líkama. Ég tel, að læknir, sem heldur slíku fram, sé hreint og beint að leggja stein í götu heilbrigðismála þjóðarinnar. Ég verð að halda því fram, að ég standi í mínum fyllsta leikmannsrétti um að hindra, að slíkt komi fyrir. Og það er vitanlega ekkert nærri því, að ég taki till. mína aftur. Þetta er vitanlega ekkert sambærilegt við það, þótt bannað væri í l. frá 1930 að auglýsa vín. En ég verð að segja, að ég held, að stapp-

að hafi nærri, að þau lög væru brotin hér á dögunum, þegar auglýst var í stórum stíl, að bókunardropar væru beztir frá Áfengissölu ríkisins. Og aðalástæðan fyrir því, að þeir væru beztir, var það, að í þeim væri svo mikill vínandi. Ef þar hefir ekki verið gengið á snið við ákvæði þessara laga, þá veit ég ekki, hvernig á að fara að því.

Þá minntist hv. þm. á till. mína og hv. þm. Dal., sem við bárum fram við 2. umr., en tókum þá aftur. Ég hafði hugsað mér, að við bærum fram sameiginlega till. aftur, en ég náði þá ekki í hv. þm., er ég lét till. frá mér fara. Till. er að mestu hin sama, aðeins sett á annan stað.

Hv. þm. Ísaf. vildi nú draga það út úr þessari till., að smáskammtalæknarnir yrðu samkv. henni undanþegnir öllum skyldum þjóðfélagsborgaranna sem slíkir. Það væri sama, hvernig þeir stæðu í stöðu sinni. Það er að vísu rétt, að með frv. þessu eru ýmsar skyldur lagðar á herðar læknanna, en um það, hvernig þeir rækja þær, fer nú að mestu eftir því, hvaða maður stendur á bak við þær, hjá þeim, er skyldan hvílir á. Ef lyndiseinkunn læknanna er önnur en ætti að vera, þá er lítið gagn að þessum ákvæðum. Aðalaðhaldið er vitanlega það, að svipta má þá rétti til að lækna. En það ákvæði nær eftir till. mínum líka til smáskammtalæknanna. Ég ætla þess vegna, auk þess sem smáskammtalæknarnir verða að uppfylla allar borgaralegar skyldur, alveg eins og hverjir aðrir borgarar þjóðfél., að með því að benda á þetta höfuðatriði, þá sé búið að slá niður ótta þann, sem hv. þm. Ísaf. vildi vekja á mönnum þessum, að þeir væru með mínum brtt. undanskildir lögum og skyldum þjóðfél.

Auk þessa talaði hv. þm. Ísaf. um, að engar hömlur væru settar fyrir því, hvað þessir menn seldu meðul sín og lækningar, og var helzt að skilja á honum, að hann ætlaðist til, að við þá ætti að semja um þetta eða félag þeirra eins og aðra lækna. En því er ekki hægt að koma við, vegna þess að smáskammtalæknarnir eru dreifðir út um allt land og hafa engan slíkan félagsskap með sér. Ég hefi ekki heldur orðið var við, að komið hafi fram neinar kvartanir um, að þeir, sem við þessar lækningar fást, væru sérstaklega dýrir á læknishjálp sinni og meðulum. En hitt er fullsannað, að hjálp þeirra hefir oft komið að góðu liði, og að þeir hafa á stundum læknað menn þar sem lærðir læknar hafi verið frágengnir. Þess vegna sé ég ekki neina ástæðu til af löggjafarvaldinu að rjúka nú upp til handa og fóta og setja ákvæði um, hvað þessir menn megi selja lækningar sínar og meðul. Slíkt er með öllu gersamlega ástæðulaust.

Þá var hv. þm. mjög hneykslaður yfir því, að ekki er gert ráð fyrir, að smáskammtalæknarnir þyrftu að ganga undir próf. En mér er spurn: hver á að prófa þá? Ekki þýðir fyrir þá að fara til landlæknis í því skyni; hann þekkir ekkert inn á þeirra fræðigrein, og ekki er heldur til neins að vísa á aðra svo kallaða lærða lækna í því skyni. Annars held ég, að lækningar smáskammtalæknanna hafi reynzt þannig, að ekki sé auðvelt að benda á, að af þeim hafi stafað hætta fyrir þjóðfél. Hinsvegar er það vitað, að lækningar þeirra hafa orðið að miklu liði, og að þeirra sé full þörf, þrátt fyrir alla lærðu læknana. Þess vegna álít ég, að löggjöfin eigi ekki að setja þær hömlur, er geri smáskammtalæknunum örðugra fyrir að vinna sín líknarstörf. En vitanlega er sjálfsagt að grípa í taumana, ef þeir gera eitthvað fyrir sér, og það er fullkomlega heimilt samkv. mínum brtt.

Lærðu læknunum getur líka yfirsézt, og misjafna dóma hafa þeir löngum fengið, þó að það sé nú náttúrlega sleggjudómur, sem sagt var hér á þinginu einu sinni, að sumir læknar dræpu fleiri en þeir læknuðu.

Magnús Guðmundsson: Það er aðeins fyrirspurn til hv. flm., hv. þm. Ísaf., út af ákvæðum 16 gr. frv. Þar stendur, að þeim, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, er bannað að taka til meðferðar ýmsa nánar tiltekna sjúklinga eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir. Ég hygg, að meðal þessara manna, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, séu tannlæknar.

Ef ég nú fæ tannpínu og sótthita, sem oft fylgir henni, og fer til tannlæknis í

þeirri von að fá bót við þessu, en fæ aðeins þetta svar: Þú hefir hita og mér er bannað að gera nokkuð við þig, nema þú farir fyrst til annars læknis, þá verð ég að segja, ef þetta er rétt skilið, að mér þykir þetta ákvæði næsta undarlegt. Tannpína er oft þannig, að þeir, sem hana hafa, vilja ógjarnan þurfa að ganga á milli Heródesar og Pílatusar til að losna við hana.

Nú vildi ég spyrja hv. þm. Ísaf., hvort þetta er ekki rétt skilið.

Vilmundur Jónsson: Ég ætla fyrst að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Skagf. út af ákvæðum 16. gr., um að „þeim, sem hefir takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefir, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki, aðra smitandi sjúkdóma, eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli". Þetta eru ákvæði, sem finna má í öllum slíkum lögum, er ég þekki, og eru trygging gegn því, að hvaða maður sem er taki til meðferðar næma sjúkdóma, sem hætta getur verið á, að breiðist út, eða alvarlega sjúkdóma, sem nauðsyn ber til, að sem allra fyrst séu greindir, ef von á að vera um bata.

Þegar ég samdi frv. mitt, hafði ég ekki sett í 16. gr. orðin: „eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir", en læknadeild háskólans eða Læknafél. Íslands — ég man ekki hvort heldur — óskaði eftir, að ég tæki þetta upp í frv., svo að enn meiri varkárni yrði sýnd um meðferð smitandi sjúkdóma. Einfaldur sótthiti getur verið byrjun á hættulegum, bráðsmitandi sjúkdómi, sem ekki er fyrir aðra en fulllærða lækna að bera kennsl á, og því féllst ég á að taka þessa ósk læknadeildarinnar eða Læknafél. til greina. Og tel ég viðbótina þó ekki hafa neina úrskerandi þýðingu.

Það er rétt, að tannlæknarnir munu telja þetta ákvæði höggva nærri sér, og var það alls ekki tilgangurinn. Annars býst ég við, að þeim búi meira í hug ótti við gjaldskrárákvæðin, þó að þeir hafi ekki látið mikið á því bera og kjósi heldur að benda hv. 2. þm. Skagf. á þetta sótthitaákvæði sem óþarfa afskiptasemi af hálfu löggjafarvaldsins. Vitanlega hefir engum dottið í hug að meina tannlæknum að gera við tennur í sóttveiku fólki, en það er ekki önnur eins fjarstæða og hv. 2. þm. Skagf. heldur, að fullkominn læknir sé með í ráðum, er sótthiti fylgir tannpínu. Ígerð út frá tönnum er oft mjög hættulegur kvilli, jafnvel lífshættulegur, og hefir ung stúlka og hraust nýlega beðið bana af þeim sökum hér í Rvík, og því miður er slíkt alls ekki einsdæmi. Ákvæðið er því engan veginn neitt hlægilegt, þó að það kunni að mega missa sig, fyrir það, að greinin er einnig án þess nægilega skilmerkileg.

Þá þarf ég að svara hv. þm. G.-K. nokkrum orðum. Hann sagði, að ég mundi ekki hafa flutt frv. í því formi, sem það er fram borið í, ef ég hefði áður heyrt umsögn Læknafél. Rvíkur. Nú var það svo, að ég hafði leitað álits læknadeildar háskólans og Læknafél. Ísl. En að leita til Læknafél. Ísl. er nokkurn veginn það sama sem að leita til Læknafél. Rvíkur, því að skilyrði fyrir því að geta orðið meðlimur í Læknafél. Rvíkur er að vera í Læknafél. Ísl. Allir meðlimir Læknafél. Rvíkur eru þess vegna jafnframt meðlimir í Læknafél. Ísl., og þegar stj. þessa fél. talar og kemur fram, þá verð ég að álíta, að hún geri það í nafni allra lækna, sem í fél. eru, líka meðlima Læknafél. Rvíkur. Stj. Læknafél. Ísl. athugaði frv. grein fyrir grein og gerði við það aths. og till. um breyt., sem ég hefi tekið til greina h. u. b. allar. Þegar ég kom á fund Læknafél. Rvíkur, til þess að ræða um þetta mál, varð það líka bert, að hið bezta samræmi var í afstöðu félaganna, því að ekkert ákvæði frv. sætti verulegum ágreiningi nema gjaldskráin ein. Að vísu var nokkuð rætt um vitnisburðarskyldu lækna og lítilsháttar meiningarmunur um, hvernig með skyldi fara, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að n. sú, sem síðan hefir haft málið til meðferðar, hafi engar brtt. gert um það atriði. Allt nemur staðar við gjaldskráratriðin, sem ágreiningurinn er um. En að þetta er nú flutt af Læknafél. Rvíkur með meira kappi en forsjá, má bezt sjá á því, að það dirfist að fullyrða, ef rétt er hermt eftir bréfi því, sem hv. þm. G.-K. las hér upp, að frv. sé eingöngu samandregið úr eldri lögum og engin nýmæli þar að

finna. Þetta eru því blygðunarlausari ósannindi, sem frv. má heita algert nýmæli frá upphafi til enda. Lög, sem um þetta efni gilda, eru örfáar stuttar greinar. Hér í frv. eru heilir kaflar um efni, sem þar er alls ekki minnzt á. Og ákvæðum gömlu laganna er flestum algerlega umturnað. Ég ætla nú með nokkrum orðum að víkja að helztu nýmælum frv., þó að það verði lítið annað en endurtekning á því, sem ég hefi áður útskýrt fyrir hv. d.

Í fyrsta lagi er svo fyrirmælt nú í lögum, að allir, sem læknispróf hafa, eigi rétt til að fást við lækningar hér á landi. Ef frv. verður samþ., hefir enginn fengið rétt til lækninga, þótt hann taki fullgilt próf. Hann verður að því búnu að sækja um sérstakt leyfi til ráðh., eigi hann að öðlast þann rétt. Þetta er nýmæli, sem ekki hefir staðið í lögum áður. Auk þessa verður hver sá, sem leyfi á að fá til að heita læknir, að stunda framhaldsnám í sjúkrahúsum í fleiri greinum en fæðingarhjálp, sem áður hefir verið tilskilið, og er gert ráð fyrir fastari reglum um allt að þessu lútandi en áður hafa tíðkazt. Þetta er þýðingarmikið nýmæli. Tilsvarandi ákvæði eru um sérfræðingana, en um þá hafa engin lagafyrirmæli verið til áður. Að ég ekki tali um þau nýmæli, sem eru í síðari málsgr. 2. gr. og mikla eftirtekt hafa vakið, að ekki megi mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun, eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum. Ekkert af þessu hefir staðið áður í lögum. Það eru því ekki aðeins nýmæli í hverri gr., heldur mörg í sumum.

Í II. kafla frv., um réttindi og skyldur lækna, er um alger nýmæli að ræða. Það hefir ekkert staðið um það í lögum, að læknar skuli vanda framferði sitt, ekkert um vottorðagjafir þeirra, sem geta ekki aðeins verið þeim til vansa, ef illa er frá þeim gengið, heldur og hættuleg fyrir þá, sem á þeim þurfa að byggja. Mun svo verða mælt, að á þessu sé full þörf, því að þó að ekki sé vansalaust frá að segja, er það farið að tíðkast, að til vottorða lækna er ekki tekið það tillit, sem vera ætti, og því miður ekki að ástæðulausu.

Nú hvílir engin skylda á praktiserandi læknum að gegna, þegar þeirra er vitjað, en með frv. þessu, ef að lögum verður, er sú skylda lögð þeim á herðar, og er hér um allmerkilegt nýmæli að ræða. Eftir því á hverjum þeim almennum praktiserandi lækni, sem hefir opna lækningastofu, að vera skylt að gegna aðkallandi sjúkravitjunum Mun þetta vera nýmæli í löggjöf yfirleitt.

Þá hefir læknum ekki verið gert að skyldu að gæta þagmælsku fram yfir aðra menn, og enga sérstöðu hafa þeir haft að því leyti að bera vitni fyrir rétti. Hér eru í fyrsta skipti sett föst ákvæði þar að lútandi.

Engin ákvæði hafa verið til í lögum, sem banna læknum skrumauglýsingar um starfsemi sína. Einnig það eru nýmæli.

Þá ætla ég, að Læknafél. Rvíkur megi þykja nýmælisbragð að ákvæðinu um gjaldskrána. Áður hefir héraðslæknum einum verið sett gjaldskrá, en eftir frv. á hún að ná til allra lækna.

Í 14. gr. eru að mestu gömul ákvæði um skýrslugerð lækna og viðurlög, ef vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, en þar við er bætt með öllu nýjum ákvæðum, um að það skuli einnig ná til hverskonar sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, sjúkrasamlaga, heilsu- og slysatryggingarstofnana og annara tilsvarandi, svo og til tannlækna, lyfsala og lyfjabúða, nuddara, yfirsetukvenna og annara heilbrigðisstarfsmanna.

Þá er skilgreiningin á skottulækningum alveg ný í lögum og sömuleiðis ákvæðið, sem hv. 2. þm. Skagf. gerði sér að umræðuefni, að nú er búið svo um, að ólærðir læknar fá ekki leyfi til að stunda sjúkl. með sérstaklega hættulega sjúkdóma.

Nýtt er það líka að banna lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar, svo nýtt, að það mun e. t. v. hvergi þekkjast í víðri veröld.

Loks eru nýmæli öll ákvæði um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi, og þarf ég ekki að útskýra það nánar.

Ég býst við, að ég hafi með þessari upp-

talningu sýnt fram á, að ef Læknafél. Rvíkur hefir ekki önnur rök fyrir sig að bera gegn frv. en að hér sé eingöngu um gömul lagaákvæði að ræða, sem engin þörf sé að lögfesta á ný, séu það léleg rök, sem ekki er takandi mikið mark á. Ég hygg, að skynsamlegra hefði verið fyrir félag praktiserandi lækna í Rvík að fallast á frv. og fylgja þar dæmi annara lækna í landinu, heldur en að leitast við að koma því fyrir kattarnef með ekki heiðarlegri vopnum.

Ég hefi hér í höndum skeyti frá meiri hl. héraðslækna, sem bæði óska eftir nýrri gjaldskrá og telja rétt, að hún gildi jafnt fyrir alla lækna. Og úr því að farið er að flagga hér með nöfnum, þá get ég líka nefnt nokkur, sem ekki er síður mark á takandi. Ég skal t. d. nefna héraðslæknana Jónas Kristjánsson á Sauðárkróki, Steingrím Matthíasson á Akureyri, Gísla Pétursson á Eyrarbakka, auk héraðslæknisins í Ólafsvíkurhéraði, Halldórs Steinssonar, sem á sæti hér á þingi sem þm. Snæf., og alls get ég talið upp 20 lækna, sem taka í hinn sama streng. Sumir þeirra eru jafnvel svo harðir í garð praktiserandi læknanna, að þeir telja, að þeir ættu að hafa nákvæmlega sömu gjaldskrá og héraðslæknarnir. Ég hefi hinsvegar litið svo á, að rétt væri að hafa þann mun á gjaldskrám praktiserandi lækna og héraðslækna, að hinir fyrrnefndu gætu uppborið sem svarar embættislaunum héraðslækna í hærri gjöldum fyrir læknisverk sín. Læknafél.Rvíkur mun fá að sanna, að það er vonlaust verk að berjast á móti sanngjarnri gjaldskrá fyrir alla lækna, og ég hygg, að hreinlegra hefði verið fyrir praktiserandi lækna og betra fyrir málstað þeirra, að flutt hefði verið brtt. við frv. annaðhvort um að fella 13. gr. og láta þar með skeika að sköpuðu, eða að breyta henni að einhverju leyti á þann hátt, að þeir hefðu betur mátt sætta sig við. Það hefði svo mátt ræða frá báðum hliðum, og ekki fullyrði ég nema takast hefði mátt á þann hátt að komast að enn sanngjarnari niðurstöðu en ég hafði numið staðar við.

Hv. þm. Borgf. þarf ég litlu að svara, enda hefi ég gert það nokkuð áður. Hann áleit aðstöðu mína veika, sem er skiljanlegt, ef hann leggur mikið upp úr áliti þeirra lækna, sem standa að bréfi því, er hv. þm. G.-K. las upp. En þó hann vilji halda fram, að reyndustu læknar séu á öndverðum meiði við mig í þessu máli, þá get ég fullvissað hann um, og mér er það kunnugt, að ekki einn einasti læknir hér á landi mundi fást til að greiða brtt. hans atkv.

Ég þarf varla að endurtaka það, að það er hártogun hjá hv. þm., að eftir frv. megi ekkert gera til þess að brýna fyrir mönnum hollustu matvæla. Vitanlega má skrifa fræðandi greinar um matvæli og matarhæfi manna eins og hvað annað. Með ákvæðum frv. er aðeins verið að koma í veg fyrir skrumauglýsingar um lyf og matvæli í verzlunarskyni.

Þá áleit hv. þm. Borgf. fjarstæðu, að smáskammtalæknum væri gert að skyldu að sanna kunnáttu sína, áður en þeim væri veitt lækningaleyfi, og rökin voru þau, að engin stofnun væri í landinu, sem skyn bæri á slíka fræðigrein. En þetta er misskilningur og vitleysa. Látum svo vera, að lyfjafræði smáskammtalæknanna sé einhver leyndardómur. En lyfjafræðin er minnstur hlutinn af læknisfræðinni. Og ekki væri úr vegi — né vandi að komast að því —, hvort smáskammtalæknir, sem sækir um lækningaleyfi, ber skyn á byggingu líkama mannsins og þau helztu lögmál, sem starfsemi hans fylgir. Eða hvort hann kann að greina sjúkdóma hvern frá öðrum, svo í einhverju lagi sé. Það er satt, að erl. leggja menn stund á smáskammtalækningar, þó að slíkum læknum fari óðum fækkandi. T. d. fækkaði þeim um 11 síðastl. ár í Englandi og bættist enginn nýr við. En þess er að gæta, að þeir erlendu hómöopathar, sem nokkurt mark er tekið á, eru fulllærðir læknar, sem lokið hafa fullkomnu læknisfræðiprófi eins og hverjir aðrir læknar. Hér hefir aldrei lærður hómöopathi verið til, og allir þess vegna mátt heita skottulæknar, þó að þeim sé ekki valið það heiti í þessu frv. Ísl. smáskammtalæknar hafa engu að síður haft sitt hlutverk að vinna og orðið mörgum til huggunar í læknisleysi, og sennilega gert tiltölulega lítinn skaða. Þeim fækkar nú óðum, og er engin ástæða til að fara hart fram gegn þeim fáu, sem eftir eru, enda ekki til þess ætlazt samkv.

þessu frv. En engin fjarstæða er það, ef maður setur sig niður t. d. hér í Rvík til að stunda lækningar, þó að heimtað væri eitthvað af honum, er sýndi, að hann væri ekki gersamlega ófróður um allt að því lútandi. Ef það sannaðist t. d., að hann þekkti ekki hið minnsta til líkamsbyggingar mannsins né hinna einföldustu sjúkdóma, þá væri ekki ástæðulaust að banna honum að auglýsa, að hann legði stund á lyflækningar, rafmagnslækningar o. fl., eins og auglýst er nú daglega hér í blaði, að ég held af gersamlega vankunnandi manni. En hann setur „hómöopathi" undir nafn sitt, og þá ná engin lög yfir hann!

Ég vona, að ég sleppi við að svara fleiru. Málið er þaulrætt, og vænti ég, að hv. d. samþ. frv., en felli dagskrártill. og allar brtt., að undanskilinni þeirri, sem við flytjum saman á þskj. 416, hv. 2. þm. Reykv. og ég.

Ólafur Thors: Það eru aðeins örfá orð til að andmæla því, sem hv. flm. sagði í síðustu ræðu sinni.

Hann minntist á það, að áður en hann hefði lagt þetta frv. fyrir þingið, hefði Læknafél. Ísl. og stj. læknadeildar háskólans tjáð sig samþ. því. Ég hefi áður bent á það, að báðir þessir aðilar hefðu haft mjög nauman tíma til að athuga málið. Ég skal vekja athygli hv. þdm. á þeirri staðreynd, að allir eða allflestir meðlimir Læknafél. Rvíkur og þ. á m. stj. Læknafél. Rvíkur og stj. læknad. háskólans voru á fundi í læknafélaginu, þegar borið var upp og samþ. með samhlj. atkv. að skora á Alþ. að afgr. ekki málið, af því það hefði fengið ónógan undirbúning. Hv. flm. hlýtur því að sjá það, að ef þessir aðilar hafa við fljóta athugun málsins álitið, að málið hafi fengið fullnægjandi undirbúning, þá hafa þeir komizt að annari niðurstöðu við nánari athugun.

Hv. flm. fullyrti, að það væri ekkert nema gjaldskráin, sem á milli bæri í þessu efni. Við skulum þá í bili hugsa okkur, að hann hafi þar lög að mæla, sem er þó raunar ekki. En ég vil spyrja, hvort það atriði eitt væri ekki nóg til þess, að fullkomin ástæða væri til að athuga frv. nánar. Ef þessi taxti verður löggleiddur, þá leiðir óhjákvæmilega af því, að það kemur niður á þeim, sem eru verst settir. Hv. flm. veit, að það er venja lækna að innheimta ekki nema helming eða ekki svo mikið af því, sem þeim ber. Þetta geta þeir gert, af því að nú taka þeir af þeim, sem betur eru staðir, hærra gjald en ætlazt er til í taxtanum. Ef taxtinn verður nú settur eins og hv. flm. vill, þá verða læknarnir að innheimta öll gjöldin, líka af þeim, sem fátækastir eru. Þetta hefir hann líka játað, en svo sagði hann: „Ég vil ekki, að alþýðan lifi á bónbjörgum", og ég get tekið undir það með hv. flm., en hann verður þá að gera ráðstafanir til að læknarnir geti fengið sínar tekjur, án þess að þeir noti þá aðferð í þessu efni, sem þeir hingað til hafa gert.

Þá hefi ég áður bent á það og vil árétta það nú, að hér á landi er alveg óþarfi að setja hámark á þessa vinnu, vegna þess að hún er seld svo miklu ódýrara hér en annarsstaðar. Hv. flm. veit, að það, sem læknar setja upp á vinnu sína hér á landi, er ekki nema lítill partur af því, sem greiða verður læknum í öðrum löndum. Ég sagði honum frá því, að ég hefði eitt sinn leitað til læknis erlendis og hefði orðið að greiða honum 220 kr. fyrir stundarfjórðungs viðtal. Þessi læknir var ekkert betri en læknar gerast hér, en hér á landi hefi ég aldrei þurft að greiða meira en 10 kr. fyrir viðtal í heila klst. Og svo bættist það við, að í þessu tilfelli var það ísl. læknir, sem læknaði það, sem um var að ræða, en sá erlendi gat það ekki.

Hv. flm. hefir með tvennu móti bent á, að þótt taxtinn væri einn til ágreinings, þá væri ástæða til að athuga það betur. Annað var það, að hann sagði, að margir héraðslæknar segðu, að þeir vildu hafa sama taxtann fyrir alla lækna, en það sagðist hann sjálfur telja vitleysu, og í öðru lagi sagði hann, að hann teldi það mjög orka tvímælis, hvort sá taxti, sem hann sjálfur hefði stungið upp á, væri sá réttasti, og gæti vel komið til mála að athuga hann og breyta honum til batnaðar. Þetta bendir ótvírætt til þess, að þótt gjaldskráin væri ein, þá væri full ástæða til að athuga málið betur. Það sem Læknafélag Reykjavíkur hefir sagt, er, að undirbúningur þessa frv. sé ónógur, og að frv. flytji engin þau nýmæli,

sem ekki mætti fresta í eitt ár, en hinsvegar vanti í frv. mörg atriði, sem sjálfsagt sé að lögfesta, ef á að semja löggjöf í þessu efni. Hitt hefi ég aldrei sagt, að læknafél. hafi haldið því fram, að engin nýmæli væru í frv. Hv. flm. hefir heyrt mig lesa upp kafla úr bréfinu. Þar stendur alls ekki, að í frv. séu engin nýmæli, heldur, að þar séu engin þau nýmæli, sem bæti úr svo brýnni þörf, að nokkru máli skipti, hvort það verður að l. á þessu þingi. Allt, sem hv. þm. sagði til að sýna fram á, að í frv. væru nýmæli, er því algerlega sagt út í hött, og hann er þar að svara sjálfum sér og sínum misskilningi.

Ég þarf svo ekki að þreyta meir þolinmæði hæstv. forseta, því að þótt hæstv. dómsmrh. hafi sagt hér nokkur orð, þá er það eins og vant er, að þegar verið er að tala um málefnið, þá þarf aldrei að svara honum.

Magnús Guðmundsson: Hv. flm. viðurkenndi, að sá skilningur minn á 16. gr. frv. væri réttur, að manni, sem hefði tannpínu og hita og færi til tannlæknis, yrði eftir frv. vísað frá, af því að hann hefði hita, og yrði hann því fyrst að fara til annars læknis og fá ávísun hjá honum til tannlæknisins. Þetta ber ekki vott um, að frv. sé svo gagnhugsað sem æskilegt væri, enda var það auðfundið, að hv. flm. vildi lítt kannast við þetta ákvæði sem sitt eigið, heldur hefði það verið tekið upp í frv. eftir áeggjan annara, en ég get ekki séð, að ákvæðið sé neitt betra fyrir það, þó að hann hafi ekki samið það sjálfur. Það getur vel verið, að læknar vilji fá til sín sem flesta sjúklinga til þess að geta tekið af þeim gjöld, þó að ekki sé nema fyrir það að vísa þeim til annars læknis, en það er engin ástæða til að lögfesta slíkt.

Út af 13. gr., um borgun til lækna, skal ég taka það fram, að mér skilst, að eftir henni sé lagt í hendur landlæknis vald til að ákveða það. Þar stendur svo, að náist ekki samningar, þá skuli landlæknir semja gjaldskrá, er heilbrigðisstj. síðan staðfesti. Eftir þessu litur út fyrir, að heilbrigðismrh. sé skyldugur til að staðfesta hvað sem landlækni þóknast að setja. (VJ: Nei). Þá er greinin ógreinilega orðuð, því að eftir orðalagi hennar lítur út fyrir, að ráðh. eigi ekkert að gera nema að staðfesta það, sem landlæknir ákveður. Hv. flm. ætlar þannig að gera sig að dómara í þessum launadeilum milli lækna og almennings, eða m. ö. o. gerðardómara í vinnudeilum, og satt að segja finnst mér hans flokkur ekki hafa tekið því svo vel, þegar eitt sinn átti að setja gerðardómara í vinnudeilum, að það sitji vel á honum að stinga upp á sjálfum sér sem dómara í slíkum málum.

Ég vil svo að endingu taka undir það, að mér finnst það engin goðgá, þó að þessu máli sé frestað um eitt ár, en meira er ekki farið fram á. Mér skilst, að í frv. séu ýms þau atriði, sem ekki hafa fengið nægilega athugun og undirbúning, og því er það eðlilegt, að farið sé fram á, að málið sé látið bíða í nokkurn tíma, svo að hægt sé að athuga það nægilega.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil gera þá aths. við eitt atriði í næstsíðustu ræðu hv. þm. G.-K., að hann hefir sýnilega skýrt þar rangt frá einu atriði, sem hann vill mjög telja máli sínu til framdráttar. Hann var hér með skjal frá Læknafél. Rvíkur, og hann sagði, að margir merkir læknar úr því fél. hefðu samþ. það, og væru þeir því samkv. því skjali samdóma sér um það, að ekki mætti setja taxta á praktiserandi lækna í Rvík. Meðal þessara lækna var próf. Guðm. Thoroddsen. Hann kom hér undir umr. um þetta mál, og ég spurði hann, hvort hann hefði verið á þessum fundi, þar sem þetta mál var rætt. Hann sagðist hafa verið þar, en farið áður en atkv. hefðu verið greidd, svo að hann á engan þátt í þessu. Ennfremur spurði ég hann, hvort læknad. háskólans hefði verið kunnugt um frv. áður en það kom fram hér á þingi, og sagði hann það vera, þeir hefðu gert aths. við frv. og landlæknir hefði tekið þær til greina.

Af þessu sést, að hv. þm. G.-K. hefir reynt að gefa villandi skýrslu um þetta mál. Í þessari frásögn hv. þm. er tvennt rangt sannanlega, og þá áreiðanlega a. m. k. 10 atriði önnur röng, þó að ekki séu enn komnar sönnur á það mál. En hin tvenn sönnuðu mismæli hv. þm. eru fyrst það, að Guðm. Thoroddsen hafi verið rið-

inn við mótmælin gegn frv. Í öðru lagi liggur það nú beinlínis fyrir, að læknad. hafi starfað bæði að samningu frv. og grg. Þetta allt gefur nokkra hugmynd um, hve mikið er að marka það, sem hv. þm. ber fram í þessu máli, sem og líka öðrum.

Jónas Þorbergsson: Hv. þm. Borgf. lét þau orð falla hér í dag, að ég mundi vera meðflm. að brtt. á þskj. 459. Út af þessum ummælum hans vil ég láta þess getið, að þetta er ekki rétt hermt. Það er að vísu rétt, að ég var við 2. umr. meðflm. að brtt., sem var að efni til svipuð þessari brtt., sem hér er um að ræða. Ég lét þess getið við þá umr., að ég mundi sætta mig við þá breyt., sem þá var gerð á 1. gr. frv., en ekki leggja áherzlu á þá till., sem þá var felld. Af þessum ástæðum er ég ekki flm. að þessari till., sem hér ræðir um.

Ólafur Thors: Það liggur í hlutarins eðli, að ef maður fer að deila við hæstv. dómsmrh., þá verður það ekki til annars en að skattyrðast, því að hann leggur ekki annað til málanna en það, sem er þess eðlis. Hann segir, að ég hafi vísvitandi farið rangt með, þegar ég skýrði frá því, að Guðm. Thoroddsen hefði verið á fundi þeim í læknafél., er samþ. þessa áskorun til Alþ., sem ég hefi nú lesið upp. Ef Guðm. Thoroddsen segði sjálfur við mig, að hann hefði ekki verið þarna viðstaddur, þá mundi ég trúa því. En ég legg ekki mikið upp úr því, þó að hæstv. dómsmrh. segi það, og ég veit, að það eru margir fleiri en ég, sem taka hann ekki trúanlegan. En auk þessa læknis nefndi ég marga aðra lækna, sem voru viðstaddir á þessum fundi, þ. á m. flestir úr stj. Læknafél. Ísl. og flestir úr læknad. háskólans, nefnilega þeir aðilar, sem að lítt athuguðu máli mæltu með frv., en tjáðu sig mótfallna því eftir nánari athugun. Hver trúir því, að þessi maður hafi ekki spurt Guðm. Thoroddsen, hvort þessir læknar hafi ekki verið á fundinum, eða hvort þeir hafi verið þar og verið farnir, þegar samþykktin var gerð, eins og hann segir, að verið hafi með Guðm. Thoroddsen? Allir vita, að hann hefir spurt um þetta. Og allir vita, að fyrst hann hefir ekki nefnt það, þá hafa þeir verið þar. Það er alveg ljóst.

Ef hæstv. ráðh. er í vafa um, að ýmislegt í þessu frv. orki tvímælis, þá vil ég biðja hann að lesa 11. gr. frv. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafi bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs, eða, ef nauðsyn krefur, til landlæknis".

Ég álít þetta rétt, en það vantar þá líka í frv. ákvæði um, að læknir, sem innt hefir af hendi þessa skyldu, skuli verndaður fyrir ofsóknum fyrir það.

Þetta ætti ráðh. þó að skilja.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. G.-K. varð að kannast við, að hann hefði hlaupið á sig, og það verður hann venjulega að gera, þegar hann tekur til máls.

Hv. þm. sagði í miðræðu sinni ekki einungis, að þessir læknar hefðu verið staddir á fundinum, heldur sagði hann, að þeir hefðu mótmælt frv. og las síðan upp nöfnin. Svo kemur einn þessara lækna hingað af tilviljun, og hann er spurður, hvort hann hafi tekið þátt í þessum mótmælum, og hann segist ekki einu sinni hafa verið þar við atkvgr. Þar af leiðir það, að hv. þm. hefir sagt ósatt, og þar með sést, hvað lítið er að marka það, sem hann segir, þótt ekki væri um það önnur vitneskja. Hann hefir verið sendur af praktiserandi læknum til að gefa villandi skýrslu, sem honum hefir nú mistekizt.

Eitt var það, sem hv. þm. þótti verst í frv., eftir því sem hann sagði, og það var það, að eftir að ákvæði þess eru komin í gildi, verður talsvert erfiðara fyrir hann að senda lækna sem flugumenn heim til fólks, og býst ég við, að öllum finnist afsakanlegt, þótt honum þyki það verra. En ég get sagt honum, að vinur hans, Eggert Claessen, sagði einmitt í ræðu fyrir hæstarétti nýlega, þegar málafærslumaður las þessa gr. úr frv., að hann skildi það vel, að þarna væri ákvæði, sem læknastéttinni kæmi óþægilega.

Vilmundur Jónsson: Ég vil mótmæla því, sem hv. þm. G.-K. sagði og bar lækn-

ana fyrir, að í þetta frv. vantaði mörg atriði. Ég hefi rætt þetta frv. við þá á löngum fundi, sem stóð fram á nótt, og kom þar ekkert fram í þessa átt. Ef nokkrir læknar hafa sagt þetta, hafa þeir í ákafa sínum sagt meira en þeir geta staðið við. Þetta er svo ákaflega óráðvandleg fjarstæða, að ég trúi því ekki, að það sé frá þeim mönnum, sem tilnefndir hafa verið. Ég veit, án þess að nokkur þurfi að segja mér það, að hvorki Guðm. Thoroddsen né Gunnl. Claessen hafa komið nálægt því að semja þau mótmæli, sem hér hafa verið flutt.

Hv. þm. segir enn, að örfá ný atriði hafi verið tekin upp í þetta frv., það sé samsafn úr öðrum lögum. Hvaða lögum? Það eru engin önnur lög til um það meginefni, sem frv. fjallar um. Ég skora á hv. þm. G.-K. að benda á, hvaða lög það eru, sem þetta frv. er samsafn af. Ég veit, að hann getur það ekki, því að hann segir þetta alveg út í bláinn. Það eru til ein lög svipaðs efnis frá 1911, sem eru aðeins á einni bls. í Stjtíð. Og þó les hv. þm. upp úr bréfi frá Læknafél. Rvíkur, að í þessu frv. „sé aðeins safnað saman í eina heild nokkrum sundurlausum lögum án þess að laga ýmsa þá vankanta, sem nú eru á löggjöfinni, eða flytja nokkur þau nýmæli, er bæti úr svo brýnni þörf, að nokkru máli skipti, hvort það verði að lögum á þessu þingi". Ég fullyrði, að læknarnir geta alls ekki staðið við neitt af þessu, hér er ekki um safn gamalla lagafyrirmæla að ræða, heldur þvert á móti mörg nýmæli, svo að segja í hverri gr. frv. og mörg í sumum þeirra. Ég hefi þeirra eigin orð fyrir því frá fundi þeirra, þar sem rætt var um frv., að flest af nýmælum frv. væru góð, jafnvel ágæt. Þeim kom yfirleitt saman um, að frv. væri gott, nema eitt atriði, sem þeir felldu sig ekki við, og **það var gjaldskráin.** Þess vegna vilja þeir geyma frv. um óákveðinn tíma, fórna öllu því, sem þeir telja gott í því, og láta það sofna.

Þá vil ég svara hv. 2. þm. Skagf. örfáum orðum. Hann heldur, að þetta ákvæði, sem hann talaði um, hafi komizt inn í 16. gr. frv., af því málið hafi verið of lítið hugsað, en ég get fullvissað hann um, að þetta er komið inn í gr., af því að mikið hefir verið um það hugsað. Ég var ekki fyrstur til að koma auga á þennan varnagla og hafði hann ekki í mínu upphaflega frv., en þeir læknar, sem litu yfir það á eftir mér, bentu mér á þetta og þá gat ég fallizt á það.

Þá er það orðalagið á ákvæði 13. gr., um það, ef ekki nást samningar við stéttarfél. lækna, samkv. ákvæðum gr., „ og semur þá landlæknir gjaldskrá, er ráðherra staðfestir". Ég hygg, að þetta verði ekki misskilið og að það sé venjum samkvæmt, að ráðherra eigi aðeins að staðfesta slíka gjaldskrá, hann á ekki að semja hana, það verður sérfræðingurinn að gera, sá, sem ráðh. á að snúa sér til, og í þessu efni er það landlæknir. En ráðh. staðfestir auðvitað ekki nema það, sem hann getur fellt sig við, og heimtar breyt. eins og honum sýnist. Hv. 2. þm. Skagf. taldi, að það væri ósamræmi í því hjá mér að vilja setja embættislausum læknum gjaldskrá til að fara eftir, nema ég væri fylgjandi gerðardómi í vinnudeilum. Þvert á móti, það er svo langt frá því, að þar sé nokkurt ósamræmi í skoðunum mínum. Ég er á móti gerðardómi í vinnudeilum verkamanna og atvinnurekanda, af því að öðrum megin í þeim deilum standa örfáir iðjuhöldar með peningavaldið á bak við sig, en hinum megin svo að segja allur almenningur, sem á undir högg að sækja atvinnuna og kaupið. En hinsvegar, þegar um er að ræða fámenna stétt, læknastéttina, ca. 100 menn á öllu landinu, sem eiga að fá sitt kaup hjá almenningi og fjöldinn verður að skipta við, þá vil ég hafa gerðardóm til stuðnings alþýðu manna. Það verður að gæta þess, að hér er um fámenna stétt að ræða, sem hefir mikið vald og stendur allra manna bezt að vígi til að beita því, ef hún vill, en hinsvegar er öll þjóðin, sem á undir högg að sækja við þessa stétt, ef svo býður við að horfa. Þess vegna er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að setja fastar reglur eða gjaldskrá um viðskipti þessara aðilja. Þegar verkamenn í landinu eru orðnir jafnfáir og læknar eru nú, og standa jafnvel að vígi og þeir með að skammta sér kaup, en viðskiptamenn þeirra hinsvegar öll alþýða lítilsmegandi, þá skal ég verða fylgjandi gjaldskrá og gerðardómi

í vinnudeilum við þá fámennu, voldugu verkamannastétt.

Það er ekki af því að mig langi til að taka þátt í gerðardómi gagnvart læknunum, að ég hefi sett þetta ákvæði í frv. og berst fyrir því. Síður en svo. En af því að ég gegni þeirri stöðu, sem þetta heyrir undir, verður að taka því.

Ólafur Thors: Mér þykir hv. flm. deila nokkuð fast á stéttarbræður sína í Læknafél. Rvíkur. Og hygg ég, að flestum muni þykja það óþarft og óviðeigandi af honum að gera þeim slíkar getsakir, að þeir hafi tjáð sig andvíga því, að þetta frv. yrði nú gert að lögum, aðeins vegna ákvæðanna um gjaldskrána. Það er alveg ósæmilegt af hv. flm. að bregða læknafél. um þetta, þegar það hefir sagt, að frv. væri yfirleitt illa undirbúið, og bent á mörg önnur atriði því til sönnunar. Eins og ég hefi áður lýst yfir, er ég ekkert sérstaklega fróður um þessi mál og get því ekki skorið úr því, hvað þetta frv. er steypt upp úr mörgum eldri lögum, eða hvað muni vera nýtt í því. En þó bendi ég á, að í grg. frv. er tekið fram, að með lögum þessum séu úr gildi numin: lög nr. 38 1911, um lækningaleyfi, lög nr. 36 1929 og ýms önnur ákvæði. Hv. flm. játar því í grg. það, sem hann neitar nú í ræðu sinni.

Ég skal aftur minna á, að þær ákúrur, sem hv. flm. beinir til læknastéttarinnar, bitna á mönnum eins og Guðm. Hannessyni, Matth. Einarssyni, Halldóri Hansen, Helga Tómassyni, Gunnl. Claessen, og ég get gjarnan bætt við Jóni Hj. Sigurðssyni og Guðm. Thoroddsen. Ef Guðm. Thoroddsen er meðmæltur þessu frv., eins og hv. flm. vill vera láta, hví gengur hann þá burt af læknafélagsfundinum? Hann fer burt af fundinum af því, að hann hefir fundið andúð félaga sinna gegn málinu og hefir ekki viljað skilja við þá né taka að sér að styðja frv. Það er óviðfelldið, að dómsmrh. skuli ekki þora að koma hér inn í þd. til þess að taka þátt í umr. fyrr en andstæðingar hans eru búnir að nota sinn ræðutíma samkv. þingsköpum. Ráðh. talaði eitthvað um, að ég hefði sent flugumann til höfuðs honum. Ég þykist vita, að hann eigi við dr. Helga Tómasson. Mér dettur ekki í hug að efast um, að dr. H. T. hafi haft fulla ástæðu til að gera það, sem hann gerði, eða að hann hafi haft rétt fyrir sér, en það var alls ekki af mínum völdum, að hann fór heim til ráðherrans. En af því að ráðh. var alltaf að bregða mér um þetta, þá dró ég hann fyrir lög og dóm fyrir meiðyrði í minn garð. Björn Þórðarson lögmaður dæmdi meiðyrðin dauð og ómerk, og ennfremur dæmdi hann ráðh. til að greiða háa sekt fyrir þau. Síðan var málinu vísað til hæstaréttar, er staðfesti dóm undirréttar um meiðyrðin, en hækkaði sektina upp í 300 kr. Og nú kemur ráðh. hér enn inn í þd. með þessar sömu rakalausu ásakanir, einungis af því að það er eini staðurinn, þar sem hann þorir að tala um þetta mál, af því að hann veit, að þar er ekki hægt að sækja hann til sekta fyrir ummæli hans. Það er blettur á Alþingi, að maður eins og ráðherrann skuli fá þar skjól til að bera fram svívirðingar á þjóðfræga ágætis- og merkismenn eins og dr. Helga Tómasson. Það má ekki þolast, að þinghelgin sé svívirt með illmælum, sem mundu valda þeim, sem þau viðhefði, fjársekta á hverjum öðrum vettvangi, sem þau væru fram borin á.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. G.-K. fór nokkuð út fyrir efnið í síðustu ræðu sinni og þótti vel við eigandi að draga gamalt „hjú“ sitt, Helga Tómasson, inn í þessar umr. Ég vil benda þm. á, að það er vitað og viðurkennt bæði innanlands og utan, að H. T. var sendur af hv. þm. G.-K. og hans flokki eins og flugumaður til mín. Og þótti Íhaldsflokknum sérstaklega nauðsynlegt að grípa tækifærið til þess, rétt áður en gera átti út um örlög Íslandsbanka, til þess að þjóðin yrði sem lengst dulin þess, að bankinn var þá búinn að tapa 18—20 millj. kr. af sínu veltufé, og til þess að Íhaldið gæti haldið áfram að sukka með fé landsins og lánstraust gegnum þennan banka. Þess vegna þótti Íhaldinu þægilegra að losna við mig áður en Íslandsbankamálið yrði útkljáð. En læknirinn, sem gerðist pólitískur flugumaður Íhaldsins, hefir ekki riðið feitum hesti frá þeim málum síðan. Það hefir verið sagt um hann, að hann væri útlagi tveggja kon-

ungsríkja, svo að manntetrið hefir ekki farið sem bezt út úr þessum samningum sínum við Íhaldið.

Hv. þm. G.-K. má gjarnan monta af meiðyrðamálum sínum, og ég get jafnvel óskað honum til hamingju með það einstaka fordæmi, sem hann hefir þar valið sér til fyrirmyndar. Það er kunnugt, að danski ráðherrann Alberti var sífellt í meiðyrðamálum og hélt mjög á lofti sigrum sínum í meiðyrðamálum, þangað til hann lagði upp í för sína til Horsensfangelsis. Ég öfunda ekki þm. G.-K. af meiðyrðamálum sínum eða hinu einstaka fordæmi í þingsögu norrænna þjóða, sem hann hefir valið sér til eftirbreytni.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. dómsmrh. þarf ekki að furða sig á því, þó að aðrir kunni að vera fúsari til þess að fara í meiðyrðamál heldur en hann, en hitt er ekkert undarlegt, þó að dómsmrh. þori ekki sjálfur í meiðyrðamál, af því að hann hefir alltaf svo vondan málstað.

Annars vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái til þess, að dómsmrh. sé ekki alltaf að leika eins og ímyndunarveikur maður hér í þd.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. G.-K. felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JAJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, EA, GÍ, JJós.

nei: JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

Brtt. 416 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 459,1 felld með 17:7 atkv.
— 459,2.a—b felld með 15:7 atkv.
— 459,3 felld með 15:8 atkv.
— 459,4 felld með 15:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 472).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. þetta áður en það fer til n., því ég býst við, að það eigi að ná fram að ganga á þessu þingi, þó að undirbúningur þess sé vafalaust minni en undirbúningur slíkra mála í nágrannalöndunum, t. d. í Danmörku. Það, sem ég vildi fyrst og fremst biðja n. þá, sem málið fær til meðferðar, að athuga, eru ákvæði 10. og 11. gr. frv., þar sem talað er um vottorðagjafir og vitni í réttarmálum, m. ö. o. þagnar- og frásagnarskyldu lækna. Ég vildi mælast til þess, að n. tæki til athugunar, hvort læknum beri ekki einnig einhver réttindi í sambandi við þær skyldur, því það hefir komið fyrir, að það valdi þeim þungum búsifjum, ef þeir inna af hendi þessar skyldur sínar.

Þá er 13. gr. frv. Hún fjallar um gjaldskrár lækna. Ég vildi beinlínis biðja n. að athuga, hvort hún sé í samræmi við 65. gr. stjskr. Ennfremur segir svo í 5. málsl. þessarar gr. frv.: „Nú hefir læknir, annar en héraðslæknir, eða tannlæknir eða nuddari eða aðrir með takmörkuðu lækningaleyfi opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki lægri en meðalhéraðslæknislaun, og ber honum þá að fara eftir gjaldskrá héraðslækna". Mér finnst málsgr. þessi mjög óljós, t. d. gagnvart sérfræðingum, sem hafa opinber störf á hendi, eins og t. d. læknaprófessorunum, sem jafnframt háskólakennslunni eru yfirlæknar við landsspítalann og vitanlega eru sérfræðingar hver í sinni grein. Hér kemur það alls ekki skýrt fram, hvort þeir skuli taka fyrir störf sín sem sérfræðingar eða eftir gjaldskrá héraðslækna.

Þá er það 14. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að landlæknir megi heimta skýrslur af læknum viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, og er ætlazt til, að með reglugerð megi ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur. Finnst mér þetta að vísu ekki athugunarvert í sjálfu sér, en þar sem læknar hafa flestir hverjir mörgu að sinna, einkum þó um öll mánaðamót og áramót, þætti mér réttara, að þeim væri sýnd einhver linkind í þessu efni, ekki

sízt þar sem ekki er ætlazt til þess, að þeir fái neitt fyrir þessar skýrslugjafir sínar.

Samkv. 4. lið 15. gr., sem fjallar um skottulækningar, má hegna læknum fyrir ýmiskonar afbrot, sem þar eru talin, svo sem ef læknir ávísar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða framkvæmir læknisaðgerð að ástæðulausu, sjálfum sér til ávinnings. Óttast ég, að þessi ákvæði megi misbrúka, ef óhlutvöndum mönnum er í nöp við lækninn, og þar sem 6. gr. hinsvegar kveður svo á, að læknar megi ekki baka sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum o. s. frv., finnst mér sem þessi ákvæði 15. gr., sem ég drap á, séu með öllu óþörf.

Þá er það loks 18. gr., sem hefir að geyma ýms refsingarákvæði fyrir brot, sem læknar kunna að verða sekir um samkv. frv. Þykir mér það á skorta um þessi ákvæði, að ekki skuli kveðið á um það jafnframt, hvað séu minni háttar brot og hvað þyngri brot, heldur er þetta algerlega lagt á vald dómarans í hverju tilfelli. Finnst mér réttara, að Alþ. skiljist ekki svo við þetta frv., að ekki sé nánar tiltekið um það, hvaða gr. frv. falla undir minni háttar brot og hvaða gr. þess undir hæstu sektir, ef brotið er gegn ákvæðum þeirra. Verð ég að mælast til þess við þá n., sem málið fær til meðferðar, að hún athugi þetta allt rækilega og færi frv. til betra horfs, sérstaklega þó um þau atriði, sem ég nú hefi drepið á. Ég neita því ekki, að frv. er á ýmsan hátt til mikilla bóta um lækningalöggjöfina og að full þörf er á að fá lögfest margt af því, sem í frv. stendur, en hinsvegar orka ófá ákvæði frv. mjög svo tvímælis, hvort til bóta séu, eins og ég hefi bent á, og auk þess mætti vafalaust bæta ýmsum þörfum ákvæðum inn í frv. Frv. hefir að vísu verið sent til umsagnar stj. Læknafél. Íslands, sem hefir gert sínar aths. við það, og hafa þær margar hverjar verið teknar til greina við samning frv., eins og segir í grg. þess, en hinsvegar hafa nú komið fram tilmæli frá Læknafél. Rvíkur um að breyta frv. að meira og minna leyti, og helzt fresta samþykkt þess til næsta þings, svo fél. gæfist kostur á að athuga frv. ýtarlega. Við umr. í Nd. var þessari málaleitun svarað svo, að í Læknafél. Íslands væru allir hinir sömu menn sem eru í Læknafél. Rvíkur, og væri því óþarfi að vísa frv. til umsagnar þess fél. sérstaklega, en þessu er til að svara, að mörg ákvæði frv. snerta praktiserandi lækna sérstaklega, en þeir eru allir að kalla í Læknafél. Rvíkur, og það er því skipað tiltölulega fleiri praktiserandi læknum en Læknafél. Íslands, og virðist því sjálfsagt, að fél. fái tækifæri til að láta uppi álit sitt um frv., og ég vænti því þess, að sú n., sem málið fær til meðferðar, afgreiði það ekki svo, að stj. Læknafél. Rvíkur verði ekki til kvödd til skrafs og ráðagerða um málið.

Jón Baldvinsson: Út af ræðu hv. þm. Hafnf. vil ég aðeins benda á það, sem hv. þm. reyndar tók fram, að frv. var sent til umsagnar stj. Læknafél. Íslands, sem athugaði frv. og gerði sínar brtt. við það, sem flestar voru teknar til greina af flm. frv., en í Læknafél. Íslands eru sem kunnugt er allir hinir sömu læknar og eru í Læknafél. Rvíkur, enda var þessu ekki mótmælt af hv. þm. Hafnf., og er því engin ástæða til að fara að senda frv. aftur til umsagnar sömu mannanna og áður hafa um það fjallað og lagt með því. Hinsvegar er frv. um mjög margt til mikilla bóta á læknalöggjöfinni, eins og líka hv. þm. Hafnf. viðurkenndi beinum orðum í ræðu sinni, og þær aths., sem hann gerði við frv., voru svo smávægilegar, að þær ættu ekki að geta gefið neinum ástæðu til að setja sig upp á móti því. Ég álít og, að rétt sé að hraða framgangi þessa máls, og að engin ástæða sé til að vera að fresta því til næsta þings, eins og einhverjir virðast óska nú upp á síðkastið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 472, n. 611).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv., sem hér er til umr., er allmikill lagabálkur, sem hefir að geyma ýms skýrari ákvæði en eru í núg. lögum um lækningaleyfi og réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa. Auk þess eru í frv. nokkur merk nýmæli í þessum efnum, sem ekki hafa verið í lögum hér á landi. Í I. kafla þess er gert ráð fyrir, að hver sá, sem vill stunda lækningar, fái til þess leyfi heilbrigðisstj., en eftir núg. lögum er aðeins sett það skilyrði, að læknirinn hafi lokið prófi við læknadeild háskólans, eða við aðra hliðstæða menntastofnun. Nú eru í þessu frv. m. a. sett þau skilyrði, að læknirinn sé hraustur andlega og líkamlega, þannig að eigi geti stafað hætta af honum við læknisstörf, og að hann hafi ekki kynnt sig að drykkjuskaparóreglu, hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, sbr. 2. gr. frv. M. ö. o. eru hér sett talsvert strangari skilyrði fyrir lækningaleyfi en áður hafa gilt. Í öðru lagi er einnig gert ráð fyrir því, að þeir, sem vilja stunda sérfræðigreinar læknisfræðinnar, verði að fá leyfi heilbrigðisstj. til þess að kalla sig sérfræðinga og starfa samkv. því. Þá eru og nokkur nánari ákvæði um þekkingu lækna og skyldur þeirra heldur en þau, sem eru í núg. lögum. Loks eru í 13. gr. frv. ákvæði um það, að heilbrigðisstj. geti sett gjaldskrá um borgun fyrir störf lækna, annara en héraðslækna. Ef samningar takast milli stéttarfélags þeirra og ríkisstj. skal miða þá við gjaldskrá héraðslækna og föst meðallaun þeirra, og skal ákveðin sú hundraðstala til hækkunar á gjaldskránni, sem ætla má, að hækki greiðslur fyrir áætlað meðalársstarf læknis, um álíka upphæð og föst meðallaun héraðslæknis. Í gjaldskránni skal ákveða greiðslur fyrir störf sérfræðinga, en kveðja skal fulltrúa frá stéttarfélagi þeirra til, áður en þeir liðir eru ákveðnir. Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra. Nú nást eigi samningar við stéttarfélög þessara lækna, og semur þá landlæknir gjaldskrá, er ráðh. staðfestir, til tryggingar því, að almenningi verði eigi seld læknishjálp óhæfilega háu verði. Loks eru í III. kafla frv. ákvæði um að banna skottulækningar, og ná þau ákvæði eigi aðeins til ólærðra manna, heldur til þeirra lækna, sem ekki hafa fengið fullkomið lækningaleyfi. Að síðustu eru ýms ákvæði í IV. kafla frv., um refsingar, sviptingar læknisleyfis og endurfengið lækningaleyfi. N. lítur svo á, að frv. sé vel undirbúið og fullkomlega til þess fallið að leiða það í lög.

Þá vil ég með örfáum orðum minnast á brtt. n. á þskj. 611. Fyrsta brtt. er við 3. gr. frv., um að heilbrigðisstj. geti veitt tannlæknum lækningaleyfi samkv. tannlækningalögunum. Það er aðeins nánari ákvörðun um, að leyfið skuli byggt á þeim lögum. Önnur brtt. er þess efnis, að orða skýrara síðasta málsl. fyrri málsgr. 7. gr., að lækni skuli heimilt að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef honum þykir ástæða til vegna ákvæða 10. gr. að halda því leyndu.

Þriðja brtt. er við 13. gr. frv., um að upphaf 3. málsgr. orðist svo sem þar segir. Það er aðeins orðabreyt., að í stað „taxtanum“ komi: gjaldskránni. Það er ekki búið að gera ráð fyrir „taxta“ áður í frv., en hugsunin er vafalaust sú, að um greiðslur skuli fara eftir gjaldskrá, sem talað er um í 2. málsgr.

Síðasta brtt. n. er við 16. gr., þess efnis, að fella burt úr fyrri málsgr. orðin „eða sjúkdóma, sem sótthiti fylgir“. N. virðist óþarft að banna þeim, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, að taka til meðferðar alla sjúkdóma, sem sótthiti fylgir, eins og greinin ætlast til, því að þeir sjúkdómar eru svo margir, enda þótt sumir þeirra séu ekki hættulegir. Ég skal geta þess, að einn nm., hv. 4. landsk., hefir einhverja sérstöðu viðvíkjandi 13. gr. frv., og sé ég ekki ástæðu til að ræða um þá sérstöðu hans f. h. meiri hl. n. fyrr en hann hefir gert grein fyrir henni. Yfirleitt þótti n. frv. vera vel undirbúið og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem ég hefi gert grein fyrir.

Pétur Magnússon: Ég er sammála hv. samnm. um það, að þetta frv. sé yfirleitt framför frá gildandi löggjöf. Vil ég því eins og þeir, að frv. í aðalatriðum nái fram að ganga. En í frv. er eitt nýmæli, sem ég, a. m. k. að svo vöxnu máli, get ekki gefið atkvæði. Það nýmæli er í 13.

gr. frv. Gr. þessi mælir svo fyrir, að ríkisstj. skuli leita samninga við stéttarfélag lækna um greiðslu fyrir störf embættislausra lækna. Gert er ráð fyrir, að gjaldskrá héraðslækna verði lögð til grundvallar við samningaumleitanir þessar, en hún hækkuð þannig, að ætla megi, að meðaltekjur embættislausra lækna verði svipaðar og meðaltekjur héraðslækna. Á sama hátt á svo að semja við þá, er takmarkað lækningaleyfi hafa, og við sérfræðinga. Takist samningar ekki, setur ráðh. eftir till. landlæknis þessum mönnum gjaldskrá, sem þeim virðist skilyrðislaust skylt að fara eftir, alveg án tillits til, hvort ágreiningur verður milli sjúklings og læknis eða eigi, og án tillits til, hvort hið opinbera á í hlut eða eigi.

Hér er nú sýnilega verið að leggja inn á alveg nýja braut í löggjöfinni. Hingað til hefir löggjafarvaldið látið afskiptalausar kaupkröfur þeirra stétta og einstaklinga, er ekki hafa annaðhvort beinlínis verið í þjónustu hins opinbera, eða verið ætlað að leysa af hendi ákveðin, tiltekin störf í þágu þess. Því hefir verið haldið fram og stundum allhávært, að hver maður eigi að ráða yfir starfsafli sínu og vera sjálfráður um, hverju verði hann vill selja vinnu sína. Með því er þó vitanlega ekki sagt, að svo framarlega sem ekki hefir fyrirfram verið samið, hafi sá, er starfann selur, alveg óbundnar hendur. Ef svo stendur á, verður sá, er starfann selur, að fara eftir venju og sanngirni, og geri hann það ekki, getur verkkaupandinn leitað verndar dómstólanna. En hér er algjörlega vikið frá þessari reglu um sjálfræði manna yfir vinnu sinni. Eftir 8. og 9. gr. þessa lagafrv. er lækni yfirleitt skylt að gegna sjúkravitjunum, hvenær sem til hans er leitað, þó ekki sé hann embættislæknir. En hann hefir ekki einu sinni neinn tillögurétt um það, hvað hann á að fá fyrir þessi störf sín. Það skammtar heilbrigðisstj. honum algerlega eftir eigin vild. Mér er ómögulegt að koma auga á, hvaða rök verða færð fyrir því að taka þannig læknastéttina eina út úr og leggja þessar hömlur á atvinnufrelsi hennar. Ég sé ekki, að hún hafi neina sérstöðu fram yfir ýmsar aðrar stéttir þjóðfélagsins, sem réttlætir slíkt. Á það hefir að vísu verið bent, að löggjöfin veitti læknum nokkur sérréttindi, þar sem öllum utan stéttarinnar er bannað að fara inn á þeirra verksvið. En það er ekkert einsdæmi um þau störf, sem sérþekkingu þarf til. Það má benda á skipstjóra og vélstjóra, sem sérréttindi hafa til þess að stunda sína grein. Eða t. d. húsasmiðirnir hér í Rvík; þeir þurfa sérstaka viðurkenningu bæjarstjórnar til þess að mega standa fyrir byggingum í bænum, og öðrum en þeim, er þá viðurkenningu fá, er sú atvinna óheimil. Og þessi sérréttindi einstakra stétta verða vitanlega víðtækari og víðtækari eftir því sem atvinnulíf þjóðarinnar verður fjölbreyttara. Ég get ekki séð, að það væri neitt óeðlilegra heldur en það, sem með þessu frv. er farið fram á að gera gagnvart læknastéttinni, þó sagt væri við menn, sem uppfylla öll skilyrði til þess að verða skipstjórar: þið getið ekki fengið skírteini til þess að vera skipstjórar, nema þið skuldbindið ykkur til að vinna eftir ákveðnum kauptaxta, sem ríkissjóður setur, og með því að leggja nógu víðtækar hömlur á atvinnufrelsi manna, mætti á sama hátt setja öllum stéttum kauptaxta. Vaki það hinsvegar fyrir þeim, sem beita sér fyrir ákvæðum 13. gr., að setja gjaldskrá fyrir allar stéttir þjóðarinnar, þá skilst mér, að ákvæði um það ættu frekar heima í almennri atvinnulöggjöf heldur en að fara að dreifa þeim inn í ýmiskonar sérlöggjöf. Ég ætla ekki að fyrra bragði að fara að rökræða um, hvort heppilegt væri að fara almennt inn á þá braut; get þó látið í ljós, að ég teldi slíkt mjög viðsjárvert, enda mun það hvergi vera gert nema e. t. v. í Rússlandi. Hitt er ég ekki í neinum vafa um, að það er rangt að skapa einni ákveðinni stétt þjóðarinnar sérstöðu í þessu efni. Það eina, sem í mínum augum gæti réttlætt slíka ráðstöfun, væri það, ef hlutaðeigandi stétt hefði gert sig seka í einhverri sérstakri óbilgirni í viðskiptum sínum við almenning eða hið opinbera. Slík óbilgirni gæti naumast átt sér stað nema með mjög víðtækum stéttarsamtökum, eða einskonar hringmyndun. Þá væri lögbundinn kauptaxti einskonar neyðarvörn þjóðfél. gegn þeirri áreitni, sem það yrði fyrir. En ég hygg

óhætt að fullyrða, að hér er engu líku til að dreifa. Ég býst við, að það sé ekki ofmælt, að læknastéttin sé ein vinsælasta stétt þjóðarinnar, og að það sé almannamál, að ísl. læknarnir hafi, a. m. k. samanborið við stéttarbræður sína erlendis, verið mjög ódýrir á verkum sínum. Mér finnst reynslan hafa sýnt, að ég fer hér rétt með. Við vitum, að læknar hér hafa yfirleitt ekki safnað auði. Það eru aðeins undantekningar, hafi þeir komizt í dálítil efni. Og þeir læknar, sem hafa haft allra mest að gera, og þeir hafa meira starf og erfiðara heldur en flestir aðrir í þjóðfélaginu, hafa ekki haft meiri tekjur heldur en það, sem þeir rétt hafa getað lifað sæmilega vel af. Og það sýnist ekki ósanngjarnt um menn, sem vinna annað eins hlutverk og mest eftirsóttu læknarnir gera.

Ég er ekki með þessu að koma með neinar getsakir um, að það sé tilætlunin að skammta læknum svo lítil laun fyrir verk sín, að þeim verði ókleift að lifa af þeim. Ég veit ekki, hvað þeir menn, sem að þessu standa, hafa hugsað sér, en ég skal ekki fara að væna þá um það að fyrra bragði, að þeir ætli ekki læknunum viðunandi kjör. En hér er í grundvallaratriðum farið inn á mjög óvanalega, varasama og ósanngjarna braut. Og aðallega af þeirri ástæðu mun ég greiða atkv. á móti 13. gr., þó ég að öðru leyti sé því samþykkur, að frv. nái fram að ganga.

Það hafa sumir viljað hreyfa því, að ákvæði 13. gr. um gjaldskrá fyrir praktiserandi lækna færi í bága við stjskr. Ég fyrir mitt leyti er ekki trúaður á, að svo sé, a. m. k. ekki að því er snertir þá lækna, sem öðlast lækningaleyfi eftir að þessi lög koma í gildi. Það getur e. t. v. orkað tvímælis, hvort það megi setja þeim læknum, sem nú eru, slík skilyrði, en um þá, sem seinna koma, orkar það ekki tvímælis. Hitt er annað mál, að ég held, að það yrði mjög erfitt að hafa eftirlit með því, að gjaldskránni væri fylgt, og að þeim, sem á annað borð vildu fara í kringum þessi lagaákvæði, yrði það tiltölulega auðvelt. Það má nú segja, að það séu út af fyrir sig engin rök á móti nýmælum í lögum, að hætta geti verið á, að þau verði brotin. En hinsvegar verður þó að gæta þess, að vera ekki að ástæðulítlu að búa til lagaákvæði, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki verða annað en pappírsgagn. Þau gera ekkert gagn, en ógagn að því leyti, að þau minnka þá virðingu, sem þegnunum er ætlað að bera fyrir löggjöf þjóðar sinnar.

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og ég átti von á, ræddi hv. samnm. minn ekki um annað en 13. gr. frv., um það, hvort ástæða væri til að setja praktiserandi læknum gjaldskrá. Ég viðurkenni líka, að það er mál, sem vert er að athuga. Eins og nú standa sakir, eru undir 50 héraðslæknar í landinu, og ég hefi ekki heyrt koma fram veruleg andmæli gegn því, að rétt væri og eðlilegt að setja þeim gjaldskrá, enda hefir það verið gert áður. Héraðslæknum var sett gjaldskrá fyrir 20—30 árum; hún er að vísu orðin úrelt nú, en það er gert ráð fyrir, að hún verði endurskoðuð. Og vitanlega er hún sett til þess að tryggja almenning í landinu gegn því, að héraðslæknarnir ofselji sín verk. Nú verður að gera ráð fyrir því með því fyrirkomulagi, sem nú er, að töluverður hluti af þjóðinni hafi lítinn eða engan aðgang að héraðslæknum, heldur verði að leita til praktiserandi lækna. Svo er það t. d. hér í Rvík, að allur fjöldinn verður að skipta við praktiserandi lækna, því ekki þykir ástæða til að hafa hér svo marga héraðslækna sem þyrfti, ef bæjarbúar ættu eingöngu að nota þá. Meðan svo stendur, sé ég ekki annað en að það sé ástæða til þess að tryggja þá landsbúa, sem við praktiserandi lækna þurfa að eiga, fyrir því, að þeir ofselji ekki verk sín, eins og hinir eru tryggðir gagnvart héraðslæknunum. Auk þess virðist sjálfsagt, að því er viðvíkur viðskiptum þessara lækna við hið opinbera, að þar sé einhver ákveðinn taxti að binda sig við. Annars getur orðið ágreiningur um greiðslur til þeirra, og hafa dómstólarnir á litlu að byggja úrskurði í slíkum málum, ef enginn taxti er til að fara eftir.

Um það, hvort ríkið hefir rétt til þess að setja ákvæði eins og hér er um að ræða, virðist mér ekki ágreiningur milli mín og hv. 4. landsk. Honum virðist ljóst, að það fari ekki í bága við stjskr., og um það atriði er hann færari að dæma en ég.

Enda liggur það í augum uppi, að um leið og ríkið veitir einhver réttindi, þá hefir það heimild til þess að setja skilyrði fyrir þeirri réttindaveitingu.

Um hitt, sem haldið hefir verið fram, að engin þörf væri á að setja læknum gjaldskrá, vegna þess að þeir misnoti ekkert aðstöðu sína, skal ég ekkert segja um. Það orkar vitanlega tvímælis, hvort þeir selja ekki ýms verk sín of dýrt. En ef svo er ekki, ef þeir selja aldrei dýrara en sanngjarnt er það, sem þeir gera, þá býst ég ekki við, að þeir hafi neitt undan því að kvarta, þó gjaldskrá væri sett, því maður verður að ganga út frá, að hún yrði miðuð við það, sem sanngjarnt er og hæfilegt, að læknar fái fyrir störf sín. Hér er nú ekki farið harkalegar að en það, að gert er ráð fyrir því, að byrjað sé á að leita samkomulags við stéttarfélög læknanna um þetta, og það er fyrst ef ekki tekst að ná samkomulagi, að heilbrigðisstj. má nota aðstöðu sína til þess að fyrirskipa gjaldskrá. Það virðist því vera gætt allrar sanngirni í þessu efni. Mér finnst ekkert ósamræmi í því, að um leið og læknum er veitt leyfi til að stunda lækningar og öllum öðrum fyrirmunað að koma þar nálægt, til þess að tryggja sem bezt atvinnu þeirra, eins og gert er í III. kafla frv., þá séu þeim sett einhver skilyrði fyrir því. Mér finnst læknisstarfið ekki sambærilegt við önnur störf í þjóðfél. Það er svo mikilsvert, bæði fyrir læknana að mega stunda það, þar sem það gefur venjulega talsvert mikið í aðra hönd, og eins fyrir almenning, að þarna sé að einhverju föstu að ganga. Það er dálítið annað að prútta um borgun fyrir læknisverk heldur en um kaupgjald við algenga iðn. Þess vegna legg ég mikla áherzlu á ákvæði 13. gr. og tel mikla nauðsyn á því fyrir almenning í landinu, að þau verði samþ.

Bjarni Snæbjörnsson: Eins og ég gat um við 1. umr., blandast mér ekki hugur um, að ýmislegt í þessu frv. er gott og þarflegt. Hinsvegar sé ekki neitt í frv., sem er svo aðkallandi, að verði að lögum, að fyrir þá sök beri að leggja eins mikið kapp á að gera frv. að lögum á þessu þingi eins og virðist vera gert. Eins og ég tók fram áður, er á ferðinni samskonar lagasmíði í Danmörku, og þar hafa menn gefið sér meiri tíma til þess að athuga hana. Þar er búið að vinna að slíku frv. sem þessu í 3 eða 4 ár, og mér vitanlega er það ekki orðið að lögum ennþá.

Nú lítur út fyrir, að hér eigi að afgreiða þetta mál þegar. Ég hefi heyrt á væning af því frá hæstv. stj., að frv. ætti að verða að lögum á þessu þingi, og það, sem fram hefir komið í hv. Nd., bendir einnig til þess; ég hefi því álitið þýðingarlaust að bera neitt fram því til hindrunar, að málið verði afgr. á þessu þingi.

Ég ætla þá að víkja ofurlítið að greinum frv., sérstaklega 13. gr., sem hér hefir verið lítillega til umr.

Það er alveg rétt hjá hv. 4. landsk., að það er mjög óviðurkvæmilegt að taka þannig eina stétt manna út úr og setja henni gjaldskrá. Ég fyrir mitt leyti get ekki skoðað það á annan hátt en þann, að þessi stétt sé talin svo hóflaus í kröfum um borgun fyrir verk sín, að það opinbera verði að taka í taumana. Enda kom það greinilega fram hjá hv. 3. landsk., þar sem hann sagði hreint og beint, að tilgangurinn með þessu löggjafarákvæði væri sá að tryggja landsmenn gagnvart læknunum, og þá vitanlega vegna þess, að þeir hafi verið of háir í kröfum sínum. En ég hefi ekki ennþá orðið þess var, hvorki utan þings né innan, að sú skoðun væri almennt ríkjandi, að læknar yfirleitt tækju of mikið fyrir verk sín. Eins og líka áður hefir verið tekið fram, er ekki allt fengið fyrir læknana, þó þeir hafi liðsinnt sjúklingnum, sett upp fyrir það ákveðið gjald og sent reikningana; peningarnir eru ekki komnir í kassann fyrir það. Enda verður það oftast svo, að um leið og læknir vinnur verk sitt, er hann ekki beinlínis að hugsa um, hvað hann muni fá fyrir það, heldur hugsar hann fyrst og fremst um, hvort það getur komið að notum fyrir sjúklinginn sjálfan. Borgunin kemur svo til greina á eftir, og hana sníður læknirinn alltaf eftir kjörum sjúklingsins. Ef sjúklingurinn er svo efnum búinn, að hann getur ekki borgað fyrir læknishjálpina, er honum gefið það eftir að meira eða minna leyti. Þess skal líka getið, að læknarnir setja aldrei upp fyrir verk sín af handahófi, heldur fara þeir eftir gjaldskrá síns

stéttarfélags, alveg eins og t. d. múrarar og trésmiðir, og er engum félagsmanni heimilt að taka meira fyrir starf sitt en þar er ákveðið.

Ef hv. 3. landsk. heldur því fram, að ástæða sé til þess að tryggja landsbúa gegn praktiserandi læknum eða kröfum þeirra, þá finnst mér hann ætti að finna þeim orðum sínum einhvern stað. Annað mál er það, að ég myndi ekki hafa neitt við það athuga, þótt gjaldskrá væri sett fyrir læknisverk, unnin fyrir það opinbera. Gjaldskrá héraðslækna, sem sett var árið 1908 og hv. 3. landsk. gat um, er orðin svo úrelt, að enginn læknir, hvorki héraðslæknir né praktiserandi, fer eftir henni nema í sumum tilfellum, þegar hið opinbera á í hlut, og enginn hefir neitt við það að athuga. Mér finnst líka eðlilegt, að hið opinbera geri samning við læknana, líkt og sjúkrasamlög gera, um að öll læknisverk, sem unnin eru í þess þágu, skuli borguð eftir ákveðinni gjaldskrá, en að öðru leyti væri bæði héraðslæknum og öðrum læknum heimilt að fara eftir þeirri gjaldskrá, sem Læknafél. Ísl. hefir sett. En sé það svo, að hv. þm. treysti ekki Læknafél. Ísl. til þess að semja gjaldskrá, án þess að sjúkl. séu féflettir af læknum, þá vil ég gjarnan, að það komi skýrt fram í umr.

Hv. 3. landsk. talaði um, að það væri ekki óeðlilegt, þó læknum væri sett ákveðin gjaldskrá, því þeir hefðu þau sérréttindi, að öllum öðrum væri bannað að fást við lækningar og væri þetta ákvæði til þess að tryggja atvinnu læknastéttarinnar. Ég hélt nú satt að segja, að þau ákvæði væru ekki komin inn í frv. til þess að vernda atvinnu læknanna, heldur vegna sjúklinganna sjálfra. (**JónJ:** Hvorttveggja). Ég er viss um, að fyrir hv. flm. frv., þm. Ísaf., hefir vakað það að tryggja sjúklingana fyrir því að lenda í höndum þeirra manna, sem ekki bera skyn á sjúkdóma þeirra. Mér virðist það því í mesta máta ósanngjarnt, og ég get ekki skoðað það öðruvísi en sem árás á læknastéttina, ef það er álit Alþ., að hún sé sú eina stétt hér á landi, sem ástæða sé til að taka út úr og setja lögbundna gjaldskrá, en að allar aðrar stéttir megi taka fyrir störf sín eftir gjaldskrám, sem þeirra stéttarfélög ákveða.

Í Danmörku er taxti læknanna yfirleitt hærri en hér á landi, t. d. kosta þar einföld vottorð, eins og t. d. sjónarvottorð þeirra manna, sem aka vilja bifreið, 10 kr., en hér býst ég ekki við, að neinn þurfi að greiða meira en 4—5 kr. fyrir samskonar vottorð. Dönum fannst samt ekki ástæða til þess að setja fastan taxta á praktiserandi lækna, en það var ákveðið, að læknar mættu ekki taka meiri borgun en sanngjarnt var eftir því, hve verkið var vandasamt, og eftir því, hvernig fjárhagsástæðum sjúklingsins var háttað. Þannig skipuðu Danir þessum málum. Þar var ekki verið að setja neinn slíkan taxta á lækna og hér á að gera.

Ég verð að segja, að ég skil ekki, hvað ætlazt er til með því, sem stendur í 13. gr., að taka eigi tillit til launa héraðslækna og praksis praktiserandi lækna, er semja eigi gjaldskrá fyrir praktiserandi lækna. Þetta verður sennilega mjög erfiður útreikningur, og tilviljun ein, hvort hann verður réttur eða ekki. Ég segi fyrir mig, að ég mun greiða atkv. á móti þessari 13. gr., og fáist hún ekki felld, mun ég við 3. umr. bera fram brtt.um þetta atriði, í þá átt, sem ég áður hefi talað.

Ég vil einnig vekja athygli á öðru atriði, sem ég minntist á við 1. umr. þessa frv. Það er 4. liður 15. gr. Það, sem þar er sagt, stendur í 6. gr. frv., en hægt að misbrúka þessa málsgr. ef einhver óhlutvandur maður vildi gera viðkomandi lækni tjón, og mun ég því leggja til, að þessi málsgr. verði felld úr frv. Ég tel víst, að frv. eigi að fara í gegn á þessu þingi, og verður það því bara tímaeyðsla að taka fyrir hverja gr. þess út af fyrir sig. En ég álít, að 13. gr. geti ekki staðið óbreytt, og tel ekki vansalaust af þinginu að taka þá afstöðu til læknastéttarinnar, að hún sé eina stétt landsins, sem þurfi að setja gjaldskrá, af því að að hún krefjist of mikils fyrir verk sín samanborið við aðrar stéttir hérlendis.

Frsm. (Jón Jónsson): Þessi hv. þm., sem var að setjast, hélt það hér á dögunum, að 13. gr. þessa frv. kæmi eitthvað óþægilega nálægt stjskr. Ég varð ekki þess var, að hann héldi því fram nú, og er gott til þess að vita. Aftur á móti var

aðalröksemdin í síðustu ræðu hans sú, að praktiserandi læknar væru yfirleitt englar, en mér þykir undarlegt, séu þeir allir svo saklausir, að þeir miði alltaf launakröfur sínar við efnahag sjúklinganna. Ég skil ekki í því, að þeir skuli geta haft svo góðar reiður á efnahag manna, t. d. allra Reykvíkinga, að þeir geti hnitmiðað launakröfur sínar eftir því. Þá taldi hv. þm. ísl. praktiserandi lækna ólíkt sanngjarnari en stéttarbræður þeirra í Danmörku. Ég er alls ekki að drótta því að okkar praktiserandi læknum, að þeir misnoti yfirleitt vald sitt til þess að ráða launum sínum, en það mega vera meiri englarnir, ef slíkt getur ekki komið fyrir. En ég held, að dæmið, sem hv. þm. tók um dönsku læknana, hafi ekki verið sem bezt valið. Hann sagði, að þeir tækju 10 kr. fyrir vottorð til bílstjóra, en mér er kunnugt um, að hér í Rvík hefir maður orðið að borga 10 kr. fyrir samskonar vottorð.

Þá óskaði hv. þm. eftir því, að ég læsi upp einhverja reikninga og skýrslur til stuðnings máli mínu. Ég sé enga ástæðu til þess. Á sumarþinginu í fyrra var lesið upp hér talsvert af slíkum læknareikningum, og ég segi fyrir mig, að ég fékk alveg nóg af þeim, og ég býst við því, að hv. þm. Hafnf. hafi fengið nóg af þeim líka.

Það hljóta allir að gera sér það ljóst, að komið getur fyrir, að praktiserandi læknar reikni verk sín of dýrt, og ef svo er, þá er nauðsynlegt að tryggja almenning gegn slíku. Hv. þm. sagði, að þetta hefði ekki verið gert í Danmörku. Ég hélt, að við þyrftum ekki í einu og öllu að fara eftir dönskum fyrirmyndum. En ég vil benda á það, að í Danmörku er miklu síður ástæða til þess að setja slíka gjaldskrá en hér, því að þar eru ⅔ landsbúa í sjúkrasamlögum, sem tryggja meðlimum sínum sanngjarna læknishjálp.

Þá talaði hv. þm. um það, að þetta væri harðýðgisleg meðferð á læknastéttinni, sem ekki ætti sinn líka. Ég vil benda á t. d. lyfsalana, enda er það alveg hliðstætt dæmi. Þeim er leyft að selja lyf, en eru bundnir við verðtaxta, sem heilbrigðisstj. setur þeim.

Hv. þm. þótti það ekki heppilega orðað hjá mér, að ákvæðin um skottulæknana væru sett til þess að tryggja atvinnu læknanna; ég játa það, að þau eru fyrst og fremst sett vegna sjúklinganna, en þau koma læknum líka að gagni. Hv. þm. vildi ennfremur fá fram álit mitt um það, hvort Læknafél. Rvíkur væri ekki trúandi sem samningsaðila. Ég sé ekki ástæðu til þess að láta álit mitt uppi um það, en í frv. er gert ráð fyrir samvinnu milli stéttarfélags lækna og heilbrigðisstj., og það ákvæði, að heilbrigðisstj. geti ein sett taxtann, ef samningar nást ekki, er aðeins til varúðar. Ég vona því, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þetta frv. með þeim breyt. einum, sem n. leggur til.

Halldór Steinsson: Ég þarf ekki að vera margorður um þetta frv., þar sem ég álít, að sem heild sé það til bóta. Það eru tekin ýms ákvæði eldri laga, sem þurfti að sameina. Nýmælin eru líka flest til bóta. En ég ætla að fara nokkrum orðum um 13. gr.

Það má segja, að ég hafi nokkra sérstöðu í þessu taxtamáli, þar sem ég lít svo á, að ekki eigi að setja héraðslæknum, hvað þá praktiserandi læknum taxta, nema um störf, sem eru unnin fyrir hið opinbera. Héraðslæknar fá laun úr ríkissjóði, en eru háðir þeim skyldum að sitja á ákveðnum stöðum og gegna alltaf, þegar á þá er kallað, og gefa hverskonar skýrslur um störf sín, heilbrigðisástand o. fl. Fyrir þetta fá þeir sín föstu laun. Enda er það ærið ófrjálst að þurfa að sitja í afskekktu útkjálkahéraði, ef borið er saman við praktiserandi lækna, sem lifa góðu lífi í stóru bæjunum, til þess að þeir hefðu þessi föstu laun fram yfir þá praktiserandi.

Það er ekki hægt að réttlæta slíkt, að setja svona taxta fyrir eina stétt þjóðfélagsins, en allar aðrar skuli vera því undanþegnar. Hv. frsm. hefir ekki heldur reynt að réttlæta þetta. Hvaða önnur stétt sem er getur skapað sér kaup með samtökum sínum. Verkamenn ákveða sitt kaup með samtökum, og slíkt er flestum stéttum fært, nema læknum. Læknar geta að vísu haft með sér samtök. En þeir geta ekki gert verkfall, þó ekki væri frá öðru sjónarmiði en því siðferðilega, og eru þannig að þessu leyti verr settir en nokkur önnur stétt í þjóðfél. Það er því sérstaklega harkaleg aðferð að ætla einmitt

að sníða þessari stétt þrengstan stakk um allar launagreiðslur.

Hv. 3. landsk. sagði, að það gæti komið fyrir, að læknar misnotuðu vald sitt til þess að ákveða kaup sitt. Það er rétt, enda mættu þeir þá vera heilagri en aðrar stéttir, ef slíkt gæti ekki skeð. En þó að slíkt gæti komið fyrir, má það skoðast sem undantekning og ekki nauðsynlegt fyrir því, að ákvæði þessa frv. um taxta verði samþ. En eins og ég sagði í byrjun, er ég hlynntur þessu frv. sem heild, og mun greiða atkv. með því yfirleitt.

Bjarni Snæbjörnsson: Það var ekki mikið, sem hv. frsm. vildi fara út í það að tala um læknana yfirleitt, eða ástæðurnar til þess, að hér skuli vera gerð árás á þessa stétt manna. Hv. þm. Snæf. hefir sýnt greinilega fram á það, að læknar eru ólíkt verr settir en t. d. verkamenn hvað snertir kaupgjald. Þeir geta ekki gert verkfall og hefir aldrei dottið slíkt í hug. Þótt það hafi verið sagt í opinberu stjórnmálablaði, sýndi réttarrannskón, sem fór fram út af slíkum ummælum á síðastl. ári, að ummæli blaðsins höfðu ekki við neitt að styðjast.

Viðvíkjandi þeim orðum mínum, að læknar mundu miða launakröfur sínar við efnahag sjúklinga, hafði hv. frsm. það að athuga, að læknar mundu ekki vera svo kunnugir fjárhag sjúklinga sinna, að þetta væri framkvæmanlegt. En ég veit, að engir menn, í hvaða stétt sem er, vita og komast að raun um kjör manna yfirleitt á borð við lækna. Þeir ganga stöðugt í hús manna og sjá allan aðbúnað sjúklingins og geta af því talsvert ráðið um efnahaginn.

Mér fannst það skrítin röksemd hjá hv. frsm., að af því að það gæti komið fyrir, að einhver einn læknir tæki of mikið fyrir vinnu sína, þyrfti að setja gjaldskrá fyrir alla lækna. Þá tók frsm. lyfsalana til dæmis og sagði, að þeim væri gert að skyldu að selja lyf ákveðnu verði. Þetta er rétt. En hinsvegar er það mikill fjöldi lyfja, sem lyfsalar selja, sem engin gjaldskrá nær yfir. Á þau mega lyfsalarnir leggja eftir vild. Þetta er hliðstætt því, að ákveðin væri gjaldskrá yfir helztu störf lækna, en stéttarfélag þeirra hefði svo leyfi til þess að setja gjaldskrá fyrir önnur verk þeirra. Þó að ég minnist á aðgerðir Dana í þessu efni, var það ekki meining mín, að við ættum að apa allt eftir þeim, og mér þykir fyrir, hafi ég sært sjálfstæðistilfinningar hv. frsm. með því að minnast á Dani, en ég hélt, að framsóknarmenn hneyksluðust ekki neitt sérstaklega á því að heyra nefnda Dani og Danmörku. En því minnist ég á Dani, að hér er verið að stofna til löggjafar, sem er beinlínis sniðin eftir þeirri, sem þessi nágrannaþjóð okkar er að hugsa um að lögleiða. Og því meiri ástæða var til þess að taka sérstaklega fram um ákvæði 13. gr., þar sem danska n. sá ekki ástæðu til þess að setja taxta á læknastéttina þar í landi

Pétur Magnússon: Hv. þm. Hafnf. hefir að mestu tekið af mér ómakið að svara aths hv. 3. landsk. við það, sem ég sagði. Hv. frsm. gat þess þá, að nú væru mörg ár síðan gjaldskrá var sett fyrir héraðslækna, og hafi verið eftir henni farið, án þess að læknar eða sjúklingar kvörtuðu undan henni, og því væri engin frekari hætta að setja álíka gjaldskrá fyrir praktíserandi lækna. Ég vil vekja athygli hv. frsm. á því, að þar stendur öðruvísi á. Héraðslæknar eru starfsmenn hins opinbera og taka laun úr ríkisjóði. Eftir þeim reglum, sem gilda um embættismenn ríkisins, hefir löggjafarvaldinu jafnan verið talið rétt að ákveða, hvort þeir mættu taka aukaþóknun fyrir störf sín. Ef við lítum á hina ýmsu starfsflokka, sjáum við, að þetta er nokkuð misjafnt. Kennarar mega ekki reikna sér aukaborgun fyrir kennslu sína, sýslumenn fá að mjög litlu leyti aukaborgun fyrir verk sín, og prestar aðeins að litlu leyti. Þó að reglur séu settar héraðslæknum, sem eru einn af þessum starfsflokkum ríkisins, um borgun fyrir störf þeirra, er öðru máli að gegna um praktiserandi lækna. Þeir hafa engan styrk frá því opinbera. Mér finnst, að í þessu taxtamáli hafi komið fram sú tilhneiging, sem nokkuð hefir borið á á síðustu árum, til þess að jafna allt, láta snillinginn í læknastétt vera jafnt settan og klaufann. Snillingurinn á ekki að fá leyfi til þess að taka meira fyrir velheppnaða læknisaðgerð en klaufinn, sem e. t. v. drepur sjúklinginn.

Frsm. (Jón Jónsson): Hér hefir nú komið fram ný skoðun í þessu máli frá hv. þm. Snæf., og er á þá leið, að gjaldskrá eigi ekki einu sinni að setja á héraðslækna. Hv. 4. landsk. virðist vera á því, að rétt sé að setja opinberum embættismönnum taxta, enda hafa þeir verið settir fyrir fleiri stéttir en lækna, t. d. presta. Ég skil ekki í því, að læknar kæri sig um að vera lausir við taxta. Ef þeir fylgja taxtanum, getur aldrei komið upp sá grunur, að þeir okri á starfi sínu.

Þá var það hv. þm. Hafnf., sem var að tala um, að þetta væri að gera ósæmilega árás á sérstaka stétt manna. En hér er ekki að tala um neitt slíkt eða neitt í þá átt, heldur bara um það að setja ákvæði um gjaldskrá, og verður þá að ganga út frá, að þeir menn, sem um lækningaleyfi sækja, viti það, að um leið og þeir fá lækningaleyfi, verða þeir að ganga undir þau skilyrði, sem lögin setja, og hlíta þeirri gjaldskrá, sem stj. hefir sett, annaðhvort með samkomulagi við lækna, eða þá með valdboði, ef samkomulag ekki næst. Það er svo algerlega fjarri því, að þetta sé ósæmileg árás á sérstaka stétt manna, að það eru margar fleiri stéttir, sem hefir verið settur taxti. Og um það, sem þeir hafa báðir verið að tala um, að ef settur væri taxti fyrir praktiserandi lækna, þá ætti hann aðeins að vera fyrir það, sem þeir vinna fyrir það opinbera, þá sé ég enga ástæðu til þess. Þvert á móti. Það er einmitt síður þörf á að vernda það opinbera gegn okri læknanna en einstaka menn, því að ríkið ætti að geta séð um sig, svo að það er miklu meiri ástæða til að vernda einstaklingana.

Þá voru þeir báðir að tala um, að þetta væri alveg óþarft, því læknastéttinni dytti aldrei í hug að beita verkfalli. Ég man þó ekki betur en að árið 1918 eða 1919 segði einn háttsettur læknir við mig, að hann væri með bréf í vasanum, undirritað af flestum læknum landsins, þar sem því væri lýst yfir, að þeir neituðu að starfa, ef þeir fengju ekki laun sín hækkuð svona og svona mikið. Ég veit þá ekki, hvað er hótun um verkfall, ef þetta er það ekki.

Þá var hann að tala um, hv. þm. Hafnf., að þeir hefðu betri þekkingu á því en aðrir menn, læknarnir, hvernig ástæður manna væru. Ég veit nú ekki, hversu ábyggilegt það mat þeirra er, a. m. k. í fjölmenni, eins og er hér í Rvík, þar sem varla er hægt fyrir þá að þekkja fjárhagsástæður manna almennt, því það eitt, hvort maður hefir fínt í rúminu eða ekki, er harla óábyggilegt mat, því margur býr nú fínna en hann hefir ráð á, en svo bera þeir sig oft verst, sem bezt eru staddir.

Þá var hv. þm. að minnast á það, sem ég hafði sagt viðvíkjandi lyfsölunum, og sagði, að það væri ekki hliðstætt, því þeim væri settur lyfsölutaxti á viss lyf, en ekki á önnur, sem þeir þá gætu selt eins og þeim sýndist. En þetta er þá af því, að lyfsöluskráin er ekki eins fullkomin og hún getur orðið, og ég býst nú við, að það verði eins með gjaldskrána, a. m. k. fyrst í stað, að hún taki ekki yfir allt það, sem læknar gera, svo þetta er því að nokkru leyti hliðstætt.

Þá var hv. þm. Hafnf. að tala um, að það væri einkennilegt að vera að tala um þörf á að setja taxta, þó það gæti komið fyrir, að læknar seldu verk sín of dýrt, ef það væri viðurkennt, að þeir gerðu það ekki. Ég held, að það sé nú ekki hægt að hafa neitt á móti því að setja strax undir þann leka, sem maður getur búizt við. enda er það vitanlegt, að ýmsir læknar hafa selt óhæfilega dýrt sín verk, þó ýmsir aðrir hafi gefið sín verk, þar sem fátækir áttu í hlut, eða einhvern hluta af þeim. Þess vegna er það ekki óviðfelldið að setja eftirlit með þessu, um leið og mönnum er veitt lækningaleyfi.

Þá var hv. þm. að tala um, að það mundi hafa sært sjálfstæðiskennd mína, að verið var að vitna til Dana í þessu máli, en um það hafði ég nú ekkert sagt. En ég var að halda því fram, að það væri ekki sjálfsagt fyrir okkur að laga allt eftir Dönum. Og það get ég sagt þessum hv. þm., úr því að hann minntist á þetta, að það er ekki minni sjálfstæðiskennd gagnvart Dönum hjá framsóknarmönnum en hjá sjálfstæðismönnum, þó þeir kenni sig við sjálfstæði, enda var mikill hluti af þeim mönnum, sem framarlega standa í framsóknarflokknum, áður í gamla sjálfstæðisflokknum.

Þá var hv. 4. landsk. að tala um, að ég hefði sagt, að gjaldskrá hafi verið sett fyrir héraðslækna fyrir 20—30 árum, og

að alltaf hefði verið farið eftir henni. Nei, það er nú öðru nær en að ég hafi nokkurn tíma haldið því fram, að það hafi alltaf verið farið eftir gjaldskrá héraðslækna um greiðslur til þeirra, því mér er vel kunnugt um það, að þeir hafa oft og tíðum selt verk sín margfalt dýrara en gjaldskrá heimilar, og það er kannske nokkur vorkunn, því hún er fyrir löngu orðin alltof lág, því það hefir verið dregið óhæfilega lengi að endurskoða hana.

Sami hv. þm. var líka eitthvað að tala um þá viðleitni, sem kæmi fram í frv. í þá átt að jafna á milli snillinganna og klaufanna. En ég býst nú ekki við, að það verði gert, þó þessi gjaldskrá verði sett. Snillingarnir munu alltaf hafa betri aðstöðu en klaufarnir, vegna þess að þeir hafa miklu meiri aðsókn, af því að fólk treystir þeim betur, en ég geri ráð fyrir, að klaufarnir fari á mis við alla aðsókn.

Ég tel sjálfsagt að samþ. 13. gr. frv.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er nú talsvert nýmæli, sem felst í 13. gr. þessa frv., að því leyti, sem hún heimilar ríkisvaldinu að setja gjaldskrá fyrir eina tiltekna stétt manna, sem ekki nýtur neinna hlunninda af hálfu hins opinbera, en fær aðeins formlegt leyfi stjórnarvalda til að reka atvinnu, og gera verður ráð fyrir, að öllum verði veitt, sem uppfylla þau skilyrði, sem til þess þarf að fá slíkt leyfi. Þetta er algert nýmæli, og má ekki blanda því saman við þann rétt, sem það opinbera hefir til að setja sínum embættismönnum gjaldskrá, því hann er allt annars eðlis.

Það er aðalreglan, að starfsmenn þess opinbera láti í té vinnu sína fyrir fastákveðin laun fyrir þá vinnu, sem ríkið þannig geldur fyrir. Frá þessu eru þó gerðar undantekningar um einstaka flokka starfsmanna, sem hinu opinbera hefir þótt hentugra að skammta launin ekki svo hátt, að það sæi sér fært að heimta alla þeirra vinnu ókeypis fyrir þau laun, en þá er það jafnframt regla, að því opinbera ber að setja þeim mönnum taxta, sem ekki fá fulla borgun frá því opinbera fyrir verkin, sem þeim er ætlað að vinna. Það er t. d. ekki ætlazt til þess, að héraðslæknar, sem ríkið greiðir laun, taki fulla borgun fyrir störf sín af þeim mönnum, sem þeir vinna fyrir; þess vegna er svo ákveðið, að ríkisvaldið setji þeim taxta um það, hvað þeir mega taka.

En að því er snertir taxta fyrir tiltekna stétt manna, er ekki nýtur neinna launa frá því opinbera, er það algert nýmæli. Það hefir verið reynt að bera það saman við lyfjataxta fyrir lyfsala, en hann er allt annars eðlis, því lyfsalaréttarinn er raunverulega monopol eða einkaréttur þeirra fáu manna, sem hann hafa öðlazt; það nægir enganveginn fyrir mann að hafa tekið lyfsalapróf og bera svo fram ósk um að mega selja lyf o. s. frv., til þess að hann svo megi fara um landið eða hafa fasta verzlun og selja lyf. Lyfsalataxtinn byggist á því, að fáum mönnum eru veitt forréttindi til þess sérstaklega að selja lyf. En það er ekki ætlazt til, að út í þetta verði farið að því er snertir embættislausa lækna. Það er ekki ætlazt til að takmarka tölu þeirra manna, sem lækningaleyfi geta fengið. Og því er ekki hægt að bera taxta fyrir þá saman við lyfsalataxtann.

En það getur vel komið til mála að leiða þjóðfél. út á þá braut, að það opinbera láti stjórnarvöldin setja taxta um vinnu manna yfirleitt. En hitt nær engri átt, að staðnæmast við vinnu þessarar stéttar, heldur verður að útfæra þetta víðar, því það er af ýmsum ástæðum erfiðara að láta þetta ná til læknastéttarinnar en margra annara stétta, sem eins og læknarnir, að því leyti, sem um embættislausa lækna er að ræða, þurfa að fá vinnu sína fullborgaða.

Það er ekki alger tilviljun, að starfsemi læknanna er oft kennd við list og kölluð læknislist, af því að starfið á að því leyti skylt við list, að það er svo ógnar mismunandi, sem látið er í té, og sá mismunur kemur að innan, af því að eðli og hæfileikar þeirra, sem starfið stunda, eru svo mismunandi. Hvernig ætlar t. d. hv. allshn. þessarar hv. d. að ákveða taxta fyrir listmálara? Ætlar hún að setja ákveðið verð á fermetrann af málverkinu? Hvernig ætlar hún að setja taxta á tónsmíðar? Ætlar hún að setja visst verð á hverja nótnalínu? Nei, það eru til þau svið, sem það verður ákaflega erfitt að setja taxta

á, þó gengið verði inn á það svið, að það opinbera setji taxta á vinnu manna almennt. Það er erfitt að setja taxta á t. d. verk þeirra lækna, sem skara fram úr. Og það væri mjög rangt, að þjóðfél. settist í veg fyrir, að slíkir menn gætu þrifizt, sem eru langt fyrir ofan meðallag, með því að binda þá við að taka sömu borgun fyrir vinnu sína og miðlungsmenn geta tekið.

Það hefir verið rætt hér um það áður að ákveða borgun fyrir störf manna, en sætti mikilli mótspyrnu af hálfu verkamanna, sem þar áttu hlut að máli, og var þó ekki gert ráð fyrir, að sú ákvörðun yrði beinlínis stjórnarráðstöfun, heldur að borgunin yrði ákveðin að opinberri tilhlutun með dómi, að undangenginni rannsókn. Og þó var ekki farið lengra í þeim till. en að leggja til, að slík ráðstöfun væri þá aðeins gerð, að ágreiningur væri um verðlagið milli vinnukaupanda og vinnuseljanda. En ég held áreiðanlega, að ákvæði 13. gr. þessa frv. séu fyrstu till., sem koma fram um það, að það opinbera setji verðlag á vinnu manna, án þess að ágreiningur sé um verðlagið milli vinnuseljanda og vinnuþiggjanda. Og ég er ófáanlegur til að stíga þetta spor um ákvörðun kaupgjalds að opinberri tilhlutun, svo langt, a. m. k. í fyrstu, að ákvæðið nái til þess, þegar fullt samkomulag er milli greiðanda og þiggjanda um launin. En ég get vel hugsað mér hitt, að á þessu sviði verði sett svipuð tilhögun og sú, sem farið var fram á í frv. um vinnudóminn í kaupgjaldsdeilum, að það verði gerð einhver sú ráðstöfun, að það fáist sanngjarnlega úr því skorið, ef ágreiningur rís milli sjúklings og læknis um greiðslu fyrir læknisverk, því ég viðurkenni, að það geti komið fyrir, að læknir setji upp þá borgun fyrir störf sín, sem álítast verður, að ekki sé sanngjarnleg. Ég álít því, að það sé hentugt fyrir þjóðfél. að hafa einhverja handhæga tilhögun á því, að hægt sé að fá sanngjarnlega skorið úr slíkum ágreiningi. Þetta langt er ég fús til að ganga. Og ef byrjað væri á þessu með læknastéttina, þá mundu fljótt fleiri stéttir og starfsgreinir verða dregnar inn í það. En þegar litið er á 13. gr. þessa frv., eins og hún liggur fyrir með brtt., þá verð ég að líta svo á, að hún haldi þessu ekki innan þeirra takmarka, sem eðlileg virðast, sem sé þeirra, að gera ráð fyrir, að ákvörðun ráðh. um borgun fyrir læknisverk gildi aðeins, ef ágreiningur verður milli læknis og sjúklings. Meðan hún fer lengra en þetta, sé ég mér ekki fært að greiða henni atkv.

Jón Baldvinsson: Af því að hv. dm. hafa gert sér svo tíðrætt um 13. gr. þessa frv. og borið hana saman við ýmislegt annað og talað um það fram og aftur, þá þykir mér líka rétt að fara um hana örfáum orðum. Það, sem er í 13. gr. og hneykslar suma hv. dm., er ákvæðið um, að sett skuli föst gjaldskrá fyrir praktiserandi lækna, ef ekki næst samkomulag. Fyrst er gert ráð fyrir að leita samninga við lækna, en ef samningar ekki nást, þá á að setja gjaldskrá með valdboði ráðh. Nú er það svo um þessar sérstöku stéttir, lækna, apótekara og yfirsetukonur, að það þarf að tryggja almenningi, að þær geti ekki tekið of hátt gjald, og það er einmitt af því, að fólkið er nauðbeygt til að leita til þessara manna og borgar þá hvað, sem upp er sett. Það er líka auðvitað meginhlutinn af þessum mönnum, sem heimtar aðeins sanngjarna borgun, og t. d. eru sjálfsagt beztu praktiserandi læknarnir alltaf sanngjarnir og gefa fjölda fátæklinga eftir læknisverk sín að einhverju eða öllu leyti. En þó er almenningur gagnvart læknunum alveg varnarlaus, ef þeim dytti í hug, og maður veit, að þeir hafa oft gert það, að setja upp mjög stórar fjárhæðir fyrir læknisverk. Þess vegna eru læknar ósambærilegir við flestar aðrar stéttir. Gagnvart læknum er það nauðsynlegt, að sett séu einhver ákvæði til að tryggja sjúklingana, því að mjög margir sjúklingar, sem leita læknis, eru þannig skapi farnir, að læknirinn getur sett upp hvað sem honum sýnist.

Þetta er allt annað með ýmsar atvinnustéttir, sem teknar hafa verið hér til samanburðar, t. d. skipstjórastéttina. Ég álít alveg óþarft að vera að setja taxta fyrir þá, eins og verið var að reyna að koma inn í fjárl. um þá skipstjóra, sem vinna hjá Eimskipafél. Þessir menn semja við félag eða firma eins og t. d. Eimskipafél. Eins og skipstjóri og Eimskipafél. séu ekki ólíkt jafnari aðilar til að semja en

sjúklingur og læknir! Það er ekkert sambærilegt.

Hv. 1. landsk. kom með apótekarana og talaði um, að þeir hefðu sérréttindi eða monopol. Mér skilst nú, að læknar hafi líka nokkurskonar monopol; þeir eru privilegeraðir. 2. gr. frv. veitir þeim ótakmarkað lækningaleyfi, ef þeir fullnægja ákveðnum skilyrðum. Lögin tryggja þeim þannig sinn rétt, en vilja svo hafa það á móti, að þeir vinni fyrir ákveðið kaup. Þetta er alveg ósambærilegt við flestar aðrar stéttir.

Hv. 1. landsk. var að bera saman vinnudóminn og 13. gr. frv., en þar er nú ólíku saman að jafna. Við skulum segja, að félag nokkurt hefði 1000 verkamenn í sinni þjónustu, og þingið setti á stofn vinnudóm til að skera úr kaupdeilu milli þeirra og firmans. Það, sem þingið væri þá að gera með þeim vinnudómi, væri að tryggja það, að 1 firma fengi 1000 menn dæmda til þess með vinnudómi að vinna fyrir þetta kaup eða hitt, sem honum þóknaðist að dæma, sem jafnan yrði atvinnurekandanum í vil, eins og þessir vinnudómar yrðu vafalaust skipaðir. Eða læknir, sem hefir 1000 sjúklinga, sem hann einn á að taka borgun af. Nei, ég get með góðri samvizku verið með 13. gr. þó ég væri á móti vinnudómnum og takmörkuninni í fjárl.

Ég held, að í ljósmæðralögunum sé yfirsetukonum ætlað að vinna eftir gjaldskrá, líka praktiserandi yfirsetukonum. Þetta er þá orðið fast í lögum, og rétt, að það sama gildi fyrir lækna og yfirsetukonur í þessu efni.

Hv. 1. landsk. var að tala um það, að það mætti bera saman læknislist og málaralist, og það ætti þá eins að setja fast verð á málverk. Þetta hefir nú áður komið fram hér í umr., og einn ágætur læknir (VJ), sem hlustaði á þetta, svaraði því til, að ef það væri nauðsynlegt fyrir konu, sem væri að fæða barn, að fá listaverk frá Kjarval til að stöðva blóðrás, þá væri hann með því að setja gjaldskrá fyrir listmálara. Mér sýnist því, að þessi samanburður geti ekki vel staðizt.

Hv. sessunautur minn, 2. þm. Árn., hefir bent mér á möllýti í 13. gr., og þykir mér rétt að leiðrétta þau. Það stendur þar, í 3. málsgr.: „sem menn með takmörkuðu lækningaleyfi fremja". Þetta er dálítið óviðkunnanlegt orðalag, að tala um, að menn fremji lækningar, og ég held, að það væri heppilegra að orða þetta svo: „manna með takmörkuðu lækningaleyfi"; það fer betur í máli, og ég ætla því að bera fram skriflega brtt. um það, og vona, að hún komist að með afbrigðum. (**JónÞ:** Má hún ekki bíða til 3. umr.?). Það er aðeins orðabreyt., og sparar endurprentun á frv. að samþ. hana nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 674) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Það var eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vildi mótmæla. Hann hélt því fram, að læknar hafi ætlað að hefja verkfall 1919. Ég veit ekki, hvað hann hefir átt við. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkurntíma komið til orða, að læknar gerðu verkfall, og mér er ekki kunnugt um neitt tilefni til þess. (**JónJ:** Það átti að vera pressa í launamálinu). Ég get upplýst hv. þm. um það, að læknarnir þurftu ekki á slíkum ráðum að halda. Það gekk mjög greiðlega, jafnt fyrir þá stétt sem aðrar stéttir að fá laun sín sanngjarnlega hækkuð. Ég var þá á þingi og var vel kunnugt um þetta, að það þurfti aldrei að grípa til neinna slíkra ráða og kom einu sinni aldrei til tals. (**JónJ:** Ætli það sé nú ekki fullmikið sagt?). Læknar eru svo settir, að hversu miklu ranglæti, sem þeir eru beittir, gera þeir aldrei verkfall, jafnvel ekki, þó þeir séu leiknir eins harkalega og hér er gert, með því að taka þá stétt eina út úr og skammta henni kaup fyrir vinnu sína, þó þeir séu embættislausir og vinni fyrir einstaklinga.

Jakob Möller [óyfirl.]: Út af því, að hv. 2. landsk. var að andmæla því, að það væri svipuð ástæða til þess, að læknum væri settur taxti og að setja taxta á almenn vinnulaun, þá vil ég segja það, að þegar um það er að ræða, hvort komi almenningi að meiri notum, þá er nær lagi að halda því fram, að það skipti það opinbera miklu meiru að setja taxta á almenn vinnulaun en á verk læknastéttarinnar. Það snertir ekki aðeins ríkið að

því leyti, sem það borgar vinnulaunin sjálft, heldur engu síður og jafnvel miklu fremur að því leyti, sem atvinnuvegirnir borga of há vinnulaun. Það er þannig öll afkoma ríkisins undir því komin, að vinnulaunin séu ekki of há.

Atvinnurekstur landsmanna er nú með þeim hætti, að á honum er alltaf stórtap, sem stafar ekki hvað sízt af því, að vinnulaun eru svo há, að það er ekki viðlit, að nokkur atvinnurekstur geti borið sig. Og það er svo sem auðséð, hvert það stefnir. Það er ekki lengur líf einstaklingsins, sem þá er í veði, heldur blátt áfram tilvera þjóðarinnar, ef slíku heldur áfram. Það væri því margfalt meiri alþjóðarnauðsyn að setja taxta á slíka vinnu en á vinnu læknanna. Og ef farið verður út á þá braut, þá styrkir það það, að þeirri kröfu, sem gerð var með vinnudóminum, verði haldið áfram og taxtar settir á fleiri vinnutegundir en hér er um að ræða.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. þm. Reykv. þurfti ekki að gefa neina yfirlýsingu um það, að hann teldi nauðsynlegt að lækka kaup verkamanna. Ég vissi fyrirfram, hver hugur hans hefir alltaf verið í því efni.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég var nú ekki að gefa neina yfirlýsingu um álit mitt viðvíkjandi kaupi verkamanna, heldur var ég að benda á, út á hvaða braut hv. þm. Ísaf. og hv. 2. landsk. eru að fara með því að samþ. 13. gr. frv., hvaða afstöðu þeir eru með því að taka til sinna kjósenda. Hér er með forgöngu hv. þm. Ísaf. lagt út á þá braut, að löggjafarvaldið taki sér vald til þess að hafa áhrif á kauptaxta þeirra stétta í landinu, sem taka gjald hjá öðrum fyrir vinnu sína, og er þá eðlilegt, að verkamenn komi þar ekki sízt til greina. Annars hlýtur þessi lögákveðna gjaldskrá lækna að hafa þær afleiðingar, að læknar verða að ganga harðara eftir greiðslu hjá fátæklingunum heldur en þeir hafa hingað til gert, vegna þess að gjaldskráin kemur í veg fyrir það, að læknar geti tekið hærri greiðslu hjá þeim, sem betur megna að borga. Ég vil aðeins benda þessum hv. alþýðufulltrúum á, að hverju þeir eru að stuðla með samþykki sínu á 13. gr. frumvarpsins.

Einar Árnason: Það kemur ljóst fram í umr., að hv. þm. þykir mikils við þurfa gagnvart 13. gr. frv., því ekki færri en 5 hv. sjálfstæðismenn hafa nú staðið á fætur til þess að andmæla þessari gr. Í sjálfu sér geri ég ráð fyrir, að það komi nokkuð í sama stað niður, hvort þeir tala 5 eða þó ekki hefði talað nema einn þeirra, því ég hefi ekki heyrt neinn mun á ræðum þeirra, hvorki að skoðunum né rökum.

Úr því ég stóð á fætur, get ég ekki látið vera að benda hv. þm. Snæf. á, að það er víst um að ræða dálitið misminni hjá honum, þegar hann heldur því fram, að engin verkfallshótun hafi komið frá læknunum árið 1919. Ég var þá á þingi eins og hann og vissi vel, hvað gerðist í þeim efnum. Ég skal líka benda á það, að það gekk ekki nærri því eins greiðlega og hv. þm. hélt fram að semja lögin um laun læknanna, og það stafaði einmitt af því, að kröfur þeirra voru mun harðari en kröfur annara stétta embættismanna. Annars sé ég ekki ástæðu til að svara ýtarlega ræðum þessara hv. þm. Það hefir ýmislegt verið sagt um læknana og sanngirni þeirra. Alþýða manna þekkir þetta mál af eigin reynd og hún getur náttúrlega brosað góðlátlega að fullyrðingunum. Það hefir verið sagt, að praktiserandi læknar hafi aldrei sýnt ósanngirni í verkasölu sinni, og að þeir hefðu enga aðstöðu til þess að sýna ósanngirni í þeim efnum. Ég ætla ekki að fara að leggja neina dóma á læknana yfirleitt, ég býst við, að í hópi þeirra séu góðir menn eins og annarsstaðar, en að það komi aldrei fyrir, að þeir fari fram úr sanngirni í kröfum sínum, býst ég ekki við, að hægt sé að halda fram. Um það hefir fólkið sínar skoðanir, sem ekki verða hraktar með neinum yfirlýsingum hv. þm.

Hv. 1. landsk. sagði, að lyfsölunum væri sett gjaldskrá, af því að þeir væru svo fáir, en það má raunar segja það sama um héraðslæknana, þeir eru fáir, samanborið við stærð landsins og fólksfjölda þjóðarinnar. Ég geri ráð fyrir, ef eins væri háttað um störf prestanna og störf læknanna, að þá mundu yfirleitt

ekki nota presta nema efnamenn og þess vegna þyrfti ekki að setja farandprestum, ef þeir væru til, neina gjaldskrá, að almenningur mundi frekar sneiða hjá þeim heldur en þola ósanngjarnar kröfur frá þeirra hendi. En það stendur allt öðruvísi á með læknana og hina veiku, þeirra viðskipti grípa inn á svið tilfinninganna. Það er dálítið broslegt, þegar hv. 1. landsk. er að setja störf læknanna í samband við listir, svo sem tónsmíðar og málverk. Það sýnist nokkuð fjarstæð samlíking.

Þá benti hv. 1. landsk. á það, að vel mætti leita úrskurðar um greiðslu til læknis frá sjúklingi, ef krafan þætti of há. En ég vil aðeins spyrja, hve margir sjúklingar mundu gera það? Ég er viss um, að það dytti engum sjúklingi til hugar að gera slíkt. Viðskiptum læknis og sjúklings er nú einu sinni svo farið, enda veit hv. 1. landsk. það vel, að til slíks mundi aldrei koma. Það er nú svo, þegar sjúklingur þarf að leita læknis, að þá er ekki verið að spyrja fyrirfram um kostnaðarhliðina, því hún getur ekki ráðið neinum úrslitum. Annars er ég ekki að halda því fram, að læknar yfirleitt noti eða muni nota sér þá aðstöðu, sem þeir ómótmælanlega hafa, en það er dálítið undarlegt þetta kapp, sem á það er lagt hér í hv. d. að vinna móti gjaldskránni. Úr því að læknarnir eru jafnsanngjarnir og þeim er lýst, þá er sjálfsagt ekki hætt við því, að ekki fáist samkomulag við þá um að ganga inn á sanngjarna gjaldskrá. Annars býst ég ekki við, að umr. um málið fram úr þessu breyti nokkru um úrslit þess.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég get ekki látið hjá líða eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. 2. Eyf. að geta þess, að ég varð ekki var við og hafði ekki hugmynd um nein verkfallssamtök meðal lækna árið 1919. Var ég þá þó orðinn praktiserandi læknir í Hafnarfirði, en fyrir ári síðan var mér ásamt öðrum lækni borið á brýn, að við værum að stofna til verkfallssamtaka, en það var allt tómur heilaspuni og vitleysa, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, en ekki fyrr en nú fyrst heyri ég um það verkfall lækna, sem á að hafa verið í undirbúningi 1919.

Ég skal svo víkja fáeinum orðum að hv. 2. landsk. Ég veit vel, að hann hefir átt erfitt með, sem fulltrúi verkamanna, stýrimanna og annara stétta í Verklýðssambandinu, að standa upp og mæla með því, að settur verði taxti á praktiserandi lækna. Ég er þess fullviss, að ef læknarnir hefðu verið innan Alþýðusambandsins, þá hefði hv. þm. ekki mælt með þessari gr., enda kemur það algerlega í bága við skoðanir þm. á þessu efnum, sem hann hefir haldið fram bæði í ræðu og riti, að slík afskipti ríkisvaldsins af atvinnumálum væru hvorki eðlileg né sanngjörn.

Þá hefir því verið haldið fram, að læknar væru privilegeraðir í þessum efnum, en það hygg ég, að sé tómur hugarburður. Þeir eru ekkert frekar privilegeraðir en t. d. húsasmiðir, þegar þeir eru búnir að fá meistararéttindi. Þá eiga þeir heimtingu á, að þeim séu falin þau verk, sem þeirra sérfræðikunnáttu þarf til að vinna, alveg eins og læknarnir, og álít ég því, að sama ástæða sé til að setja þessum mönnum gjaldskrá eins og læknunum. Ég er viss um, að hv. þm. mælir ekki með því, að Alþ. fari að setja húsasmiðunum taxta, þótt það gæti þó haft ekki síður þýðingu fyrir þjóðina í landinu heldur en þó settur verði taxti á læknana.

Hv. 2. þm. Eyf. þótti undarlegt það kapp, sem væri í mótstöðu okkar gegn 13. gr. Frá minni hlið er mótstaðan eingöngu sprottin af því, að mér finnst, að hér sé gerð ósanngjörn árás á læknastéttina, og það hefir ekki komið fram í umr., að 13. gr. væri á rökum byggð, svo að ástæða væri að beita þannig löggjafarvaldinu á læknana. Hv. þm. sagði, að allar líkur væru til, að samningar mundu takast um taxtann, en ég vil aðeins spyrja, því má þá ekki alveg eins leyfa læknafél. að ákveða þennan taxta, eins og það ætlar sér að gera og hefir þegar skipað n. til að undirbúa. Er þá ekki nógur tími fyrir Alþ. að blanda sér inn í þetta mál, þegar læknafél. er búið að semja taxtann, ef þá er ástæða til.

Viðvíkjandi dæmi hv. 2. landsk. um listaverk Kjarvals .. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er aðeins aths.). Það er aðeins örstutt saga til skemmtunar, sem mér datt í hug út af þeirri fyndni hjá hv. 2. landsk., að málverk

Kjarvals stöðvaði blóðrás konu í barnsnauð. Það var einu sinni náttúrufræðiskennari, sem vildi vera fyndinn og spurði einn nemanda sinn í tíma: Af hverju slefa kýrnar? Lærisveininn áttaði sig ekki á svona einkennilegri spurningu og gat ekki svarað. En kennarinn svaraði þá og sagði: „Ætli það sé ekki af því að þær vantar vasaklút". Af þessu varð mikill hlátur í bekknum, og þessi „fyndni" barst út um skólann. En næsta vetur leggur þessi sami kennari þessa sömu spurningu fyrir annan nemanda sinn, og hann svarar þá: „Af því að þær vantar vasaklút". En þá segir kennarinn: „Þetta var nú heldur þunn „vittighed". Eins má segja um fyndni hv. 2. landsk. (**JBald:** Þetta var nú helzt til langt sótt).

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Eyf. taldi, að 4 af 5, er hreyft hefðu mótmælum gegn gjaldskránni, hefðu átt að geta sparað ræður sínar, því þær hefðu ekki meiri áhrif en þótt aðeins einn okkar hefði talað, en ég vil benda honum á, að þó að hann sé ekki nema sá þriðji, sem talar með gjaldskránni, þá hefði ekki síður verið ástæða fyrir hann að spara sína ræðu.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki hægt að tala um listaverk í sambandi við það, að sjúklingur leitaði til læknis. Mér skilst á þessu, að hann vilji halda því fram, að listaverk megi ekki nefna á nafn hér í hv. Ed. Alþingis. Hann virtist ekki skilja, að það sé samband milli listarinnar og starfs læknanna; ég vil þó ekki segja, að þetta stafi af vitleysu hjá hv. þm. Ég get ekki betur séð en að hér sé einmitt um mjög náið samband að ræða. Störf læknanna eru ákaflega mörg þess eðlis, að það má segja, að þau séu á takmörkum listar og vinnu.

Hv. þm. hélt því fram, að því er mér skildist, að það nálgaðist vitleysu að halda því fram, að sjúklingur gæti leitað úrskurðar um greiðslukröfu læknis. Sjúklingur kæmi ekki með þeim hug til læknis síns, að hann gæti farið að þrefa við hann um borgunina. Ég veit ekki, hver tízka er í héraði hv. 2. þm. Eyf., en alstaðar þar, sem ég þekki til, er það ekki siður að semja við lækni um borgun um leið og hans er vitjað. Ég hefi aldrei vitað aðra aðferð í því efni en þá, að læknir sendi reikning, þegar sjúkdómurinn væri um garð genginn og sjúklingurinn annaðhvort orðinn heilbrigður eða dáinn. Þessir reikningar eru svo eins og aðrir reikningar sendir þeim, sem eiga að greiða þá, og það er ekki nærri því alltaf sjúklingurinn, sem á að greiða hann, það getur verið dánarbú hans eða fílhraustur húsbóndi eða einhver annar. Og hví skyldi þá ekki geta þótt ástæða til að gera aths. við reikninginn alveg eins og hvern annan reikning, ef hann væri ósanngjarn? Ég veit nú bara hreint ekki, hvað ég á að hugsa um hv. þm., þegar hann álítur það vitleysu að gera ráð fyrir því, að leitað verði úrskurðar um slíka reikninga. Ég get ekki betur séð en að það sé ekki nema eðlilegt, að leitað verði úrskurðar um slíkan ágreining alveg eins og hvern annan ágreining, og að hið opinbera eðlilega geri skynsamlegar ráðstafanir til þess að skera úr í þeim efnum eins og öðrum, hvort sem það væri gert með fyrirfram settum ágreiningstaxta eða á annan hátt.

Ég álít, að það sé ekki rétt að binda hendur lækna með því að banna þeim að taka meira en gjaldskrá heimilar hjá efnamönnum, sem gjarnan vildu borga meira. Ég skil ekki, að allir hljóti ekki að sjá, að afleiðingin verður sú, að læknar verða að ganga harðara að fátæklingum um borgun heldur en verið hefir. Mér er ekki fullkunnugt um það, hvernig læknum gengur að innheimta fyrir sín störf, en þó hygg ég, að ekki fari fjarri því, að þeir muni tapa sem svarar ⅓ af því, sem þeir vinna fyrir. Það er kunnugt, að læknar gera aldrei frekari kröfu en þær að senda reikninga og láta menn svo sjálfráða um að borga. Ég held, að þetta hljóti að breytast, ef taxti verður settur, breytast þannig, að læknar telji sig verða að ganga ríkara eftir við almenning en áður.

Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt hjá hv. 2. þm. Eyf., að bæði hann og hans flokksmenn hér í hv. d. séu ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkv. um 13. gr., en ég ætlast þó til, að eyrun á hv. þm. séu svo nærri réttum stað, að hann skilji það, að ef hann greiðir atkv. með þessari gr., er hann með því að leggja út á

braut, sem ég tel vafasamt, að hann vilji fylgja áfram.

Jón Baldvinsson: Það var misskilningur hjá hv. þm. Hafnf., að ég ætti erfitt með að standa upp til fylgis við 13. gr. Einmitt þau dæmi, sem hann tók, sanna þetta bezt. Hann var að tala um, að mér þætti eðlilegt, að byggingameistararnir skyldu semja við húseigendurna og stýrimennirnir við gufuskipafélögin, og á sama hátt væri það eðlilegt, að læknarnir semdu við sjúklingana, en hér er ólíku saman að jafna. Hér er ekki um það að tala að semja, því sjúklingarnir standa alveg varnarlausir, ef læknarnir vilja nota sér sína aðstöðu. Taxti gæti tölurvert hjálpað í slíkum tilfellum, og það er sjálfsagt að tryggja sjúklingana fyrir óforsvaranlegum kröfum frá hendi lækna með því að setja taxta. Eins og nú er ástatt, er enginn dómstóll til, er dæmi um þeirra ágreining, það eina, sem sjúklingur hefir sér til varnar í því efni, er, ef hann veikist aftur, og forðast þá að leita til sama læknis.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að gjaldskrá gerði það að verkum, að læknar yrðu að sleppa ríkum mönnum við hærri gjöld, en yrðu aftur að heimta meira af fátæklingum. Ég geri ráð fyrir því, að það verði tekið fram í gjaldskránni, að ríkir menn megi borga meira, ef þeir vilja. Annars álít ég bezta fyrirkomulagið, að allir læknar væru á föstum launum og almenningur fengi alla læknishjálp gefins, eða þá að komið verði upp svo öflugum sjúkrasamlögum, að þau tryggi almenningi alla læknishjálp. Þetta er stefna Alþýðuflokksins í heilbrigðismálum, og ég vænti, að hv. þm. Hafnf. og hv. 1. þm. Reykv. styðji þá stefnu og tryggi með því læknana í sínum störfum, svo þeir fái sínar réttmætu tekjur, og þurfi ekkert að gefa eftir af þeim. Í þessum efnum eru læknarnir alveg ósambærilegir öðrum stéttum.

Ég vil svo aðeins að endingu út af samanburðinum á læknisverkum og listaverkum lesa hér upp lítinn seðil, sem mér er sendur frá einum sjúklingi, sem staddur var á áheyrendapöllunum. Seðillinn er á þessa leið: „Aðalmunurinn á því, að hátt verð sé á listaverkum og læknisverkum er: „Listaverkin er hægt að neita sér um að kaupa, ef þau eru of dýr, en læknisverkin **verða** að kaupast, þegar líf og heilsa er annars í veði".

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég geri ekki svo miklar kröfur til hv. 2. þm. Eyf. eða hv. 2. landsk. og því síður til þessa sjúklings á pöllunum, að þeir geti skilið það samræmi, sem er á milli listaverkanna og læknisverkanna. Því sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í það mál. Þeir hlusta alveg rólegir á það, að þeim er sýnt fram á, að þetta hlýtur að leiða til þess að hækka lækniskostnað hjá fátæklingunum, og að þessar ráðstafanir verði til þess að hindra það, að snillingar geti skapazt meðal læknastéttarinnar. Þeir gera nánast grín að þeirri hlið málsins.

Mér þykir þetta undarlegt með sjúklinginn á pöllunum, og ég verð að játa, að mér finnst það líka dálítið undarlegt með hv. 2. landsk., sem ég hygg, að hafi orðið að leita út fyrir landsteinana vegna sjálfs sín. Annars er ekki ástæða til að ræða um það. (**JBald:** Ég hefi aldrei leitað út fyrir landsteinana vegna sjálfs mín). Jæja, þá er það misskilningur, en það sýnir ekki víðan sjóndeildarhring hjá hv. þm., að hann skuli ekki geta skilið þetta, þótt hann hafi ekki sjálfur lent í því. En hvað snertir það, sem hv. 2. landsk. sagði, að hann „gerði ráð fyrir", að þessi taxti yrði þannig, að læknum yrði leyft að taka hærra gjald af efnuðum en fátækum, þá tel ég, að það sé næsta óákveðin löggjöf, sem hv. þm. „gerir ráð fyrir". Ég er sannfærður um, að það er ómögulegt að setja slíkan taxta, því að þá er það um leið komið á vald læknisins, hvaða taxta hann fer eftir í hvert skipti.

Bæði ég og hv. 1. landsk. höfum bent á, að afleiðingin af slíkum taxta yrði sú, að miklu harðar yrði gengið að fátæklingunum en áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 611,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 611,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 611,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 674 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH,GÓ.
nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.
14.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 611,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
17.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 675, 684).

Bjarni Snæbjörnsson: Ég hefi leyft mér, ásamt hv. 4. landsk., að bera fram brtt. við 13. gr., í fyrsta lagi, að 4. málsgr. í þessari gr., sem fjallar um, að sérfræðingum sé settur sérstakur taxti, falli burt. Fyrst og fremst er það svo, að ég get ekki skilið, að 4. og 5. málsgr. þessarar gr. geti samrímazt. Í báðum málsgr. er verið að ræða um sérfræðinga, og ef þær ættu að geta samrímazt, þá hlyti að verða mismunandi hár taxti hjá þessum mönnum, sem þar ræðir um. Í 5. málsgr. er *nefnilega* svo fyrir mælt, að læknar, sem hafa á hendi opinber störf fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélög, skuli ekki hafa lægri laun fyrir það heldur en meðalhéraðslæknar eru launaðir. Nú er það vitanlegt, að t. d. yfirlæknarnir við landsspítalann eru sérfræðingar í sinni grein. Ef þessi málsliður væri samþ. óbreyttur, þá mundi þeim gert að skyldu, þótt sérfræðingar væru, að taka ekki hærri laun fyrir sín störf heldur en almennir héraðslæknar. Fyrir því hefir mér fundizt sjálfsagt að láta sérfræðingana vera lausa við taxtann. Mér virðist, að það ættu að vera samningar milli sérfræðinganna og landlæknis, eftir hvaða taxta þeir ættu að fara. Það er líka órétt að láta sérfræðinga búa við svipaðan taxta og aðra lækna. Starfssvið þeirra er nokkuð öðruvísi en annara lækna. Þeir hafa ekki aðrar lækningar með höndum en þær, sem eru viðkomandi þeirra sérgrein, og svo mun það oftast vera þannig, að þeir, sem til þeirra koma, þurfi á sérstaklega vandasamri og nákvæmri rannsókn að halda. Þar að auki verða sérfræðingar undir flestum kringumstæðum að fylgjast betur með í sinni sérgrein heldur en almennir læknar. Álít ég það því bæði varhugavert og óréttmætt að setja þeim taxta, varhugavert af því, að hætta yrði á, að sérfræðingar myndu frekar kasta til þess höndunum að rannsaka sjúkl. sína og ekki fylgjast jafnvel með og þeir annars myndu gera, og óréttmætt er það af því, að vitanlegt er, að taxti þeirra hefir hingað til ekki verið hærri en sanngirni er til. Það á því að vera samningsatriði milli sérfræðinganna og landlæknis, hvað þeim bæri fyrir verk sín.

Síðari brtt., við 13. gr., er um það, að aftan við síðasta málsl. þeirrar gr. bætist, að eftir þeim taxta, sem landlæknir setur og ráðh. staðfestir, skuli farið í öllum viðskiptum við ríki, bæjar- og sveitarfélög, og ef ágreiningur verður milli læknis og sjúklings um greiðslu fyrir læknishjálp.

Það hefir verið þannig, að þessi taxti, sem nú gildir fyrir héraðslækna, hefir verið skoðaður einmitt frá þessu sjónarmiði. Það hefir verið álitið, að eftir honum bæri að fara, þegar það opinbera ætti hlut að máli, og einnig væri það lágmarkstaxti, sem læknar ættu ekki að fara niður fyrir og væri notaður til hliðsjónar, þegar ágreiningur yrði um borgun fyrir læknishjálp. Þessi brtt. er því borin fram í samræmi við þessar reglur.

Ég held líka, að það liggi í augum uppi, að rétt sé að hafa lágmarkstaxta í þessu tilliti, en svo sé læknum heimilt að taka hærra gjald fyrir sín verk, t. d. af þeim útlendingum, sem þurfa að fá hér læknishjálp. Það er mjög svo óviðkunnanlegt og ekki réttmætt, að útlendingar njóti að þessu leyti margfalt betri kjara hjá okkur heldur en við njótum hjá þeim, enda hafa ýmsir héraðslæknar, sem farið hafa

eftir gamla taxtanum, rekið sig á það, að útlendingar hafa blátt áfram álitið þá skottulækna, ef þeir hafa ekki tekið hærra gjald en lögboðið var í gamla taxtanum. Þetta er líka eðlilegt, því að það hefir sýnt sig, að ef t. d. háseti af ísl. togara þarf að fá læknishjálp í Englandi, þá kostar það aldrei minna en eitt sterlingspund.

Þá höfum við hv. 4. landsk. borið fram brtt. við 15. gr., að 4. málsgr. skuli falla niður. Okkur flm. virðist algerður óþarfi að láta þessa málsgr. standa þar, af því að allt, sem þar er tekið fram, stendur í 6. gr. Það virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að þessi málsliður falli niður.

Fleiri brtt. hefi ég ekki séð mér fært að bera hér fram til að fá samþykkt á hér í hv. d., þó að ég hefði gjarnan viljað breyta frv. á fleiri stöðum.

Frsm. (Jón Jónsson): Það er út af brtt. á þskj. 684, sem hv. þm. Hafnf. hefir talað fyrir, sem ég vildi segja fáein orð.

Fyrri brtt. er í tveimur stafl. a-liðurinn er um að fella niður 4. málsgr. 13. gr. frv., sem var aðalágreiningsefnið hér við síðustu umr. Þessi málsl., sem þeir vilja fella burt, er um það, að semja megi við sérfræðinga um allt að þriðjungi hærri borgun fyrir störf, er tilheyra sérgrein þeirra. Það er því á till. að sjá, að þeir vilji ekki setja hámark á aðgerðir þessara lækna. En ég get ekki fellt mig við það. Mér finnst rétt að setja hámarksverð á störf sérfræðinga sem annara lækna. Það er sanngjarnt, að þeir fái hærri greiðslu fyrir sínar aðgerðir en aðrir læknar. Og mér finnst þriðjungi hærri greiðsla fyrir þær ekki óríflega tiltekin, og að sérfræðingarnir megi vel við það una. Ég sé ekki heldur, að þessi málsgr. sé í neinu ósamræmi við næstu málsgr. á eftir, því þar er eingöngu talað um þá lækna, sem hafa föst laun, sem ekki eru lægri en meðalhéraðslæknislaun.

Þá er b-liður till. Er hann um það, að ákvæði síðara liðs 13. gr. eigi aðeins við um ágreining, sem verður milli embættislausra lækna og opinberra stofnana, svo sem ríkis-, sýslu-, bæjar- eða hreppsfélags. M. ö. o. að slíkur læknir megi selja almenningi svo dýrt, sem hann vill, verk sín. Þetta get ég ekki talið sanngjarnt, sérstaklega þó á þeim stöðum, sem allur almenningur getur ekki náð í aðra lækna en þá, sem hér um ræðir. Ég tel því rétt, að þetta ákvæði haldist, svo almenningur verði ekki fyrir harðari kostum en ástæða er til. Hitt þýðir ekki neitt að tala um, að borgun geti verið samningsmál milli læknis og sjúklings. Þegar veikindi ber að höndum og leita þarf læknis, oft skyndilega, þá er ekki byrjað á því að þjarka við lækninn um greiðslu fyrir starf hans. Mér finnst því sjálfsagt að setja taxta, sem fyrirbyggir það, að læknar þröngvi kosti almennings með ósanngjörnum launakröfum, og fyrirbyggja þar með allt þras um þetta efni.

Um síðari brtt. á sama þskj. skiptir ekki miklu máli. Sú brtt. er við 15. gr., en í þeirri gr. eru taldar upp hverskonar skottulækningar. Brtt. er um að fella niður 4. lið gr., en í þeim lið er það skilgreint undir skottulækningar, ef læknir eða sá, sem lækningaleyfi hefir, selur óþörf lyf eða aðgerðir í þeim einum tilgangi að auðga sjálfan sig. Það má að vísu segja, að þetta sé að nokkru leyti tekið fram í 6. gr. frv. En það er gagnlegt og vel við eigandi að taka þetta nánar fram í þessari gr. Ég legg að vísu ekki mikla áherzlu á þetta. En hinn liðinn er sjálfsagt að láta standa. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á það, eins og meiri hl. hennar gerði við síðustu umr.

Bjarni Snæbjörnsson: Hv. frsm. talaði ekki beint á móti brtt. frá öðru sjónarmiði en því, sem og kom fram við 2. umr., að læknunum væri trúandi til að selja verk sín eins dýrt og vera vill. Þegar ætlazt er til, að leitað sé samninga milli landlæknis og stéttarfél. lækna, þá er þó byggt á því, að læknafél. sé ekki svo kröfufrekt, að ekki verði hægt að ná fullu samkomulagi, enda veit ég engin dæmi þess, að læknar okri á verkum sínum, og býst ekki heldur við, að hv. d. telji, að svo sé. Það er villandi, er hv. frsm. sagði, að dauðveikur sjúklingur færi ekki að prútta við lækni sinn. Ég held, að slík ummæli eigi hvergi við. Mér vitanlega tekur læknir sjaldan þóknun fyrir störf sín fyrr en læknishjálp er lokið og sjúklingurinn kominn undan læknishendi hans. Ef brtt. mín verður

samþ., þá verður enginn sjúklingur skyldur að borga meira en þennan taxta. Annað mál er það, að ef sjúklingurinn sjálfur álítur þá hjálp, sem læknirinn hefir veitt honum, meira virði en taxtinn segir, þá er honum heimilt að gera það. Og læknirinn getur líka verðlagt sín verk meira en sagt er fyrir í þessum þrönga taxta, ef hann hefir eytt óvenjulega miklum tíma vegna sjúklingsins, eins og oft kemur fyrir. Einkum á þetta þó við um sérfræðinga. Mér finnst óviðkunnanlegt, að þingið, sem ekki hefir fulla þekkingu til að dæma um þetta, sé að setja taxta. Þetta á að vera ákveðið eftir samkomulagi milli viðkomandi sérfræðinga og landlæknis, og er hér ekki farið fram á annað en að halda þeim ákvæðum, sem voru í síðustu gjaldskrá.

Þá vil ég segja, að ef nauðsynlegt þykir, að 4. málsgr. 15. gr. standi, vegna þess að hún sé til skýringar á 6. gr. frv., þá megi halda áfram út í það endalausa að búa til skýringargr. við aðrar gr. frv. og skýringargr. við skýringargr. o. s. frv. Ég tel réttara, að samþ. verði, að felld sé niður 4. málsgr. 15. gr., því allt, sem í henni stendur, er áður tekið fram í 6. gr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 684,1.a felld með 6:5 atkv.
— 684,1.b felld með 6:5 atkv.
— 684,2 felld með 6:5 atkv.

Frv. samþ. með 7:1 atkv. og endursent Nd.

Á 73. fundi í Nd., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 675).

Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Vilmundur Jónsson: Frv. má heita óbreytt frá því að það lá fyrir d. og var samþ., nema hvað nokkrar orðabreyt. hafa verið gerðar á því, allar eftir ósk minni, og hagga þær ekki í neinu meiningu þess.

Um leið ætla ég að taka það fram, vegna þess, að ég hefi orðið var við, að 11. gr. frv., þar sem um er að ræða skyldur lækna til að afstýra hættu af sjúklingum sínum, hefir verið túlkuð þannig af sumum, bæði utan þings og innan, sem skyldurnar væru miklu víðtækari en mín meining hefir nokkurntíma verið sem flm. Það er ekki tilætlunin, að læknar eigi að vera nein lögregla og því síður njósnarar um menn almennt. Sú skylda, sem lögð er á þá með þessari gr. frv., er aðeins bundin við læknisstörf þeirra og þeirra eigin verkahring, þeirra eigin sjúklinga. Ef þeir komast að því **vegna starfsemi sinnar sem læknar,** að heilsufari manns sé þannig háttað, að hætta stafi af, þá er þeim skylt að reyna að afstýra hættunni. En þessi skylda er því aðeins lögð á þá, að um mjög augljósa og alvarlega hættu sé að ræða, beina lífshættu eða yfirvofandi heilsutjón eins og það er orðað í gr. frv. Og vitanlega er hér aðeins átt við hættur í sambandi við sjúkdóm viðkomandi. Annað snertir ekki sérstaklega starfsemi lækna.

Ég vil nefna dæmi, svo betur verði skilið, hve víðtæk ákvæði gr. eru að mínum dómi, og hver takmörk þau hljóta að hafa. Ef læknir kemst t. d. að því við skólaskoðun, að smitandi berklaveikur kennari stundar kennslu, þá er hann vitanlega skyldugur til að leitast við að afstýra þeirri hættu, sem af því getur stafað. Sama skylda hvílir á honum, ef bílstjóri vitjar hans og hann kemst að því, að hann hefir ekki þá sjón, sem krafizt er af bílstjórum. En ef lækni virðist kennari, sem hann mætir á götu, vera föllleitur og berklaveikislegur, eða bílstj., sem hann sér stýra bíl, vera tortryggilega nærsýnn, þá ber honum engin læknisskylda til að skipta sér af því. Hver kann að vera hans almenna borgaralega skylda eða siðferðilega skylda kemur þessu máli ekki við. En gæta verður hann sín sem læknir að fara varlega í afskiptaseminni vegna ákvæða 7. og 18. gr. Ég vildi taka þetta fram, því að vel má vera, að það geti haft þýðingu síðar, ef til málaferla kæmi, hver skilningur flm. hefir verið á þessu þýðingarmikla atriði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

50. Skattgreiðsla h/f Eimskipafélags Íslands.

Á 65. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 600).

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta mál er kunnugt frá fyrri þingum, og hefir því jafnan verið tekið vel. Ég hygg, að allir muni vera sammála um, að eins mikil þörf sé og áður að veita Eimskipafél. þau hlunnindi, sem það hefir haft, og að ég þurfi því ekki að hafa fleiri orð um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 600).
Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 6:5 atkv.

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum árum, þegar þetta var til umr. hér á þingi, var lögð á Eimskipafél. Ísl. sú kvöð að flytja milli Íslands og útlanda 60 farþega á ári kostnaðarlaust, og eru um þetta ákvæði í l. um menntamálaráð. Ég greiði atkv. með þessu frv., ekki bara vegna þess sjálfs, heldur líka með þeim skilningi, að þessi kvöð sé ennþá viðurkennd af Eimskipafél. Ísl., eins og verið hefir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 745).

---

51. Hafnarlög Reykjavíkur (frv. EA og HV).

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19, 11. júlí 1911 (þmfrv., A. 165).

Á 30. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Eins og kunnugt er, var samþ. á síðasta þingi frv. um að leggja Skildinganeskauptún undir Rvík, og er það nú orðið að lögum. Breyt., sem þar með var gerð, gerir nauðsynlegt að fá breyt. á hafnarlögum Rvíkur, þannig að þau nái einnig til strandlengjunnar framan við Skildinganes. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að takmörk hafnarinnar færist lengra inn eftir. Ég skal geta þess, að á frv. eru gallar að því er snertir skilgreiningu þess á takmörkum hafnarinnar, sem hvorki ég, bæjarstjórn né hafnarnefnd tók eftir áður en frv. var prentað. Þá galla þarf að laga, og vona ég, að sú hv. n., sem málið fær til meðferðar, sinni því. Legg ég til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17:1 atkv.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 165, 241, n. 382).

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og ég skýrði frá við 1. umr. þessa máls, eru ákvæði 1. gr. þessa frv. ekki viðunandi, og hefi ég því flutt brtt. á þskj. 241, um að 1. gr. frv. orðist eins og þar segir: að Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengjunni frá vesturtakmörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og til Geldinganess að austan, að undanskildum Grafarvogi og netlögum fyrir landi Grafar og Keldna. Sjávarmegin nær Reykjavíkurhöfn að netlögum eyja þeirra, er að henni liggja, Engeyjar og Viðeyjar, og eigi eru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Svo tekur og höfnin yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

Eigendur Grafarholts hafa sent erindi til Alþingis, þar sem þeir bera sig upp undan ákvæðum 1. gr. frv. — En með brtt. minni við þá gr. er ekki gengið á rétt nokkurs manns, sem land á að hinu tiltekna hafnarsvæði Rvíkur, og vona ég því, að hv. þd. geti fallizt á hana með allshn. Allshn. hefir borið þessa brtt. undir þá 2 menn í þd., sem ætla má, að hafi næmast auga fyrir þessu, hv. þm. G.-K. og hv. þm. Mýr., og álitu þeir, að það væri ekkert því til fyrirstöðu, að frv. yrði samþ. með þessari breyt., sem ég nú hefi gert grein fyrir. Ég sé svo ekki ástæðu til að skýra nánar nauðsyn þessa máls, það hefi ég áður gert við 1. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég sé, að hv. þm. Mýr. er hér viðstaddur, og getur hann því sagt fyrir sig, hvort hann er þessu frv. samþykkur. En ég sé ekki hv. þm. G.-K., og meðan ekkert liggur hér fyrir um það, hvort hann er þessu samþykkur f. h. sinna kjósenda, get ég ekki gengið með þessu máli.

Bergur Jónsson: Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, get ég lýst yfir því, að ég hefi átt tal við hv. þm. G.-K. um frv. þetta, með þeirri brtt., sem fyrir liggur, og hefir hann sagt mér, að hann hefði ekkert við það að athuga. Í fyrstu óskaði hann eftir nokkurra daga fresti áður en hann segði álit sitt um frv., en svo gaf hann allshn. það svar, að hann hefði ekkert við það að athuga.

Pétur Ottesen: Ég hefi satt að segja ekki athugað þetta frv. fyrr en nú rétt nýverið, en ég sé, að það er sami yfirgangsandinn, sem fram kemur í þessu, eins og þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið á undanförnum þingum til að koma nágrenninu undir yfirráð Rvíkur. Eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir, á Rvíkurhöfn að ná til Engeyjar og Viðeyjar og um allt svæðið þar innar af, inn í innstu voga. Ég held, að það snerti ekki svo lítið íbúa Kjósarsýslu, og þykir mér það harla undarlegt, ef þeir láta sig engu skipta þetta mál.

Jón Ólafsson: Ég held, að andmæli þau, sem fram hafa komið gegn þessu frv. frá hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Borgf., séu sprottin af misskilningi og þekkingarleysi á málinu. Ef þeir athuga brtt. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 241, sjá þeir, að það er í engu gengið á rétt hlutaðeigandi héraðs. Jarðaeigendur í nágrenni við Rvíkurhöfn hafa sinn óskerta rétt til að nytja

og hafa mannvirki í sjó svo langt út frá sínu landi sem netlög ná. En þeir, sem fylgzt hafa með því, hvernig vogarnir hér innar frá höfninni hafa verið notaðir, vita, að það eru eingöngu Rvíkingar, sem hafa haft gagn af þeim, og það er m. a. s. ekkert útlit fyrir, að þeir verði notaðir af öðrum. Ég vil t. d. minna á, að Rvíkingar hafa notað Eiðsvík fyrir vetrarhöfn. En nú eru komin þar svo mörg skipaflök á botninn, að það er alveg útilokað, að hún verði notuð fyrir skipalægi nema þau verði hreinsuð burt. Og ef Eiðsvík kemst inn undir hafnarlög Rvíkur, þá er bænum þegar skylt að hreinsa sitt hafnarsvæði, og þetta gera vitanlega ekki aðrir. Þegar Eiðsvík er komin undir hafnarlög Rvíkur, fellur sú skylda á Rvík að ná skipunum burt, annaðhvort á sinn kostnað eða þeirra, sem eiga skipin. Það er gott til þess að vita, að þessi ágæta höfn verði hreinsuð, og það er að mestu leyti þess vegna, að gert er ráð fyrir, að hún falli undir hafnarstj. Reykjavíkur. Ég held, að hér sé ekki verið að ásælast réttindi, sem neinn annar getur haft gagn af. Ef þetta mál er tafið, er um leið tafið fyrir því, að þessi vík verði notuð sem skipalægi. Allir vita, hvernig er um aðgang og eignarheimild Rvíkur að Skerjafirði, svo að um það þarf ekki að ræða. En jafnframt er nauðsynlegt að koma sundunum undir hafnarstj. Rvíkur, eins og ég hefi sýnt fram á.

Pétur Ottesen: Ég vil spyrja að því, hvort álits þeirra héraðsstjórna, sem hér eiga hlut að máli, hreppsnefnda og sýslunefndar, hafi verið leitað. Ef svo er ekki, vil ég benda á það, að ég tel með öllu rangt af þinginu að taka ákvörðun um þetta mál. Aðilar þessir eiga hinn fyllsta rétt til að segja álit sitt og að það álit verði tekið til greina. Rvík er hér ekki í fyrsta sinn að seilast til yfirráða utan lögsagnarumdæmis síns. Má vera, að ekki sé rétt, að hafnarlög þessi eigi að ná til Viðeyjar og Engeyjar, en þó er talað um, að þau nái að netalögum, sem ná aðeins 60 faðma frá landi. Hinsvegar er svæðið í kringum Geldinganes og Eiðsvík lagt undir hafnarlögin. Þegar um slíka ásælni er að ræða, virðist það vera hið minnsta, sem hægt er að gera, að lofa þeim aðilja, sem fyrir ásælninni verður, að láta álit sitt í ljós. Rvík hefir verið áleitin um að færa út takmörk sín, og þrátt fyrir mikla mótspyrnu á Alþ. hefir henni orðið allmikið ágengt í þessu efni. Á síðasta þingi tókst Rvík að ná undir sig Skildinganesi, og áður hafði hún sölsað undir sig jarðir í Mosfellssveit.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég get verið fáorður út af ræðu hv. þm. Borgf. Það er eins og grípi hann jafnan eitthvert krampakennt „hysteri", þegar um er að ræða rétt og hagsmuni Rvíkur gagnvart Mosfellssveit og Seltjarnarnesi. Þessi veikleiki hefir einnig gripið hann nú. Þó gat hann ekki bent á, að gengið væri á rétt þessara aðilja í einu einasta atriði. Hefði þó mátt búast við, að hann kæmi með einhverja átyllu, ef hún hefði verið til. Eins og hv. 1. þm. Rang. sagði, er með þessu verið að létta byrði af Kjósarsýslu. Á Eiðsvík eru skipsskrokkar, sem sýslunni er lögum samkv. skylt að sprengja eða færa burt. Það þýðir ekki að tala um að snúa sér til eigendanna um greiðslu á kostnaði, því að þeir eru dauðir, gjaldþrota eða farnir. Annars er ómaklegt að bregða Rvík um ásælni til landa. Með lögum um lögreglu- og tollstjórn í Rvík 1928 var Skildinganes lagt undir Rvík að því leyti sem lögreglu- og tollmál snertir, án þess að Rvík óskaði þess. Það, sem á eftir fór, var aðeins eðlileg afleiðing.

Ég get ekki séð, eftir að brtt. mín er komin fram, að neinum sé mein gert, þótt frv. þetta verði að lögum. Ef hægt er að sýna mér fram á það, skal ég manna fúsastur koma með nýja brtt.

Eins og menn vita, fylgja netalög hverri jörð, 60 faðma frá landi. Svo er því hér um Viðey, Engey, Gröf og Keldur. En Gufunes er hinsvegar eign Rvíkurbæjar. Þótt netalögin þar falli undir hafnarstj. Rvíkur, er engin ágengni í því, því ef Mosfellssveit eða sýslufél. þyrfti á þessu landi að halda, mætti taka það lögnámi, ef ekki næst samningar. Undir eins og hv. þm. Borgf. sýnir mér fram á, að sé verið að ganga á rétt einhvers, skal ég koma með brtt. En meðan það er ekki gert, breyti ég ekki skoðun minni.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. Reykv. getur auðvitað kallað það hysteri, eða hvaða nafni, sem hann vill, er þingmenn láta skoðun sína í ljós. Ég vil benda á það, sem ég hefi áður sagt, að með því að þenja höfnina yfir stærra svæði en áður, er verið að auka valdsvið hafnarstj. Rvíkur á kostnað sveitarfélags Mosfellshrepps og Kjósarsýslu, því þótt Reykjavík eigi land þarna, þá veitir það Rvík engan rétt til slíkrar yfirdrottnunar.

En út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að með frv. væri verið að létta byrði af Kjósarsýslu, verð ég að taka það fram, að það munu ekki hafa verið menn úr Kjósarsýslu, sem hafa lagt skipum sínum á Eiðsvík endurgjaldslaust og sennilega í óleyfi og sökkt þeim þar, heldur Rvíkingar. Það stendur því Rvík næst að hirða þessa skipsskrokka án þess að ásælast nokkur réttindi í staðinn.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Það er ekki fyrir það að synja, að Reykjavíkurvaldið hefir sýnt nágrönnum sínum ásælni, sem síðast bar ávöxt, er Skildinganes var lagt undir höfuðstaðinn. Eins og mátti vænta, voru þm. Reykv. í broddi fylkingar í þeirri ásælnisherferð, en Framsóknarbændur í halanum. Þetta sameinaða lið fékk því áorkað, að Reykjavík tók Skildinganes án samþykkis Kjósarsýslu.

Það er því full ástæða fyrir mig að vera þakklátur hv. þm. Borgf. og öðrum, sem vilja vera á verði gegn áleitni Rvíkur á nágrannana. En ég verð að viðurkenna, að það var rétt, sem form. n. sagði, að ég hefði verið spurður um það, hvort ég teldi, að með þessu væri gengið á rétt kjósenda minna. Ég hefi kynnt mér málið nokkuð og get ekki séð, að svo sé. Ég hefi leitað álits tveggja merkra innanhéraðsmanna og þeir hafa verið mér sammála. Einn áhrifamaður í héraði, sem sjálfur gæti hér átt hlut að máli, hefir snúið sér til n., og hún hefir efnislega tekið vilja hans til greina í frv. Ég ætla því, að í þessu máli sé ekki gengið á rétt neins og mér beri því ekki að hreyfa mótmælum. Ég efast ekki um, að Rvík hafi hagsmuni af því að víkka höfnina, en ég held, að þeir hagsmunir séu ekki frá neinum teknir. Hitt nær auðvitað engri átt, að með frv. sé verið að létta bagga af Kjósarsýslu.

Ég tel ekki ástæðu til að beita mér gegn frv., en úr því að raddir hafa heyrzt um, að hér gæti verið um viðsjárverðan hlut að ræða, en ég er ekki svo fróður í þessum málum sem skyldi, væri ég þakklátur, ef n. vildi milli umræðna leita sér upplýsinga um það, hvort gagnaðilar teldu sér skaða að frv. Mætti tala við oddvita og hreppsnefnd í Mosfellshreppi og sýslumanninn í Kjósarsýslu til að fá vissu sína um þetta.

Jón Ólafsson: Hv. þm. G.-K. hefir aflað sér allra nauðsynlegra upplýsinga um þetta mál, svo að ljóst er, að ekki er verið að ganga á rétt neins eða taka neitt frá neinum. Um rétt Rvíkur fyrir landi Skildinganess og Þormóðsstaða efast enginn, og þarf því ekki um hann að tala.

Eftir núg. hafnarlögum takmarkast norðurhluti hafnarsvæðisins af línu í mið sundin og beinni línu rétt fyrir sunnan netalögin. Nú þarf að draga línuna fyrir Gufunes, Eiðsvík og Geldinganes. Þetta er umhirðulaust pláss. Skip hafa lagzt þarna og Gufunesbóndi ekki ráðið við, þótt þau sykkju. Síðan Rvík eignaðist Gufunes, hafa tvö skip sokkið þar, en engum ber skylda til að koma skrokkunum burtu. Ef Rvík tekur hinsvegar þetta svæði að sér, verður hún að annast hreinsunina. Ef þarna kynni að rísa upp kaupstaður, er hann tryggður með ákvæðum um lögnámsheimild fyrir bæjar- eða sveitarfélög, og þeir, sem eiga eyjarnar, eru tryggðir með brtt. hv. 2. þm. Reykv. Ég veit, að fyrirhafnarlítið er að leita umsagnar sýslumannsins í G.-K. um þetta mál, og þykist ég vita, að hann muni fremur fagna því en vera því andvígur.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég þarf ekki að svara hv. þm. Borgf., því að hann tilfærði ekki eitt einasta atvik eða dæmi sem átyllu fyrir því, að frv. gæti orðið nokkrum til meins. Ég býst þó við, að honum hefði tekizt það, ef það hefði verið hægt. Ég er þakklátur hv. þm. G.-K. fyrir þá hreinskilni, að hann hafi ekki getað fundið neitt það í frv. sjálfur, sem fæli í sér neinn ágang af hálfu Rvíkur og

hafi hann þó borið það undir góða menn. Ég get þó fallizt á, að frekari upplýsinga sé leitað á milli 2. og 3. umr. Það er ekki tilgangurinn að gera neinum til miska, hvorki jarðeigendum, hrepps- né sýslufélagi.

ATKVGR.
Brtt. 241 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Úr því að hæstv. forseti hefir tekið mál þetta út af dagskrá, vil ég leyfa mér að ítreka þá ósk til hv. allshn., að hún nú geri gangskör að því að efna þau heit, er mér voru gefin, og upplýsa deildina um álit hreppsnefndaroddvita Mosfellshrepps og sýslunefndaroddvita Kjósarsýslu. Ég tek þetta fram nú, svo þetta þurfi ekki að valda óþörfum drætti, því liggi þessar upplýsingar ekki fyrir við umr., þá mun ég fara fram á, að málið verði aftur tekið út af dagskrá.

Forseti (JörB): Hv. allshn. tekur þessi tilmæli hv. þm. G.-K. vafalaust til íhugunar.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil biðja hæstv. forseta að taka þetta mál af dagskrá, þar sem nú eru fjarverandi vegna veikinda 3 þeir hv. þm., sem láta þetta mál aðallega til sín taka, en það eru þeir hv. þm. G.-K., hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Reykv. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. hefir borizt aths. við frv. frá hreppstjóra Mosfellssveitar, og hv. þm. hefir hugsað sér að taka hana til greina, en ekki unnizt tími til þess enn. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil óska þess, að hægt væri að koma málinu sem fyrst gegnum þessa umr. Ef málið yrði aftur tekið fyrir undir eins á morgun, þá hefi ég ekkert á móti því, að það verði tekið út af dagskrá nú. Annars má ekki dragast lengi að afgr. þetta. Það er nú farið að líða á þingtímann, og það er mjög mikilsvert fyrir Rvík að fá samþ. l. um þetta á þessu þingi.

Forseti (JörB): Ég get orðið við þeirri ósk að taka málið af dagskrá að þessu sinni, en ég mun þá taka það aftur á dagskrá á morgun, þar sem þess hefir verið óskað, að málinu sé hraðað. Frv. er þá tekið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 431, 432, 520, 535, 554, 558).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 558. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hefi borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 558.
Eins og menn rekur minni til, sætti þetta frv. nokkrum andmælum við 2. umr. hér í þessari d., og þá sérstaklega þau ákvæði frv., að takmörk Rvíkurhafnar skyldu vera færð út fyrir takmörk lögsagnarumdæmis Rvíkur, þannig, að höfnin skyldi ná alla leið til Geldinganess að austan og utan Grafarvogs, fyrir utan land Grafar og Keldna, og sömuleiðis til eyja þeirra, sem liggja að höfninni, en eru fyrir utan lögsagnarumdæmi Rvíkur. Það er nú ekki nema eðlilegur hlutur, þó að þetta hafi sætt talsverðum andmælum af hálfu þeirra manna og hreppsfélaga, sem að þessu leyti á að draga undir hafnarstj. Rvíkurkaupstaðar, því að ef þessi ákvæði gengju í gildi, væru allar athafnir á og meðfram ströndinni á þessu svæði öllu háð fyrirmælum hafnarstj., og öll gjöld fyrir skipaafgreiðslur og allar slíkar athafnir rynnu í sjóð Rvíkurhafnar. Það er því eðlilegt, að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, rísi upp til andmæla gegn slíkum yfirgangi. Með þessu

er verið að draga úr greipum viðkomandi hrepps- og sýslufélags verðmæta aðstöðu til þess að koma upp bryggjum og öðrum tækjum til skipaafgreiðslu og góðu skipalægi. Þar við bætist svo það, að það er engin þörf á þessu fyrir Rvík, því að svæðið með allri strandlengjunni að norðanverðu, frá vestur- til austurtakmarka lögsagnarumdæmis Rvíkur, er býsna stórt. Rvík hefir því ekkert við stærri höfn að gera með allri þessari strandlengju. Auk þess er nú allmikið svæði af Skerjafirði orðið tilheyrandi lögsagnarumdæmi Rvíkur, eftir að Skildinganes var lagt undir bæinn. Mér virðist því vera hér um óþarfa ágengni að ræða af hendi Rvíkur, og sýnist mér því rétt af Alþ. að samþ. ekki þetta frv., heldur láta viðkomandi sveitar- og sýslufélag halda þeim möguleikum, sem þarna kynnu að vera til að koma upp höfn og hafnarmannvirkjum. Auk þess er það svo, að á einum stað á þessu svæði, í Viðey, er löggilt höfn og allmikil hafnarmannvirki, og útgerð hefir verið þar allmikil um undanfarin ár, og þó að svo sé ráð fyrir gert í frv., að höfnin nái ekki lengra en að þeim netlögum, sem eru 60 faðma frá stórstraumsfjöru, þá getur samt farið svo, að þessi hafnarmannvirki nái út yfir þetta svæði, og eru þau þá komin undir ákvæði Rvíkurhafnar um gjaldskyldu og allt annað. Og það er vitanlega algerlega ósamrímanlegt því, að þarna er löggilt höfn, sem hefir sín sérstöku skilyrði og rétt til hafnarrekstrar, án þess að vera nokkuð háð Rvíkurhöfn eða í sambandi við hana. Þess vegna flyt ég brtt. um, að hafnarréttindi Rvíkur nái aðeins yfir lögsagnarumdæmi bæjarins, en þó er gert ráð fyrir, að þau nái að netalögum Engeyjar, enda er ekki kunnugt um, að þar verði gerð nein hafnarmannvirki, því að hún liggur svo nærri innri höfninni, og kemur þá ekki að sérstökum notum fyrir Seltjarnarneshrepp.

Ég held, að það sé fullkomlega séð fyrir þörfum Rvíkurhafnar, þó að réttindi hennar nái ekki út fyrir lögsagnarumdæmið. Brtt. mín er ekki um annað en þetta og þarf ég ekki að fara um hana fleiri orðum, en vænti, að hv. þdm. séu mér sammála um, að ekki skuli gengið að þarflausu á rétt annara hreppsfélaga eða verið að leggja stein í götu þess, að þau hreppsfélög geti sjálf ráðið yfir sínu landi og komið upp hafnarmannvirkjum hjá sér, algerlega óháð þeim reglum og kvöðum, sem nú eða síðar kunna að gilda um Rvíkurhöfn.

Jón Ólafsson: Mér þykir lakara, að hv. þm. N.-Ísf. er hér ekki viðstaddur í þd. til þess að heyra mál mitt, því að ég ætlaði fyrst og fremst að mæla fyrir brtt. minni við brtt. hans á þskj. 535. Inn í till. hans hefir slæðzt sú meinloka, sem ekki fær staðizt; ég á við orðin í síðasta málsl. till. um: að skip, sem afgr. eru í Viðey skuli ekki vera gjaldskyld til Rvíkurhafnar. Þetta ákvæði er vitanlega byggt á misskilningi, því að fjöldi skipa, sem afgreidd eru í Viðey, eru einnig afgreidd í Rvíkurhöfn í sömu ferð, og skip, sem fyrst koma til Rvíkur og fara þaðan til Viðeyjar hljóta að vera gjaldskyld í Rvík. En ef skip koma beint til Viðeyjar og eru afgreidd þar, þá þurfa þau ekki að greiða gjöld til Rvíkurhafnar fremur en þau skip, sem eiga heima í Viðey. Þetta gæti valdið hrapallegum misskilningi og gengið í það óendanlega, ef setja ætti í lögin ákvæði um það, að skip, sem afgreidd eru hér eða þar á landinu, skuli ekki vera gjaldskyld til Rvíkurhafnar. Ég get því ekki getur séð en að það sé hreint og beint vansi að því að hafa slíkt ákvæði í lögum, sem er svo rúmt, að ætla má, að skip, sem hljóta afgreiðslu á öðrum höfnum, eigi ekki að greiða gjöld í Rvíkurhöfn, þó að þau komi þar við. Það mætti náttúrlega orða þessa gr. svo ljóst, að skip, sem afgreidd eru í Viðey, skuli ekki vera gjaldskyld til ytri hafnar Rvíkur. Ég vona, að hv. þdm. sjái, að þetta ákvæði er vegna misskilnings komið inn í brtt., og eftir því sem ég veit bezt, þá er tillögumaðurinn sjálfur eigi valdur að því beinlínis, heldur einhver kunnugur maður utanaðkomandi. Það sjá allir að er ekkert annað en fjarstæða að ætla skipum, sem koma á innri höfnina í Rvík, að vera undanþegin hafnargjöldum.

Hv. þm. Borgf. flytur brtt. á þskj. 558 við þetta frv., og veit ég ekki, hvað því veldur. Ég skil ekki, hvað hv. þm. gengur til með að slá þennan varnagla fyrir Viðey. Önnur brtt. hv. þm. N.-Ísf. veitir Viðey

fullan rétt fyrir hafnarrekstri þar, og allt, sem þörf er á í sambandi við það, eftir samkomulagi við þá menn, sem eru fulltrúar fyrir Viðey og hafa þar eignarumráð. Þeir hafa og óskoraðan rétt til að ráðast þar í hverskonar hafnarmannvirki.

Ég held, að það hljóti að vera öllum ljóst, að það er skylda Alþ. að gæta þess, að ekki verði þrengt um of að þeim 30 þús. manna, sem búa í Rvík, og að þeir geti haldið óskertum sínum réttindum til starfrækslu hafnarinnar. Þegar athuguð er aðstaðan hér inni með vogunum og við sundin, þá eru engar líkur til, að þar verði reistar hafnarborgir á þeim slóðum og jafnvel ekki í Viðey. Það er auðséð á því, að undanfarið hefir reynzt of dýrt að reka fiskiveiðastöð í Viðey; það þarf að sækja flestar nauðsynjar yfir sundið til Rvíkur og með öllum þeim sendiferðum milli lands og eyjar hefir það sýnt sig, að reksturinn er dýrari í Viðey. Þar eru ekki við hendina þau tæki, sem á þarf að halda til aðgerða skipum o. fl. Þar eru engin iðnaðar- eða smíðaverkstæði, og verður því að sækja þá vinnu til Rvíkur. En hinsvegar er of dýrt að hafa slíkan rekstur þar, nema komið verði þar upp risafyrirtæki til útgerðar, sem getur veitt sér þau tæki sjálft. Jafnfjölmennur bær og Rvík er nú orðin á fullan kröfurétt á því, að hagur hennar verði tryggður með aðstöðu til hafnarinnar, ekki síst þegar það er auðvelt, án þess að skerða réttindi eða aðstöðu þeirra, sem búa næst Rvík. Í brtt. hv. þm. N.-Ísf. er sleginn varnagli við þessu, og þeir, sem eiga hlut að máli að því er Viðey snertir eru fyllilega ánægðir með þær ákvarðanir.

Rvíkurbæ er nauðsyn að eiga hafnarréttindi fast að netalögum Engeyjar, vegna umferðar og athafna við dráttarbát, ísbrjót og annað, er hafnsögumaður Rvíkur hefir meðgjörð með. Hann verður oft að sækja skip út fyrir eyjar og þarf að hafa fullkomin umráð á svæðinu framan við hafnarmynnið, til þess að geta lagt skipunum á ytri höfninni, þangað til þau geta komizt að á innri höfninni. Allir hljóta að sjá, að það er óviðunandi fyrir bæinn, sem lagt hefir fleiri millj. kr. í hafnarmannvirki, að hafa ekki fullt frjálsræði til að nota þau. Ég vona, að jafnvel hv. þm. Borgf. láti sér skiljast það, að engin líkindi eru til þess að það rísi upp stór þorp hér inni með vogunum, sem byggi hafnarmannvirki út frá sínu landi, annarsstaðar en í Viðey, og þeir möguleikar eru tryggðir með brtt. hv. þm. N.-Ísf.

Hv. þm. Borgf. þykir ófært, að Rvík sé að seilast eftir hafnarréttindum út af Geldinganesi. En ég hefi áður lýst þeirri nauðsyn, að Rvík fái ráð yfir Eiðsvík, til þess að sporna við því, að hinir og aðrir geti lagt þar ónýtum skipum, sem þeir vilja ekki nota lengur, og er komið þangað í síðustu höfn. Og útkoman af þessu hefir orðið sú, að 5—6 skip eru komin þar á botninn, svo að þetta ágæta skipalægi, sem var öruggasta vetrarhöfn hér í grenndinni, er nú með öllu ófært. Af þessum ástæðum er það óhjákvæmileg nauðsyn, að Rvík fái yfirráð yfir sundunum, en vitanlega án þess að skerða réttindi Viðeyjar, og ég vil fullyrða, að hafnaraðstaða í Viðey verður miklu verðmætari, ef Eiðsvík yrði hreinsuð, þannig að hún geti orðið öruggt skjól fyrir hvaða skip, sem leitar þar hafnar. Ef hv. þm. litu yfir Eiðsvík um stórstraumsfjöru, þá mundu þeir sjá þar 4—6 skipsskrokka og ekki telja álitlegt að nota hana sem höfn. Áður var hún hið öruggasta vetrarlægi, og verður að hreinsa hana til þess að skip geti legið þar aftur tíma úr vetrinum.

Það virtist koma fram í ræðu hv. þm. Borgf., að Rvík okraði á afnotum annara á ytri höfninni, en ég get fullvissað hv. þm. um, að Rvíkurbær tekur engin hafnargjöld fyrir skip á ytri höfninni. Að vísu eru þau gjaldskyld til innri hafnarinnar, ef vöruuppskipun fer þar fram, eða hvar sem er annarsstaðar á hafnarsvæði Rvíkur, enda er það sjálfsagt, til þess að aðstaðan verði ekki misnotuð og reynt að smokra skipunum undan því að greiða lögmæt gjöld til hinna dýru hafnarmannvirkja hér. Það, sem verið er að tryggja með þessu frv., er hið sama og þegar jarðirnar Skildinganes og Þormóðsstaðir voru lagðar undir Rvíkurlögsagnarumdæmi.

Ég geri ráð fyrir, að ef hv. þm. Borgf. liti yfir staðhætti hér inni með vogunum, þætti honum ótrúlegt, að nokkur mundi leggja í það að skipa vörum á land utan

við innri höfn Rvíkur, því að það mundi ekki borga sig á nokkurn hátt. Hinsvegar á Rvík allar fjörur inn meðfram Grafarvogi utanverðum, og það gæti ekki komið til mála, að þar yrðu reist hafnarmannvirki eða byggðar bryggjur, nema áður verði þar stofnað til einhvers stórrekstrar, og fyrir því eru engar líkur, því að frá sjónum er yfir klungur og vegleysur að fara með vörur og þesshättar.

Hv. 3. þm. Reykv. flutti hér frv. viðvíkjandi hafnarmálum Rvíkur, sem útbýtt var hér í hv. d. 1. apríl, en hefir ekki verið tekið til umr. Nú sé ég, að það er endurflutt af honum og hv. 2. þm. Reykv. sem brtt. við þetta frv. Ég verð nú að segja, að ég get ekki aðhyllzt þessa málsmeðferð, að heilt frv. komi í þessu formi inn í hafnarlög Rvíkur, þó ég telji hinsvegar ekki illa farið, að ýms atriði í þessum brtt. verði lögfest. Ég vil þó benda á, að í 1. brtt., um að 6. gr. orðist eins og þar hermir, er ætlazt til, að þeir 2 menn, sem kjósa á í hafnarstj. Rvíkur utan bæjarstjórnar, skuli kosnir leynilega með hlutfallskosningu út af fyrir sig. Skal annar vera verzlunarlærður, en hinn kunnugur útgerð og siglingum. Mér er ekki alveg ljóst, hvernig hægt er að kjósa þessa tvo fagmenn með hlutfallskosningu, þegar þeir eru sinn úr hvoru fagi. Mér virðist það verði að kjósa hvorn fyrir sig til þess að tryggja það, að þeir verði hver úr sinni sérgrein, og þá er hlutfallskosning þýðingarlaus, því að meiri hl. ræður þeim úrslitum.

Þá er c.-liður 1. brtt., um að 8. gr. orðist þannig, að eigum hafnarsjóðs megi aðeins verja í þarfir hafnarinnar. En á þessum erfiðu tímum hefir útkoman orðið sú, að hafnarsjóður er betur megandi en bæjarsjóður og hefir því stundum verið látinn hlaupa undir bagga við aðrar þarfir bæjarins. T. d. þegar bæjarsjóð hefir skort fé til atvinnubóta, þá hefir verið gripið til fjár úr hafnarsjóði. Ég er í raun og veru á sömu skoðun og hv. flm. brtt. um það, að ótækt sé, að bæjarsjóður geti vaðið í fé hafnarinnar, en þó verður tæplega hjá því komizt á þessum tímum, að hver höndin styðji aðra. Ef þetta ákvæði verður að lögum, býst ég við, að hafnarnefnd telji, að hún megi ekki láta fé af hendi til bæjarsjóðs, og að með því verði útilokuð nauðsynleg samvinna í málefnum bæjarins. Ég vil því sem hafnarnefndarmaður óska eftir, að þetta verði ekki fastskorðað, nema það verði áður borið undir hafnarnefnd.

Ég hefi svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta fyrr en hv. flm. brtt. hafa talað fyrir þeim.

Héðinn Valdimarsson: Hv. 2. þm. Reykv. og ég berum fram brtt. við þetta frv. á þskj. 432, sem hv. 1. þm. Rang. var nú að tala um. Ástæðan fyrir því er sú, að þegar síðast var gerð breyt. á skipun bæjarstj. með lögum frá 1930, gleymdist að setja ákvæði um, að hafnarnefnd skyldi kosin með hlutfallskosningu eins og aðrar nefndir í bæjarstj. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það mundi vera erfitt, af því að hér væri um að ræða 2 fagmenn sinn úr hvorri sérfræðigrein. Því er eins varið um byggingarnefnd, í henni eiga að vera múrari og trésmiður, og hún er kosin með hlutfallskosningu, þannig að þessum skilyrðum er þó fullnægt. Eins og hafnarnefnd er nú skipuð, þá er hún ekki í samræmi við aðrar nefndir. Borgarstjóri er sjálfkjörinn form. hennar, en það er hann ekki í öðrum nefndum. Í brtt. okkar er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að hafnarnefnd eigi að kjósa sér form., en þó getur borgarstjóri verið í nefndinni. Nú ræður hafnarstjórn alla fasta starfsmenn, nema hafnargjaldkera. Hér er lagt til, að hafnarstjórn velji þennan mann sem aðra, enda virðist það sjálfsagt.

Þá á fjárhald og fjárhagur hafnarinnar að verða sjálfstæðari en áður. Hv. 1. þm. Rang. fann að því ákvæði, að hafnarsjóði mætti aðeins verja til þarfa hafnarinnar. Það hefir þótt brenna við, að borgarstjórinn í Rvík notaði hafnarsjóð sem varasjóð bæjarsjóðs, en slíkt er auðvitað með öllu óverjandi að festa peninga hafnarsjóðs á þennan hátt.

Þá er eitt nýmæli um það, að vilji bæjarstjórn ráðstafa eignum hafnarinnar, hafi hafnarnefnd neitunarvald, en nefndin er kosin árlega, svo að bæjarstjórn getur kosið aðra nefnd næsta ár, ef hafnarnefnd er í andstöðu við meiri hl. bæjarstjórnar og gildir neitunarvald hafnarn. aldrei lengur en eitt ár á þennan hátt.

Ég vil geta þess, að þessar brtt., sem ég bar upphaflega fram í frv.formi, hafa verið lagðar fyrir hafnarnefnd af allshn., og leggur hún til, að þær verði samþ. Hv. 1. þm. Rang. mun þá að vísu ekki hafa verið á fundi.

Viðvíkjandi öðrum brtt. hér hefi ég lítið að segja, nema ég vil taka í sama streng og hv. 1. þm. Rang. út af brtt. á þskj. 538 frá hv. þm. Borgf., að það geti ekki verið til gagns fyrir neinn, að Eiðsvík verði dregin undan hafnarsvæði Rvíkur. Þvert á móti tel ég nauðsynlegt, að einhver hafi þar umráð og eftirlit, og þá liggur auðvitað næst, að það sé hafnarstjórn Rvíkur. Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. vil ég geta þess, að ég er meðmæltur fyrri hl. hennar, enda hefir ekki verið til þess ætlazt, að skip, afgreidd í Viðey, yrðu skattskyld í Rvík, ef þau athöfnuðu sig ekki að öðru leyti á Rvíkurhöfn en að varpa akkerum á ytri höfninni.

Pétur Ottesen: Af því að hv. þm. N.-Ísf. var ekki staddur hér, er hv. 1. þm. Rang. talaði fyrir brtt. sinni, sem vill fella seinni hl. aftan af till. hans, vil ég taka það fram, að það er ekki á misskilningi byggt, sem tekið er upp í þessa till., heldur er miðað við það, að frv. verði samþ., og hafnarsvæði Rvíkur nái að netalögum Viðeyjar. Ef nú verða sett hafnarlög í Viðey eftir skýlausum réttindum, félli svæðið utan við netalögin undir hafnarlög Rvíkur, og réttindi Viðeyjar yrðu þar með skert af ágangi Rvíkur, ef hafnarmannvirki hennar næðu út fyrir netalög. Því er gert ráð fyrir, að skip, afgreidd í Viðey, verði ekki gjaldskyld til hafnarsjóðs Rvíkur, þótt þau varpi akkerum utan við netalögin. Ef mín brtt. verður samþ., er brtt. hv. þm. N.-Ísf. alveg óþörf og mun þá verða tekin aftur.

Hv. 1. þm. Rang. færði engar sönnur á það, að nauðsynlegt væri fyrir Rvík að færa svo mjög út hafnarsvæði sitt sem frv. fer fram á. Það er áreiðanlegt, að Rvík má vaxa mikið að mannfjölda og skipakomum, ef núv. hafnarsvæði fullnægir ekki þörf bæjarins, án þess að hún fari að seilast út fyrir lögsagnarumdæmið, enda mun vera annað, sem liggur hér til grundvallar, eins og ég mun seinna víkja að.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að hér væri ekki gengið á rétt nokkurs manns. En þetta er auðvitað hin mesta fjarstæða. Með því að leggja sundið undir hafnarsvæði Rvíkur er tekinn réttur af viðkomandi hreppum og sýslufélagi til að setja þar upp hafnarmannvirki og setja sjálfstæð ákvæði um þau. Hrepparnir eru sviptir þessum möguleikum við innlimun sundanna í hafnarsvæði Rvíkur, og ef þau verða lögð undir það nú, verður erfitt að ná þeim úr þeim tengslum aftur. (**BSt:** Má ekki skattleggja Rvík fyrir hafnarafnot í þessum hreppum?). Ég býst ekki við því, að slíkt verði hægt nema með því að breyta útsvarslögunum. Í löggjöfinni er ekki gert ráð fyrir þeirri ágengni, að nokkur bær eða sveitarfélag fari að sölsa undir sig bæði sjó og land frá nágrönnunum. Sá möguleiki liggur í rauninni fyrir utan takmörk heilbrigðrar löggjafar.

Þess má geta, að algengt er, að töluvert af síld veiðist þarna í sundunum, og hingað til hafa menn fengið að veiða hana óátalið og ekki verið meinað að bjarga sér á þann hátt. Nú stendur sá möguleiki opinn, að með reglugerð verði heimtaðar tekjur af þessari veiði til handa hafnarsjóði Rvíkur. Þar með er búið að loka þeim möguleika fyrir hreppsbúum að veiða frjálst, og búið að skattleggja þá til Rvíkur. Þau miklu verðmæti, sem felast í þeim möguleika, að gera þarna höfn og hafnarmannvirki, eru með þessu frv. tekin af Mosfellssveit og Kjósarsýslu. Þar með er rænt tekjustofni, sem hreppurinn og sýslan eiga nú til frjálsra og ótakmarkaðra afnota, og hann lagður undir valdsvið Rvíkur. Þetta felst í frv. og fleira en þetta, eins og ég mun síðar sýna fram á.

Það er næsta hatramlegt, að sú ástæða skuli vera færð fyrir rétti Rvíkur til Eiðsvíkur, að Rvíkingar hafi látið sökkva þar nokkra ryðkláfa, sem þeir hafa lagt þar í óleyfi og síðan ekkert hirt um. Það á sem sagt að nota trassaskap og yfirgang Rvíkinga sem ástæðu til þess að ræna eigendurna rétti sínum. (**HV:** Rvík hefir keypt þarna land fyrir 160 þús. kr.). Já, en það gefur Rvík engan rétt utan lög-

sagnarumdæmis síns frekar en hverjum öðrum einstaklingi, sem á eignir utan síns lögsagnarumdæmis.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að engir möguleikar væru til þess, að þorp eða bær risi upp þarna inni við sundin og að höfn yrði gerð þar. Ég veit nú, að hann er svo bjartsýnn og víðsýnn maður, að hann sér, að ekkert er líklegra en að svo verði, og þá er eðlilegast, að þeir möguleikar komi til góða því sýslufélagi og hreppsfélagi, sem nú eiga þessi framtíðarskilyrði. Hinsvegar sé ég ekkert til fyrirstöðu því, að Rvík geti eins og aðrir skapað sér aðstöðu til að nota Eiðsvík með frjálsu samkomulagi við hina réttu aðila og ná burt ryðkláfunum, sem Rvíkingar hafa látið sökkva þar. En þeir út af fyrir sig skapa Rvík engan rétt til Eiðsvíkur. Rvík ætti að vera fullnægjandi að geta náð afnotum af þessari vík með frjálsu samkomulagi, sem ég efast ekki um, að mundi nást, ef þess væri leitað.

Hv. 1. þm. Rang. sagði það um Viðey, að allir væru ánægðir með ákvæði frv. gagnvart henni, og þeir, sem ættu eignir þar, hefðu ekkert við frv. að athuga. En hverjir eru þessir eigendur? Eru það ekki lánstofnanirnar, og eru þeir, sem stjórna þeim, ekki búsettir Reykvíkingar? Mig furðar ekki, þótt þeir setji sig ekki á móti frv. Þetta er því engin sönnun. — En það er annað, sem liggur til grundvallar fyrir þessari ásælni en þörf Rvíkur fyrir stærri höfn. Það hefir legið í loftinu og eru nú fengnar sannanir fyrir því, að ameríska flugfélagið ætli að hefja hér flugferðir, og þarf það þá vitanlega á flughöfn að halda á hentugum stað. Sundin munu hafa þótt einna ákjósanlegastur staður í þessu skyni. Í sambandi við flughöfnina þarf auðvitað allmikil mannvirki á landi og jafnframt umbúnað á sjó. Það eru möguleikarnir til að geta skattlagt þessi hafnarmannvirki, sem valda því, að Rvík er nú að seilast inn á þetta svið. Þetta er nú aðalástæðan.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vil aðeins taka það fram, að ég lít á þetta sem áframhald af þeirri yfirgangsstefnu Rvíkur hin síðari árin, að reyna að mylja undir sig nágrannana og krækja sér í nýja skattstofna með því að rýra gjaldþol næstu hreppa. Mér finnst Alþ. hafa verið allt of snúningaliðugt í þessum efnum við Rvík hingað til, en einhversstaðar hljóta þó takmörkin að vera. Ég vænti þess því, að hv. þdm. taki undir með mér og segi: hingað og ekki lengra.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég heyrði ekki ræðu hv. 1. þm. Rang., er hann talaði fyrir brtt. þeirri, er hann bar fram við brtt. mína. Við höfum nú átt tal við hafnarstjóra um þetta mál. Það er alls ekki meining okkar að standa á móti því, að Rvík fái það hafnarsvæði, sem henni er nauðsynlegt. En ég vil standa á móti því, að hún geti gengið á rétt nágranna sinna. Og því verður ekki borið á móti, að frv. skerðir umráðarétt næstliggjandi sveita og þeirra einstaklinga, sem þar eiga land að sjó. En þetta má laga, og í því skyni bar ég fram brtt. mína. — Ég vil geta þess, að það var alls ekki tilætlun mín, að skip, sem eru afgreidd frá Viðey, væru gjaldfrí til Rvíkur, ef þau athöfnuðu sig á innri höfninni, fremur en önnur skip. En ég ætlast til, að þau þurfi ekki að vera gjaldskyld, þótt þau varpi akkerum á ytri höfninni. Slíkt væri líka fullkomin ósanngirni, eftir að búið er að þenja hafnarsvæði Rvíkur að netalögum Viðeyjar, sem eru, eins og kunnugt er, 60 faðmar frá landi um stórstraumsfjöru.

Það er satt, að vandkvæði eru á vetrarlægi fyrir skip hér. Eiðsvík og Skerjafjörður eru bezt til þess fallin, en þó hvorugt fullnægjandi, ef skipastóll eykst. Því er nauðsynlegt, að vetrarlægi sé á báðum þessum stöðum. En þá verður Eiðsvík að vera undir umráðum og eftirliti einhvers og þá helzt hafnarstjóra Rvíkur. Ég myndi fremur kjósa að gjalda 10—15 kr. á mánuði fyrir skip, sem lægi undir eftirliti, en að láta það liggja án eftirlits endurgjaldslaust. Þau skip, sem sokkið hafa á Skerjafirði og Eiðsvík, hafa auðvitað sokkið þar, af því að ekkert eftirlit hefir verið með þeim.

Eins og ég hefi tekið fram, er ég því andvígur, að Rvík geti gengið á rétt nágrannanna og skattlagt þá, og vil láta byggðarlögin njóta fulls réttar. Það hefir farið svo, að þótt Rvík hafi seilzt til landa og hagsmuna, hefir hún jafnan náð

því, er hún hefir viljað, með frjálsu samkomulagi, og svo mun enn fara. Þess er ekki að vænta, að héruðin vilji láta af höndum rétt sinn fyrir ekki neitt. Samkomulag mun verða báðum aðiljum fyrir bestu.

Jón Ólafsson: Hv. 3. þm. Reykv. tjáir mér, að till. hans hafi verið borin undir hafnarnefnd Rvíkur, og dettur mér ekki í hug að rengja það. En mér finnst athugavert að skella heilu frv. inn sem brtt., án þess að athuga það nánar, einkum af því, að í því eru tvö atriði, sem orkað geta tvímælis. Þetta er ekki kappsmál af minni hálfu, en ég vil benda á, að fyrir getur komið, að í fullkominni stífni lendi um fjármálin, og að erfitt getur verið að fá tvo fagmenn, hvorn úr sínu fagi, kosna með hlutfallskosningum.

Hv. þm. Borgf. gerði sig mjög breiðan í máli þessu. Ég vil nú halda því fram og færa að því full rök, að till. hans sé byggð á æði miklum misskilningi. Hann hefir sennilega ekki athugað það, að Rvík fer hér ekki fram á annað en það að fá umráð yfir sjónum fram af sínu eignarlandi. T. d. er landið kringum Eiðsvík eign Rvíkur. Hv. þm. talaði um, að Rvík seildist mjög til landa og tæki þar með möguleikann af öðrum til þess að setjast þar niður með sínar driftir og atvinnufyrirtæki. Ég skal því víkja að því, hvernig Eiðsvíkur- og Geldinganesland komst undir Rvík. Þar var stofnað mjög víðtækt félag af æði mörgum mönnum, sem ég kæri mig ekki um að nefna, en það komst síðar í algerð vandræði með eignina án þess að gera þar nokkuð. Var svo gengið á það lagið að fá bæinn til þess að kaupa, og komst eignin í eigu Rvíkur fyrir 150 þús. kr. Hún stendur nú Rvík í 300 þús. kr. vegna vaxtanna, sem á kaupverðið hafa hlaðizt síðan. Þetta land er því sannarlega fullu verði keypt af Rvík. Ég geri ráð fyrir, að Rvík mundi leyfa þeim, sem þarna vildu setjast niður með sínar driftir, að gera það, en þeir yrðu auðvitað að greiða fyrir það og hlíta því verði, sem Rvíkurbær setti, þar sem þetta land er orðið honum svo mjög dýrt. Hinsvegar mun Rvík í lengstu lög hamla á móti því, að fólk setjist að á þessum löndum, því það mundi vitanlega draga frá Rvík. Rvík mun framvegis eins og hingað til reyna að koma í veg fyrir, að bæir rísi upp í nágrenninu, a. m. k. á hennar landi. Af þeim ástæðum, sem ég hefi áður nefnt, er heldur engin hætta á, að hér í kringum Rvík rísi upp nýir smábæir. Það vantar allt auðmagn til þess að reisa slíka bæi með öllu, sem þar til heyrir, til þess að hægt sé að hafa driftir og atvinnurekstur í stærri stíl. Það er þessi mikli misskilningur hjá hv. þm. Hann hefir ekki fullt yfirlit yfir, hvað af því leiðir, hvernig þessum málum er komið nú, að Rvík hefir töglin og hagldirnar á þessum löndum.

Hv. þm. telur, að Rvík reki engin nauðsyn til að fá þetta svæði til umráða, sem um er að ræða. En það er nú samt svo um Rvík, að hún hefir ekki nægilega góða og rúmgóða ytri höfn til þess að leggja þeim skipum á, sem þurfa að hafa fullt öryggi, það öryggi, sem tryggingarfélögin heimta, þegar skipunum er lagt að vetrarlagi. Hún hefir ekki nógu stórt pláss fyrir skipastólinn, og því síður nógu gott, ef ekki er undið að því að færa Eiðsvík undir höfnina, svo hægt sé að fá þann styrk lögum samkv., sem þarf til þess að ryðja úr vegi þeim hindrunum, sem á víkinni eru og gera ómögulegt að leggja skipum þar eins og er, svo örugg séu. Þetta er því meiri nauðsyn heldur en hv. þm. Borgf. hyggur. Það þarf mikið pláss til þess að koma fyrir mörgum skipum, sem liggja við festar sínar og snúast um þær. Þegar allur flotinn liggur inni á Kleppsvík og suður á Skerjafirði, er alstaðar of þröngt, og undir þeim kringumstæðum eru vandræði að fá þessa staði viðurkennda örugga af viðkomandi tryggingarfélögum. Þess vegna vantar okkur Eiðsvík, hún er öruggasti staðurinn, sem hægt er að fá. (**BSt:** En því þá ekki Hafnarfjörð líka?) Ég hugsa, að hv. þm. viti það, að Hafnfirðingum veitir ekki af firðinum fyrir sín skip. En hér er ekki um það að ræða að ganga á hluta nokkurs manns. Með brtt. hv. þm. N.-Ísf. er einmitt fyrirbyggt, að gengið sé á rétt Viðeyjar, sem er eina landið, sem að höfninni liggur og ekki er í eigu Rvíkur. Með þeirri till. er Viðey skapaður sá réttur, sem gert er ráð fyrir, að hún geti haft þörf fyrir á komandi tímum.

Hv. þm. Borgf. stakk upp á, að verið væri að sækjast eftir þessu svæði vegna flughafnar, sem þar gæti komið til mála að gera. Hann gætir þess ekki, að í brtt. á þskj. 535 er svo rækilega gengið frá því, að þeir í Viðey hafi fullan rétt til hafnargerða umhverfis eyna, hverju nafni sem nefnast. Og það verða ekki tekin hafnargjöld í Rvík af slíkum úthöfnum. Það hafa ekki verið og verða ekki tekin gjöld af ytri höfninni, nema það, sem nauðsynlegt og sjálfsagt er, að greitt sé fyrir starf hafnsögumanns og þeirra, sem settir eru til þess að skapa öryggi, með því að líta eftir, að vel sé frá skipunum gengið, að þeim sé raðað á sem haganlegastan hátt o. s. frv. Hv. þm. Borgf. gekk svo langt að tala um, að það mundi verða farið að taka gjald af mönnum, sem veiða hér í sundunum. Slíkum fjarstæðum má hrúga upp af ókunnugleika og illvilja, en að þeim er ekki orðum eyðandi.

Það má segja, að það sé á sömu bókina lært hjá hv. þm., þegar hann er að tala um hina miklu möguleika á Gufunesi og Eiðsvík, sem Rvík vilji með þessu draga undir sig. Það stendur nú svo á, svo sem margtekið er fram, að Rvík á þarna landið allt og 60 faðma fram frá stórstraumsfjöruborði. Það er því aðeins miðbikið úr Eiðsvík, sem hér er um að ræða, að Rvík fái umráð yfir. Það er enginn vafi á því, að þetta mál veldur engri misklíð við viðkomandi hreppsbúa, íbúa Mosfellshrepps. Það sýnir sig svo glögglega í áliti hreppstjórans, að um það þarf ekki að deila. Þeir hafa síður en svo haft á móti því, að Rvík ætti landið þarna, og munu þeir því ekki heldur hafa á móti því, að hún noti þær víkur, sem að því liggja.

Ég þarf ekki mikið að minnast á ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann vildi aðeins fyrirbyggja það, að Rvík gæti á nokkurn hátt gengið á rétt annara. Kröfur hans til handa hinum smærri aðiljum þessa máls eru þó ekki víðtækari en það, að hann ber nú fram brtt., sem samkomulag varð um hjá okkur, um að Viðey haldi þeim réttindum, sem ákveðið er, að hún á að hafa, að hún megi gera hverjar þær hafnargerðir sem henni sýnist. Með því fær hann allt, sem hann óskar að fá. Aftur á móti tel ég alveg óhæft, að það standi í hafnarlögunum, að skip, sem afgreidd eru í Viðey, skuli ekki vera gjaldskyld til Rvíkurhafnar, eins og hv. þm. leggur til í niðurlagi brtt. sinnar. Það fer algerlega í bága við hinn daglega rekstur hafnarinnar, ef ekki má taka gjöld af þeim skipum, sem nota Rvíkurhöfn, ef þau eru að einhverju leyti afgreidd í Viðey. Þau skip, sem fyrst koma til Viðeyjar, inna sín gjöld af hendi þar, en þau, sem koma til Rvíkur, en eiga þó á eftir að fara til Viðeyjar, verða að inna gjöldin af höndum í Rvík. En ef þessi setning væri í hafnarlögunum, sem ég legg til, að felld sé aftan af brtt. hv. þm. N.-Ísf., þá mætti af engum skipum taka gjöld í Rvík, ef þau eiga líka að koma til Viðeyjar. Þetta er svo mikil fjarstæða, að óþolandi væri að láta það sjást í lögum frá Alþingi.

Bergur Jónsson: Við 2. umr. þessa máls beindi hv. þm. G.-K. þeirri ósk til allshn., að hún leitaði umsagnar hlutaðeigenda um það, hvort þeir hefðu nokkuð við ákvæði 1. gr. frv. um takmörkun Rvíkurhafnar að athuga, eins og gr. var samþ. við 2. umr. Út af þessu átti ég tal við bæjarfógeta Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem jafnframt er oddviti sýslunefndar Kjósarsýslu, og hann lýsti því yfir og sagði, að ég mætti hafa það eftir sér, að hann hefði fyrir sitt leyti og sýslunnar ekkert við þessa takmörkun Rvíkurhafnar að athuga. Eftir þessu virðist hv. þm. Borgf. með óbeðinn erindisrekstur fyrir þá, sem hlut eiga að máli, þegar hann er að óskapast hér yfir yfirgangi og ásælni Rvíkur. A. m. k. kemur mér það undarlega fyrir, ef Kjósarsýsla hefir óskað eftir þeim erindisrekstri.

Pétur Ottesen: Ég skal strax svara hv. þm. Barð. Hann skauzt hér inn og sagði frá, að hann hefði talað við bæjarfógetann í Hafnarfirði og kvað hann ekki hafa mótmælt f. h. Kjósarsýslu þeim takmörkum Rvíkurhafnar, sem í frv. eru ákveðin. Því er þá fyrst til að svara, að bæjarfógetinn hafði ekki borið þetta undir sýslunefndina í Kjósarsýslu og ekki heldur undir viðkomandi hreppsfélag, sem þetta snertir sérstaklega. Hinsvegar liggur hér fyrir bréf frá hreppstjóra Mosfellshrepps, sem í felast ströng mótmæli gegn

þeirri breyt. á takmörkum hafnarinnar, sem hér um ræðir. Ennfremur eru á leiðinni skjalleg mótmæli frá oddvita Seltjarnarneshrepps, sem ég vona, að geti komið hér fram áður en umr. er lokið. Það er því ekki ofmælt hjá mér, að þeir réttu aðilar, sem hér eiga hlut að máli og mest kemur þetta við, hafi allir mótmælt þeim yfirgangi og ásælni Rvíkur, sem hér kemur fram, eins og sömu aðilar hafa áður mótmælt, þegar Rvík hefir verið að seilast til landa í nágrenni við sig. Nú nægir henni ekki lengur að ná undir sig landinu, heldur þarf hún að fá sjóinn líka.

Þá skal ég svara hv. 1. þm. Rang. nokkrum orðum. Hann talaði um, að Rvík ætti eiginlega allt landið, sem höfnin ætti að liggja að og til mála kæmi að nota. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt. Þó gert sé ráð fyrir, að hafnarsvæðið nái ekki nema að netalögum fram af landi Keldna og Grafar, þá hagar nú svo til, að ekki yrði hægt að komast inn á Grafarvog eða að löndum Keldna og Grafar, nema fara yfir Rvíkurhöfn, ef hún er takmörkuð eins og frv. gerir ráð fyrir. Þeir, sem vildu nota strandlengjuna þar, gætu það því ekki nema með því móti að fara um Rvíkurhöfn og yrðu þá um leið að sæta þeim kvöðum, sanngjörnum eða ósanngörnum, sem yfirstjórn Rvíkurhafnar þóknast að setja. Og hv. þm. gaf glögga skýringu á því, hvað fyrir Rvík vekti. Hann sagði blátt áfram, að það væri meiningin að koma í veg fyrir, að hér risu upp bæir í nágrenninu, sem svo kæmu til með að keppa við Rvík. Hér er þá komin bein yfirlýsing um það, hvað yfirgangur og ásælni Rvíkinga á að þýða. Þeir ætla sér að hrifsa undir sig alla möguleika, sem til þess eru hér nærlendis að koma upp höfnum eða hafnarmannvirkjum. Það er vitanlega af því, að hér á höfninni verða menn að sæta þeim afarkostum hvað hafnargjöld snertir, að menn myndu miklu vilja til kosta til þess að geta afgreitt skip sín hér annarsstaðar, bara til þess að komast undan því okri, sem er að sliga útgerðina og aðra, sem hér þurfa að koma að landi.

Hv. þm. var eitthvað að tala um, að það þyrfti svæði til þess að geyma skipin á. Já, það er líka stórt svæði, sem Rvík hefir yfir að ráða með þeirri nýju aðstöðu, sem hún hefir nú fengið við Skerjafjörð. Það er því ekki annað en yfirdrepsástæða, að Rvíkurhöfn þurfi að færa meira út kvíarnar vegna þrengsla.

Hv. þm. var mjög hneykslaður á því, að ég talaði um möguleikann til þess, að farið yrði að skattleggja veiði hérna í sundunum. En ég held, að það sé nú engin fjarstæða að láta sér detta slíkt í hug, því yfirleitt eru notaðir allir möguleikar, sem fyrir hendi eru, til þess að ná gjöldum af þeim, sem upp á það þurfa að vera komnir að nota höfnina hérna.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Vegna þeirrar yfirlýsingar sýslumannsins í Hafnarfirði, sem hv. þm. Barð. sagði frá hér áðan, vil ég geta þess, að samkv. bréfi frá oddvita Seltjarnarneshrepps hefir hreppsnefndin þar „— — — ákveðið á fundi sínum hinn 23. þ. m., að mótmæla því ákvæði frv. þessa, sem leitt getur til þess, ef að lögum yrði, að skip, sem liggja á venjulegri skipalegu téðra eyja, verði skattskyld til Rvíkurhafnar. Væntir hreppsnefndin, að háttvirt Alþingi taki þessi mótmæli til greina".

Þeir vilja að sjálfsögðu, hreppsbúarnir, vernda rétt sinn til þess að hafa kvaðalausan rétt áfram til þess að reka útgerð frá þessum eyjum, þannig, að skip þaðan, sem þar eru afgreidd, verði ekki gjaldskyld til Rvíkurhafnar nema því aðeins, að þau noti innri höfnina. Fram á þetta er farið í brtt. minni á þskj. 535. Vænti ég, að hv. d. taki fullt tillit til þessa atriðis. Alþ. má aldrei gera upp á milli sveitarfélaga, þannig að eitt fái rétt til þess að skattleggja framleiðslu eða framkvæmdir innan takmarka annars.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Ísf. töluðu um mótmæli hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps. Það er nú komið á fullt samkomulag. Það er því svo, að þótt þeir óski e. t. v. breyt. á frv., þá er nú orðið á engan hátt ósamkomulag um efni þess. Ef hv. þm. N.-Ísf. tekur ekki aftur síðari hl. brtt. sinnar, „enda eru þau skip, sem afgreidd eru í Viðey, ekki gjaldskyld til Rvíkurhafnar", þá getur hann valdið misskilningi, þannig að ef skip, sem afgr. er í Viðey, kemur á

eftir til Rvíkur, þá teljist það ekki gjaldskylt til Rvíkurhafnar. Til þess að útiloka þetta, vil ég leyfa mér að koma hér fram með skrifl. brtt. sem viðauka við brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 535. Hún hljóðar svo: „Aftan við brtt bætist: vegna þeirrar afgreiðslu“. Verði brtt. þessi samþ., þá hygg ég, að ekki þurfi að verða deila út úr þessu á milli Rvíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 578) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Ólafsson: Hv. þm. Borgf. gerði lítið úr því, að þeir, sem nú eru veðhafar í Viðey, hefðu gert sig ánægða með brtt. hv. þm. N.-Ísf. Ég hafði alls ekki búizt við, að út af jafnlitlu atriði sem þessu gæti nokkrum dottið í hug svo smásálarleg hugsun, að menn gætu aldrei gert neitt nema í eigingjörnum tilgangi, hversu lítið sem það væri. Það er hrein og bein ofraun að ætla nokkrum manni slíkt. Ég er kunnugur bréfi hreppstjórans í Mosfellshreppi. Hann á land þarna út í miðjan Grafarvog, en telur sig engu skipta, hvernig þetta fer, því að það muni aldrei skerða rétt hans, því að um fjöru eru leirur þær, er tilheyra honum af voginum, alveg þurrar, en þó dettur hv. þm. Borgf. í hug, að þarna sé um eitthvað dýrmætt hafnarstæði að ræða, þar sem hægt sé að skattleggja skip, sem þangað eiga að fara, fyrir siglingar um ytri höfn Rvíkur. Það er svo sem ekki hætt við öðru en farið verði að sigla inn á þessa höfn, sem alveg er á þurru um fjöru. Ég held nú, að allir hljóti að sjá, að þessi staðhæfing er svo fráleit, að hún hlýtur að falla um koll af sjálfu sér.

Þá talaði hv. þm. um okurgjöld hjá höfninni hér í Rvík. Ég veit ekki, hvaða ástæðu hv. þm. hefir til þess að kvarta undan þessum háu hafnargjöldum. Þeir, sem bera þau, hafa ekki kvartað, en í þeirra tölu er hv. þm. Borgf. ekki. Reynslan hefir samt orðið sú, að þrátt fyrir hin háu hafnargjöld hér, hefir okkur þó frekar en hitt vantað fé til þess að gera höfnina nógu virðulega og vel úr garði til þess að taka eins höfðinglega og vera ber á móti hv. þm. Borgf., þegar hann kemur siglandi hingað ofan af Skaganum með sínar þjóðfrægu kartöflur. Annars er það víst, að eins og nú standa sakir, er ekki nærri nógu mikið pláss á ytri höfninni, því að ganga verður út frá því, að útvegurinn haldist eins og hann er nú, því að mér hrýs hugur við að gera ráð fyrir, að hann gangi saman.

Hvað snertir brtt. hv. þm. N.-Ísf. verð ég að segja það, að hún hefði gjarnan mátt vera svo skýr, að hægt hefði verið fyrir hvern meðalgreindan mann að skilja hana eins og hún lá fyrir, en því er ekki að heilsa, þar sem hv. flm. hefir orðið að halda langa ræðu til þess að skýra, hvað hann eiginlega meinti með henni. Ég fyrir mitt leyti tek skýringu hans alls ekki til greina.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að samkomulag við Seltjarnarneshrepp er fengið, ef brtt. mín á þskj. 535 verður samþ., og ég mun fylgja viðbótartillögu hans.

Hvað snertir aðfinnslur hv. 1. þm. Rang. við brtt. mína, þá er það svo, að það er ekkert nýtt fyrirbrigði, þó að flm. mála skýri þau. Hafa umsagnir flm. oft verið látnar nægja, þegar deilt hefir á um skilning sérstakra ákvæða.

Mér er ekki kunnugt um, að fullt samkomulag sé fengið um þetta mál við Mosfellshrepp. Ég hefi ekkert í því gert, því ég bjóst við, að n. myndi ganga frá því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 558 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, PO, SvÓ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ, LH.

nei: MJ, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, HG, HV, JÓl, JónasÞ, JörB.

Fjórir þm. (ÓTh, BKr, EA, IngB) fjarstaddir.

Brtt. 520 tekin aftur.

— 554 samþ. með 14:9 atkv.

— 578 tekin aftur.

— 535 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 432,1.a samþ. með 13:3 atkv.

— 432,1.b samþ. með 15:2 atkv.

Brtt. 432,1.c samþ. með 16 shlj. atkv.
— 432,2 samþ. án atkvgr.
— 432,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, HG, HV, IngB, JÓl, JónasÞ, MJ, JörB.

nei: PO, BSt, BÁ, GÍ, HStef, HJ, JJós, JAJ, LH, MG.

Þrír þm. (ÓTh, BKr, EA) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 579).

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 579, n. 690).

Frsm. (Pétur Magnússon): Þær breyt., sem þessu frv. er ætlað að gera á gildandi lögum, eru tvennskonar. Annarsvegar er breyt. á ummerkjum hafnarinnar, hinsvegar breyt. á stj. hafnarmálanna, að vísu ekki stórvægileg.

Eins og kunnugt er, hefir Skildinganes nú verið lagt undir Rvíkurbæ, og af því leiðir, að gera þarf breyt. á ummerkjum hafnarinnar. Hún hefir hingað til takmarkazt að vestanverðu af Eiðsgranda, en að austan af Elliðaárósum. Síðan þau ummerki voru ákveðin, hefir lögsagnarumdæmið verið fært út, þegar Árbær og Ártún voru lögð undir bæinn, og þykir því rétt að færa höfnina út samsvarandi. En það atvikaðist einhvern veginn svo í hv. Nd., að höfnin komst út fyrir þessi takmörk, án þess að sýnilegt sé, að kaupstaðurinn hafi af því nokkra hagsmuni. Ef um það væri að ræða að fara með takmörk hafnarinnar út fyrir takmörk lögsagnarumdæmisins, þá væri sjálfsagt að fara út á Geldinganestá, þannig að Eiðsvík lenti innan hennar. Þar mun vera allgott skipalægi. En eins og frv. nú er, lendir víkin fyrir norðan takmörk hafnarinnar. Í 1. gr. frv. hafa þar að auki slæðzt villur og ambögur. Þar er ein jörð rangnefnd. Þar eru undanskilin höfninni Grafarvogur og netlög fyrir landi Grafar og Keldna, þótt Gröf og Keldur eigi þá alls ekki land að höfninni.

Að þessu athuguðu þótti n. rétt að binda takmörk hafnarinnar við strandlengju lögsagnarumdæmisins, og leggur hún því til að færa takmörkin að austanverðu að Árbæjarhöfða. Með því lendir Elliðaárvogur og Kleppsvík innan hafnarinnar, og má telja það nokkurn kost fyrir hana.

N. þótti rétt að halda þeim tryggingarráðstöfunum viðkomandi eyjunum, sem í frv. eru, og hefir því tekið þær upp óbreyttar. Að sunnanverðu er höfnin á sama hátt takmörkuð við strandlengju lögsagnarumdæmisins og nær svo langt út sem skipalægi getur talizt.

Með 3. gr. frv. er gerð breyt. á stj. hafnarmálanna og miðar að því að koma henni í samræmi við ákvæði gildandi laga um stj. bæjar- og sveitarmálefna. Þar er gert ráð fyrir, að hafnarnefnd verði kosin hlutfallskosningu, og er eðlilegt, að sú aðferð verði höfð um kosningu hennar eins og annara nefnda bæjarstjórnar. Allshn. hefir þótt rétt að taka upp í frv. ákvæði um það, að kjósa megi borgarstjóra og hafnarstjóra formann nefndarinnar, þó ekki hafi þeir atkvæðisrétt þar. Þeir hafa báðir fullt svo góða aðstöðu til að vera formenn þar eins og hinir kosnu nefndarmenn.

Þá er það 4. gr. Þar er það lögfest, sem hingað til hefir verið reglugerðarákvæði, að skipa skuli hafnarstjóra til að annast daglegar framkvæmdir og umsjón hafnarinnar. Það liggur í augum uppi, að annað eins fyrirtæki og Rvíkurhöfn kemst ekki af án þess að hafa fastráðinn yfirmann.

Í 5. gr. er ákvæði til að tryggja nánar en nú er, að eignum hafnarinnar verði aðeins varið í hennar þágu, og að hafnarnefnd hafi vald yfir þeim.

F. h. allshn. vil ég eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. með brtt á þskj. 690.

Jón Baldvinsson: Mér skilst, að með brtt. n. sé nokkur takmörkun gerð á frv.

eins og það nú liggur fyrir og samþ. var í Nd. En ég skal ekki fara nánar út í það. Hitt vil ég benda á, að vel getur svo farið, að frv. nái ekki afgreiðslu nú, ef það á að fara að hrekja það milli deilda. Ég mun því greiða atkv. móti brtt.

ATKVGR.
Brtt. 690,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 690,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 715).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 715).

Á 75. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 746).

---

52. Fasteignalánafélög.

Á 51. fundi í Ed., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög (þmfrv., A. 404).

Á 53. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég get f. h. fjhn. vísað til grg. fyrir frv. Það fer ekki fram á annað en heimild fyrir fjmrh. til að veita viss hlunnindi félögum fasteignaeigenda, sem stofnuð kunna að verða til þess að hafa samtök um útvegun annars veðréttar lána, á svipaðan hátt og tíðkast í slíkum félögum erlendis. Þessi hlunnindi eru útlátalaus fyrir ríkissjóð að því leyti, að það, sem fram á er farið, eru aðeins eftirgjafir á gjöldum, sem fela ekki í sér annað en það, að lántakendur þurfi ekki að greiða meira í ríkissjóð fyrir það, þó að fasteignalánafélögin komi milli þeirra og lánveitenda; m. ö. o., að það þurfi ekki tvisvar að greiða stimpilgjald af sömu lánsupphæðinni og félögin fái ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sig. Þetta eru sömu hlunnindi, sem veitt hafa verið veðdeild Landsbankans og því fasteignalánafélagi, sem hér er og tekið hefir að sér að útvega fyrsta veðréttar lán. Það er hin mesta þörf á að koma skipulagi á lánveitingar út á 2. veðrétt í fasteignum hér, því að það er orðið áberandi, að menn, sem fást við að lána út fé, gera sér það að féþúfu að lána út á annan veðrétt gegn óvenjulega háum vöxtum, þótt um alveg trygg lán sé að ræða.

N. vonar, að þetta meinlausa frv. fái greiðan gang gegnum hv. d. Hér er aðeins um heimildarlög að ræða, og verður framtíðin að sýna, hvort heimildin kemur að notum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Ég vil aðeins beina þeirri spurningu til fjhn., hvort nokkuð sé á bak við þetta frv., þ. e. a. s. myndun nokkurs félagsskapar, sem líklegt sé, að taki til starfa, ef frv. verður að lögum. Samskonar hlunnindi og hér er farið fram á voru samþ. fyrir lánsfélag 1928, en þá var fyrir hendi beiðni frá manni eða félagi, sem hafði fé fyrir hendi eða von um það. Ég vildi því spyrja um, hvort nokkuð slíkt lægi fyrir hendi nú. Ég geri ráð fyrir, að litlir möguleikar séu eins og stendur fyrir sölu skuldabréfa slíks félags innanlands, og vildi því spyrja um, hvort horfur væru á slíkri sölu erlendis.

Ég mun ekki leggjast á móti frv., en býst þó við, að ekki sé brýn nauðsyn á lagasetningu sem þessari, ef enginn félagsskapur stendur á bak við. Hitt er nauðsyn, og hún brýn, að gera veðdeild Landsbankans kleift að starfa og veita 1. veðréttar lán og stuðla að því, að menn geti komið veðdeildarbréfum í peninga án þess að sæta afarkjörum. Nú munu bréf þessi ganga kaupum og sölum undir 70% af nafnverði. Ég teldi rétt, áður en frv. þetta verður samþ. að athuga þá möguleika, hvort ekki sé hægt að láta veðdeild Landsbankans starfa svo, að að fullu gagni komi. Mér hefir verið sagt, að Landsbankinn hafi keypt veðdeildarbréf fyrir vissa fúlgu á mánuði fram á síðasta ár. Síðan bankinn kippti að sér hendinni hafa bréfin stórhrapað í verði, til stórtjóns fyrir alla þá, sem byggja, og afleiðingin er sú, að húsaleigan helzt jafnhá og áður, þótt eitthvað sé byggt.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég vil lýsa yfir því, að frv. er borið fram sem hreint skipulagsmál, án þess að nokkur félagsskapur liggi fyrir. Í grg. frv. er vikið að ástæðum fyrir því, að það er borið fram. En ég get bætt því við, að þar, sem er komið skipulag á fasteignalánastarfsemi, hefir alstaðar reynzt svo, að auk 1. veðréttar lána hefir reynzt óhjákvæmilegt að mynda félög til að koma skipulagi á 2. veðréttar lán. Ég hygg, að lagaheimild sem þessi ýti undir stofnun slíkra lánsfélaga hér. Ég ætla, að hér sé eins ástatt og í Danmörku, að hentugast sé, að þessi lánsfélög, sem þar eru kölluð „Hypotekforeninger", nái ekki yfir mjög stór svæði, heldur t. d. einn kaupstað og umhverfi hans.

Í þessu frv. er ekki verið að tala um að útvega fjármagn. Hér er aðeins um heimild að ræða, sem er allt annars eðlis en heimild sú, sem veitt var lánsfélagi 1928. Það lánsfélag bættist inn á sama svið og veðdeild Landsbankans og Búnaðarbankinn. Á því sviði var fullkomin ástæða til að hafa gát á að gefa ekki heimild, nema fyrir lægi möguleikar um fjármagn. Hér er hins vegar um það að ræða að færa út verksvið skipulagsins eins og það þarf að vera til þess að fasteignalöggjöfin verði viðunandi. Ég hygg því, að engin ástæða sé til þess að áskilja það, að félagið verði stofnað áður.

Mér er nokkuð kunnugt um, hvernig ástandið er í þessum efnum hér í Rvík. Flestir hafa þurft 2. veðréttar lán til viðbótar við 1. veðréttar lánin úr veðdeild Landsbankans eða söfnunarsjóði. Menn hafa venjulega fengið þetta fé, af því að peningarnir eru til, en orðið að sæta okurkjörum, jafnvel gjalda 20% ársvexti gegn öðrum veðrétti og fullri tryggingu. Ég álít, að löggjafarvaldið eigi að stuðla að því, að menn þurfi ekki að sæta slíkum kjörum. Hér er ekki verið að tala um að útvega fjármagn, heldur að búa svo um hnútana, að menn þurfi ekki að sæta okurkjörum, þegar nóg fjármagn er til í landinu til tryggra lána.

Þá talaði hv. 2. landsk. um nauðsyn þess að koma veðdeild Landsbankans í starfræksluhorf. Nú hefir aðalkaupandi veðdeildarbréfanna, Landsbankinn, dregið sig í hlé, svo að menn verða að selja þau sjálfir eftir því sem bezt gengur. Nú munu menn yfirleitt ekki fá meira en 75% fyrir bréfin, en ekki veit ég til, að þau hafi farið niður fyrir 70%. Má segja, að þetta sé óviðunandi, en þó vafasamt, hvort þetta verð er ekki í samræmi við þá þröng, sem kreppunni fylgir.

Ég álít, að af hálfu löggjafarvaldsins liggi fyrir allt, sem þarf til þess að koma starfsemi veðdeildarinnar í það horf, sem peningamarkaðurinn leyfir á hverjum tíma. Með lögum um ríkisveðbanka er

allt það gert, sem löggjafarvaldið getur gert til þess að veðdeild Landsbankans og Búnaðarbankans geti útvegað sér lánsfé. Ef gera á eitthvað frekara í því efni, verður það að vera banka- og stjórnarframkvæmdir. Hitt sporið, að stofna 2. veðréttar lánafélög, er hinsvegar ekki hægt að stíga, fyrr en löggjafarvaldið hefir stigið fyrsta sporið, eins og til er ætlazt með þessu frv.

Við síðustu bæjarstjórnarkosningar fyrir tveim árum hélt einn góður borgari, sem var kosinn af Framsóknarflokknum, því fram, að hið fyrsta, sem fyrir lægi, væri að koma skipulagi á 2. veðréttar lán til húsabygginga. Síðan hefir ekkert verið gert í þessu efni, og fyrsta sporið er að fá slíka lagaheimild. Ég vil því vona, að hv. 2. landsk. setji sig ekki á móti frv., þótt enginn undirbúningur sé um öflun fjármagns.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mér var sýnt frv. þetta áður en það var lagt fyrir deildina. Ég sé ekkert athugavert við það, þótt þessi breyt. verði gerð. Ég álít, að hún geti komið að gagni, en geti ekki gert miska. Eins og stendur verða menn að sæta okurkjörum um lán út á alla veðrétti nema þann fyrsta. En umbætur á þessu verða að gerast fyrir samstarf manna sjálfra, og er þá síður hætta, að kallað sé á ríkisvaldið til hjálpar, nema um skattfrelsi á bréfunum, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Jón Baldvinsson: Ég var ekki að setja mig upp á móti frv., heldur aðeins að leita upplýsinga. Nú hefir hv. 1. landsk. upplýst, að enginn félagsskapur standi að baki frv. Má vel vera, að frv. þetta komi að gagni síðar, þótt ég efist um, að svo verði. Þegar svipuð löggjöf var á ferðinni 1928, fullyrtu þeir, sem að henni stóðu, að fé væri fyrir hendi, sem og var, því að það lánsfélag mun hafa lánað út um 2 millj. kr. Fjmrh. hefir nú lagt blessun sína yfir málið, og styrkir það auðvitað framgang frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 404).

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 73. og 74. fundi í Nd., 12. og 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 404, n. 688).

Frsm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Fjhn. hefir komið sér saman um að mæla með því, að frv. þetta gangi óbreytt fram. Þetta frv. er einfalt og er frá efni þess skýrt í grg., svo að óþarfi er að mæla frekar með því. Það gekk ágreiningslaust í gegnum hv. Ed., og eins ætti að geta orðið hér.

Á þingi 1928 voru sett l. um lánafélög, sem miðuð voru við 1. veðrétt. En þó það sé gott og nauðsynlegt að geta fengið lán út á 1. veðrétt í húsum, þá er því samt svo varið, að á milli þeirrar upphæðar, er út á 1. veðrétt fæst, og þess framlags, sem eigandi hússins getur sjálfur látið í té, er oft talsvert bil, sem þarf að brúa. En það er oft erfiðast. Og í það bil eru sett þau lán, sem dýrust eru og mestu valda um það, að húsaleiga verður óhæfilega dýr. Er því mikilsvert, ef þessi l. gætu orðið til þess, að hæfilega dýr lán fengjust út á 2. veðrétt.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram, en vil vísa til grg. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 751).

53. Frystihús á kjötútflutningshöfnum.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum (þmfrv., A. 294).

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég skal ekki þreyta hv. d. með langri ræðu fyrir þessu frv., enda hefir mér ekki unnizt tíma til að búa mig undir slíkt. Hefði það þó óneitanlega verið fróðlegt og vel til fallið í sambandi við þetta mál að gefa hér nokkurt yfirlit um sölu aðalútflutningsvöru landbúnaðarins á þessari öld, en ég læt mér um þetta nægja aðeins að drepa á það helzta, sem gerzt hefir á allra síðustu árum.

Eftir ágreininginn við Norðmenn, sem leiddi til kjöttollssamninganna 1924, var sjáanlegt, að við áttum of mikið í húfi til þess að geta átt allt að kalla undir norska kjötmarkaðinum einum, sem auk þess fór síþverrandi. Því var það og, að kæliskipsnefndin var skipuð árið 1924.

Í framhaldi af starfi hennar var svo það, að Eimskipafél. með aðstoð ríkisins eignaðist skipið Brúarfoss, með fullkomnum frystiútbúnaði, og var með því gerður mögulegur útflutningur á frosnu kjöti héðan á erlendan markað í allstórum stíl.

Jafnframt var þá ríkisstj. veitt heimild til að veita lán úr viðlagasjóði til frystihúsabygginga. Á þeim grundvelli voru síðan reist frystihúsin á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Kópaskeri og Reyðarfirði.

Nú síðast hefir verið reist mikið frystihús hér í Rvík, að vísu fyrst og fremst til annara afnota, og víðar eru frystihús, sem nota má í þessu skyni, en nú eru notuð til annars, svo sem við Eyjafjörð, í Dalvík og Grenivík.

Vegna þessara ráðstafana hefir útflutningur á frystu kjöti smáaukizt. Af síðasta árs framleiðslu var alls flutt út 260 þús. fjár, þar af ca. 95 þús. fryst, en ca. 165 þús. saltað eða drjúgum meir en þriðjungur af frystu kjöti. Þetta má auka dálítið með því að nota frystihúsin meira, og sumpart með því að grípa til annara í viðbót, eins og t. d. frystihúsanna við Eyjafjörð, sem ég áður nefndi.

Reynslan er yfirleitt góð af sölu frysta kjötsins. En mest er um það vert, hve stórkostlega hún léttir undir með saltkjötsmarkaðinum, svo að hægt hefir verið að halda verðinu stórlega uppi í Noregi hjá því, sem annars hefði verið.

Nú er svo komið, að saltkjötsmarkaðurinn erlendis þrengist meir og meir með hverju árinu, sem líður. Er afarerfitt um sölu saltkjötsins nú, og verður lítið selt nema í Noregi, en þar er sem annarsstaðar nú í kreppunni hafin öflug sókn í þá átt að nota sem mest innlendar vörur.

Norski landbúnaðurinn nálgast það nú meir og meir að fullnægja heimamarkaðinum og er smátt og smátt að útrýma okkar kjöti. Við þetta bætist, að nú hefir kjöttollssamningnum frá 1924 verið sagt upp, og enn hefir ekki tekizt að fá hann framlengdan. Í samráði við utanríkismálanefnd var sendiherra okkar í Kaupmannahöfn að vísu sendur í þeim erindum til Noregs. En tíminn var óhagstæður, því að einmitt um það leyti voru að fara fram miklar breyt. á norsku stjórninni, og varð sendiherra af þeim ástæðum að fara, áður en hann hafði lokið erindum sínum. Hinsvegar lofaði norska stj. því, að gera honum viðvart, er hún væri tilbúin til viðtals um samninga, til þess að hann þá gæti komið á fund hennar til frekara samtals, og reynir nú á, hversu fer um það mál.

En norski markaðurinn einn er svo þröngur, að við verðum að vinna að því af öllum mætti að ná undir okkur markaði fyrir kjötið annarsstaðar, hvernig sem fer um framlenging samningsins.

Það, sem nú liggur fyrir fyrst og fremst í þessu efni, er að herða sem mest á byggingu frystihúsanna, svo að við verðum þess megnugir að hagnýta okkur enska markaðinn meira en nú er. Engin ástæða er til að óttast, að hann taki ekki á móti meira kjöti frá okkur en hann nú gerir. Viðlagasjóðsaðstoðin um þetta er nú ekki lengur fyrir hendi, og þess vegna höfum við, hv. þm. S.-Þ. og ég, borið fram þetta frv.

Í frv. er farið fram á það, að stj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum. Höfum við í 2. gr. frv. bundið ábyrgðina sömu skilyrðum og giltu á sínum tíma um viðlagasjóðslánin. Að því er upphæðina snertir, þá vil ég gera grein fyrir því, við hvað hún er miðuð. Þeir, sem kunnugastir eru þessum málum, álíta, að þörf sé að reisa frystihús þegar í sumar, einkum á 3 höfnum: Stykkishólmi, Borðeyri og Vopnafirði. Á öllum þessum stöðum eru hús fyrir, sem hægt er að nota í þessu skyni. Þarf því ekki að reisa húsin af stofni, en nóg að gera við þau. Er áætlað, að húsaðgerðin í Stykkishólmi muni kosta um 15000 kr. og vélarnar 40000 kr. Á Borðeyri er húsaðgerðin áætluð 20000 kr. og vélar 50000 kr. Á Vopnafirði er gert ráð fyrir, að aðgerðin á húsinu þar muni kosta 20000 kr. og vélarnar 40000 kr.

Alls er þá á þessum þrem kjötútflutningshöfnum gert ráð fyrir 185000 kr. kostnaði vegna frystihúsanna. En auk þess eru aðrir staðir, sem einnig er nauðsynlegt að reisa frystihús á, ef ekki í sumar, þá a. m. k. ekki síðar en á næsta ári. Þessir staðir eru Djúpavogur, Þórshöfn, Hólmavík og Borgarnes. Loks þarf áður langt líður að reisa frystihús í Vík í Mýrdal og Höfn í Hornafirði.

Þó að þessir staðir séu nefndir til sérstaklega, sem ég nú hefi nefnt, ber engan veginn að líta svo á þetta, að það sé eingöngu gert fyrir þau héruð, sem að þeim liggja. Ef hægt verður að koma upp þessum frystihúsum, sem ég nefndi, til viðbótar þeim, sem fyrir eru, er ekki vafi á því, að við getum komið megninu af útflutningskjöti okkar á enska markaðinn. Ætti þá að draga úr þeim vandræðum að mestu, sem nú eru á því að koma saltkjötinu út, því að með því að draga úr saltkjötsframleiðslunni yrði greitt fyrir sölu þess, sumpart innanlands og sumpart utanlands. Stafar því landbúnaðinum í heild sinni mikið gagn af slíkum ráðstöfunum.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til hv. landbn.

Magnús Guðmundsson: Ég kveð mér ekki hljóðs af því, að ég sé andvígur þessu frv., en ég vildi aðeins í sambandi við það leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort þau frystihús, sem þegar hafa reist verið án styrks af opinberu fé, mundu ekki geta fengið þá ábyrgð, sem hér er um að ræða.

Mér er kunnugt um, að stj. vildi ekki fyrir nokkrum árum veita Sláturfél. Skagfirðinga hjálp til að koma upp frystihúsi þar á staðnum, og var því þá borið við, að ekki væri þörf á 2 frystihúsum á þessum stað, sem þá voru bæði í uppsiglingu. Reynslan hefir sýnt það, að þetta hafði við engin rök að styðjast, því að þótt húsin séu 2, verður oft að fresta slátrun á Sauðárkróki meðan beðið er eftir að skip sæki kjötið af því, sem slátrað er fyrri hluta kauptíðar, sökum þess, að bæði húsin eru full. Þetta umrædda fél. átti í miklum erfiðleikum með að koma húsinu upp, og á nú í vök að verjast um greiðslur á vöxtum og afborgunum af láni, sem fél. tók í þessu skyni. Vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort þetta hús mundi ekki geta fengið styrk af þessu fé. Ég held, að þetta sláturhús sé eina húsið, sem reist hefir verið án opinberrar aðstoðar.

Það er nú að vísu svo, að það væri hlutverk Búnaðarbankans að réttu að veita þessa umræddu aðstoð, og bankanum var raunverulega lögð sú skylda á herðar, með því að fá honum viðlagasjóð, en þar sem bankinn getur ekki risið undir þessu, hefi ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að þessi ábyrgðarheimild verði veitt, enda þótt ég verði að líta svo á, að rétt hefði verið að láta meira af enska láninu renna í Búnaðarbankann en gert var.

Hæstv. forsrh. drap á norsku samningana. Er ég hræddur um, að það geti

dregizt nokkuð að semja á ný, ef bíða á um það boða frá norsku stj., en þetta mál þolir enga bið, og vildi ég því skora á hæstv. stj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að samningarnir mættu sem fyrst verða endurgerðir. Ég ætla, að það muni erfitt þegar á næsta árum að hrinda kjötsölumálum okkar svo áleiðis, að ekki þurfi að salta meira og minna af því kjöti, sem við flytjum út, og við verðum að horfast í augu við þann sannleika, að norski markaðurinn er eini markaðurinn, sem við eigum völ á fyrir saltkjötið, og reyna af þeim ástæðum að ná sem allra hagkvæmustum tollsamningum við Norðmenn. Mál þetta þolir því enga bið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það gladdi mig að heyra, að hv. 2. þm. Skagf. er meðmæltur þessu frv., og bjóst ég nú reyndar við því áður.

Að því er snertir fyrirspurn hv. þm., þá vil ég fyrst leiða athygli hans að því, að hér er ekki um styrkaðstoð að ræða frekar en var, þar sem viðlagasjóðsaðstoðin var, heldur ábyrgð, og er þessi aðstoð þannig að vísu að þessu leyti minni viðlagasjóðsaðstoðinni, því að hún var fólgin í beinum lánum. Fyrirspurn hv. þm. var um það, hvort tilgangurinn væri að láta þetta ná einnig til þeirra frystihúsa, sem þegar hafa verið reist. Tilgangurinn með frv. er nú að vísu fyrst og fremst sá, að koma upp nýjum frystihúsum, en þetta má hinsvegar taka til athugunar í þeirri n., sem málið fær til meðferðar. Annars held ég, að eins sé ástatt um fleiri hús en þetta eina, sem hv. þm. nefndi, t. d. húsið á Húsavík. Hvort landbn. teldi rétt að láta þessi tvö hús koma undir ákvæði þessara laga, er atriði, sem n. athugar. Ég er sammála hv. 2. þm. Skagf. um, að í rauninni hefði það verið hlutverk Búnaðarbankans, og það hefði verið æskilegt, ef það hefði verið mögulegt, að beina meira fjármagni í þessa átt, þó að það sé orðið allmikið. En það er svo með Búnaðarbankann, að hann getur ekki nema að nokkru leyti innt af hendi þessa starfsemi, þegar svo mikið kallar að í einu eins og nú er.

Hv. þm. vék að norsku samningunum og sagði, eins og rétt er, að það hefði verið hljótt um það mál. En ég vil geta þess, að það er ekki af tilviljun, sem hefir verið hljótt um það mál. Það er eftir eindregnum ráðleggingum sendiherrans í Kaupmannahöfn. Hann lítur svo á, að það væri líklegra til að ná samningum að hafa hljótt um málið og gefa norskum blöðum ekki tilefni til að vitna í íslenzk ummæli, eins og agitationin er sterk í Noregi. Og ég get sagt hv. þm. það, að af hálfu stj. er gert allt til að reyna að fá farsælan enda á samningana.

Magnús Guðmundsson: Ég held, að ég hafi ekki haldið því fram, að það hafi verið veittur óafturkræfur styrkur til þessara frystihúsa. En það er náttúrlega ákaflega mikill styrkur að útvega lán með góðum kjörum, eins og viðlagasjóðslán. Það er svo mikill styrkur, að það nálgast það að fá ⅓ af framlagi, samanborið við það að fá lán gegn venjulegum bankavöxtum. Það eru einmitt þessi hlunnindi, sem þetta eina hús hefir farið á mis við, og það, að því er ég álít, fyrir ranga aðferð stj., því það var beinlínis svo, að það var neitað um lán til þessa húss, ef Sláturfél. Skagfirðinga væri með. Það hefir verið upplýst áður og það er hægt að gera það enn. En hvað snertir húsið á Húsavík, þá man ég ekki betur en að til þess hafi nýlega verið veitt lán úr Búnaðarbankanum. En það er langt frá mér að áfella það. Ég vil, að öll húsin hafi sömu kjör. En ef frystihúsið á Húsavík hefir orðið útundan, þá vil ég, að það verði leiðrétt líka.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið hljótt um hina norsku samninga, eftir ráðum sendiherrans. Ég get trúað þessu, og það var heldur alls ekki mín meining að blása málið út, og það hefir ekki verið gert af hálfu okkar Sjálfstæðismanna. En það hefir ekki alltaf og allra sízt af hálfu hæstv. forsrh. verið fylgt þeirri reglu að hafa hljótt um samninga við aðrar þjóðir meðan á þeim stóð. En ég viðurkenni, að það er rétt, sem sendiherrann segir, að það getur spillt mjög fyrir, og mætti benda á það út af gamla kjöttollssamningnum. Þá lét hæstv. forsrh. ekki vera hljótt um það mál. M. a. s. tóku norsku blöðin upp grein eftir hann, sem sumpart var tekin mjög óstinnt upp

og sumpart skilin þannig, að hægt væri að heimta hvað sem væri af okkur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Um frystihúsið á Sauðárkróki tel ég ástæðulaust að ræða frekar. Það var rætt mikið um það mál fyrir tveimur árum, og kom þá allt fram í málinu, sem þurfti að koma fram, og ég vísa til þess. Það er rétt, sem ég sagði um frystihúsið á Húsavík; það hefir ekki komizt undir lánskjör viðlagasjóðs.

Út af kjöttollssamningnum vil ég segja það, að það er um mjög margt önnur aðstaða nú en 1924. Ég er sannfærður um, að það hafi verið nauðsynlegt að vekja nokkurn storm um málið hér heima þá, enda var þá þannig ástatt, að við Íslendingar áttum miklu meira undir því að fá tollinn framlengdan þá en nú. Annars vil ég geta þess, að sú stj., sem fór þá með völd, beindi ekki neinni ósk til þáv. ritstjóra „Tímans" um að skrifa ekki um kjöttollssamninginn.

Magnús Guðmundsson: Það var ekki von, að stj., sem var hér á landi 1924, beindi beiðni til hæstv. forsrh., sem þá var ritstóri „Tímans", um að ræða ekki málið, vegna þess, að málið var komið af stað löngu áður en páv. stj. kom til valda. Hæstv. ráðh. sagði, að það hafi verið miklu meira að vinna með kjöttollssamningnum 1924 en nú. Það er sjálfsagt rétt, en þá var líka miklu meira að tapa með því að gera þetta að æsingamáli innanlands og í Noregi. Ef það er nauðsyn að þegja nú, þá var enn þá meiri nauðsyn að þegja þá.

Hvað viðvíkur frystihúsinu á Húsavík, þá man ég ekki betur en að það hafi verið veðdeildarlán, sem það fékk í Búnaðarbankanum. Það er lán með miklu betri kjörum en venjuleg bankalán. Ég mundi fyrir hönd Sláturfél. Skagfirðinga vera mjög ánægður með að fá lán með sömu kjörum, eða ábyrgð á láni með þeim kjörum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil bara minna hv. þm. á gamla máltækið: Það er tími til að tala og tími til að þegja. Og ég álít, að tími hafi verið til að tala 1924, en tími til að þegja nú, hingað til a. m. k.

Magnús Guðmundsson: Það getur vel verið, að það séu fleiri en hæstv. forsrh., sem vilja hafa atkv. um það, hvenær eigi að þegja eða tala. En ég vil ekki hlíta hans dómi um það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég segi eins og Sighvatur Sturluson sagði: Mér þykja mínir dómar merkari um það, hvenær eigi að þegja og hvenær tala.

Magnús Guðmundsson: Það er eins með mig; mér þykja mínir dómar merkari en hæstv. forsrh. um það, hvenær eigi að tala og hvenær þegja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 294, n. 377).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. mælir einhuga með því, að þetta frv. á þskj. 294 verði samþ. Það er eins og hv. þdm. vita og hæstv. forsrh. tók fram við 1. umr. þessa mál, að saltkjötsmarkaður okkar er í voða. Á undanförnum árum hefir nær allt okkar saltkjöt verið selt til Noregs, en nú er útlit fyrir, að sá markaður geti e. t. v. lokazt á næstu árum. Að vísu er það þó svo, að þeir, sem kunnugastir eru þessu máli, gera sér vonir um, að a. m. k. í náinni framtíð muni verða hægt að selja eitthvað ofurlítið af íslenzku kjöti í Noregi fyrir sæmilegt verð, en þó því aðeins, að framboðið sé mjög takmarkað. Verður því að létta á saltkjötsmarkaðinum á næstu árum, og það mikið. Ástandið er þannig nú, að af 250 þús. skrokkum, sem út eru fluttir árlega, er aðeins hægt að frysta 100 þús. í þeim frystihúsum, sem til eru nú. Nokkuð fleiri skrokka mætti e. t. v. frysta, ef við hefðum fleiri en eitt skip til að flytja frysta kjötið út, en nú höfum við aðeins Brúarfoss einan til þess. Það eru því um 150 þús. skrokkar, sem salta þarf niður. Nú hefir verið undirbúningur að því að reyna að byggja 3 ný frystihús á þessu ári, þrátt fyrir alla

erfiðleikana. Og það má ekki láta sitja við það; fleiri frystihúsum verður að koma upp á allra næstu árum. N. álítur því sjálfsagt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til þessara húsa, ef það gæti orðið til þess, að þau kæmust fyrr upp.

Ég sé ekki ástæðu til að halda hér langa framsöguræðu. N. leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að hún gerir till. um lítilsháttar orðabreyt. á 2. gr. Þar er ekki um neina efnisbreyt. að ræða, svo ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um hana. Okkur þykir t. d. viðkunnanlegra, að í staðinn fyrir „stjórnarráðið“ komi „atvinnumálaráðuneytið“, sem þetta vitanlega heyrir undir. Einnig er tekið fram í frv., að það þurfi ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefndar sem baktryggingu fyrir þessum lánum. Þetta er tæplega rétt orðað, því auðvitað er það ábyrgð sýslufélagsins, sem átt er við, þó sýslunefndin veiti hana að vísu fyrir sýslunnar hönd.

Landbn. væntir þess, að hv. d. fallist á að samþ. frv. eins og það liggur fyrir með þessum smávægilegu orðabreyt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 377,a—c samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 409).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á 55. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 711).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Eins og mönnum er kunnugt, hefir norski saltkjötsmarkaðurinn, sem hefir verið aðalkjötmarkaður okkar á síðari árum, spillzt stórum í seinni tíð frá því, sem áður hefir verið. Aftur á móti hefir reynslan sýnt það, að markaðurinn fyrir frosna kjötið, sem við erum farnir að flytja út á síðustu árum, er miklu öruggari, auk þess sem við þannig fáum allmiklu meira verð fyrir kjötið, og hefir þó þessi verðmunur aldrei komið skýrar fram en einmitt nú. Síðastl. haust voru fluttir út 93 þús. skrokkar af frosnu kjöti, og seldust þeir við sæmilegu verði, eftir því sem nú er talið, þannig, að við höfum grætt allt að ½ millj. kr. á því að senda kjötið út frosið á móts við að flytja það út saltað, miðað við það verð, sem fengizt hefir fyrir það af saltkjötinu, sem selzt hefir, og horfurnar um verð á því óselda. Það skiptir því ekki litlu máli fyrir þjóðina að geta flutt sem mest af kjötinu út frosið, auk þess sem horfurnar um saltkjötsmarkaðinn eru nú ískyggilegri en nokkru sinni áður, því að nú vofir yfir, að Norðmenn skelli kjöttollinum á með öllum sínum þunga, sem mundi hafa þær afleiðingar, að tollurinn hækkaði úr 28—29 aur. pr. kíló upp í 54—55 aur. pr. kíló, og væri hið sama og að loka markaðinum í Noregi fyrir okkur. Af þessum ástæðum er okkur hin brýnasta nauðsyn að hefjast handa um að auka útflutninginn á kjötinu frosnu. Eins og er flytjum við lítið eitt meira en helming út af frosnu kjöti á móts við það, sem við gætum flutt út. Ég hefi ekki kynnt mér það, hve mikið af kjöti var saltað í haust, en S. Í. S. lét salta 15 þús. tunnur, og í höndum þess er meginið af allri kjötverzluninni, eins og kunnugt er. Ég býst að vísu ekki við því, að hægt verði að flytja kjötið allt út frosið, enda er það ekki allt hæft til frystingar, en þessi tala, sem ég nefndi, bendir þó til þess, að við gætum flutt út allmiklu meira af frosnu kjöti en við enn

gerum, en til þess að það megi takast, verður að koma upp fleiri frystihúsum, því að allmargar hafnir, sem ráða yfir miklu kjötmagni, eru enn frystihúslausar. Sem dæmi vil ég einkum nefna Djúpavog, Vopnafjörð, Þórshöfn, Borðeyri, Hólmavík, Búðardal og Stykkishólm. Á öllum þessum höfnum er hin brýnasta þörf á að koma upp frystihúsum. Hinsvegar er svo komið fjárhagsástæðum bæði einstaklinga og fyrirtækja, hvort sem eru kaupfélög eða sláturfélög, að þau geta ekki reist frystihúsin af eigin rammleik eingöngu, en verða að fá lán til þess. Á sumum þessum stöðum hagar að vísu svo til, að á þeim eru hús, sem breyta má með tiltölulega litlum kostnaði og koma frystivélum fyrir í, og léttir þetta auðvitað undir, ekki sízt, ef komast mætti að góðum samningum við þá, sem frystivélar selja, og fá vélarnar með einhverjum gjaldfresti, en engu að síður verður það þó óumflýjanlegt að taka lán til þess að koma frystihúsunum upp. Síðan viðlagasjóður gekk yfir til Búnaðarbankans, er sú leið lokuð að fá lán úr honum til frystihúsanna, eins og áður var hægt samkv. ráðstöfun þingsins, og er því ekki annað að gera en að heimila stj. að ábyrgjast lán, sem tekið yrði í þessu skyni. Vil ég geta þess, að gert er ráð fyrir, að stj. sjái svo um, að frystihúsin yrðu reist á sem heppilegustum stöðum, og að öllum sauðfjáreigendum héraðsins sé tryggður jafn aðgangur að þeim.

Hér er um svo mikið fjárhagsspursmál og atvinnuspursmál að ræða fyrir þjóðina, að ég vona, að hv. d. sjái sér fært að fylgja þessu máli, og ég lifi í þeirri von, að þegar á þessu ári verði reist nokkur frystihús á þeim stöðum, þar sem þörfin er mest.

Pétur Magnússon: Þótt ég sé sannfærður um nauðsyn þessa máls og leggi með því, hefi ég þó áskilið mér rétt til að koma fram með brtt. við frv. og mun bera hana fram við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 409, 731).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ennfremur var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 731. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Frv. þetta á eins og kunnugt er að veita stj. heimild til að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, sem varið sé til frystihúsbygginga á kjötútflutningshöfnum. Er svo ráð fyrir gert, að ábyrgð þessi nái til þeirra lána, sem tekin verða af sýslufélögum eða samvinnufélögum í þessum ákveðna tilgangi. Ábyrgð slík sem þessi hefir alloft áður verið gefin af ríkinu, og hafa það þá í flestum tilfellum verið samvinnufélög í viðkomandi héruðum, sem lánin hafa tekið og fengið ábyrgðina. Samvinnufélögin geta hinsvegar verið með tvennu móti, annaðhvort framleiðendafélög eða neytendafélög — kaupfélög.

Ef framleiðendafélög eru stofnuð til þess að byggja frystihús, þá má búast við, að allir framleiðendur í héraðinu hafi jafna aðstöðu til þess að njóta frystihússins. En sé um kaupfélög að ræða, getur í allmörgum tilfellum orðið misrétti milli þeirra framleiðenda, sem eru í kaupfélögunum, og hinna, er utan við félögin standa. Utanfélagsmenn hafa ekki notið þeirra hagsbóta, sem frystihúsin veita, og hafa því í mörgum tilfellum nauðugir viljugir orðið að ganga í félögin.

Þar sem ríkið styrkir frystihúsbyggingarnar á verulegan hátt með hárri ábyrgð, þá sýnist ekki réttlátt, að hlunnindi þau, sem frystihúsin veita, séu bundin því skilyrði, að framleiðandi gangi í ákveðinn félagsskap til þess að njóta þeirra og taka á sig félagslegar skyldur, sem eru óviðkomandi starfi frystihúsanna. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við 2. gr. frv., 1. málsgr., sem gengur út á það að tryggja öllum kjötframleiðendum á félagssvæðinu jafnan rétt til afnota af frystihúsinu.

Ég hirði ekki um að setja neinar regl-

ur í lögin um það, hvernig þetta ákvæði verði framkvæmt, en ætlast til, að viðkomandi sýslunefnd geri það á hverjum stað. Ég ætla, að ekki verði erfitt að koma skipulagi á þetta mál. Ég ætla, að kaupfélögin skiptist í deildir, víðast eftir hreppum, og það muni því vera mjög auðvelt fyrir deildarstj. hverrar deildar að taka utanfélagsmennina á sínu starfssvæði með, þegar hann gerir skýrslu um innlegg sinna deildarmanna. Þessar till. eiga því að tryggja hlutfallslegt jafnrétti öllum viðkomandi héraðsbúum til þess að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem þessum lögum er ætlað að veita. Vænti ég þess vegna, að hv. dm. telji brtt. þessa sanngjarna og fallist á að samþ. hana.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Þegar þessi brtt. kom fyrst fram á fundi n., sýndist mér hún fremur sakleysisleg. Það er vitanlega hugmyndin, að þegar frystihús eru reist, fái allir framleiðendur aðgang að þeim, sem vilja, og veit ég ekki til, að frystihúsin hafi nokkursstaðar verið framkvæmd öðruvísi. Í lögunum er gert ráð fyrir því, að annaðhvort sýslufélög eða samvinnufélög reisi húsin. Ef það eru sýslufélögin, sem gera það, þá geta þau vitanlega sett reglur, er tryggi það, að allir héraðsbúar hafi jafnan aðgang, en séu það félög, sem reisa frystihúsin, t. d. samvinnufélög, þá er það vitanlegt, að þau standa öllum opin. Þess vegna sýnist ekki ástæða til að setja fram víðtækari kröfur um það efni.

Mér skildist á ræðu hv. flm. brtt., að hann halda fram, að utanfélagsmenn ættu að hafa jafnan rétt til frystihúsanna og félagsmenn, en það finnst mér nú vera dálítið óeðlilegt, og að hitt sé alveg nóg, að öllum sé tryggður réttur til þess að geta orðið aðnjótandi þeirra hagsbóta, sem frystihúsin veita. Það er ekki rétt, þegar félagið leggur fram mikið fé til hússins, leggur bæði í ábyrgð og áhættu vegna þess, að þá eigi utanfélagsmenn jafnan rétt til þess að nota þessa eign félagsins eins og félagsmenn sjálfir. Þessa vegna get ég ekki fallizt á brtt. hv. 4. landsk., enda tel ég hana óþarfa, með því að hvort sem sýslufélög eða samvinnufélög byggja þessi hús, þá er það tryggt, að allir, sem vilja, geta fengið aðgang að þeim, með því að uppfylla sömu skilyrði.

Einar Árnason [óyfirl.]: Eins og öllum er kunnugt, hafa öll þau frystihús, sem reist hafa verið til þess að frysta kjöt hér á landi á síðari árum, verið reist af samvinnufélögum bænda, og ég býst við, að gera megi ráð fyrir, að þau hús, sem framvegis verða reist í sama tilgangi, verði sömuleiðis reist af samskonar félögum. Ég sé því ekki, að komið geti til nokkurra mála, að hús, sem þau félög byggja og reka, geti verið til afnota hverjum, sem sýnist. Ef slíkt ákvæði verður sett inn í þessi heimildarlög, þá verður það blátt áfram til þess, að heimildin verður ekki notuð, og samvinnufélögin munu heldur reyna að bjargast af á eigin spýtur.

Ég veit til þess, að þegar er í ráði að byggja 3 frystihús á næsta vori til þess að frysta kjöt, en ef á að setja þeim félögum, sem ætla að byggja, það skilyrði, að hver og einn megi nota húsin, hvort sem hann er í því félagi, sem á húsið, eða ekki, þá verður það til þess, að félögin, sem ætla að byggja, munu alls ekki vinna til að nota heimildina. Annars býst ég við, að þessi brtt. sé komin fram vegna ókunnugleika hv. flm. hennar. Því er nú svo háttað með slátrunina á hverju hausti, að hún verður öll að skipuleggjast fyrirfram, svo að engu má skeika. Það getur því ekki komið til mála, að utanfélagsmenn geti hvenær sem er komið með fé í sláturhús kaupfélagsins og kjöt í frystihúsið. (**JónÞ**: Það á að koma fullt gjald fyrir). Þó fullt gjald komi fyrir, það er annað mál, áætlun félagsins má ekki raskast. Hitt er sjálfsagt, að lána utanfélagsmönnum frystihúspláss, þegar félagsmenn þurfa ekki á því að halda, en jafnan rétt félagsmönnum, sem bera byrðarnar af stofnun og rekstri frystihússins, geta þeir auðvitað ekki fengið. Ég verð því ákveðið að leggja á móti þessari brtt. og tel lítið gagn að heimildinni, ef brtt. verður samþ.

Pétur Magnússon: Mér er það fullljóst, að ef samvinnufélög, svo sem kaupfélög, eða einstaklingar reisa sér kjötfrystihús af eigin rammleik, þá nái það ekki nokk-

urri átt, að Alþ. geri kröfu til þess að skipa fyrir, hverjir megi nota frystihúsið. En hér er ekki um það að ræða, heldur hitt, hvort ríkið eigi að setja skilyrði um notkun mannvirkja, sem því er ætlað að styrkja að allverulegum hluta, með því að ábyrgjast byggingarkostnað þeirra. Þegar nú ekki er um minni skerf að tala frá ríkisins hálfu en þetta, þá sýnist það ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að ríkið krefjist þess, að hver borgari hafi jafnan rétt til þessara hlunninda.

Ég hefi kannske ekki tekið það nógu skýrt fram í fyrri ræðu minni, að ég ætlaðist til, að utanfélagsmönnunum væri gert að skyldu að borga kostnað við rekstur frystihússins hlutfallslega við notkunina. En vitanlega var það hugsunin hjá mér. Ég ætlaðist ekki til, að utanfélagsmenn yrðu á neinn hátt betur settir.

Mér þykir það ákaflega undarlegt, ef það er rétt hjá hv. 2. þm. Eyf., að skilyrði sem þetta þurfi að verða til þess að gera frv. gagnslaust. Ef þetta skilyrði er svo fráfælandi, að kaupfélögin muni ekki sjá sér fært að nota heimildina, eins og er að dómi hv. þm., þá skil ég ekki, í hverju það á að liggja. Þegar allir eiga að bera jafnan kostnað af rekstrinum, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki, þá skil ég ekki, hvað það getur verið, sem er svo fráfælandi við þetta ákvæði. Mér sýnist heildarútkoman ætti að verða alveg sú sama.

Hitt get ég skilið, að ýmsum þeim, sem gera það að kappsmáli að ná sem flestum inn í kaupfélögin, muni falla vel þessi lagaþvingun, sem með frv. óbreyttu væri sett á almenning í sveitum landsins til þess að ganga inn í kaupfélögin, því ekkert er það annað en þvingun á menn, ef þeir eru látnir velja um að ganga í félagsskapinn eða að verða af þeim hagsbótum, sem frystihúsin veita. Ég efast samt um, að kaupfélagsskapnum sé gerður nokkur greiði með þessu; ég hygg einmitt, að hann þróist bezt frjáls og þvingunarlaus.

Annars sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að framleiðendafélög séu stofnuð til að koma upp frystihúsunum. Ég fæ eigi betur séð en að húsin fengju alveg sömu þýðingu fyrir kjötframleiðendur, þó sú tilhögun væri höfð á, eins og þó kaupfélögin fái nokkurskonar einokun á þessum tækjum.

Páll Hermannsson: Ég veit það, að gott eitt vakir fyrir hv. 4. landsk. með þessum brtt. og því verð ég að fallast á það með hv. 2. þm. Eyf., að ókunnugleiki hans muni valda því, að hann ber brtt. fram. Það hefir verið tekið fram í umr., að frystihúsin, sem reist hafa verið hingað til á kjötútflutningshöfnum, hafa öll verið reist af kaupfélögunum (**PM:** Ekki öll). Og líka hefir verið á það bent, að þau frystihús, er reist verða í framtíðinni, muni fyrst um sinn verða byggð af kaupfélögunum.

Það er svo með slátrun sauðfjár á haustin, að hún fer fram eftir ákveðnum reglum. Fénu er slátrað í stórum hópum. Viðskiptamenn kaupfél. hafa sitt fé á áætlun félagsins, en viðskiptamenn kaupmannanna láta kaupmennina sjá um slátrun á því fé, er þeir leggja inn til þeirra.

Nú á síðari árum hefir slátrun hjá kaupfél. víðast hvar verið eitt af mestu vandamálum félagsskaparins. Eftir því sem fénu hefir fjölgað og félögin stækkað, hefir það alltaf reynzt torveldara og torveldara að koma slátruninni af á nægilega stuttum tíma. Ég hygg því, að kaupfélögunum verði alveg ómögulegt að undirgangast það, að hver og einn megi nota frystihúsin. Mér er vel kunnugt um það, að mörg kaupfélög hafa á síðustu árum staðið í mestu vandræðum með að geta slátrað fé sinna félagsmanna, hvað þá annara. Ég held, að ef á að gera ráð fyrir því, að viðskiptamenn kaupmanna fái að nota sláturhús og frystihús kaupfélaganna, þá verði það að vera kaupmennirnir, sem semja verða um það mál. Annars hefi ég þá trú, að það yrðu fá kaupfél., sem mundu ráðast í að nota umrædda ábyrgð, ef brtt. hv. 4. landsk. verður samþ. Ég held, að margt sé til hliðstætt þessu, að ábyrgð sé tekin á ekki veigaminna eða þýðingarminna fyrirtæki en starfsemi kaupfélaganna, þótt hún næði ekki til allra einstaklinga á því svæði. Ég fæ því ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að jafnvel þótt kaupfélagsmenn einir notuðu slík frystihús,

þá væri þessi ábyrgð veitt, því að það er nú mjög víða svo, að mikill meiri hl. bænda eru kaupfélagsmenn. Auk þess ber á það að líta, að það kostar bæði allmikið fé og fyrirhöfn að reisa frystihús. Það kostar mikið fé umfram það, sem ríkið ábyrgist, og frystihúsin verða alltaf rekin á kostnað og áhættu þeirra, sem reisa þau. Það sýnist því vera eðlilegt, að þeir sitji fyrir notkun hússins, enda húsin sjaldan það stór, að ekki sé fullt brúk fyrir þau af þeim, sem reisa þau. Það er ekki ætlazt til, að mönnum sé gefið það fé, sem ábyrgzt er fyrir frystihúsin.

Hv. 4. landsk. benti á, að eðlilegt væri, að þessi frystihús væru reist af framleiðendafélögum. Það má vel segja, að svo væri, en þessi félög eru yfirleitt ekki til, önnur en þau, sem jafnframt eru kaupfélög, og litlar líkur eru til, að slík félög mundu almennt verða stofnuð, sízt á því svæði, þar sem kaupfél. eru orðin útbreidd og telja sig hafa rétt og skyldu til forgöngu í þessum málum. Það er vitanlegt, að flest kaupfél. ættu erfitt með að koma upp frystihúsum án þessarar ábyrgðar, eins og nú stendur. En á eðlilegum tímum myndu kaupfélögin reyna að klífa þann þrituga hamar að koma þeim upp ábyrgðarlaust, heldur en að undirgangast þá íhlutun, sem þau gætu átt yfir höfði sér eftir brtt.

Pétur Magnússon: Hv. 2. þm. N.-M. talaði um, að framleiðendafélög væru óvíða orðin og ekki líkindi til, að þau yrðu stofnuð. Taldi hann því tormerki á, að þau yrðu til þess að reisa frystihús. Það er að vísu rétt, að þessum félögum hefir farið fækkandi og hafa víða verið sameinuð kaupfélögunum. Þó eru þau enn til á nokkrum stöðum á landinu. En þessi breyt. hefir orðið í seinni tíð, og efast ég um, að hún sé til góðs. Ég held, að hitt sé heppilegra, að hafa neytenda- og framleiðendafélög sér, þannig að mönnum væri ekki skylt að vera í öðru félaginu, þótt þeir væru í hinu. Þessi félög geta eigi að síður verið í náinni samvinnu, og hafa líka verið það þar, sem hvorttveggja félögin hafa verið til. Þótt hreyfingin hafi verið í þá átt, að framleiðendafél. hafi fækkað, þá ætla ég, að gjarnan mætti verða breyt. á því til hins gagnstæða, og ef þetta frystihúsmál gæti orðið til þess að snúa straumnum við, þá hygg ég, að það væri til góðs. Mér finnst þess vegna, að þessi röksemd hv. þm. vegi ekki á móti því, sem ég hefi haldið fram um þetta efni.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég vil aðeins taka það fram til viðbótar því, sem sagt var áðan, út af þeim frystihúsum, sem fyrirhugað er að byggja, en það er á Vopnafirði, Borðeyri og Stykkishólmi, að ef athuguð er kjötframleiðsla á þessum stöðum, þá kemur það í ljós, að öll kjötverzlun og verzlun með innlendar vörur er í höndum kaupfélaganna. Þess vegna er það eðlilegt, að þessi félög hafi full umráð yfir húsunum, og ég vil taka það fram út af því, að einstökum óviðkomandi mönnum sé heimilaður aðgangur að slíkum húsum, að auðvitað geti komið til mála að gera ráð fyrir, eins og hv. flm. brtt., að enginn ágreiningur sé um gjaldið fyrir slíka notkun. En þessir menn mega ekki hafa mikinn íhlutunarrétt um notkun hússins. Þetta eru menn, sem koma e. t. v. eitt og eitt ár, bera enga ábyrgð og eru hlaupnir burt hvenær sem vera skal. En félagið sjálft hefir tekið á sig ábyrgð á rekstrinum og hefir ábyrgzt að greiða þær skuldir, sem stofnað hefir verið til vegna byggingarinnar, en hinir bera ekki ábyrgð á neinu og hafa ekki tekið á sig neinar skyldur. Nú er það svo, að samkv. samvinnulögunum verður að skoðast sem menn eigi almennt rétt á að ganga inn í samvinnufélögin, og með því að fara þá leið er opinn vegur að því að njóta þeirra hlunninda, sem frystihúsin veita, svo framarlega sem um hlunnindi er þar að ræða.

Þá er enn eitt atriði í seinni ræðu hv. 4. landsk. — um framleiðslufélögin. Hann lét í ljós þá skoðun, að heppilegra væri, að félögin væru tvennskonar: Framleiðslufélögin sér og verzlunin með útlendar vörur sér. Þessi skoðun kemur alveg í bág við reynslu allra þeirra manna, sem lengst og mest hafa starfað að samvinnumálum hér á landi. Ég hefi nokkra reynslu af þessu, en það eru ýmsir menn, sem hafa hana meiri og eru glöggskyggnari, og það er eindregin skoðun þeirra,

að óheppilegt sé að kljúfa þannig starfsemina. Annars liggur það fyrir utan það mál, sem hér er um að ræða, svo að ég ætla ekki að fara neitt út í það. Þarna kemur fram mjög ákveðinn skoðanamunur á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 731 felld með 7:3 atkv.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 752).

54. Millisíld úr búi Síldareinkasölu Íslands.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um greiðslu andvirðis millisíldar úr búi Síldareinkasölu Íslands (þmfrv., A. 215).

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Ég get að mesti leyti látið nægja að vísa til grg. frv. við þessa fyrstu umr. Þó vil ég fylgja frv. úr hlaði með nokkrum orðum. Þegar síldareinkasalan var stofnuð, var henni ákveðið það aðalstarfssvið að annast um verkun og sölu síldar, og þá fyrst og fremst hafsíldar, sem veidd er á sumrin. En eins og kunnugt er, veiðist oft á haustin svokölluð millisíld. Er sú veiði svo takmörkuð, að telja mátti það með öllu óþarft, að einkasalan hefði sölu þeirrar síldar með höndum. Þó hefir það undanfarin ár orðið svo í framkvæmdinni, að einkasalan hefir tekið að sér sölu á þessari síld, en látið söltun hennar afskiptalausa. Hefir þessi veiði alls ekki verið afhent einkasölunni fyrr en hún var fullbúin til útflutnings, enda mun einkasalan nánast hafa litið á afskipti sín af vöru þessari sem hreina umboðssölu. Sést það m. a. glöggt af því að einkasalan hefir jafnan greitt andvirði þessarar síldar til eigendanna jafnskjótt og borgun kom frá kaupendunum. Á síðastl. hausti tók einkasalan eins og að undanförnu nokkuð af millisíld til sölu. En með bráðabirgðalögunum um skiptameðferð á búi síldareinkasölunnar var í 5. gr. þeirra l. ákveðið, að sú síld, sem veidd var hér við land eftir 15. nóv. síðastl. og ekki var þegar í vörzlum einkasölunnar, er bráðabirgðalögin voru staðfest, skyldi vera einkasölunni óviðkomandi og því að sjálfsögðu ekki falla undir skiptameðferð á búi hennar. Það er kunnugt, að allmikið af síld var veitt eftir 15. nóv. síðastl. haust, en það er mjög erfitt að gera skil á því, hve mikið var veitt fyrir og hve mikið eftir þann tíma, því það er ekki venja að skrifa söltunardag á hverja tunnu af millisíld, eins og af hafsíld, um leið og síldin er söltuð. Nú fór það þannig, að ekkert af þeirri millisíld, sem veiddist á Norður- og Austurlandi, lenti í búi einkasölunnar, þegar til skiptameðferðar kom, nema einn farmur, sem sendur var með Íslandi seint í nóv. til Kaupmannahafnar, en andvirði þeirrar síldar mun eigi hafa verið greitt fyrr en eftir að bú síldareinkasölunnar var tekið til skiptameðferðar. Einnig mun eitthvað lítið af millisíld hafa verið tekið á Austurlandi um líkt leyti og farmurinn, sem fór með Íslandi, og þá einnig lent í búi einkasölunnar. Nú er á það að líta, að þar sem einkasalan veitti millisíldinni ekki móttöku jafnóðum og hún veiddist, eins og hafsíldinni, heldur krafðist afhendingar hennar um leið og hún skyldi flutt um borð í flutningaskip, og ennfremur þar sem afhendingar var krafizt af fáum mönnum, sem sumir afhentu alla þá síld, er þeir höfðu, en aðrir aðeins lítinn hluta, þá var það vitanlega algert handahóf, hverjir voru krafðir afhendingar hverju sinni, og eins hve gömul síldin var. Umræddur farmur, er fór með Íslandi seint í nóv. síðastl., mun að vísu hafa verið allur veiddur eftir 15. nóv., en þar fyrir gat þá vel hafa verið

eftir millisíld, er veidd var áður, en svo síðar seld af eigendunum, sem voru svo heppnir að þurfa eigi að afhenda hana einkasölunni. Það er því ákaflega ósanngjarnt, að umrædd síldarsending, er fór með Íslandi seint í nóv. og eingöngu mun hafa verið veidd eftir 15. nóv., skuli, fyrir það eitt, að einkasalan tók hana til flutnings einmitt með þessu skipi, verða að lenda inn í bú einkasölunnar, enda hefi ég ástæðu til að ætla, að það stafi meira af vangá en að það hafi verið með vilja gert að stofna til þessa ósamræmis með ákvæðum 5. gr. bráðabirgðalaganna.

Að vísu hefði mátt með lítilfjörlegri orðabreyt. á því frv., sem borið er fram nú til staðfestingar á bráðabirgðalögunum, kippa þessu í lag, en þar sem ekki er ólíklegt, að sumir kynnu að skoða þá orðabreyt. sem efnisbreyt., sem ekki verður gerð á bráðabirgðalögum, þá hefi ég kosið heldur að bera fram sérstakt frv., þar sem stefnt er að sama marki, án þess að leggja bráðabirgðalögin í hættu.

Í trausti þess, að hv. d. taki þessu frv. vel, læt ég hér staðar numið, en óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

Haraldur Guðmundson: Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði sent til sjútvn., eins og hv. flm. mæltist til. Vil ég því benda hv. n. á, að frá Seyðisfirði fóru um 40 tunnur millisíldar í vörzlum síldareinkasölunnar skömmu áður en hún var afnumin. Ég geri ráð fyrir því, ef til þess kemur, að hv. sjútvn. leggi til, að síld Norðlendinga verði greidd eins og frv. fer fram á, þá verði síldin frá Seyðisfirði látin fylgja með. Annars skal ég taka það fram, að mér virðist eðlilegast, að efni þessa frv. og frv. sama flm. um greiðslu söltunarlauna úr búi einkasölunnar, hefði verið flutt sem brtt. við frv. hæstv. stj. um staðfesting bráðabrigðalaganna um afnám síldareinksölunnar. Fæ ég með engu móti séð, að ekki megi hagga við þessum lögum, jafnvel þótt þau séu komin frá hæstv. stj. Er ekkert einsdæmi, að hreyft hafi verið við slíkum lögum. Mér er nú sagt af einum hv. þm., að ekki sé hægt að breyta bráðabirgðalögum; þau verði annaðhvort að samþ. eða fella óbreytt. Ég hygg, að þetta sé eigi rétt, en geri ráð fyrir, að hv. n. gangi úr skugga um, hvort svo er.

Vil ég þá mælast til þess, að n. taki ábendingar mínar til athugunar og bæti ákvæðum um Austfjarðasíldina inn í frv., eða brtt. við bráðabirgðalögin.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Það er rétt, að eigi bráðabirgðalög að verða að lögum, þurfa þau að hljóta staðfestingu Alþ. óbreytt að efni til. En smávægilegar orðabreyt. má þó á þeim gera. Ég vil benda á það, að frv. til laga um skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands hefir þegar hlotið afgr. sjútvn., þótt áliti n. hafi eigi enn verið útbýtt. Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, með það fyrir augum, að ef mér virðist blása mjög óbyrlega fyrir þessu máli, mun ég bera fram brtt. við það við 2. umr. þess.

Sveinn Ólafsson: Mér þykir nokkur vandi fyrir n. að taka við þessu frv. og gera því viðeigandi skil. Ég verð að segja, að mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að farið skuli fram á að veita einstöku skuldheimtumönnum í þrotabúi Síldareinkasölu Íslands forréttindi fram yfir aðra skuldheimtumenn. En það er það, sem fyrst og fremst liggur í frv. þessu.

Nú er ég ekki svo vel kunnur högum síldareinkasölunnar eða viðskiptum hennar við einstaka menn og félög til og frá á landinu, að ég geti gert grein fyrir því, hve samþ. þessa frv. myndi hafa mikil áhrif á aðrar skuldakröfur eða reynast ranglátt gagnvart þeim. En þess verð ég að geta, að eftir því sem ég bezt veit, mun síldareinkasalan eiga ógreidda bæði millisíld og sumarsíld frá Austfjörðum, — ekki einungis síldina sjálfa, heldur einnig umbúðirnar, því að á Austfjörðum hafa ýmsir þurft að afla sér umbúða að mestu sjálfir. Einkasalan hefir ekki tekið við Austfjarðasíld til söltunar eða verkunar. Mér finnst því viðurhlutamikið að samþ. slíka ráðstöfun sem þessa og gefa á þann hátt einstökum skuldheimtumönnum forréttindi á kostnað annara.

Þessi orð mín má skoða eins og fyrirboða þess, hvernig ég mun snúast við málinu, ef það kemur til sjútvn. Mér þykir frv. tortryggilegt í þessum búningi

og vænti, að hv. flm. átti sig á því, að hér er um óeðlilega kröfu að ræða.

Skal ég svo ekki tefja frekar umr. að sinni.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Ég álít, að hér sé ekki um það að ræða, að veita nokkrum skuldheimtumanni forréttindi í búi Síldareinkasölu Íslands.

Að því er snertir þessa síld, sem send var til Kaupmannahafnar, ca. 400 tunnur, þá var það fyrst og fremst umboðssala, eins og ég gat um, og í öðru lagi var andvirðið eigi greitt fyrr en búið var að taka bú einkasölunnar til skiptameðferðar, og á því af þeirri ástæðu að vera hægt að halda því utan við bú einkasölunnar sem því óviðkomandi, þó skilanefnd hafi eigi viljað gera það, það sem af er.

Hvað Austfjarðasíldina snertir, þá hefir mér ekki verið annað um hana kunnugt en það, að fáeinar tunnur af henni hafi lent í búi einkasölunnar samkv. 5. gr. bráðabirgðalaganna. Mér er heldur ekki kunnugt um, hvenær andvirði hennar hefir komið inn. En hafi andvirði þeirrar millisíldar, eins og Norðurlandssíldarinnar, sem um ræðir í frv. því, sem hér liggur fyrir, einnig komið inn eftir að bú síldareinkasölunnar var tekið til skiptameðferðar, ætti einnig að mega halda því utan við búið.

Hér er því fyrst og fremst um að ræða þá síld, sem send var með „Íslandi“ seint í nóv., ca. 20 þús. kr. virði, og í öðru lagi um eftirstöðvar af andvirði millisíldar frá fyrra hausti, ca. 9 þús. kr., sem síldareinkasalan mun beinlínis hafa verið búin að setja á reikning og nafn síldareigenda í banka. Er hér farið fram á, að þessi upphæð verði líka greidd, þar sem virðist viðurkennt af einkasölunni, að hún hafi aðeins verið geymd um stundarsakir til úthlutunar. Ég efast um, að skilan. hafi talið það ósanngjarnt, að orðið yrði við þeirri kröfu; aðeins talið sig bresta heimild til þess. Í þriðja lagi er svo andvirði Austfjarðasíldarinnar, sem hjá einkasölunni lenti. Er sjálfsagt að taka það atriði til athugunar í nefnd. Og reynist eins ástatt um hana sem Norðurlandssíldina, þá eiga Austfirðingar að sjálfsögðu sama rétt til þess að fá hlut sinn leiðréttan, og mun ég verða manna síðastur til að bera hlut þeirra fyrir borð í því efni.

Sveinn Ólafsson: Ég ætla ekki að ræða þetta lengi, en verð að svara nokkrum fullyrðingum frá hendi hv. flm. Hann hélt því fram, að hér væri ekki um nein forréttindi að ræða fyrir eigendur millisíldarinnar. Mér er ekki hægt að skilja, að hér sé um nokkuð annað að ræða. Það er vitað, að þarna eiga þrotabússkipti að fara fram. Undireins og einn skuldheimtumannanna fær rétt til þess að draga sínar kröfur út úr þrotabúinu á undan hinum, þá eru honum bersýnilega veitt forréttindi. Um slíkt þarf ekki að deila.

En um hitt, sem fram kom í ræðu hv. flm., að ég hefði gefið í skyn, að hér ætti að fella þetta frv. þegar við 1. umr., þá verð ég að taka það fram, að ég lét ekkert slíkt í ljós. Og til þess að taka af allan vafa um það atriði skal ég geta þess, að ég tel réttara, að frv. fái að koma til n., til þess að það fái fyllri athugun og aflað verði frekari upplýsinga. Ég gat þess einungis áðan, að undirtektir mínar við þetta mál hér í d. mætti skoða sem fyrirboða þess, hvernig ég taki frv., ef það komi til n.

Flm. (Guðbrandur Ísberg): Ég vil ekki líta á andvirði þeirrar síldar, sem send var með „Íslandi“ sem tilheyrandi þrotabúi síldareinkasölunnar, sökum þess að það var ekki greitt inn fyrr en búið var að taka bú einkasölunnar til skiptameðferðar. Og að því er þessar 9 þús. kr. snertir, eftirstöðvarnar af andvirði áður seldrar millisíldar, þá sé ég ekki, að þær þurfi að lenda í búinu, þar sem búið mun hafa verið að greiða þær inn á reikninga síldareigenda í banka. Krafa millisíldareigenda er því eigi forgangskrafa, heldur krafa um afhendingu verðmæta, sem að óþörfu voru dregin inn í bú síldareinkasölunnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 62., 64. og 66. fundi í Nd., 28. og 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 4. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 215, n. 455).

Frsm. meiri hl. (Guðbrandur Ísberg): Frv. það, sem hér liggur fyrir og flutt er af mér og hv. 1. þm. Eyf., hefir sjútvn. haft til athugunar, og hafa 4 af 5 nm. lagt til, að það verði samþ. með nokkrum breyt., sem er að finna á þskj. 455. Fyrst og fremst leggur n. til, að frv. verði breytt í heimildarlagaform. Í öðru lagi, að orðalagi frvgr. verði breytt þannig, að undir gr. falli 36 tunnur af millisíld frá Austfjörðum, sem eins er ástatt um og þá millisíld, sem frv. fjallar um. Loks eru niður felld ákvæði frv. um að greiða upphæð, sem millisíldareigendur áttu á sérreikningi í banka, ca. 9 þús. kr., þar sem þetta fé allt reyndist hafa farið í kostnað og raunar meira til. Nú er því aðeins um að ræða greiðslu á andvirði einnar sendingar af millisíld, sem fór með e/s „Íslandi“ til Kaupmannahafnar seinni hluta nóv., ca. 490 tunnur frá Norðurlandi og 36 tunnur frá Austfjörðum, sem fóru um sama leyti.

Ég vil leyfa mér að benda á, að allir, sem veiddu millisíld við Norðurland í haust og voru búnir að senda hana áður en þessi sending fór, sem hér er um að ræða, hafa fengið hana greidda að fullu. Og sama er að segja um þá, sem komust hjá að senda sína síld í þetta sinn og seldu hana sjálfir síðar. Það var því ekki nema þessi eina sending, sem samkv. ákvæðum bráðabirgðalaganna féll inn í bú einkasölunnar, og var andvirði hennar þó greitt inn í bú hennar eftir að það var tekið til skiptameðferðar. Nú sjá allir, hvað ósanngjarnt það væri, ef ríkið léti það koma niður á þeim fáu mönnum, sem þessa sendingu áttu og sem sumir áttu ekki annað af síld, að bráðabirgðalögin voru af vangá þannig orðuð, að þessi sending ein og 36 tunnur af Austfjarðasíld lenti í búi einkasölunnar, þegar allir aðrir, sem millisíld veiddu á haustinu, fengu fyrir hana fullt verð. Í þessu sambandi má og benda á, að það var síður en svo, að millisíldin væri afhent af frjálsum vilja eigendanna, eins og í venjulegum verzlunarviðskiptum. Nei, þeir voru samkv. lagaákvæði neyddir til að afhenda hana, hvort þeir vildu eða ekki. Og það var að sjálfsögðu hrein tilviljun og handahóf, hverjir fyrir því urðu.

Mér finnst þetta liggja svo ljóst fyrir, að óþarft sé að fjölyrða frekar um frv. Mun ég því ekki hafa um það fleiri orð, nema ræður hv. þdm. gefi tilefni til.

ATKVGR.

Brtt. 455 (ný 1. gr.) samþ. með 15:1 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 642).

Magnús Guðmundsson: Það er aðallega fyrirspurn til hv. n. út af þessu máli. Það er svo ákveðið í frv., að fella skuli niður jafnháa upphæð af forgangskröfum ríkissjóðs í bú síldareinkasölunnar eins og nemur andvirði þeirrar síldar, sem um er að ræða í frv. Ég sé nú ekki, hreinskilnislega sagt, hvers vegna það er nauðsynlegt fyrir ríkissjóð að gefa eftir af sínum forgangskröfum, þó uppfyllt verði þessi sanngirniskrafa millisíldareigenda. Ég sé ekki, að það sé réttlátt, að ríkissjóður eigi einum að blæða fyrir það, þó einkasalan hafi orðið fyrir þeirri heppni að fá þessa síld af tilviljun. Mér skilst, að það séu afleiðingar bráðabirgðalaganna, ef þetta er nauðsynlegt. Ég vildi gjarnan heyra, hvað hv. frsm. segir um þetta.

Frsm. meiri hl. (Guðbrandur Ísberg): Það mun vera svo ástatt um hag síldareinkasölunnar, að þess mun varla að vænta, að eignir hennar hrökkvi fyrir meiru en forgangskröfum ríkissjóðs. Það kemur því út á eitt, hvort svo er ákveðið, að þessa millisíld skuli greiða sem forgangskröfu eða með því að fella niður jafnháa upphæð af kröfum ríkissjóðs. En ég hefi orðað þetta svo í frumv., vegna þess að mér var það ljóst, að eigi mátti ganga á rétt annara skuldheimtumanna einkasölunnar, þó að þar væri að

vísu ekki nema um formsatriði að ræða. Eins og bráðabirgðalögin, sem nú eru orðin að lögum, voru orðuð, rann andvirði millisíldarinnar beint inn í búið. Og það var ekki hægt að heimta það þaðan aftur, nema gerð væri breyt. á bráðabirgðalögunum, og það efnisbreyt. Ég vildi því ekki fara fram á að breyta því lagafrv., heldur reyna að ná sama takmarki með því að fá kröfuna í gegn með nýjum lögum. Og til þess að ekki að formi til verði hallað á kröfueigendur í búinu, er ekki hægt að fara aðra leið en þessa.

Magnús Guðmundsson: Ég viðurkenni það, að ég hafði ekki búizt við, að síldareinkasalan væri svo aum, að hún gæti ekki borgað annað en forgangskröfur, en mér skilst á hv. frsm., að svo sé.

Ég verð að segja, að ég er sammála hv. frsm. um það, að það væri ósæmileg harðdrægni af ríkissjóði, að nota sér það happ, sem síldareinkasalan varð fyrir, þegar hún náði í millisíldina, til að ná tollkröfum sínum. Ef svo er, sem hv. frsm. segir, að þrotabúið á ekki fyrir forgangskröfum, þá er ekki meira um þetta að segja.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 642).

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 642, n. 718).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Ég skal ekki eyða í það miklum tíma til tala um málið, enda virðast hér vera svo fáir menn í d., að þýðingarlaust sé að fara nákvæmlega út í það.

Samkv. frv. er stj. heimilt að greiða úr búi síldareinkasölunnar andvirði millisíldar frá sölu einkasölunnar síðastl. haust. Stendur svo á um þetta, að millisíld hefir alltaf verið sem sérstök eign í einkasölunni. Þeir, sem aflað hafa, hafa alltaf fengið andvirðið greitt jafnóðum og selzt hefir. Svo voru sett um þetta ný ákvæði síðasta haust. Þeir, sem aflað höfðu og fengið einkasölunni millisíld, áður en l. voru gefin út, fengu hana greidda. En þegar l. voru gefin út, munu hafa verið um 500 tunnur í vörzlum einkasölunnar, og gekk andvirði þeirrar síldar til hennar. Virðist það vera ósanngjarnt að láta þessa menn tapa fénu, af því að þeir voru svo óheppnir að vera ekki búnir að afhenda síldina áður en lögin gengu í gildi. Hér er um að ræða 20 þús. kr. virði, og í frv. er gert ráð fyrir, að þessum mönnum verði greitt þetta og felld niður jafnmikil upphæð af forgangskröfum ríkissjóðs í bú síldareinkasölunnar.

Sjútvn. hefir haft frv. til athugunar og telur það sanngirnismál og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Jónsson: Ég verð að játa, að ég hefi ekki fylgzt eins vel með þessu máli og skyldi. Ég veit t. d. ekki, hve mikla þýðingu þetta hefir fyrir bú síldareinkasölunnar. Mér skilst það liggja fyrir, að hér sé verið að gefa eftir eitthvað af því fé, sem síldareinkasalan gæti fengið og notað til að lækka töp sín. Ég veit ekki heldur, hvort þetta er fram borið í samráði við skilanefnd síldareinkasölunnar. Um þetta og um hve háa upphæð er að ræða vildi ég gjarnan fá upplýsingar. Mér finnst tímarnir vera svo, að ekki sé rétt að hrapa að því að láta af hendi þá aura,

sem hér ræðir um, nema fyllsta sanngirni mæli með því.

Frsm. (Einar Árnason): Hv. 3. landsk. hefir sennilega ekki verið viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram, því þá skýrði ég, hvernig á því stæði, að frv. þetta er fram komið, og sömuleiðis skýrði ég frá því þá, að það væri álit n., sem athugaði frv., að rétt væri, að þessi greiðsla færi fram. En til þess að skýra þetta fyrir hv. 3. landsk., verð ég að endurtaka nokkuð af því, er ég sagði þá.

Ég skal þá fyrst geta þess, að sú upphæð, sem um er að ræða, að síldareinkasalan greiði, og lenda myndi á ríkissjóði, nemur nál. 20 þús. kr. Því hefir nú verið svo varið með millisíld, að þó að einkasalan hafi séð um sölu á henni, þá hefir henni samt verið haldið í sérstakri deild, sem ekki hefir verið neitt blandað saman við stórsíldina. Greiðsla á henni hefir því gengið til eigenda hennar eftir því, sem hún hefir selzt. Sama fyrirkomulagi var haldið á síðastl. ári eða hausti, þegar millisíldarveiði byrjaði. Einkasalan lagði til tunnur og salt, og þegar búið var að salta í tunnurnar, tók síldareinkasalan að sér sölu á þeim. Af því, sem selt var áður en síldareinkasalan var lögð niður, greiddi hún eigendum verðið, sem fyrir þær fékkst, að kostnaði frádregnum. En þegar bráðabirgðal. voru gefin út, þá höfðu millisíldareigendur afhent síldareinkasölunni 500 tunnur, er samkv. þeim l. lentu í búi síldareinkasölunnar. Sú millisíld, er aflaðist eftir að bráðabirgðal. voru gefin út, var síldareinkasölunni ekkert viðkomandi, og gátu þeir, sem hana áttu, selt og fengið fullt verð fyrir hana.

Hér er því aðeins um nokkra menn að ræða, sem voru svo óheppnir að lenda í því að eiga síld sína hjá einkasölunni, þegar hún var lögð niður. Það getur ekki talizt sanngjarnt, að þeir tapi öllu andvirði sinnar síldar af þeirri einni ástæðu, að hún var afhent á þessum tíma.

Sjútvn. sýnist því sanngjarnt, að síldareigendum þeim, er hér um ræðir, verði greiddar þessar 20 þús. kr., án þess að það komi niður á skuldheimtumönnum síldareinkasölunnar. Það virðist því öll sanngirni mæla með því, að þetta frv. sé samþ., enda þótt ríkissjóður tapi við það um 20 þús. kr. meira en ella mundi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 753).

55. Eftirlit með skipum og bátum.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (þmfrv., A. 365).

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er flutt að tilmælum hæstv. forsrh., og ástæðuna til þess, að það er fram komið, er að finna í grg. frv., en hún er sú, að árið 1929 var alþjóðafundur haldinn í Lundúnum til þess að koma á samningum um öryggi mannslífa á sjónum og aðrar ráðstafanir viðvíkjandi siglingamálum þjóðanna. Af þessum samningi hefir það leitt, að fjölmargar siglingaþjóðir hafa samþ. hann og staðfest. Það var leitað til íslenzku stjórnarinnar um þátttöku í þessum samningi, og stjórnin svaraði því tilboði játandi. En til þess að þetta megi verða, þarf að samræma siglingalög okkar við siglingalöggjöf annara þjóða, er að þessu standa. En þessar breyt. eru örfáar, af því að siglingalöggjöf okkar er ekki gömul. Þetta frv. er því aðeins samræming á siglingalöggjöfinni, í tilefni af þessum samningi, sem gerður var í London 1929, og ætlazt er til, að íslenzka ríkið verði aðili að, og í framhaldi af því var annar samningur gerður í London 1930, um hleðslumerki skipa o. fl., og er einnig ráðgert, að Ísland verði þar samningsaðili.

Ég geri ráð fyrir því, að þó að þetta frv. sé ekki fjölþætt, þá ætti að vísa því til n., og þó það eigi að efni til heima í sjútvn., þá sé fullt svo eðlilegt, að það

fari til allshn., vegna þessara samræmisatriða, sem sérstaklega snerta hina lögfræðilegu hlið málsins. Ég legg því til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

Einar Árnason: Ég vil aðeins gera það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til sjútvn., vegna þess að allshn. hefir svo mörg mál til meðferðar, að ólíklegt er, að hún komist yfir að afgreiða þau. En hinsvegar hefir sjútvn. fá mál, og þess vegna væri það fyrirgreiðsla við þetta frv. að vísa því til hennar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, n. 422).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. þessa máls var gerð grein fyrir ástæðunum til þess, að frv. þetta er fram komið, og hefi ég engu við það að bæta, en fyrir hönd sjútvn. vil ég aðeins geta þess, að hún leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 365).
Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, n. 727).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Milliríkjasamningur sá, sem um ræðir í 1. gr. frv., var gerður í Lundúnum árið 1929, og voru samningsaðilar Englendingar, Norðurlandaþjóðirnar allar og ýms fleiri ríki, sem ég hirði ekki um að telja upp. Hann á að ganga í gildi 1. nóv. í haust. En áður þarf að gera ýmsar smábreytingar á núgildandi löggjöf samningsríkjanna um þau atriði, sem samningurinn fjallar um. Þetta frv. er lagt fram til þess að fá þá breyt. samþ. á okkar löggjöf, sem nauðsynleg er í þessu sambandi. Hinar Norðurlandaþjóðirnar, a. m. k. Danir og Norðmenn, munu þegar hafa samþ. svipaða lagabreyt. hjá sér með tilliti til þessa samnings, og við samningu þessa frv. munu þau lög hafa verið höfð fyrir augum, að svo miklu leyti sem við átti.
Þetta frv. er samið af atvinnumálaráðuneytinu, var flutt í hv. Ed. og samþ. þar óbreytt.
Sjútvn. hefir athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., enda er hér ekki um að ræða nema smávægilegar breyt., sem gerðar eru til öryggis skipum og bátum, og sumar hafa áður verið skoðaðar sem óskrifuð lög.
Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vísa að öðru leyti til grg. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 767).

56. Öryggi við siglingar.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir til öryggis við siglingar (þmfrv., A. 366).

Á 50. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Um þetta frv. er nákvæmlega hið sama að segja og hið næsta á undan (um eftirlit með skipum og bátum o. fl.). Það er einnig flutt eftir beiðni hæstv. forsrh. og liggja nákvæmlega sömu rök fyrir því og hinu frv. En frumvörpin þurfa að vera tvö, vegna þess að þau grípa inn í tvenn lög. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en legg til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 423).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um þetta frv. er hið sama að segja og um frv. um eftirlit með skipum og bátum, sem var hér næst á undan á dagskránni, en tekið fyrst fyrir á þessum fundi, að sjútvn. leggur eindregið til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 366).
Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 728).

Frsm. (Guðbrandur Ísberg): Um þetta frv. er nákvæmlega það sama að segja og frv. á þskj. 365. Það er einnig flutt með tilliti til Lundúnasamningsins frá 1929, sem fjallar um öryggi við siglingar. Hér er aðeins að ræða um ýms ákvæði, sem flest hafa áður verið óskrifuð lög, eins og t. d. það, að skip skuli koma hvert öðru til bjargar í sjávarháska og því um líkt.
Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en vísa aðeins til grg. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 768).

---

57. Rekstrarlán fyrir Landsbankann.

Á 60. fundi í Nd.,26. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 527).

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Þau tvö frv., sem nú eru á dagskrá um heimild fyrir stj. til þess að ábyrgjast rekstrarlán handa bönkunum, munu ekki hafa komið hv. þd. á óvart. Hefi ég rætt þetta mál við fjhn. þessarar d. í sambandi við Útvegsbankamálið. Hefir verið gerð grein fyrir því, að sú ábyrgð nægi ekki, og þarf líka rekstrarfé til útgerðar þeirrar, sem skiptir við Útvegsbankann. Er innistæðufé bankans nú miklu minna en áður, og er vonlaust um, að hann geti staðið undir sínum skyldum gagnvart atvinnuvegunum, ef hann fær ekki nýtt fé. Það lán, sem hér er farið fram á, er 100 þús. punda rekstrarlán hjá Barclaysbanka í London, og á það að greiðast upp í lok þessa árs. Þegar þetta loforð fékkst hjá Barclay, var ástandið mun verra en nú. Getur engum blandazt hugur um, að nauðsynlegt er, að þessi ábyrgð fáist. Er hér um stórt mál að ræða, en þó ljóst og einfalt, þar sem er rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Þegar illt er í ári, eru atvinnuvegirnir betur búnir til þess að mæta næsta ári, ef til er rekstrarfé. Þetta tryggir, að ekki festist mikið af því, sem til láns er tekið. Ef halda skal atvinnuvegunum áfram, verður að sjá fyrir meira rekstrarfé. Snertir þetta ekki eingöngu stofnanir þær, sem um er að ræða, heldur og alla þjóðina. Vænti ég skjótrar afgreiðslu á þessu máli. Er ekki þörf á að vísa því til n., því að það hefir verið rætt við hana, en ef till. kemur fram um það, mun ég ekki leggjast þar á móti. En þó vil ég biðja n. að afgreiða það fljótt, ef svo skyldi fara, svo að skjót lausn geti orðið, því að bankarnir þurfa þess við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 527, n. 648).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Svo sem sjá má á nál. fjhn. á þskj. 648, leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. með lítilsháttar breytingu. Með frv. er farið fram á að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs bráðabirgðalán í útlöndum, að upphæð allt að £100 þús., fyrir Landsbanka Íslands. Það er farið fram á þessa heimild eftir samráði hæstv. ríkisstj. og bankastjórnar Landsbankans, og er hugsað fyrst og fremst sem tryggingarráðstöfun.

Það er vitanlegt, að á Landsbankanum hvílir meginþunginn, að verða að leggja til rekstrarfé til atvinnuvega þjóðarinnar, og sömuleiðis meginþunginn um gjaldeyrisþörfina gagnvart útlöndum. Og þó bankinn — því betur — voni, að ekki þurfi að nota þessa heimild, þá þykir samt rétt að fá hana veitta sem tryggingarráðstöfun.

Brtt. n. við frv. byggist á því, að n. telur rétt að miða þessa heimild aðeins við þá þörf, sem verða kynni á yfirstandandi ári, og vill n. orða 1. gr. frv. í samræmi við það. Frv. óbreytt verður eigi skilið annan veg en að heimildin skuli gilda frá ári til árs. Brtt. gerir það að verkum, ef hún verður samþ., að leita verður samþykkis Alþingis, ef talið verður nauðsynlegt að endurnýja hana.

Ég hefi þá í stuttu máli gert grein fyrir áliti n. á frv. Hún er öll sammála um þessa afstöðu til frv. og væntir, að hv. d. geti fallizt á að samþ. frv. með brtt. ágreiningslaust.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég finn ástæðu til að þakka hv. fjhn. afgreiðslu hennar á frv. Það er mikilsvert, að n. hefir getað orðið sammála um svo alvarlegt og þýðingarmikið mál. Ég get eftir ástæðum fallizt á brtt. n. Ég skil það mjög vel, að henni hafi ekki verið neitt ljúft að fallast á að veita þessa heimild, en hér er ekki um neitt gamanmál að ræða, heldur nauðsyn, sem ekki verður umflúin, og þá nauðsyn hefir n. skilið og viðurkennt með afgreiðslu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 648 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 694).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HStef, HJ, HV, IngB, JJós, LH, MG, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, JörB.
SvbH, EA greiddu ekki atkv.
Tíu þm. (GÍ, HG, JAJ, JÓl, JónasÞ, MJ, ÓTh, VJ, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 694).
Á 73. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 694, n. 722).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er um að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands, að upphæð £100 þús., til eins árs. Frv. var flutt af fjhn. og hefir gengið í gegnum þrjár umr. í Nd. Fjhn. þessarar d. hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. Að öðru leyti þarf ekki að skýra þetta frv. Það er fram komið sem varúðarráðstöfun, en tilætlunin er þó, að þessi heimild verði ekki notuð nema knýjandi ástæður séu fyrir hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

---

58. Skipun barnakennara og laun (frv. menntmn. Nd.).

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 555).

Á 64. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Menntmn. flytur hér ofurlitla breyt. á 13. gr. laganna frá 1919 um skipun og laun barnakennara, í þá átt að bæta, að litlu leyti þó, kjör þau, er þessi lægst launaða stétt á við að búa, sérstaklega í kaupstöðum, þar sem dýrtíð er mest. Lágmarkslaun kennara í kaupstöðum eru 2387 kr., að meðtalinni dýrtíðaruppbót. Það eru ekki fullar 200 kr. á mán. Hér í Rvík er það rétt svo, að einhleypir menn geta lifað af þessu, en fjölskyldumenn geta með engu móti komizt af með það og er því nauðugur sá kostur að leita sér aukastarfs. En ég lít svo á, að kennarastarfið sé svo lagað, að það útheimti alla krafta mannsins, ef það er samvizkusamlega rækt.
Í þessu frv. er lagt til, að á þeim stöð-

um á landinu, bæði í bæjum og sveitum, sem hafa ákveðið að greiða starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót en ríkið greiðir, þar skuli barnakennarar sitja við sama borð og aðrir starfsmenn héraðanna og mismunurinn greiðast úr bæjar- og sveitarsjóðum. Það liggur í augum uppi, að það nær engri átt að leggja það á ríkið að greiða þetta. Þá greiddi ríkið mismunandi háa dýrtíðaruppbót og yrði það örðugt í framkvæmd, enda stendur þetta bæjunum næst. Það kemur líka til greina, að það er ekki nema eðlilegt, að kennarar leiti frá þeim stöðum, þar sem dýrtíð er mest, og þangað, sem dýrtíð er minni, ef ekki er ráðin bót á þessu. Bæir geta þannig misst sína beztu starfskrafta.

Þetta virðist svo augljóst mál, að ég tel ekki þörf að fjölyrða um það að sinni, en ég vil mælast til þeirrar velvildar hv. þd., að hún vísi frv. áfram.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Við jafnaðarmenn fluttum hér snemma þings frv. um breyt. á þessum lögum, sem ég ætla, að hafi verið vísað til menntmn. Það hefir ekkert bólað á nál. um það frv., og ég hygg, að það sé ætlun n. að láta þetta ómerkilega frv. koma í staðinn.

Á þskj. 588 flyt ég brtt. við frv. þetta. Efni hennar er það, að þeir kennarar, sem ekki njóta nú húsaleigufjár, skuli fá það, 50% af leigu eftir meðalíbúð.

Ég verð að segja það, að fyrir menn, sem líta sömu augum á kjör kennaranna og hv. frsm. gerði, er það nánast sagt að gera gys að þeim að flytja annað eins frv. og hann mælti fyrir. Ég hygg, að þessi uppbót komi ekki öðrum kennurum til góða en þeim, sem eru í Rvík. Í mínu kjördæmi er starfsmönnum bæjarins engin staðaruppbót greidd, ekki heldur á Ísafirði, og ég hygg, að það sé eins um Akureyri. Hún mun hvergi vera greidd nema í Rvík, og á þeim eina stað njóta kennarar því þessarar uppbótar.

Ég leyfi mér strax við þessa umr. að benda hv. n. á þessa brtt. mína og það, að samkv. till. hennar kemur þessi uppbót engum til góða nema kennurum í Rvík.

Frsm. (Guðbrandur Ísberg) [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. þm. Seyðf. gat um, að hann bar hér fram frv. um launakjör kennara í byrjun þings og því var vísað til menntmn. Það var þar athugað og einnig aðrar till., sem komu frá kennurum sjálfum. Nú litu allir nm. með velvilja á þessar umleitanir kennara, en gátu hinsvegar ekki orðið sammála um, hvernig leysa ætti málið. Þar sem svo áliðið er nú orðið þings, þótti vonlaust, að heildarúrlausn þessa máls næði fram að ganga. N. greip þá til þess úrræðis að bera fram þetta frv. Frv. sýnir það, að n. telur skylt að bæta launakjör kennara, og hún lítur svo á, að þótt lítið sé, þá sé það þó kennurum nokkurs virði, fyrst og fremst í Rvík, þar sem dýrtíðin er mest. Ég get því ekki litið svo á, að með frv. sé verið að gera gys að kennurum. Þetta er viðleitni til að bæta kjör þeirra, og það mál verður vafalaust tekið nánar til athugunar á næsta þingi. En það get ég sagt fyrir mitt leyti, að þótt þessi stétt sé yfirleitt illa launuð, þá búa samt sumir meðlimir hennar ekki við svo örðug kjör, að brýn nauðsyn sé að bæta þau, meðan svo er þröngt í búi hjá ríkissjóði sem nú er. En í Rvík þrengir vitanlega mest að kennurunum og þar verður ekki hjá því komizt að gera eitthvað í þá áttina að bæta kjör þeirra strax.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég ætla að þakka n. fyrir að hafa flutt þetta frv., þótt það beri með sér, að ekki er unnt nú að fullnægja þörfum kennara.

Það er sjálfsagt, að bæirnir beri útgjöldin við, að barnakennarar fái jafna dýrtíðaruppbót og aðrir starfsmenn þeirra. Þetta er sjálfsögð lagfæring. Ég hygg, að Rvík hafi ekki fallizt á að greiða kennurunum þessa uppbót vegna þess, að ekki var bein lagaskylda til þess, en hún mun sætta sig við það, ef lög verða um það sett.

Staðaruppbót sem þessi er nauðsynleg lágt launuðum starfsmönnum. En það er erfitt að finna grundvöll til að byggja á. Ég hygg, að grundvöllur sá, sem hv. þm. Seyðf. stingur upp á, yrði einna réttlátastur og beztur. Ég hefi átt tal um þetta við hagstofustjóra, og mun það líka vera hans álit, að heppilegast verði að miða við húsaleiguna.

Það er nú svo, að kennarar eru lægst

launuðu starfsmenn þjóðfélagsins; af þeim er heimtað, að þeir vinni mikið starf í einlægni, og á síðasta áratug hefir vaxið löngunin hjá þessari stétt til að geta gefið sig alla við þessu starfi, en þurfa ekki að truflast af aukastörfum. Enda hefir á síðustu 10 árunum orðið geysileg breyt. á kröfum þeim, sem gerðar eru til kennara. Fyrr var lexíunám og yfirheyrslur látið nægja, en kröfurnar eru nú orðnar allt aðrar og heimta meiri undirbúning undir kennsluna og meiri samvistir við börnin, svo að starf kennara nú er ekki sambærilegt við það, sem áður var. Þessi löngun kennaranna til að vera óskiptir við starf sitt leiðir af sér, að þingið verður að sinna kröfum þeirra um bætt kjör. Það sjá allir, hver er afkoma fjölskyldumanns, sem hefir 200—300 kr. á mán. hér í Rvík. En ég er hræddur um, að þörfum kennara í framtíðinni verði ekki fullnægt nema munur verði gerður á fjölskyldumönnum og einhleypum. En hinir erfiðu tímar, sem nú standa yfir, banna að gera nokkuð verulega fyrir kennarana, og þetta mun vera það mesta, er hv. menntmn. treystir sér að bera fram. En þarfir kennara þagna ekki, þó þetta frv. verði samþ., og þær munu fara vaxandi með batnandi tímum.

Jón Auðunn Jónsson: Ég er hræddur um, að hv. flm. séu ekki kunnugir ástæðum gjaldþegnanna. Mér er kunnugt um það, að á Ísafirði, Hafnarfirði og víðar er ekki hægt að borga föstum starfsmönnum laun sín. Þar er byrjað að bjóða upp eignir manna til greiðslu á opinberum gjöldum. Þegar svo er komið, þá sjá allir, að boginn er spenntur svo hátt, að hann hlýtur að bresta. Ég teldi gott og framar vonum, ef þessir lágt launuðu starfsmenn, kennararnir, geta fengið greiðslu á því, sem þeim ber að lögum. Það er fyrirsjáanlegt, að næsta ár geta bæjarfélögin ekki risið undir þeim þunga, sem á þeim hvílir, ef engu er af þeim létt. Útlitið er það, að atvinnurekendur hafa tapað ár frá ári, og þeir, sem vinna að útgerðinni, borið sáralítið úr býtum. Ég get ekki gengið inn á að hækka laun nokkurra manna, þegar atvinnuvegirnir veita ekki það, sem starfsmenn þeirra þurfa sér til lífsframfæris.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég stend ekki upp til að mótmæla neinu af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um greiðslugetu bæjarfélaganna, heldur til að leiðrétta þann misskilning, sem hann virtist vera í, að hér væri nokkrum útgjöldum velt yfir á bæjarfélögin, sem þau sjálf réðu ekki yfir. Hér er einungis um það að ræða, að ef þau treysta sér til að greiða starfsmönnum sínum staðaruppbót, þá skuli kennararnir vera þar með. Nú mun það ekki vera nema Rvík, sem talið hefir ástæðu til að greiða starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót en ríkið greiðir, svo það er einungis Rvík, sem hér er um að ræða, og þó er henni í sjálfsvald sett, hvað hún greiðir. Hér er í rauninni ekki verið að hækka nein laun, heldur leiðrétta það, að barnakennarar hafa hingað til verið afskiptir umfram aðra starfsmenn bæjanna. Þeir hafa verið afskiptir vegna þess, að þeir hafa ekki verið taldir starfsmenn bæjarfélaganna, og hér er eingöngu lagt til, að þeir skuli skoðaðir starfsmenn bæjanna framvegis. Þótt ríkið greiði eftir sem áður styrk til að launa þeim, þá er enginn eðlismunur á þeim og öðrum starfsmönnum bæjar- eða sveitarfélaga og rangt, að þeir njóti ekki staðaruppbótar sem aðrir.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Mér finnst launakjör kennara þessu máli með öllu óviðkomandi. Ef full viðurkenning fæst fyrir því á Alþ., að kennarar séu of lágt launaðir, þá leiðir það náttúrlega ekki til annars en að hækka laun þeirra, en alls ekki til þess að grípa til svo óvenjulegra ráðstafana sem hér er gert. Það nær vitanlega engri átt, að það beri að líta á barnakennarana sem starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þeim eru ákveðin laun og uppbætur sem öðrum starfsmönnum ríkisins. Og þótt bæjar- og sveitarfélögin borgi nokkuð af þeim launum, þá breytir það engu. Verður það að teljast skrítið, ef ríkið færi að setja reglur um, hvað bærinn ætti að greiða starfsmönnum sínum. Ákveða t. d. laun borgarstjóra eða annara þeirra, sem bærinn ræður og borgar. Að hér sé um starfsmenn ríkisins að ræða, sannar það, að þótt bæirnir að vísu greiði ⅔ af byrjunarlaunum kennaranna, þá greiðir ríkið

samt þær uppbætur, sem þeir fá, bæði dýrtíðaruppbót og aldursuppbót. Ef þingið vill á einhvern hátt breyta þessu ákvæði til hækkunar á launum kennaranna, þá á að greiða þá hækkun úr ríkissjóði, en ekki úr sjóði bæjarfélaganna. Það er ósanngjarnt að breyta þessu á þennan hátt, sem hér er lagt til, og óviðkunnanlegt fyrir kennarana. Ég sé ekki, að þetta leiði til annars en þess, að Rvík verði að taka til athugunar, hvort hún sér það fært að halda uppi þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er ákveðin, ef undir það ákvæði á að bæta við fjölda manna. Gæti þá farið svo, að lækka yrði við alla. Kennurunum væri þá með því gerður ljótur leikur. Þeir fengju enga uppbót, en yrðu einungis meinsmenn annara. Rétt á litið er hér því ekki um neina leiðréttingu á launum kennaranna að ræða, heldur bara hótun til þeirra bæjarfélaga, sem ekki hafa lækkað þá dýrtíðaruppbót, sem þau borga starfsmönnum sínum, til jafns við það, sem ríkið greiðir. Þetta getur nú að vísu verið fjármálastefna, sem í sjálfu sér er bót mælandi, að neyða þá, sem betur borga, til að fylgja ríkinu um launagreiðslur til sinna manna.

Ég sé því ekki, að frv. þetta bæti úr því, sem því er ætlað að bæta. En það getur orðið og verður sennilega til ills fyrir aðra. Hinsvegar verð ég að álíta, að full ástæða sé til að athuga, hvort ríkið geti ekki á einhvern hátt bætt kjör barnakennaranna. Það verður að teljast varhugavert og óviðfelldið að setja upp stórt kerfi af launamönnum, sem enginn sér út yfir, hve stórt kunni að verða. Það væri sjálfsagt betra, að það væri minna og að hægt væri að borga viðunanlega.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég býst við, að ef hv. 4. þm. Reykv. vill gera kerfið minna og draga á þann hátt úr kostnaðinum, þá sé ekki til nema eitt ráð til þess, sem er einhlítt, en það er að draga úr barneignum — stemma á at ósi. Önnur ráð eru ekki til. Þau börn, sem á annað borð fæðast og alast upp, verða að fá kennslu. Og hana fá þau ekki á annan ódýrari hátt en þann, sem nú er.

Kennararnir eru starfsmenn bæjanna. Þótt þeir fái ákveðin lágmarkslaun og partur af þeim komi úr ríkissjóði, þá er sá hluti launanna greiddur í einu lagi til bæjargjaldkera og er því styrkur til bæjanna, sem að vísu er bundinn við þetta starf. Þetta eru aðeins lágmarkslaun. Það má ekki greiða kennurunum minna en þau. En það má greiða þeim meira, en þá kemur umframgreiðslan eingöngu á bæina. Aldursuppbótin er öll greidd úr ríkissjóði. Er það gert til þess að sveitareða bæjarfélögin þurfi ekki að vera að athuga það í sambandi við ráðningu kennara, hvort hann hafi kennt lengi eða stutt. Gæti það orðið til baga fyrir þá kennara, sem lengi hafa stundað kennslu. Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ríkissjóður greiðir allar aldursuppbætur barnakennara. Hitt þótti öllu vafasamara, þegar l. voru gerð, hvort ríkissjóður ætti að greiða alla dýrtíðaruppbótina. En af því búizt var þá við, að dýrtíðaruppbót stæði ekki lengi í lögum, þá var ákveðið, að hún greiddist öll úr ríkissjóði. Var það því gert af þessari ástæðu og af hlífð við bæjarfélögin, í stað þess, að ríkissjóður greiddi dýrtíðaruppbótina í samræmi við launin, eða aðeins að ⅓. Svo er talað um, að hér sé verið með hótanir. Þegar ríkissjóður hefir tekið á sig ⅔ af uppbótargreiðslunni, þá er kallað, að Alþ. sé með hótanir til þeirra bæjarfélaga, sem greiða hærri dýrtíðaruppbót en ríkið. Þegar svo er gert, þá er ekki hægt að láta vera út undan fjölmenna stétt manna. Ég vil segja, að ekki verður komizt hjá að greiða staðaruppbætur þar, sem dýrara er að lifa en annarsstaðar, og hana verða bæjarfélögin að greiða starfsmönnum sínum. Þetta er vísir að því, að vísu lítill, en þó eingöngu slíkur vísir. Þetta hefir verið framkvæmt víða og hefir þótt nauðsynleg ráðstöfun og hvergi verið litið á slíkt sem hótun. Ég hefi átt tal við nokkra bæjarfulltrúa hér um þetta, og það menn af öllum flokkum. Hafa þeir verið þessu máli velviljaðir og telja nauðsynlegt, að þingið leggi úrskurð á, að bærinn eigi að greiða þetta. Ég hygg, að bæjarstj. taki þessu einmitt sem úrskurði, en ekki skipun, en hér stóð svo á, að þennan úrskurð varð að gefa.

Vænti ég, að þingað komist að sömu niðurstöðu og hv. menntmn., sem einhuga hefir lagt til, að frv. verði samþ.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. getur vitanlega sett um skringilegar setningar um það, hvernig draga eigi úr kennarafjöldanum, svo sem með því að fækka börnum. En hæstv. ráðh. er væntanlega svo sögufróður, að hann veit, að það er ekki svo ýkjalangt síðan séð var fyrir sæmilegri fræðslu barna án þess að hafa þann kennarafjölda, sem nú er. En ég var þó ekki að tala um þetta. Ég var að lýsa því, hve algengt það væri að setja upp kerfi, sem ekki væri vitað fyrirfram, hve mikið mundu kosta. Alþ. er oft og einatt að skrökva því að sjálfu sér, að þetta, sem sett er af stað, muni kosta svo og svo lítið, en reynslan vill oft verða nokkuð önnur, þegar farið er að starfrækja þessi kerfi. En það var ekki meining mín með þessum orðum að fara að gerast nokkurskonar Heródes barnamorðingi eða kennaramorðingi, eða þá að draga úr kerfinu.

Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ákvörðunin um, að ríkið borgi aldursuppbótina alla, er gerð vegna skólahéraðanna af þeim ástæðum, sem hann lýsti. En það er aldrei nema rétt, að þar sem ríkið ákveður slíkt, þá borgi það líka. En hitt væri þá ósamræmi, ef ríkið ákveður staðaruppbót, að láta greiðsluna alla lenda á þeim fræðsluhéruðum, þar sem svo er ástatt, að rétt sé að veita staðaruppbót. Ég veit varla, hvar lenti, ef svo færi um alla starfsemi innan bæjarfélagsins, sem svo væri ástatt um. Ég er hræddur um, að erfitt gæti orðið með fjármál þess bæjar, ef Alþ. kæmi með kröfu um staðaruppbót fyrir alla þá opinbera starfsmenn, sem þar eiga heima. Í Danmörku hefir staðaruppbót verið ákveðin og greidd, en að öllu leyti úr ríkissjóði. Miðlun á launum milli staða, eftir dýrleika að lifa þar, er réttmæt, en þá á líka hver stofnun að greiða sínum starfsmönnum þær uppbætur, sem af því leiðir.

Hæstv. fjmrh. fannst engin hótun liggja í þessu frv. Jú, í því liggur sú hótun, að ef eitt bæjarfélag er að derra sig og greiða starfsmönnum sínum hærri uppbót á laun en ríkið greiðir, þá eigi það að bæta við sig uppbótargreiðslu á laun fjölda annara starfsmanna. Þetta er hótun, sem hæglega gæti leitt til þess, að bæjarfél. sæi sér ekki annað fært en að lækka uppbót á laun allra sinna starfsmanna, til þess að komast hjá þessu. Aðþrengt bæjarfélag getur trauðlega aukið útgjaldabyrðar sínar. Það á því ekki nema um tvennt að ræða, að taka upp dýrtíðaruppbót ríkisins, eða að lækka tölu kennara sinna. Þótt ég vilji gjarnan unna kennurunum hæfilegra launa, þá vil ég samt eigi, að tilraun til að bæta laun þeirra sé gerð á kostnað annara, svo niðurstaðan verði sú, að laun kennaranna hækki ekki neitt, en aðrir starfsmenn bæjanna tapi á þeirri tilraun.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að kennararnir væru starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga. Ef svo væri, þá ættu bæjar- og sveitarfélögin að ákveða, hverjir hlytu kennarastöðurnar, en það er ríkisvaldið (dómsmrn.), sem ákveður það, og þess eru mörg dæmi, að kennslumálastj. hafi veitt stöðurnar gegn tillögum skólanefndanna, sbr. Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar o. fl.

Viðvíkjandi því, hvort staðaruppbót skuli greidd af bæjarfél., get ég upplýst það, að ég sé, að í launalögum Dana stendur, að slík staðaruppbót skuli greidd að mestu úr ríkissjóði, til allra, bæði hátt og lágt launaðra. Það er víst, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að samþykkt þessa frv. verður ekki til þess að hækka laun barnakennaranna. Þegar litið er til þeirra tíma, sem nú eru, þá er víst, að það verður aðeins til að lækka laun annara starfsmanna bæjarfél. Það er sýnilegt, að þetta og næsta ár eru óheppilega valin til að koma fram launahækkun við nokkra stétt manna.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil leiðrétta hv. þm. N.-Ísf. Það er ekki, eins og hann hélt, Alþ. eða ríkið, sem ákveður, hve margir kennarar skuli vera í hverju skólahéraði. Það eru héruðin sjálf, sem ráða því. Ríkið hefir aðeins skuldbundið sig til að sinna þeirri kröfu, að 1 kennari megi koma á hver 30 börn. En bæirnir hafa yfirleitt keppt að því að komast í þetta hámark. Þetta er hin eina regla, er ríkið setur héruðunum um tölu kennara.

Í Svíþjóð og Þýzkalandi eru staðarupp-

bætur greiddar af héruðunum. Ég hélt, að eins væri í Danmörku, en veit það ekki með vissu og get þess vegna sleppt að tala um það. Ríkið greiðir kennurum sömu dýrtíðaruppbót og öðrum er borguð og eins og hún er ákveðin á hverjum tíma. Ef bæjarfél. borga mönnum sínum hærri uppbót, þá er eðlilegt, að þau láti kennara sína njóta hins sama. Það er ekki ríkið, sem hefir ákveðið þessa hærri uppbót, og það er óeðlilegt, að bæjarfél., sem hana ákveða, borgi ekki kennurum sínum á sama veg og öðrum starfsmönnum.

Það er ekkert verið að tala um neinn derring hjá þeim bæjarfélögum, sem vilja borga starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót en ríkið greiðir sínum, því dýrtíðaruppbót ríkisins er svo lág, að það eru hinir erfiðu tímar einir, sem gera hana forsvaranlega. Rvík er dýr bær til að lifa í, eins og títt eru um alla stærri bæi og borgir. Hér er því full ástæða til að taka það til greina. En sé það gert, þá mega kennararnir ekki verða út undan.

Jóhann Jósefsson: Mér virðist afleiðingin af samþykkt þessa frv. verða sú, að bæjarfélögin verði að þrengja að kosti annara starfsmanna sinna. Þótt kennarastéttin kunni að vera starfsmenn bæjanna, þá hefir hún þó frekar skoðað sig sem starfsmenn ríkisins. Bæjarfélögin hafa mikið að greiða á þessum tímum, og það væri viðbætir að taka til viðbótar uppbót á laun kennaranna. Ég sagði víst áður, að þeir væru 12 í Vestmannaeyjum. En þeir munu vera fleiri. Í haust var uppbótin þar lækkuð úr 40% niður í 30% við starfsmenn bæjarins. Hér yrði því um töluverðan útgjaldaauka að ræða, ef kennararnir væru teknir með.

Mér finnst það atriði gefa bendingu um, að kennarana beri að skoða sem starfsmenn ríkisins, að það hefir víst þrásinnis komið fyrir, að þeir hafa verið skipaðir af fræðslumálastj. gegn tillögum skólanefnda og bæjarstjórnanna. Svo var það með skólastjóra gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum. Sú staða er nýveitt og þvert gegn till. meiri hl. skólanefndarinnar þar. Mér finnst þó, að ef þessir menn eru taldir starfsmenn bæjanna, þá eigi þeir líka að hafa íhlutunarvald um ráðningu þeirra.

Annars skal ég endurtaka það, að samþykkt þessa frv. verkar að mínu áliti aðeins á þann hátt, að lækkað verður við aðra starfsmenn bæjarins, sem þó eru lágt launaðir áður.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég sé, að hv. þm. Vestm. hefir ekki rannsakað þetta mál til hlítar. Eftir þeim upplýsingum, er hann gaf, þá borgar Vestmannaeyjabær 30% dýrtíðaruppbót. Nú borgar ríkið 27%. Verður því útgjaldaaukinn 3%, eða samtals 500 kr. á þá 12 kennara, sem þar eru, svo að ég get ekki trúað, að Vestmannaeyjabær þurfi að skera niður á öðrum sviðum, þó að þessar 500 kr. komi á hann. En ég býst við, að hv. þm. Vestm. hafi búizt við, að þetta væri meira en það er. Ég vil líka benda á, að gagnfræðaskólar falla ekki hér undir. Gagnfræðaskólakennarar eru skipaðir af ríkisstj., þó að skólarnir að öðru leyti séu í höndum bæjar- og sveitarfélaga.

Vilmundur Jónsson: Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. um að niður hefðu fallið kaupgreiðslur til starfsmanna Ísafjarðarkaupstaðar, sem komu mjög flatt upp á mig, hringdi ég samstundis til bæjarstjórans á Ísafirði, og sagði hann mér, að bærinn hefði til þessa greitt öllum starfsmönnum tilskilið kaup. Þar með er ekki sagt, að erfiðleikar séu þar ekki fyrir hendi eins og annarsstaðar, og mun ekki vera á þá bætandi.

Frv. þetta mundi raunar ekki koma hart niður á Ísafjarðarkaupstað, þó að lögum yrði, því að þar er ekki það launafyrirkomulag, að starfsmönnum sé greidd dýrtíðaruppbót, en auðvitað mundi það þá ekki heldur koma kennurum þar til góða. Sé ég ekki betur en að frv. sé með öllu vita gagnslaust. Fyrir þá kaupstaði, sem fúslega vilja bæta laun kennara sinna, þarf engin slík lög, en hinir, sem vilja það ekki, verða ekki neyddir til þess á þennan hátt. Til þess að komast í kringum þessi ákvæði, þarf ekki annað en lækka dýrtíðaruppbót annara starfsmanna og hækka laun þeirra að sama skapi — og kennurunum er sýnd veiðin, en ekki gefin.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Mér kemur það undarlega fyrir, ef allir starfsmenn Ísafjarðarbæjar hafa fengið laun sín greidd. Veit ég ekki annað en mörgum hafi verið ógreitt 12. apríl fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz. En ég skal grennslast nánar eftir þessu fyrir 3. umr. þessa máls.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að skólastjórar og kennarar væru starfsmenn bæjanna, þá er undarlegt, að bæjarstjórnir megi ekki ráða, hvaða menn eru ráðnir að skólunum. Eftir því, sem hv. þm. Vestm. benti á, hefir hæstv. stj. gengið hvað eftir annað á móti till. bæjarstjórna um skipun kennara við barnaskólana, bæði í Vestmannaeyjum, Rvík, Hafnarfirði og víðar. Það kemur því ekki til mála, að ríkisstj. hefði gert þetta, nema hún áliti þessa menn starfsmenn ríkisins. Ef þeir eru starfsmenn bæjanna, eiga bæjarstjórnirnar að ráða, hvaða menn eru teknir.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil aðeins segja, að það er óskylt mál, hvort menn eru starfsmenn bæjar eða ríkis og hitt, hvort veitingarnar eru í höndum bæjarstjórna eða ríkisstjórnar eða að miklu leyti í höndum hvorratveggja, eins og er með kennarana. Og þó að undantekning frá þessu sé að fara eftir till. skólanefnda, þá er hitt almennast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:5 atkv.

Á 66. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, 588).

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég gerði nokkra grein fyrir þessari till. minni, þegar ég lagði hana fram við síðustu umr. þessa máls. Það var nokkuð um hana rætt þá, og hirði ég ekki um að endurtaka neitt af því. Eftir till. n. myndu ekki aðrir barnakennarar njóta uppbótar en barnakennararnir hér í Rvík, því uppbótin á að miðast við þá dýrtíðaruppbót, sem bæjarfél. greiða öðrum starfsmönnum sínum. Og eftir því, sem ég veit bezt, greiðir enginn kaupstaður annar en Rvík starfsmönnum sínum föst laun og dýrtíðaruppbót. Í minni till. er aftur á móti gert ráð fyrir að miða uppbótina við 50% af húsaleigu eftir meðalíbúð. Hygg ég, að ekki verði fundinn réttari grundvöllur þegar um staðaruppbót á launum er að ræða.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil benda á það, að komið getur fyrir, að fleiri bæjarfél. taki upp þann sið að greiða starfsmönnum sínum föst laun og dýrtíðaruppbót heldur en Reykjavík. Það mun t. d. þegar vera gert í Vestmannaeyjum líka, og ég er ekki viss um, nema það sé víðar svo. En þó svo væri ekki, þá miða þessar till. að því, að dýrtíðaruppbót af launum láglaunaðrir starfsmanna verði felld niður.

Í till. hv. þm. Seyðf. er gengið svo langt að gera ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög greiði helming af leigu eftir þriggja herbergja íbúð handa kennurunum. Ef um einhleypa menn er að ræða, er þetta auðvitað óþarflega vel í lagt, og gætu þeir þá grætt á að leigja íbúðina út aftur. Ég held, að varhugavert sé að samþ. þessa till. og greiði því atkv. á móti henni.

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi ekki láta hjá líða, vegna brtt. hv. þm. Seyðf., að benda á það, að þó mikil þörf sé á dýrtíðaruppbót á laun kennara þar, sem dýrtíðin er mest og húsaleiga hæst, þá gegnir nokkuð öðru máli um launakjör kennara við fasta skóla í sveitum. Ég hygg, að eftir því sem starfsmönnum er yfirleitt greitt, þá sé ekki hægt að segja með neinum rétti, að kennararnir við hina föstu barnaskóla þar séu mjög illa settir.

Í till. hv. þm. Seyðf. er gert ráð fyrir, að allir barnakennarar við fasta skóla fái greiddan helming af húsaleigu eftir 3 herbergi og eldhús. Nú eru margir þessara kennara einhleypir menn, og auk þess verður að taka tillit til þess, að allur fjöldinn af fólki í sveitunum hefir ekki slík húsakynni við að búa. Það er ekki rétt að miða slíka uppbót við húsnæði, sem er langt fram yfir það, sem almenningur á viðkomandi stað verður að búa við. Ég get fallizt á, að þörf sé á uppbót

sem þessari þar, sem húsnæði er mjög dýrt, eins og t. d. hér í Rvík. Hinsvegar get ég ekki fallizt á, að það beri sérstaklega brýna nauðsyn til þess að bæta þeim mönnum upp, sem falla undir d-lið laganna. Og ég tel það í ósamræmi við kjör fólksins yfirleitt þar, sem þeir starfa, ef þeim er greidd uppbót, sem miðuð er við leigu eftir 3 herbergi og eldhús, hvort sem þeir eru einhleypir eða ekki. Mun ég því greiða atkv. gegn brtt. hv. þm. Seyðf., þar sem ég tel hana á röngum grundvelli reista.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal geta þess, að þessi brtt. mín er flutt eftir tilmælum barnakennara hér í Rvík og nokkurra utan af landi. Ég hygg, að ef meta skal dýrtíðina í kaupstöðum landsins, þá sé ekki hægt að finna sanngjarnari grundvöll heldur en húsaleiguna. Hitt er annað mál, að sumum kann að þykja of vel í lagt að miða þá uppbót, sem hér er um að ræða, við þriggja herbergja íbúð með eldhúsi. Það er atriði, sem lengi má deila um. En ég held, að tæplega sé hægt að gera ráð fyrir, að minni íbúð nægi þeim kennurum, sem fjölskyldu hafa fyrir að sjá. Nú telja sumir, að þó kennurum, sem fjölskyldu hafa, væri greitt þetta upp í húsaleigu þeirra, þá væri fjarri sanni, að einhleypir kennarar fengju sömu uppbót á laun sín. Þetta kann nú í fljótu bragði að virðast sanngjarnt. En eftir því, sem ég veit bezt, er hvergi gerður munur á launakjörum fjölskyldumanna og einhleypra manna. Ég viðurkenni, að ástæða væri til þess að taka það til athugunar, en yfirleitt eru laun manna enn sem komið er aldrei miðuð við slíkan aðstöðumun, og væri því ósanngjarnt að taka kennarana eina út úr í því efni. Þar að auki er nú oft fljótur að breytast hagur manna. Kennari, sem í fyrstu er einhleypur, getur allt í einu tekið upp á því að gifta sig og eignast börn.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ekki er hægt að finna sanngjarnari grundvöll undir launauppbót til þeirra kennara, sem till. mín nær til, heldur en húsaleiguna. En það eru kennarar við kaupstaðarbarnaskólana, sem hafa 1500 kr. kaup, og auk þess kennarar við fasta barnaskóla utan kaupstaða, sem taldir eru undir d-lið. Í l. frá 1919 segir, að forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða skuli hafa ókeypis húsnæði, ljós og hita; eru þá aðeins eftir aðrir kennarar við þá skóla, sem eiga að hafa 1300 kr. laun. Fyrir þá, sem ætlað er að hafa kennsluna að aðalstarfi, eru þetta svo lág laun, að ekki er við þau unandi. Og þó bætt væri við sem svarar hálfri húsaleigunni, sem þeir þurfa að greiða, þá væri að mínu áliti svo skammt gengið sem Alþ. framast getur sóma síns vegna.

Hv. þm. N.-Ísf. hélt fram, að það yrði aðeins til þess, að felld yrði niður dýrtíðaruppbót annara starfsmanna bæjanna, ef samþ. væri sú uppbót til kennara, sem hér er um að ræða. En ég vil benda á, að þetta nær ekki til till. minnar, því eftir henni á ekki að miða launauppbót kennara við dýrtíðaruppbót annara starfsmanna, heldur á að ákveða hana sem húsaleigustyrk.

ATKVGR.

Brtt. 588 felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrS, ÁÁ, BJ, HG, JörB.

nei: PO, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, BKr, GÍ, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ.

Átta þm. (SvÓ, VJ, BSt, EA, HStef, HV, JónasÞ, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 10:7 atkv.

2. gr. samþ. með 11:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 555).

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 8 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 724).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt af menntmn. Nd. og fer fram á það, að gera þeim bæjarfélögum, sem hafa ákveðið að greiða starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót á laun sín en ríkið greiðir sínum starfsmönnum, að skyldu, að þau skuli einnig greiða barnakennurum, sem hjá þeim starfa, mismuninn á dýrtíðaruppbót ríkisins og bæjarins. Þetta verður því einskonar staðaruppbót fyrir þessa kennara.

Eins og kunnugt er, eru barnakennarar í kaupstöðum mjög láglaunuð stétt, og þá sérstaklega í Rvík. Það er þess vegna ekki ósanngjarnt, að þeir njóti sömu hlunninda og aðrir starfsmenn bæjarins. En því hefir verið haldið fram í bæjarstj. Rvíkur, þar sem þetta aðallega kæmi til framkvæmda, — og það er orsökin til þess, að þetta frv. hefir verið flutt —, að bæjarstj. gæti ekki gert þetta, af því að kennararnir hefðu sín laun að mestu leyti frá ríkinu, og að þess var synjað að greiða kennurunum þessa uppbót, stafaði, að því er mér hefir skilizt, aðallega af því, að bæjarstj. taldi sig tæplega hafa lagaheimild til að greiða þetta.

Menntmn. þessarar hv. d. hefir athugað frv. og vill fyrir sitt leyti ekki spyrna við því, að það verði leitt í lög, og þar sem hún hefir ekki ástæðu til að halda annað en að bæjarfél. vilji gjarnan greiða þetta, sé það heimilt, vill hún mæla með því, að það standi ekki í vegi. Ef bæjarfél. ákveður að lækka sína dýrtíðaruppbót niður í sama og ríkið, kemur þetta vitanlega ekki til neins.

Þetta er ekki neinn útgjaldaliður fyrir ríkissjóð, enda er það sanngjarnt, að bæjarfélögin taki nokkurn þátt í launagreiðslum til þessara starfsmanna sinna, fyrir það, að það er dýrara að lifa hjá þeim en annarsstaðar á landinu.

Ég vil geta þess, að einn nm. hafði í upphafi áskilið sér óbundið atkv. um frv., en hann mun nú hafa, við nánari athugun, ákveðið að fylgja því óbreyttu. Legg ég því til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það var borin fram í bæjarstj. Rvíkur till., sem fór í sömu átt og þetta frv., og úr því að hv. frsm. vék að meðferð hennar í bæjarstj. Rvíkur, vil ég segja frá því, sem þar fór fram.

Eins og kunnugt er, ákvað bæjarstj. að greiða starfsmönnum sínum sömu dýrtíðaruppbót fyrir þetta ár og verið hefir undanfarið. — Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki gefa fundarhlé, því það eru nú svo fáir í d., að það mun varla vera fundarfært. **(Forseti:** Ekki kann ég nú við það, en ég skal hringja). Það þýðir ekkert. **(JónJ:** Það er bezt að gefa fundarhlé). **Forseti** (hringir): Nú er fundarfært). Já, en mér þykir leiðinlegt að hafa af hv. dm. þá skemmtun, sem vera mun í aðsigi í hv. Nd. — Jæja, bæjarstj. ákvað þetta. Jafnframt kom fram till. um, að bæjarstj. skyldi borga kennurum í þjónustu bæjarins sömu dýrtíðaruppbót og öðrum starfsmönnum bæjarins. Þetta gat meiri hl. bæjarstj. ekki fallizt á, af því að það væri allt annar aðili, sem ákvæði laun kennaranna, og annar, sem ákvæði laun starfsmanna bæjarins. Og þó bæjarstj. ákvæði að lækka ekki dýrtíðaruppbót starfsmanna bæjarins, af því að laun þeirra mættu ekki lægri vera, þá er ekki þar með sagt, að laun kennara séu of lág. Þau eru ákveðin af ríkinu með tilliti til launa annara starfsmanna þess, og miðast þannig við allt annað en laun starfsmanna bæjarins. Auk þess er það nú þannig, að það er lögákveðið, að ríkissjóður borgar kennurunum $^{2}/_{3}$ launa þeirra, alla aldursuppbótina og alla dýrtíðaruppbótina, enda eru þeir skipaðir af ríkisstj. og bærinn hefir ekki vald nema að litlu leyti til að ráða því, hvaða kennarar eru í þjónustu hans. Þeir eru því starfsmenn ríkisins fyrst og fremst. Þess vegna er það, að bæjarstj. taldi ekki rétt, að hún færi að taka þetta mál að sér. Þannig gat bæjarstj. auðvitað ekki farið

að fella úrskurð um, þar sem dýrtíðaruppbótin var látin lækka hjá öllum starfsmönnum ríkisins, að þetta væri rangt að því er barnakennarana snerti. Alþ. hefir sjálft skammtað þeim launin, og bæjarstj. gat ekki á þann hátt farið að taka fram fyrir hendur þings og stjórnar.

Hinsvegar er á það að líta, að það hefir dregizt nokkuð lengi af ýmsum ástæðum, en verið í ráði að endurskoða launareglugerð bæjarins og ákveða laun starfsmanna hans af nýju og e. t. v. fella niður dýrtíðaruppbótina og setja launin föst. En þetta hefir dregizt m. a. af því, að þegar það varð að ráði að setja bæjarráð fyrir Reykjavík — en það var samþ. með lögum 1930, en hefir ekki komizt í framkvæmd enn, af því að ríkisstj. og bæjarstj. kemur ekki saman um, hve margir menn eigi að vera í því —, þá var því hugað það verkefni að koma þessari endurskoðun í framkvæmd. En þessi endurskoðun getur ekki dregizt von úr viti og hlýtur að verða framkvæmd á þessu eða næsta ári, og þá getur farið svo, að þessi launabót kennaranna falli niður af sjálfu sér, þó hún verði samþ. hér. Ef það því er tilgangur þingsins að bæta laun kennaranna, þá er óvíst, að sá tilgangur náist með því að samþ. þetta frv. Það geta fallið niður forsendurnar fyrir því, að kennararnir fái bætt laun sín með því, ef dýrtíðaruppbótin verður felld niður.

Hinsvegar er það rétt, að það var ekki eindregin mótstaða gegn því í bæjarstj., að hún legði eitthvað fram úr bæjarsjóði til að bæta kjör kennaranna, þó þetta væri ekki samþ., m. a. af því, að það er ennþá óákveðið um laun starfsmanna bæjarins, og að þetta tvennt, laun þeirra og laun kennaranna, stendur ekki í beinu sambandi hvað við annað.

Hitt er satt, að hér er ekki um stóra upphæð að ræða fyrir bæjarfél. Það er gengið út frá því í frv., að bæjarsjóður borgi mismuninn á dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins, og það mun nú vera 27%, sem ríkissjóður greiðir þeim, og dýrtíðaruppbót starfsmanna bæjarins, sem er nú 40%, þá er mismunurinn 13%, og mér er sagt, að það kæmi til með að nema eitthvað innan við 20 þús. kr. Svo þetta er ekki neitt verulegt atriði fyrir bæinn.

En það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á, að ef það er virkilega meining þingsins að bæta launakjör kennaranna, þá er óvíst, að þetta frv. nái þeim tilgangi.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Ég skal aðeins geta þess út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að n. sá ekki ástæðu til — enda lá það ekki fyrir — að taka það til athugunar, hvort ríkið ætti að borga þessum starfsmönnum hærra en öðrum starfsmönnum í dýrtíðaruppbót, enda kemur það ekki til mála. En hitt áleit n., að gæti komið til mála, ef bærinn liti svo á, að hann þyrfti að borga sínum starfsmönnum hærri dýrtíðaruppbót en ríkið sínum, að hann þá bætti þeim kennurum eitthvað upp líka, sem hann hefir í þjónustu sinni og eru verr settir en aðrir barnakennarar, af því að þeir búa á dýrari stað. En það olli því, að ég gat léð frv. mitt lið, að ég vissi, að þessir starfsmenn hafa mikla þörf fyrir hærri laun, eins og reyndar öll þjóðin hefir þörf fyrir hærri laun, og svo hitt, að mér hafði verið tjáð, eins og mér líka skildist á ræðu hv. 1. þm. Reykv., að bæjarstj. hefði ekkert á móti því að greiða kennurum þessa uppbót, en teldi sig bresta lagaheimild til þess. Og því vildi ég ekki spilla, að hún fengi hana.

Ég mæli því með því, að frv. verði samþ., svo að hún geti gert þetta.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. frsm. sagði, að það gæti ekki komið til mála, að ríkið færi að greiða þessum starfsmönnum hærri dýrtíðaruppbót en öðrum. En ég vil vekja athygli hans og annara hv. dm. á því, að með því að samþ. þetta frv. viðurkennir Alþ., að þessum starfsmönnum ríkisins sé vanborgað og að dýrtíðaruppbót þeirra sé óhæfilega lág. Það er ómögulegt að skilja þessa lagasetningu á annan veg. Því hvaða ástæða önnur gæti verið til þess að skylda bæjarfélögin til þess að greiða þessum starfsmönnum hærri laun en ríkið hefir ákveðið þeim?

Hitt, sem hv. frsm. var að tala um, að ef bærinn sæi sér fært að borga starfsmönnum sínum hærri dýrtíðaruppbót en ríkið borgaði sínum starfsmönnum, þá væri sanngjarnt, að þetta næði einnig til

kennaranna, tel ég nú mjög hæpið, því að launakjör starfsmanna bæjarins eru ákveðin af allt öðrum aðila en laun kennara, svo það getur vel verið, að laun starfsmanna bæjarins séu of lág og að ástæða sé til að borga þeim hærra, þótt það eigi ekki við um starfsmenn ríkisins. Það verður að gæta þess, að hér er um tvo launaskala að ræða, sem ekki eru ákveðnir af sama aðila og standa því ekki í neinu sambandi hvor við annan.

Hinsvegar hefi ég litið svo á, að það væri með öllu óviðeigandi af bæjarstj. að fara að taka fram fyrir hendur þings og stj. um launakjör starfsmanna ríkisins, eða beinlínis að sletta sér fram í viðskipti þeirra við ríkið. Það var m. a. af þeirri ástæðu, að bæjarstj. gat ekki gengið inn á þessa braut.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Ég vil geta þess út af orðum hv. 1. þm. Reykv. um að dýrtíðaruppbótin væri heldur of lág en hitt, að ég tók það fram í framsöguræðu minni, að ég vissi það vel, að þessir menn, eins og þjóðin öll, þyrftu að fá einhverskonar tekjuuppbót. Það er kunnugt, að atvinnuvegirnir bera sig illa og framleiðendurnir eru ekki einu sinni matvinnungar, en það er bara ekki hægt að benda á neitt ráð til þess að auka tekjur almennings, og þá sýnist það ekki nema eðlilegt, að þessi almenna kreppa snerti þessa stétt manna eins og aðrar stéttir. Þess vegna vil ég ekki viðurkenna, að dýrtíðaruppbótin sé of lág, þegar litið er á kjör þessara manna í hlutfalli við kjör alls almennings. Hitt er annað mál, að æskilegt hefði verið að hækka laun almennings, og þessarar stéttar þá einnig, en á því eru engir möguleikar fyrir ríkið. Ef bæirnir hinsvegar treysta sér til að greiða hærri dýrtíðaruppbót sínum starfsmönnum, þá er ekkert við því að segja.

Páll Hermannsson [óyfirl.]: Það er nú að verða fámennt nokkuð hér í hv. d., og er sjáanlegt, að hugur manna stendur nú meira til hv. Nd. heldur en þess máls, sem hér er til umr. Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að í því stendur, að menntmn. leggi til, að það verði samþ. Hv. frsm. sagði, að frv. hefði verið athugað af n., sem er að vísu rétt, því það hefir verið tekið til athugunar á einum fundi. En þegar liðið er á þingtímann eins og nú er, þá eru oft lausatök á málunum hjá nefndum, sérstaklega ef málin eru ekki tekin nema einu sinni fyrir. Svo var því farið um þetta mál, að athugun þess hjá n. var heldur flýtisverk að mínu áliti, og þess vegna skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, enda hafa nú við 2. umr. frv. komið fram atriði, sem n. hefir ekki athugað, og sýnir það, að frv. er þörf á frekari athugun.

Ég skal að síðustu taka það fram, að ég mun greiða frv. atkv. til 3. umr., en geymi mér rétt til að koma fram með brtt. við það við 3. umr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég vildi bara vekja athygli hv. frsm. á því, að það eru ýmsir starfsmenn ríkisins hér í Rvík, sem búa við svipuð laun og kennararnir og engin ástæða sýnist til að launa verr en þá. Það er ekki hægt annað en telja það sanngjarnt, að allir starfsmenn ríkisins í Rvík, sem vinna álíka vandasöm störf, hafi sömu laun, og með því að einn flokkur þessara starfsmanna er tekinn út úr og kjör hans bætt, þá er það ekkert annað en viðurkenning á því, að kjör hinna séu slæm, og að þeir eigi betur skilið.

Forseti (GÓ): Þá verður atkvgr. frestað samkv. beiðni, er fram hefir komið. (**PH:** Ætlar hæstv. forseti að gefa dm. frí?). Ef þess er óskað; ekki stendur á mér. Annars verð ég að taka hv. dm. vara fyrir því meðan fundir standa yfir að vera sem mest inni í deildinni, en ekki þjóta fram og aftur með ys og hurðaskellum.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

59. Sjúkrasamlög.

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög** (þmfrv., A. 557).

Á 64. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Ólafsson): Eins og grg. frv. ber með sér, flytur allshn. það að tilhlutun Sjúkrasamlags Rvíkur. Það er kunnugt, að sjúkrasamlög landsins eru illa komin á síðustu árum, eins og fleiri fyrirtæki. Þau eiga við fjárhagsörðugleika að stríða, svo magnaða, að helzt lítur út fyrir, að þau líði undir lok, ef þeim er ekki rétt hjálparhönd, og er það bezt gert með því að leysa þau undan ýmsum skyldum. N. hefir vandað til frv. eftir föngum, m. a. sent landlækni það til umsagnar, og hann hefir sent n. það aftur með sínum skýringum og miklum fróðleik um sjúkrasamlög.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á tillagi ríkissjóðs. Í lögunum frá 1919 er gert ráð fyrir því, að 75 aur. komi á hvern legudag sem tillag úr ríkissjóði. En hér er gert ráð fyrir, að þetta tillag hækki um helming, verði 1,50 kr. á hvern legudag. N. þótti ekki tiltækilegt að gera till. um meiri hækkun, þó að samlagið óskaði eftir henni.

2. gr. frv. fjallar að mestu leyti um öryggisráðstafanir til handa þessum samlögum. Hún kveður skýrt á um það, hvað menn megi eiga til þess að vera fulltækir í þessi sjúkrasamlög, og þar eru greinileg ákvæði um hjón, sem áður hefir vantað. Yfirleitt er þarna tekið það helzta fram um réttindi samlagsmeðlima. Nýmæli er það í 2. gr., að meðlimunum er gefinn kostur á að tryggja sér dagpeninga, en áður var það svo, að þeir gátu fengið dagpeninga hjá samlaginu, ef það var megnugt að greiða þá. Á þessari getu hefir orðið misbrestur. Aðalstarfsemi samlaganna hefir verið í því fólgin að borga lækn is- og meðalahjálp, en nú þykjast þau geta farið að tryggja meðlimum sínum dagpeninga.

Í 3. gr. eru ákvæði um það, að ef menn eflast að eignum meðan þeir eru í samlaginu, geti komið að því, að þeir verði að ganga úr því, en geri menn það ekki, né tilkynni stj. viðkomandi samlags þessar breyttu ástæður, slær 3. gr. varnagla við öllu þesshátt ar, og getur jafnvel endurgreiðsla komið til mála í slíkum tilfellum. Ennfremur er gert ráð fyrir því í frv., að sjúkrasamlögin geti stöðvað útborganir eða samið um, að nokkur hluti skuli vera óborgaður, ef þau lenda í miklum greiðsluörðugleikum, og flotið þannig yfir vandræðin. Þetta virðist vera nauðsynleg ráðstöfun, því að stundum hefir reynzt ómögulegt að semja í slíkum tilfellum við ýmsa hlutaðeigendur, jafnvel lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús. En í þessu frv. er gefin nægileg trygging fyrir því, að þessir aðilar séu skyldugir að semja við samlögin, þegar þau eru sérstaklega illa stæð.

N. þótti sjálfsagt að verða við tilmælum stjórnar Sjúkrasamlags Rvíkur og flytja þetta frv., með það fyrir augum, að henni var það ljóst, að þessi samlög gera mikið gagn með því að bjarga fátækum fjölskyldum frá því að þurfa að þiggja af sveit, og er þannig einn liður í því starfi, að hjálpa mönnum frá því að vera upp á aðra komnir og geta bjargað sér sjálfir. N. var á einu máli um það, að nauðsynlegt sé að útvega þessum félögum ívilnanir, svo að þau geti haldið áfram starfi sínu. En þar sem nægur fróðleikur fylgir frv. um þessi félög, svo að hv. þdm. geta kynnt sér málið rækilega af því, sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 557).

Á 70. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 739).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Þetta frv. er borið fram af allshn. Nd. samkv. tilmælum frá stj. Sjúkrasamlags Rvíkur, og fylgdi frv. mjög ýtarleg grg. frá stj. sjúkrasamlagsins, ásamt bréfi frá landlækni um málið. Vil ég ekki þreyta hv. d. með því að fara að rekja hér efni frv., og tel það enda óþarft, því að nýmæli frv. eru skýrð mjög rækilega í grg. þeirri, sem frv. fylgir og ég gat um. Allshn. þessarar d. hefir athugað frv. og orðið sammála um afgreiðslu þess í öllum aðalatriðum, en greinir hinsvegar á um 1. gr. frv., sem gerir ráð fyrir því, að tillag ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna verði hækkað allverulega frá því, sem nú er. Samkv. gildandi ákvæðum nemur tillag ríkissjóðs 75 aur. fyrir hvern samlagsmann, og er hér farið fram á að breyta þessu, svo að tillagið nemi 1,50 kr. fyrir hvern legudag. Verður að geta þess í þessu sambandi, að Sjúkrasamlag Rvíkur, sem er elzta og fjölmennasta sjúkrasamlag landsins, hefir komizt í mikla fjárhagsörðugleika, og er ástæðan aðallega sú, að með landsspítalanum var bætt úr þeim mikla skorti, sem áður var á sjúkrahúsum hér í bænum, og jukust útgjöld sjúkrasamlagsins vegna spítalavistar samlagsmanna gífurlega af þessum ástæðum, eftir að landsspítalinn var tekinn til starfa. Áður gátu hvorki meðlimir sjúkrasamlagsins né aðrir fengið spítalavist, nema þeim lægi lífið við og gera þyrfti á þeim operationir, sem enga bið þoldu, en ella urðu menn að bíða oft svo mán. skipti til þess að fá inni á sjúkrahúsunum. Eftir að landsspítalinn var kominn, varð sú mikla breyt. á þessu, að hægt var að flytja þá sjúklinga á spítala, sem ella hefðu orðið að liggja í heimahúsum, og fór spítalakostnaður sjúkrasamlagsins gífurlega upp af þessum ástæðum, eins og ég áður sagði, svo að ef ekki verður eitthvað að gert, er ekki útlit fyrir annað en að samlagið geti ekki starfað áfram. Á síðasta ári námu skuldir samlagsins um 50 þús. kr., og hefir verið reynt að semja um skuldirnar, og eru miklar líkur til þess, að það muni takast og samlagið geta starfað áfram á heilbrigðum grundvelli, ef þessi ákvæði frv. komast til framkvæmda. Sá kostnaður, sem þetta mundi baka ríkissjóði fram yfir það, sem nú er, mun nema um 15 þús. kr. á ári, og er þá gengið út frá sama meðlimafjölda og nú er. Þó að þetta sé að vísu talsverð upphæð, verður að gæta að því, að ríkissjóður fær allmiklar óbeinar tekjur á móti, vegna þess, hve viðskipti samlagsins við landsspítalann eru mikil. Tekjur landsspítalans mundu rýrna ekki lítið, ef samlagið legðist niður, svo að hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en það, hvort ríkið eigi ekki að veita sjúkrasamlaginu önnur skilyrði en einstaklingum um sjúkrahúskostnaðinn, og verði frv. samþ., mundi það í aðalatriðum þýða það fyrir sjúkra-

samlagið, að það fengi 25% afslátt frá venjulegum legukostnaði.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur sé um það, að sjúkrasamlögin séu þjóðþrifafyrirtæki, og mikil afturför, ef þau skyldu þurfa að leggjast niður. Fátt þess, sem gert er af opinberum ráðstöfunum, miðar eins að því að halda niðri fátækraframfærslunni eins og starfsemi sjúkrasamlaganna, því að fyrir þessa starfsemi komast menn hjá því að leita á náðir hins opinbera vegna þess kostnaðar, sem sjúkdómar kunna að leiða yfir þá. Þegar þess er ennfremur gætt, að sjúkrasamlögin fá minni styrk til starfsemi sinnar en annarsstaðar í löndum, sýnist ekki óhóflega langt gengið í þessum till. Hv. 3. landsk. hefir þó ekki séð sér fært að mæla með því, að 1. gr. frv. verði samþ., og hv. 2. þm. Eyf. hefir áskilið sér óbundið atkv. um þetta, eins og tekið er fram í nál. Að öðru leyti er enginn ágreiningur í n. um afgr. frv., eins og ég líka tók fram í upphafi, og ég vil eindregið leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, og vænti þess, að d. geri sér það vel ljóst, að það getur oltið á frv., hvort Sjúkrasamlag Rvíkur getur haldið áfram starfsemi sinni eftirleiðis eða ekki.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. réttilega tók fram, hefi ég ekki getað fylgzt með um afgreiðslu þessa frv. Ástæðan er þó ekki sú, að ég viðurkenni ekki fyllilega hina merkilegu starfsemi sjúkrasamlaganna. Ég álít þau þvert á móti alls góðs makleg af því opinbera og ekki nema sjálfsagt að greiða götu þeirra svo sem unnt er með breyttri löggjöf, að svo miklu leyti sem slíkt verður ekki til að auka útgjöld ríkissjóðs. Af þeim ástæðum hefi ég og fallizt á að afgr. þetta frv. að öðru leyti en því, sem tekur til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Eins og stendur verður ekki meiru hlaðið á ríkissjóð en þegar er búið að gera, en hér er farið fram á allverulega hækkun á útgjöldum ríkissjóðs vegna sjúkrasamlaganna frá því, sem nú er. Samkv. gildandi ákvæðum á ríkissjóður ekki að greiða nema 75 aur. fyrir hvern samlagsmann, en hér er farið fram á að hækka þetta upp í 1,50 kr. fyrir hvern legudag, og nemur þessi hækkun ekki alllitlu fyrir ríkissjóð. Sem dæmi skal ég benda á það, að samkv. bréfi landlæknis (þskj. 557, bls. 5) nam tillag ríkissjóðs til samlaganna 3024,75 kr. síðastl. ár, en hefði orðið 18885,75 kr. samkv. ákvæðum frv., eða með öðrum orðum sexfaldazt. Sjá menn því, að hér er ekki um litla hækkun að ræða fyrir ríkissjóð, og mundi þó þessi breyt. hafa meiri afleiðingar í för með sér, því að hún mundi verða til þess, að fleiri gengju í sjúkrasamlögin, og yxu því útgjöld ríkissjóðs vegna samlaganna meira en bent er til með núv. starfsemi þeirra. Að vísu má segja, að þetta væri vel farið, en ég tel, að við verðum að gæta allrar varfærni um að binda ríkissjóð með auknum útgjöldum. Það er og sannast að segja, að ríkissjóður leggur nú þegar allríflega til heilbrigðismálanna, miðað við getu okkar. Fyrst og fremst ber hann að kalla einn allan hinn gífurlega kostnað, sem berklavarnirnar hafa í för með sér, og auk þess verður hann að greiða samkv. fátækralögunum ⅔ af sjúkrahúskostnaði þurfamanna. Hér voru og um daginn afgr. l. um breyt. á berklavarnal., sem leysa sjúkrasamlögin undan því að greiða nokkurn hl. af berklavarnakostnaðinum, eins og þeim bar áður. Má að vísu segja, að þetta kæmi í sama stað niður fyrir ríkissjóð, af því að samlögin gátu ekkert borgað hvort sem var, en hér er þó engu að síður um ívilnun að ræða þeim til handa, þar sem þau eru leyst undan þessari skyldu. Af þessum ástæðum, sem ég nú hefi greint, get ég ekki greitt 1. gr. þessa frv. atkv., og verð ég að mælast til þess, að hv. d. felli þessa gr. frv., og tek ég þó nærri mér að þurfa að leggja þetta til, því að ég tel, að sjúkrasamlögin séu alls góðs makleg og að æskilegast væri að geta styrkt þau sem ríflegast, en hinsvegar verð ég þó jafnframt að líta svo á, að samlögin megi vel við una í bili þá úrlausn þeim til handa, sem frv. að öðru leyti felur í sér.

Frsm. (Pétur Magnússon): Mér finnst hv. 3. landsk. ekki hafa tekið það nægilega til greina, að hér er um kostnað að ræða, sem ekki verður komizt hjá. Þó að þessi leið verði ekki farin, sem ég vil kalla að gefa sjúkrasamlögunum betri kjör við landsspítalann en öðrum, kemur

þessi kostnaður eftir sem áður fram í aukinni fátækraframfærslu, og það er hætt við því, að hækkun á hluta ríkissjóðs af sjúkrakostnaði fátækraframfærslunnar nemi ekki til muna minnu en þeim styrk, sem hér er farið fram á til samlaganna. Það verður ekki vefengt, að sjúkrasamlögin hafa dregið mikið úr fátækraframfærslunni með því að gera mönnum kleift að komast yfir sjúkdómsörðugleika, sem ella hefðu neytt þá til að leita á náðir hins opinbera. Er hér um mjög óeigingjarnt starf að ræða, þar sem er starfsemi sjúkrasamlaganna, þegar menn beita sér fyrir því að hjálpa meðbræðrum sínum, þeim sem verst eru staddir, án þess að hafa af því nokkra hagnaðarvon, og finnst mér því ekki nema sanngjarnt, að löggjafarvaldið líti á þetta og styrki þessa sjálfsbjargarviðleitni manna svo sem föng eru frekast til, og verð ég í lengstu lög að vænta þess, að hv. d. snúist ekki á móti jafnsjálfsögðum ákvæðum og þessi eru.

Bjarni Snæbjörnsson: Ég þykist vita, að hv. þdm. blandist ekki hugur um það, hvílíkt nauðsynjamál þetta er fyrir sjúkrasamlögin og að sjúkrasamlögin eru nauðsynleg hér sem annarsstaðar. Hv. 3. landsk. taldi þó, að ríkissjóður legði það mikið fram til heilbrigðismálanna, að undanskilja mætti þetta á þessum krepputímum. En þess er að gæta, þegar um sjúkratryggingarnar er að ræða, að ríkissjóður hefir lagt miklu minna fram til þeirra en vera ætti og nokkursstaðar tíðkast í öðrum löndum. Það sýnist því ekki vera nein goðgá, þó að farið sé fram á lítið eitt hærri styrk til sjúkrasamlaganna en verið hefir. Þar er um virðingarverða og mannbætandi stefnu að ræða, sem kemur fram í því, að menn mynda með sér félagsskap með það fyrir augum að hjálpa öðrum, jafnframt því, sem þeir þó hafa hagnað af því sjálfir. Svo að ég víki að því fjárframlagi, sem hér er farið fram á, þá er svo ástatt, að Sjúkrasamlag Rvíkur á nú við mikla fjárhagslega örðugleika að stríða, sem stafa af því, eins og hv. 4. landsk. tók fram, að sjúkrahúskostnaður samlagsins hefir vaxið stórkostlega vegna landsspítalans, og er ástæðan sú, að það er dýrara fyrir samlagið að hafa sjúklinga á landsspítalanum en öðrum sjúkrahúsum. Á þeim stunda sjúkrasamlagslæknarnir sjálfir sjúklingana og daggjaldið á þeim er ekki nema 5 kr., auk þess sem samlagið fær oft afslátt á daggjöldunum, en á landsspítalanum er daggjaldið 1 kr. hærra. Þar stunda spítalalæknarnir sjúklingana, svo að samlagið kemur þar ekki að sínum eigin læknum, og verður sjúkrahúsvistin því miklu dýrari af þessum ástæðum. Þess verður og að gæta, að þegar ríkistillagið var ákveðið 0,75 kr. fyrir hvern meðlim sjúkrasamlaganna, voru aðrir tímar en nú eru. Í raun og veru var þetta gjald jafnmikið þá og nú væri það gjald, sem hér er farið fram á, því að bæði var daggjaldið á sjúkrahúsunum lægra þá en nú, og auk þess voru sjúkrahúsin færri, og gátu færri sjúklingar af þeim ástæðum fengið inni á sjúkrahúsunum þá en nú. Bæirnir, þar sem sjúkrasamlögin hafa starfað, hafa og séð það, hversu þörf fyrirtæki sjúkrasamlögin eru, og hafa gert sitt til þess að styrkja þau í starfi sínu, með því að hækka styrk til þeirra, og mér finnst ekki nema sanngjarnt, að ríkissjóður geri einnig sitt til að halda samlögunum uppi, ekki síst þegar litið er til þess, að landsspítalinn missir mikils í, ef sjúkrasamlagið hér verður að leggjast niður vegna skilningsleysis Alþingis á hlutverki þess. Mér er og kunnugt um það frá stj. sjúkrasamlagsins í Hafnarfirði, að ef gjöld samlagsmanna þar hækka frá því, sem nú er, verður slíkt til þess, að samlagsmennirnir fara úr félaginu, en markið er auðvitað að fá sem flesta í samlögin og að menn sjái sér hag af því að vera í þeim. Það er rétt, að nú eru miklir krepputímar og yfirleitt mjög miklar hækkanir á útgjöldum ríkissjóðs. En það verður þó að taka til greina þau útgjöld, sem eru til hjálpar þeim, sem bágast eiga, sjúklingunum og þeim, sem harðast verða úti í kreppunni.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Mér skildist það á hv. þm. Hafnf., að honum fyndist lítið til um það, sem við legðum til heilbrigðismála. Ég hefi ekki rannsakað það og borið saman við aðrar þjóðir, en ég efast um, að nágrannaþjóðir okkar leggi meira í sjúkrakostnað miðað við tekjur ríkisins

en við hér, því það er ekki svo lítið, sem við borgum til þeirra hluta, og það sérstaklega til berklavarna. Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. Hafnf. og hv. 4. landsk. sögðu, að þetta væri til þess að útvega ríkinu tekjur gegnum landsspítalann, þá efast ég um það, því mér er sagt, að aðsóknin að spítalanum væri nóg, og það hefir heyrzt hér, að vandræði væru að ráðstafa vissum flokki sjúklinga, vegna þess að sjúkrarúm vantaði. Enda hugsa ég, að aðsóknin fari ekki eftir því, hvað sjúklingarnir eru styrktir, heldur eftir sjúklingafjöldanum. En vitanlega yrði þetta til þess, ef sjúkrasamlögin geta ekki styrkt eins og áður, að auka fátækrakostnað sveitanna, en hvort það yrði aftur á móti til þess að auka útgjöld ríkisins til fátækramála, er ekki gott að segja. Ég viðurkenni, að það væri æskilegt að geta styrkt sjúkrasamlögin meira. En mér finnst þó við styrkja sjúklinga sómasamlega, og á svona tímum er ekki hægt að bæta neitt við það.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 3. landsk. talaði um það, að sjúkrasamlögin væru sómasamlega styrkt og að æskilegt væri að geta styrkt þau, svo þau gætu starfað. En það er ekki hægt að finna út úr orðum hans, að hann meini þetta, því ef það er æskilegt að halda sjúkrasamlögunum uppi, þá verður að styrkja þau svo, að þau geti haldið áfram starfsemi sinni; annars hljóta þau að hætta að starfa. Það er t. d. óhugsandi, að Sjúkrasamlag Rvíkur geti haldið áfram að starfa með sama styrk og það hefir haft. Það er alveg furðulegt, þegar maður ber saman, hvernig sjúkrasamlög eru styrkt annarsstaðar og hér á landi, að þau skuli geta haldið uppi þessari starfsemi með þeim litla styrk, sem þau fá hér. Ég hefi því miður ekki við hendina gögn um þessa hluti, en ég þori að fullyrða, að ríkissjóðsstyrkur annarsstaðar er margfalt hærri á mann en hér á landi, því heildarupphæðin fer náttúrlega eftir mannfjöldanum á hverjum stað. Það er ástæðulaust að bera upphæðirnar saman og segja svo, að miðað við okkar efnahag séu samlögin vel styrkt. Sjúkrasamlögin hér á landi eru miklu fámennari en annarsstaðar, og þar af leiðir, að bæði að krónutali og hlutfallslega er miklu minna lagt til þeirra mála hér. Ég get lagt fram gögn viðvíkjandi þessu, en ég hefi þau bara ekki við hendina. Það eru gögn, sem sýna það skilmerkilega, hversu örlítið fé það er, sem lagt er til þessarar starfsemi hér af hinu opinbera. Þó nú séu krepputímar, þá megum við ekki einblína svo á það. Við verðum fyrst og fremst að meta það, hvort við viljum halda þessari starfsemi áfram eða láta hana leggjast niður. Þessi krónuupphæð, sem um er að ræða, er alveg þýðingarlaus í samanburði við þá þýðingu, sem þessi starfsemi getur haft fyrir afkomu almennings. Ég vona, að hv. d. líti meira á þetta en augnabliksfjárþröng ríkisins.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er að vísu rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að hér á landi fer miklu minna fé úr sjóði ríkisins — og þá bæjarfélaganna engu síður — til styrktar sjúkrasamlögum en í öðrum löndum. Þeim málum er í öðrum löndum skipað betur en hér. Það skal ég fúslega játa. En það verður ekki sagt, að þessir tímar séu heppilegir til að kippa þessum hlutum í lag. Það eru a. m. k. engir óendanlegir möguleikar á þessum tímum til þess að breyta reglunum um styrki til samlaganna, sem þó hafa gilt lengi og ekki hafa á góðærunum verið afnumdar eða breytt. Vitanlega verða sjúkrasamlögin að gjalda þess, eins og svo margar aðrar þarfir landsmanna, að hafa ekki sagt til sín á góðærunum, þegar möguleikarnir voru meiri. En það er sjálfsagt að gera fyrir þessi samlög allar þær lagabreyt., sem þeim megi verða stoð að, án þess að auka kostnað ríkisins. Það er áætlað í frv., hvað kostnaðaraukinn mundi verða mikill, en það er ekki hægt að gera áætlanir um það, hvað sjúkrasamlögin mundu vaxa í tilefni af þessum nýju l. Það má að vísu segja, að öll aukin sjúkrasamlagsstarfsemi sé til góðs, en það gildir sama um hana og svo marga aðra þarfa starfsemi, að ekki er hægt að styrkja hana eins og æskilegt væri. En ég vil benda á það, að þetta þing sinnir þó einni kröfu sjúkrasamlaganna, þó að styrkurinn verði ekki hækkaður, sem sé þeirri kröfu, að meðlimir sjúkrasamlaganna njóti berklastyrks eins og

aðrir landsmenn. Þessu hefir ekki verið sinnt fyrr en á þessu þingi, og þrátt fyrir örðuga tíma er tekið tillit til samlaganna og þeim gefnar eftir skuldir á komandi ári. Ég verð, eins og tímarnir eru og eins og undirtektirnar eru undir alla hluti, að telja, að það sé kappnóg fyrir þol ríkissjóðs að sinna sjúkrasamlögunum að þessu leyti, þó styrkurinn sé ekki hækkaður. Ég verð því að leggja eindregna áherzlu á það, að útgjöld ríkisins séu ekki hækkuð að þessu sinni í þessu efni. Þó við gerum fremur lítið að því að styrkja sjúkrasamlög og sjúklinga yfirleitt, þá má samt benda á það, að í einu efni gerum við meira að því en aðrar þjóðir, sem sé að styrkja berklasjúklingana. Það er geysileg fjárhæð, sem fer til slíkra sjúklinga, og er vafasamt, hvort allt það fé er til gagns. Aðrar þjóðir hafa ekki séð sér fært að setja svona öfluga styrktarlöggjöf eins og hér er á komin. Nú er allt útlit fyrir það, að berklavarnastyrkurinn verði mun hærri í ár en hann var síðasta ár. Miðað við síðustu mánaðamót mun hafa verið búið að útborga eitthvað 70—80 þús. kr. meira en á sama tíma á síðasta ári. En eins og útlitið er nú með fjárhag ríkisins, megum við ekki við því að bæta neinu verulegu á ríkissjóð. Þessi rök mín beinast ekki gegn þeim rökum, sem hér hafa verið flutt, að æskilegt væri að styrkja betur sjúkrasamlögin. Þetta er framtíðarmálefni, sem verður að leysa, þegar ástæður leyfa. En hver maður hlýtur að sjá, að á þessum tímum er ekki hægt að leysa þessi vandræði, enda hefði þetta átt að koma fyrr, meðan betur áraði.

Jakob Möller [óyfirl.]: Mér kom það ekki á óvart, að hæstv. fjmrh. stæði upp til að tala á móti þessu frv. Ég hefi heyrt hann mest beita sér á móti smámunum í útgjöldum ríkisins, og þess vegna var þess að vænta, að hann léti til sín taka í sambandi við þetta mál. En hinsvegar er hæstv. ráðh. að brýna það fyrir mönnum að taka tillit til hins erfiða ástands ríkissjóðs, en það er ekki síður ástæða til að taka tillit til hins erfiða ástands meðal einstaklinganna í landinu. Og þegar hæstv. ráðh. talar um það, að sjúkrasamlögin hefðu átt að koma fyrr, þá er það alveg furðulegur barnaskapur hjá honum, því það er einmitt vegna kreppunnar, sem sjúkrasamlögin eru nú komin í þröng. En hvað viðvíkur því, að þetta sé framtíðarmál, þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er spaugileg aðferð að láta samlögin fyrst líða undir lok, en taka það svo upp sem framtíðarmál að reisa þau við. Þetta er fjármálapólitík, sem mér þykir leiðinlegt að verða var við í ræðum fjmrh. — Hæstv. ráðh. talaði um vöxt sjúkrasamlaganna í þessu sambandi. Það er ástæðulaust að óttast það, því það, sem farið er fram á, á ekki að verða til þess að lækka gjöld meðlimanna. Það er því engin ástæða til að gera ráð fyrir aðstreymi að sjúkrasamlögunum vegna þessara breyt. Það eitt gæti orsakað aðstreymi að sjúkrasamlögunum, að löggjöfin gengi út á það, að meðlimirnir þyrftu minna að borga. En gjaldið er komið svo hátt, að það er óhugsandi að hafa það meira. Þess vegna er ekki nema um tvennt að gera, annaðhvort að leggja niður sjúkrasamlögin, eða þá að styrkur úr ríkissjóði verði hækkaður.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það kemur vitanlega fyrir, að fjmrh. þurfi að leggjast á móti smámunum, og einnig hitt, að andstöðuflokksmenn saki ráðh. um það, að hann skipti sér eingöngu af smámunum. En það mundi kannske hafa verið auðveldara fyrir mig að skipta mér minna af smámunum eins og þessum, ef hv. þd. hefði samþ. tekjuaukafrv. þau, sem ég hefi borið fram, t. d. um verðtoll á tóbaksvörum. Ef menn hefðu greitt atkv. með slíkum sjálfsögðum tollum á þessum tímum, þá hefðu menn haft meiri rétt til að brýna mig á máli eins og þessu. En þegar það hljómar hér stöðugt, að það þurfi engar nýjar tekjur, bara lækka öll útgjöld og hætta öllu bruðli, eins og það er orðað, þá er ekki gott að áfella mig fyrir það, þó ég vilji verjast sumu af því, sem verið er að leiða inn á þessu þingi.

Ég hefi átt tal við ýmsa menn í sjúkrasamlögunum og skýrt þeim frá, að örðugt mundi vera að fá samþ. hækkanir til þeirra á þessum tímum, en þó hefði ég fallizt á, að þeir nytu berklavarnastyrks eins og aðrir, og það mál er nú í góðum

gangi. En ég hefi alltaf sagt, að ekki væri mögulegt að fá hækkun sem nokkru næmi til sjúkrasamlaganna. Og mér hefir skilizt á sumum í sjúkrasamlögunum, að þau mundu geta lifað, ef þau fengju aðrar lagabreyt., sem heldur léttu undir með þeim, þó þau fengju engan aukinn styrk. Ég hygg, að það sé hægt að styðja samlögin svo, að þau líði ekki undir lok, án þess að binda ríkissjóði stóra aukna bagga. Tímarnir eru þannig núna og flokkarnir taka þannig í málin, að ekki er hægt að auka útgjöld ríkissjóðs svo neinu verulegu nemi.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. komst þannig að orði í síðustu ræðu sinni, að áheyrendur hefðu mátt skilja það svo, að ekkert bagaði nú getu ríkissjóðs til nýrra eða aukinna fjárframlaga annað en illska andstöðuflokka stjórnarinnar. Ég held, að enginn hefði misvirt það við hæstv. ráðh., þó hann hefði haldið sér við sannleikann í þessu máli og sagt eins og er, að hag ríkissjóðs er svo illa komið, að hann er ekki fær um að taka á sig auknar álögur. Hæstv. ráðh. þarf ekki að leita að ástæðum fyrir þessu hjá andstæðingum núv. stj. Hann getur miklu fremur fundið þær í gerðum síns flokks og þeirra ráðh., sem með honum sitja í ráðuneytinu.

Út í hitt ætla ég ekki að fara, sem hann gaf dálítið í skyn, að undirtektir stjórnarandstæðinga undir tekjuaukafrv. hefðu verið stirðar. Okkur sýnist ekki efnahagur eða afkoma einstaklinga beint bjóða þinginu upp á auknar álögur eins og stendur. En að öðru leyti þarf hann ekki um okkar framkomu að kvarta. Við höfum ekki lagt á móti sparnaðartill., sem fram hafa komið og meira að segja brotið upp á ýmsu í því efni. En hitt veit ég, að hæstv. fjmrh. kippir sér ekki upp við það, þótt lagt sé kapp á, að ekki haldist til langframa ástandið um meðferð valds í landinu, að það er minni hl. þjóðarinnar, sem hefir allt vald og fer með það, og krefja menn um breyt. og neyta til þess hins litla afls, sem enn er eftir í höndum meiri hl. þjóðarinnar á þinginu.

Bjarni Snæbjörnsson: Það voru fáein atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi svara. Hann komst þannig að orði, að sjúkrasamlögin hefðu vanrækt á góðu árunum að fá þennan styrk. Ég hefi margtekið það fram, að þetta frv. er fram komið vegna hinna gífurlegu hækkana á sjúkrahúskostnaði, sem orðnar eru í Rvík, aðallega síðan landsspítalinn tók til starfa. Hæstv. fjmrh. veit því vel, að á góðu árunum var engin svipuð ástæða fyrir sjúkrasamlögin til að biðja um aukinn styrk.

Annað atriði, sem hæstv. fjmrh. talaði um, var, að sveitarstyrkur og ríkisstyrkur til sjúkrasamlaga væri lægri hér en annarsstaðar. En ég hygg, að það sé ekki rétt. Sveitarstyrkur er hærri hér til sjúkrasamlaga en annarsstaðar, a. m. k. í Danmörku. Eftir því, sem landlæknir segir, þá er sveitarstyrkur í Danmörku 2,4%, en hér á landi 10,5%. Þetta sýnir, að bæjarfélögin kunna að meta starfsemi sjúkrasamlaganna, en það stendur bara upp á ríkissjóð. Viðvíkjandi berklavarnastyrknum er það þannig, eins og tekið hefir verið fram, að hann væri í mesta máta ósanngjarn, þar sem krafizt væri tvöfaldrar borgunar af þeim mönnum, sem væru í sjúkrasamlögunum. Það er vitanlega ranglát löggjöf og því sjálfsagður hlutur að kippa því í lag. En það, að berklavarnastyrkurinn sé hærri nú í ár en síðasta ár, þarf engan að undra, því það liggur í hlutarins eðli, að eftir því, sem sjúkrahúsunum fjölgar, hlýtur berklavarnastyrkurinn að hækka. Ég er sizt að lasta það, að sjúkrahúsunum fjölgi og stjórnin sýni það, að hún vill hjálpa upp á sjúklinga, en þá verður hún líka að taka afleiðingunum af því, að berklavarnakostnaðurinn hækkar með sjúkrahúsfjölguninni.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég var ekki að segja, að það væri undrunarefni, að berklavarnastyrkurinn hefði hækkað í ár. En það er hlutur, sem vert er að benda á, þegar það skeður á sama tíma sem allir tollar og skattar lækka. Það dregur úr getu ríkissjóðs til að bæta á sig nýjum styrkjum að óbreyttri tollalöggjöf. Ég hygg, að ekki sé hægt að flytja yfir á ríkið allar hækkanir og að það verði að finna önnur ráð, nema hugarfar manna verði svo, að þeir fengjust til að

ganga inn á einhverja óhófsvörutolla til að vega í móti nýjum nauðsynjaútgjöldum, sem ríkið tæki á sig. Án þess að fallast á nýja tolla á ýmiskonar óþarfa er ógerningur að óska eftir nýjum útgjöldum, sem nokkru nema. Það var þetta, sem ég sagði, og það hefir ekki verið hrakið af hv. 1. landsk. eða öðrum, sem talað hafa. Hv. 1. landsk. sagði, að orsakirnar til þess, að ríkið gæti ekki tekið þetta á sig, væru þær, hvernig farið hefði verið með fé ríkisins undanfarin ár. Ég býst við, að það sé nokkuð sama um það, hvernig stj. fer í ár með fé ríkisins. Það er núv. ástand, sem þarf að taka tillit til og beygja sig fyrir. A. m. k. mundi hv. 1. landsk. telja það nauðsynlegt, ef hann sæti í stjórn. Tollar eru sízt meiri nú en 1926, nema síður sé. Ég hygg, að ef farið væri nákvæmlega yfir þá hluti, þá muni heldur hafa dregið úr tollum síðan, þegar tillit er tekið til alls. En síðan 1926 hafa lögbundin útgjöld aukizt um 2 millj. Í öðrum löndum er það talið nauðsynlegt að sjá fyrir auknum tekjum jafnframt því, sem útgjöldin eru aukin, og erum við ekki undanþegnir þessari reglu. Hvaða þjóðarmeirihluti og hvaða stj., sem að völdum situr, er bundin af þessari reglu. Þetta gildir jafnt fyrir alla þá, sem ábyrgðina bera í þessum efnum. Og ég vil ráðleggja hv. 1. landsk. að segja ekki of margt, sem gæti verið óþægilegt fyrir hann að hafa sagt, þegar hann sjálfur tekur við bráðum, ef svo vill verða. Það gæti orðið óþægilegt fyrir hann að láta mig síðar geta flett upp ýmsum ummælum, sem hann hefir freistingu til að segja nú, og ætti hann því sjálfs sín vegna að reyna að sigrast á þessari freistingu.

Þegar hv. 1. landsk. lætur svo um mælt, að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að beita fjármálunum til þess að fá fram meira réttlæti um kosningar og kjördæmaskipun, er það annað mál út af fyrir sig, og ætla ég ekki að fara að ræða hér réttmæti þessara orða nú, enda gefst vafalaust tækifæri til þess síðar, en í þeim orðum hv. þm. lá þó viðurkenning á því, að ekki væri hægt að standa á móti þessum málum í sjálfu sér, og að Sjálfstæðisflokkurinn mundi taka öðruvísi í þau, ef hann væri ekki að berjast fyrir einhverju öðru. Sú viðurkenning liggur glöggt í þessum orðum hv. 1. landsk.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, PM, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JBald, JónÞ.

nei: JónasJ, EÁrna, JónJ, GÓ.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

Á 78. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 776).

---

60. Rekstrarlán fyrir Útvegsbankann.

Á 60. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f. (þmfrv., A. 528).

Á 62. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Um þetta mál er líkt að segja og hið fyrra (um rekstrarlán fyrir Landsbankann), enda talaði ég um hvorttveggja sem nokkurnveginn sömu ábyrgðina, þegar frv. var hér fyrir um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbankanns. Var þá skýrt frá því í heyranda hljóði, að ekki gæti setið við þá ráðstöfun eina saman. Sú ráðstöfun ætti að stöðva úttektir á innstæðufé úr bankanum, ef ekki væri látið hér við sitja. Annars held ég, að þær myndu einmitt vaxa. Nú er það svo um þennan banka,

að hann mun eiga innifrosið mikið fé frá síðari tímum. Úttekt innstæðufjár hefir verið mikil, og hefir það bakað bankanum 1 millj. 300 þús. kr. tap á 7 mánuðum síðasta árs. Auk þess skuldaði hann erlendum bönkum 175 þús. sterlingspund. Þegar lánið var tekið fyrir áramótin samkv. heimild síðasta Alþingis. Þessar skuldir, skuldin við Hambrosbanka og úttektirnar á síðasta ári, nægja til að skýra, hversvegna fé er frosið inni. Fé var að töluverðu leyti frosið inni áður en lánin voru tekin. Síðasta sumar hefir bankinn orðið fyrir verstum töpum, af því að t. d. Vestmannaeyjar o. fl. verstöðvar fóru þá verr út úr því en önnur ár. Þegar sú hætta er úr sögunni, að innstæðufé verði tekið úr bankanum, dregur úr þeirri hættu, að nýtt rekstrarfé frjósi inni. Auk þess skuldbindur bankaráðið sig til að nota ekki fé fyrr en fengin er skuldbinding Ríkisbankans danska og annara lánsstofnana um það, að ekki skuli krafizt afborgana fyrr en það sé bankanum hættulaust. Þegar nú ekkert lán verður tekið, nema slíkir samningar náist við aðallánsstofnunina, og þegar ekki er hætta á úttekt sparifjár, er ekki sjáanlegt, að hér sé um mikla áhættu að ræða.

Bankinn hefir átt tal við Landsbanka Íslands um endurkaup á víxlum, til þess að geta fengið fé til útgerðarinnar, og voru undirtektir heldur daufar. Er þá ekki um annað að ræða en að taka ábyrgð á fé til Útvegsbankans, ef þessi atvinnurekstur á að geta haldizt. Ef Útvegsbankanum er ekki gert mögulegt að halda uppi atvinnurekstri þessum, þá er reyndar sá til, að Landsbankinn taki það að sér, en hann hefir látið í ljós, að hann geti ekki endurkeypt þá víxla, er þessum atvinnuvegi tilheyra. Veit ég þá ekki, hvernig færi um þann fisk, sem hér er kominn á land og er óverkaður enn og óhæfur til útflutnings. Ég hefi viljað leggja áherzlu á það, að ríkisábyrgð yrði tekin. Segi ég ekki, að það sé neitt skemmtilegt, en á þessum tímum verður að gera fleira en gaman er að. Þeir, sem höfuðábyrgðina bera, verða í þessu að taka á sig ábyrgð, sem þeir hefðu helzt viljað losna við. Vegna atvinnuveganna og almennings er þetta nauðsynlegt.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Þegar rætt var um ábyrgð á sparifénu í Útvegsbankanum, tók ég það fram, að ég væri henni andvígur, þó að ég greiddi ekki atkv. á móti henni, og að búast mætti við, að þetta væri ekki fyrsta skrefið í því að taka ábyrgðina á öllum skuldbindingum bankans. Sést á frv. því, sem hæstv. fjmrh. bar fram, að þetta er rétt og að menn ganga nú enn lengra, því að ríkissjóður á ekki einungis að taka ábyrgð á rúmlega 2 millj. kr. skuldum bankans, heldur líka á rekstrarláni, þrátt fyrir þá yfirlýsingu Landsbankans, að hann taki ekki slíkt viðbótarrekstrarlán, sem í frv. getur. Þótt hér sé um að ræða ábyrgð á aðeins rúmlega 2 millj. kr., held ég, að það sé aðeins fyrsta sporið í þessa átt. Hæstv. ráðh. gat um það, að Landsbankinn vildi ekki lengur endurkaupa víxla í stórum stíl af Útvegsbankanum. Er ástæðan sú, að þótt þessir víxlar ættu að borgast upp við hver áramót, hafa þeir ekki verið greiddir og skuldin þannig vaxið ár frá ári. Þá á ríkissjóður að taka til sinna ráða.

Ef þarf á hjálp ríkissjóðs að halda til viðhalds atvinnuvegunum, þá held ég, að það sé ráðlegra að gera það fyrir milligöngu Landsbankans. Í öðru lagi er það ljóst, að ef taka á stórkostlega nýja ábyrgð fyrir Útvegsbankann, þá getur hann ekki haldið sama fyrirkomulagi og nú er. Ætti þá að strika út hlutafé bankans, því að þá er hann kominn alveg á náðir ríkissjóðs. Þetta liggur í augum uppi.

Fyrir hæstv. fjmrh. hefir vakað sem ein lausnin á málinu, að bankinn haldi áfram þeirri ólöglegu seðlaútgáfu, sem hann hefir haft upp á síðkastið. En það er nú viðurkennt í öllum löndum, að seðlaútgáfan er bezt komin á einum stað, sem sé í þjóðbankanum. Var ákveðið við stofnun Landsbankans, að hann skyldi hafa alla seðlaútgáfu. Et farið er inn á þessa braut, þá er það afturför í peningamálum landsins. Virðist það ekki eðlileg fjármálaráðstöfun að taka þann bankann, sem verr er staddur, og efla hann sem mest að fjármagni og seðlum, en ekki hinn, sem betur er staddur.

Ég legg til, að málinu sé vísað til fjhn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það var ekki eina sporið, sem stíga þurfti, þegar tekin var ábyrgð á innstæðufé Útvegsbankans. Vil ég hér bæta því við, sem ég sagði þá, að þeir, sem greiddu atkv. með þeirri ábyrgð, skuldbundu sig til þess að greiða atkv. með þessari ábyrgð á rekstrarfjárláni. Landsbankinn óskar vitanlega eftir þessari ábyrgð, sem hér er um að ræða. Hefi ég oft átt tal um þetta við bankastjórana. Áður en ég sigldi í vetur, voru þeir mér sammála um nauðsyn þess að fá nýtt rekstrarlán. Er ekki hægt að skilja annað en að Landsbankinn ætli sér að fara að öllu sem gætilegast, og sama er að segja um Útvegsbankann. Ætlar hann sér ekki að nota annað fé en það, sem hann getur haldið „liquid". Er það óeðlilegt að láta Útvegsbankann taka fé að láni hjá Landsbankanum með 7% vöxtum, ef hann getur fengið það erlendis með 5% vöxtum. Er það styrkur fyrir bankann að geta fengið svo góð vaxtaskilyrði, og þar sem Landsbankinn óskar ekki eftir að kaupa fiskvíxla Útvegsbankans, sé ég ekki, hvaða ástæða er til að amast við ábyrgðinni.

Um ólöglega seðlaútgáfu ætla ég ekki að tala í þessu sambandi, en sú seðlaútgáfa, sem Útvegsbankinn hefir ekki enn getað „afviklað", verður ekki notuð til að setja hann á höfuðið. En þó er sjálfsagt að ganga eins hart að og gjaldþol bankans leyfir.

Hér er ekki um það að ræða að efla veikari bankann, en sleppa hendinni af þeim betur stæða. Hygg ég, að það muni þjóðinni hollast, að báðir séu styrktir. Er það Landsbankanum fyrir beztu, að Útvegsbankinn starfi jafnframt honum. Held ég líka, að Landsbankinn óski ekki annars. Ef menn telja ekki stjórn Útvegsbankans óhæfa og stjórn Landsbankans þá einu, sem trúandi sé fyrir peningum, skiptir það þjóðfélagið ekki miklu máli, hvor bankinn tekur þetta lán. En sé svo, þá er hægurinn hjá að bæta úr því, því að ríkisvaldið ræður stjórn beggja bankanna.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Mér fannst hæstv. fjmrh. fara dálítið framhjá því, sem ég talaði um. Talaði hann um mismun á þessum 2 frv., sem hér ræðir um. Í grg. fyrir frv. Landsbankans er það látið í ljós, að þótt stj. Landsbankans álíti þessa lánsheimild réttláta tryggingarráðstöfun, þá ætlist hún ekki til þess, að Landsbankinn noti neitt af þessu lánsfé, og að ekki megi grípa til nýrrar lánsheimildar, nema ófyrirséð atvik geri það nauðsynlegt. En eftir grg. á að nota lánsheimild Útvegsbankans að öllu leyti. Er því hér ekki líku saman að jafna. Hefi ég í þessu sambandi bent á þá áhættu, sem verið hefði að lántökum Útvegsbankans hjá Landsbankanum að undanförnu, þar sem það hefði sýnt sig, að hann hefði ekki getað greitt víxla sína á ákveðnum tíma. Eins fór hæstv. fjmrh. í kringum málið, þegar hann talaði um ólöglegu seðlaútgáfuna. Sagðí ég ekki, að gera ætti Útvegsbankanum ómögulegt að starfa með því að taka af honum seðlaútgáfuna, heldur hitt, að seðlaútgáfuna bæri að flytja á hinn rétta stað, þar sem hún á að vera lögum samkvæmt, og að Landsbankinn gerði þá þær ráðstafanir gagnvart Útvegsbankanum, sem gerðu þetta kleift. Væri það í anda núgildandi bankalöggjafar, því að þar er ætlazt til þess, að Landsbankinn hafi seðlaútgáfuna og að aðrar peningastofnanir séu ekki seðlabankar. Enda get ég ekki séð ástæðu til að gera þetta ekki, nema ef ríkisstj. þættist betur geta komið málum sínum fram gagnvart Útvegsbankanum en Landsbankanum.

Jónas Þorbergsson: Ég vildi aðeins gera örstutta fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Þegar hér var á öndverðu þingi gerð sú skyndiráðstöfun, að ríkið tæki ábyrgð á innstæðufé Útvegsbankans, þá var af hálfu Framsóknarflokksins sett sem skilyrði fyrir ábyrgðinni, að gerð yrði ný skipun um stjórn og rekstur bankans. Og hæstv. fjmrh., sem fyrir hönd flokksins reifaði málið hér í hv. deild, lét þess getið, að um þetta yrðu gerðar nýjar ráðstafanir.

Nú vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar í þessa átt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Dal. hefði getað spurzt fyrir um

þetta á fundi þess flokks, sem hann heyrir til. En úr því hann hefir fremur kosið að koma með fyrirspurnina hér, þá skal henni líka svarað á sama vettvangi.

Reglugerð bankans er ekki hægt að breyta fyrr en á aðalfundi, sem haldinn er í júlí í sumar. Bankinn heyrir ekki undir fjármálaráðuneytið, heldur bankaráð, sem kosið er af öðrum — og betri mönnum, býst ég við. Þegar það er kosið, ræður það úrslitum um þær ráðstafanir, sem hv. þm. Dal. spurði um.

Á þessum tveim lánsheimildum er sá munur, að ekki er jafnvíst, að Landsbankinn þurfi að nota féð að öllu leyti, eins og Útvegsbankinn. En við mig hefir Landsbankinn látið í ljós, að brýn nauðsyn bæri til þessarar ábyrgðarheimildar, og þegar við Magnús Sigurðsson bankastjóri vorum staddir í London í vetur, var útlitið svo, að brýn nauðsyn var á hjálp ríkisins í þessu efni. Nú stendur svo sérstaklega á, að við höfum losnað við miklar fiskbirgðir og síðan um áramót léttari róður, en hann getur orðið þungur aftur, og þá engra kraftaverka að vænta eins og 1924, enda var kreppan ekki eins brött þá eins og hún er nú. Hins er að vænta, að úr þessu rætist, að ástandið fari batnandi hægt og sígandi, en komi ekki allt í einu eins og þá.

Það, sem ég sagði um seðlaútgáfuna, var enginn útúrsnúningur, enda sagði hv. 3. þm. Reykv. og játaði, að seðlana ætti að draga inn á þann hátt, sem kleift er. Þetta hefir að vísu gengið treglega ennþá, en getur lagazt.

Um það, að ríkisstj. geti betur komið vilja sínum fram við Útvegsbankann en Landsbankann, skipti ég mér ekki af. Það er landsnauðsyn, að báðir bankarnir geti starfað og lifað, og þó að þeir eigi í mikilli baráttu, þá er sú barátta leifar af gömlum tímum, en ekki af því, sem nú er.

Magnús Guðmundsson: Það eru eflaust allir sammála um, að það sé ekki skemmtilegt að þurfa nú að bæta við erlendar skuldir banka og ríkis. En af upplýsingum hæstv. fjmrh. skilst mér, að ástandið sé þannig, að Útvegsbankinn geti ekki lagt af mörkum fé til atvinnuvega landsmanna, og að Landsbankinn geti það ekki heldur, eða vilji ekki gera það, og þá er ekki nema um tvennt að gera, að fá verður rekstrarfé að láni eða að atvinnurekstur verður að stöðvast.

Fái atvinnuvegirnir ekkert fé, skilst mér fiskurinn, sem veiddur er, verði að liggja óverkaður, því að hitt væru svik við verkafólkið, að láta það vinna að verkun hans, en greiða því svo ekkert kaup. Auk þess verður ekki hægt að borga því fólki, sem unnið hefir á vertíðinni.

Mér skilst málið borið svo fram, og nauðsynin svo mikil, að mér finnst tæplega hægt að neita um þessa lánsheimild. Og þó að öllum sé ljóst, að það sé rétt, sem Landsbankinn segir, að hættulegt sé að bæta við erlendum lánum, þá verður ekki komizt hjá því eins og ástandið er nú og útlitið fram undan. — Ef þetta er ekki rétt skilið hjá mér, vænti ég, að hæstv. fjmrh. leiðrétti mig.

Jónas Þorbergsson: Þar sem mér virtist hæstv. fjmrh. vilja draga í efa, að ég hefði borið fyrirspurn mína fram á réttum vettvangi, skal ég taka það fram sem mína skoðun, að um leið og þingið gerði þá ráðstöfun, sem var bundin því skilyrði, er ég nefndi, þá var skilyrðið um leið orðið þingmál. Ég tel því, að ég hafi borið fyrirspurn mína fram á réttum vettvangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 528, n. 660).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta mál er nokkuð skylt því, sem var afgr. hér síðast, en þó ekki að öllu leyti sambærilegt.

Eins og sést á nál. fjhn. á þskj. 660, mælir n. einnig með því, að þetta frv. verði samþ., með litilháttar breytingum, samskonar og gerðar voru við hitt frv.

Þetta frv. fer fram á, að ríkisstj. sé heimilt f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast til

eins árs rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands. Þetta er ekki fyrst og fremst öryggisráðstöfun, eins og hitt frv., heldur til þess að fullnægja brýnni rekstrarfjárþörf sjávarútvegsins, sem er fyrirsjáanleg, og verði henni ekki fullnægt, hlýtur að leiða af því tjón, eins og vikið er að í upphafi nál., og leyfi ég mér að vísa til þess um það atriði. Um leið og n. mælir með frv. leggur hún áherzlu á viss atriði, sem snerta málið.

Það er þá fyrst og fremst, að áður en lánið er tekið, sé það fyrirfram algerlega tryggt, að það gangi ekki til þess að greiða eldri skuldir eða skuldbindingar bankans, heldur verði því varið eftir tilætluninni, eingöngu til að fullnægja brýnni rekstrarfjárþörf.

Annað atriði, sem n. vill vekja athygli á og leggja áherzlu á, er það, að farið verði alveg sérstaklega gætilega með þetta rekstrarfé, svo að eigi þurfi að óttast, að það festist á óeðlilegan hátt eða jafnvel tapist algerlega í atvinnurekstrinum, eins og dæmin sýna, að átt hefir sér stað um rekstrarlán áður.

Þriðja atriðið, sem ég f. h. n. vil benda á, er það, að samkv. grg. frv. er sú rekstrarfjárþörf, sem ætlað er að sé, ekki fullkomlega eins há eins og hámark heimildarinnar er, og þá vill n. benda á það, að heimildin sé ekki notuð að meiru leyti en brýn rekstrarfjárþörf krefur, og taldi, að í sama stað mætti koma, ef á þetta væri sérstaklega bent. Ég verð þó að geta þess, að einstöku nm. þótti þetta ekki fullkomlega nægilegt, og þeirra ósk var, að heimildin væri lækkuð, a. m. k. í samræmi við það, sem hún er metin í grg. frv. Var það einkum hv. 1. þm. Skagf., sem þessu hélt fram í n., en n. í heild leit svo á, að þegar glöggt væri bent á þetta, ætti það að koma í sama stað og tryggja, að lánsheimildin yrði ekki notuð fram yfir brýnustu þörf.

Þá er enn eitt atriði, sem ég vil leyfa mér að vekja athygli á og kemur fram í síðustu málsgr. nál., að n. telur í raun og veru þýðingarlaust að samþ. þessa heimild, nema því aðeins, að skapleg afgreiðsla verði á fjármálunum á þessu þingi, en því þarf ekki að lýsa, að það hefir þótt vofa yfir, að misbrestur yrði á því. Og ef svo yrði, þá sjáum við ekki heldur ástæðu til að samþ. þessa heimild. En þó að frv. yrði samþ., má það í sjálfu sér meinlaust teljast, en undir slíkum kringumstæðum ætlast n. ekki til, að heimildin verði notuð. Þess skal getið, að einum nm. þótti ekki nógu ríkt að orði kveðið í nál. um þetta og óskaði helzt að gera brtt. við frv., sem tæki þetta fram. Það var einkum hv. 1. þm. Eyf., sem þessu hélt fram í n., og óskaði hann, að þessa yrði getið hér við framsögu málsins.

Loks er þess að geta, að n. vill hvað þetta frv. snertir, eins og hitt, um ábyrgð fyrir Landsbankann, miða afstöðu sína til málsins einungis við erfiðleika yfirstandandi tíma. Þykir því ekki ástæða til að veita hér almenna heimild, sem nota mætti til frambúðar án þess að leita samþykkis þingsins. Hefir n. því borið fram brtt. alveg samkynja þeirri, sem samþ. var við hitt frv., sem nýlega var afgr. héðan.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil einnig þakka n. afgreiðslu þessa máls og get yfirleitt tekið undir viðvörunarorð n., bæði í grg. og nú í ræðu hv. frsm. En um upphæð ábyrgðarinnar skal ég geta þess, að þótt að vísu sé útlit fyrir nú sem stendur, að ekki verði þörf fyrir allt það fé, sem út leit fyrir, að yrði nauðsynlegt 2. apríl, þegar bankaráðið skrifaði sitt bréf, þá munar það ekki svo miklu, að ástæða sé til að færa niður heimildina. Einnig má minna á það, að fyrir utan skyldur bankans til að láta verka fisk og gera út á þeim stöðum, þar sem hann hefir áður staðið undir atvinnuvegunum, þarf hann meira olnbogarúm til almennrar bankastarfsemi en hann hefir haft og mundi hafa, ef engin ábyrgð væri gefin. Ég fellst á till. n. og vænti þess, að frv. verði tekið á sama hátt og frv. því um ábyrgð á rekstrarláni fyrir Landsbankann, sem nýlega var vísað til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 660 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MJ, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EA, HStef, HG, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JörB.
nei: JónasÞ, HJ.
SvbH greiddi ekki atkv.
Sjö þm. (ÓTh, PO, VJ, ÞorlJ, BKr, GÍ, HV) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 695).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 695).
Á 73. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 695, n. 762).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Í sambandi við þetta frv. vill fjhn. láta þess getið, að hún telur sjálfsagt, að hinnar ýtrustu varfærni verði gætt um lántökur erlendis. Ef þessi heimild, sem í frv. felst, verður notuð, væntir n. þess, að um það verði séð, að þetta lánsfé gangi ekki til greiðslu á skuldum eða skuldbindingum bankans, eða verði fest að neinu öðru leyti í rekstri hans. Í því trausti, að þess verði gætt, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ.

Jón Þorláksson: Til viðbótar því, sem hv. frsm. sagði, vil ég geta þess, að ég er algerlega sammála þeirri yfirlýsingu, sem bankaráð Landsbankans gaf nú í vetur í tilefni af þessari ábyrgðarheimild og skráð er í grg. frv. um heimild fyrir stj. að ábyrgjast samskonar lán fyrir Landsbankann, sem sé, að það sé yfir höfuð afar varhugavert, eins og nú standa sakir, að auka á erlendar skuldir, hvort sem er vegna bankanna eða ríkisins sjálfs. Ég er sannfærður um, að þessi skoðun Landsbankans er rétt. Þótt ég hafi ekki viljað leggja á móti því, að sú heimild sé veitt, sem hér er farið fram á, þá er það mín sannfæring, að það væri Útvegsbankanum fyrir beztu, ef hann á nokkurn hátt sæi sér fært að láta þessa heimild ónotaða. Þetta er mitt álit, en hitt er það, að ég er ekki svo kunnugur högum bankans, að ég vilji fyrir það leggjast á móti þessari heimild. Ég mun því greiða atkv. með þessu frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég get tekið undir það með báðum þessum hv. nm., sem hér hafa talað, að það væri í sjálfu sér mjög æskilegt, að ekki þyrfti að grípa til erlendra lána. En ég hygg, að ástæður allar séu þannig, að ef atvinnuvegirnir eiga að geta haldizt gangandi, þá verði ekki hjá þessu komizt. Útvegsbankinn hefir ekki yfir því fé að ráða, sem hann þarf með til að gera að verzlunarvöru þá framleiðslu, sem hann hefir annazt peningalega. Sú starfsemi yrði þá að færast yfir á einhverja aðra peningastofnun, sem væri þá helzt Landsbankinn, og kæmi það nokkuð í sama stað niður.

Vitanlega fylgir slíkri ábyrgð sem þessari sterk skylda til að varast á allan hátt að festa nokkuð af þessum peningum, og vitanlega er sú áhætta ekki útilokuð, því að þetta er sama og ábyrgð á atvinnuvegum landsmanna. En það er ekki hægt að segja, að vegna þeirrar áhættu eigi að leggja niður þá atvinnuvegi, sem nauðsynlegir eru til þess að fólkið hafi eitthvað til að starfa. Þessa áhættu verður að bera, og ég hygg, að að því er snertir sjávarútveginn, þá sé áhætta Útvegsbankans minni en hún hefir verið tvö undanfarin ár. Það er jafnan svo, þegar illa hef-

ir farið eins og tvö undanfarin ár, að þá dregst kostnaður allur saman og bæði bankarnir og aðrir verða gætnari, svo að þótt verðlag sé lágt, þá verður tap atvinnurekenda ekki mikið þriðja hallærið. Vitanlega verður þetta ár erfitt fyrir ríkissjóð og eins fyrir almenning um alla atvinnu, en það er þó von til þess, að sjávarútvegurinn komist af og þá sérstaklega vélbátaútvegurinn, sem nú er fyrirsjáanlegt um, að kemst sæmilega af á þessu ári.

Með tilliti til þess, að það verði að halda atvinnuvegunum gangandi, og þar sem nú er þó fremur von til þess, að ekki verði tap á atvinnurekstrinum sjálfum, heldur en verið hefir undanfarið, þá hefi ég ekki séð annað fært en að fylgja þeirri heimild, sem hér er til umr.

Að endingu skal ég svo taka það fram, að ég lít líkum augum á þessa heimild og þeir 2 hv. nm., sem talað hafa í þessu máli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er ekki álitlegt að tala um þetta mál í andstæðum tón við þá 3 síðustu hv. ræðumenn, sem hér hafa talað, því að það eru þeir menn, sem verið hafa fjmrh. um mörg undanfarin ár. Þeir leggja allir til, að þetta frv. verði samþ. og að þetta lán sé tekið.

Ég verð að segja það, að mér þykir það mikil furða, að margir þeirra manna bæði í þessari d. og eins í hv. Nd., sem allra sparsamastir eru og deila kannske um það, hvort þessi eða hinn skuli fá 500 kr. meira eða minna til að svelta af, að einmitt þeir menn skuli vera fúsastir allra til að styðja heimild til slíkrar lántöku.

Það er með þessa lántöku eins og vant er að segja, þegar verið er að leita samþykkis þingsins um slíka heimild. Bæði hæstv. fjmrh. og hv. fyrirrennari hans gera sér von um, að allt gangi vel og lánið verði borgað upp á einu ári, eins og gert er ráð fyrir í frv. En ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þannig hefir þetta ekki gengið til áður. Til að sannfæra sig um það þarf ekki annað en að athuga sögu þessa banka, þótt ekki væri nema hvernig það gekk til í kreppunni 1920—1921. Þá mælti hv. 1. þm. Reykv. meðal annara með því, að tekið væri lán handa Íslandsbanka, sem þá var. Þá var það auðvitað meiningin, að lánið yrði borgað aftur eftir stuttan tíma og að ríkið þyrfti á engan hátt að skaðast á sinni ábyrgð. Við vitum, hvernig fór. Það varð tap á atvinnurekstri þeim, er bankinn lánaði fé til. Þetta lánsfé varð eyðslueyrir; svo þegar bankinn komst í þrot, var helmingurinn af þessu láni færður yfir á ríkissjóð. Sú vaxtabyrði ein, sem af þeim parti leiðir, slagar hátt upp í það, sem þykir vel forsvaranlegt fyrir ríkissjóð að leggja í nýja vegi og brýr á einu ári. Þetta kostaði sú bjartsýni, sem menn höfðu í þessum efnum árið 1921.

Nú skilst okkur það, að erfiðleikar Útvegsbankans stafi í raun og veru að mestu leyti frá fyrirrennara hans, Íslandsbanka, og nú eru litlar líkur til annars en að ríkið verði að taka á sig alla þá erfiðleika, sem Útvegsbankinn hefir haft af Íslandsbanka og hafa sogið merg og mátt úr honum allt frá því, að hann tók til starfa.

En þessi saga er því miður ekki búin enn. Þegar Íslandsbanki komst í þrot, þrátt fyrir þessa stóru hjálp, sem hann fékk, var það ekki nóg að leggja þessar milljónir úr enska láninu þar inn. Það var líka tekið lán, sem mun hafa numið 1½ millj. kr., til að leggja við stofnfé bankans, svo að hann hefði þó einhverja aura. Þetta lán var tekið sem bráðabirgðalán, og er það ennþá. Þetta lán var fyrst tekið hjá Hambrosbanka, en síðan var það fært yfir á annan banka, því að ýmsir erfiðleikar voru á því að fá það framlengt hjá Hambrosbanka. Af þessu láni hefir ekki verið borgað nema lítið eitt.

Svo bætist það við, að á síðasta sumri biður Útvegsbankinn um 3 millj. kr. lán og ríkisábyrgð fyrir því. Fylgdu þeirri beiðni nokkuð þær sömu forsendur og nú. Alþingi gekk inn á þetta umræðulítið, eins og um mjög lítilfjörlegan hlut væri að ræða, að samþ. ríkisábyrgð fyrir þessu láni. Við vitum allir, hvernig svo fór með þetta í atvinnulífinu, sem hv. síðasti ræðumaður lítur svo björtum augum á. Nú er ekki betur ástatt en svo, að hver einasti eyrir af þessu láni hefir orðið fastur í atvinnuvegunum, og þó var þetta lán, sem tekið var hjá þessum útlenda banka,

tekið með sömu forsendum og á nú að taka þetta lán og á sama grundvelli og í sama skyni, og heyrir eftir lögum þess lands, sem það var tekið hjá, undir þá tegund lána, sem verða að borgast upp á hverju ári. Enskir bankar hafa ekki leyfi til að semja um lán eins og þetta til margra ára.

Það er því ljóst, að hættulaust er það ekki að veita þessa ábyrgðarheimild. Það er því einkennilegt, að mestu sparsemdarmenn þingsins skuli nú vera svo bjartsýnir, að þeir álíta, að það sé hættulaust fyrir ríkið, þó að þessi heimild verði gefin. Það vita allir, að Útvegsbankinn hefir neyðzt til þess, vegna þess, hvernig ástatt er fyrir atvinnuvegunum, að festa þetta 3 millj. kr. lán, og samt var bankinn í svo miklum erfiðleikum nú snemma á þingtímanum, að ríkið varð að taka ábyrgð á öllu hans sparisjóðsfé. Ég hygg því, að ef það er allt tekið saman, sem Alþingi hefir tekið ríkisábyrgð á fyrir þennan banka, þá verði það samtals 7—8 millj., ef frv. þetta nær fram að ganga, og það allt á einu einasta ári. Þetta hefir ríkið orðið að taka allt á sig fyrir banka, sem á við þessa sérstöku erfiðleika að stríða og stafa af þeirri byrði, sem hann hefir orðið að taka á sig vegna annars banka, sem fór á höfuðið vegna þess, að hann lánaði mikið fé til atvinnufyrirtækja, sem voru ekki sterkari en það, sem raun ber nú vitni um.

Nú er það svo, eins og hæstv. fjmrh. sveigði að í sinni ræðu, að þótt hér eigi nú að fara varlega í sakirnar, þá er síður en svo, að það sé tryggt, að í þetta sinn fari betur en áður. Ég vil t. d. benda á það, að mjög mikið af þeim fjárútlátum, sem Útvegsbankinn varð fyrir á síðasta hausti, stóð í sambandi við úttekt á sparisjóðsfé. Þetta getur verið af þeim eðlilegu ástæðum, að menn þurfi á fé sínu að halda í kreppunni, og það getur líka stafað af hræðslu. Þó er ríkisábyrgð á Útvegsbankanum eins og á Landsbankanum, en samt kom þetta fyrir. Einnig varð nokkur órói um Landsbankann, og var dálítið tekið þar út snemma í vetur, en kom samt aftur, af því að menn sáu sig um hönd.

Útvegsbankinn getur ekki fyrirbyggt það, þrátt fyrir bezta vilja bankastjóranna, að þetta fé verði fest, vegna þessa útdráttar úr bankanum af sparisjóðsfé og vegna þess, hve erfiðir þessir tímar eru fyrir atvinnuvegina.

Í þeirri gagnrýni, sem nú hefir komið frá minni hálfu á þessu frv., felst engin tortrygging á þeim mönnum, sem eiga að fá þetta fé til ráðstöfunar, bankastjórum Útvegsbankans. Ég efast ekki um, að þeir geri sitt ýtrasta til að fara vel með þessa fjármuni, en þeir ráða ekki við straum viðskiptanna né gamlar syndir fyrirrennaranna. Nú á að fara að veita ríkisábyrgð fyrir þessu láni ofan á 1½ millj. kr. lánið, ofan á 3 millj. kr. lánið, sem fraus á síðasta ári, og ofan á ábyrgð sparisjóðsfjárins, sem veitt var nú á öndverðu þingi. Þetta lán á að taka þrátt fyrir aðvörun stjórnar Landsbankans, sem á að vera ráðunautur þings og stj. í þessum efnum. Bankastj. Landsbankans telur sig munu komast af án þess að nota þá heimild, sem honum var nú gefin, og gerir því ekki ráð fyrir því að nota það til hjálpar þeim atvinnurekstri, er hann styður. Sú lánsheimild mundi því meira verða til öryggis fyrir þing og stj. Hinsvegar er það áform Útvegsbankans að taka lánið, ef þessi heimild fæst og ábyrgð samkv. henni. En þá blasir sú hætta við, að lánið festist og að landið fái á sig nýja hengingarvíxla, sem ekki verður hægt að greiða upp árlega, eins og þó er til ætlazt samkv. l. þess lands, sem sennilegast mundi verða leitað til um þetta lán. En einmitt af slíkum lausum lánum, sem ekki er hægt að standa í fullkomnum skilum með, stafar mest fjárhagsleg og pólitísk hætta fyrir þjóðina. Og hvað lántökur yfirleitt snertir, þá verður að gera sér það ljóst, að einhverntíma kemur sá dagur, að stemma verður á að ósi. Framtíðin verður að greiða slík lán. En það verður erfitt, ef því heldur áfram, að atvinnuvegirnir beri sig ekki hér á landi. En því verður ekki neitað, að margt, sem gerzt hefir á síðustu áratugum, gefur bendingu um, að það geti orðið nokkuð örðugt. Kröfur þær, sem margir gera til sinna lífshátta, og fjárfrekar aðstæður manna gera það að verkum, að atvinnurekstrinn verður að ganga mjög vel, ef hann á að skila þeim arði, að hann geti

greitt upp þunga skuldabagga. Ég skal þessu til skýringar benda á dæmi, sem sýnir eitt af því marga, sem þjakar atvinnulífinu hér í þessum bæ og er að nokkru leyti víðar til staðar. Þegar ég settist hér að fyrir 20 árum, þekkti ég mann, er borgaði fyrir sæmilega íbúð í timburhúsi 30 kr. á mánuði. Nú er þessi sama íbúð leigð fyrir 200 kr. á mánuði. Svona gífurlega hefir dýrtíðin vaxið hér á þessu sviði á síðastl. 20 árum. Og á mörgum sviðum öðrum hefir útgjaldaþörf manna, nauðsynleg og ónauðsynleg, aukizt stórlega. En undir þessu verða atvinnuvegirnir að standa. En til þess þarf hvorttveggja, mikla framleiðslu og sæmilegt verð á útflutningsvörum okkar. Svo að fiskurinn sé nefndur í þessu sambandi, þá er þess að gæta, að hann er verðlægri nú en hann var fyrir 20 árum, enda er útgerðin rekin með tapi nú. Síðastl. ár er talið, að tapið á togaraútgerðinni hafi numið að meðaltali 30 þús. kr. á hvern togara. Ef svo heldur áfram, þá verður vitanlega atvinnurekstrinum ekki haldið uppi á annan hátt en þann, að mynda sífellt ný eyðslulán á meðan þau fást.

Þannig er þá ástandið, og á því er engin sýnileg breyting til hins betra. Hið eina, sem er gert, er það, að krefjast meira starfsfjár. Þingið hefir tekið og virðist taka þeim kröfum vel og er nú í þann veginn að ljúka við að samþ. að taka ábyrgð á nýjum lánum upp á 4 millj. kr. — En þetta sama þing virðist ekkert annað vilja gera til að draga úr þeirri kreppu, sem nú þjakar mest. Það vill ekki samþ. frv. um lækkun á húsaleigu með skyldumati né neitt annað, sem létt getur á atvinnuvegunum. Það sýnist vilja taka þá einu stefnu að verjast kreppunni með sífelldum lánum. En einhverntíma kemur þó að öðru hvoru, því, að þjóðin sannfærist um, að ekki dugir sífellt að taka meiri og meiri lán, sem frjósa jafnóðum í atvinnuvegum, sem eru reknir með tapi, eða þá að lánin hætta að fást. Þá kemur að því, að þjóðin verður að fara að lifa fátæklegar en nú, eða sá hluti hennar, réttara sagt, sem nú lifir svo mjög yfir efni fram og sannar þarfir, og verður á þann hátt fær um að borga skuldirnar. Ég held, að sú reynsla, sem fengin er, bendi ótvírætt til þess, að betra sé fyrr en síðar að hætta lántökum. Þau lán, sem hafa verið tekin síðan 1921, hafa öll frosið á þennan hátt. Og að því kemur fyrr eða síðar, að hætta verður slíkum lántökum, sem jafnóðum festast. Er þá betra að gera það fyrr en síðar. Af framansögðum ástæðum get ég ekki greitt atkv. með þessu frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er rétt, að saga þessa máls er orðin alllöng. Hún hefst eiginlega með enska láninu 1921. Og það var mála sannast um það lán, að lítil von var til þess, að það frysi ekki inni hjá bankanum, enda var það lán tekið til langs tíma. Næsti þáttur sögunnar er svo sá, að Íslandsbanki er endurreistur 1930. Það var gert af stjórn, sem ég átti ekki sæti í, heldur hæstv. dómsmrh. Á síðasta þingi var Útvegsbankanum enn veittur stuðningur. Var það gert mótmælalaust af öllum, hæstv. dómsmrh. líka. Það, sem ég hefi átt þátt í sem fjmrh., er þá sá stuðningur, sem bankanum var veittur í vetur, þegar þingið samþ., að ríkið tæki ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum í bankanum, og svo þessi ábyrgðarheimild, er nú liggur hér fyrir.

Það má nú vera, að mælir syndanna hafi verið orðinn fullur áður og að þess vegna hefði ég ekki átt að flytja þetta. En ég réðist þó í að gera það, vegna þess að Útvegsbankinn taldi sér brýna þörf á því, enda er þeim banka stjórnað af ríkisvaldinu og því enginn eðlismunur á því fyrir ríkið að styðja hann eða Landsbankann, þar sem þing og stjórn ræður bankastjórana, og ekki mun heldur vera hægt að benda á, að bankinn sé á neinn hátt illa rekinn nú. Þótt illa hafi farið um lánið, sem Íslandsbanki fékk 1921 og síðar, þá eru það engin rök gegn því, að Útvegsbankanum sé veittur þessi stuðningur. Þeirra hluta vegna er ekki hægt að láta hætta við t. d. að verka fiskinn, sem kominn er á land í Vestmannaeyjum, eða að veita vélbátunum nauðsynleg rekstrarlán, svo að þeir geti farið á flot. Og þess er að minnast, að veturinn 1930, þegar Íslandsbanki var „rekonstrúeraður", þá fylgdi þegar á eftir hruninu í febrúar eða marz — ég man ekki hvort heldur var — frv. frá stj. um það, að

ríkið tæki ábyrgð á þeim lánum, er Landsbankinn veitti vegna útgerðar í Vestmannaeyjum til þeirra manna, er höfðu verið viðskiptamenn Íslandsbanka, Það var um ábyrgð á 1 millj. kr. að ræða, og stóð ekki á neinum að veita hana. Þetta sýnir bezt, að ekki er hægt að komast undan slíkum kröfum, þó að einni stofnun sé neitað. Og ef Útvegsbankanum er neitað um þetta, þá mundi fara líkt og fór 1930. Landsbankinn yrði þá að taka þessa starfsemi að sér og mundi þá þurfa fé til þess alveg eins og Útvegsbankinn. Það mætti að vísu mæla fyrir því, að Landsbankanum væri fremur veitt þessi heimild, með því að segja, að honum sé betur stjórnað, hann hafi ríkisábyrgð, meira sparisjóðsfé og að ríkið hafi aðra aðstöðu gagnvart þeim banka. En þetta er þó ekki nein gild ástæða. Yfirstjórn bankanna er hin sama, og reglur um lán út á framleiðsluvörurnar hinar sömu hjá báðum, enda fullt samstarf milli bankanna um þá hluti. Ég veit líka, að Útvegsbankinn hefir ekkert gert til að brjóta af sér slíkt samstarf, heldur þvert á móti. Þannig var það, að í byrjun síðustu vertíðar stóð á Útvegsbankanum með lánveitingar til útgerðar, þar sem hann vildi ekki veita þau fyrr en séð varð með vissu, að þau mundu verða endurgreidd. Það er vitanlega skylda, sem varðar báða bankana jafnt, að lána varlega fé sitt. En hitt tel ég sama, hvor bankinn veitir hin nauðsynlegu rekstrarlán vegna atvinnuveganna. Eins og fyrirkomulagi á bankarekstri hér er háttað, þá verður það ávallt ríkið, sem að síðustu ber ábyrgðina á öllu saman.

Ég skal geta þess, að ég skil ekki bréf bankastj. Landsbankans svo, að þeir telji ekki þörf á að taka þau lán, sem brýn þörf er á vegna atvinnuveganna. Ég veit, að Útvegsbankinn hefir leitað til Landsbankans um endurkaup á fiskvíxlum, en fengið neitandi svar við þeirri málaleitun, enda þótt Útvegsbankinn hafi sömu útlánsreglur og Landsbankinn. En þegar Landsbankinn gefur þau svör, þá má hann ómögulega segja, að hann sé því mótfallinn, að Útvegsbankinn fái nauðsynlegt fé eftir öðrum leiðum, og því síður, þegar Landsbankinn er heldur ekki sjálfur fær um að leysa þetta starf í þágu útgerðarinnar af höndum sjálfur. Ég skil þetta bréf stj. Landsbankans svo, að hún vilji með því gefa almennar reglur, sem gildi fyrir alla, að varhuga verði að gjalda við því fyrir alla að taka ný lán, nema í allra brýnustu þörf. Ég get heldur ekki skilið þetta bréf svo, að Landsbankinn geti ekki talið sín vegna neina þörf á því að taka það lán, sem till. er um, að heimilað sé hans vegna, heldur sé það gert vegna ríkisins. En nú er svo um þetta lán, að ætlazt er til, að það sé greitt upp í lok nóvembermánaðar. Getur því ríkinu ekki slíkt lán að gagni komið til afborgana og vaxtagreiðslu á sínum erlendu lánum. Ríkið hefir ekki gagn af öðru en löngum lánum til þeirra hluta, eða þá þeim peningum, sem inn koma fyrir seldar framleiðsluvörur. En slíkt lán sem þetta gerir Landsbankanum það hægara að standast yfirfærslur þær, sem nauðsynlegar eru, eins og þær koma fram á hverjum tíma. Og þá ganga vitanlega greiðslur sjálfs hans vegna, ríkisins og bæjarfélaganna fyrir öllum öðrum. Það verður rýmra um bankann með slíku láni, þó stutt sé, en hinsvegar er það ekki fallið til greiðslu á skuldum ríkisins.

Ég skal ekki hæla því, hvernig farið hefir fyrir Íslandsbanka í þessum efnum, né neita því, að það sé skylda bankanna að haga svo útlánum, að sem minnst tap hljótist af, enda munu þeir hafa fullan vilja á því. En þetta viðfangsefni, að draga úr dýrtíðinni og minnka framleiðslukostnaðinn, getur hinsvegar ekki dregið úr því, að reynt sé að útvega peninga til að halda uppi atvinnurekstri í landinu.

Ég skal svo að lokum aðeins benda á það — og þar kemur fram aðalmunurinn á afstöðu okkar, minni og hæstv. dómsmrh. —, að ég legg áherzlu á það, að ríkið hafi skyldum að gegna gagnvart aðalbankastofnunum landsins, enda mun sú skoðun ríkjandi með flestum þjóðum. Lítum aðeins á, hvernig þessu er háttað í aðalnágrannalöndum okkar. Í Noregi hefir ríkið lagt fram stórfé til styrktar hinum stærri bönkum, þegar þeir hafa orðið illa úti. Síðast í vetur tók norska ríkið höndum saman við þjóðbankann um að bjarga tveim stórbönkum þar í landi. Hið sama hefir verið gert í Þýzka-

landi. Þegar bankar hafa hallazt þar, hefir ríkisvaldið komið til aðstoðar. Í Danmörku var þetta sama gert fyrir nokkrum árum, þegar Landmandsbankanum var bjargað. Og þótt miklar deilur væru um það á sínum tíma, heyrist engin rödd um það lengur nú, að ekki hefði verið rétt að bjarga bankanum, enda þótt til þess þyrfti mikið fé. Og bankinn er nú orðinn sterk stofnun. Nú síðast í Svíþjóð, þegar einn stórbankinn þar var í kröggum, hljóp ríkið undir bagga með 260 millj. kr. til þess að hjálpa honum yfir örðugleikana. Ástæðan var sú sama og annarsstaðar, að sænska stjórnin taldi þetta skyldu sína gagnvart þessari stofnun, sem erlent traust og atvinnurekstur heima fyrir hvíldi svo mjög á. — Þannig er það yfirleitt talið, að það kosti ríkið meira að láta slíkar stórar stofnanir velta heldur en þó að ríkið verði að rétta þeim verulega hjálparhönd. Þannig er nú litið á þetta í nágrannalöndum okkar, og er ekki að undra, þótt niðurstaðan verði sú hin sama hér. Við getum ekki gengið neinar aðrar brautir í þessu efni en fjárhagslega þroskaðar nágrannaþjóðir okkar gera. Við komumst aldrei upp úr öngþveitinu á þann hátt, að við leggjum árar í bát og hættum að hjálpa atvinnuvegunum, heldur verðum við að reyna að styrkja þá eftir megni, og fara þó gætilega. Og ég vona, að ekki verði frá þeirri braut horfið, sem er heppilegust bæði fyrir atvinnurekstur fólksins og tekjur ríkisins sjálfs.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi á það minnzt, að ég hafi verið í stj., þegar ríkið tók fyrst ábyrgð á útlánum vegna Útvegsbankans. En hæstv. ráðh. veit það líka, að það var ekki af mínum toga spunnið, að svo var gert.

Það er nokkuð erfitt að geta sér þess til, hvernig forsvarsmenn slíkra lána og hér um ræðir hugsa sér, að slíkt muni enda. Annars er það rangt að leita fyrirmynda um þetta til nágrannalandanna, vegna þess, að okkar bankastarfsemi er rekin allt öðruvísi en þar tíðkast. Ég hygg, að slíkt þekkist hvergi annarsstaðar en hér, að allir bankarnir séu reknir á ábyrgð ríkisins og að mestu sem eign þess, nema þá ef vera kynni í Rússlandi. Þetta hefir færzt í þetta horf hér vegna þess, að hin frjálsa hlutafélagsstarfsemi Íslandsbanka gat ekki blessazt. Ábyrgð á bankanum var því laumað yfir á landið smátt og smátt fyrir tilstilli hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. og annara flokksbræðra þeirra, sem þó allir telja sig mjög andvíga ríkisrekstri. En í þessu tilfelli brutu þeir þó regluna, vegna þess, að ráðamenn bankans höfðu svo illa að honum búið, að hann hafði tapað stórfé. Þess vegna þótti heppilegt, að ríkið tæki ábyrgð á veltufé bankans. Mér þætti því gott, ef hæstv. fjmrh. gæti bent mér á nokkurt annað land en Rússland og Ísland, þar sem íhaldið hefir skipað þetta socialistafyrirkomulag í bankamálunum, að veltufé bankanna sé algerlega á ábyrgð skattþegnanna. — Ég skal játa, að ég nefni Rússland ekki vegna þess, að ég sé nægilega kunnugur, hvernig þessu er komið fyrir þar, heldur vegna þeirrar stjórnmálastefnu, sem þar er ríkjandi. En frá þeim löndum, er hæstv. fjmrh. nefndi, er ekkert fordæmi fyrir því, að áhætta atvinnulífsins sé dregin yfir á þjóðarheildina, svo sem hér er gert.

Það hefði mátt búast við því, að reynslan, sem fengizt hefir um það, hvernig þetta hefir gengið undanfarið, gerði það að verkum, að þingið athugaði sig vel áður en gengið er lengra á þeirri braut. Þess hefði mátt vænta, að sú hjálp, sem veitt var 1930, hefði getað bjargað. En þegar þetta ástand heldur áfram, þá verður að svara því nú eða síðar, hve langt verður gengið á þessari braut. Ef 26 togarar, sem hér eru, halda áfram að tapa 30 þús. kr. á ári hver þeirra, þá festist fé fljótlega, og þessar 2 millj. þá líka. Og þá verður enn á ný að velja um það, hvort taka skal lán og skjóta afleiðingunum á frest eða velja aðrar leiðir til þess að togaraútgerðin geti borið sig.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég verð að leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. dómsmrh., að ég hefði sagt, að ríkin bæru almennt ábyrgð á bönkunum. Það er víða svo, að ríkið ber ekki ábyrgð á veltufé þjóðbankanna, hvað þá annara banka. Ég sagði aðeins, að ríkin teldu

sér skylt að forða stórbönkunum frá hruni, þótt þau kynnu sjálf að bíða við það fjárhagslegan halla. Þetta er venjulega gert á þann hátt, að lagt er inn í bankann forgangshlutafé eða innskotsfé frá ríkinu, líkt og hér hefir verið gert, og fylgir þá einnig venjulega íhlutunarréttur um stjórn bankans. Ef Íslandsbanki hefði átt að velta, þá hefði það átt að gerast 1921, áður en lagt var fram fé í hann og íhlutunarvald um stjórn á honum tekið af hálfu ríkisins. En er þetta hvorttveggja hafði verið gert, var of seint að láta bankann velta.

Ég hygg, að það sé ekki neinum sérstökum manni að kenna, að hér er orðinn allmikill ríkisrekstur á bönkum. Ef hæstv. dómsmrh. hefði fengið vilja sínum framgengt 1930, þá hefði Landsbankinn orðið einn eftir og hefði orðið að taka við öllum viðskiptunum. Hér hefir ekki verið um aðra möguleika að ræða á seinni árum en að ríkið kæmi til aðstoðar, þegar bankana hefir borið upp á sker. Og það er nú svo um Landsbankann, að hann hefir ríkisábyrgð á öllu erlendu starfsfé, er hann fær að láni, og þarf að sækja um það í hvert skipti. Þetta stafar af því, að landið er ókunnugt og smátt í augum annara, og þykir því ótryggt að veita bönkum hér lán nema ríkisábyrgð sé á því. Í þessum sporum stöndum vér; vér komumst ekki úr þeim og verðum að taka því, sem er.

Það kann að vera, að ég þyki nokkuð bjartsýnn um afkomu atvinnuveganna, þegar ég býst við, að þeir rétti við. Viðvíkjandi togurunum verð ég að játa, að það hefir komið fyrir, að þeir hafa tapað 30 þús. kr. á ári, og það upp undir 100 þús. kr. En það verður líka að færa hina hliðina á reikninginn. Þeir hafa oft skilað stórfé í ríkissjóðinn og til almennings. Útkoman hefir því orðið mikill ágóði fyrir þjóðina. Tekjuhalli atvinnuveganna hefir að vísu verið mikill á sumum tímum, en hann er þá borgaður upp aftur af atvinnuvegunum, og engum öðrum. Hann er borgaður með vaxtamun og auknum sköttum. Það eru sjálfir hinir óseðjandi atvinnuvegir, sem undir því standa. Þar er uppsprettan, sem þingi og stjórn má ekki standa á sama um, og getur ekki látið sér standa á sama um.

Jakob Möller [óyfirl.]: Eiginlega hefir hæstv. fjmrh. tekið af mér ómakið við að svara hæstv. dómsmrh.

Mér skildist hæstv. dómsmrh. beina því til okkar, að við værum að beita okkur fyrir hinni rússnesku stefnu í bankamálunum. En eins og hæstv. fjmrh. benti á, þá er hæstv. dómsmrh. tvímælalaust frumherji hinnar rússnesku stefnu í bankamálum hér á landi. Það er ekki fyrst 1930, að hann tók þessa stefnu. Það er miklu fyrr. Hann hefir langan tíma unnið að því af öllum sínum mætti að eyðileggja Íslandsbanka og koma öllum viðskiptum yfir á Landsbankann og á hans ábyrgð. Að aðrir hafa líka neyðzt til að grípa til þessara ráða, er aðeins afleiðing af þessu starfi hæstv. ráðh. Honum hefir tekizt að koma allri einkastarfsemi á því sviði undir lok.

Ég nenni ekki að leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. sagði um það, sem ég skrifaði um lántökuna 1921. Það var allt misskilningur hjá honum. En honum gengur ekki svo vel að muna sín eigin afskipti af þeim málum, að hægt sé að búast við, að hann fari rétt með það, sem aðrir lögðu til málanna.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. að fara ekki út í afskipti sín af lántökunni 1921, því að það er mála sannast, að hann hélt því þá fram statt og stöðugt, að það væri ekkert vit í öðru en að ríkið tæki þá lán handa bönkunum. Ég get ekki tekið á móti hinu mikla hóli hans um mig í sambandi við Íslandsbanka öðruvísi en að endurgjalda það að nokkru. Ég tel hann hafa verið einna áhrifamesta manninn í því, að lánið var tekið 1921. Hann skapaði það álit með blaði sínu, sem varð til þess, að Magnús Guðmundsson tók lánið, þrátt fyrir það, að hann barðist á móti því á þinginu áður. Það var krafa þeirra, er skulduðu og vildu fá fé til að geta lifað áfram meira eyðslulífi en efni leyfðu, sem olli því, að lánið var tekið, að fjmrh. nauðugum.

Það skýtur heldur skökku við, þegar hv. þm. heldur því fram, að ég hafi sett Íslandsbanka á höfuðið. Ef ég hefði verið bankastjóri og lánað hinum prýðilegu viðskiptamönnum bankans 25 millj. kr.

og látið þær allar tapast, þá hefði mátt fá menn til að trúa þessu. Eða ef ég hefði verið bankaeftirlitsmaður og átt að líta eftir því, að bankanum væri vel stjórnað, en ekki gert það með meiri giftu en hv. þm. hefir gert. En það er svo langt frá þessu, að ég hefi einu sinni aldrei átt þar smávíxil, svo að ekki hefir bankinn tapað á mér. Ég hefi heldur aldrei haft þar neina ábyrgðarstöðu. Því verður þess vegna ekki neitað, að þetta er ákaflega röng skýrsla hjá hv. þm. Það, sem hefir sett bankann á höfuðið, er einskonar samspil viðskiptamanna hans, bankastjóranna og bankaeftirlitsmannsins, þar sem allir þessir aðiljar hafa reynt að standa sem allra verst í stöðunni og hegða sér þannig í starfinu, að sem öruggust vissa væri fyrir því, að bankinn færi á höfuðið.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði átt þátt í undirbúningi lántökunnar 1921. Frásögn hans var byggð á misskilningi, og skal ég skýra þetta nánar.

Ég hélt því fram árið 1921, að það væri rétt að taka gjaldeyrislán til að hindra verðfall krónunnar, þegar að því var komið, að hún félli. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að það lán var á engan hátt sambærilegt við það, sem hér er verið að ræða um að taka. Það var fast lán, en þetta er aðeins viðskiptalán. — En mínar till. náðu þá ekki fram að ganga. Gengi krónunnar féll og síðan var tekið lán í allt öðrum tilgangi. Ég vonast ekki til þess, að hæstv. dómsmrh. geti greint þetta í sundur og skilið mismuninn. En ég veit, að aðrir hv. þdm. munu skilja það.

Ég get bent á það, að síðar var þessi stefna tekin upp: að verjast gengisfalli með því að styrkja bankana með viðskiptalánum. Ég get því miklazt af því, að það, sem ég hélt fram 1921, hefir náð viðurkenningu síðar, þó að eftir því væri ekki farið þá.

Annars get ég minnt hæstv. ráðh. á það, úr því hann fór að ræða afstöðu manna til þessa máls, að blað hans hélt því þá eindregið fram, að það bæri að kaupa forgangshlutabréf í Íslandsbanka þá, í stað þess að veita honum lán. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. stendur ennþá í þeirri meiningu.

Hæstv. ráðh. þykist ekki skilja það, þegar ég held því fram, að hann eigi drýgstan þátt í óförum Íslandsbanka. En hann skilur samt vel, hvað ég á við. Hann hefir unnið þar vitandi vits að ákveðnu marki, og það dylst ekki, að hann á drýgstan þáttinn í því öngþveiti, sem bankamál vor eru nú komin í. Hann hefir unnið að því með sífelldum rógi um atvinnurekendur og bankastofnanirnar árum saman. Það hefði mátt búast við, að hann færi nú að sjá að sér, þegar búið er að leggja Íslandsbanka niður. En það lítur ekki út fyrir, að hann hafi breytt um stefnu. Honum er eins farið og nauti, sem ekki þolir að sjá rauða dulu, því hann heldur enn áfram sömu starfseminni gagnvart stofnun þeirri, sem tekið hefir við af Íslandsbanka.

Um starf bankaeftirlitsmannsins skal ég ekki deila við hæstv. ráðh. Ég hefi oft orðið var við það, að hann skilur lítið, í hverju það er fólgið. En allir aðrir vita, að ég hefi engin afskipti haft eða átt að hafa af stjórn bankanna og ber því ekki ábyrgð á fé því, er þeir hafa ráðstafað. Ef hæstv. ráðh. nennti að hafa fyrir því að kynna sér, hvernig starfið er rækt annarsstaðar, þá mundi hann sjá, að það er eins þar. Annars á ég engar skýrslur að gefa honum um það starf og hirði því ekki um að ræða það hér.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. varð að játa, að hann átti töluvert mikinn þátt í lántökunni 1921, eins og það lán hefir nú líka reynzt giftudrjúgt fyrir landið. Hann ætlar að reyna að bjarga sér með því að segjast ekki hafa viljað það lán, sem tekið var, heldur lán til þess að bjarga krónunni. Þetta minnir mig á sögu af manni, sem stundum er búsettur hér í Reykjavík og oft er auralítill. Honum var einu sinni sýndur reikningur, þar sem hann var staddur á gildaskála. Hann bað þá um að koma með reikninginn daginn eftir og hafa hann í tvennu lagi. Þannig fékk hann greiðslufrest um einn dag. Eins er það með þessa undanfærslu hv. þm. En hann getur ekki komizt framhjá því, að hann vildi taka stórt lán handa Íslandsbanka. Hann fékk þann

vilja sinn uppfylltan. Lánið var tekið. Því var ráðstafað af vinum hans og vandamönnum. Það rann að langmestu leyti inn í Íslandsbanka. Hv. þm. fékk allt, sem hann vildi. En hvernig reyndust svo spádómar hans? Þeir fóru svo, að þrátt fyrir lántökuna féll krónan niður fyrir hálfvirði. Lánið varð til hins gagnstæða. Það varð að eyðslueyri, og krónan féll. Nú sést ekkert eftir nema skuldin, sem hvílir á borgurum landsins, og minningin um heldur lítinn heiður í sambandi við lántökuna erlendis.

Hv. þm. lét nokkur gremjuyrði bitna á mér fyrir það, að ég hefði sett Íslandsbanka á höfuðið. Hann neitaði ekki þeirri staðreynd, að ég hefi aldrei haft neitt með bankann að gera. Hann getur heldur ekki neitað því, að menn mjög nákomnir honum hafa stjórnað bankanum. Hann getur ekki neitað því, að bankinn hefir tapað a. m. k. 25 millj. kr. Það er þýðingarlaust að halda því fram, að þessar aðfarir hafi verið alveg saklausar og ekki snert hag bankans. Það, sem hv. þm. á við, er það, að ég og ýmsir aðrir sögðu, þegar við sáum stjórnina á bankanum, að það gæti ekki farið öðruvísi en illa. Við vöruðum við hættunni, en það var haft að engu, fyrr en um seinan, þegar bankinn var sprunginn fyrir aðgerðir forkólfa sinna. Ég skal nefna lítið dæmi af stjórn bankans. Bankastjóri sá, sem fenginn var að bankanum 1920, fékk 40 þús. kr. í laun. Hann fór venjulega utan einu sinni á ári til að hitta að máli viðskiptabankana. Ferðakostnaður hans var um 20 þús. kr. oftast nær. Einu sinni fór hann þó ofurlítið lengra en til Danmerkur, hann skrapp til Hollands; þá komst reikningurinn líka upp í 35 þús. kr. Það árið fékk hann því samtals um 75 þús. kr. fyrir sína prýðilegu stjórn. Þetta er aðeins lítið dæmi af því, sem hefir haft áhrif á hag bankans. Ég get skilið, að hv. þm. finnist, að allir þeir, sem hafa haft ótrú á þessu ráðlagi, eyðsluseminni, stjórnleysinu um lánveitingar, hafi gert bankanum rangt til. Hann vildi láta þetta halda áfram, en almenning borga allt saman með auknum sköttum og háum vöxtum. Þetta er sú synd, sem hv. þm. getur réttilega heimfært upp á mig. Ég sá fyrir mörgum árum í hvert óefni stefndi með Íslandsbanka, og varaði við hættunni.

Sjálfur hefir hv. þm. ekki haft sérstaklega mikinn vegsauka af afskiptum sínum af bankamálum. 1923 kom fram á þingi till. um að rannsaka hag bankanna. Hv. þm. og vinir hans risu öndverðir gegn því og eyðilögðu málið. Upp úr því var stofnað embætti bankaeftirlitsmannsins. Það átti að vera sú trygging, er þjóðin hefði fyrir því, að bankarnir væru reknir sæmilega. Í embættið var hv. þm. valinn, og hann segir nú, að hann hafi ekkert gert, alveg eins og almenningur hefir litið á. Það liggja nú fyrir þinginu skilríki frá bönkunum, þar sem þeir segjast ekkert hafa orðið varir við starf hans, hann hafi ekki komið þar mánuðum og missirum saman, og þeir vilji losna við að borga honum. Varla hefir heldur mikil vinna farið í sparisjóðina, a. m. k. hafa menn ekki orðið varir við, að hann hafi ferðazt mikið til þeirra. Árangurinn af starfi hans hefir enginn orðið. Hann hefir engan aðvarað, hvorki þing, ríkisstj. né bankastj. Það var aðeins fyrir það, að hv. þm. var forfallaður um tíma og annar maður því settur í hans stað til að skoða útibúið á Seyðisfirði, að upp komst hið botnlausa eymdarástand þar og afrek íhaldsforkólfsins Stefáns Th. Jónssonar.

Þá talaði hv. þm. um hið merkilega húsdýr, nautið. Ég vil benda á, að það húsdýr hefir nú fengið sígilda merkingu í fjármálaumræðum. Vil ég út frá þessu benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að hann getur jafnan minnzt Korpúlfsstaðanautsins, þegar hann hugsar um gengismálið, síðan hv. þm. G.-K. fann, að form. Íhaldsflokksins væri engri veru líkari, sökum skaplyndis og gáfnafars.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hæstv. dómsmrh. segir aldrei hafa skuldað Íslandsbanka, og hafi bankinn því engu tapað á sér, eða hann orðið valdur að því, að svona er komið fyrir bankanum. Benti hæstv. ráðh. í þessu sambandi á það, að töp bankans hefðu numið yfir 20 millj. kr., og skal ég ekki deila um það, hvort þetta er sú nákvæmlega tala eða ekki, en ég hygg hinsvegar, að ef töp Íslandsbanka eru borin saman við töp Landsbankans á þessum sama tíma, mundi nið-

urstaðan verða sú, að töp Íslandsbanka væru ekki hlutfallslega miklu meiri en töp Landsbankans, samanborið við viðskiptaveltu þessara tveggja banka. Og þá er spurningin, hvernig á því stendur, að Íslandsbanki varð að hætta, en Landsbankinn hinsvegar gat haldið áfram. — Er þeirri spurningu auðsvarað. Hæstv. dómsmrh. veit ósköp vel, að þetta kom til af því, að jafnhliða því, sem Íslandsbanki varð fyrir töpum í viðskiptum sínum eins og Landsbankinn, var bankinn látinn tapa á öðru sviði fyrir forgöngu hæstv. ráðh. sjálfs, sem linnti ekki látum með að veikja traust bankans, unz svo fór, að menn tóku inneignir sínar út úr bankanum og fluttu þær yfir í Landsbankann. Með þessu starfi sínu tókst hæstv. ráðh. að veikja Íslandsbanka meira og meira með hverju ári, og niðurstaðan af þessu starfi hæstv. ráðh. varð að lokum sú, að bankinn gat ekki staðið undir töpum sínum, og færðust þau að nokkru leyti yfir á ríkið. Hæstv. fjmrh. hefir hér réttilega minnt á það, að í öðrum siðuðum löndum væri það talin skylda að vinna að því að halda uppi bankastofnunum, og er mönnum gott að hafa þetta í huga til samanburðar, þegar þeir minnast þess, að aðalstarf hæstv. dómsmrh. hefir verið í því fólgið að reyna að eyðileggja bankastofnanirnar í landinu.

Hæstv. dómsmrh. minntist enn á starf mitt sem eftirlitsmanns, og sannaði nú óvart, að rétt var það, sem ég hélt fram, að því er ekki þann veg háttað, að ætlazt hafi verið til, að ég bæri ábyrgð á lánveitingum bankans. Það var nefnilega rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta embætti var stofnað upp af till., sem flutt var hér í þinginu á sínum tíma um að skipa n. til að rannsaka hag bankans, og geri ég ekki ráð fyrir því, að jafnvel hæstv. dómsmrh. hafi litið svo á, að þeirri n. hafi verið ætlað að bera ábyrgð á stj. bankans og lánveitingum hans.

Þá gat hæstv. dómsmrh. þess, að ekkert hefði vitnazt um ástæður Stefáns Th. Jónssonar fyrr en sumarið 1929, er ég var forfallaður frá starfi mínu og annar maður var sendur í forföllum minum til þess að skoða útibúið á Seyðisfirði. Þetta veit ég, að hæstv. dómsmrh. segir vísvitandi ósatt, því að ég hafði áður átt tal við hann sjálfan um þetta efni, og ekki aðeins hann, heldur og einnig aðra ráðh. í þáv. stj.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Reykv. hefir áður tekið það réttilega fram, að honum hefir ekki borið að standa mér reikningsskap af gerðum sínum sem eftirlitsmanni, enda hefir hann aldrei gefið mér neina skýrslu um þetta starf sitt. Ég minnist þess heldur ekki, að hv. þm. hafi nokkru sinni átt tal við mig um ástæður Stefáns Th. Jónssonar, og hefði heldur enga þýðingu haft, þar sem ég embættislega hefi aldrei haft með bankann að gera eða milljónaskuldendur hans. Töp Íslandsbanka skiptast á tugi manna, sem fengu meira eða minna ógætileg lán hjá bankanum. Þess vegna er ábyrgðin, sem hvílir á hv. 1. þm. Reykv. í þessu sambandi, sú, að hann átti að aðvara ekki eingöngu bankastj., heldur og einnig fjmrh., ef hann sá, að hætta var á ferðum, og fengi hann enga áheyrn hjá þessum aðiljum með aðvaranir sínar, bar honum skilyrðislaust skylda til að snúa sér til þingsins í þessum efnum. Töp Íslandsbanka á Copland einum námu á fjórðu millj. kr., og allverulegur hl. af þessari upphæð tapaðist eftir það, að hv. 1. þm. Reykv. átti að vera orðinn auga lands og þjóðar á bankanum. Það má vera, að hv. 1. þm. Reykv. hafi aðvarað bankastj., en hann brást skyldu sinni með því að aðvara þingið ekki í þessum efnum, eins og greinilega hefir komið fram í rannsókn hv. 2. þm. Reykv., sem er vinur og flokksbróðir hans, á útlánastarfsemi bankans, því að sú rannsókn leiddi m. a. í ljós, að Íslandsbanki hefði getað komizt hjá að tapa svo skipti hundruðum þúsunda á þessum manni einum, sem ég nefndi áðan, ef kippt hefði verið í taumana 1925, en að svo varð ekki, er að einhverju leyti sök eftirlitsmannsins, sem að vísu kann að hafa aðvarað bankastj., en brást algerlega þeirri skyldu að aðvara þingið a. m. k.

Jón Þorláksson: Af því að hv. 1. þm. Reykv. á ekki kost á að taka oftar til máls, vil ég benda á það, að hæstv. dómsmrh. er í hinum mestu fjarstæðum, þegar hann heldur því fram, að banka-

eftirlitsmaðurinn hafi átt að aðvara þingið eða gefa skýrslu til Alþingis viðvíkjandi starfi sínu. Eftirlitsmanninum ber auðvitað sem öðrum embættismönnum að snúa sér til yfirmanns síns, sem er sá ráðh., sem með þessi mál fer, með allar skýrslur út af starfi sínu, og það er ráðh. að taka ákvörðun um það, hvort ástæða sé til að bera slík mál undir þingið. Hitt þekkist hvorki hér í okkar þjóðfélagi né annarsstaðar, að embættismenn fari að snúa sér beint til þingsins út af starfi sínu, og því síður, að þeir fari að snúa sér til almennings með því að skrifa í blöðin o. s. frv. Sýnir þetta almennari vanþekkingu á öllum almennum stjórnarháttum en ætti að þurfa að gera ráð fyrir hjá manni, sem búinn er að sitja jafnlengi í stj. og hæstv. dómsmrh.

Ég hefi þá tilhneigingu til að snúa þar að aftur, sem fyrr var frá horfið, eða því máli, sem hér liggur fyrir á dagskrá, en eins og vitað er, fer jafnan svo, þegar hæstv. dómsmrh. kemur hér í umr., að hann ræður ekki betur við orð sín og hugsanir en svo, að hann fer um allt með hraðlestarferð eftir einhverjum hliðarsporum, sem af leiðinni liggja, og fjarlægist hann þannig meira og meira það mál, sem fyrir liggur, unz hann að lokum endar á Stefáni Th. og Sæmundi, því að þar er endastöðin fyrir hugsanir hæstv. ráðh. á þessu ári.

Hæstv. dómsmrh. byrjaði sína fyrstu ræðu með því, að við þrír, sem á undan honum höfðum talað og allir höfum verið fjmrh., legðum til, að þetta lán væri tekið. Í þessu upphafi á ræðu hæstv. dómsmrh. kom fram hin venjulega ónákvæmni hans í hugsun og frásögn, og hann virðist ekki geta við því gert, því að þetta er alltaf svona hjá honum.

Hér liggur ekki fyrir að taka ákvörðun um það, hvort taka skuli þetta lán, heldur er hér aðeins um það að ræða, hvort heimila skuli stj. að ábyrgjast £ 100000 rekstrarlán fyrir Útvegsbankann, ef stj. skyldi sýnast að gera svo og Útvegsbankinn telur sig þurfa slíkt lán. Hélt ég og, að það hefði komið sæmilega skýrt fram í minni ræðu, að ég vildi persónulega ráða frá því, að þetta lán væri tekið, þó að ég hinsvegar vilji ekki taka á mig þá ábyrgð að neita stj. um þessa heimild, þegar stj. sjálf fer fram á að fá hana. Fjmrh. hverju sinni hefir betri aðstöðu en einstakir þm. til að meta allar ástæður með og móti slíkri framkvæmd og þessi lántaka er, og í viðurkenningunni um þetta vil ég ekki taka á mig þá ábyrgð að láta mína skoðun á lántökunni verða þess ef til vill valdandi, að fjmrh. sé neitað um þessa heimild, úr því að hann telur þörf á, að hún sé veitt. Það er því hreinn misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., að ég hafi lagt með því, að þetta lán yrði tekið, því að ég réði þvert á móti frá því, og ég held, að ég hafi líka tekið það fram í minni fyrri ræðu, að ég tel ekki rétt að neita um þessa heimild, því að það getur borið svo að eða verið svo ástatt, þótt við vitum það ekki nú, að það væri meiri ábyrgðarhluti, að þessi lántaka færist fyrir en rétt væri að leggja á nokkra stj.

Hæstv. dómsmrh. var svo ákveðinn þeirrar skoðunar, að þessi lántaka væri ekki réttmæt, að hann vill neita um heimildina, og færði hann þær ástæður til, að atvinnureksturinn í landinu hefði verið rekinn með tapi í ár, eins og verið hefir að einhverju leyti 2 undanfarin ár, og lægi því beint við, að fé væri festist, ef það væri lánað út, eða tapaðist með öllu, og væri því ekki rétt að leggja út í þetta vegna áhættunnar fyrir ríkissjóð. Eru það mikið til þessar sömu ástæður, sem valda því, að ég legg á móti því, að þetta lán sé tekið. Ég er hræddur við það að veita meiru lánsfé í atvinnuvegi, sem ekki bera sig, ofan á það, sem búið er að veita undanfarin ár. En í sambandi við þetta fór hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því, hve eðlilegt það væri, að Útvegsbankinn hefði fest það lánsfé, sem hann hefir fengið, og ef til vill tapað því að einhverju leyti, og gerði hæstv. ráðh. þá grein fyrir þessu, að svo hefði farið af því, að atvinnuvegirnir væru reknir með tapi. Ætla ég ekki að fara út í neinar rökræður um þetta, né heldur láta mig inn á það, hvort benda mætti á einhverjar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið viðvíkjandi bankanum af bankastj. eða landstj. og fyrirsjáanlegt var um, að ekki voru nægilega gætilegar. Ég tek þessi ummæli hæstv. dómsmrh. og lýsingu hans á orsökunum til fjárfestingar og tapa Útvegsbankans eins og

þau voru töluð af honum. En ég vil í þessu sambandi benda hæstv. dómsmrh. enn einu sinni á það, þótt ég hinsvegar viti, að það hafi ekki mikla þýðingu, að eftir að hæstv. ráðh. hefir gefið þessa skýringu viðvíkjandi starfsemi Útvegsbankans, getur hann ekki vænzt þess lengur, að hann verði tekinn trúanlegur um það, að fjárfesting hafi eingöngu stafað af „óstjórn, eyðslu og eftirlitsleysi", svo að ég hafi þetta orðrétt eftir hæstv. ráðh., enda er sannanlegt, að svo var frá 1920 allt fram í byrjun ársins 1924, að atvinnuvegirnir voru reknir með tapi, og var þar um mikinn taprekstur að ræða, sérstaklega þó árið 1920. Varð þá gífurlegt verðfall á afurðunum, þannig, að fiskur, sem keyptur var til útflutnings fyrir 300 kr. skpd., seldist ekki nema á 100 kr. skpd. upp og ofan, og er þetta taprekstur, sem munar um. En hæstv. dómsmrh. er samur við sig í garð Íslandsbanka. Allt hans tal um Íslandsbanka og stj. hans er á þá leið, að í stað þess að viðurkenna, hve mikinn þátt ástand atvinnuveganna átti í töpum og erfiðleikum stofnunarinnar, hefir hann aldrei getað séð eða talað um annað en „óstjórn, eyðslu og eftirlitsleysi". Þetta tal er ekki nýtt. Það glumdi hér í þinginu og í blaði hæstv. ráðh. allar stundir frá 1921, þar til bankinn, meðfram fyrir þennan rógburð og ofsóknir, leið undir lok. Enginn hefði haft við það að athuga, þótt fram hefðu komið aðfinnslur og gagnrýni í garð Íslandsbanka sem annara fyrirtækja, ef þetta hefði verið gert af þeim hug að bæta úr ágöllunum og halda uppi jafnnauðsynlegri stofnun og Íslandsbanki var fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. En ef nokkursstaðar hefir komið fram það, sem hér um daginn var kallað animus nocendi — vilji til að skaða —, í slíkum aðfinnslum, er það einmitt auðkennandi fyrir alla afstöðu hæstv. dómsmrh. í garð Íslandsbanka.

Þegar Íslandsbanki var lagður niður og Útvegsbankinn stofnaður, var stillt svo til af þeim þingmeirihl., sem þessu réði, að enda þótt talsvert einkafé hefði verið lagt fram sem hlutafé handa bankanum, bæði innlent og útlent, voru þó öll umráð yfir stofnuninni í höndum ríkisvaldsins. Get ég sagt það fyrir mig, og mér er sjálfsagt óhætt að fullyrða það um alla okkur sjálfstæðismenn, að við erum þeirrar trúar, að nokkru betur hefði tekizt til með afkomu Útvegsbankans, ef umráð bankans hefðu fengið að vera að einhverju leyti í höndum þeirra einstaklinga, sem höfðu sérstaklega hagsmuna að gæta um það, að bankanum yrði varlega stjórnað. Við beygðum okkur fyrir vilja meiri hl. í þessum efnum, enda var ekki annars kostur, og bankinn var gerður að hreinum ríkisbanka, en við vonuðumst þó eftir, að sú breyting mundi koma að gagni að einu leyti. Við vonuðumst eftir því, að þeirri hatramlegu rógsherferð, sem staðið hafði í 10 ár gegn Íslandsbanka og átti rætur sínar að rekja til þess annarsvegar, að hér var um einkafyrirtæki að ræða, og hinsvegar, að fjármagn þessa einkafyrirtækis var að nokkru leyti frá útlöndum, mundi linna, þegar fyrirtækið algerlega var komið yfir á herðar ríkisins. Skoða ég ummæli hæstv. dómsmrh. um fjárfestingu og töp Útvegsbankans sem hófleg og ádeilulaus í garð stofnunarinnar, og skoða það því svo, sem vonir okkar hafi að þessu leyti rætzt, að Útvegsbankinn þurfi ekki að verða fyrir rógi og ofsóknum misindismanns, sem þó finnur sig sem borgara í ríkinu. Skal ég hreinskilnislega segja það sem mína skoðun, að stj. Útvegsbankans er ekki hóti betri en stj. Íslandsbanka var á sinni tíð, en þar sem þannig er minni hætta á því, að Útvegsbankinn verði fyrir traustspjöllum af óvönduðu umtali, eins og Íslandsbanki varð fyrir, álít ég, að það sé gerlegt að ganga lengra en áður í þá átt að skaffa Útvegsbankanum rekstrarfé með áhættu ríkissjóðs. Útvegsbankinn hefir að þessu eina leyti sterkari aðstöðu en Íslandsbanki, að hann getur haft von um það að vera í friði fyrir ofsóknum prófessionellra rógbera.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. landsk. byrjaði ræðu sína með því að útskýra það, að það hefði ekki verið eðlilegt, að eftirlitsmaðurinn sendi skýrslu út af starfi sínu til þingsins eða almennings, en þetta var ekki aðalatriðið fyrir mér. Ég benti á þá staðreynd annarsvegar, til hvers þetta embætti var stofnað,

og hinsvegar, hvernig bankanum hafði gengið, og rekstur bankans var á þann veg, eins og rannsókn hv. 2. þm. Reykv. sýndi og ég áður drap á, að töpin stórhlóðust á bankann með hverju ári, og hefði þetta þó átt að vera viðgeranlegt. Ef stj. bankans tók ekkert tillit til aðvarana eftirlitsmannsins í þessum efnum og landsstj. daufheyrðist við þeim líka, skil ég ekki í öðru en að það hefði verið réttlætanlegt, þó að eftirlitsmaðurinn hefði snúið sér til Alþingis með aðvaranir sínar. Slíkt hefði a. m. k. afsakazt í krafti hins hærra réttlætis. Liggur þetta að vísu fyrir utan efni þessa frv., en úr því að hv. þm. vildi fara að verja eftirlitsmanninn í þessum efnum, vildi ég þó taka þetta fram.

Hv. 1. landsk. lét svo um mælt, að ég endaði ræður mínar á þessu ári með því að minnast á 2 af hinum stærri gjaldþrotamönnum Íslandsbanka, en tap Íslandsbanka á þessum tveim mönnum mun hafa numið um 2 millj. kr., og er það svipuð upphæð og það lán nemur, sem hér er um að ræða. Vil ég í þessu sambandi nefna mál eitt, sem við báðir, hv. 1. landsk. og ég, höfum mikinn áhuga fyrir, og er það, að byggt verði yfir háskólann og varið til þess sem svarar ¼ þessarar upphæðar, en mikill hl. þm. telur þó ekki ráðlegt að verja þessu fé í byggingu, sem standa á í langan aldur. Ég held því, að hv. 1. landsk. geti ekki verið hissa á því, þó að drepið sé á þessa gjaldþrotamenn Íslandsbanka. Íslendingum kemur þetta vissulega við, því að þeir verða að borga þetta, þeir fátæku ekki síður en hinir ríku. Og gjaldendurnir muna áreiðanlega eftir þessum mönnum, því að þetta kemur niður á þeim í hækkuðum gjöldum og sköttum.

Hv. 1. landsk. vildi verja afstöðu sína með því, að hann væri á móti því, að þetta lán væri tekið, og eins og ég er hann hræddur um, að féð mundi festast, þótt hann hinsvegar ætli að greiða atkv. með frv. Skiptir það þó þjóðina nokkuð meira í þessu máli, hvernig hann greiðir atkv. heldur en hvernig hann talar. Það skiptir engu máli, þótt hv. þm. hafi lagt fram forsendur, sem voru öfugar við niðurstöðuna. Þetta sýnir, að heilavél hans er stirð, og það er yfirleitt alltaf mesti galli á heilavélum, ef niðurstöðurnar verða öfugar við forsendurnar.

Þá fór hv. þm. mörgum fögrum orðum um það, að hann vildi ekki tortryggja hvorki núv. fjmrh. né nokkurn fjmrh., og að hann teldi rétt að ganga í þessa ábyrgð. En fyrir nokkrum stundarfjórðungum var hann búinn að neita fjmrh. um að fá framlengingu á nauðsynlegum sköttum, sem hann sjálfur hefir notað og talið sjálfsagða. En svo telur hann sjálfsagt að gera allt fyrir fjmrh. í þessu sambandi.

Þá sagði hv. þm., að sú lýsing, sem ég hefði gefið á því, hvernig lán væru fest, sýndi, að það væri eðlileg fjárfesting hjá Íslandsbanka. Ég er ekki svo kunnugur Íslandsbanka, og ég býst ekki við, að menn hér í d. geti sagt um það, nema ef það væri bankaeftirlitsmaðurinn, hvort Útvegsbankinn sé búinn að tapa lánum, sem hann hefir lagt fram. Það hefir engin rannsókn verið gerð á því. Hitt, sem menn vita, er það, að Útvegsbankinn hefir afskrifað mikið af gömlum skuldum, sem hann erfði frá Íslandsbanka. Þar kemur fram afleiðingin af þeirri veilu í hugsanagangi hv. 1. landsk., að hann vildi 1930 halda við lífrænu sambandi milli bankans, sem dauður er, og hins nýja banka. Ég held, að það sé alveg óverðskuldað árás á stjórn Útvegsbankans, að hún hafi lánað nokkurt það lán, sem sé sambærilegt við lánið til Coplands og annara slíkra viðskiptamanna Íslandsbanka. Ég held, að ekki sé kunnugt um annað en að peningar hafa verið rifnir út úr bankanum, og það aðallega af flokksbræðrum hv. þm., meðfram í þeim tilgangi að skaða bankann og auka á vandræði hans. En mér er ekki kunnugt um, að lánveitingar til einstakra manna hafi tapazt. Það, sem menn vita, er það, að 1930 festi Útvegsbankinn mikið fé í Vestmannaeyjum, sem var lánað að nokkru leyti á ábyrgð ríkisins. Þar var ekki öðru um að kenna en bjartsýni manna, að lánað var of mikið út á hvert skpd.

Þegar minnzt er á eyðileggingu Íslandsbanka, þá er ein ástæða, sem aldrei má gleyma, og það er framkoma hv. 1. landsk. Þegar hann var fjmrh. 1925—26 hækkaði hann ísl. kr. um ⅜ í trássi við at-

vinnurekendur landsins. Ég skal þó geta þess til verðugs hróss fyrir Eggert Claessen, að þótt honum hafi í mörgu yfirsézt, þá var hann það skynsamari en hv. 1. landsk., að hann sá fyrirfram, hvað mikil vitleysa gengishækkunin var, og gerði það, sem hann gat, til þess að hindra hana. Sú hækkun lamaði bæði bankana og atvinnurekendur landsins. Þetta er ein að helztu ástæðunum til vandræða bankans.

Hv. þm. sagði svo að síðustu, að það hefði verið mjög á móti sínum vilja, að meirihlutavald Útvegsbankans væri hjá ríkinu, því að hann hefði heldur viljað, að það væri hjá hluthöfum, og þeir mundu hafa stjórnað betur. Ég ætla ekki að fara langt út í það, en vil bara minna hv. þm. á, að þetta ástand var áður; meirihlutavaldið við bankann var hjá hluthöfum, og þeir settu bankann á hausinn og komu skuldum sínum á landið. Ég vil ekki segja um það, hvort það sé svo dásamlegt, að ríkið hafi meirihlutavaldið, en það er búið að sýna sig, að það var ekki gott hjá hluthöfunum áður. Þetta er ekki óalgengt um fyrirtæki erlendis, t. d. er British Petroleum þannig fyrir komið, að enska ríkið á rúmlega helming í því, og þó er fyrirtækið kallað hlutafélag.

Ég vísa almennt á bug þessum órökstuddu dylgjum, að ég og aðrir, sem hafa gagnrýnt óstjórn Íslandsbanka, hafi ekki haft rétt til þess. En það þarf dálítið Korpúlfsstaðavit í fjármálum til þess að halda því fram, að Íslandsbanka hafi verið vel stjórnað, þegar reynslan er búin að sýna, að landið er búið að tapa 25 millj. á fáeinum árum á því, hvað bankanum var illa stjórnað.

Jón Þorláksson: Skyldu það ekki hafa verið atvinnuvegir landsins, sem töpuðu þessum 25 millj. kr.? Ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu í rannsókn, sem gerð var í öðrum tilgangi, að 1920 töpuðu atvinnuvegir landsins 80 millj. kr. eftir þáv. lága gengi ísl. kr. Það þarf því engan að furða, þó að eitthvað af þessu tapi hafi skollið á bönkunum. Annars stóð ég upp til að leiðrétta tvennt í ræðu hæstv. dómsmrh. Hann gat þess, að ég hefði hækkað ísl. kr. bönkunum til tjóns, og það hefði lamað þá mest. Hækkunin, sem fram fór 1924—1925, var gerð af þriggja manna nefnd, er svo var skipuð, að einn var úr Landsbankanum, annar úr Íslandsbanka og sá þriðji stjórnskipaður. Landsstj. greip aðeins einu sinni inn í starfsemi þessarar n., og þá var það ekki til þess að ýta undir hækkunina, heldur til þess að hindra hana.

Hitt, sem ég ætlaði að leiðrétta, þó það sé leiðinlegt að þurfa að leiðrétta sögulega atriði hjá þeim eina sagnaritara, sem við eigum hér í d., var það, að hæstv. ráðh. sagði, að meirihlutavald Íslandsbanka hefði áður verið hjá hluthöfunum. Veit hæstv. ráðh. það virkilega ekki, að meirihlutavaldið í Íslandsbanka var að forminu til hjá íslenzka ríkinu frá upphafi, af því að 4 af 7 bankaráðsmönnum voru skipaðir af íslenzka ríkisvaldinu? Og í reyndinni var það einnig frá 1921, því að þar í frá skipaði stj. líka 2 af 3 bankastjórunum. Svo kemur hæstv. ráðh. og segir, að meirihlutavaldið hafi verið hjá hluthöfunum og þeir hafi stjórnað svo illa. En allan þann tíma, sem þessi styrr stóð um það, hvort bankinn yrði að velli lagður eða ekki, var meirihlutavald bankaráðs og framkvæmdarstjórnar í höndum ríkisins. Ég held því, að hæstv. ráðh. geti ekki vísað í þá tilhögun til stuðning kenningu sinni, að það fram gangi svo sérstaklega góð bankastjórn, ef meirihlutavaldið er í höndum ríkisins, því að mér hefir ekki fundizt á honum, að honum fyndist Íslandsbanka hafa verið stjórnað svo vel þau árin, sem ríkið hafði meirihlutavaldið bæði í bankaráði og framkvæmdarstjórn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla aðeins að segja fáein orð, til þess að leiðrétta sögulega skekkju hjá hv. 1. landsk. Hann veit það, að Íslandsbanki var stofnaður sem hlutafélag. En það breytir engu, að eitt af því lævísa við þetta hlutafélag var það, að það bjó til tyllistöður, sem kallað var bankaráð, en var áhrifalaust með öllu. Bankaráðsmennirnir sátu norður á Hólmavík eða á Akureyri og gerðu ekkert fyrir bankann annað en það, að þeir fengu dálitla peninga fyrir það að skrifa einhvernveginn nöfn sín undir. Þetta var ekkert annað en málalið,

sem bankinn fékk. Og það sýnir einmitt, að bankinn var hlutafélag, að hann hafði frá byrjun útlendan bankastjóra, þangað til hann var orðinn svo aumur af sinni eigin óstjórn, kringum 1920, að menn, sem hv. 1. landsk. veit, hverjir eru, keyptu Tofte bankastjóra út fyrir 100 þús. kr., og hann hvarf svo af landi burt frá bankanum á hausnum. Og þá getur maður sagt, að hlutafélagið hafi verið sett undir eftirlit. Það var náttúrlega hlutafélag fyrir því, þó að það væri orðið ósjálfbjarga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

---

61. Laun embættismanna (frv. VJ).

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (þmfrv., A. 698).

Á 73. og 74. fundi í Nd., 12. og 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta er mjög einfalt mál. Í frv. um skipun læknishéraða, sem nýlega er samþ. sem l. frá Alþ., var bætt við einu læknishéraði, Ólafsfjarðarhéraði. Verður að ákveða því héraði laun, og á bezt við að gera það með breyt. á hinum almennu launalögum frá 1919. Í þessu frv. er gerð till. um það. En um leið og það er gert, þá er og notað tækifærið til að lækka laun í öðru læknishéraði, sem hefir verið stækkað og má því færast yfir í lægri launaflokk. Geri ég ráð fyrir, að „forstandsmenn" hv. deildar kunni þessu vel, þar sem með því móti fæst nokkuð upp í þann aukna kostnað, sem leiðir af stofnun hins nýja héraðs. Af því, hve nú er orðið áliðið þingtímans, verður frv. þessu varla fram komið nema með því að veitt verði allvíðtæk afbrigði frá þingsköpum. Vona ég, að ekki verði haft á móti því, hvorki af hæstv. forseta né hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 698).
Á 78. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum (14) atkv.

Halldór Steinsson: Ég vil aðeins leggja það til, að þetta mál gangi áfram nefndarlaust, bæði vegna þess, að liðið er á þingið og málið er svo sjálfsagt, að það þarf ekki neina athugun í n. Frv. fer fram á að ákveða laun tveggja lækna. Ákvæði um þetta þurfa að komast inn í gildandi launalög.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 796).

62. Raforkuvirki.

Á 18. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (þmfrv., A. 65).

Á 24. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Þorbergsson): Þetta frv., sem er á þskj. 65, er borið fram af okkur hv. þm. Ísaf. og hefir legið fyrir tveim síðastl. þingum, en ekki hlotið samþykki þingsins. Nú er frv. enn borið fram nokkuð breytt og aukið, í samráði við og að tilhlutun þriggja manna, þeirra Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, verkfræðings útvarpsins, Gunnl. Briems, og ungs rafmagnsverkfræðings, Jakobs Gíslasonar, sem hefir haft á hendi eftirlit með raforkuvirkjum samkv. ráðstöfun ríkisstj.

Frv. er borið fram vegna þess, að þessir menn líta svo á, að í núg. löggjöf vanti nógu sterkan grundvöll, sem hægt væri að byggja þær ráðstafanir á, sem gera þarf til þess að tryggja nógu sterkt eftirlit með uppsetningu og notkun raftækja í landinu.

Aðalbreyt., sem frv. fer fram á, eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að skapa aðstöðu fyrir sveitar- og bæjarfélög til íhlutunar um raforkuverð, þar sem einstaklingar eða félög hafa fengið leyfi til þess að stofnsetja og starfrækja raforkuver og raforkuveitur til almenningsþarfa. Í öðru lagi að skapa sveitar- og bæjarfélögum aðstöðu til þess að taka í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja og annara hluta raforkuvirkja í umdæmi sínu, þar sem svo stendur á, að sveitar- eða bæjarstjórn hefir sjálf stofnsett raforkuver og starfrækir það. Þýðingarmesta breyt. er sú, að skapa með nákvæmri reglugerð, eins og frv. fer fram á, grundvöll undir varnir gegn tjóni, slysum og truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, sem stafar af ófullkomnum útbúnaði rafmagnstækja. Hætta sú, sem getur stafað af vanhöldum á þessum tækjum, er aðallega þrennskonar. Það er lífshætta fyrir þá menn, sem gæta þeirra, eldsvoðahætta, og svo hinar illræmdu truflanir, sem koma fram við móttöku útvarps og loftskeyta. Þriðja breyt. er sú, að hlutast skuli til um það, að koma á reglubundnu eftirliti með hagnýtingu raforku, til þess aðallega að koma í veg fyrir það tjón og þær truflanir, sem þegar hefir verið minnzt á.

Undanfarin þing hafa ekki séð sér fært að gefa þessu máli gaum, og er það líklega af því, að hv. þm. hafi ekki skilið nauðsyn þessa máls. Ég ætla því að verja nokkrum tíma til þess að gera sem ljósasta grein fyrir þessu nauðsynjamáli.

Á þinginu 1929 kom upp heilmikill áhugi fyrir raforkuveitum utan kaupstaða, og út af umr. um það mál voru gerðar ýmsar ráðstafanir til fyrirgreiðslu þess. Í ársbyrjun 1930 var svo skipuð þriggja manna „raforkumálanefnd“, og voru í

henni vegamálastjóri, rafmagnsstjóri og Jakob Gíslason. Þessi n. skyldi gera till. um raforkuveitur utan kaupstaða, en til þess höfðu verið veittar 15 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1930. N. þessi skilaði bráðabirgðaáliti á þinginu 1930 og lagði til, að ráðh. notaði heimild þá, sem þegar var til í lögum um eftirlit með raforkuveitum utan kaupstaða. Samkv. ósk n. var Jakob Gíslason skipaður af ráðuneytinu til þess að hafa þetta sérstaka eftirlit með höndum, og segir svo í erindisbréfi hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið hefir falið Jakobi Gíslasyni rafmagnsfræðing að safna skýrslum um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja víðsvegar um land. Ennfremur eftirlit með frágangi raforkuvirkja og rekstri, svo og öllum raflögnum, utan húss og innan. Skal því með skírskotun til 5. gr. l. nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki, og til bráðabirgðareglugerðar um eftirlit með raforkuvirkjum frá 18. júní 1930 lagt fyrir alla hlutaðeigendur að veita téðum eftirlitsmanni greiðlega allar upplýsingar í þessum málum, er hann beiðist, svo og hlíta ráðum hans og fyrirskipunum um nauðsynlegar bætur til þess að umbúnaður verði allur öruggur og lögum samkvæmur".

Eins og hv. dm. sjá, er samkv. þessu erindisbréfi ætlazt til þess, að á komist fullkomið eftirlit með raforkuveitunum úti um land, en árangurinn hefir ekki orðið sem skyldi, vegna þess að þingið hefir ekki ennþá lagt fram nægilegt fé til þess að koma máli þessu í gott horf. Samt hefir Jakob Gíslason starfað talsvert að þessu, farið tvær eftirlitsferðir og safnað skýrslum um raforkuveitur úti um land og ástand þeirra, og ætla ég í fáum orðum að skýra frá aðalniðurstöðum hans. Honum telst svo til, að á Íslandi séu 33 raforkuveitur, og helmingur allra landsbúa búi við raforku að meira eða minna leyti. Það ætti að vera nægilegt til þess að sannfæra hv. þdm. um það, hvað þetta er orðinn stór liður í öllu þjóðlífi Íslendinga, sem Alþingi verður að gefa svipaðan gaum hér eins og gert er í öðrum löndum.

Skýrslur og athuganir Jakobs Gíslasonar um þetta mál sýna mjög greinilega, að ástandi raforkuveitna og kunnáttu þeirra manna, sem gæta þeirra, er mjög ábótavant. Flestar rafveitur hér á landi eru litlar og illa stæðar, veita yfirleitt rafmagn eingöngu til lýsingar og víða ónógt. Þær bera sig illa fjárhagslega, og hvorki þær né eigendur raflagna og raftækja geta kostað til vandaðra raforkuvirkja né til kostnaðarsamrar gæzlu og viðhalds á þeim meðan gagnsemi þeirra er svo lítil. En um kunnáttu gæzlumanna farast Jakobi Gíslasyni þannig orð í bréfi til ráðuneytisins, með leyfi hæstv. forseta:

„Stöðvarstjórar gátu eigi sent fullnægjandi skýrslur til rafmagnseftirlitsins, þeir höfðu engar dagbækur haldið í orkuveri og kunnu ekki þá dagbókarfærslu. Flestir þeirra þekktu engar reglur um rafmagnslagningu, og margir þeirra höfðu engan einangrunarmæli eða kunnu alls ekki með það áhald að fara, en án þess er fullnýt gæzla á rafmagnslögnum lítt hugsanleg. Suma rafstöðvarstjóra skorti þekkingu á nauðsynlegustu atriðum rafmagnsfræðinnar, svo sem að þekkja mælieiningar hennar og einföldustu mælingaraðferðir. Loks er þess að geta, að við margar kauptúnaveitur er enginn starfsmaður, sem kann að leita að upptökum truflana á viðtöku útvarps og að deyfa slíkar truflanir, en þær eru nú orðnar slík plága, að ekki verður við unað til lengdar".

Þannig farast Jakobi Gíslasyni orð í þessu bréfi. Og þetta ástand er þannig, að á því verður að ráða bót. Raforkuveitur hafa á síðasta áratug, frá 1920—30, þrefaldazt hér á landi og hestaflatala orkunnar tífaldazt. Með þessum öra vexti og ekki betra ástandi er sýnilegt, að eldsvoðahætta af völdum rafmagns fer mjög vaxandi. Ég skal nú í fáum orðum gefa yfirlit yfir það brunatjón, sem orðið hefir síðustu 10 árin af ófullkomnum umbúnaði raflagna. Frá 1920—1930 hafa 29 brunar orðið út frá raflögnum og 19 frá raftækjum, og tjónið er metið samtals 146477 kr. Ef svo er bætt við brunanum á Ísafirði 1930, sem að öllum líkindum hefir verið af völdum rafmagns, vex upphæðin ekki svo lítið, því að tjónið af þeim eina bruna var metið á 40 þús. kr. Sést af þessu, að brunatjón af þessum orsökum hefir farið sívaxandi. Stafar þetta vitan-

lega mestmegnis af illum umbúnaði og ófullnægjandi eftirliti. Hér er ennþá enginn skóli fyrir raffræðinga. Með lögum frá 1930 um vélstjóraskólann var svo ákveðið, að þar yrði kennd rafmagnsfræði. Þetta hefir þó ekki enn komið til framkvæmda. Var þó farið fram á að fá fé til námskeiðs 1931, en það fékkst ekki. Ef Alþ. vill nú veita nokkurt fé til kennslu í rafmagnsfræðum, er ætlazt til, að kennsla í rafmagnsdeild fari fram í sambandi við vélstjóraskólann.

Ég vil nú í stuttu máli taka fram, hvað helzt skortir á gott lag í þessum efnum. Fyrst og fremst þarf að setja lög og reglur um raforkuver og raftæki. Í öðru lagi þarf að koma á fullkomnara eftirliti en hingað til, og í þriðja lagi að setja á fót rafmagnsdeild við vélstjóraskólann.

Ég vil að lokum minnast lítið eitt á útvarpstruflanirnar, sem svo mjög hefir verið kvartað um. Truflanir þessar stafa af því, að raflagnir og raftæki eru svo gerð, að neistar hrökkva á milli og mynda sveiflur, sem verka á viðtækin í mismunandi fjarlægð eftir styrkleika þeirra. Við Íslendingar, sem búum í mikilli fjarlægð frá sterkum stöðvum, fáum mest að kenna á þessu, og af þessum orsökum þurfum við að ganga lengra en aðrar þjóðir í því að deyfa þessar truflanir.

Kvartanir úr öllum hlutum landsins streyma stöðugt til útvarpsins út af truflunum. 1930 var sett reglugerð, byggð á lögum frá 1929, og veittar 10 þús. kr. til að framkvæma deyfingar. Að tilhlutum útvarpsins voru síðan gerðar ráðstafanir í þessa átt og deyfðar 138 vélar og raftæki hjá 100 mönnum og stofnunum. Þetta var þó hvergi nærri fullnægjandi, af því að vald og eftirlit skorti til að gera fullkomna gangskör að deyfingunum. Það liggur í augum uppi, að þýðingarlítið er að taka tæki manna með valdi og heimta borgun fyrir, meðan ekkert eftirlit er með innflutningi tækja. Úr þessu þarf að bæta með því að sameina þetta eftirlit hinu almenna eftirliti ríkisins með rafmagnstækjum og veita það vald og setja þær reglur, sem nauðsynlegar eru.

Rafmagnsstjóri Rvíkur hefir verið í ráðum um samningu þessa frv. og hefir heitið aðstoð sinni og samvinnu við ríkið til að vinna bug á útvarpstruflunum og stuðla að þessu eftirliti.

Ég vænti þess, að hv. d. veiti máli þessu góðar viðtökur og æski, að því verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 401, 411).

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Meiri hl. allshn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Í því eru ákvæði, sem fyrirskipa nauðsynlegt eftirlit með raforkuvirkjum í landinu, loftnetum og uppsetningu útvarpstækja, til þess að afstýra hættu af raforkutækjum og leiðslum og truflunum við útsendingu loftskeyta og útvarps.

Auk þessa eru ákvæði í 1. gr. frv. um að ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, ef einstakir menn eða félög hafa fengið leyfi til að starfrækja raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstj. samþ. gjaldskrána. Og í 2. gr. er sveitar- og bæjarstjórnum, sem starfrækja raforkuveitu til almenningsþarfa í umdæmi sínu, áskilinn einkaréttur til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum til raforkuvirkja. Með þessu er það tryggt, að verzlun með þessa hluti verði hjá réttum hlutaðeigendum, auk þess sem því mun nú þannig háttað á flestum stöðum, þar sem bæjarfélög reka raforkuveitur.

Minni hl. allshn. hefir ekki skilað neinu nál., en mér er kunnugt um, að hv. 2. þm. Reykv. setti ekki annað fyrir sig í frv. en ákvæðið í b-lið 4. gr., að eigendur orkuvera skuli greiða árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum, 2 kr. af hverju kílóvatti málraun þeirra. Nú hefir hann flutt brtt. um að lækka niður í 1 kr. þetta gjald, sem eigendur raforkuvirkja eiga að greiða. Ég býst við, að af því megi ráða, að hann sé ekki á móti frv. að öðru leyti. Fyrir mitt leyti tel ég þessa brtt. ekki til bóta, og álít óþarft að ákveða gjaldið. Það ætti að fara nokkuð eftir því, hvað eftirlitið reynist dýrt, og

ég tel ekki miklar líkur til, að það verði tekið hærra gjald en ástæða þykir til.

Hv. 1. þm. Rang. mun sérstaklega vera mótfallinn 1. og 2. gr. frv., og mun hann að öðru leyti gera sjálfur grein fyrir afstöðu sinni.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Ég hefi ekki skilað sérstöku nál. um þetta frv. og hefi ekki í höndum öll þau gögn, sem mæla á móti því. Aðeins 1. og 2. gr. þessa frv. voru bornar fram með sömu yfirskrift eða heiti á þingunum 1930 og 1931; síðan hefir komið annað og meira á eftir þessum greinum inn í frv., og er það hv. þm. Dal., sem jafnframt er útvarpsstjóri, er komið hefir síðari greinunum inn í frv. og gert það þannig úr garði, sem það er nú. Nú er það kunnugt, að það eru tvær gagnólíkar ástæður og verkefni, sem vaka fyrir þessum tveimur samherjum, sem flytja frv. Á þingunum 1930 og 1931 var það einungis markmið frv. að ná til prívatfirmna, sem rekin væru af einstökum mönnum, með gjaldskrá, en ákvæði um hana voru þá í 2. gr. frv., og í öðru lagi að heimila sveitar- og bæjarfélögum einkasölu á vissum hlutum, eins og ýmiskonar raforkutækjum, svo sem nú er ákveðið í 2. gr. frv. Þessum greinum út af fyrir sig er ég algerlega mótfallinn og tel það hreinustu vandræði að veita nokkrum hlutdrægum bæjar- og sveitarstjórnum það vald að ákveða leigu af annara eigum. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar bæjar- og sveitarstjórnir fá þetta vald, að ákveða leigu eða gjald fyrir raforku handa sínum borgurum, þá hafa þær þá skyldu að ganga svo nærri eigendum raforkuveitnanna, sem frekast er forsvaranlegt, og jafnvel feti lengra. Hitt, að veita bæjar- og sveitarfélögum leyfi til að taka einkasölu á tækjum og vörum í einhverju augnamiði, er sama og að gefa löggjafarvaldinu færi á að skattleggja verzlun og viðskipti borgaranna. Þetta veldur sífelldum ágreiningi og ófriði innan héraðs og í bæjarfélögum. Og þetta einkasölufyrirkomulag getur leitt til okurs á verði varanna, sem borgurunum verði lítt mögulegt að rísa undir. En þó er ekki víst, að sveitar- eða bæjarfélögin græði á slíku okri, eins og ætlazt mætti til, vegna frámunalegs klaufaskapar í rekstrinum, sem jafnan fylgir einkasölurekstri og verður báðum aðiljum til óheilla, bæjarfélaginu og borgurunum.

Þá er ég kominn að 3. atriðinu í þessu frv., sem ég er sérstaklega mótfallinn, þar sem gert er ráð fyrir, að stofnað verði nýtt embætti, er leiðir af sjálfu sér, að launað verður að mestu úr ríkissjóði. Þó að gert sé ráð fyrir að taka gjöld af eigendum raforkuvera upp í kostnað við eftirlit ríkisins með raforkuvirkjum, þá er það svo lítið, að það fer að mestu til ferðakostnaðar eftirlitsmannsins og annars aukakostnaðar við embættið og þessa starfrækslu, en ekki til þess að greiða árslaun mannsins. Gert er ráð fyrir, að þetta verði hálærður maður, svo að ekki verða tiltök að ætla honum minna en 8000 kr. árslaun, og þá er enn búið að bæta við einu hálaunuðu embætti, sem yrði alveg nýtt. Hinsvegar er mér ekki kunnugt um nauðsyn á þessu eftirliti. Það er vitað, að hér í Rvík er þetta eftirlit gott og öruggt, en mér er ekki kunnugt um, hvernig það er úti um land. (**JónasÞ**: Þar er það ekkert). Að öðru leyti mun ég geyma mér til 3. umr. að gera frekari aths. við frv. Ef hv. flm. leggja mikið kapp á að koma fram 3. og 4. gr. frv., þá má vel vera, að samkomulag gæti orðið um það.

Jónas Þorbergsson: Ég get verið þakklátur hv. meiri hl. allshn. fyrir afgreiðslu hans á þessu máli. Jafnframt skal ég geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 411, að mér er kunnugt um, að hv. 2. þm. Reykv. er í raun og veru hlynntur málinu, að öðru leyti en þessu eina atriði, sem hann hefir hér flutt brtt. um. Ég leitaðist við að gera mér grein fyrir nauðsyn þessa máls í framsöguræðu minni við 1. umr. og álít ekki þörf á að endurtaka það nú. Hv. 1. þm. Rang. hefir að vísu gert grein fyrir nokkrum mótbárum gegn frv., en þær aths. hans snerta aðallega tvær fyrstu greinar þess og efni þeirra, sem vitanlega eru meira áhugamál hv. þm. Ísaf. heldur en mín, og eftirlæt ég honum því að svara þeim kafla í ræðu hv. 1. þm. Rang., eftir því sem honum þykir ástæða til.

Ég skal geta þess til almennrar skýringar á frv., að það er samið og flutt í samráði við Steingrím Jónsson, rafveitu-

stjóra í Rvík, og hv. 2. þm. Reykv. bar sig saman við hann um þá brtt., er hann flytur. Steingrími Jónssyni þótti þar að vísu nokkuð langt gengið í brtt. og taldi það til skemmda, en að öðru leyti voru þeir sammála um frv.

Mér er kunnugt um, að rafvirkjafræðingur útvarpsins hefir mikinn áhuga fyrir því, að þetta frv. verði að lögum, einkum vegna ákvarðana þess um eftirlit með útvarps- og loftskeytatækjum.

Það hafa verið gerðar nokkrar tilraunir og varið talsverðu fé til þess að koma í veg fyrir útvarpstruflanir, en komið hefir í ljós, að það er ekki hægt á fullnægjandi hátt samkv. núg. lagaákvæðum, og verður því að lögskipa fullkomið eftirlit.

Ég skal ennfremur gefa þær upplýsingar, að það hefir orðið að samkomulagi milli útvarpsins og rafmagnsstjórans í Rvík, að hann tæki að sér eftirlit með útvarpstruflunum hér, sem þó aðeins er einn þáttur í eftirlitinu, en getur ekki komið til framkvæmda, nema lögfest verði þau ákvæði, sem felast í þessu frv.

Að því er snertir eina mótbáru hv. 1. þm. Rang., að hér sé um að ræða stofnun nýs embættis, þá vil ég gefa þá skýringu, að það mun að líkindum vera hægt að semja við þann mann, sem þegar hefir embætti á þessu sviði, um að taka þetta að sér; ætti það þá síður að vaxa mönnum í augum. Það er að vísu rétt, að eftirlit með raforkutækjum er allgott hér í Rvík, en úti á landi er það mjög lítið og sumstaðar ekki neitt. Eins og nú er komið, er enn meiri ástæða til þess en áður hefir verið að lagfæra þetta, vegna þess að nú eru fjölbreyttari tæki í sambandi við raforkuverin, og láta eftirlitið á öllu landinu heyra undir stjórn eins manns, á svo ódýran hátt sem unnt er. Þannig er hægt að fá allgóða úrlausn á þessu máli.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði hóflega um þetta mál frá sínu sjónarmiði, og ég get tekið undir það, sem hann gerði kost á, og er tilleiðanlegur að ganga til samvinnu við hann um einhverjar smábreyt., ef þær raska ekki þeim atriðum, sem ég ber mest fyrir brjósti og koma ekki í bága við málið að öðru leyti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 411 samþ. með 14:3 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 523).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 523).

Á 64. og 65. fundi í Ed., 30. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Jón Þorláksson: Ég geri ráð fyrir því, að þetta frv. verði að sjálfsögðu látið fara til n., og vildi ég vekja athygli þeirrar n. á sérstaklega einu atriði.

Með 4. gr. frv. á að lögleiða eftirlit með raforkuvirkjum víðsvegar á landinu. Nú er það svo, að áður er til samkv. lögum eftirlit með öllum vélum á landinu. En þegar á það er litið, að rafmagnið er orðið eins algengt og það er, þar sem það er komið í alla kaupstaði landsins og flest kauptún, þá má nú heita svo, að h. u. b. allt vélaeftirlit sé einmitt eftirlit með vélum, sem ganga fyrir rafmagni. Ég viðurkenni fullkomlega, að það sé þörf að hafa eftirlit með rafmagnstækjum, en mér finnst ekki nema eðlilegt, að sameinuð væru þessi eftirlit, því ef farið væri að setja sérstaka stofnun til þess að hafa eftirlit með rafmagnsmálum, þá mundu í flestum tilfellum verða tvær opinberar stofnanir, sem hefðu eftirlit með sömu tækjunum. Ég vil því skjóta til n. þeirri till., að hún athugi, hvort ekki sé heppilegt að sameina þessi tvö eftirlit, af því að ég álít, að það sé bæði hentug og kostnaðarminni tilhögun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 763).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. felur í sér viðauka og breyt. á fyrri lagaákvæðum um þetta efni. Er því ætlað að ráða bók á þeim göllum, er fram hafa komið í sambandi við raforkuvirki á síðari árum. Það hefir þótt koma fram, að í l. vantaði ákvæði um gerð, uppsetningu, starfrækslu og eftirlit með raforkuvirkjum, svo þau gætu mætt settum skilyrðum um öryggi gegn tjóni og truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um innflutning á slíkum tækjum.
Í nál., þó stutt sé, er gerð grein fyrir helztu nýmælum frv. Þarf ég ekki meiru við það að bæta. Ég vil aðeins f. h. allshn. leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

---

63. Kirkjugarðar.

Á 18. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjugarða (þmfrv., A. 62).

Á 21. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv.; það lá fyrir vetrarþinginu 1931 og var þá samþ. hér í þessari hv. þd. Nú er það flutt samkv. beiðni formanns mþn. í kirkjumálum.
Eins og flestum mun kunnugt, þá eru kirkjugarðar víða illa hirtir og lítt til sóma. Þetta frv. á að ráða bót í þessu efni og tryggja sæmilega umgengni þeirra samkv. ákvæðum, sem þar að lúta. Jafnframt eru í frv. ákvæði um það, að kirkjugarðsstæði séu vel og tryggilega valin frá heilbrigðissjónarmiði, þannig að eigi stafi hætta af þeim. Þá eru í frv. lagðar ýmsar skyldur og kvaðir á sveitarfélög og bæjarfélög umfram það, sem nú hvílir á þeim. Kostnaði og gjöldum vegna kirkjugarða er nú jafnað niður sem nefsköttum á safnaðarmenn. En samkv. ákvæðum þessa frv. eiga sveitar- og bæjarfélög að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði ókeypis, svo og hleðslu- eða steypuefni í girðingu um grafreitinn, en þær kvaðir, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, haldast óbreyttar. Sömuleiðis er sveitar- og bæjarfélögum skylt að leggja veg frá kirkju að kirkjugarði og halda honum akfærum. Ef tekjur kirkjugarðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum, skal sóknarnefndin jafna því, er á vantar, á útsvarsgreiðendur eftir efnum og ástæðum sem hundraðsgjaldi af útsvörum, en eigi sem persónugjöldum. Loks eru í frv. ákvæði um heimagrafreiti o. fl., og stjórninni er ætlað að gefa út reglugerð um kirkjugarða, með nánari ákvæðum og leiðbeiningum um ýms atriði.
Yfirleitt virðist þessu öllu stefnt til bóta frá því, sem nú er, og vona ég, að hv. þd. greiði fyrir frv. þessu. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að vísa því til nefndar; á þinginu í fyrra hafði menntmn. frv. til meðferðar, og nú eru flm. þess allir þar, svo að ég læt hv. þd. um það, hvað hún gerir við frv., og geri enga till. um það.

Halldór Steinsson: Ég geri það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 62, 203, n. 247).

Frsm. (Jón Jónsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu fyrir þessu máli nú, því að við 1. umr. þess hér í deildinni gerði ég grein fyrir þeirri þörf, sem nú er orðin á því að setja lög um þetta efni. Nefndin hefir athugað frv. allrækilega og komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþ. En nm. hafa allir óbundið atkv. um breytingar þær, er fram við það kunna að koma. — Enn sem komið er hefi ég ekki séð nema eina brtt. við það, brtt. á þskj. 203, frá hæstv. dómsmrh. Um hana hafa nm. því að sjálfsögðu óbundin atkv. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri nú.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Brtt. sú, er hv. frsm. minntist á, lýtur að því að gera það ódýrara að hafa heimagrafreiti en gert er ráð fyrir í frv. Eins og kunnugt er, eru margir menn í landinu, sem óska eftir því að fá þessa heimagrafreiti, en samkv. ákvæðum frv. yrðu þeir nokkuð dýrari. Hefi ég því lagt til að færa gjaldið nokkuð niður, en alls ekki að fella það niður með öllu, því ég tel ekki æskilegt, að þeir verði mjög margir, því að það myndi rýra umhyggju fyrir kirkjugörðunum. Eftir því sem jarðir festast meir í eign einstakra ætta, má búast við, að óskum um heimagrafreiti fjölgi; má því ekki gera mönnum ókleift að fá þá. Vænti ég því, að brtt. mín verði samþ.

Einar Árnason: Frv. þetta er stór bálkur, milli 40 og 50 greinar. Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari liggur í því, að ég tel mig ekki hafa, vegna tímaskorts, haft nægileg tök á að gera mér grein fyrir öllum ákvæðum frv. eins og skyldi.

Í frv. eru nokkur fyrirmæli um kirkjugarða og viðhald þeirra, og virðist svo sem sóknarnefndir og hreppsnefndir verði allmjög af þeim bundnar, og ég hefi tekið eftir því, að eftir frv. þessu verður meiri kostnaður við kirkjugarða og greftrun manna en verið hefir áður. Ég held þó, að meiri ástæða hefði verið til þess að gera ráðstafanir í þá átt, að greftranir verði ekki eins kostnaðarsamar eins og þær eru nú orðnar, einkum í sumum kaupstöðunum.

Í 3. gr. frv. er blandað saman verksviði sóknarnefnda og hreppsnefnda að því er snertir þessi mál. Þannig getur sóknarnefnd t. d. gert dýrar ráðstafanir viðvíkjandi kirkjugörðum og látið hreppsfélögin svo borga. Þá geta sóknarnefndir einnig velt af sér innheimtu kirkjugarðsgjaldsins, sem hingað til hefir hvílt á þeim, yfir á herðar innheimtumanna ríkissjóðs í kaupstöðum, en oddvita í sveitum. Hafa oddvitarnir a. m. k. þó nægilega mikla erfiðleika við að stríða með innheimtu hreppsgjalda, þó ekki sé verið að bæta á þá sérstakri innheimtu fyrir sóknarnefndirnar. Þá er og gert ráð fyrir, að sóknarnefndir geti heimtað af sveitarfélögum kostnað við framræslu, vegagerðir o. fl. viðvíkjandi kirkjugörðum. En þetta getur komið mjög órétt niður þar sem einn hreppur er t. d. 2—3 kirkjusóknir. Einn söfnuðurinn getur t. d. lagt í ýmiskonar kostnað við kirkjugarð sinn og dembt honum svo á allan hreppinn í heild sinni, enda þótt hinir söfnuðirnir hafi engu kostað til kirkjugarða sinna eða hafi lokið því áður en lög þessi koma í gildi.

Í 5. gr. er það gert að skyldu að hafa klukku á sáluhliði, ef kirkjugarðurinn liggur ekki við kirkjuna. Við þetta er það fyrst og fremst að athuga, að það getur alltaf verið álitamál, hvenær kirkjugarður liggi í þessari fjarlægð frá kirkju, að ástæða sé til þess að heimta þetta, og í öðru lagi getur þetta bakað söfnuðunum töluverðan kostnað. En klukkuna tel ég hreinan og beinan hégóma.

Þá eru í 15. gr. frv. ákvæði um það, að skógræktarstjórn landsins, sem ekki getur verið annað en skógræktarstjóri, skuli skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða og meðfram gangstígum innan garðs. Þetta álít ég að geti orðið erfitt, ef eftirspurn eftir trjáplöntunum yrði mikil, því ég veit ekki til, að skógræktarstjóri hafi mikið af þeim um-

fram það, sem hann notar árlega. Sama kvöðin er lögð á ræktunarstöðvar, sem styrktar eru af almannafé. Gæti því svo farið, að það yrðu nokkur útgjöld fyrir þær.

Einn kafli frv. fjallar um heimagrafreiti. Hvort það er heppilegt að fjölga þeim mjög mikið, skal ég ekkert um segja, en ég set mig ekki á móti þeim, og úr því á að leyfa þá, tel ég alveg sjálfsagt, að fátækum jafnt sem ríkum sé gert kleift að fá þá, en svo virðist ekki eftir ákvæðum frv.; samkv. þeim eru það aðeins þeir efnameiri, er geta fengið þá, vegna þess hve hátt gjald er lagt á þá eftir frv. Ég býst því við að fylgja brtt. hæstv. dómsmrh. um að lækka gjald til þeirra úr 600 kr. niður í 200 kr.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, lét ég frv. fara frá n. með því að skrifa undir það með fyrirvara, en ég er ekki ennþá endanlega ákveðinn í því, hvort ég get fylgt því út úr deildinni.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég vil segja nokkur orð út af aths. hv. 2. þm. Eyf.

Hv. þm. fannst það óeðlilegt, að sveitar- og bæjarfélög væru skylduð til að greiða kostnaðinn á framkvæmdum vegna kirkjugarðanna. Fæ ég ekki séð, að neitt sé við þetta að athuga, þegar litið er til þess, að fleiri eiga rétt til legs í kirkjugarði en þeir einir, sem í hlutaðeigandi söfnuði eru. Allir íbúar sveitar- og bæjarfélaga eiga jafnan rétt til legs í kirkjugarði, enda þótt þeir séu ekki í söfnuðinum, heldur utansafnaðarmenn, og er því eðlilegt í alla staði, að sveitar- og bæjarfélögum sé gert að greiða þetta, og enda um lítið framlag að ræða, og auk þess í eitt skipti fyrir lengri tíma.

Þá drap hv. þm. á það, að það orkaði tvímælis, samkv. 5. gr. frv., hver ætti að setja klukku í sáluhlið kirkjugarðs, ef til slíks kæmi. Er þetta svo lítið atriði, að varla tekur því að vera að ræða það, en það ætti ekki að verða söfnuðinum dýrt að koma upp slíkri klukku, ekki veglegri en þessar klukkur eru venjulegast.

Hv. þm. þótti of miklar kvaðir lagðar á skógræktarstjórn og ræktunarstöðvar með 15. gr. frv. Sýnist mér það vera sjálfsagt að skylda skógræktarstjórnina til að láta sóknarn. í té ókeypis trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarðanna og kem ekki auga á neitt, sem á móti því gæti mælt, en að því er ræktunarstöðvarnar snertir, þá tekur þetta aðeins til þeirra ræktunarstöðva, sem njóta styrks af opinberu fé, og enda til þess ætlazt, að þær taki gjald fyrir þær blómplöntur, sem þær þannig láta af hendi, og aðeins settar skorður við því, að ræktunarstöðvarnar okri á þessu. Virðist mér þetta vera sanngjarnt í alla staði, og fjarri því, að hér sé um neinar þungbærar kvaðir að ræða. Ég vænti þess því, að hv. d. sjái sér fært að samþ. frv. engu að síður, þar sem ekki hafa komið fram veigameiri aths. við frv., enda hefir hv. 2. þm. Eyf. sjálfum ekki fundizt þessi atriði svo stórvægileg, að hann hafi fundið ástæðu til að bera fram brtt. við frv. í þessa átt.

Út af brtt. hæstv. dómsmrh. vil ég taka það fram, að einstakir nm. hafa óbundin atkv. um hana, en það er þó álit n., að ekki sé ástæða til að hlynna að slíkum heimagrafreitum og að rétt sé að setja svo ströng skilyrði um þá, að sæmileg trygging sé fyrir því, að þeim verði haldið vel við. Þykir mér sú upphæð, sem samkv. till. hæstv. dómsmrh. á að vera til tryggingar fyrir viðhaldi heimagrafreitanna, allt of lág, og sé mér því ekki fært að greiða henni atkv.

Ég hefi svo þessi orð ekki fleiri, og vil aðeins að lokum endurtaka þá ósk mína, að þær aths, sem fram hafa komið við frv., hafi ekki áhrif á framgang málsins, enda eru þær allar veigalitlar, eins og ég hefi lýst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

8.—16. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

17.—19. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

20.—25. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

26.—28. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

29.—32. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

33.—34. gr. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, PH, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, JBald, JónJ, GÓ.

nei: JónÞ, JakM.

MT, PM greiddu ekki atkv.

Brtt. 203 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IP, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GÓ.

nei: JakM, JBald, JónJ, JónÞ, PM, BSn, GL.

35.—37. gr. samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, GÓ.

nei: JakM, JónÞ.

38. gr. samþ. með 8:1 atkv.

39.—43. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 62).

Jón Þorláksson: Ég vildi aðeins gera stuttlega grein fyrir, að ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með þessu frv. út úr deildinni. Og þó skal ég viðurkenna, að ástæða væri til að reyna að gera þær umbætur á því, að það yrði sem aðgengilegast. En satt bezt að segja finnst mér það svo mikið vandaverk að umbæta það í því formi, sem það er, að ég tel það varla fært. Í raun og veru þyrfti að steypa það alveg upp og yrkja upp á nýjan stofn, ef vel ætti að vera. Ég skal fúslega viðurkenna, að frá mínu sjónarmiði séð er fullkomin þörf að endurbæta löggjöf um kirkjugarða, svo að þeim verði sýnd meiri rækt en hingað til. En mér finnst þetta frv. fara inn á skakkar brautir, sérstaklega þó þar, sem mest er fjölmennið. Það byggir á því, að í Reykjavík sé kirkjugarður þjóðkirkjunnar sérstök stofnun, en á öðrum stöðum er heimilað, að utanþjóðkirkjusöfnuðir geti tekið upp sérstaka grafreiti eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Nú er spurningin, þegar talað er um orðið söfnuður, hvort þessi aðgreining mundi eiga við um þjóðkirkjusöfnuðinn og fríkirkjusöfnuðinn í Reykjavík. Það er mér ekki ljóst. Nú eru í frv. lagðar vissar skyldur á sveitar- og bæjarfélög og svo búið um það mál allt, að mér skilst, að verið sé að beina því máli inn á skakka leið. Eins og stendur er kirkjugarðurinn í Reykjavík í höndum ríkissjóðs og dómkirkjunnar, en svo á ekki að halda áfram að vera. Sá eini aðili, sem bær er um að taka að sér þessi mál í svo miklu fjölmenni, er bæjarfélagið. Og ég veit ekki annað en að það sé komið í það horf alstaðar þar, sem fjölmenni hefir safnazt saman, að það sé orðið bæjarstjórnarmál, nema að því leyti er snertir kirkjulegar athafnir, sem auðvitað er kirkjunnar mál eingöngu. A. m. k. að því er snertir kaupstaðina þá ætti að byggja löggjöfina á þessu. Úr hinu verður svo mikill hrærigrautur, að hafa fjármálin og nokkrar skyldur á bæjarstjórninni, en þó aðallega á sóknarnefndinni. Hitt er eðlilegra, að bæjarfélagið beiti sér fyrir þessum málum og eigi kost á því að koma sér upp bálstofum til líkbrennslu, þau sem óska þess.

Fyrir nokkrum árum stóð mikið þref um þetta í Kaupmannahöfn, en nú er svo komið þar, að þetta er orðið algert bæjarstjórnarmál, að því er snertir hina praktisku stjórn slíkra mála, en kirkjulegar athafnir eru eftir sem áður kirkjunnar mál.

Ég sé, að í frv. er gert ráð fyrir, að ef bæjarstjórn óskar að taka að sér fjárhald kirkjugarðs, þá getur ráðherra heimilað það, enda hvíla þá á bæjarstjórn sömu skyldur sem á sóknarnefnd eftir þessum lögum. En þetta verður óskýrt í framkvæmdinni, þó að kannske megi bjargast við það, enda tel ég líklegt, að bæjarstjórnir fari ekki að sækjast eftir þessum þjóðfélagsskyldum, ef þær verða ekki knúðar til þess. En að því er snertir löggjöf kaupstaðanna, þá er hreinna að leggja þetta á herðar bæjarstjórnanna. Ég skal játa, að í sveitum verður viðfangsefnið miklu flóknara, en er þó ekki viss um, að með frv. hafi tekizt að finna heppilega leið. Mér virðist það einskonar sambland af sveitarstjórnarrekstri og sóknarnefndarrekstri. Heppilegra að takmarka þetta nánar, því að víða á landinu hagar svo til, að kirkjusóknir og hreppar falla ekki saman. Ég get nefnt sem dæmi, að í minni fæðingarsveit eru 3 kirkjur í einum og sama hreppi, og þangað á kirkjusókn fólk úr þremur hreppum.

Þó að ég viðurkenni, að mikið hafi verið gert fyrir þetta mál af mþn., þá sé

ég mér samt ekki fært að fylgja málinu út úr deildinni í því formi, sem það er.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég verð að segja, að mér kom á óvart þessi harða gagnrýni nú á síðasta stigi málsins hér, þar sem frv. hefir ekki sætt neinum andmælum að undanförnu. Því hefir líka verið haldið fram, að hér væri um mikla réttarbót að ræða og framför frá því, sem verið hefir, eins og hv. 1. landsk. einnig viðurkennir. Með frv. er stefnt að því, að kirkjugarðar verði eftirleiðis reistir á sæmilegu „plani" og yfir höfuð betur frá öllu gengið kirkjugörðum viðkomandi en tíðkazt hefir. Því er heldur ekki hægt að neita, að útlit kirkjugarðanna hefir verið lítill þjóðarsómi, en með þessu frv., ef að lögum verður, er tryggt, að þeir verði betur hirtir.

Það, sem mér virtist hv. 1. landsk. vaxa aðallega í augum, er það, að hér sé ekki um safnaðarmál að ræða, heldur miklu fremur bæjar- og sveitarmál. En kirkjugarðarnir hafa um langan aldur verið í sambandi við kirkjuna og undir stjórn hennar, og er ekki óeðlilegt, að svo haldi áfram að vera, á meðan meiri hluti landsmanna er í þjóðkirkjunni og jarðarfarir eru látnar fara fram eftir helgisiðum þjóðkirkjunnar. Hitt getur vel verið, að í fjölmenni eins og t. d. í Reykjavík, þar sem fleiri söfnuðir eru, en land undir kirkjugarð af skornum skammti, sé heppilegra, að bæjarfélagið taki að sér þessi mál. Við flm. tókum líka þennan möguleika til athugunar, þegar við ákváðum að flytja frv., og breyttum þessu frá því, sem það hefir staðið í frv. á undanförnum þingum, í þá átt, að við gerðum ráð fyrir, þó að hv. 1. landsk. gengi framhjá því í ræðu sinni, að ef einstök bæjar- og sveitarfélög kynnu að óska eftir að taka þessi mál að sér, þá væri opin leið til þess að þau gætu það. Ég skil ekki annað, ef andúð er gegn því, að bæjarstjórn hafi þessi mál með höndum, en að bæjarstjórn telji sér skylt að beitast fyrir breytingum í því efni og reyni þá eftir beztu getu að ráða bætur á þessum vandkvæðum. Þetta er heimilað í 2. gr. og ekki neinum vandkvæðum bundið að fá því framgengt hvenær sem bæjarstjórn óskar þess.

Ég sé ekki, þrátt fyrir andmæli hv. 1. landsk., ástæðu til að fresta að setja þessa löggjöf, sem ætla má, að ráði mikla bót á því menningarleysi, sem kirkjugarðar landsins hafa verið í að undanförnu. — Annars vil ég benda á, að slæðzt hafa inn í frv. tvær örlitlar villur, sem ég vona, að verði leiðréttar í uppprentun frv. án þess að gerðar verði um það sérstakar brtt. Fyrri villan er í 7. lið 3. gr., þar sem stendur „er getur í 2. gr. og 3. lið"; þarna á að falla burt skammstöfunin „gr." Hin villan er í b-lið 35. gr. Þar stendur „grafreitum", en á að vera: grafreitnum.

Fleira þarf ég ekki að segja, en vonast til, að hv. þdm. hafi ekki skipt svo skapi undir ræðu hv. 1. landsk., að þeir sjái sér ekki fært að greiða atkv. með frv. út úr deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 62).

Á 43. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 65., 67., 71., 73. og 76. fundi í Nd., 2., 4., 10., 12. og 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 62, n. 574).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að engin menningarþjóð sýni legstöðum framliðinna eins litla umhirðu og ræktarsemi og við Íslendingar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvernig hirðing grafreitanna hér á landi er og hvað þeim er víða lítill sómi sýndur. Útlendingar, sem hér ferðast um, telja það einna mest áber-

andi vottinn um hirðuleysi okkar og jafnvel skrælingjahátt. Mþn., sem starfaði að kirkjumálum, var fullkomlega ljóst, að á þessu þarf að ráða bót sem allra fyrst, og það frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt árangurinn af starfi hennar í þá átt. N. sá, að sníða þurfti upp nýja löggjöf um þetta efni, sem a. m. k. væri byrjunarspor í þá átt að ráða bót á þessu ófremdarástandi, en sem væri þó ekki of erfitt fjárhagslega fyrst í stað. Frv. þetta hefir legið fyrir þinginu áður, og nú er það búið að ganga í gegnum hv. Ed. án nokkurra breytinga, svo ég býst ekki við, að þörf sé á að rekja innihald þess nákvæmlega.

Helztu nýmælin, sem í frv. felast, eru þau, sem nú skal greina: Í 2. gr. er svo ákveðið, að kirkjugarðar þjóðkirkjunnar skuli vera sjálfseignarstofnanir, sem hafi sérstakt fjárhald. Það er vitanlega fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sé að koma einhverju skipulagi á hirðingu og eftirlit kirkjugarðanna, að þeim sé séð fyrir sérstöku fjárhaldi, en það hafa þeir yfirleitt ekki haft hingað til.

Ætlazt er til, að kirkjugarðarnir verði undir umsjón sóknarnefndanna eins og verið hefir, nema ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd óskar sérstaklega eftir því, þá eiga þær að geta fengið að taka yfirumsjón með þeim í sinar hendur og skipa yfir þá sérstaka kirkjugarðsstjórn.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um það, hversu bæjar- og sveitarfélögin skuli styðja að því í byrjuninni, að hægt sé að koma betra skipulagi á kirkjugarðana og hirðingu þeirra en verið hefir; t. d. eiga þau að leggja til ókeypis hæfileg garðstæði og efni í girðingar um þau, og yfirleitt að haga þannig til, að sem hægast verði að prýða grafreitina og hirða um þá á allan hátt.

Í 7. og 8. gr. er ákveðið, að skipulagsuppdrættir skuli gerðir fyrir alla nýja kirkjugarða og aðra þá, sem nota má til frambúðar. En það mjög nauðsynlegt, ekki einungis til þess að hægara sé að hirða um þá og smekklegar sé frá þeim gengið, heldur einnig til þess, að hægt sé að vita með vissu, hvar hver hinna framliðnu á legstað. En það er nú á hinni mestu ringulreið, því fljótt fyrnist yfir slíka hluti, ef ekki er til skipulegur uppdráttur af grafreitunum, þar sem merkt er við hvert leiði. Á uppdráttum af eldri kirkjugörðum á að marka fyrir þeim leiðum, sem nýleg eru, og skrásetja, hverjir þar hvíla, eftir því sem bezt verður vitað.

Í 11. gr. er ákvæði um viðhald og hirðingu grafreitanna, og er sóknarnefndunum lagt á herðar að sjá um það. Er þeim veitt heimild til þess að setja fastar reglur um allt fyrirkomulag innan garðsins, um hvernig girðingum kringum leiði er fyrir komið o. s. frv.

Í 15. gr. er það nýmæli, að skógræktarstjórn landsins skuli skylt að láta í té ókeypis trjáplöntur til gróðursetningar í kirkjugörðunum. Það ætti ekki að verða þung kvöð, en gæti orðið til þess að ýta undir, að meira verði gróðursett af trjám í grafreitunum, en fátt er þar til meiri prýði.

Í 16. gr. eru fyrirmæli um það, að ef í einhverju prestakalli er ⅓ hluti eða meira af íbúunum í utanþjóðkirkjusöfnuði, þá skuli sóknarnefndir safnaðanna beggja kjósa sérstaka kirkjugarðsstjórn úr sínum hópi, eftir mannfjölda hvors safnaðarins fyrir sig. Er þetta aðallega miðað við Reykjavík. Virðist það í alla staði eðlilegt, að umhirðu og stjórn grafreitsins sé þannig skipt milli safnaðanna, sem nota hann sameiginlega.

Í 17., 18. og 19. gr. eru fyrirmæli um stofnun legstaðasjóða í sóknunum. Er tilætlunin, að þeir, sem vilja, geti lagt fé í sérstakan sjóð til viðhalds legstöðum ástvina sinna. Eiga slíkir sjóðir að ávaxtast undir stjórn sóknarnefndanna og eftirliti prófasts. Með þessu er stuðlað að því, eftir því sem hægt er, að einnig í framtíðinni verði haldið sæmilega við þeim leiðum, sem menn vilja einhverju fórna fyrir.

Þá eru í 20.—25. gr. ákvæði um niðurlagða kirkjugarða. Skulu þeir friðaðir og lögð meiri rækt við þá en verið hefir, undir umsjón biskups og jafnframt fornmenjavarðar, sem eðlilegt er, að líti eftir slíkum hlutum.

Í 29. gr. og næstu greinum þar á eftir eru ákvæði um, hvernig fjárhag kirkjugarðanna skal hagað. Er nauðsynlegt, að gerð sé fjárhagsáætlun fyrir þá um hver áramót eins og þar er ákveðið. Sóknar-

nefnd á að vera heimilt að taka upp legkaup í sókn sinni, að fengnu samþykki safnaðar og héraðsfundar. En hrökkvi ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum hans, skal jafna því, sem til vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra. Er það eðlilegt, að bæjar- og sveitarfélögin beri byrðarnar af viðhaldi grafreitanna, því það eru sumstaðar allmargir utan safnaðanna, sem þó eiga eftir lögum þessum rétt til legstaðar í grafreitum þeirra.

Um heimagrafreiti eru ákvæði í 33. og 37. gr. N. fannst ekki ástæða til að rýmka um það, að hægt væri að hafa heimagrafreiti, eða ýta undir, að það væri gert meira að því en átt hefir sér stað. Því vitanlega verður það ætið til þess, að kirkjugörðum safnaðanna er minni sómi sýndur, ef margir eru grafnir annarsstaðar, og svo er auk þess hætt við, eins og dæmin sýna víða um land, að heimagrafreitum sé ekki lengi sómi sýndur. Sérstaklega er hætt við, að þeir lendi í óhirðu þegar ábúendaskipti verða á jörðunum og nýjar ættir setjast þar að. Þó fannst n. ekki heldur rétt að reisa algerlega skorður við því, að menn gætu fengið að koma upp heimagrafreitum, en setti hins vegar ákvæði um það, að hver, sem það vill gera, verði að leggja fé í sjóð reitnum til viðhalds um leið og hann fær leyfi til að koma honum upp. Jafnframt eru heimagrafreitir settir undir eftirlit prófasts og yfirumsjón biskups, eins og aðrir grafreitir.

Að lokum eru svo nokkur niðurlagsákvæði, m. a. um, að setja megi reglugerð um allt nánara fyrirkomulag, eftir því sem reynslan sýnir, að heppilegast muni verða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að hv. d. hjálpi til þess, að frv. fái fljóta og góða afgreiðslu.

Vilmundur Jónsson: Ég held, að hér sé gott frv. á ferð, eða a. m. k. mörg ákvæði þess. En ég stóð þó einkum upp til þess að vekja athygli á því, að með þessu frv. og ræðu hv. frsm. er stigið spor til móts við mig á þeirri braut að draga ýms veraldleg mál undan kirkjunni. Hér á að taka kirkjugarðana undan valdi sóknarnefnda, og það er spor í þá réttu átt, að draga verzlegar athafnir undan kirkjuvaldinu. Þetta er nú gott og blessað. En það mun vera fleira en kirkjugarðarnir, sem er í vanhirðu og fer í handaskolum hjá þessari stofnun. Ég hefi verið að lesa prófarkir af heilbrigðisskýrslum og langar til að lesa hér upp nokkrar aths. og upplýsingar mætra lækna um kirkjuhúsin sjálf í héruðum þeirra.

Héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði segir: „Um sveitakirkjurnar tvær er lítið að segja. Þær munu hafa verið notaðar eitthvað í sumar, en frá því í október hefir aðeins verið messað einu sinni í Leirárkirkju, en aldrei í Saurbæ. Presturinn í Saurbæ situr suður í Reykjavík og hefir ekki sézt í vetur". Þessi læknir getur ekki um, hvernig að kirkjugörðunum er búið. Það getur auðvitað verið í góðu lagi.

Læknirinn í Borgarnesi segir m. a.: „Kirkjur eru nokkuð margar, en smáar í héraði mínu og munu vera lítt notaðar — sumar ekki hitaðar á vetrum, af því að ofn vantar eða þá eldivið; veit ég, að prestar lesa oft ræður yfir heimafólki og nokkrum öðrum af næstu bæjum inni í baðstofu á kirkjustaðnum, þegar kalt er. Kirkjunum þyrfti að **fækka** og flytja þær í samræmi við nýlegar vegagerðir. Viðtækjum útvarps er óðum og fjölga, og býst ég við .... að kirkjuferðir leggist smátt og smátt niður í sveitum".

Læknirinn í Ólafsvík segir m. a.: „Kirkjur eru 6 í héraðinu, flestar óhitaðar og því óvistlegar og miður hollar á vetrum".

Læknirinn á Vopnafirði talar um kirkjugarðana, og þau ummæli koma auðvitað beint við það mál, sem hér liggur fyrir, og sýnir, hvílíkri fádæma vanhirðu kirkjugarðarnir eru í sumstaðar. Hann segir: „Kirkjugarðar eru í hinni megnustu vanhirðu og alveg skipulagslausir. Leiði eru oft ekki hlaðin upp fyrr en eftir mörg ár, afar stór og klunnaleg. Umgengni öll hin hörmulegasta. Allskonar rusl, svo sem visnaðir kransar o. þ. h., liggur um allt. Lítil eða engin rækt sýnd með því að girða leiðin og gróðursetja á þeim blóm eða tré. Blómsturpottum og

krukkum, sem sett eru á leiðin með blómum í, er venjulega stolið".

Í Mýrdalshéraði getur læknirinn þess, að ein kirkja, Skeiðflatarkirkja, hafi verið hresst við, en svo segir hann: „Hinar tvær eru ofnlausar og hrörlegar, önnur svo, að prestur er hættur með öllu að messa í henni á vetrum".

Þetta sýnir, að fleiru er ábótavant en kirkjugörðunum hjá þeirri helgu stofnun, en engu að síður er ég sammála hv. frsm. um, að þetta sé gott mál. Ég lít svo á, að fleira hljóti að fara á eftir, svo að kirkjan verði losuð við allar veraldlegar athafnir. Ætti hún þá á eftir að hafa óbundnari hendur til hinna andlegu starfa.

Steingrímur Steinþórsson: Ég er sammála hv. frsm. um það, að hér sé um nauðsynjamál að ræða. Kirkjugarðarnir eru í hinni megnustu vanhirðu og sjálfsagður menningarvottur að bæta úr því ástandi. En þó vil ég gera nokkrar aths. við einn kafla frv., þann, er ræðir um heimagrafreiti. Um þá eru settar svo strangar reglur, að heita má, að girt sé fyrir, að þeir verði notaðir. Ég álít, að þetta sé alls ekki rétt. Ýmsir óska heimagrafreita til að geyma jarðneskar leifar dáinna ættingja. Ég sé enga ástæðu til að amast við því, eða girða næstum fyrir það, eins og hér er gert.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sá, sem óskar heimagrafreits, greiði 600 kr. í legstaðasjóð kirkjugarðsins, reitnum til viðhalds. Auk þess er lagt á vald ráðuneytisins, að það geti hækkað þessa upphæð ótakmarkað. Þetta nær auðvitað engri átt. Upphæðin er miklu hærri en þörf er á.

Hv. frsm. lýsti þeirri óhirðu, sem er á kirkjugörðunum. Ég þekki hinsvegar ágæta umgengni í heimagrafreitum, enda er eðlilegt, að svo sé. Ættingjarnir líta á þennan reit sem helgan stað, og auk þess er betri aðstaða til að hlúa að heimagrafreit en kirkjugarði. Ég býst við að koma með brtt. um þetta atriði við 3. umr., sem gangi í þá átt, að upphæðin verði lækkuð og að ekki verði lagt á vald ráðuneytisins að geta hækkað hana takmarkalaust. Líka mætti koma þessu svo fyrir, að þeir, sem kæmu sér upp heimagrafreit, veðsettu jörð sína að einhverju leyti fyrir ákveðinni upphæð, er gengi til viðhalds reitnum. Þetta væri í rauninni betra en að leggja fram fé í eitt skipti fyrir öll, enda hefir þessu áður verið hagað svo, að þeir, sem hafa fengið leyfi til að hafa heimagrafreit, hafa veðsett jörð sína að einhverju leyti. Ég vildi gjarnan heyra álit hv. frsm. um það, hvort hann gæti fallizt á þessa breytingu.

Í 37. gr. er gert ráð fyrir, að prófastur hafi eftirlit með grafreitunum. Mér finnst eðlilegast, að sóknarprestur hefði þetta eftirlit. Með því væru mönnum spöruð óþörf útgjöld, því að prófastur tekur laun fyrir skoðun heimagrafreita samkv. verðlagsskrá, og mun það nema um 20 kr. í hvert skipti. Sóknarprestur ætti hinsvegar að geta gert þetta ókeypis sér að meinalausu.

Ég mun við 3. umr. bera fram brtt. við 35. gr. um það, að annaðhvort verði fjárhæðin lækkuð til muna eða menn setji veð í jörð til tryggingar viðhaldi heimagrafreita. Vildi ég heyra, hvort væri líklegra til framgangs.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. þm. Ísaf. þurfti að nota tækifærið til að hnýta í presta og kirkjur, eins og hann þættist ekki hafa náð sér nægilega niðri áður í þeim efnum eða farið halloka á þeim vettvangi. Yfirleitt talaði hann um allt annað en mál það, sem fyrir liggur. Hann talaði einkum um kirkjuhúsin. Ég skal fúslega játa, að umhirða þeirra mætti vera betri. Vil ég skora á hv. þm. sem landlækni að beita sér fyrir því, að hitunartæki verði sett í allar kirkjur, svo að þær verði betri guðshús. Hann las töluvert um lélegt ástand kirknanna upp úr heilbrigðisskýrslum og vildi kenna prestum og sóknarnefndum um. Það er nú svo um alla einstaklinga og stofnanir, að benda má á sitthvað, sem betur mætti fara, og svo mun vera um læknana líka. Hversu sanngjarn skyldi hv. þm. Ísaf. finnast sá dómur um læknisstörf hans, ef einungis væri talað um þá sjúklinga, sem hefðu dáið í höndum hans, en hinna að engu getið, er hann hefir bjargað, þótt þeir hefðu sjálfsagt verið miklu fleiri?

Það á við allar starfsgreinir og einstaklinga, að þegar um þá eru felldir dómar, ber ekki síður að líta á það, sem vel er

gert, en hitt, sem miður fer. Og í þessum efnum má minnast þess, að margir söfnuðir hafa innt fórnfúst sjálfboðastarf af höndum með því að prýða og bæta kirkjur sínar. En um slíkt vildi hv. þm. Ísaf. sem minnst tala, og er hann kom að einni kirkju í skýrslu læknisins í Mýrdal, sem söfnuðurinn hafði gert mjög myndarlega við og sett í miðstöð, gekk hann framhjá henni og vildi fátt um tala. Hér mun þó söfnuðurinn hafa lagt fram 1000 kr. í þessu skyni. Á þetta er ekki minnzt, þótt hið opinbera geri ekkert í þessa átt. Og hvað hefir hið opinbera gert fyrir kirkjugarðana? Lítið eða ekki neitt. Því er undirstrikað í frv., að veitt sé sérstöku fjármagni til þeirra, svo að viðhald og hirða geti orðið sæmileg.

Hv. 1. þm. Skagf. fannst ákvæðin um heimagrafreitina vera of ströng. Ég skal játa, að svo er, og það er beinlínis gert til að takmarka tölu þeirra og til að sjá um, að þeir grafreitir, sem upp verða teknir, séu í góðri hirðu. Vera má, að umgengnin í heimagrafreitum sé góð þar, sem hv. 1. þm. Skagf. þekkir til, en ég veit dæmi þess, að hún er engu betri en í kirkjugörðum, þar sem ættir þær, sem notað hafa grafreitinn, hafa horfið frá jörðinni, og ekkert fé er veitt reitnum til viðhalds og engin skylda um viðhald. Því auðveldara sem mönnum er gert fyrir um heimagrafreiti, því minni sómi myndi kirkjugörðunum vera sýndur. Ég verð því að álíta, að rétt stefna hafi verið tekin upp í þetta frv. gagnvart heimagrafreitunum, enda veit ég það, að svipuð ákvæði hafa verið sett í lög annarsstaðar, þar sem þessi mál eru í beztu lagi.

Ég held, að allir geti verið sammála um það, að ekki sé æskilegt, að heimagrafreitum fjölgi mikið. Ég skil tæpast þá hv. þm., sem leggja áherzlu á að halda við mannamun, eftir að líkaminn er lagður í gröfina. Og auðvitað er sjálfsagt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að tryggt sé, að þeim verði haldið við, þó að ábúendaskipti verði á jörðum. En til þess þarf fé, og til þess höfum við áætlað, að 600 kr. í legstaðasjóð væri hæfilegt. Hvað heimildina til ráðuneytisins áhrærir, ætla ég, að heimildarlögum sé jafnan beitt þannig, að eigi sé neitað um leyfi, ef öll skilyrði eru fyrir hendi. En ef svo er ekki, er ástæða til að setja hömlur.

Kirkjumálanefnd ræddi nokkuð um veðsetningaraðferðina, sem hv. 1. þm. Skagf. drap á, en taldi óheppilegt, að menn gætu þannig lagt kvöð á jörð sína um aldur og æfi, og sé eðlilegra, að þeir leggi sjálfir fram upphæðina, en að binda eftirkomendunum bagga.

Um eftirlitið er það að segja, að sóknarprestar reyna alstaðar að líta eftir heimagrafreitum og kirkjugörðum og hvetja til góðrar umgengni. En við töldum betra að hafa eftirlitið þriðja til fjórða hvert ár. Það getur orðið til að hjálpa prestinum til að fá umbætur, ef von er á prófasti. Í þessu er fólgið aðhald eins og í visitaziuferðum um kirkjur og kirkjugarða. Prestar geta haft misjafna getu til að koma umbótum fram, en prófasturinn venjulega vinsæll og laginn á að miðla málum.

Steingrímur Steinþórsson: Það er allmikill meiningarmunur á milli mín og hv. frsm. í þessu máli. Hann vill gera allt, sem hægt er, til að hindra, að heimagrafreitum fjölgi. En ef menn óska að geyma jarðneskar leifar ættingja sinna heima hjá sér, sé ég enga ástæðu til að neita þeim um það.

Hv. þm. sagði, að það myndi spilla fyrir ræktarsemi við kirkjugarðana, ef heimagrafreitum fjölgaði. En ég sé ekki, hvernig það má verða, þar sem eigendum heimagrafreita er ætlað að greiða full gjöld til kirkjugarða. Þeir verða því að taka á sig þá skyldu að greiða tvöföld gjöld. Ég álít þetta ósanngjarnt, en mun þó ekki bera fram till. um að breyta því. Ég held, að þetta ákvæði út af fyrir sig sé næg trygging fyrir því, að menn stofni ekki til heimagrafreita, nema áhugi og vilji sé til góðs viðhalds. Hitt er rétt, að ábúendaskipti geta orðið á jörð og að reitunum verði þá ekki haldið við. Því þarf sjóður að vera til í því skyni. En 600 kr. er allt of há upphæð. Eftir 14—15 ár verður hún orðin 1200 kr., því að ekkert viðhald þarf fyrstu árin. Eftir 30 ár verður þetta orðin há upphæð. Ég ætla, að 200 kr. verði alveg nóg. Ég get ekki fallizt á skoðanir hv. frsm. um að takmarka tölu heimagrafreita og mun ég því bera

fram tillögu til lækkunar á upphæðinni.

Um eftirlit prófasta lét hv. frsm. í ljós, að það væri formsatriði, en þá á líka að vera óþarft að greiða sérstakt gjald fyrir. Og það er allmiklu þyngra fyrir stór heimili að þurfa að greiða slíkt gjald til prófastsins en að greiða þau til sinnar eigin kirkju. En þetta er í mínum augum miklu minna virði en hitt, og sé ég ekki ástæðu til að fara út í neina kappræðu um þetta.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það er aðeins örstutt aths. út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði. Það er um það, að hann geti ekki skilið, að kirkjugörðunum yrði verr viðhaldið eða minni sómi sýndur, þótt heimagrafreitir yrðu upp teknir í stórum stíl, þar sem þeir, sem heimagrafreitina hafa, verða að greiða öll gjöld til kirkjugarða sókna sinna eftir sem áður. En í því sést honum yfir það, að það er ekki lítilsvert atriði fyrir hirðu og viðhald kirkjugarðanna, að sóknarmenn eigi þar látna ástvini sína og hafi því til að bera þá ræktarsemi til garðanna, sem að því leiðir. Hygg ég, að slíkt sé ekki minna um vert en gjöld þau, er þeir eru skyldaðir til að greiða í þessu skyni.

Ég álít, að það sé ekki lítils um það vert, að sóknarmenn sjálfir láti sig það skipta, hverju fram fer um kirkjugarða og hvernig um þá er hugsað. En ég lít svo á, að það verði til að draga úr áhuga sóknarmannanna fyrir þessu, ef heimagrafreitir eru almennt teknir upp í sóknninni. Og það var einmitt með það fyrir augum, að ég og fleiri álitu, að það bæri að reisa skorður við því, að heimagrafreitir væru teknir upp í stórum stíl. Og mér er kunnugt um, að í löndum annarsstaðar þykir það sjálfsagt, að reynt sé að stemma stigu fyrir, að svo verði að miklum mun. Ég hygg líka, að upphæð sú, sem hér er um að ræða, 600 krónur, sem á að leggja í sjóð til þess, að hægt sé að hafa eftirlit með og hirðu á heimagrafreit, sé ekki of há í flestum tilfellum. Því það er vitanlegt, að viðhald og hirða á heimagrafreit, ef hún á að vera sæmileg, hlýtur að kosta nokkuð, og rentur af 600 krónum, sem verja má árlega til þessa, er ekki stór upphæð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—43. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 62, 777).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 777. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Á þskj. 777 liggja fyrir brtt. frá hv. 1. þm. Skagf. og mér, en þar sem hann er ekki mættur á fundinum, leyfi ég mér að fylgja brtt. úr hlaði með nokkrum orðum.

Brtt. lúta allar að fyrirmælum frv. um heimagrafreiti. En þar sem skilyrðin eru tekin fram í frv. fyrir þá, sem slíka grafreiti nota, virðist okkur flm. óeðlilega þröngvað kostum þeirra manna og að því stefnt að aftra þeim frá að taka upp slíka reiti.

Frv. gerir ráð fyrir því, að hver, sem slíkan reit byggir, hafi um hann vandaða girðingu. En svo hefir jafnan tíðkazt og það skilyrði sett af kirkjustjórninni. Annað skilyrði kirkjustjórnarinnar hefir jafnan verið, að líkklukka væri á staðnum. Þetta hefir ekki verið tekið upp í frv. og við heldur ekki krafizt þess.

Í frv. er áskilið framlag, 600 kr., til viðhalds grafreitnum. Það finnst okkur óeðlilega hátt. Þegar girtur er slíkur reitur, sem ekki er stærri en 60—80 ferm., þá er augljóst, að vextir af 600 kr. stofnsjóði eru óþarflega miklir til að halda við girðingunni, því að vönduð girðing fyrnist ekki svo fljótt. Leggjum við til, að upphæð þessi færist niður í 150 kr., og er það lágmark.

Einnig er till. um, að dregið sé úr c-lið 35. gr., um gjaldskyldu þeirra, sem grafreitina eiga, til sóknarkirkju. Okkur þykir rétt, að grafreitaeigendur séu undanþegnir því að greiða legkaup til sóknarkirkju, en verði hinsvegar gert að greiða hundraðsgjald, eins og öðrum sóknarbúum, af aukaútsvörum.

Af því að umorðun 35. gr. eftir till. okkar gerir 36. gr. óþarfa, leggjum við til, að hún falli niður.

Ennfremur leggjum við til, að lítilsháttar breyt. verði gerð á 37. gr. Við viljum leggja eftirlitsskyldu með heimagrafreitum á herðar prófasta, án þess að lögfesta fyrirmæli um sérstakt gjald fyrir það eftirlit. Þetta hefir verið svo í framkvæmdinni, að prófastar hafa talið það embættisskyldu sína að líta eftir þessum reitum og ekki, svo ég viti, heimtað gjald fram yfir lögákveðin visitaziulaun. Þetta er ekki svo mikið starf, að tryggja þurfi próföstum laun þess vegna, og þó að litið verði eftir reitunum 4.—5. hvert ár í sveitum, er próföstum ekki nauðsynlegt að hafa fyrir það lögboðin laun. Að vísu hefir mér verið skýrt frá því, að einhversstaðar hafi komið fyrir, að heimtað var hjá eiganda slíks grafreits jafnvel hærra gjald af prófasti en nemur venjulegri kirkjuvitjun. En óþarft virðist að gefa þar undir fótinn með lagafyrirmælum.

Ég þarf ekki að taka fleira fram um þessar brtt. og þykist mega vænta þess, eftir því sem orð féllu um þetta við 2. umr., að þeim verði vel tekið, enda lúta þær að því að lögfesta venjur, sem gilt hafa undanfarið og skapazt hafa eins og óskráð lög að mestu leyti.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. annar flm. brtt. þeirra, sem fyrir liggja, endaði mál sitt með því að vonast til, að hv. deild samþ. brtt., því að þar væri ekki verið að gera annað en að lögfesta venjur, sem gilt hefðu langa stund um meðferð heimagrafreita, og virðist mér hann með því sé að beina til hv. þdm., að ekki sé vert að leggja inn á nýjar brautir í þessu efni. En ég hygg ekki, að þær venjur, sem gilt hafa um meðferð kirkjugarða, hafi reynzt svo vel né heimagrafreitir verið í því ástandi, að ekki megi um bæta. Og ég get sannfært hv. 1. þm. S.-M. um, að með frv. er verið að reyna að færa í lag það, sem ábótavant hefir verið að undanförnu. Það, sem vakti fyrir okkur, er um frv. höfum fjallað, var það, að nýmælin, sem sett eru um heimagrafreiti, mundu geta umbætt alla meðferð þeirra, svo að þeir verði ekki framvegis til slíkrar vanvirðu og að undanförnu.

Hv. 1. þm. S.-M. fannst einkum óeðlilega hörð ákvæði þau, sem sett eru að skilyrði fyrir því að taka upp heimagrafreiti og taldi, að í flestum tilfellum mundi reyndin verða sú, að menn hættu við að taka þá upp. Ég hefi tekið það fram áður, að æskilegt væri að hafa ákvæðin þannig, að þau ýttu ekki undir menn að byggja grafreiti á jörðum sínum. Og ég held, að brtt. þær, sem fyrir liggja á þskj. 777, verði ekki til að bæta um í því efni.

Ég ætla þá að snúa mér að brtt. og taka þær í þeirri röð, sem þær eru. Fyrsta brtt. er við 34. gr. Þar er sú breyt. gerð, að í stað þess, að beiðni um heimagrafreit fylgi vottorð héraðslæknis komi: „vottorð hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um það, að staður sé vel valinn". Nú er langt frá, að ég beri vantraust til hreppstjóranna, þó að ég haldi fram, að þessi breyt. sé sízt til bóta. En ég vil benda á, hvað athuga þarf þegar grafreitur er tekinn upp. Það er ekki fyrst og fremst, að staðurinn liggi fallega, heldur er mesta nauðsynin að gæta þess vandlega, hvort ekki geti stafað hætta af honum fyrir heilbrigði manna, og um það er hreppstjórinn ekki bærari að dæma en hver annar. En þá er staðurinn sérstaklega vel valinn, ef gætt er allra heilbrigðisreglna og hreinlætis og öll smitunarhætta útilokuð, en til að dæma um það verður maður að álíta, að héraðslæknir sé sjálfkjörinn. Ég vona því, að hv. þdm. fallist aldrei á þessa brtt. og láti 34. gr. óbreytta standa.

Þá er næsta brtt., við 35. gr., um að gera vægari skilyrðin um viðhald heimagrafreita og mönnum hægara fyrir um upptöku þeirra. Báðar þessar breyt. tel ég til skemmda, og 150 kr. stofnsjóður er hvergi nærri fullnægjandi til að tryggja sómasamlegt viðhald grafreits í umsjón vandalausra manna. Ég hygg, að veiti alls ekki af þeirri upphæð, sem er gert ráð fyrir í frv. sjálfu.

Þá minntist hv. 1. þm. S.-M. á b-lið 2 brtt., um að eigendur heimagrafreita greiði hundraðsgjald í kirkjugarðssjóð í stað legkaups til sóknarkirkju. Það liggur nú í hlutarins eðli, að þeir, sem heimagrafreit eiga, greiði ekki legkaup. **(SvÓ:** Það hefir verið svo). Nei, því að legkaup er greitt um leið og legstaður er

fenginn. (SvÓ: Þetta er þó gert). Það getur alls ekki verið.

Þá leggja þeir til, að 36. gr. verði felld niður úr frv. En ég skil ekki, hvaða ástæða er til þess að krefjast ekki hins sama eftirlits með heimagrafreitum eins og kirkjugörðum. Þeir, sem stofnað hafa til heimagrafreita á jörðum sínum, og ættingjar þeirra geta vitanlega fallið frá, og þá taka vandalausir við. Þá get ég ekki séð, að það sé þýðingarlaust að hafa eftirlit með því, hvernig hinir nýju ábúendur rækja skyldur sínar um að halda vel við grafreitunum. (SvÓ: Það er fyrir því séð með brtt. okkar). Nei, það er ekki séð fyrir því. Í brtt. er aðeins talað um, að lögð verði hæfileg upphæð í legstaðasjóð sóknarinnar til viðhalds heimagrafreitnum, og er lágmark hennar mikið lækkað frá því, sem er í frv.; að öðru leyti má hver og einn ráða, hve mikið hann leggur fram til viðhaldsins. En á eftirlitsskyldu ábúanda með grafreitnum er ekki minnzt.

Um ferðakostnað og daglaun til prófasts fyrir að líta eftir því, að heimagrafreitum sé vel við haldið, er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til að fella það niður. Ég hygg, að það sé ósanngjarnt að leggja þá skyldu á prófast að annast eftirlitið án þess að hann fái nokkra þóknun fyrir það. Annars er það ekkert aðalatriði fyrir mér, að öðru leyti en því, að ég hygg, að það tryggi betur eftirlitið, ef þóknun er greidd fyrir það, því að prófastur getur haft nokkur útgjöld af slíkum ferðalögum. (LH: Ég álít, að það eigi ekki að stofna til þess kostnaðar). Jú, ég hygg, að eftirlitsstarf prófasta sé nauðsynlegt; eftirlit þeirra um viðhald kirkna og grafreita hefir komið að miklu liði, jafnvel þar, sem sóknarprestar hafa verið áhugasamir um þau mál.

Sveinn Ólafsson: Ég get látið mér í léttu rúmi liggja þau mótmæli, sem fram hafa komið gegn brtt. okkar hv. 1. þm. Skagf. Þó þykir mér ástæða til að leiðrétta ýmislegt í ræðu hv. 2. þm. Rang.

Hann lét orð falla á þá leið, að heimagrafreitir einstakra manna mundu ekki þannig hirtir, að vanþörf væri á opinberu eftirliti með þeim. Ég þekki nokkra af þessum grafreitum og hefi einn á heimili mínu, sem að vísu er gamall kirkjugarður. Þessir grafreitir allir líta vel út og eru betur hirtir og meira skreyttir en flestir kirkjugarðar, sem ég hefi séð. Slíkt er líka ofur skiljanlegt, þar sem eigendur jarðanna eru vandamenn hinna látnu, sem í grafreitunum hvíla, og er eigendum tíðast metnaðarmál að halda reitunum vel við og láta sér því annt um að prýða þá. Ég vil ekki tefja tímann á því að lýsa þessu nánar, en gæti nefnt 5—6 heimagrafreiti, sem allir eru langtum fremri og prýðilegri að öllu útliti en flestir sóknakirkjugarðar.

Hv. 2. þm. Rang. fannst brtt. við 34. gr. að því leyti athugaverð, að þegar velja skal stað fyrir grafreit, þá er ætlazt til, að leyfisbeiðninni fylgi vottorð hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um, að staður sé vel valinn, í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir umsögn eða vottorði læknis. Þetta taldi hv. þm. ekki hættulaust. Flestum grafreitum mun hafa verið valinn staður hér á landi án þess að læknar hafi verið til þess kvaddir, enda held ég, að læknar séu ekkert færari til þess en aðrir. Allir skynbærir menn vita það, að grafreitir mega ekki vera nálægt vatnsbólum, og almennt virðist goldinn varhugi við því, að velja þeim slíka staði, en læknar hafa ekki betri skilyrði en staðkunnugir menn aðrir til þess að segja fyrir um annarskonar hættur af grafreitum. Hitt er víst, að ef kveðja þarf lækni til þess að velja grafreitum staði, þá eykur það oft kostnaðinn að miklum mun, og lýtur það, eins og fleira í frv., að því að torvelda framkvæmdir fyrir þá menn, sem vilja koma upp heimagrafreitum. (SvbH: Fylgir ekki kostnaður því að láta hreppstjóra skoða slíka staði?). Enginn kostnaður þarf að vera því samfara; hreppstjórar eru venjulega á næstu grösum og auðvelt að ná til þeirra. Og þótt hreppstjóri hafi ekki sérstök skilyrði til þess að velja slíka staði fremur en aðrir skynbærir menn, þá nýtur hann að jafnaði almenns trausts í byggðarlaginu, og mundi því meiru skipta að fá álit hans og vottorð um staðinn en einhvers óvalins manns.

Að upphæð sú, sem hlutaðeigendum er ætlað að leggja fram til viðhalds heima-

grafreitum samkv. till. okkar, sé of lág, hygg ég á misskilningi byggt. Gera má ráð fyrir, að þessi upphæð, 150 kr., gefi 8—10 kr. í vexti árlega, og virðist það nóg til þess að halda við girðingu um 50—60 m² reit, og jafnvel girðingu um þó að um 100 m² væri að ræða. Ég þekki einmitt viðhaldssjóði, sem eru ekki stærri eða aðeins lítið eitt stærri en þetta.

Að því er snertir laun fyrir eftirlit prófasts með heimagrafreitum, þá hefi ég áður tekið það fram, að ég álít með öllu óþarft að ætla honum sérstök ómakslaun vegna þess eftirlits, enda þótt hann þyrfti að leggja lykkju á leið sína einstöku sinnum til þess að líta á grafreit. Víðast mundu þeir staðir vera nærri leið prófasts þegar hann visiterar kirkjur, og skiptir þá ekki miklu fyrir hann, þótt hann komi við á slíkum stöðum. Yfirleitt má gera ráð fyrir því, að heimagrafreitir verði vel hirtir og líti vel út, af því að það er bæði metnaðarmál og tilfinningamál fyrir eigendur.

Hv. 2. þm. Rang. taldi óþarft að fella 36. gr. Hann hefir þá ekki tekið eftir því, að fyrirmæli hennar um eftirlitið eru tekin upp í 2. brtt. okkar á þskj. 777, við 35. gr. frv. Þar er líka gert ráð fyrir því, að stofnandi grafreits geri með skipulagsskrá aðra skipun um eftirlit og viðhald en þá almennu. Þegar skyldur eru lagðar á einstaklinga og sérstök stjórnarvöld með skipulagsskrá, þá virðist óþarft að bæta við dýru eftirliti, með því að greiða próföstum sérstakt kaup fyrir að líta eftir grafreitum á ferðum þeirra.

Lárus Helgason: Ég vildi aðeins segja fáein orð um brtt. á þskj. 777. Mér skildist, að hv. 2. þm. Rang. væri þeim yfirleitt andvigur, og taldi hann ekki ástæðu til að ýta undir menn til þess að koma upp heimagrafreitum. Ég er algerlega á annari skoðun og álít ekki rétt að gera einstökum mönnum erfitt fyrir um það. Eins og kunnugt er, þá búa menn vítt og dreift um landið, og frá ýmsum bæjum er langt á kirkjustað, og ég tel enga nauðsyn til þess að rígbinda það, að lík séu flutt langa leið til grafar, hvernig sem færð og veður eru. Ég held það sé alveg rétt að gefa þeim, sem vilja, kost á að koma á hjá sér heimagrafreitum án afarkosta. Og mér finnst það ákvæði frv. að ætla einstökum mönnum að greiða 600 kr. í sjóð, auk alls kostnaðar við að koma upp grafreitnum, óhæfilega miklar og óþarfar hömlur. Ég sé ekki betur en að það sé alveg rétt hjá hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Skagf., að 150 kr. framlag sé nóg til viðhalds grafreitnum til að byrja með. Þó það kunni að koma fyrir, að hlutaðeigandi jörð fari í eyði eftir nokkurt árabil frá því að þar var settur grafreitur, eða að þeir, sem á jörðinni búa, hirði ekki um að nota hann, þá hygg ég, að það sé ekki mikill skaði skeður, þó að viðhaldið verði lítið. Þegar kirkjur eru fluttar, hefir lítið verið hirt um grafreiti á þeim stöðum, þar sem þær eru lagðar niður. Árið 1899 var kirkja flutt frá Prestsbakka að Kirkjubæjarklaustri, og ég veit ekki til, að þar hafi verið haldið við grafreitnum né sléttað yfir hann. Ég tel því óþarft, að löggjöfin sé að setja sérstaklega ströng skilyrði um viðhald á heimagrafreitum, og að verið sé að straffa menn fyrir að flytja ekki lík til kirkjugarða. Ég held, að það fari eins vel á því, að hreppstjóri eða 2 skilríkir menn gefi vottorð um val á grafreitnum, og að það geti fleiri gert en prófastar og læknar, því að vitanlega hafa þeir ekki betur vit á því eða meiri skilyrði en aðrir til þess að velja slíka staði, og ekkert sérstaklega um það lesið. Ég lít svo á, að það hafi ekkert að þýða að sækja prófast eða lækni langa leið til þeirra hluta. Það er alveg rétt hjá hv 1. þm. S.-M., að það þarf ekki að valda neinum kostnaði, þó að hreppstjóri eða 2 skilríkir menn innansveitar skoði þá staði, sem valdir verða fyrir heimagrafreiti.

Ég vil svo aðeins mæla með því, að hv. þd. fallist á þessar brtt., því að ég álít þær vera mjög til bóta.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Þeir tveir hv. þm., sem talað hafa nú síðast. leggja áherzlu á, að 1. brtt. á þskj. 777 verði samþ. Þeir lofa mjög hreppstjórana, og eru sennilega báðir hreppstjórar, hvor í sinni sveit. (LH: Það er ég ekki). Sé það svo, að allir hreppstjórar, sem eiga sæti hér í þd., leggi mikla áherzlu á þann vegsauka, sem þeim er ætlaður samkv. brtt., þá þýðir víst ekki að eyða tíma til

þess að tala á móti þeim, því að þeir eru hér svo margir. En ég hygg, að það sé ekkert last um hreppstjórana eða vantraust á þeim, þó að ég haldi því fram, að ég treysti héraðslæknum betur til þess að velja staði fyrir grafreiti, t. d. frá sjónarmiði heilbrigðismála. Læt ég svo þá hv. þdm., sem ekki eru sjálfir hreppstjórar, um að ákveða, hvort heppilegra er í þessu efni, að læknir eða hreppstjóri gefi vottorð um þessa staði. Ég sé ekki, að meiri kostnaður þurfi að fylgja því, þó að læknir líti á þessa staði fremur en hreppstjóri, því að læknar eiga svo oft ferðir um héruð sín í embættiserindum.

Ég sé ekki ástæðu til, að þingið amist við því, að prófastar fái þóknun fyrir eftirlit með grafreitum, a. m. k. sem nemur ferðakostnaði, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það.

Ég er algerlega ósammála hv. þm. V.-Sk. um, að grafreitir eigi að vera sem víðast um sveitir landsins, af því að ég veit, að þeir verða þá í meiri óhirðu, því fleiri sem þeir eru, og sú vanhirða hefir verið nóg áður. Það er vitanlega rétt hjá honum, að landrýmið er nægilegt til þess, en það skiptir ekki mestu máli, heldur hitt, að skipulagið á grafreitunum og meðferð þeirra geti batnað, svo að það verði þjóðinni ekki til jafnmikillar smánar og verið hefir.

Það er ekki rétt hjá hv. þm., þegar hann er að bera saman meðferð á heimagrafreitum og kirkjugörðum, að vitna til þess, þar sem hirðing á heimagrafreitum er ágætust, en hinsvegar þar, sem leifar gamalla kirkjugarða hafa verið herfilega vanræktar; slíkt er ósambærilegt. Vanhirða á gömlum kirkjugörðum ber aðeins vott um menningarsnið þjóðarinnar og galla, sem þessum lögum er ætlað að bæta úr, og vitanlega er hún okkur til viðvörunar, en ekki eftirbreytni, eins og hv. þm. vildi vera láta. Ég hygg, að það sé hvergi önnur eins vanhirða á kirkjugörðum og hér á landi, svo að ég treysti því, að hv. þdm. sjái, hversu mikil þörf er að bæta um í því efni, og láti það ekki róa í sama farinu og áður. Ég vænti því, að þeir hv. þdm., sem ekki vilja leyfa sömu óregluna og áður hefir ríkt, felli þessar brtt. Ég hygg, að sé búið að koma greinilega í ljós, að þær venjur, sem gilt hafa í þessum efnum, eru gersamlega óhafandi.

ATKVGR.

Brtt. 777,1 samþ. með 12:4 atkv.
— 777,2.a samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BKr, EA, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvÓ, VJ, JörB.
nei: ÞorlJ, JÓl, SvbH.
BJ greiddi ekki atkv.
Átta þm. (ÁÁ, BÁ, HG, HV, JJós, MJ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.
Brtt. 777,2.b samþ. með 13:4 atkv.
— 777,3 samþ. með 14:2 atkv.
— 777,4 samþ. með 14:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 783).

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PH, PM, BSn, GL, JBald, JónJ, GÓ.
nei: JónÞ, MT, EÁrna, HSteins, IP, JakM.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 798).

---

64. Útflutningur á nýjum fiski.

Á 47. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski (þmfrv., A. 364).

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Á sumarþinginu í fyrra voru samþ. l., sem heimiluðu stj. ýmsar ráðstafanir vegna útflutnings á nýjum fiski, og var í þeim l. ákveðið að endurskoða þau á næsta reglulegu Alþingi. Samkv. þessum l. hefir ísfiskflutningi verið haldið uppi frá Austurlandi, Vesturlandi og að nokkru leyti frá Suðurlandi, og eru skýrslur til um þetta, sem lagðar hafa verið fyrir hv. sjútvn.

Við flm., hv. 1. þm. S.-M. og ég, viljum með frv. benda á, hverju þarf að breyta í l. frá í fyrra. Sé ég enga ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vænti, að málið fái að ganga áfram til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 629, 630).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Enn þá er lítil reynsla fengin um framkvæmd laga þeirra, sem sett voru á þinginu síðasta um útflutning og sölu ísfiskjar. En þar, sem þessar tilraunir hafa gefið beztan árangur, sýna þær ótvírætt, að með slíkri aðferð við útflutning fiskjar frá smábátunum er hægt að gera sjávarútveginum ómetanlegt gagn. Þessar tilraunir, sem hófust síðastl. haust, eru vitanlega á byrjunarstigi enn, og hafa tekizt misjafnlega, en þó yfirleitt heldur vel. Að árangur tilraunanna hefir sumstaðar orðið lakari en búizt var við, stafar eingöngu af ónógum undirbúningi eða ókunnugleika á þessari meðferð fiskjar, enda var ekki byrjað fyrr en svo seint í fyrrahaust, að ekki var hægt að koma við nægum viðbúnaði. Aðaltilraunin var gerð á Austurlandi, af Fisksölusamlagi Austurlands, með tveim skipum, sem ríkisstjórnin leigði, og má af henni nokkuð marka um þessa starfsemi yfirleitt. Mér þykir rétt að taka upp úr skýrslum sambandsins nokkrar tölur til skýringar.

Alls voru 12070 kassar sendir út á vegum sambandsins, og seldust þeir fyrir 194920 kr., eða hver kassi á 16,10 kr. Þessi sala verður að teljast góð, sé hún borin saman við verð fiskjar hér á landi, hvort sem er nýr eða saltaður. Eins og kunnugt er, er ísfiskurinn aðeins slægður og kældur, og er því verkunin alls ekki sambærileg við saltfiskverkun. Þetta fiskmagn, sem þarna var selt, samsvarar sem næst 1440—50 skippundum af fullverkuðum saltfiski. Eftir verði á fiski síðastl. haust — en þetta voru fremur ódýrar fisktegundir, þyrsklingur, ýsa og dálítið af steinbít — mundu þessar fiskbirgðir hafa selzt á 86880 kr. komnar á skipsfjöl. En frá þeirri upphæð verður að draga salt og verkunarlaun, umbúðir, útflutningsgjald og fleira, sem alls mundi nema um 18000 kr. Mundi því hið hreina söluverð hafa numið sem næst 69 þús. kr. Hinsvegar má með mjög sennilegri áætlun gera verkunar- og sendingarkostnað við ísfiskinn með sölulaunum, umbúðum og útflutningsgjaldi 85 þús. kr., og mundi þá eftir vera af söluverðinu (194920 kr.) um 110 þús. kr., eða fullkomlega ⅓ meira en fengizt hefði með því mótinu að fullverka fiskinn.

Þó að þessar tölur séu fáar, gefa þær þó ljósa bendingu um það, með hvaða ávinningi er hægt að selja fisk í þessu ástandi og hvað mikil þörf er á því að létta undir með slíkum útflutningi, ekki sízt þar, sem bátaútgerð er mikil, en býr við þröngan kost eins og nú. Sjútvn. er einhuga um að leggja til, að þessum tilraunum um útflutning ísfiskjar verði áfram haldið, en í n. er lítilsháttar skoðanamunur um aðferðir, og bera 2 hv. nm. fram brtt. við frv. á þskj. 630.

Þær breytingar snerta aðallega íhlutun ríkisins, og vilja þeir, að fisksölusamlögin sjálf taki að sér framkvæmdir allar og sölu.

Í frv. og l. nr. 37 1931 er gert ráð fyrir þeim aðferðum báðum, að ríkið taki að sér rekstur skipanna og sölu fiskjarins, og að fisksölusamlögin geti gert það sjálf, þar sem þau eru orðin svo öflug, að þau telja slíkt mögulegt og hentugra. Meiri hl. n. þótti rétt að hafa báðar þessar leiðir opnar fyrst um sinn. Þar sem fyrirkomulagið hefir enn ekki verið reynt til hlítar, getur það vissulega komið sér vel, að ríkið annist um framkvæmdirnar, eins og var á síðastl. hausti. En ég skal geta þess, að á Austurlandi, þar sem nú er

fengin nokkur reynsla um þetta, býst ég við, að Fisksölusambandið hverfi að því ráði að taka allar þessar framkvæmdir í sínar hendur, en hinsvegar á Norð-Austur- og Norðurlandi get ég búizt við því, að til byrjunar a. m. k. þætti hentara, að framkvæmdir væru hjá skipaútgerð ríkisins, og einmitt þess vegna hefi ég lagt áherzlu á það, að láta báðar þessar leiðir opnar standa.

Mér þykir ástæða til þess að minnast á það, hvaða óhöpp urðu þess valdandi, að tilraunin á Austurlandi gaf ekki eins góðan arð og búizt var við. Ég hefi orðið þess var, að ýmsar tröllasögur hafa sagðar verið um hana og sumum hefir skilizt, að útkoma þeirrar tilraunar hafi orðið að öllu neikvæð, en það er misskilningur. Sala fiskjarins var, eins og ég þegar hefi sýnt fram á, góð, en þrátt fyrir það varð fjárhagslega niðurstaðan ekki sem bezt. Fyrst og fremst voru skipin leigð lengur en hægt var að nota þau, og ⅓ af leigutímanum varð sambandinu aðeins byrðarauki, af því að vetur var kominn og ógæftir hömluðu. Í öðru lagi reyndust skipin of stór til þess að komast í fiskkví í Grimsby, og urðu að liggja annarsstaðar, en kostnaður af flutningi milli fisksölustaða og skipa varð um 22 þús. kr. Ennfremur var byrjað á þeim árstíma, að ekki var hægt að safna ís, og varð að kaupa ísinn frá Englandi fyrir um 16 þús. kr. Þessi óhöpp og fleiri verður að líta á eins og barnasjúkdóma, og þau urðu orsök í því, að útkoman varð ekki góð á endanum. Þá bættist það líka ofan á, að sambandið keypti dragnætur fyrir 50 þús. kr., sem áttu að koma í byrjun veiðitímans, en komu ekki fyrr en seint í október og urðu ekki að notum, en auðvitað varð að greiða kaupverðið, og festust þarna mikil verðmæti fyrir félagsmönnum. Umbúðir fiskjarins, hús og bryggjur kostuðu líka mikið fé í upphafi, kassarnir einir, sem að mestu eru ónotaðir ennþá, um 26 þús. kr. Þess vegna varð líka niðurstaða þessarar tilraunar ekki betri en svo, að þrátt fyrir góða sölu sat sambandið að lokum uppi með dálitla skuld. En bæði sjútvn. og aðrir, sem kunnugir eru þessu máli, eru sannfærðir um það, að með þeirri reynslu, sem nú er fengin, og haganlegri aðferðum, má vinna bátaútveginum ómetanlegt gagn með því að hlynna að útflutningi ísfiskjar.

Bæði á þessu þingi og því síðasta hefir verið mikið rætt um atvinnubætur og kreppuráðstafanir; alltaf er verið að gera einhverjar ráðstafanir til þess að komast út úr hinu villugjarna völundarhúsi kreppunnar. Sjálfur hefi ég enga trú á atvinnubótastyrkjum, eins og þeir hafa verið veittir, og held, að sú leið geti aldrei blessazt. Hitt þykir mér álitlegra, ef takast mætti, sem ég trúi, að hjálpa þeim, sem erfitt eiga uppdráttar í lífsbaráttunni, til að hjálpa sér sjálfir. Ég hygg, að það megi takast á mörgum stöðum með þessum ráðstöfunum Alþ. í sambandi við kæliflutning fiskjar á útlendan markað.

Ég skal ekki tefja tímann að óþörfu með því að ræða þetta mál meira, ef ekki gefst sérstakt tilefni til síðar. Ég vænti þess, að hv. dm., eða meiri hl. þeirra, geti orðið okkur flm. sammála um till. okkar í þessu efni og álíti þær þess verðar að njóta stuðnings þeirra, og að á þann hátt verði hægt að framhalda tilraununum á þessu sumri.

Um brtt. á þskj. 630 ætla ég ekki að ræða frekar en ég hefi gert, nema tilefni gefist til. Nefndin sem heild er því fylgjandi, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar í þessu efni, og þessi lítilfjörlegi skoðanamunur nefndarmanna ætti ekki og mun ekki leiða til þess, að frv. strandi, en það mætti það sízt gera. Eflaust muna allir hv. dm., að í l. nr. 37 frá síðasta þingi eru fyrirmæli um það, að endurskoðun á þeim skuli fram fara á þessu þingi, og þess vegna er frv. fram komið.

Jóhann Jósefsson: Það er rétt, sem hv. frsm. segir, að n. er öll sammála um það, að það sé ekki hægt að sleppa hendinni af þeim útflutningi á nýjum fiski, sem hafinn var í fyrra fyrir tilstyrk ríkisins að nokkru leyti. Ég áleit í fyrra ekki rétt þá að leggjast á móti því, að Skipaútgerð ríkisins færi af stað til að reyna að greiða fyrir þessum útflutningi á fiski, a. m. k. reyna, hversu henni tækjust afskipti af þeim málum. En ég verð nú að segja það, að þó búast mætti við talsverðum mistökum á þessari fyrstu tilraun, þá eru þau miklu meiri en mig og marga aðra óraði fyrir. Það er svo, eins og hv. frsm.

tók fram, að í sjálfu sér var verð það, sem fékkst fyrir þann fisk, sem seldur var fyrir milligöngu Sölusambands Austfjarða og Skipaútgerðar ríkisins, ekkert fráfælandi. En fyrir mistök og þekkingarleysi þeirra manna, sem þessum málum áttu að stjórna, fengu þeir, sem lögðu fram vinnu sína til að veiða þennan fisk, þ. e. a. s. sjómennirnir, enga peninga útborgaða. Orsökin var sú, að veiðarfærakostnaður og kassakostnaður var svo mikill umfram það, sem vera þurfti.

Eins og hv. frsm. og flm. (SvÓ) tók fram, var útflutningurinn rúmlega 12000 kassar, og brúttóverð það, sem fékkst fyrir hvern kassa, kr. 16,10. Nú, en svo sem vitað er samkvæmt þeirri skýrslu, sem ríkisútgerðin hefir gefið, voru keypt veiðarfæri fyrir mikið af þessu fé, og eftir því, sem einn helzti útgerðarmaður þar fyrir austan segir í grein, sem hann hefir ritað í Ægi um þetta mál, þá á sölusamlagið nú veiðarfæri og kassa fyrir um samtals 80 þús. kr. Það er því sýnt, að ef ekki hefði verið keypt óvarlega mikið af kössum og veiðarfærum, þá hefðu þessar 80 þús. kr. komið til útborgunar til fiskeigenda, og það þá orðið um það bil hátt á sjöundu krónu fyrir hvern kassa, sem sjómennirnir hefðu fengið.

Í þessari sömu ritgerð, sem ég nefndi, eftir útgerðarmann og skipstjóra á Austurlandi, er þess getið, að þessi veiðarfæri muni hafa verið keypt í trausti þess, að ríkisstj. hlypi undir bagga með styrk til þeirra kaupa. Það segir ekki berum orðum í greininni, að ríkisstj. hafi ekki gert það, en ekki er hægt að skilja öðruvísi það, sem þar er sagt, en að heimild laganna nr. 37 frá 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, hafi ekki komið til framkvæmda, með öðrum orðum, að öll veiðarfærakaupin hafi lent á framleiðendunum, án þess að þeir hafi fengið nokkurn styrk til þeirra.

Þegar nú þess er gætt, að svona hefir farið, og að það er sennilegt, að heimildarlögin hafi beinlínis ýtt undir þessi veiðarfærakaup, sem urðu þess valdandi, að fiskimennirnir báru ekkert úr býtum fyrir ómak sitt, þá er ég þó sem sagt ekki þeirrar skoðunar, að þessi niðurstaða eigi að verða þess valdandi, að ekki verði meira lítið í þessa átt, því ég er sannfærður um það, eins og hv. frsm., að við eigum að halda áfram að reyna að koma einhverjum hluta af íslenzkri framleiðslu á ísfisksmarkað. En það er aðeins meiningamunur hjá okkur um aðferðina. Og hvorki get ég, né heldur hefir hv. frsm. haldið því fram, að við vitum hvor um sig til hlítar það, sem réttast sé í þessu máli. Það megnar reynslan eingöngu að sýna fram á, hvað réttast er. En svo mikið höfum við lært af reynslu síðastl. árs, að við vitum, að það er ekki heppilegt að láta Skipaútgerð ríkisins hafa eins mikla íhlutun um þessi mál og verið hefir. Svo gersamlega hefir henni mistekizt það, sem hún átti að gera. Því það er vitað, að annarsstaðar hafa líkar tilraunir verið gerðar og þetta. Þær hafa að vísu gefizt misjafnlega, betur á einum staðnum, en verr á öðrum, þó hvergi hafi þær komið eins hart niður á sjálfum sjómönnunum eins og þessi tilraun hins opinbera. Þær hafa hvergi farið svo illa, að sjómenn og útgerðarmenn hafi ekki borið neitt úr býtum, nema þar.

Ég hafði í upphafi töluvert að athuga við þennan kassaflutning á fiskinum, og reynslan sýnir, að það er óheppilegt að flytja út fisk í kössum og demba honum á togaramarkaðinn þar, sem veiðiskipin koma sjálf með fisk, sem ekki er í kössum. En nú er ekki tími til að fara út í það frekar, en sú reynsla, sem fengin er, ætti að geta orðið til þess, að það opnist augu manna fyrir þessu. Og það er áreiðanlegt líka, að ef flutningarnir eiga að halda áfram að fara fram í kössum, þá verða kassarnir að halda áfram á sölustaðina inni í landinu, án þess að vera opnaðir í Grimsby eða öðrum lendingarstöðum.

Við þá tilraun, sem gerð var um útflutning á nýjum fiski í vetur frá Vestmannaeyjum, var ekki leitað til ríkisins um styrk, þó þess hefði verið full þörf. Og þó það hafi ekki verið nema tilraun, þá hefir hún þó sýnt, að ef heppni er með og laglega er á haldið, þá geta sjómennirnir og útgerðarmennirnir haft talsvert og viðunandi verð upp úr fiskinum með þessu móti. Flestir fiskfarmarnir voru sendir frá því seint í nóvember þangað til í febrúar, og þó fiskurinn væri ekki mikill að magni, af því að veðráttan var erf-

ið til sjósóknar og fiskveiðar fremur litlar í Eyjum á þeim tíma árs, þá varð söluverð fiskjarins þó samtals rúmlega £6700, eða um £2000 lægra en allur Austfjarðafiskurinn seldist fyrir, en magn þess fiskjar, er Austfirðingar sendu út, var margfalt á við Vestmannaeyjafiskinn. Í stuttu máli: Í Vestmannaeyjum fór það svo, að í hlut fiskimanna komu, þegar dreginn var frá allur kostnaður, um 17 aurar fyrir hvert kg. af öllum fiski, ýsu, flatfiski og þorski, sem þeir fengu, sem öfluðu hans. En þar voru ekki notaðir kassar, heldur var fiskurinn látinn laus í útflutningsskipið. Ég skal að vísu játa, að það verður að hafa allt aðrar framkvæmdir á þessu og allt aðrar aðgerðir eftir því, hvaðan fiskútflutningurinn fer fram.

Nú virðist okkur minni hl. — og því komum við fram með okkar brtt. — það litla þýðingu hafa, að ríkisstj. hafi heimild til að lána fisksölufélögum fé til undirbúnings þessara framkvæmda, eins og segir í 1. gr. laganna — þar er nú ekki nánar tiltekið, hver sá undirbúningur sé —, ef þessi heimild er svo ekki notuð. En hinsvegar má telja víst, að ákvæðið verði til þess að koma fiskútflytjendum af stað til að leggja í ýmsan óþarfan kostnað, og að þeir hagi sér nokkuð á annan veg, þegar gefið er til kynna í lögunum, að þeir verði styrktir til áhaldakaupa og veiðarfærakaupa, eins og komið hefir í ljós á Austfjörðum, en ella. En það er varla hægt að hugsa sér, að ríkið sjái sér fært að lána fé til að kaupa fyrir veiðarfæri, kassa, efni til geymsluhúsa o. s. frv., ef þess væri óskað víða um landið, því það yrði algerlega ofviða getu ríkissjóðs. Og sé ekki hægt að koma því svo fyrir, að þessar framkvæmdir eigi sér stoð í veruleikanum, þá sé ég ekki, að það hafi neina þýðingu að hafa slíkt ákvæði í lögum. Svo er hins að gæta við þennan fiskútflutning, að það er fyrsta skilyrðið fyrir honum, að til séu menn og bátar á staðnum, sem hafa dug og getu til að afla fiskjarins. Það er frumskilyrðið fyrir því, að í slíkt fyrirtæki sé ráðizt. Það er ekki hægt að kalla, að það sé með neinni fyrirhyggju af stað farið út í þennan útflutning, ef menn þurfa að leita til ríkisstj. um styrk til að koma veiðiskapnum af stað, til að kaupa fyrir veiðarfæri og annan útbúnað. Ég lít svo á, að það, sem ríkið á að styrkja, sé að hjálpa viðkomandi félögum sjómanna og útvegsmanna til að afla sér flutningstækja til að koma fiskinum á ísfisksmarkaðinn. Það er í samræmi við það, sem aðrar þjóðir gera. Danir styrkja þannig sinn fiskútflutning, og Norðmenn raunar líka, þó það sé að vísu í öðru formi, sem sé með niðursettum járnbrautarfarmgjöldum. Það álít ég vera skynsamlegast af hinu opinbera, að styrkja útflutninginn á þann hátt, að það veiti sinn stuðning þeim mönnum, sem vilja efla félagsskap til þess að fá heppilegan og hæfilegan skipakost til útflutningsins, í von um, að það fari þó aldrei svo, að fiskurinn seljist svo illa, að það fáist ekki fyrir hann það, sem það kostar að flytja hann á markaðinn. Og brtt. okkar hv. þm. Ak. miðar þess vegna að því að hækka upphæðina, sem ríkisstj. leyfist að ábyrgjast fyrir skipaleigu, en nema burt heimild hennar til lánveitinga til fisksölufélaga samkv. 1. gr. laganna — ég meina lán til að kaupa fyrir kassa og veiðarfæri. (SvÓ: Ekki veiðarfæri). Hv. frsm. segir: „Ekki veiðarfæri". En þannig hafa nú sjómenn á Austfjörðum samt skilið þetta ákvæði 1. gr. laganna, eða a. m. k. virðist í Ægis-ritgerðinni, sem ég nefndi áðan, vera gengið út frá því. Til að sanna þetta skal ég lesa fáein orð úr nefndri ritgerð, sem er í apríl-hefti Ægis, þar sem talað er um útflutning á nýjum fiski. Það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrstu dagana í september var byrjað að veiða fisk til útflutnings í ís. Leigði Skipaútgerð ríkisins tvö skip til flutninganna, samkv. heimildarlögum frá síðasta Alþingi. Samkv. sömu lögum var ríkisstj. heimilt að verja allt að 200 þús. kr. til útlána handa samvinnufélögum til veiðarfærakaupa og til umbúðakaupa um ísvarinn fisk. Munu samlögin hér eystra hafa treyst því, að þau ættu vísan stuðning frá ríkisstj., ef með þyrfti".

Ég þarf ekki að lesa meira; þetta nægir til að sýna, að ég fer með rétt mál að því er snertir skilning manna eystra á þessu lagaákvæði. Hinsvegar eru ekki nefnd í 1. gr. laganna veiðarfæri né heldur kassar sérstaklega, heldur bara talað um lán-

veitingar til undirbúnings framkvæmda. En það er bert, að slíkar lánveitingar geta varla verið aðrar en lánveitingar til umbúðakaupa, lánveitingar til geymsluhúsabygginga eða lánveitingar til veiðarfærakaupa. Og þannig hafa Austfirðingar skilið lagaákvæðið, og í trausti þess ráðizt í þessi ógætilegu veiðarfærakaup, sem hirtu allt andvirði fiskjarins, sem átti að falla fiskimönnunum sjálfum í skaut. Skal ég svo ekki vera að orðlengja þetta meira.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að við viljum hvorttveggja, styðja að því, að þessum fiskútflutningi verði haldið áfram og að hann blómgist og þróist, og viljum við, sem berum fram brtt., engu síður styðja að því að hjálpa þeim, sem hjálpa sér sjálfir. En þar til heyrir líka, að það er líklegt, að þeir menn, sem ekki þurfa að leita til ríkisins með alla hluti í byrjun, hafi meiri skilyrði til, að geta „drifið" — ef ég má nota það orð — veiðarnar og útflutninginn betur en hinir, og að það sé af meira viti gert að hjálpa þeim.

Að því er snertir ríkissjóðsábyrgðina á leigu á skipum, þá höfum við farið fram á, að í stað þess, að ríkissjóður má nú ábyrgjast allt að 200 þús. kr. í þessu skyni, þá megi hann ábyrgjast allt að 400 þús. kr. Og það virðist heppilegri leið að ábyrgjast skipsleigu fyrir efnilega menn, sem gætu sett einhverja baktryggingu og sýnt, að fyrirtækið væri frá stofni byggt á skynsamlegum grundvelli, heldur en að láta ríkisútgerðina vera að baxa í þessu, því eins og sést á yfirliti því, sem sjútvn. hefir fengið frá ríkisútgerðinni um útgerð þessara skipa og fisksölu, sem flestir hv. þm. hafa væntanlega séð, þá er þetta allmikill baggi á Skipaútgerð ríkisins. Af þessu plaggi sést, að skuld sölusamlags Austfjarða við Skipaútgerð ríkisins er nú 35000 kr., og eigi hún að halda fiskflutningunum áfram, þá er það bersýnilegt, að það endar á skuld, sem torvelt mun reynast að innheimta hjá þessum félögum.

Annars þýðir ekki um þetta að deila, en við höfum álitið rétt, með tilliti til þess, hvernig þetta hefir gengið á Austfjörðum í sumar, að breyta nú til með fyrirkomulag á þessu fisksölumáli og leggja nú alla áherzlu á það að styðja flutninginn á fiskinum, en láta sjómennina og útgerðarmennina sjálfa annast um undirbúninginn, eins og t. d. að afla báta og veiðarfæra, því það verður að vera þeirra verk.

Jón Auðunn Jónsson: Það kemur sjálfsagt öllum saman um það, að það sé orðin hrein lífsnauðsyn fyrir bátaútveg landsmanna að geta flutt út ísvarinn fisk, a. m. k. að haustinu, því að á undanförnum árum hefir ekki verið hægt að selja saltfisk til Englands nema fyrir mjög lágt verð, og að geyma hann og verka árið eftir, er alveg ófært. Það vita allir, sem til þekkja, að svokallaður haustfiskur, eða fiskur, sem verkaður er árið eftir að hann er veiddur, er í svo lágu verði, að það er ekki viðlit að fiska fyrir það verð, sem fyrir hann fæst. Það eru því engin tiltök að geyma fisk, sem fiskaður er að haustinu, til næsta vors og verka hann. Hitt atriðið, á hvern hátt er bezt hægt að koma við flutningi ísvarins fiskjar á erlendan markað, hefir menn greint nokkuð á um. Ég benti á það á síðasta þingi, að ég teldi kassaflutning á ísfiski ógerning af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að það væru ekki til nógu mörg skip á einum stað til að fylla stór kassaflutningsskip á nógu skömmum tíma. Og í öðru lagi af því, að við hefðum ekki mikið, fyrir utan Vestmannaeyjar, af fiski, sem væri hentugur fyrir markaðinn í London, en einmitt þar er markaðurinn fyrir kassafluttan fisk hagkvæmastur.

Mér var líka kunnugt um og benti á það, að það væri of dýrt að flytja fiskinn í kössum til þeirra bæja, sem hafa stærstan markað fyrir ísvarinn fisk, sem sé Hull, Grimsby og Aberdeen, og taldi víst, að það þyrfti að sortera fiskinn á sjálfum markaðsstaðnum, svo kaupendurnir gætu sjálfir séð, hvað í kössunum væri. Því enn sem komið er er ekki hægt að aðgreina fiskinn hér heima svo vel, að hægt sé að selja hann í Englandi eftir þeirri aðgreiningu, sem fram fer hér. Vegna þess, hve lítið er af ýsu og flatfiski, er ekki viðlit, nema útgerðin færi mjög mikið saman, þrjár fjórar verstöðvar færist á einn stað, að viðhafa kassaflutning á ísvörðum fiski til London. Við sjáum líka af þeirri tilraun, sem gerð var með þetta á Austfjörðum, að þar hefir, eins og hv.

frsm. tók fram, kostnaðurinn við vinnuna við að losa skipin, flytja kassana á fiskmarkaðinn, hreinsa þá og skipa þeim út í flutningaskipin, orðið yfir 20000 kr. Ég hygg nú, að nær helmingur þessarar upphæðar, eða um 9—10 þús. kr., sé beinlínis vegna þess, að fiskurinn var fluttur út í kössum. Hinsvegar má ekki gleyma því, að það er líka dýrt að losa togarana, þegar þeir koma með lausan fisk. Ég hygg, að það mundi ekki hafa kostað meira en 10—11 þús. krónur að losa þessa 12700 kassa, ef fiskurinn hefði verið laus í skipi. En að uppskipun á kössunum er svona dýr, stafar af því, að svo er ástatt í Englandi, að það má ekki losa skip, sem koma með þennan kassaflutning, í sömu höfn, sem þau skip eru losuð í, sem koma með lausan fisk. Og það er ekki af því, að skipin séu svo stór, að þau komist ekki inn í fiskihöfnina; það er mesti misskilningur, því það rista margir togarar dýpra en þessi flutningaskip. Nei, það er eingöngu af því, að það er ekki leyft að losa kassavöru í fiskmarkaðshöfninni; allur slíkur flutningur er losaður í annari höfn (skipakví), og verður því að flytja kassana þaðan og á fisktorgið, en fisktorgið er hafnarbakki fiskiskipakvíanna. Þess vegna mikill aukakostnaður.

Í Danmörku er það svo, að fiskveiðimennirnir færa sig saman á vissa staði, þegar þeir fara að stunda ísfiskveiðarnar. Helztu veiðistaðir eru Hirsthals og Hansholm, Frederikshavn og Esbjerg. Þar safnast þeir saman með 500—600 báta og stunda veiðarnar. Eins og auðskilið er, gengur fljótt á þessum stöðum að fylla hvert skip, og tekur það sjaldan lengri tíma en 2 daga. Af því leiðir, að fiskurinn kemur alltaf nýr á markaðinn. Svo hefir hvert veiðifélag sitt vörumerki á fiskinum, auk þess sem hver fiskteg-und hefir sérstakt merki, og er því auðvelt að sjá, þegar kemur til London, hver á þann fisk, sem eitthvað kann að vera að, og verður það skaði eigandans, ef varan er ekki eins og sagt er með merkinu. Í Kattegat veiðist svo mikið af ýsu, að það nemur 700—800 kössum á dag.

Hv. 1. þm. S.-M. taldi, að spara mætti með því að framleiða ísinn hér heima, hjá því sem að kaupa hann í Englandi, en eftir reynslu okkar fyrir vestan, er þetta á annan veg. Í Englandi kostar ísinn 14—15 shillings tonnið, en á Ísafirði höfum við ekki getað selt ís, sem við höfum tekið að vetrinum, fyrir minna en 20 kr. tonnið, komið í skip, og höfum við þó aldrei tekið meira en 1—2 kr. á tonn í leigu fyrir mölunarvél og fleiri áhöld, sem þarf til að framleiða ísinn. Auk þess er enski ísinn, sem er framleiddur „artificielt", betri og drýgri. Það er því öðru nær en hægt sé að afla íssins hér heima fyrir minna verð heldur en hann kostar í Englandi.

Við athugun á uppgerð á ísfisksútflutningi Fiskisamlags Austfjarða sé ég, að kostnaður vegna kassa fyrir fiskinn nemur ekki nema 1772 kr., og nam þó útflutningurinn þar 12700 kössum. Þetta nær engri átt. Þær þjóðir, sem flytja ís í kössum, telja kassakostnað frá 90 aura til kr. 1,25 pr. kassa. Kassarnir kosta um kr. 1.75 stykkið og þeir eru aldrei notaðir oftar en tvisvar. Þó telja megi kassana einhvers virði með því að fá þá hreinsaða í London og taka þá til baka, eins og Austfirðingar gerðu, þá er ekki hægt að reikna notaða kassa mikils virði. Gjaldið fyrir að hreinsa hvern kassa er aldrei minna en 2 pence fyrir kassann.

Hinn lági kostnaður vegna kassanna hjá Fisksölusamlagi Austfjarða hlýtur því að liggja í því, að Austfirðingar hljóta að reikna sér brúkaða kassa, sem þeir nú liggja með, of háu verði. Í Danmörku er siður að taka aldrei kassa til baka frá London, því það er álitið skynsamlegra að láta kassana fylgja fiskinum. Auðvitað má á það líta í þessu sambandi, að í Danmörku eru fisktegundirnar dýrari heldur en var á Austfjörðum síðastl. haust, en þar mun aðallega hafa verið um þorsk að ræða. Ég hygg samt, að tómkassaflutningur frá London sé hlutur, sem ekki borgar sig, og réttara sé að láta þá fylgja fiskinum.

Það er rétt hjá hv. þm. Vestm., að tilraunin með útfluttan ísfisk frá Vestfjörðum síðastl. haust misheppnaðist, svo að á henni varð verulegt tap, en það stafaði af því, að ýsuveiðin brást algerlega. Ýsan hefir veiðzt þar uppi í landsteinum síðastl. 20 ár, að undanteknu árinu 1913. En auk þess var veðráttan svo slæm síðastl. desembermánuð, að ekki var hægt

að sækja þá veiði til hafs nema 4 daga í mánuðinum. Af því stafaði, að þau skip, sem leigð voru til þess að taka fiskinn, lágu langan tíma aðgerðalaus. Það félag, sem ég starfaði fyrir, seldi ísfisk fyrir 14 þús. sterlingspund samtals. Samlagið, sem ég starfaði við, greiddi fiskimönnum alls um 110 þús. kr. fyrir fiskinn. Austfjarðasamlagið hefir greitt aðeins 6000 kr., en á í sjóði til úthlutunar 9700 kr. Ég fullyrði, að það nær engri átt, að Austfjarðasamlagið geti talið sér til eignar kassa fyrir 26965 kr. Meiri hluti þessarar eignar er líklega brúkaðir kassar, sem eru lítils virði, og eigi að flytja í þeim til London, eru þeir einskis virði.

Ég fellst á þá till. minni hl. sjútvn., að ríkissjóður eigi að greiða fyrir útflutningi á ísuðum fiski með því að taka á sig ábyrgð á skipaleigu. Og þó að ríkissjóður kynni vegna þessarar ábyrgðar að tapa 2—3 tugum þúsunda — því ég geri ekki ráð fyrir meira tapi á leigunni, ef ekki er notaður kassaflutningur — þá tel ég það lítils virði samanborið við þann hag, sem bátaútvegurinn hefði af þeirri ráðstöfun.

Ég tel það ekki útilokað, að einstakir menn kunni að geta fengið erlenda menn eða firmu til að vera með í áhættu af útflutningi á ísfiski, þó hætt sé við, að það gengi tregt, vegna þess hve illa gekk með þann útflutning á síðastl. hausti. Ég fékk þá tvö ensk félög og eitt íslenzkt félag, auk sjálfs mín, til þess að taka hluta í ábyrgð á útflutningnum fyrir vestan, auk þess, sem fiskeigendur tóku að sér ábyrgð á 25% af útflutningnum, þ. e. a. s. þess fiskjar, sem fluttur var út frá Vestfjörðum frá mínu félagi. Ef kassaflutningur á ísfiski á að geta verið í lagi, þá þyrfti útgerðin að safnast á ekki fleiri en 3 staði á landinu. Þá mætti haga útflutningnum þannig, að sortera tegundirnar og flytja til London þær tegundir einar, sem þar er sérstaklega góður markaður fyrir, en hinar tegundirnar mætti flytja til annara borga í Englandi. Verðmunur á fiskitegundum í Englandi er svo geysimikill, að fáir munu trúa því, sem ekki þekkja til. Ég get t. d. nefnt, að sú ýsa, sem við fengum á smábátana innfjarða, var þriðjungi verðminni heldur en sú ýsa, sem stærri bátarnir gátu sótt á haf út.

Að lokum vil ég endurtaka það, að Alþingi má ekki svo skiljast við þetta mál, að tilraunir með þennan útflutning geti ekki haldið áfram, og að sem flestir fiskframleiðendur í landinu hafi hag af stuðningi ríkissjóðs. Ég geri ráð fyrir því, ef ísfisksútflutningur verður mikill í haust, sem því miður er nú ekki gott útlit með vegna þess innflutningstolls, sem kominn er nú á þá vöru í Englandi, að ríkissjóður þyrfti að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. í skipaleigu fyrir hvert hérað, svo að hægt væri að festa leigu á nægilegum skipastól.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Ég hefi raunar fáu að svara þeim hv. tveimur þm., sem talað hafa í þessu máli. Þeir hafa báðir í raun og veru stutt mitt mál. Ræður þeirra hafa einkum lotið að því að benda á, hvað varast þurfi og hvers gæta beri í sambandi við framhaldssölu og flutninga ísfiskjar. Og get ég fallizt á mörg réttmæt rök hjá þeim.

Ég skal taka það fram út af orðum, sem ég hygg, að hv. þm. Vestm. hafi óvart látið falla, að austfirzka sölusamlagið hafi ekkert fengið fyrir seldan ísfisk, að það er auðvitað ekki rétt, enda upplýst hér í hv. d., að samlagið fékk fulla greiðslu, þótt í öðrum verðmætum væri en peningum, svo sem auk skipaleigu í áhöldum, veiðarfærum o. fl., um 80 þús. kr. Hitt er annað mál, að sú greiðsla var ekki á þann hátt, sem þurft hefði að vera, af því svo fór, að þessi veiðarfæri, kassar og fleira var aldrei notað á því ári. Það skal viðurkennt, að þessi óþörfu kaup voru miður haldkvæmar ráðstafanir fyrir samlagið, enda bættist þar við, að þriðjungur af leigutíma skipanna fór til ónýtis, vegna þess hve áliðið var þegar byrjað var á útflutningi. Þetta tvennt olli þeirri útkomu hjá samlaginu, sem raun varð á.

Þó þótti mér ekki hæfa hrakspá eða tilgáta hv. þm. um það, að þær 36 þús. kr., sem samlagið skuldar ríkisútgerðinni, verði aldrei greiddar, enda er hún ekki á neinum rökum byggð. Ég veit, að gerðar hafa verið ráðstafanir til greiðslu skuldarinnar á þessu ári.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið taki baktryggingu hjá útgerðarfélögunum

fyrir ábyrgð á leigu skipanna, og er ríkinu vitanlega innan handar að heimta þær tryggingar. Á síðastl. ári var ekki gert ráð fyrir ríkisábyrgð, heldur ríkisláni til samlaganna, sem þó var aldrei veitt. En sú 36 þús. kr. skuld, sem Sölusamlag Austfjarða komst í við ríkisskip, var eðlileg afleiðing þess, að samlagið réðst í kaup dýrra veiðarfæra, sem að engu liði urðu í það sinn, og hinsvegar af því, að skipin voru leigð um þriðjungi lengri tíma en hægt var að hafa þeirra not.

Út af skirskotun hv. þm. til greinar í Ægi um veiðarfærakaup Fiskisamlags Austfjarða skal ég taka það fram til leiðréttingar, að undir meðferð þessa máls á síðasta þingi var í þessari hv. deild felld till. um lán úr ríkissjóði til veiðarfærakaupa. Það er þess vegna hastarlegur misskilningur hjá greinarhöf., að veiðarfærin hafi verið keypt í þeirri von, að ríkissjóður lánaði andvirðið. Nei, sannleikurinn er sá, að þau voru keypt í þeirri góðu trú, að þau kæmu í tæka tíð, sem eigi varð, og að veiðin gengi betur en raun varð á.

Um aths. hv. þm. N.-Ísf. viðvíkjandi því, að kassaflutningur á fiski sé óheppilegri en að flytja fiskinn umbúðalausan í skipunum, skal ég taka það fram, að ég veit, að það getur verið rétt þar, sem um stórar verstöðvar er að ræða, en þar, sem smáar fiskistöðvar eru og flutningaferðir strjálar, þar er ekki hægt að komast hjá því að safna fiskinum saman í kassa, vegna þess að ekki er hægt að geyma hann öðruvísi. Það hefir sýnt sig, að þessi aðferð heppnaðist vel á Austfjörðum og mistókst ekki nema lítillega eitt sinn, og þó ekki neitt verulega. Þetta er áreiðanlega bezta aðferðin þar, sem verstöðvarnar eru smáar, og sú eina, sem tiltækileg er. Ég skil vel, að í Vestmannaeyjum og á Ísafirði sé hægt að koma því við að flytja fiskinn út umbúðalaust, af því að á þeim stöðum eru svo stórar verstöðvar, að fylla má skip á stuttum tíma, en á Austurlandi getur það tæplega átt við. Á Austfjörðum var hinsvegar einhver tilraun gerð með að flytja fiskinn milli hafna og safna honum þannig á einn stað, en sú tilraun þótti ekki gefast vel, og var því horfið frá þeirri aðferð. Hitt reyndist aftur betur, að safna fiskinum saman ísuðum í kassa á hverri höfn milli ferða. Sú aðferð á þar við. Þar er stutt milli góðra hafna og því auðvelt og fljótlegt að ferma skipin. Þar getur oft staðið svo á, að á einum sólarhring megi skip ferma kassafiski, þótt farmur sé tekinn á 6 eða 7 höfnum.

Annars hygg ég óþarft að ræða hér um einstök fyrirkomulagsatriði; reynslan mun smám saman sýna, hvað bezt hentar í þessum efnum, bæði fyrir austan og vestan, og það er engin hætta á því, að þeir, sem hlut eiga að máli, muni brenna sig á því oftar að fylgja þeim aðferðum, sem hættulegar hafa reynzt. Það gefur mér von um betri árangur í þessum efnum í framtíðinni, að nú hefir reynslan þegar kennt margt af því, sem nauðsynlegt var að kynnast fyrirfram. Sú reynsla hefir máske verið nokkuð dýrkeypt fyrir suma brautryðjendur, en borgar sig þó.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, þar sem fundartími er nú næstum liðinn og margir hv. dm. eru fjarverandi, að atkvgr. um frv. verði frestað til betri tíma. Ég býst ekki við löngum umr. um málið úr þessu, og hér virðist aðeins vera um smáatriði að ræða, er skoðanir skiptast um. Um brtt. hv. minni hl. n. skal ég taka það fram, að ég get ómögulega fallizt á brtt. við 2. gr., en aftur á móti get ég fallizt á, að rétt sé að hækka heimild fyrir ríkisábyrgð úr 200 þús. kr. í 400 þús., þótt sú heimild verði máske ekki notuð nema að nokkru leyti. Ábyrgð þessi er ætluð til þess, að sölusamlögin komist að betri kjörum með skipaleigu, og er einsætt, að búa verður um tryggingar og samninga svo, að hættulaust sé.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 1. þm. S.-M. taldi það mikinn skaða, hve seint hefði byrjað ísfiskveiðin á Austfjörðum síðastl. haust. (SvÓ: Ég talaði um, að undirbúningurinn hefði orðið of seint fyrir). Annars hygg ég, að óhætt sé að vara við því að byrja veiði þessa of snemma á sumrinu, því það verður að gá að því, að markaðurinn fyrir ísfisk verður ekki góður í Englandi fyrr en um miðjan september. Fyrri hluta sumarsins, í júní, júlí og fram um miðjan ágúst, er markaðurinn þar mjög lélegur.

Ef kassaútflutningur er stundaður með þeim hætti, sem gert var á Austfjörðum síðastl. haust, þar sem tekinn var á 5 til 6 stöðum kassafiskur, þar sem margskonar fisktegundum var ruglað saman og byrjað hafði verið á að veiða mörgum dögum áður en fiskurinn var tekinn, þá verð ég að telja hann mjög varhugaverðan. (SvÓ: Þetta kom þó ekki að slysi). Hv. þm. segir, að það hafi ekki komið að slysi. En það er óhætt að fullyrða það, að fiskur þaðan þótti ekki góður. (SvÓ: Ég kom ekki neitt að slíku!). Ég kom ekki neitt að slíku, segir hv. þm. En fiskinum var grautað saman í kössum og seldist því oft fyrir minna verð en ella hefði orðið.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. þm. S.-M. taldi, að ég mundi hafa sagt það óvart, að þeir, sem létu fisk á síðastl. sumri, hefðu enga greiðslu fengið fyrir hann. Ég sný ekki aftur með það — og það var ekki sagt óvart —, að þeir fengu enga útborgun. Afganginn, sem varð, fengu þeir í veiðarfærum og kössum, sem ekki eru neinir peningar í lófa þeirra, er seldu fiskinn. Hér er ekki um neinar deilur að ræða, og þarf ég því ekki miklu að svara hv. frsm. Ég taldi óliklegt, að skuld sú, sem er við skip ríkisins, fáist inn. En það getur nú verið, að eitthvað sé verið að gera í þá átt að greiða þetta, og þá líklega með styrk ríkisins, og ber þá allt að sama brunni. Maður hefir orðið var við það, að tilraun hefir verið gerð í sambandi við fjárlögin að fá ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni í þessu skyni.

Aðalatriðið í þessu máli er það að gera aðstöðuna hægari um að fá skip. En í því sambandi vil ég minna á, að ekki er óhugsanlegt, að þá verði kostur innlendra skipa og manna. Og stjórninni eða ríkinu er á engan hátt hægara með að veita stuðning til þess en að vera á einhvern hátt bakhjarl fyrir því, að þessi skip verði notuð.

Ég skal taka undir það með hv. þm. N.-Ísf., að það er sízt hagur að því að byrja snemma sumars á þessum útflutningi.

Ég vil ekki herða neitt á því, að atkvgr. fari fram í kvöld, enda eru fáir þm. viðstaddir. Hér er heldur ekki um neitt kapp að ræða, þar sem ágreiningurinn er ekki mikill, þó hann sé nokkur. Ég vil a. m. k. ekki, að gefnar séu neinar lagaheimildir, sem svo reynast hillingar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 630,1 felld með 12:8 atkv.
1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Brtt. 630,2 kom ekki til atkv.
— 630,3 samþ. með 12:8 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 658).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 658).
Á 72. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 658, n. 778).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd. og var það þar flutt af hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. Eins og menn sjá, er það breyt. á l., samþ. á síðasta þingi, er heimiluðu ríkisstj. að styðja að útflutningi á nýjum fiski.

Breyt. er aðallega í því fólgin að framlengja lögin og auka stuðning ríkissjóðs við málið. Hygg ég, að ekki sé hægt um það að deila, að eitt af því, sem mest veltur á um afkomu sjávarútvegsins, sé það, að meira verði til þess gert en hingað til að koma fiski í nýju ástandi til neytenda. Má a. m. k. með allri sanngirni líta svo á, að fyrir dyrum liggi líkar breyt. á fiskmarkaðinum og á kjötmarkaðinum. Kröfur neytenda verða æ meiri til nýmetis, saltvara verður alltaf óútgengilegri. Nú er svo háttað fyrir hinum smærri útvegi hér á landi, að hann á erfitt uppdráttar nema aðstoðar ríkisins njóti við og löggjafarvaldsins. Má benda á það, að Alþingi hefir haft fullan skilning á þessu atriði að því er snertir kjötið og sýnt virðingarverða viðleitni á því að koma þeim útflutningi í viðunanlegt horf. Hafa þær ráðstafanir borið árangur. Síðasta ár voru og gerðar nokkrar tilraunir um útflutning á nýjum fiski, og má segja, að þrátt fyrir nokkur mistök hafi þó þær tilraunir gefið góðar vonir um sæmilegan árangur, ef rétt er að farið. Því er þetta frv. fram komið, og leggur sjútvn. þessarar deildar til, að það verði samþ. Hinsvegar lítur n. svo á, að þessi stuðningur ætti að geta komið að fullum notum, þótt fjárhæðir þær, sem frv. áætlar sem framlag frá ríkissjóði, væru lækkaðar nokkuð. N. leggur því til, að þessar upphæðir verði færðar niður um helming, bæði af því að hún kannast við, að rétt sé að fara varlega, og svo af hinu, að ekki er ástæða til að ýta undir óvarlegar ráðstafanir, með því að ríkið bjóði meiri stuðning en þörf er á. Er mér óhætt að segja, að hæstv. fjmrh. muni mæla með því, að frv. nái fram að ganga, ef brtt. okkar í sjútvn. verða samþ. Má telja öllu vel í hóf stillt, ef frv. gengur þannig fram. Vona ég að lokum, að hv. d. líti með fullum skilningi á málið og samþ. frv. eftir till. okkar.

ATKVGR.

Brtt. 778,1 samþ. með 9:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 778,2 samþ. með 9:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 791).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 791).

Á 82. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Þetta frv. hefir tekið talsverðum breyt. í hv. Ed., en með því að allar líkur benda til þess, að frekari breyt. á frv. í þessari d. mundu geta leitt til þess, að það fjaraði uppi, hefir sjútvn. þessarar d. tekið þá ákvörðun að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Þar sem þetta mál hinsvegar er þrautrætt hér í d., sé ég ekki ástæðu til að fara að reifa það frekar hér af nýju.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 804).

---

65. Síldarbræðslustöð á Austurlandi.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði (þmfrv., A. 466).

Á 58. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er flutt til að bæta úr atvinnuleysi og fyrirsjáanlegum vandræðum austanlands. Við 2. og 3. umr. fjárl. flutti ég brtt. um það, að ríkissjóður legði fram 200 þús. kr. til þess að innlent félag gæti sett upp síldarverksmiðju á Seyðisfirði. Þessi brtt. mín hlaut þá ekki betri viðtökur en svo, að hún fékk aðeins 3 atkv. Skilyrði fyrir síldarverksmiðju á Seyðisfirði eru hin ákjósanlegustu og þörfin brýnni en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Niðurlæging síldarútvegsins á Austfjörðum hin síðari ár hefir m. a. stafað af því, að ekki hefir verið hægt að hagnýta sér síldina. Mönnum hefir ekki verið unnt að gera út skip til að veiða síld til söltunar, þegar ekkert var hægt að gera við þann hluta síldarinnar, sem ekki varð saltaður. Firðirnir eru oft og iðulega fullir af síld bæði sumar og vor. Í haust fylltist Seyðisfjörður af síld í nóvembermánuði og hefir verið fullur af síld síðan allt fram á þennan dag.

Ég hafði ástæðu til að ætla, að ef ríkissjóður hefði lagt fram 200 þús. kr. til innlendrar síldarverksmiðju, hefði verið hægt að fá lán og framlög nægileg til viðbótar. Þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ., get ég því miður ekki bent á neitt erlent félag eða mann, sem vissa er fyrir, að vilji nota sér leyfið. Ég skal játa, að þetta er mikill galli, en þörfin er svo mikil á aðgerðum í þessu efni og líkur svo miklar til þess, að einhver vildi nota sér slíkt leyfi, að ég flyt frv. allt að einu.

Ég fæ ekki séð, að frv. þetta geti haft neina hættu í för með sér. Í fyrsta lagi er hér aðeins um heimild að ræða, sem ríkisstj. á að nota, og í öðru lagi er gert að skilyrði, að bæjarstj. Seyðisfjarðar mæli með beiðninni. Hér er ekki neitt frá neinum tekið eða við neinn keppt, þar sem engin slík verksmiðja er austanlands. Hinsvegar er augljóst, að slík verksmiðja myndi létta stórkostlega undir með útgerðinni og auka atvinnu á Seyðisfirði. Auk þess má benda á það, að allmiklar tekjur myndu renna til ríkissjóðs frá þessu fyrirtæki, ef það kæmist upp, bæði innflutningsgjöld af vélum og byggingarefnum og fleiru og útflutningsgjöld af síldarafurðum. Ég vil því vænta þess, að úr því hv. Alþingi hefir neitað um stuðning sinn til að innlend síldarverksmiðja gæti risið upp á Seyðisfirði, taki það þessu máli vel, og óska ég, að því verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, 650, n. 653).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Á þskj. 653 hefir sjútvn. gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls.

Með frv. þessu er farið fram á, að ríkisstj. fái heimild til að veita erlendum manni eða félagi leyfi til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. N. getur ekki fallizt á að binda þessa heimild við Seyðisfjörð. Hinsvegar er n. ekki mótfallin því að veita stj. þessa heimild án þess að ákvarðað sé, hvar á Austfjörðum stöðin skuli reist.

Það er vitanlegt, að á síðari árum hefir síldin lagzt aftur upp að Austfjörðum, og er illt til þess að vita, að ekki skuli vera nein tök á að hagnýta sér þá veiði. Þess vegna getur n. eftir atvikum fallizt á, að leyft verði að reisa þar síldarbræðslu fyrir erlent fé. En n. leggur áherzlu á, að verksmiðjan kaupi síldina af ísl. skipum. Því gat n. ekki fallizt á niðurlagsorð frvgr., þar sem heimilað er að veita verksmiðjunni leyfi til að kaupa síld af erlendum skipum, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja henni nægilegt síldarmagn frá innlendum skipum. N. virðist ekki nógu tryggilega um búið, til þess að ekki væri hægt að fara í kringum þetta ákvæði og ganga á snið við lögin. En það er einmitt aðalatriðið, að íslenzk skip fái selt verksmiðjunni afla sinn. Það er að vísu nokkurt atriði í málinu, sú vinna, sem verksmiðjan veitir í landi, en hitt er miklu stærra.

Síðan n. gaf út álit sitt hefir hv. flm. borið fram brtt. við frv., á þskj. 650. Þar er lagt til að heimila stj. að veita erlendum síldveiðiskipum leyfi til að landsetja og láta verka afla sinn innan lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar árið

1932. N. í heild hefir ekki tekið afstöðu til þessarar till. Hún kemur hér eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Frv. fjallar eingöngu um síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. Í brtt. er farið fram á að heimila stj. að gera ákvæði fiskveiðalaganna svo að segja að engu að því er Seyðisfjörð snertir. Ég veit ekki, hvað hv. meðnm. mínir í sjútvn. segja um þessa till., en mér fyrir mitt leyti finnst ómögulegt að ganga inn á þá braut að veita einstöku lögsagnarumdæmi undanþágu frá fiskveiðalögunum. Ef um einhverjar undanþágur á að ræða, þá mega þær ekki vera bundnar við eitt einstakt hérað. Hinsvegar tel ég varhugavert að fara út á þá braut, jafnvel þótt aðeins sé að ræða um eitt ár. Ég vildi mælast til þess, að hv. flm. taki brtt. þessa aftur til 3. umr., svo n. geti athugað hana.

En sem sagt, n. leggur til, að frv. sjálft verði samþ. með breyt. þeim, er hún leggur til á þskj. 653. Þar er frv. fært í það horf, að verksmiðjuna megi reisa hvar sem vera skyldi á Austfjörðum, og ákvæði gildandi laga um rétt erlendra veiðiskipa til að leggja afla sinn á land og selja hann hér eru ekki rýrð eða skert að neinu leyti. En mig minnir ekki betur en samkv. gildandi lögum sé heimilt að veita síldarbræðslum leyfi til að kaupa afla af erlendum skipum. Má því að sjálfsögðu veita þessari verksmiðju slíkt leyfi, ef í nauðirnar rekur, og þarf ekki ákvæði þessa frv. til þess.

Ég vil geta þess, að n. hefir láðst að breyta fyrirsögn frv. í samræmi við till. sínar, ef samþ. verða, setja þar á Austurlandi í stað á Seyðisfirði. En það mun n. athuga fyrir 3. umr., ef till. hennar verða samþ.

Haraldur Guðmundsson: Ég get ekki neitað því, að mér þykja brtt. sjútvn. til lítilla bóta á frv. Þær eru tvær að efni til, sú fyrri um það, að binda ekki leyfið við Seyðisfjörð, heldur einhvern stað á Austfjörðum. Ég held, að þetta sé sízt til bóta. Persónulega lít ég svo á, að Seyðisfjörður sé bezt settur til að reisa slíka stöð á, vegna sumarfiskisins þar fyrir norðan og allt norður til Langaness. En að reisa bræðslustöð norðar en á Seyðisfirði kemur ekki til greina. Í öðru lagi getur hæglega risið af þessu metingur milli kaupstaðanna eða kauptúnanna. Hvert kauptún myndi bjóða sín fríðindi, og með því móti gæti svo farið, að þeir, sem leyfið fengju, gætu sett skilyrði, sem ekki væru æskileg. Þess er t. d. skemmst að minnast um Hafnarfjörð. Þegar erlent félag settist þar að, varð að semja við það um útsvar og skattgreiðslur, sem alveg er gagnstætt tilætluninni. Ef leyfið er bundið við ákveðinn stað, þá á slíkt ekki að koma til greina. Þar að auki er þess að gæta, að á þeim firðinum, sem næst mundi standa, Norðfirði, eru ekki líkindi til, að útlendingar myndu reisa síldarbræðslu. Bærinn þar á fiskimjölsverksmiðju, sem ekki mundi kosta nema 200—250 þús. kr. að breyta í síldarbræðslu, eftir því sem upplýst var í Ed. Ég held því, að eftir atvikum sé heppilegast að hafa þetta ákvæði óbreytt í frv.

Þá leggur n. til, að heimildin til stj. til að leyfa verksmiðjunni að kaupa síld af erlendum skipum sé niðurfelld. Ég lít svo á, að ef á annað borð eru sett slík lög sem þessi, í því skyni að bæta úr atvinnubrestinum eystra, þá eigi að ganga svo frá þeim, að sterkar líkur verði til þess, að einhver útlendingur sæki um leyfið. En ég hygg, að það séu töluvert minni líkur til þess, ef þetta verður fellt burt. Að vísu er það rétt, sem hv. frsm. sagði, að stj. hefir, samkv. túlkun á gildandi lögum, heimild til að leyfa síldarbræðsluverksmiðjunum að kaupa afla af erlendum skipum að einhverju leyti. En þessi undanþága var veitt með sérstöku tilliti til þeirra verksmiðja, sem til voru áður en fiskveiðalögin voru sett og þóttu verða hart úti, væri það algerlega bannað. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur nýtt fyrirtæki. Það er mjög undir hælinn lagt, að nokkur fáist til að reisa verksmiðjuna, og því minni líkur til þess, ef þessi heimild er ekki í lögunum. En hættan er engin. Heimildin er engu ríkari í frv. en í fiskveiðalögunum samkv. þeim vinsamlega skilningi, sem virðist orðin viðtekin regla í framkvæmd laganna. Hinsvegar eru líkur til þess, að hið erlenda fyrirtæki þættist betur tryggt, ef heimildin er beinlínis tekin upp í sérleyfislögin sjálf.

Þá kem ég að brtt. minni á þskj. 650. Það er alveg rétt, að með henni er bein-

línis brotið í bága við fiskveiðalögin, enda er hún þess vegna borin fram í frv.-formi. Ástæðurnar fyrir henni eru tvær. Í fyrsta lagi hið fyrirsjáanlega stórkostlega atvinnuleysi verkafólks á Seyðisfirði á þessu ári. Ég get í þessu sambandi minnt á þá áskorun, sem Alþingi hefir borizt frá Seyðfirðingum, um að leyfa erlendum síldveiðiskipum að leggja afla sinn þar á land til verkunar í sumar. Í öðru lagi er með þessu reynt að tryggja bátum og fiskimönnum þar eystra sölu á síld. En það er fyrirsjáanlegt, að mönnum þar er um megn að fá tunnur og salt fyrir síldveiðina í sumar. Það er ætlazt til, að bæjarstj. verði að mæla með því, að heimildin sé veitt. Ég hefi hugsað mér svo frá þessu gengið, að þeir, sem fengju söltunarleyfið, skuldbindu sig til að kaupa svo og svo mikið af síld í hlutfalli við þann afla, sem þeir sjálfir legðu á land. Með þessu væru þá tvær flugur slegnar í einu höggi: Aukin atvinna við verkun síldarinnar og fiskimönnum gert kleift að stunda síldveiðar. Að af þessu stafi nokkur hætta, fé ég ekki séð. Heimildin er bundin við þetta eina ár og þennan eina stað. Ef farin væri sú leið, sem hv. frsm. benti á, að veita almenna heimild, en binda hana ekki við ákveðinn stað, þá væri miklu meira lagt í hættu. Það gæti orðið til þess, að miklu meira síldarmagn kæmi á land, svo mikið, að það gæti haft áhrif á verðlagið.

Ég get vel orðið við þeim tilmælum hv. frsm. að láta atkvgr. um till. mína bíða til 3. umr. Ég sé þess að vísu enga þörf, en ef n. vill athuga till. milli umr., þá er ég ekkert á móti því. En brtt. n. er ég á móti.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Mér þykir vænt um, að hv. þm. ætlar að verða við tilmælum mínum um að taka brtt. sína aftur til 3. umr. Þar á móti skal ég heita honum því, að henni skal verða haldið til skila og hún athuguð af n. til 3. umr. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um hana nú, þótt ég sé nokkuð annarar skoðunar en hv. flm. um ýms atriði.

Hv. flm. sagði, að brtt. sjútvn. væru ekki til bóta. Við litum nú öðruvísi á það mál, og mér finnst hv. flm. geta verið sæmilega ánægður með þessa afgreiðslu, þegar þess er gætt, að hann hefir á engan hátt gert það sennilegt, að fyrir lægi nokkurt áform eða umsókn frá erlendu félagi um að fá þetta leyfi. Hann hefir heldur ekki reynt að sýna fram á, að erlent fjármagn sækti sérstaklega á Seyðisfjörð. Við höfum litið með velvilja á þetta mál, en höfum fært frv. í það form, að heimildin gæti náð til fleiri staða en Seyðisfjarðar, ef tiltækilegra þætti að reisa stöðina annarsstaðar. Hv. flm. getur eftir atvikum verið ánægður með þessa afgreiðslu.

Hvað það snertir, að þetta geti leitt til metings milli fjarðanna um að fá verksmiðjuna til sín, þá virðist mér það vera þýðingarlaus mótbára. Sá, sem vill hætta fé sínu í að reisa verksmiðju hér á landi, leggur það sjálfur niður fyrir sér út frá praktiskum ástæðum, hvar heppilegast muni að bera niður um slíkt fyrirtæki. Metingur á milli fjarðanna fær engu um þokað í því efni, þó að upp kynni að koma. Og það getur eins komið fram, þó að um Seyðisfjörð einan væri að ræða í þessu sambandi, að þetta erlenda félag, sem kynni að vilja reisa þarna verksmiðju, setti það sem skilyrði gagnvart bæjarfélaginu, að fyrirtækið verði ekki drepið í sköttum. Þótt hv. flm. fengi frv. samþ. óbreytt, þannig, að útlendingum leyfðist aðeins að reisa og starfrækja slíka síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði, má ganga að því vísu, að það komi til athugunar milli bæjarfélagsins og hins væntanlega atvinnurekanda, hvers hann á að vænta um skattaálögur af hálfu bæjarins félagi sínu til handa. Slíkt kemur jafnt til greina hvort heldur sem um Seyðisfjörð eða aðra staði er að ræða. — Hinsvegar fannst n. það sanngjarnt, landsfjórðungsins vegna, að hafa þetta leyfi ekki bundið við neinn ákveðinn stað, svo að það erlenda félag, sem í þetta fyrirtæki kynni að vilja ráðast, gæti reist verksmiðjuna annarsstaðar, ef svo byði við að horfa. Hv. þm. Seyðf. hefir hér lýst kostum Seyðisfjarðar til þessara hluta með mörgum orðum, en aðrir telja hinsvegar, að Norðfjörður liggi bezt við í þessu efni, og verða kunnugir menn auðvitað að skera úr þessu, en hvorki við í sjútvn. né hv. þm. Seyðf., og því taldi n. rétt að hafa þetta óbundið fyrir stj. og

heimila henni að veita leyfið hvar sem er á Austfjörðum. Þar sem auk þess litlar vonir eru til þess, að slík heimild verði notuð, þó að veitt verði, er ekki ástæða til að vekja sérstaklega vonir hjá Seyðfirðingum í þessu efni, en betra að hafa heimildina almenna, og þar að auki má og ef til vill fremur vænta þess, að áhugamönnum kynni að takast að leysa málið í samráði og samvinnu við útlendinga, ef svo er frá þessu gengið. Á Norðfirði er þannig fiskimjölsverksmiðja, og kostar ekki eins mikið að gera hana svo úr garði, að hún geti unnið mjöl úr síldinni, eins og kosta mundi að reisa slíka verksmiðju af stofni annarsstaðar. Mundi ekki verða eins erfitt að leysa málið, ef Norðfjarðarkaupstaður t. d. gengi í það í félagi við eitthvert erlent félag, sem í slíkt vildi ráðast, að koma upp síldarvinnslu á Norðfirði, því að það hagar á margan hátt vel til um það að setja síldarvinnsluna í samband við fiskimjölsverksmiðjuna, sem þar er fyrir. Renna þess vegna margar og sterkar stoðir undir þessa brtt. n., að binda heimildina ekki við Seyðisfjörð eingöngu.

N. vill ekki að svo stöddu ganga inn á þá braut að breyta fiskveiðalöggjöfinni frá 1922 og hefir því fellt niður síðari hl. frvgr. í till. sínum. Fiskveiðalöggjöfin getur verið umdeilt efni, og skal ég ekkert um það segja nema þörf sé á að endurskoða hana, og mér er þó nær að halda, að svo sé, en ég vil, að slík endurskoðun fari fram sem heildarendurskoðun, en ekki með einstökum lögum, sumpart viðvíkjandi saltfiski og sumpart viðvíkjandi síld, sem taka til einstakra lögsagnarumdæma, þannig, að löggjöfin leyfi á einum eða fleiri stöðum það, sem hún þó almennt bannar, því að vitanlega leiðir slíkt til þess, að einn kemur á eftir öðrum og heimtar sömu réttindin fyrir sig, og niðurstaðan verður svo sú, að fiskveiðalöggjöfin frá 1922 stendur með öllum sínum hömlum og þröskuldum fyrir viðskiptum útlendinga hér í þessum efnum, en öll með smugum og götum fyrir einstök lögsagnarumdæmi. Þó að hér sé að vísu um bjargráðaráðstafanir að ræða, verður þetta að vera í samræmi hvað við annað, svo að hinum einstöku lögsagnarumdæmum sé ekki gert mishátt undir höfði, því að það er vitanlegt, að þessum ástæðum er víðar við að bera, ef fullnægjandi þykja, en á Austurlandi einu. Ég þykist og vita, að hv. flm. hljóti að sjá það að athuguðu máli, að till. n. eru velviljaðar þessari hugmynd hans, ef rétt er á þær litið, og að n. hefir gengið eins langt í því að reyna að gera honum til geðs og hann frekast gat búizt við. Það verður að taka tillit til fleira en eins kjördæmis og hagsmuna þess eins um afgreiðslu slíks máls sem þessa. N. treysti sér ekki til að ganga lengra að því er það snertir, að erlend skip fái að leggja veiði sína hér á land, en fiskveiðalöggjöfin heimilar, eins og hún hefir verið skilin og framkvæmd, og getur hv. flm. ekki heldur ætlazt til meira af n. eins og sakir standa.

Haraldur Guðmundsson: Ég þykist sjá, að það stoði lítið að deila við hv. sjútvn. um þessa hluti. Skal ég játa það, að þótt heimildin sé ekki bundin við Seyðisfjörð, er það betra en ekkert, ef frv. verður samþ. eins og það yrði skv. brtt. n.

Hv. frsm. sagði réttilega, að þótt frv. væri samþ., væri engin trygging fengin fyrir því, að útlend félög eða menn vildu hætta fé sínu í það að reisa þessa síldarbræðsluverksmiðju, en ég vil út af þessu leyfa mér að benda á það, að með því að fella niður síðari hl. frvgr., eins og n. vill gera, eru líkurnar þó gerðar enn minni fyrir því, að þetta geti orðið. Ég held því, að það sé misráðið að fella síðari hl. gr. niður, jafnvel frá sjónarmiði hv. frsm. Það er að vísu rétt, að eins og fiskveiðalöggjöfin hefir verið framkvæmd, hefir fengizt leyfi til að kaupa síld af erlendum skipum, og mér þykir trúlegt, að ef síldarverksmiðja yrði reist á Seyðisfirði, mundi slíkt leyfi verða veitt, ef verksmiðjan gæti ekki fengið nóga síld frá ísl. skipum, en ég hygg hinsvegar, að þetta mundi ekki verða notað í ríkara mæli, þótt leyfið væri veitt í l., en ekki byggt á skilningi eða framkvæmd fiskveiðalöggjafarinnar frá 1922. Fyrir útlending, sem vildi leggja fram fé til að reisa og starfrækja þarna verksmiðju, væri þetta hinsvegar miklu aðgengilegra, ef gert væri ráð fyrir þessari heimild í sömu l. og hafa að geyma sjálfa sérleyfisheimildina. Ef fara á inn á þá braut á annað

borð, eins og ég tel nauðsynlegt, að gera erlendu fjármagni hægara fyrir með að komast inn í landið til starfrækslu hér, verður að ganga svo frá því, að þetta komi að haldi. Annars er þýðingarlaust að vera að setja l. um þetta efni.

Ég skal ekki fara út í fiskveiðalöggjöfina almennt. Við erum sammála um það, hv. frsm. og ég, að tími sé kominn til að endurskoða fiskveiðalöggjöfina, en hinsvegar greinir okkur á um, hvernig bezt sé að byrja á því. Eins og þingið er skipað nú, er þess ekki að vænta, að þessi löggjöf verði endurskoðuð í heild sinni, og álít ég enda skynsamlegast að þreifa sig áfram með því að veita undanþágur á einstökum stöðum og sjá, hvernig færi, því að með því móti er hægt að sjá það, hvort útlendingum er það jafnmikið kappsmál og þeim var að fá tækifæri til atvinnurekstrar hér á landi. Ef þeim er það ekki, gerir fiskveiðalöggjöfin engan skaða, en ef það hinsvegar reynist að vera enn mjög eftirsótt af erlendum mönnum að koma hér upp og reka útgerðarfyrirtæki, skal ég fyrir mitt leyti fallast á, að rétt sé að setja skorður við því, að hér rísi of ört upp atvinnufyrirtæki af þessum ástæðum, sem draga að sér fjölda fólks, en standa þó aðeins skamma stund og skilja fólkið svo eftir atvinnulaust. Tel ég heppilegast í þessu efni að fara þessa leið, að veita takmarkaðar undanþágur frá fiskveiðalöggjöfinni, bundnar við ákveðin svæði, og sjá, hvernig það gæfist, og við þetta eru till. okkar flm. þessa frv. einmitt miðaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Þó að mér þyki slæmt, að heimildin sé ekki bundin við Seyðisfjörð, þykir mér þó hitt meiri galli, að ekki sé jafnframt bent til þess í l., að heimild muni fást til að taka við veiði af erlendum skipum, og ég vildi því mega óska þess, að n. reyndi að finna eitthvert annað orðalag á þessu fyrir 3. umr., svo að útlendingum þeim, sem kynnu að vilja ráðast í þetta fyrirtæki, væri a. m. k. gefið undir fótinn með það í l., að ekki yrði bannað að taka síld af erlendum skipum, ef veiði ísl. skipanna skyldi ekki verða nóg. Með því móti má telja meiri líkur til þess, að erlent fé fengist lagt fram í þessu skyni.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. hefir haldið vel á þessu máli, og hefi ég því litlu við að bæta, en af því að ég er staðkunnugur á vettvangi, þykir mér rétt að gera nokkrar aths. í sambandi við málið.

Hv. frsm. benti réttilega á það, að með brtt. n. er þetta fært út á víðara svið en það hefir eftir frv., með því að opna möguleikana fyrir því, að þetta bræðslufyrirtæki geti, ef svo vill verkast, komizt upp annarsstaðar en á Seyðisfirði. Er ég sannfærður um það, að þetta er heppilegra, bæði vegna þess gagns, sem af þessu leiðir, og líka með tilliti til þess væntanlega útlendings, sem leggja vildi fram fé í þetta fyrirtæki. Það er þrengra svið fyrir samninga, ef miðað er við Seyðisfjörð einan, og verður sennilega ekki um jafnmargvísleg og góð kjör að ræða, ef þetta er bundið við þennan eina stað, eins og líklegt er, að verði, þegar um er að ræða marga staði, og má af þessum ástæðum tela meiri líkur til þess, að þetta fyrirtæki geti komizt upp, ef heimildin verður samþ. eins og hún yrði skv. till. n.

Hv. flm. sagði, að heppilegast mundi verða að hafa bræðsluna á Seyðisfirði, vegna síldveiðanna, og þó einkum vegna veiðanna við Langanes. Út af þessu vil ég leyfa mér að benda á það, að undanfarið hefir lítið verið veitt af síld norðan Seyðisfjarðar, en aðallega inni á fjörðunum sjálfum, milli annesja, og tiltölulega fáir leitað norður eftir. Af þeim stöðum, sem um er að ræða fyrir þessa væntanlegu síldarbræðslu, álít ég, að telja megi 4 nokkurn veginn jafngóða, en þessir staðir eru: Seyðisfjörður, Mjóifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður, og reyndar ef til vill líka Fáskrúðsfjörður, sem liggur þó á suðurjaðri þessa svæðis, eins og Seyðisfjörður liggur nyrzt. Landfræðilega séð er ljóst, að Norðfjörður stendur bezt að vígi um veiðarnar, og önnur skilyrði fyrir rekstur síldarbræðslu eru þar jafngóð og á Seyðisfirði. Hinsvegar liggur Seyðisfjörður ekki á miðju svæði, en meir til annarar hliðarinnar, og þess vegna áleit n. ekki rétt að einskorða fyrirtækið við Seyðisfjörð, en opna heldur möguleikana fyrir því, að væntanlegur verksmiðjueigandi geti sjálfur valið á milli staðanna og þannig —

ef svo vildi verkast — komizt að haldkvæmari samningum um kaup eða leigu á landi og lóð.

Hv. flm. taldi, að sérstaklega bæri að líta á það í þessu máli, hver nauðsyn væri að bæta úr hinu mikla atvinnuleysi á Seyðisfirði. Ég veit, að atvinnuleysið er mikið á Seyðisfirði, en það er þó líklega engu minna á Norðfirði, enda er Norðfjörður fólksfleiri, og vitaskuld er Seyðisfjörður ekki útilokaður í þessu sambandi skv. till. n., ef svo færi, að hinn væntanlegi bræðslustöðvareigandi kysi heldur að setjast þar að en á Norðfirði.

Hvað þá ástæðuna snertir, að þessi væntanlegi bræðslustöðvareigandi mundi bæta úr vöntun á salti og tunnum á þessu sumri, ef til kæmi, þá er því til að svara, að nú er talsvert til af þessum varningi fyrir, en auk þess hefi ég séð það auglýst í blöðunum, að síldareinkasalan hafi nógar birgðir af tómtunnum, sem hægt mundi að ná til, og ætla ég, að þær muni fást með eins aðgengilegum kjörum eins og þó að fengnar væru beint frá útlöndum gegnum selstöðumenn, sem hér settust að.

Ég skal svo ekki tefja tímann með því að hafa þessi orð fleiri, en vil aðeins að lokum lýsa yfir því, að brtt. n. eru sprottnar af velvild til málsins, og hefir hún komið fram með þær í þeirri von, að ef þær verða samþ., yrði takmarkið nær en verða mundi, ef frv. væri samþ. óbreytt eins og það kom frá hendi flm. Það er engu síður áhugamál n. en hv. flm., að þetta geti orðið að liði — sem fyrst og sem almennast.

ATKVGR.

Brtt. 653 (ný 1. gr.) samþ. með 12:5 atkv.

— 650 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr., með þeirri breyt., að í stað „Seyðisfirði“ kemur: Austurlandi.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 672, 650).

Haraldur Guðmundsson: Ég gerði nokkra grein fyrir þessari brtt. minni hér við 2. umr. málsins. Ástæðan til þess, að hún er flutt, er í fyrsta lagi sú, að hingað hefir borizt til hv. Alþ. áskorun og beiðni frá Seyðisfirði um að veita erlendum skipum leyfi til að leggja þar síld á land til verkunar í sumar. Mér þótti fara vel á því að flytja það mál sem brtt. við þetta frv. um heimild til að leyfa erlendu félagi að setja upp síldarbræðslu, sérstaklega ef hún yrði sett á Seyðisfirði, þó búið sé nú að breyta frv. í það horf, að heimila megi að setja hana á hvaða stað sem er á Austfjörðum. Með þessu væri það tryggt, að síldveiðar yrðu reknar af Austurlandi í sumar og að það fengist reynsla fyrir því, hvernig það gefst að reka síldveiðar frá þeim stað. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé enginn vafi á því, að það sé sannað, að það sé heppilegur staður fyrir síldarbræðslu á Seyðisfirði, en reynslan í sumar ætti að árétta það, og þætti mér þá líklegt, að erlendir menn mundu líklegri eftir en áður til að setja fé í að koma þar upp bræðslustöð.

Ég fæ ekki séð, að það sé neitt, sem mælir gegn því að samþ. þessa brtt. Ríkisstj. hefir það í hendi sér að setja þessu leyfi svo þröngar skorður sem henni lízt. Bæði getur hún takmarkað þann skipafjölda, sem megi leggja síld á land til verkunar, og eins aflann, sem leggja megi á land alls.

Ennfremur drap ég á það við 2. umr., að það ætti að vera skilyrði fyrir því, að leyfið yrði veitt, að menn sömu þjóðar eða helzt félagið, sem fengi leyfi til að leggja síld á land til verkunar, skuldbindi sig til að kaupa síld af bátum innan héraðs eða öðrum innlendum bátum í einhverju ákveðnu hlutfalli við þá síld, sem það legði á land til verkunar. Með þessu ynnist tvennt í sumar fyrir héraðsmenn; í fyrsta lagi yrði bætt úr atvinnuleysi í landi, sem mjög er tilfinnanlegt á Seyðisfirði og í öðru lagi væru með því skapaðir möguleikar fyrir bátaútveginn þar til þess að selja síldina, sem nú, eins og ástandið er, getur ekki selt síldina án þess að fá einhversstaðar lánað fé til að kaupa salt og tunnur, en til þess eru litlar líkur, að útgerðarmenn geti af eigin ramleik gert það, eins og nú er ástatt.

Þetta ætti að geta nægt til að skýra

þessa brtt. mína fyrir hv. dm., til viðbótar þeim skýringum, sem ég gaf á henni við 2. umr. Og þess er að vænta, að þó hv. d. féllist á að veita þessa mjög svo takmörkuðu heimild þetta eina sumar, að það drægi ekki neinn dilk á eftir sér.

Ég hefi ástæðu til að ætla, að útlendir menn mundu vilja nota þessa heimild, ef hún fengist, þó af skornum skammti yrði veitt, t. d. fyrir 10000 tunnur, eins og til orða hefir komið.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi nú ekki getað borið þessa brtt. undir sjútvn. á fundi, en ég hefi talað um hana við nefndarmennina, og það er mjög skiptar skoðanir um hana, svo segja má, að þeir hafi um hana óbundin atkv.

Því er nú ekki að neita, að þessi brtt. brýtur algerlega í bága við þá löggjöf, sem nú gildir hér um aðgang erlendra veiðiskipa að því að leggja hér afla á land. Það kann vel að vera, að það sé ýmislegt, sem mæli með því að gera þessa undantekningu fyrir Seyðisfjörð, en ég efast þó mjög um, að það sé rétt að opna þannig landið að þessu leyti fyrir einn stað, því þá er sennilegt, að aðrir muni koma á eftir og gera sömu kröfu, þegar þeir af atvinnuástæðum telja það heppilegt að leyfa erlendum skipum að leggja hér upp afla sinn.

Mig undrar það ekki, sem hv. þm. sagði, að það mundu fást útlendingar til að leggja hér á land afla og salta hann hér. En því meira, sem gert er að því að leyfa útlendingum að leggja hér á land síld og salta hana, því meira minnka sölumöguleikarnir á íslenzkri síldarframleiðslu. Því má ekki gleyma.

En sem sagt, n. hefir óbundin atkv. um þetta mál. En að því er sjálfan mig snertir, þá treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með því að upphefja fiskveiðalöggjöfina á þennan hátt fyrir eitt pláss á landinu, eins og nú standa sakir, aðallega vegna fordæmisins. Hinsvegar mundi ég fylgja því, að fiskveiðalöggjöfin í heild væri endurskoðuð, eins og ég drap á við 2. umr.

Haraldur Guðmundsson: Það er vitaskuld alveg rétt hjá hv. þm. Vestm., að það, að erlendum manni er leyft að leggja hér síld á land og verka hana, brýtur algerlega í bága við fiskveiðalöggjöfina. En einmitt vegna þess að ég vissi, að undanþága sú, sem hér er farið fram á, var ekki heimil samkv. gildandi lögum, þá hefi ég tekið þá aðferð að flytja till. í frv.formi um að veita þessa heimild. Þar sem svo stendur á sem á Seyðisfirði, að innlendir menn treysta sér ekki til að fullnægja þeirri atvinnuþörf, sem er í bænum, þá sýnist það vera hróplegt ranglæti gagnvart bæjarbúum að meina útlendingum að efna þar til atvinnurekstrar. Hinsvegar er það rétt, ef hér væri um verulega mikið af síld að ræða, að þá gætu áhrifin orðið þau, að verð á íslenzkri síld lækkaði, og því dugir ekki að veita slíka heimild sem hér er farið fram á í mjög stórum stíl. Hér er hugmyndin aðeins að fá heimild til þess að útlendingar megi leggja upp síld sem svarar 10 þús. tn., og það fullyrði ég, að er svo lítið, að það getur engin áhrif haft á verðlag á íslenzkri síld. Sú hætta, sem sumir hv. þm. hugsa sér í sambandi við þessa heimild, var mjög ýkt af hv. þm. Vestm. Hér mundi ekki verða að ræða um önnur erlend síldarskip en þau, er hefðu veitt hér við land hvort sem var og saltað utan landhelgi sinn afla, en þeirra samkeppni getur nú einmitt verið sú allra hættulegasta, sérstaklega þegar viðrar eins og síðastl. sumar. Sé aftur á móti stirt veðurfar, þá er samkeppni þeirra ekki eins hættuleg. Nú sem stendur getur hvorugur okkar um það spáð, hvernig viðra muni næsta sumar; með það rennum við báðir jafnblint í sjóinn, en annars hygg ég, að hv. þm. fallist á, að 10 þús. tunnur af síld sé ekki hættuleg viðbót við íslenzka síldarframleiðslu. Ég get verið sammála hv. þm. um það, að nauðsynlegt sé að endurskoða fiskveiðalöggjöfina, en þar sem nú er orðið svo áliðið þings, þýðir ekki um það að ræða, því ekki er tækifæri lengur til að breyta lögunum á þessu þingi, en það er alveg eins hægt að samþ. þessa heimild fyrir því, þar sem henni er aðeins ætlað að gilda eitt sumar.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir með hv. þm. Vestm. um þá hættu, sem af því stafar, ef þessi undanþága verður veitt. Það er að vísu svo, að það magn

síldar, sem farið er fram á að gefa leyfi fyrir, er ekki svo mikið, að það hafi áhrif á síldarverðið, en það er hitt, sem alvarlegra er, að með þessu er stigið fyrsta sporið til þess að opna fiskveiðalöggjöfina og rjúfa þá skjaldborg, sem hún hefir verið sjómönnum þessa lands. Það er vitanlegt, að þegar slíkt leyfi sem þetta væri veitt á einum stað, þá koma strax aðrar verstöðvar þessa lands og heimta samskonar undanþágur. (BSt: Slíkar beiðnir eru þegar komnar fram). Og það er eðlilegt, að þær kröfur verði öflugri frá hinum stærri síldarstöðvum, en þegar á annað borð er búið að opna þennan möguleika, þá verður gersamlega ómögulegt að neita einum, þegar öðrum er leyft. Alveg það sama gildir gagnvart þeim útlendingum, sem veiði stunda hér við land. Þegar einhverri þjóð hefir verið leyft að leggja hér upp síld, koma aðrir á eftir. Bæði Norðmönnum og Svíum er ljóst, hvílík hagsbót væri í því fyrir þá að mega leggja hér á land veiði sína. Þeir mundu áreiðanlega reyna að ganga á lagið, þegar þeir álíta, að við Íslendingar séum gengnir inn á þá braut að slaka til á fiskveiðalöggjöfinni. Þeir vita það vel, að þegar vel viðrar, geta þeir saltað utan landhelgi, en þegar illa viðrar, þá er sá atvinnuvegur þeirra beinlínis dauðadæmdur og ekki hægt að reka hann nema með bláberu tapi. Þess vegna er þeim mjög illa við þær takmarkanir, sem settar hafa verið hér á landi í þessu efni. Það takmark, sem þessar þjóðir eru að keppa að, er að afla sjálfar þeirrar síldar, sem þær þurfa að nota; með því eru þær að taka í eigin hendur þá framleiðslu, sem við höfum haft fyrir atvinnu, og afleiðingin yrði sú, að útiloka gersamlega Íslendinga frá þessum atvinnuvegi.

En nú er ekki einasta, að þetta gildi um síldveiðar útlendinga; samskonar kröfur munu áreiðanlega koma frá þeim útlendingum, sem stunda aðrar fiskveiðar hér við land. Það skiptir vitanlega afskaplega miklu máli fyrir þá að fá leyfi til að leggja hér upp afla sinn og losast við það að þurfa að sigla óraleið heim til sín með aflann, þegar skipin eru orðin hlaðin, og eyða til þess miklu af hinum dýrmæta veiðitíma, sem annars mætti nota til aukinnar fisköflunar. Um þessa tegund af fiskveiðum útlendinga er alveg sama að segja og um síldveiðina, að ef þeir fengju bætta aðstöðu, þá mundu þeir draga úr okkar höndum einnig þessa tegund veiðinnar og eyðileggja það öryggi, sem fiskveiðalöggjöfin veitir. Ég hygg, að við eigum að láta reynslu síðustu ára benda okkur á það, að vissast sé að halda fast við okkar rétt og gefa hvergi eftir, því það mundi áreiðanlega koma okkur í koll sjálfum síðar. Þess vegna verður ógerningur að ganga inn á þetta frv. Þó atvinnuhorfur á Seyðisfirði séu slæmar, þá er ekkert vit í því að fara út í þann háska að slaka til á þeim varnaðarráðstöfunum, sem felast í fiskveiðalöggjöfinni.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda á það í sambandi við þessar almennu hugleiðingar hv. þm. Borgf., sem ekkert koma þessu máli við, að hér er aðeins um það að ræða að veita undanþágu með lögum á einum stað fyrir aðeins eitt sumar, og það fyrir örlítið „kvantum“ af síld, sem öllum kemur saman um, að sé svo lítið, að það geti engin áhrif haft á verð síldar. Að komið geti fram kröfur frá Siglfirðingum eða öðrum síldveiðistöðvum hér á landi, og jafnvel frá útlendingum, vegna þessarar undanþágu, það er vitanlega ómögulegt að segja um, en það snertir ekkert þetta mál og eru algerlega hugleiðingar út í loftið. Þó Alþingi veiti Seyðfirðingum þetta leyfi vegna yfirvofandi báginda fólksins vegna atvinnuleysis, þá er ekki þar með veitt neitt leyfi fyrir aðra staði á landinu.

Hugleiðingar hv. þm. Borgf. út af rýmkun fiskveiðalaganna koma ekkert þessu máli við. Hér er aðeins farið fram á eina litla undanþágu, sem á að veita einum ákveðnum stað fyrir ákveðinn stuttan tíma og af alveg sérstökum ástæðum.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. flm. hélt því fram, að það væri hróplegt ranglæti, ef Seyðfirðingum væri ekki veitt það leyfi, sem hér er farið fram á. Út frá þeim skoðunum hv. þm. get ég vel skilið ofurkapp hans og skrifa það á reikning þeirra.

Hann benti á það, að hugmyndin væri að veita mjög takmörkuðum fjölda skipa

heimild til að leggja upp síld og að síldarbræðslan keypti bæði af erlendum og innlendum skipum, en um þetta stendur ekki einn stafur í frv. (HG: Það ákvæði getur bæjarstj. sett). Það getur vel verið, að bæjarstj. finni upp á því að setja ýms ákvæði um þetta leyfi, en fyrir því er engin trygging í frv. Það er nú ekki svo að skilja, að við gerum aðeins ráð fyrir því, að þessi undanþága mundi stuðla til þess, að kröfur um samskonar réttindi kæmu fram frá öðrum stöðum, heldur eru þær þegar komnar fram. Frá Siglufirði liggur fyrir umsókn um að fá undanþágu frá fiskveiðalögunum í 10 ár. Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að erfitt er að veita slíkar undanþágur; það er svo erfitt að gera upp á milli þeirra, sem sækja um þær. Ég sé ekki, hvers vegna endilega á að daufheyrast við kröfum Siglfirðinga samhliða því, sem Seyðfirðingum væri veitt leyfi. Það er því ekki ranglæti, sem við byggjum á með því að vilja ekki leyfa undanþágu á einum stað fremur en öðrum, heldur réttlæti, að vilja láta alla búa við sömu aðstöðu hvað lagafyrirmæli snertir í þessu efni. Annars þarf hv. þm. ekki að undra það, þó bæði ég og aðrir taki þunglega till. frá Austurlandi sem þessari. Þær eru nú orðnar dálítið margar og stefna allar í þá sömu átt að vilja rjúfa skörð í þann varnargarð, sem fiskveiðalöggjöfin er fyrir sjávarútveginn. T. d. barst hingað fyrir skömmu símskeyti frá bæjarstj. á Seyðisfirði til atvmrn. um að fá leyfi til að mega taka fisk af útlendum skipum til verkunar og að Norðmönnum yrði veitt söltunarleyfi til 10 ára, líkt og sótt hefir verið um frá Siglufirði. Og sjálfur þm. kjördæmisins flytur ýms frv. hér í hv. d., er fara í svipaða átt. Nú er það svo, að stj. hefir í hendi sér samkv. gildandi löggjöf að rýmka fyrir norskum veiðiskipum rétt til hlunninda hér við land. (HG: Það er bara með sölu). Það má vera, að undanþáguheimild Norðmanna gildi raunar ekki nema um sölu, en hingað til hefir sú heimild þótt nægileg, og þar sem hér er ekki nema um 10 þús. tunnur að ræða, þá sé ég ekki annað en að hægt væri að fá því framgengt eftir gildandi heimild. Ég tel, að Alþingi ætti ekki að draga úr því, að stj. noti þessa heimild, ef það er rétt, að kaupstaðurinn komist ekki af án þeirrar hjálpar, sem í því felst að fá þessar 10 þús. tunnur þar á land. Og úr því ekki er um meira að ræða, þá get ég ekki séð, að það þurfi sérstaka lagasetningu til þess að fá þessa undanþágu, heldur geti stj. veitt leyfi samkv. þeirri heimild í samningum milli Íslands og Noregs, sem ég áðan benti á. Þó ég sé mótfallinn frv., sem eins og bent hefir verið á gengur í þá átt að rjúfa skarð í fiskveiðalöggjöfina, þá tek ég það fram, að ég mun ekki átelja stj., þó hún leyfi, að sú síld, sem rætt er um, verði hér lögð á land, og láti með því Seyðisfjörð njóta líkrar undanþágu og gilt hefir á Norðurlandi viðvíkjandi erlendum skipum.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki þreyta hv. þd. á kappræðum um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess, að þó ekki sé um meira að ræða en er í till. hv. þm. Seyðf., þá felast í henni allir þeir hættumöguleikar, sem til eru í þessum efnum. Eins og bent hefir verið á, munu útlendingar hiklaust líta á þessa undanþágu, ef veitt verður, sem merki um það, að Íslendingar séu að hverfa frá þeirri stefnu, sem þeir hafa fylgt með fiskveiðalöggjöfinni, og það þarf sjálfsagt ekki að fara í neinar grafgötur til að finna það, að þeir munu ganga á lagið og gera kröfur til þess, að engri þjóð verði gert lægra undir höfði en annari, og þá mun verða erfitt fyrir okkur að standa á móti slíkum kröfum. En afleiðingin af þessu verður óhjákvæmilega sú, að fiskveiðar útlendinga færast mjög í aukana hér við land, en að sama skapi þrengjast á erlendum markaði sölumöguleikar á þeim fiski, sem við öflum, og hlýtur þetta því að leiða til mikils hnekkis á þessum atvinnurekstri landsmanna.

Út af ummælum hv. þm. Vestm. um það, að ríkisstj. gæti án lagabreyt. veitt útlendingum leyfi til að leggja upp síld á Seyðisfirði, þá get ég ekki tekið undir það. Þvert á móti vil ég leggja varnað við því, að stj. fari hænufet lengra í þessum efnum heldur en lögin heimila. Það er sama hætta í þessum efnum, hvort stj. eða þing veitir þessa undanþágu, en það er tvöföld hætta, ef slíkar undanþágur eru gerðar í trássi við landsins lög.

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi mega út af orðum hv. þm. Vestm., þar sem hann álítur, að heimild sé í gildandi lögum fyrir stj. til þess að veita þá undanþágu, sem hér ræðir um, án þess að sérstök lög væru um það samþ. á Alþingi, beina því til hæstv. stj., hvort hún er sammála hv. þm. Vestm. í þessu efni. Ef hæstv. stj. gæfi slíka yfirlýsingu þá mundi ég með mestu ánægju taka till. aftur. Annars vildi ég í sambandi við skoðanir hv. þm. Vestm. á þessu máli taka það fram, að mér er ekki kunnugt um, að sú undanþága, sem um er rætt, hafi nokkurntíma verið veitt, nema með sölu erlends fiskjar í landi, en ekki til verkunar. En nú er lokað fyrir sölu vegna þess, að bankarnir hafa neitað um peninga til að yfirfæra greiðslur fyrir fisk af erlendum skipum og lán til slíkra kaupa. Einmitt þetta er aðalástæðan til þess, að við hv. 1. þm. S.-M. höfum borið fram þetta frv., til þess að reyna að skapa atvinnumöguleika í skarðið fyrir það, sem tapast vegna þess, að Austfirðingar geta nú ekki eins og að undanförnu haft atvinnu af því að kaupa fisk af erlendum skipum.

Annars get ég tekið það fram almennt um þau frv. hér í hv. d., sem sérstaklega snerta Austfirði, að þau eru miðuð við það sérstaklega ískyggilega ástand, sem þar er nú, þar sem ekki verður annað séð en Austfirðir ætli að leggjast í auðn eins og nú horfir. Þess vegna hefir okkur dottið þetta ráð í hug, að reyna að opna í bili fyrir erlendu fjármagni, til þess að vita, hvort með því er ekki hægt að skapa atvinnu, er bjarga megi Austfjörðum yfir þessa erfiðu tíma.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf. vil ég taka fram tvennt: Ég er ekki viðbúinn að svara því að vörmu spori, hvort ég tel heimilt að veita þá undanþágu, sem hér er rætt um, eftir þeim heimildum, sem nú gilda, en hitt er það, að jafnvel þó heimild væri fyrir hendi til þessa, þá mundi ég, ef til kæmi, enga slíka undanþágu veita án þess að ráðfæra mig við sjútvn. beggja deilda þingsins, eða þá við miðstjórnir stjórnmálaflokkanna, ef þingi væri slitið.

Haraldur Guðmundsson: Eftir að hafa hlustað á þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. verð ég að lýsa yfir því, að ég get ekki treyst því, að undanþága þessi verði veitt samkv. þeim heimildum, sem fyrir hendi eru, og get ég því ekki tekið tillögu mína aftur.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Vegna þess að hv. þm. Seyðf. fór ekki rétt með orð mín, vildi ég leiðrétta, svo sæist í þingtíðindunum það, sem hann fór rangt með. Ég sagði, að þar sem Seyðfirðingar óskuðu aðeins eftir svo litlu vörumagni, þá liti ég svo á, að stj. gæti leyft þessa undanþágu með tilliti til þeirrar heimildar, sem hún hefir til að semja við norsk síldveiðiskip um undanþágu frá fiskveiðalögunum, og stendur í sambandi við samninga þá, er gerðir voru út af kjöttollsmálinu. Það þýðir ekki hið sama og að þetta eigi að vera heimilt skv. fiskveiðalöggjöfinni.

Það er vitanlegt, að við Norðmenn var gerður sérstakur samningur. Lofuðu Íslendingar að framkvæma ýms atriði laganna með sérstöku tilliti og sérstökum velvilja gagnvart Norðmönnum, gegn lækkun kjöttollsins. Að mínu áliti er hægt að framkvæma þetta þannig, og það mun hafa verið gert fyrir norðan. Tel ég, að innan þessa ramma geti komið sú framkvæmd, að ríkisstj. geti leyft að selja til landsins nokkuð af síld af erlendum skipum, en ekki, eins og hv. þm. fer fram á, leyfi til að verka í landi. Það er ekki nauðsynlegt. Það er hægðarleikur fyrir bæjarstj. Seyðisfjarðarkaupstaðar að koma því þannig fyrir með þessa söltun, að hægt verði að framkvæma hana skv. þeim skilningi, sem ég hefi áður látið í ljósi.

ATKVGR.

Brtt. 650,1 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, BJ, BSt, BÁ, HStef, HG, HV, JÓl, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.

nei: ÁÁ, EA, GÍ, HJ, IngB, JJós, JónasÞ, LH, MG, MJ, PO.

ÞorlJ greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (BKr, JAJ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 650,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 707).

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Ég hefi tilhneigingu til þess að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gerði hæstv. forsrh. aðvart um það, að þetta mál er nú hér til umr. Mér finnst ástæða til þess, að hæstv. forsrh. skýri d. frá ástæðunum fyrir þessu frv., þar sem hér er hvorki um meira né minna að ræða en breyt. á fiskveiðalöggjöfinni, og það vegna eins landshluta eingöngu.

Einar Árnason: Ég vil aðeins skýra frá því í sambandi við þetta frv., að ég mun bera fram brtt. við það síðar, sem gengur í þá átt, að Siglufjörður komi einnig undir ákvæði frv., að því leyti, að útlendingum verði einnig leyft að landsetja þar síld. Hygg ég, að því verði ekki mótmælt, að Siglufjörður komi ekki síður til greina í þessum efnum en Seyðisfjörður.

Jón Baldvinsson: Út af ummælum hv. 4. landsk. vil ég aðeins benda á það, að þetta frv. var flutt í Nd. af þm. Seyðf., og eru ástæðurnar fyrir því alkunnar, því að allar stundir síðan fiskveiðalöggjöfin var sett hefir verið hið mesta vandræðaástand á Austfjörðum, og því ekki að ástæðulausu, að menn setja þetta hvorttveggja í samband hvað við annað. Það mun hafa verið um víðtækari heimild að ræða í hinu upphaflega frv. að því er snertir undanþáguna frá fiskveiðalöggjöfinni, því að samkv. frv. eins og það er nú er aðeins farið fram á það, að stj. sé heimilað að leyfa útlendum mönnum að landsetja og láta verka síld á Seyðisfirði árið 1932, en í upphaflega frv. mun þessi heimild hafa verið miðuð við 10 ár. Að því er síldarbræðsluverksmiðjuna snertir gerir frv. ráð fyrir, að reisa megi hana hvar sem er á Austfjörðum, og er þetta breyt. frá því, sem var í upphaflega frv., sem mun hafa bundið þetta við Seyðisfjörð eingöngu.

Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru fyrst og fremst þær, að ekki hefir tekizt að koma því fram, að ríkið reisi síldarbræðslu á Seyðisfirði, eins og nú þegar hefir verið gert á Siglufirði, en það er hinsvegar vitanlegt, að fjárhagsafkoma manna á Austfjörðum er ekki á þann veg, að þeir geti af eigin ramleik ráðizt í þetta fyrirtæki, og er því eini möguleikinn úr því sem komið er, að útlendir menn fáist til að leggja fram fé í þessu skyni, og sé ég ekki, hvernig Alþingi bæði getur synjað því að bæta úr bágindum manna á Austfjörðum með aðstoð ríkisins og eins að veita slíka heimild og hér er um að ræða, því að það mundi þýða það, að Austfirðingar væru algerlega látnir deyja drottni sínum, en slíkt virðist reyndar ekki vera fjarri skapi Alþingis, því að nú nýlega fékk till. um skipun n. til að athuga fjárhagsafkomu þeirra Austfirðinga þá afgreiðslu hér í þinginu, að litlar vonir er hægt að gera sér um neinn árangur í þessum efnum. Er það þó kunnugt öllum hv. þm., að Austfirðingafjórðungur á nú við mjög mikla fjárhagslega örðugleika að etja, og er þetta frv. aðeins spor í þá átt að leysa úr mesta vandræðunum, og jafnvel þótt hér sé um nokkra tilslökun á fiskveiðalöggjöfinni að ræða, sé ég ekki annað en að fólkið austanlands eigi kröfu til þess, að þetta mál gangi fram, þar sem það hefir ekki fengizt fram, að ríkissjóður legði fram fé til atvinnubóta þar eystra.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér hefir skilizt svo, að hv. 4. landsk. hafi óskað eftir því, að ég léti uppi álit mitt á þessu máli. Út af þessu vil ég taka það fram, að þetta frv. er ekki borið fram að tilmælum atvmrn. né heldur hefir sjútvn. Nd. snúið sér til ráðuneytisins og borið frv. undir það, en ég get lýst yfir því, að ef sjútvn. þessarar d. óskar eftir, er ég reiðubúinn til að ræða málið við hana og afla allra þeirra upplýsinga henni til handa, sem völ er á. Ég er sammála um það, að hér sé um alvarlegt principmál að ræða, og mér þykir rétt að taka það fram, vegna fyrirspurn-

ar, sem kom fram í Nd. undir umr. málsins þar, frá hv. þm. Seyðf., um það, hvort ég teldi stj. heimilt að veita slíka undanþágu eftir fiskveiðalöggjöfinni, og ef svo væri, hvort stj. þá mundi gefa slíka undanþágu, að mér kemur ekki til hugar að veita slíka undanþágu, enda þótt heimilt væri samkv. l., sem ég þó ekkert skal segja um, hvort er, meðan Alþingi á setu, nema í samráði við sjútvn. þingsins, ella mundi ég því aðeins gera slíkt, að það væri í fullu samráði við stj. landsmálaflokkanna.

Pétur Magnússon: Mér var fullkunnugt um það áður, að þetta frv. er ekki borið fram af stj., og þurfti því ekki að spyrja um það. Frá því fiskveiðalöggjöfin fyrst var sett hefir Alþingi haldið fast við hana og ekki veitt undanþágur frá henni nema í einu tilfelli, svo mér sé kunnugt. Skal ég ekki halda neinu fram um það að svo stöddu, hvort rétt sé að fara inn á þessa braut, sem þetta frv. markar. Má vel vera, að ástæða sé til að breyta fiskveiðalöggjöfinni og opna landið aftur að meira eða minna leyti, en hér er um svo mikilsvert atriði að ræða, að mér finnst, að stj. hljóti að láta það til sín taka, og vona ég, að það hafi ekki verið álitin óþingleg framkoma af mér, þótt ég mæltist til þess, að stj. léti uppi álit sitt á málinu, því að stj. er sá rétti aðili í þessu máli gagnvart d. Ef ég man rétt, er engin smuga fyrir slíkar undanþágur í fiskveiðalöggjöfinni eins og hún er, og orkar því ekki tvímælis, að hér er verið að fara inn á nýja braut, og vil ég segja það, án þess þó að leggja dóm á, hvort hér sé stefnt í rétta átt, að það er ekki næg ástæða til að fara að breyta fiskveiðalöggjöfinni, þótt örðugleikar þrengi nú að í einum kaupstað landsins, og jafnvel þótt um heilan landsfjórðung sé að ræða. Þegar um er að ræða jafnstórt mál og þetta, þá má ekki hrapa að neinu um afgreiðslu þess, og vil ég því beina þeirri áskorun til sjútvn., sem málið fær til meðferðar, að hún taki það til rækilegrar yfirvegunar áður en það kemur fyrir d. aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 707, 717, n. 779).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það stendur eins á með þetta frv. og það næsta á undan, að það er komið frá Nd. og var flutt þar af hv. þm. Seyðf. Sjútvn. hefir athugað málið rækilega, eins og nál. ber með sér, og komizt að þeirri niðurstöðu, að brýna nauðsyn beri til að reisa á Austurlandi síldarbræðslustöð hið bráðasta. Hefir síðastl. vetur ekki sízt gefið ástæðu til þessarar skoðunar, þar sem svo stendur á, að mikil síld hefir verið fyrir Austurlandi, Seyðisfjörður og aðrir firðir fullir af síld, sem ekki hefir verið hægt að notfæra sér. En hinsvegar ekki kostur fyrir hendi að notfæra sér síldina á þann hátt sem skyldi, þrátt fyrir það, þó að — t. d. eins og átt hefir sér stað allan síðastl. vetur og fram á þennan dag — um óvenjumikla síld hafi verið að ræða. Að vísu var nokkuð af síldinni saltað fyrri hluta vetrar og talsvert af henni selt, en þó er nokkuð af því, sem saltað var, óselt enn og óvíst, hvernig um það fer.

Hitt er einnig vitað, að vegna undirtekta Alþ. og getumöguleika þeirra manna, sem áhuga hafa á þessu máli, að síldarverksmiðja verður ekki reist á Austurlandi fyrir innlent fé eingöngu. Því er full ástæða til að veita heimildina, ef með þeim hætti mætti leysa þetta mikla og stóra áhugamál Austfirðinga. Og sérstaklega af því m. a., að svo stendur á, að til er á Austfjörðum fóðurmjölsverksmiðja, og má þá í sambandi við hana koma á fót síldarverksmiðju fyrir mun minna fjárframlag en ef verksmiðjan væri reist að öllu leyti og ein út af fyrir sig. Annars er engin ástæða að slá neinu föstu um þetta, en hinsvegar er ekki að neita, að hér er verið að benda á möguleika, sem ekki er ósennilegt, að notaðir yrðu á þann hátt, að útlendur maður reisti stöðina að nokkru leyti. Hann mundi sennilega ekki koma til að eiga nema helminginn, því að fóðurmjölsverksmiðjan yrði þó alltaf innlend eign.

Sjútvn. telur því ekki aðeins forsvaranlegt að veita þessa heimild, heldur lít-

ur hún svo á, að hér sé tilraun gerð um það, að leyst verði það, sem um langa stund hefir verið eitthvert mesta áhugamál Austfirðinga. Og n. fær ekki séð, að samfara heimildinni sé nokkur hætta, enda er með henni tryggt, að ákvæði gildandi laga haldist að öðru leyti.

Hinsvegar hefir meiri hl. n. litið með nokkuð öðrum augum á þá heimild, sem felst í 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að nokkrum síldveiðiskipum verði veitt á yfirstandandi ári leyfi til þess að landsetja og verka nokkurn hluta afla síns á Seyðisfirði. Þetta horfir nokkuð öðruvísi við en menn gera sér kannske grein fyrir í fljótu bragði, því að ef byrjað verður að veita slíka undanþágu á einum stað, þá koma fleiri á eftir, enda er þegar komin fram brtt. við frv. um það, að heimild þessi nái einnig til Siglufjarðar. Og ef gengið verður inn á þessa braut, þá verður ekki hjá því komizt að veita slíka undanþágu víðar. Sjútvn. hefir því, án þess að taka beina afstöðu til fiskveiðalöggjafarinnar eða hvort rýmka beri ákvæði hennar, talið, að ekki væri rétt að hverfa að þessu ráði að svo vöxnu máli, enda eru allar líkur til, að hér sé ekki um jafnmikil bjargráð að ræða og flm. gera ráð fyrir eða láta í veðri vaka. Það er líka óvíst og jafnvel litlar líkur til, að héðan af verði fiskur landsettur á þessu ári til verkunar á Seyðisfirði, því að vertíð þeirra Norðmanna, sem stunda þorskveiðar við Ísland, er nú útrunnin. (**JBald**: En þetta er bundið við síldveiðiskip). Þó að ákvæðið taki til síldveiðiskipa, þá er ekki sennilegt, að þessi heimild verði mikið notuð af Norðmönnum, því að skip þeirra eru þannig útbúin, að þeir framkvæma söltunina um borð, og er ekki líklegt, að þeir mundu flytja á Seyðisfjörð salt og tunnur til þess að verka síldina þar. Ég óttast því, að af þessu leiddi ekki eins mikla hjálp fyrir íbúa viðkomandi staðar eins og flm. hafa bent á. Hinsvegar væri tilefni, ef þetta yrði samþ., að draga þá ályktun, að Alþingi hefði til muna horfið frá fiskveiðalöggjöfinni. Og þó að ég vilji ekki segja að svo vöxnu máli, hvað rétt sé að gera í því efni, þá tel ég varasamt að gefa tilefni til slíks nú. Ef Alþingi sér ástæðu til að gefa eftir á fiskveiðalöggjöfinni og nota meira íslenzka landhelgi, þá verður að gera það alveg að yfirlögðu ráði og á þann hátt, að það sé ekki bundið við neina sérstaka erlenda þjóð né heldur séu veittar undanþágur neinum sérstökum héruðum landsins.

Annars sé ég ekki ástæðu til að þreyta hv. deild með löngum umr. um þetta mál, enda býst ég við, að hv. þdm. sé ljóst, hvað vakir fyrir meiri hl. sjútvn. gagnvart heimildinni í 2. gr. frv. Við viljum láta það fara eftir áliti hv. þdm., hvort telja megi það svo mikil hlunnindi, sem þessi staður verður aðnjótandi, að það vegi upp á móti þeirri hættu, sem getur verið samfara því að leggja inn á þessa braut, sem svo hvatvíslega er gert með 2. gr. frv.

Ég hefi áður tekið fram, að hvorki ég persónulega né meiri hl. sjútvn. vilji leggja dóm á, hvaða stefnu þingið eigi að taka um breyt. á fiskveiðalöggjöfinni, en hitt er ljóst, að á þennan hátt megum við ekki breyta henni. Við verðum að gera það að yfirlögðu ráði og í föstu formi, svo að ekki verði hægt að segja, að ívilnunin sé frekar bundin við eina viðskiptaþjóð en aðra, eða að eitt hérað landsins njóti meiri hlunninda í þessu skyni en önnur. Ég lít svo á, að verði undanþágan veitt Seyðisfjarðarkaupstað, þá sé ekki ástæða til að neita Siglufjarðarkaupstað um samskonar ívilnun, eins og brtt. á þskj. 717 fer fram á, og vil bæta við, að það mun reynast örðugt fyrir Alþingi að standa á móti eða sinna ekki þeim kröfum, sem kunna að berast víðar frá. Enda sé ég ekki ástæðu til, að tekin sé út úr ein höfn á Austurlandi, en öllum hinum fyrirmunað að verða slíkra hlunninda aðnjótandi. Og fari svo, að 2. gr. frv. verði samþ., og sennilega þá með brtt. hv. 2. Eyf., að heimildin nái einnig til Siglufjarðar, þá vil ég taka fram, að ég áskil mér fullan rétt að koma með brtt. við 3. umr. um, að heimildin nái til fleiri staða á Austurlandi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni, en legg á vald hv. þdm., hvernig þeir taka því. Aðeins vil ég leggja áherzlu á, að 1. gr. frv. verði samþ., því að hún er allt annars eðlis og óskyld þeirri heimild, sem felst í 2. gr.

Einar Árnason: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og á sá fyrirvari að þýða afstöðu mína til 2. gr. frv., sem fer þá eftir því, hvernig hv. deild tekur brtt. þeirri, sem ég flyt á þskj. 717.

Hv. frsm. sjútvn. hefir minnzt á þessa brtt., svo að ég þarf ekki að hafa mörg orð fyrir henni, enda geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér hana og skilji, hvaða þýðingu hún getur haft fyrir Siglufjarðarbæ. Ef á annað borð á að veita útlendum veiðiskipum leyfi til undanþágu um að landsetja og verka síld, þá mælir öll sanngirni með, að slíkt leyfi nái ekki síður til Siglufjarðarbæjar en Seyðisfjarðar. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að ef þessi undanþága verður veitt, þá sé mjög líklegt, að fleiri fiskiþorp hér á landi óski eftir að verða sömu hlunninda aðnjótandi.

Ég ætla ekki að skýra þetta mál nánar, en ef mín brtt. verður felld, greiði ég atkv. móti 2. gr. frv.

Jón Baldvinsson: Ég hefði kosið, að hv. sjútvn. hefði mælt með frv. óbreyttu. En hún gerir nokkuð mikla breyt. á því, þar sem hún leggur til að fella niður 2. gr., sem er um það að heimila ríkisstj. að veita nokkrum erlendum veiðiskipum leyfi til að landsetja og verka nokkurn hluta afla síns nú í sumar eða árið 1932, og á þessi undanþága að miðast við lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Það hefir ekki verið minnzt á það mjög mikið í þessari hv. d., en það hefir komið fram annarsstaðar, að ástandið í bæjunum á Austurlandi, einkanlega þó á Seyðisfirði, er mjög alvarlegt og atvinnuleysi alltaf að aukast. Þar hefir alltaf verið að draga saman síðastl. ár, eins og yfirleitt í kauptúnunum á Austurlandi. Eins og bent hefir verið á, er það ekkert efamál, að fiskveiðalöggjöfin frá 1922 veldur þessu, og að ástandið og atvinnuleysið á Austfjörðum má rekja beint til hennar. Því er ekki undarlegt, þó að kröfur um að breyta fiskveiðalöggjöfinni komi þaðan. Þetta var líka gert einu sinni til að bæta afkomu kaupstaðar nálægt Rvík. Að vísu skal ég játa það, að þó að slík ráðstöfun bjargi einhverjum kaupstað í bili, þá er ekki varanlegt að tryggja áframhaldandi starfsemi erlendra manna.

Það, sem hv. sjútvn. vill þá sérstaklega gera við frv., er að fella niður heimildina handa Seyðisfjarðarkaupstað. Og hv. frsm. var að tala um, að heimildin mundi ekki koma að neinu gagni, því að óvíst væri, hvort norsk síldveiðiskip mundu á þessu ári landsetja nokkuð af afla sínum til verkunar á Seyðisfirði. En ég sé ekki, að þetta þurfi að vera bundið við þessa einu þjóð, því að í frvgr. er talað um erlend veiðiskip, en ekkert gefið í skyn um það, að þau þurfi endilega að vera norsk. Mér hefir líka verið sagt af þeim, sem um frv. hafa fjallað, að gert sé ráð fyrir, að ef bæjarstj. veitir leyfið eins og talað er um í niðurlagi 2. gr., þá muni hún að öðru leyti setja þau skilyrði, að keyptur verði afli af innlendum skipum í hlutfalli við það, sem þau erlendu láta verka. Hér er því ekki einungis um að ræða atvinnubót í landi, heldur og stuðning fyrir sjómenn, og ekki bundið við báta á Seyðisfirði, heldur öll íslenzk skip, sem sækja til veiða á þessar slóðir.

Það hefir verið mikið talað um, að með slíkri undanþágu væri gengið inn á hættulega braut, því að þegar einn staður hefði fengið heimildina, þá mundu margir koma á eftir. En ég held menn hljóti fyrst að sannfærast um, að fiskveiðalöggjöf okkar hefir gengið of langt, og þegar þarf að breyta henni, megi það ekki gerast í stórum stíl og allt í einu, heldur verði undanþágurnar að koma smátt og smátt og hægfara. Hér er í frv. þessu farið fram á að veita tvær undanþágur, en hvorttveggja er það í smáum stíl, og má þá sjá, hvernig það gefst.

Ég gef ekki tvo aura fyrir lofgerðarrollu um innlenda framleiðendur og löggjafarvernd þeim til handa, ef það sýnir sig, að slík löggjöf er fjölda manna til bölvunar og eykur atvinnuleysi í landinu, og ég er ekki í efa um, að það hefir fiskveiðalöggjöfin frá 1922 verið. Landsmenn tóku í einu lagi í sínar hendur verzlun landsins, en sýndu, að þeir voru ekki jafnfærir að taka að sér fiskverzlun og síldarsöltun eins og útlendingarnir, sem höfðu haft þetta með höndum í mörg ár. Ég held, að kominn sé tími til að liðka svo til í lögum þessum, að við ættum að gera þessa litlu tilraun og vita, hvernig hún gefst. Það er ekki víst nema ein-

hverjir útlendingar vildu nú í kreppunni koma og reyna þetta, en ég skoða þetta sem tilraun til að hjálpa stöðum, sem verst eru settir og fiskveiðalöggjöfin hefir bitnað á. Og af því að Alþingi vill ekki og ríkissjóður getur ekki veitt peningalegan stuðning í þessu efni, þá finnst mér rétt og sanngjarnt að fara þá leið, sem frv. bendir á.

Hv. 2. þm. Eyf. flytur brtt. við 2. gr., þess efnis, að verði þessi heimild veitt, þá gildi sama um Siglufjörð og Seyðisfjörð. En þar finnst mér ólíku saman að jafna, því að sú síldveiði, sem fram fer, er hnitmiðuð við Siglufjörð og þar er mest flutt á land. Það eru því miklar líkur til, ef síldveiði verður á annað borð, að Siglufjarðarbúar fái atvinnu við hana. En öðru máli er að gegna um Seyðisfjörð; íbúar hans hafa ekki nema örlitla von um, að eitthvað kunni að verða verkað þar af síld, en Siglufjörður alla von, því að þar eru verksmiðjurnar og þangað sækja skipin með síldina. Ég sé ekki, að rétt sé að reyna að tengja saman svo ólíkt og hér er um að ræða, enda get ég ekki fylgt þessari brtt., sem hv. 2. þm. Eyf. ber fram. Ég vil ekki fara lengra en frv. gerir ráð fyrir, því eins og ég hefi áður tekið fram, vil ég byrja smátt og smátt að veita slíkar undanþágur og bíða þess svo, hvort ekki komi á daginn, að slíkar breyt. verði landsmönnum að gagni.

•

Einar Árnason: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, að rétt væri að gera upp á milli Seyðisfjarðar og Siglufjarðar um þetta leyfi. En ég get ekki fallizt á, að það sé rétt. Eins og allir vita, er Siglufjarðarkaupstaður byggður upp af síldveiðunum, en svo er ekki um Seyðisfjörð. (**JBald:** Hann var það). Þess vegna er það tilfinnanlegt fyrir Siglufjörð, ef ekki verður þar nema um litla síldarútgerð að ræða, en hinsvegar nær slíkt ekki til Seyðisfjarðar, af því hann hefir aldrei getað byggt á síldveiði til neinna muna. Ef það yrði ofan á, að þetta leyfi yrði aðeins veitt fyrir Seyðisfjarðarbæ, en næði ekki til Siglufjarðar, þá mundi það raska þeim atvinnumöguleikum, sem gilt hafa: fólkið þyrptist til Seyðisfjarðar, en atvinnuleysi skapaðist á Siglufirði. Ég get alls ekki fallizt á þá skoðun hv. 2. landsk., að ef veita á undanþágu frá fiskveiðalöggjöfinni, þá eigi einstakir staðir aðeins að verða slíkra hlunninda aðnjótandi. Ég fæ ekki betur séð en að með þessu sé framið ranglæti, sem ekki er unandi við.

Pétur Magnússon: Hv. sjútvn. hefir gert till. um að fella niður 2. gr. frv., og mun ég fyrir mitt leyti greiða atkv. með þeirri till.

Ég álít eins og hv. 2. þm. Eyf., að ef breyta á fiskveiðalöggjöfinni, þá eigi að taka sjálfstætt á því máli, en ekki gera það í sambandi við neinar hallærisráðstafanir í einu kauptúni. Ég skal ekki segja, hvort þörf sé að gera þá breyt. á fiskveiðalöggjöfinni að opna landið algerlega fyrir útlendingum, en get vel hugsað mér, að svo sé. En ég kvaddi mér ekki hljóðs til að láta þá skoðun í ljós, heldur vildi ég beina því til hv. sjútvn., hvort hún álíti ekki þessa löggjöf óþarfa, ef 2. gr. frv. er felld. Þá er ekki eftir annað en ákvæði 1. gr. frv. um, að erlendum manni sé heimilt að reisa síldarbræðslustöð á Austurlandi. Ég get ekki munað eftir, að þetta ákvæði rekist á fyrirmæli annara laga en ef vera skyldi laga nr. 63 1919, um eignar- og afnotarétt fasteigna. Í 1. gr. þeirra laga er svo fyrir mælt, að menn búsettir erlendis megi ekki eiga fasteignir hér á landi. En í sömu gr. er stj. líka heimilað að veita undanþágu frá þessu banni, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Og ef það er rétt hjá mér, að í öðrum lögum séu engin þau ákvæði, sem þetta rekur sig á, þá sýnist ekki þurfa að setja sérstök lög um þessa undanþáguheimild, því að stj. getur veitt slíka undanþágu samkv. l. frá 1919. Vilji Alþingi hinsvegar láta í ljós vilja sinn um að stj. noti í þessu tilfelli undanþáguheimild 1. gr. l. um afnotarétt fasteigna, þá er einfaldast að gera það í þál.formi. Ég vildi aðeins benda hv. n. á þetta til athugunar fyrir 3. umr. málsins.

Jón Baldvinsson: Ég held það megi segja hið sama um Seyðisfjörð og Siglu-

fjörð, að þeir kaupstaðir eru að talsvert miklu leyti byggðir upp af síldveiðamönnum; þó að það sé talsvert lengra síðan síldveiði var rekin í nokkuð stórum stíl á Austfjörðum, þá stendur að því leyti eins á um báða þessa kaupstaði. Hinsvegar hefir Siglufjörður um nokkurt skeið verið aðalsíldarstöð landsins. Þess vegna eru miklar líkur til, að þar verði mikið starfað við þann atvinnuveg í sumar, ef það verður nokkursstaðar gert, en að líkindum alls ekkert á Seyðisfirði. Um langt áraskeið hefir verið lítil síldveiði á Austfjörðum, en þegar síldargöngur eru fyrir Norð-Austurlandi, t. d. nálægt Langanesi, þá eru áhöld um vegalengdina þaðan til Siglufjarðar og Seyðisfjarðar, og geta síldveiðaskipin þá alveg eins farið með síldina til Seyðisfjarðar.

Það má auðvitað alltaf segja, að illt sé að veita einstökum lögsagnarumdæmum undanþágu frá fiskveiðalöggjöfinni, en það er beinlínis ranglæti gagnvart einstökum stöðum, eins og t. d. Austfjörðum, að slaka ekkert til við þá á fiskveiðalöggjöfinni. Og sé þeim ekki veitt nein undanþága frá þeim lögum, þá á að bæta þeim á annan hátt upp þetta ranglæti, sem fiskveiðalöggjöfin skapar þeim. Það er alls ekki rétt, að Reykjavík og aðrar verstöðvar á Suðurlandi, sem ekki hafa orðið fyrir barðinu á fiskveiðalöggjöfinni, heldur haft gott af henni, sitji á rétti annara verstöðva á landinu. Þess vegna verður löggjafarvaldið að jafna aðstöðuna í þessu efni á milli hinna ýmsu staða á landinu um atvinnumöguleika. Þeir, sem hafa hagnazt á fiskveiðalöggjöfinni, verða að bæta hinum upp, sem hafa stórskaðazt á henni, eins og Austfirðir. Og ég sé ekki aðrar leiðir til þess en annaðhvort að þeim verði bætt það með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, eða að löggjafarvaldið veiti þeim með undanþágu möguleika til þess að taka upp aftur viðskipti við útlenda menn, sem áður ráku atvinnu á Austfjörðum, og er lífsskilyrði fyrir bæina þar. Ég álít, að það sé miklu heppilegra að samþ. lög, sem heimila stj. að veita útlendum mönnum leyfi til síldveiða á Austfjörðum og til þess að leggja þar á land afla sinn, heldur en að nota til þess heimild í lögum frá 1919 um rétt útlendra manna til afnota á fasteignum hér á landi. Það er tvímælalaust bezt, að löggjafarvaldið veiti þessa heimild í lagaformi, enda þótt líka megi nota til þess þáltill. í víðtæku formi, en það er hætt við, að stj. vilji ekki veita leyfið nema þingið gefi heimild til þess, og frá því er fullkomlega gengið í 1. gr. þessa frv., og er því réttmætt að afgr. það, þó að 2. gr. verði felld. Frv. er nú búið að ganga í gegnum Nd. og er hér til 2. umr.; það er því svo langt komið, að engar líkur eru til þess, að þáltill. verði fyrr afgr. Ég held því, að aths. hv. 4. landsk. komi að engu gagni og leiði ekki til annars en þess að eyða málinu. Ég sé ekki, hvenær á að taka fiskveiðalöggjöfina til athugunar og breyt., ef ekki nú, þegar hallæri er fyrir höndum í landinu, hallæri, sem í sumum landshlutum stafar af fiskveiðalöggjöfinni, því að það má hv. 4. landsk. vita, að mestar líkur eru til þess, að atvinnuleysið og vandræðin í Austfirðingafjórðungi stafi af fiskveiðalöggjöfinni. Ég skal ekkert fullyrða um, að hve miklu leyti það bætir úr ástandinu, að útlendum manni sé leyft að reisa síldarverksmiðju á Austfjörðum, eða hvort líkur eru fyrir, að það verði gert, og í öðru lagi, hvort líklegt sé, að útlend síldveiðiskip leggi þar upp afla sinn, en þetta er þó alltaf tilraun til þess að veita atvinnulausu fólki lífsmöguleika, fólki, sem er orðið aðþrengt af erfiðleikum síðastl. 10—12 ár.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 2. landsk. miklu, en get þó tekið það fram, að ástæðan til erfiðrar afkomu manna í kauptúnum á Austfjörðum stafar ekki fyrst og fremst frá fiskveiðalöggjöfinni. Ég skal ekki fara langt út í þessi efni, en vil þó geta þess, að nokkur kauptún á Austurlandi tóku mestum vexti og þroska eftir að fiskveiðalöggjöfin var sett. Það mun rétt hjá hv. 2. landsk., að Seyðisfjörður var upphaflega byggður upp af síldveiðamönnum, en eftir að síldveiðar minnkuðu við Austurland um síðustu aldamót, hafa Seyðfirðingar ekki lifað á síldveiðum svo teljandi sé, og þó hefir afkoman eigi verið lakari þar en áður, fyrr en nú síðustu missirin. Hnignun sú, sem orðið hefir í atvinnulífinu á Seyðisfirði, hefir aðal-

lega átt sér stað á síðustu árum, og á ekki eingöngu rót sína að rekja til fiskveiðalaganna. Ég skal taka það fram, að ef horfið yrði inn á þá braut að veita á einstökum stöðum undanþágu til þess, að erlend skip megi leggja þar afla sinn á land, þá verður það óumflýjanlegt að veita almenna rýmkun á fiskveiðalöggjöfinni; ef slakað er undan á einum stað, þá koma kröfur um það sama annarsstaðar að. Hér er því ekki um lítilsvert spor að ræða, heldur stærsta atriðið sem snertir fiskveiðalöggjöfina. Ég finn, að við hv. 2. landsk. höfum svo ólíkar skoðanir í þessum efnum, að ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um það í þessu sambandi.

Hv. 4. landsk. beindi því til sjútvn., að hún athugaði til 3. umr., hvort nokkur þörf væri á því að setja lög um þessa heimild. Ég skal fúslega taka það til athugunar, en ég lít svo á, að þar sem þetta frv. er komið í gegnum Nd. og ætla má, að 1. gr. hafi ekki aðeins verið sett til þess að fljóta í gegn með 2. gr. frv., þá þykist ég vita, að Nd. hafi þótt ástæða til að lögákveða þessa heimild. En ef það þykir jafnöruggt að setja ákvæði um þetta í þáltill., þá skal ég ekki leggja kapp á, að þetta verði afgr. í lagaformi, en aðalatriðið er, að það komi fram skýlaus vilji þingsins fyrir því, að þessi undanþága verði veitt. Og lögin eru vitanlega bezta tryggingin fyrir því, að heimildin verði notuð. Ég veit, að aths. hv. 4. landsk. er komin fram af velvilja til málsins, en ekki af því, að hann vilji setja fót fyrir þá ákvörðun, sem felst í 1. gr. frv.

Pétur Magnússon: Það er alveg rétt hjá hv. frsm. sjútvn., að ég vil ekki bregða fæti fyrir 1. gr. þessa frv. En út af orðum hv. 2. landsk. vil ég aðeins segja það, að þótt ég telji enga hættu stafa af því að setja lög um það efni, sem 1. gr. frv. fjallar um, þá þykir mér það óviðkunnanlegt, að þingið setji ný lagafyrirmæli um efni, sem áður er til í gildandi lögum, ef það er rétt athugað hjá mér. En um hitt get ég verið sammála hv. 2. landsk., að það er meira en vafasamt, hvort þingið hefir ekki beinlínis vanrækt að gera skyldu sína, þar sem það hefir ekki tekið til athugunar nauðsynina á því að breyta fiskveiðalöggjöfinni í einstökum atriðum, og einkum að því er snertir síldveiðar hér við land, en vitanlega er það ekki síður sök hv. 2. landsk. en annara alþm.

Forseti (GÓ): Þá hefir enginn kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv.

Jón Baldvinsson: Mér skilst, að till. hv. sjútvn. um að fella 2. gr. úr frv. sé alveg óþörf og óvenjuleg við 2. umr., þar sem frvgr. kemur sérstaklega til atkv. sjálf hvort sem er. Mér skilst, að brtt. hv. 2. þm. Eyf. eigi að koma fyrst til atkv. (**JakM:** N. getur tekið till. sína aftur).

Forseti (GÓ): Ég get fallizt á, að till. n. sé óþörf, en þá væri bezt, að n. vildi taka hana aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 717 felld með 8:2 atkv.

— 729,1 tekin aftur.

2. gr. felld með 8:3 atkv.

Brtt. 779,2 samþ. án atkvgr.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr., með þeirri breyt., að aftan af henni fellur: o. fl.

Frv. vísað til 3 umr. með 12 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 792).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af ummælum, sem hv. 4. landsk. beindi til sjútvn. við 2. umr. þessa máls, vil ég geta þess, að ég hefi leitað mér upplýsinga og get viðurkennt, að segja má, að ekki séu bein fyrirmæli í lögum, er hindri það, að stj. veiti leyfi sem þetta, en álít þinglegra, að frv. verði samþ. um þetta efni, og sé því ástæðu til að mælast til, að hv. deild samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 792).

Á 84. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Haraldur Guðmundsson: Hv. Ed. hefir gert þá breyt. á frv. frá því þessi hv. deild samþ. það, að 2. gr. hefir verið felld burt og fyrirsögn breytt í samræmi við það.

Efni 2. gr. var að veita nokkrum erlendum veiðiskipum heimild til að landsetja og verka síld á Seyðisfirði í sumar. Var þetta samþ. hér með nokkrum atkvæðamun, en hv. Ed. felldi þetta úr frv. með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Mér þykir því sýnt, þó að frv. væri breytt í sama horf og það var, er það fór héðan til hv. Ed., að hún muni ekki fallast á það, og kannske fella það alveg. Ég mun því sætta mig við, að frv. gangi fram eins og það er. Þó tel ég frv. lakara en það var flutt af mér í upphafi, og jafnvel enn lakara en það var þegar það fór héðan úr deildinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

66. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð (þmfrv., A. 645).

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það felur það eitt í sér að gefa heimild til að „konvertera" enska láninu frá 1921, ef sæmileg kjör fengjust á nýju láni. Það eru nú fyrstu forvöð til þess að breyta þessu láni í annað ódýrara lán. Annað felur þetta frv. ekki í sér. Þeir peningar, sem teknir verða að láni samkv. þessum l., skulu ekki notaðir til neins annars en til að greiða upp þessi 2 lán, enska lánið frá 1921 og Barclaysbankalánið frá 1930.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 645, 701).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 701. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Einar Arnórsson: Ég get haft stuttan formála fyrir brtt. minni á þskj. 701. Í henni er farið fram á, að með láni þessu skuli greiða upp að fullu enska lánið frá 1921 og bráðabirgðalán frá Barclay's Bank Ltd. í London, er notað var á sínum tíma til þess að kaupa fyrir hluti í Útvegsbanka Íslands h/f. Þetta er tekið svo að segja orðrétt úr grg. frv. Breytingin er því aðeins sú, að hér er þetta tekið upp í lögin og verður þannig bindandi fyrirmæli fyrir þann ráðh., er lánið tekur. Má að vísu segja, að ráðh. hefði verið bundinn við ummæli grg. frv., en engin ástæða virðist vera til að vísa þeim, sem lánið tekur, í grg. í Alþt., heldur í sjálfan lagatextann. Líka má deila um það, hve bindandi greinargerðir séu í slíkum efnum. Það þarf væntanlega ekki að taka fram, að lánið verður ekki tekið eftir þessari heimild, nema haghvæmara sé að taka það en að láta gömlu lánin standa.

Umr. frestað um stund. Síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það hefir komið fram brtt. við þetta frv. frá hv. 2. þm. Reykv., og er efni hennar í raun og veru tekið úr grg. frv. og ætlar

tillögumaður að flytja það á þennan hátt inn í frv. sjálft. Af ráðnum huga setti ég þessa ákvörðun eða skýringu í grg. frv., um það, hvernig láninu skyldi varið, en ekki í frv. sjálft. Og ástæðan til þess er sú, að erlendir bankar og peningavíxlarar gera kröfu til þess, að lántökuheimild ríkisstj. sé á engan hátt skilorðsbundin, heldur sérstæð og alveg óháð öðru efni eða ráðstöfunum.

Það hefir áður komið fyrir, að aftan við lántökuheimild fyrir stj. hafði þingið sett í lagagr. ákvarðanir um það, til hvers lánið skyldi notað. En þessi lántökuheimild þótti ekki fullnægjandi erlendis, svo að það varð að bera málið aftur fram á næsta þingi í öðru formi og fá það til að afgr. heimildina skilorðslaust og án fyrirmæla um, til hvers lánið skyldi notað.

Nú má að vísu segja, að hér sé um annað að ræða en áður, þegar talað var um ráðstöfun lánsfjárins hér innanlands, en samkv. þessari lánsheimild á að verja láninu til greiðslu skuldabréfa í enskum bönkum, þannig að það verður aðeins tilfærsla á milli banka í Englandi. En ég hygg samt sem áður, að viðkomandi lánveitendur óski eftir því, að þessi lánsheimild verði einnig algerlega skilorðslaus, og styðst ég í því efni við álit kunnugra manna, sem ég hefi átt tal við um það atriði. Í fyrra tilfellinu, sem ég hefi minnzt á til samanburðar, var stjórn þess sama forsrh., sem enn fer með völd, veitt sú lántökuheimild, er ég gat um, og þótti þáv. stjórnarandstæðingum, sem enn eru flestir þeir sömu, fulltryggilega um það búið, hvernig með lánið yrði farið, þó að þau skilyrði væru numin burt úr lánsheimildarlögunum. Ég vil því vænta þess, að þeir telji enn fulla tryggingu í fyrirmælum grg. þessa frv. um ráðstöfun lánsins, þó að þau séu ekki lögbundin, og treysti því, að eftir þeim verði farið. — Af þeim ástæðum sem ég nú hefi nefnt, óska ég eftir því, að þessi viðbótartill. verði ekki samþ., því að þá gæti svo farið, að stj. yrði að leggja þessa lánsheimild aftur fyrir næsta þing. Þó að lánsmöguleikar virðist eigi álitlegir erlendis á þessu ári, getur opnazt einhver leið, sem ekki er vert að sleppa, og þá er ekki á það hættandi að hafa ekki til fullkomna lánsheimild.

Einar Arnórsson: Hæstv. fjmrh. má ekki skilja brtt. mína þannig, að hún beri vott um, að ég gruni hann um, að hann muni bregða út af þeim fyrirmælum, sem eru í grg. frv. um ráðstöfun lánsins. Ég þykist vita, að ef hann tekur þetta lán, þá muni honum vera kunnugt um grg. En það er engin vissa fyrir, að hann taki lánið; það geta fyrr en varir orðið mannaskipti í stj., og það er a. m. k. ástæða til að búast við, að svo geti farið áður en þetta lán er tekið. En þá er miklu minni trygging fyrir því, að eftirmaður hæstv. fjmrh. athugi, hvað sagt hefir verið í þessari grg., og ekki víst, að hann leiti að því í þingtíðindunum. Þetta er a. m. k. hugsanlegur möguleiki. Þetta horfir allt öðruvísi við, þegar sett eru inn í lög um heimild fyrir stjórnina til lántöku erlendis fyrirmæli um ráðstöfun þess fjár til framkvæmda hér innanlands. En nú virðist mér, að það liggi í loftinu, að samið verði við enska lánveitendur um að veita þetta peningalán, ef til vill þá sömu, sem eru riðnir við þessi eldri lán, er talað er um í grg. frv. Þá þykir mér einmitt líklegt, að væntanlegir lánveitendur geti sjálfir skapað sér tryggingar fyrir því, að peningunum verði varið á þann hátt, sem í lögunum stendur, sérstaklega að því er snertir bráðabirgðalánið hjá Barclay's Bank í London. Ef hlutaðeigandi bankar eru báðir í sama landi, t. d. í Englandi, þá þurfa þeir ekki annað en láta umboðsmenn sína afgreiða viðskiptin og afhenda kvittun til lánveitandans frá þeim banka, sem lánsheimildarlögin segja, að eigi að taka við peningunum.

Ég skal játa, að það kunni að vera erfiðara að koma þessu þannig fyrir um eldra lánið, frá 1921. Það er víst í skuldabréfum, sem ýmsir eru handhafar að, og þess vegna geta verið meiri vandkvæði á um greiðslu þeirra heldur en Barclay's lánsins. En lánveitandi getur þá líka hæglega tryggt sér, að væntanlegu láni verði hér varið samkv. heimildinni til lántökunnar.

Mér datt í hug þessi mótbára, sem hæstv. fjmrh. benti á, þegar ég samdi brtt. mína við frv., en áleit hinsvegar, að hún væri ekki sérlega veigamikil. — Annars vil ég leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh., hvort hann telur miklar

líkur til, að hægt sé að útvega hagfelldara lán erlendis en þau, sem hér er gert ráð fyrir að greiða. Því mér skilst, að þessi lántaka eigi alls ekki að fara fram í öðrum tilgangi en þeim, að greiða með því eldri lán, sem eru með óhagstæðum kjörum fyrir ríkissjóð. Ég skal fúslega játa, að grg. frv. getur verið til leiðbeiningar fyrir þann fjmrh., sem tekur þetta væntanlega lán. En mér þykir réttara og tryggara að setja í lögin sjálf, hvernig verja skuli lánsfénu.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég get ekki bent á sérstakar líkur fyrir því, að hægt sé að „konvertera" lánum ríkissjóðs erlendis á þessu ári, eða fá breyt. á lánskjörunum. En ég vil þó benda hv. þm. á, að peningavextir eru að lækka í Englandi, og síðast fréttist í dag, að forvextir Englandsbanka væru komnir niður í 2½%. Hugsanlegt er, að þessi vaxtalækkun í Englandsbanka vari stutta stund og stafi af augnabliksástæðum. En benda má á það, að enska stjórnin ætlar að „konvertera" ríkislánum á þessu ári í stórum stíl. Það hefir að vísu verið lengi á döfinni, en nú er farið að gera ákveðið ráð fyrir því. Þetta gefur okkur til kynna, að rétt muni vera að hafa auga á lánsmöguleikum nú þegar á þessu ári. Þetta bendir allt til þess, að rétt sé að hafa vakandi auga á þeim möguleikum, sem bankasamband okkar í London gætu útvegað. Það má ætla, að Barclay's Bank, sem hefir veitt íslenzka ríkinu bráðabirgðalán, mundi vera ánægður með að fá það út úr hinum daglegu bankaviðskiptum og færa það yfir í fast lán. Þegar heimild væri fengin til að „konvertera" þessum lánum, þá væri sjálfsagt að láta bankann vita um það og fá leiðbeiningu frá honum um það, hvenær heppilegt væri að leggja af stað og peningamarkaðurinn væri hagfelldur til nýrrar lántöku, til að greiða upp gömlu lánin. — Hið eina, sem hægt er að segja um möguleika fyrir þessari lántöku, er það, að nú lítur út fyrir, að peningamarkaðurinn geti orðið hagfelldur. En það eru líka þær einu líkur, og ekki aðrar. En þó þykir rétt, að heimild þessi sé til, ef tækifæri býðst.

Hv. þm. talaði um, að líkur væru fyrir ráðh.skiptum. Það er vitanlega nokkuð, sem vel getur komið fyrir. En ég get þó varla gert ráð fyrir því, að ég fái svo óverðugan eftirmann, að hann geri ekki svo mikið sem að líta í Alþt. áður en hann tekur 12 millj. kr. lán. Ég vona, að í þessu áliti mínu felist ekkert oftraust á honum, jafnvel þó hann hefði hrakið mig úr því sæti.

Hv. þm. benti á, að lánið frá 1921 væri í skuldabréfum, sem lengi mundu vera að nást inn. Það er rétt, og þess vegna er ekki hægt að sanna, hvernig láninu verður varið, fyrr en síðasta bréfið er komið inn og að fullu greitt. Allt opinbert umstang og kostnaður við lántökur þykir nógu mikið, þó ekki sé bætt við lánveitanda eftirliti á því, hvernig láninu er varið. Og ég veit, að sá banki, sem lánar, óskar ekki eftir því, að þetta standi í lögunum. Og að þess er óskað, að það standi ekki í þeim, er eingöngu gert af ótta við það, að með því ákvæði komi heimild þessi ekki að fullu gagni.

Einar Arnórsson: Mér skilst, að gagnvart lánveitanda sé það ekki stórt atriði, þó þessi viðbót sé sett. Mér skilst, að hvort sem lántakandinn, fjármálaráðh. íslenzki, heitir Ásgeir Ásgeirsson eða eitthvað annað, verði að segja, til hvers á að nota lánið. Þeir, sem veita það, munu ávallt óska slíks. Og ég hygg einmitt, að það geri lánveitanda fúsari á að veita lánið, ef hann sér, að það er bundið í l. sjálfum, að því eigi að verja til að borga aðrar skuldir, sem eru okkur óhagstæðari. Okkur kemur saman um það, að lánið frá 1921 muni ekki vera mjög fljótinnleyst. En ég get þó ekki séð, að það kæmi að sök. Annaðhvort héldi lánveitandi láninu og annaðist innlausn bréfanna, eða þá að einhverjum öðrum yrði falið það, og þá með samþykki lánveitanda. Og þegar, eins og hér, er um að ræða konverterað lán, þá yrði landið hvort sem er að hafa umboðsmann til að annast þetta fyrir sína hönd meðan á innlausn bréfanna stendur. Þetta getur varla farið fram með öðrum hætti. Og þegar lánveitanda er sagt, að láninu skuli svona varið, þá er líklegt, að hann vilji tryggja sér það á einhvern hátt, að svo sé gert. Ég býst því ekki við, að munurinn á framkvæmd lántökunnar verði mikil, hvort sem brtt.

mín verður samþ. eða ekki. En það er vitanlegt, að fremur má deila um það, hvernig stj. er skyldug að verja láninu, þótt eitthvað standi um það í grg. frv. Í sambandi við fjárl. hefir stundum orðið ágreiningur um það, hvort stj. væri skylt að fara eftir ummælum, sem komið hafa fram í nál. eða í umr. um einhverja ákveðna fjárveitingu, og svo kynni enn að verða hér.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er vitanlegt, að lánveitanda er skýrt frá því, til hvers á að nota lánið. Það er líka vitanlegt, að lánveitandi muni vera fúsari á að veita lán, sem ganga á til þess að greiða eldri lán, heldur en ef um nýtt viðbótarlán er að ræða. En þótt lánveitandi vilji vita þetta, þá er ekki víst, að hann kæri sig neitt um að hafa umsjón með því, hvernig láninu er varið. Það er þetta, sem ég óttast, að geti valdið örðugleika um lántökuna, ef skilyrði fyrir henni þá fást á annað borð. Og þar sem það er viðurkennt af okkur báðum, að ekki sé þörf á að skjóta þessu skilyrði inn, þá tel ég betra, að það sé ekki gert.

ATKVGR.
Brtt. 701 felld með 11:9 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 645).

Á 75. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hér liggur fyrir til umr. lánsheimild fyrir ríkissjóð til þess að konvertera tveim eldri lánum. Geri ég ekki till. til þess, að málinu verði vísað til n., en ég æski þess, að því sé vísað til 2. umr.

Pétur Magnússon: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort nokkuð hafi verið leitazt fyrir um lántökur, og hvort nokkurt útlit sé fyrir, að svo hagstæð lán fáist, að fært þætti að taka það til að greiða hin eldri lán.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það hefir að vísu ekki verið leitað fyrir sér neitt fastlega um lántökumöguleika, en málið hefir þó verið rætt við aðalviðskiptabanka okkar í Englandi, að gera tilraunir til þess að breyta lánum þessum í aðgengilegra horf. Möguleikarnir hafa verið slæmir í Englandi undanfarið, en nú bendir þó margt til þess, að talsvert muni fara að batna, vextir fara lækkandi og mikið fé drífur þangað frá öðrum löndum til móts við það, sem var í fyrra.

Halldór Steinsson: Mér finnst mál þetta ekki svo lítils virði, að það verðskuldi ekki að fara í n. Legg ég því til, að því verði vísað til fjhn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Að ég gerði það ekki að till. minni, að málinu væri vísað til n., segir ekkert um það, hvort ég álíti málið mikils eða lítils virði. Það segir einungis, að málið sé sjálfsagt.

Halldór Steinsson: Hæstv. fjmrh. segir, að málið sé sjálfsagt. Segir hann það aðeins frá sínu sjónarmiði. En það er ekki nema eðlilegt, þegar um svona stór lán er að ræða, að málinu sé vísað til n.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég amast ekki við þessari till. hv. þm., en ég get ekki skilið, að neinn leggi svo ríkan skilning í sínar „oppositions"skyldur, að hér geti orðið ágreiningur um.

Halldór Steinsson: Ég skil ekki, að hæstv. fjmrh. geti fundið „opposition" í þessu hjá mér. Það er af því, að ég tel málið svo mikilvægt, þar sem hér er um að ræða margra millj. króna lán fyrir ríkissjóð, að ég tel það ekki farsællegt að hleypa því gegnum deildina án þess að það hafi fyrst farið til n.

Magnús Torfason: Mál þetta er nú til 1. umr. hér. Held ég, að hæstv. fjmrh. myndi vel geta fengið af sér að tala við fjhn. hér í Ed., eða hún að tala við hann,

svo að ekki þyrfti að vera að vísa málinu til n. svo seint á þingi.

Pétur Magnússon: Ég vil ekki gera það að kappsmáli, hvort málinu er vísað í n. eða ekki, en þó tek ég undir með hæstv. fjmrh., að ég skil ekki, hvað málið á að gera í n. Frv. er svo stutt og málið svo óbrotið, að mér virðist hver þm. ætti að geta gert það upp við sjálfan sig, hvort hann getur léð frv. fylgi eða eigi. Með þessum orðum er ég hinsvegar ekki að taka neina afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 6:3 atkv.

Á 77. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Þorláksson: Það hefir nú ekki þótt ástæða til að vísa þessu máli til n., en ég hefi veitt því eftirtekt, að með þessu frv. er farið fram á lánsheimild til handa ríkisstj. á 12 millj. ísl. króna, eða jafngildi þess í erlendri mynt. — Í grg. þeirri, er fylgir frv., er svo þess getið, að tilætlunin með þessari lántöku sé sú, að greiða upp eldri lán, sem eru í sterlingspundum, og er sagt, að eftirstöðvar þeirra lána séu nú £500000 tæp. Þessi lán virðast mér ekki samsvara öllu meira en 11 millj. kr. eftir núverandi gildi. Er því ríflega áætlað fyrir þessum skuldum, þar sem 1 millj. kr. er fram yfir.

Það stendur nú að vísu í grg., að ekki sé um nýja lántöku að ræða, heldur eigi það lán, sem tekið verður eftir þessari heimild, að ganga til þess að greiða upp eldri lán. En svo hefir nú verið ákveðið áður og þó farið öðruvísi, því 1930 gekk talsverður hluti af því láni, sem þá var tekið, í ríkissjóð og var varið til almennra þarfa, en ekki til þeirrar greiðslu, sem lántökuheimildin byggðist á. Ég hefi ennfremur þótzt veita því eftirtekt, að í Nd., þegar frv. var þar, hafi komið fram brtt. við það, sem einskorðaði lánið í sjálfum l. við þann tilgang, sem um getur í grg. En sú brtt. var ekki samþ. Þetta gefur mér tilefni til þess að líta svo á, að það þurfi athugunar við, hvort rétt sé að veita þessa heimild, einkum þegar það tvennt er athugað, að hér er um stærri heimild að ræða en með þarf til greiðslu á þeim lánum, er um getur í grg., og að það er ekki einskorðað í l. sjálfum, að ekki megi nota þetta lán til annars en endurgreiðslu eldri lána.

Það er mín skoðun, að nú sé óhentugur tími að leita nýs láns til greiðslu eldri lána, og sé því ósýnt um árangur af samþykkt þessa frv. Það má ekki láta það blekkja sig, þó Englandsbanki hafi nú lækkað forvexti sína í bili. Það er alveg sérstök ráðstöfun, gerð til þess að verjast spekulationum í hækkun gengis á £. Með því að lækka forvextina er verið að verjast því, að fé, sem flöktir á milli landa, setjist að í Englandi, í von um það, að sterlingspundið hækki, og að það fé verði aðnjótandi þeirrar hækkunar. Ég hefði því viljað heyra, hvaða vonir hæstv. fjmrh. gerir sér um slíka lántöku nú, hvort hann álítur slíkt lán fáanlegt nú og með hvaða kjörum. Aðaleftirstöðvarnar af þeim lánum, sem ráðgert er að borga upp, eru frá 1921, og er það lán með 7% vöxtum, ef ég man rétt.

Ég hefi hugsað mér að greiða atkv. með þessu frv. til 3. umr., en það fer eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gefur, hvort ég treysti mér til að greiða því atkv. við þá umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég svaraði samskonar fyrirspurn við 1. umr. hér í hv. d. og gat þess þá, að ekkert hefðu verið athugaðir enn möguleikar fyrir því að „konvertera“ þessum lánum. Ég hélt því heldur ekki fram þá, að tími til þess væri hentugur nú. En hinu hélt ég fram, að þó tímar væru ekki heppilegir nú, þá gætu þeir breytzt, svo rétt væri að vera við því búinn, ef tækifæri byðist, og frá því sjónarmiði væri ekki óheppilegt að veita þessa heimild.

Brtt., sem fram kom í Nd., var felld af því, að það hafði komið fram áður, síðast þegar tekið var lán, að heppilegra var gagnvart lánveitanda, að í l. þeim, er heimiluðu lántökuna, væri skilyrðislaus ríkisábyrgð. Býst ég varla við neinni tortryggni um það, að þetta lán verði notað til annars en þess, er grg. segir til, endurgreiðslu á lánum.

Það má með nokkrum sanni segja, að afgangur kunni að verða af þessari lántöku, þegar eldri lánin eru greidd. En það stafar af því, að lánsheimildin er bundin við slétta tölu. Afgangurinn mundi þá renna í ríkissjóð, og er ekki hægt að segja, að það sé óþarfur hlutur á erfiðleikatímum. En þessar 12 millj. kr. eru þó ekki nefndar vegna þess að afgangur verði handa ríkissjóði, heldur vegna hins, að heldur þótti heppilegra að tiltaka lánsheimildina í ísl. kr., og að tiltaka þá heldur of háa en of lága tölu til að greiða upp hinar eldri skuldir. En verði þess óskað, þá er mér sama, þótt lántökuheimildin sé nefnd í pundum, og þá sem næst þeirri upphæð, sem þarf að taka til að greiða þessi lán.

Fleira held ég, að ræða hv. 1. landsk. hafi ekki gefið mér tilefni til að taka fram.

Jón Þorláksson: Ég finn enga ástæðu til þess að tortryggja hæstv. núv. fjmrh. um það, að hann noti þessa lántökuheimild til annars en þess, sem um er getið í grg. frv., sem er samin af honum sjálfum, þar sem hann er flm. frv. En á því hefir borið ekki svo lítið hin síðari ár, að stj. hefir á ýmsum sviðum ekki talið sig bundna við yfirlýsingar fyrirrennara sinna. Og vegna þess fordæmis tel ég, að Alþ. eigi að gæta allrar varúðar, svo að það sé fyrirbyggt, að fjmrh., er síðar kynnu að koma, notuðu þessa lántökuheimild á annan hátt en núv. fjmrh. mundi gera. Ég segi þetta vegna þess, að ég er hræddur um, að dregizt geti nokkuð, að þessi lánsheimild verði notuð, þar sem ég tel, að tímar nú séu óheppilegir til slíkrar lántöku. En þetta allt má athuga til 3. umr. Ég vil geta þess, að ég er fús til að veita heimild til þess, að ný lán verði tekin til að greiða með eldri lán, ef hagkvæmari kjör fást. En mér er umhugað um, að svo verði frá þeirri lánsheimild gengið, að þau lán verði ekki notuð til annars.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég á bágt með að hugsa mér þann fjmrh., sem nota mundi þetta lán til annars en þess, sem hér ræðir um, nema þá ef einhver lítill afgangur yrði, þegar þau lán, sem nefnd eru í grg., væru greidd að fullu. Og þar sem nú hv. 1. landsk. treystir mér sæmilega til að framkvæma þetta eins og til er ætlazt, þá ætti hann vissulega að hafa þær vonir viðvíkjandi síðari tíma fjmrh., að þeir færu batnandi, en ekki versnandi. (**JónÞ:** Það getur nú brugðið til beggja vona!). Hann ætti a. m. k. að hafa þá von, að svo muni verða, þegar næstu fjmrh.-skipti fara fram. Annars hygg ég, að ekki muni vera þægilegt að komast framhjá Hambro's- eða Barclay's Bank, þegar farið er að „konvertera" þessum lánum. Og ég tel engan möguleika á öðru en að greiða þau upp, og er þá einungis um lítinn afgang að ræða, sem stj. gæti tekið til sinna þarfa, ef þessi heimild verður notuð. Þessum viðskiptabönkum yrði vitanlega tilkynnt, ef þessi heimild verður samþ., og álits þeirra leitað um það, hvenær heppilegt myndi að hefjast handa um lántöku í þessu augnamiði. Ég hygg, að Hambro's Bank sé ekkert áhugamál um, að gamla lánið frá 1921 verði greitt upp nú, nema þá að hann hefði milligöngu um það og fengi ómakslaun. En hitt veit ég, að Barclay's Bank er um það hugað, að þeim 67 þús. pundum, sem við skuldum honum, verði sem fyrst breytt í fast lán, eða við fyrsta tækifæri. — Barclay's banki hefir sýnt lit á því að vilja útvega okkur fast lán. Það gerði hann við lántökuna 1930. Og ég geri ráð fyrir því, að leitað verði aðstoðar þessara banka og mikið farið að þeirra ráðum um það, hvenær hafizt verður handa um lánsútvegun. Mér er umhugað um það, að þessu skilyrði verði ekki skotið inn í frv. Mér þykir líklegt, ef það verður gert, að hinn útlendi lánveitandi muni þá senda fjmrh. heim og heimta skilorðslausa lánsheimild af þinginu, eins og fyrir hefir komið áður. Þar sem því sú hætta er til staðar, en hin hættan, sú, að lánsheimildin verði misnotuð, verður að teljast hverfandi lítil, þá vil ég alvarlega ráða frá því, að ákvæði um það, hvernig verja skuli láninu, verði sett inn í sjálf lögin, enda er hér um bil vitanlegt, að væntanlegum erlendum lánveitanda muni vera illa við að taka að sér, fyrir þá innlendu „opposition" uppi á Íslandi, að sjá um það, að stj. fari rétt með þessa heimild. Lánveit-

andi mun fráleitt vilja taka að sér athugun á því.

Ég er fús til að eiga tal um þetta við hv. 1. landsk. og hv. fjhn. milli umr., ef æskilegt þykir. Og ég tjái mig fúsan til að breyta lánsupphæðinni úr krónum í pund. En ég geri ráð fyrir, að ég telji mér ekki fært að ganga inn á aðrar breyt. á frv.

Jón Þorláksson: Það hefir enginn hreyft því, og ég býst ekki við, að neinum hafi dottið það í hug að ætlast til þess, að erlendir lánveitendur tækju að sér hlutverk stjórnarandstæðinga um athugun á því, hvort stj. færi með fé ríkisins eins og fyrir hana er lagt. Ég kannast við þetta, sem hæstv. fjmrh. ber fram. Það hefir komið fyrir, að óskað hefir verið eftir nýrri lántökuheimild og því skotið fyrir, að heimild sú, sem fyrir hendi var, gerði ákvörðun um notkun lánsfjárins. Mér kom það á óvart þá, því mér var kunnugt um, að það var ekki tíðkanlegt að hafa sömu varúð gagnvart öðrum. Ég hafði þá nýlega haft fyrir mér lög um lántökuheimild frá Danmörku, þar sem farið var eins að og hér hafði verið gert. Í 1. gr. var skýlaus heimild til stj. til að taka lán, og í 2. gr. var kveðið á um það, til hvers fé ætti að nota.

Nú vil ég vekja athygli á því, að þó látið sé að vilja hæstv. fjmrh. og í þetta frv. séu ekki sett ákvæði um notkun fjárins, þá er sú leið opin að skipta þessu í tvenn lög, hafa lánsheimildina í öðrum, en ákvæði um notkun fjárins í hinum. Ég skil ekki í því, að nokkrum lánveitanda þætti það athugavert.

Mér finnst ástæða til að athuga þetta, því það eru allir sammála um, að því er virðist, að binda þetta við endurgreiðslu eldri lána. Hér er um mikla fjárhæð að ræða, en allt óvíst um það, hvenær lánið verður tekið og hvaða stj. situr þá að völdum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það mun vera rétt, út af fyrir sig, að erlendir lánardrottnar geti ekkert haft á móti því, þótt sett verði önnur lög til að binda stjórnina um meðferð lánsfjárins. Það er algert innanlandsmál. En ég hefi lýst yfir þeirri skoðun minni, að ég tel allar þær ástæður, sem liggja að þessari lánsheimild, vera nægilega bindandi fyrir hvaða stj. sem er. Ég býst tæplega við að fylgja slíku frv., því ég sé þess enga þörf, og í því felst óþarfa tortryggni, ekki á núv. stj., því það er óvíst, að hún taki lánið, heldur á stjórnarfarinu yfirleitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 645, 770).

Jón Þorláksson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 770, og er tilætlunin sú, að láta það koma fram í l. sjálfum, ef þau verða samþ. og öðlast staðfestingu, að þessi lántökuheimild sé algerlega einskorðuð við það, að lánsféð sé notað til endurgreiðslu á öðrum ríkislánum. Þessi tvö lán, sem ætlazt er til, að séu endurgreidd með þessu lánsfé, ef til kemur, eru bæði tekin í London, og eru þau bæði tekin í sterlingspundum, og þótti mér því rétt að miða lántökuheimild þá, sem hér um ræðir, við sterlingspund.

Það var vikið dálítið að þessu efni við 2. umr. þessa máls, og upplýstist þá, að lánveitendur hefðu áður, að því er snertir heimildina fyrir lántökunni, sem fór fram árið 1930, haft á móti því, að heimildarl. hefðu að geyma ákvæði um notkun lánsfjárins, og af þeim ástæðum, að þeir vildu ekki taka að sér eftirlit með fjárráðstöfunum ísl. stj. Þótt þessar aths. lánveitendanna væru óvenjulegar að því er það lán snertir, eins og ég áður hefi fært rök að, tel ég þó, að þeir hafi í því efni haft einhverja ofurlitla átyllu fyrir aths. sínum, en ég tel hinsvegar ekki, að sú átylla næði til þess, þótt sett væru í þetta frv. ákvæði um það, að lánið eigi eingöngu að nota til endurgreiðslu á gömlum lánum. Eins og nú er ástatt, er ekki von um, að ríkislán eins og hér er leitað

heimildar fyrir verði tekið annarsstaðar en í London, eða a. m. k. með vitund og þátttöku þeirra peningastofnana í London, sem ísl. ríkið nú þegar er orðið mest skuldbundið, og þar sem hin eldri lán, sem endurgreiða á með þessu lánsfé, einnig eru tekin í London, sumpart hjá sömu aðiljum og sumpart undir handarjaðri þeirra, lít ég svo á, að það sé síður en svo, að þessir aðiljar geti haft á móti því, að það sé ákveðið í l., að þessu lánsfé skuli varið á þennan hátt, og á þennan hátt eingöngu. Annað af þessum tveimur gömlu lánum, sem á að endurgreiða, er tekið hjá Barclay's Bank í London, og eru einmitt helzt líkur til, að sá banki fáist til að greiða fyrir nýrri lántöku, og væru þá hæg heimatökin fyrir hann að taka að sér að greiða sjálfum sér annað þessara eldri lána, en hitt lánið er skuldabréfalán, sem boðið var út í London á sínum tíma, og til þess að greiða það verður að fara fram innköllun á skuldabréfunum, og framkvæmd slíkrar innköllunar verður að gerast í gegnum einhvern banka eða miðlara í London. Ef endurgreiðsluákvæðið verður sett í frv., þýðir það því nánast það, að það bæri að fela þeirri lánveitandi peningastofnun framkvæmd þessarar innköllunar, og er þar um viðskipti að ræða, sem greiða verður þóknun fyrir, og sérhver sú peningastofnun, sem veitti þetta nýja lán, mundi þakksamlega taka við þeim viðskiptum að hafa á hendi innköllun og ráðstöfun þessara handhafaskuldabréfa. Ég sé því ekki, að neitt geti verið því til fyrirstöðu, að slíkt ákvæði sem þetta sé sett í frv.

Að því er snertir afstöðuna innanlands, þá er það ekki í samræmi við þá gætni, sem ber að hafa um svo stórkostlegt fjármagn sem þetta, að skila slíkri lántökuheimild sem þessari í hendur hvaða stj., sem kann að verða á nálægum árum, þannig orðaðri, að stj. geti í fullu lagaleyfi tekið þetta lán og varið því til hvers sem er, a. m. k. til hvers þess, sem stj. á hverjum tíma er heimilt að láta gera fyrir lánsfé, og það er margt í þeirri löggjöf, sem gengið hefir fram á síðustu árum, sem stj. er heimilað að láta gera, ef fé er veitt til þess í fjárl. eða stj. hefir yfir að ráða lánsfé til þessara hluta.

Við 2. umr. þessa máls var bent á það, að lánsheimildin eins og hún er ákveðin í frv., 12 millj. ísl. kr., fjallaði um nokkuð hærri upphæð en á að endurgreiða. Mismunurinn nemur eftir núverandi gengi um 1 millj. ísl. kr. Þótt ég telji það heldur óviðkunnanlegt að veita lántökuheimild fyrir hærri upphæð en þau lán nema, sem á að endurgreiða, er þetta þó ekkert aðalatriði fyrir mér í þessu máli. Þó að segja megi, að slíkt feli í sér möguleika fyrir hlutaðeigandi stj. til að ráðstafa einhverjum afgangi af láninu til annara þarfa, mætti líka líta svo á, að upphæðin væri ákveðin þetta hærri í frv. til þess, að stj. væri ekki útilokuð frá að taka lánið með einhverjum afföllum, ef heppilegt þætti af öðrum ástæðum. Það er því engan veginn tilgangurinn með brtt. minni, að heimildin megi ekki, ef vill, vera rýmri en nafnverð þeirrar skuldarupphæðar, sem á að endurgreiða með láninu, þótt mér hinsvegar sýndist rétt að orða þetta svo, að heimildin væri bundin við £500000, sem er örlítið hærri upphæð en nafnverð þessara tveggja eldri lána. Ef þetta út af fyrir sig þætti of þröngt, er ég fús til samkomulags um að hækka upphæðina, til þess að gera það mögulegt, að lánið yrði tekið með einhverjum afföllum, ef slíkt þætti henta á sínum tíma. Tilgangur minn er eingöngu sá, að gera þessa löggjöf svo úr garði, að það sé ljóst á lögformlegan hátt, að Alþingi er hér ekki að veita heimild til annarar lántöku en til að endurgreiða eldri ríkisskuldir, til þess þannig að ná þeim ávinning, sem kynni að fást við það, að hin nýju lán fengjust með hagstæðari kjörum en hin eldri.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. hefir nú flutt hér fram svipaðar aths. og hann gerði við 2. umr. þessa máls og borið fram brtt. við frv. í samræmi við þær á þskj. 770. Hinsvegar hefir hæstv. fjmrh. lýst yfir því, að þetta lán verði ekki tekið nema til endurgreiðslu á þeim eldri lánum, sem til eru tekin í grg. frv. Álít ég hagkvæmt, ef hægt væri þannig að breyta hinum eldri lánum, sem sumpart standa sem lausaskuldir og sumpart eru með mjög háum vöxtum, í betra horf, sem hagkvæmara væri fyrir landið. Hefir mér

skilizt svo, að mismunurinn á heimildarupphæðinni, sem er 12 millj. ísl. kr. samkv. frv. eins og það liggur fyrir, og þeim £498000, sem til eru tekin í grg. frv. og endurgreiða á, sé gerður fyrir kostnaði og afföllum við þessa væntanlegu lántöku, og er ekki gott að vita, hvað þau afföll verða mikil, en sennilega verður þó ekki mikil fjárhæð afgangs, eftir venjulegum afföllum á slíkum lánum. Ef lánið verður notað. eins og hæstv. fjmrh. hefir lýst yfir, að verði gert, og enda er tekið fram í grg. frv., er því ekki mikil hætta á, að það verði misnotað til annara hluta, eins og gefið hefir verið í skyn. Það er að vísu ekki gott að vita, hverjir við taka, en mér finnst það þó allsterkt, þegar það bæði er tekið fram í grg. frv. og eins yfirlýst af hæstv. fjmrh., til hvers lánið skuli nota.

Nú er ég ekki að segja, að ekki gæti komið til mála að setja varnagla í frv., eins og hv. 1. landsk. stingur upp á. En ég er ekki viss um, að það form fyrir lántöku væri nokkurs virði fyrir nokkra stjórn. Ég hefi ekki getað aflað mér nægra upplýsinga um það, og af því ég hefi ekki lokið við þá athugun, vildi ég beina því til forseta, hvort hann vildi ekki taka málið út af dagskrá í dag, því ef svo væri, að ekki þýddi neitt að setja í frv. slík skilyrði um endurgreiðslu sem felst í brtt. hv. 1. landsk., þá væri það sama sem engin heimild, og ef á því tímabili, sem þing ekki sæti, byðist ódýrara lánsfé en þessi lán, sem greiða á upp, þá álít ég það mikið gagn fyrir ríkið, og það þætti kannske illt að sleppa slíku tækifæri. Af þessum ástæðum vildi ég gjarnan, að forseti tæki málið af dagskrá.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég tel rétt, að forseti verði við ósk hv. 2. landsk., þar sem hann ætlar að athuga nánar atriði, sem við kemur brtt., sem fram er komin. Ég hefi talað um þessa brtt. við 2. umr., þó till. kæmi fyrst fram núna, og mín afstaða er óbreytt um það, að ég tel, að það gæti orðið til þess að hindra lántökuna að setja inn í l., til hvers eigi að verja láninu, og ég tel það nægа tryggingu, að þess er getið í grg., að aldrei muni koma til, að nokkur stj. noti lánið til annars en til að endurgreiða þessi lán. Ég hirði ekki um að endurtaka rök mín frekar. Ég hagaði frv. eftir upplýsingum, sem ég fékk hjá Landsbankanum, að það væri rétt að hafa heimildina skilyrðislausa. Að öðru leyti vil ég benda á það, að ef á að samþ. till. hv. 1. landsk., þá þyrfti að hækka upphæð lánsheimildarinnar, því í þeirri upphæð, sem hann tilnefnir, er hvorki gert ráð fyrir kostnaði né afföllum. Sá misskilningur hefir verið á slæðingi, að 1 millj. kr. verði afgangs af þessari lánsheimild eins og hún er orðuð í mínu frv., en það stafar af því, að menn gæta þess ekki, að það verða afföll og kostnaður við að taka lánið, og er óliklegt, að það verði minna en milli 700—800 þús. kr., svo afgangurinn, þó 12 millj. heimildin verði gefin, yrði ekki meiri en 200—300 þús. kr.

Þessu vil ég skjóta fram til þeirra, sem ætla sér að fylgja till., því það er þeirra að gera brtt. við það, en sú brtt. er nauðsynleg, ef á að samþ. till.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Ed., 26. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjmrh. gat þess fyrr við þessa umr., að ef brtt. mín á þskj. 770 ætti að ná samþykki, þá væri æskilegt, að lánsupphæðin væri hækkuð eitthvað dálítið upp úr 500 þús. sterlingspundum, og ætlaðist hann til, að ég bæri fram brtt. í þá átt. En það vantaði í ummæli hans, að hann léti þess getið, hvort hann vildi þá ganga inn á brtt. mína, ef hún kæmi fram þannig breytt, að í stað 500 þús. sterlingspunda kæmi t. d. allt að 540 þús. sterlingspund. Vilji hann það, er ég tilbúinn að bera fram till. um þá breyt., en að öðrum kosti sé ég ekki ástæðu til þess.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég gat um það við fyrri hl. þessarar umr., að ég mundi ekki sjálfur bera fram brtt. við brtt. hv. 1. landsk. og ætlaðist ekki til þess af þeim, sem frv. geta fylgt óbreyttu. Því jafnvel þó upphæðin í brtt. hv. 1. landsk. væri hækkuð, get ég ekki fallizt á hana. Það er af því, eins og ég hefi áður getið um, að við höfum rekið okkur á það áður, að skilyrðisbundin lánsheimild hefir verið gerð afturreka. Tel ég líkur

til, að svo gæti farið aftur. Það er af þeirri ástæðu einni, sem ég hefi amazt við brtt. hv. 1. landsk. Böndum þeim, sem hún setur um meðferð lánsfjárins, amast ég alls ekki við, en tel þau fyrir hendi eigi að síður, þó brtt. yrði felld.

Jón Þorláksson: Ég skil það á orðum hæstv. fjmrh., að fjármálastj. þessa lands *er nú komin til London.*

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég veit ekki, hvaðan hv. 1. landsk. hefir það, að fjármálastj. þessa lands sé komin til London. En hitt má vel vera, að það sé lítil fjármálastj. í landinu nú á þessu augnabliki.

Jón Baldvinsson: Við fyrri hl. 3. umr. tók ég mér frest til þess að athuga brtt. hv. 1. landsk. um að setja það inn í frv. sjálft, að láninu skuli varið til þess að greiða upp önnur tiltekin lán. Eftir að hafa athugað þetta nokkuð skilst mér, að lánsheimildin sé alveg ófullnægjandi, ef þessi brtt. er samþ., vegna þess að fram hefir komið áður, að ekki hefir fengizt lán samkv. lánsheimild, sem skilyrði hafa verið sett inn í um það, til hvers láninu skuli varið. Hinsvegar hefir nú hæstv. fjmrh. lýst því yfir, sem líka stendur í grg. frv., að því láni, sem hér er verið að veita heimild til að taka, eigi að verja til þess að greiða upp tiltekin lán. Þó í frv. sé farið fram á nokkuð hærri upphæð heldur en þau lán nema samtals, þá er mismunurinn ekki það mikill, að búast má við, að meginhluti hans fari í afföll og kostnað við lántökuna. Mun því sú ríkisstj., sem lánið tekur, ekki fá neitt, sem dregur, af því til annarar ráðstöfunar. Hinu, að nokkur stj. mundi voga sér að taka lán til eyðslu samkv. þessari lánsheimild, þó ekki sé tekið fram í frv. sjálfu, til hvers á að nota hana, því hefi ég enga trú á. Eftir þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið frá hæstv. fjmrh. og þeirri n., sem um frv. hefir fjallað, auk þess sem um þetta atriði stendur í grg. frv., *held ég, að engin stj. mundi þora að* nota þessa lánsheimild til þess að taka lán til almennrar eyðslu, í stað þess að greiða upp þær skuldir, sem lánsheimildin er miðuð við, jafnvel hvað miklir vandræðamenn sem í henni væru. Álít ég því óhætt að samþ. frv. óbreytt. Ef það skyldi koma fyrir, að möguleiki yrði til þess á milli þinga að breyta þeim skuldum, sem greindar eru í grg. frv., í hagkvæmara horf, þá vil ég ekki, að neitt sé því til fyrirstöðu, að landsmenn njóti þess hagnaðar, sem af því gæti leitt. Þess vegna mun ég greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir, og mundi gera það undir svipuðum kringumstæðum fyrir hvaða stj. sem væri, — enda er ég, eins og menn vita, í andstöðu við núverandi stj., ef nokkur stj. er annars til í landinu í dag. — Ég tel útilokað, að nokkur stj. geti misnotað þessa heimild, en tel hinsvegar, að hún gæti orðið þjóðinni að nokkru gagni.

Forseti (GÓ): Ég vil taka það fram, að það er mjög spaklega ályktað hjá hv. 2. landsk., að það sé e. t. v. engin stj. í landinu nú, af því hann hefir heyrt, að það mundi vera á leiðinni skeyti um það, að hæstv. stj. beiðist lausnar! **(JBald:** Getur hæstv. forseti sannað, að konungur sé ekki búinn að fá skeytið?).

Dómsmrh. (Jónas Jónsson) [óyfirl.]: Það skiptir ekki miklu máli í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, sú fyndni, sem mér skilst hv. 2. landsk. vera með hér. Ég vildi segja nokkur orð um till. hv. 1. landsk., af því ég er eitt af þeim fáu vitnum, sem sáu og heyrðu á staðnum þá erfiðleika, sem það leiddi af sér, að lánsheimild var orðuð eins og hér er farið fram á. Mér finnst í sjálfu sér eðlilegt, þegar gerð er lánsheimild eins og sú, sem hér er um að ræða, að í henni standi ákvæði eins og þau, sem felast í brtt. hv. 1. landsk., og fyrst þegar ég sá hana, áður en ég fór að rifja upp eldri tilfelli, fannst mér ekki nema rétt að samþ. hana. Ég er alveg samdóma hv. 1. landsk. um það, að það væri algerlega óhafandi af stj. að taka lánið með fölskum forsendum og gera það að eyðsluláni. En ég held, að þau rök, sem hv. 2. landsk. bar hér fram fyrir því, að við slíku þurfi ekki að búast, séu tæmandi. Það gæti e. t. v. komið fyrir einu sinni á heilli öld, að menn í ráðherrastöðu misnotuðu þannig aðstöðu sína. **(JónÞ:** Og það hefir svo ný-

lega komið fyrir hér, að ekki er von á því strax aftur!). Ég veit ekki til, að hv. tillögumaður, sem helzt mundi freistast til slíkra hluta, hafi neitt brotið af sér á þann hátt.

En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, er það, að einmitt sá banki í London, sem bráðabirgðalánið er hjá, Barclay's Bank, hafði nokkurn undirbúning með það árið 1930 að standa fyrir því láni, sem Hambro's Bank síðan tók fyrir Íslendinga. Þeir, sem fyrir þeim banka standa, eru á meðal þeirra fjármálamanna í London, sem mest traust hafa. Og þeir töldu, að það mundi alltaf orka tvímælis um sölu skuldabréfanna, ef í lánsheimildinni væru skilyrði, sem handhafar bréfanna hafa í raun og veru enga tryggingu fyrir, að yrðu uppfyllt. Lögunum um lánsheimildina var svo breytt, ekki af því, eins og hv. tillm. sagði, að fjármálastj. Íslands væri komin til London, heldur af því, að Íslendingar urðu, eins og allir, sem viðskipti hafa við aðrar þjóðir, að taka sanngjarnt tillit til hins aðiljans. Í þessu tilfelli hafði hinn aðilinn enga ástæðu til þess að tortryggja það, að farið yrði með lánið eins og tilskilið var. Það er aðeins af formlegum ástæðum, að þeir stórbankar, sem venjulega annast slíkar lántökur, vilja ekki taka ábyrgð á skilyrðum, sem þá skortir kunnugleika og aðstöðu til þess að líta eftir, hvernig eru uppfyllt.

Sem sagt er ég öllu efni og innihaldi till. hv. 1. landsk. samþykkur, en tel samkv. þeirri reynslu, sem fengin er af slíkum hlutum, að það yrði til skaða að gera lánsheimildina úr garði eins og þar er gert ráð fyrir. (**JónÞ**: Það yrði kannske ekki samþ. í London!).

ATKVGR.

Brtt. 770 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

nei: MT, PH, EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, GÓ.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 810).

67. Fátækralagabreyting (frv. allshn. Ed.).

Á 57. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (þmfrv., A. 463).

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Jónsson): Það er ekki langt síðan núgildandi fátækralöggjöf var sett; það mun hafa verið árið 1927, og var hún þá undirbúin af þeirri stj., sem þá sat að völdum, ráðuneyti Jóns Þorlákssonar. Þó ekki sé lengra um liðið, hafa ýmsar kvartanir komið fram um þessa löggjöf, og hér á Alþingi hafa oftar en einu sinni komið fram frv. um breyt. á henni og jafnvel um nýja heildarlöggjöf um þetta efni. Í fyrra var samþ. þáltill. í hv. Nd. um að skora á ríkisstj. að undirbúa breyt. á fátækralöggjöfinni.

Helzti gallinn, sem þótt hefir á þessari löggjöf, er það, hvað framfærslukostnaðurinn hefir orðið óhæfilega misþungur í einstökum framfærsluhéruðum. Það liggur hér fyrir skýrsla um þetta efni; hún er að vísu aðeins um það, hvað framfærslukostnaðurinn hefir orðið mikill í hverju framfærsluhéraði árið 1930, og er hún því ekki eins ábyggileg og ef hún hefði náð til fleiri ára. Þó gefur hún glögga bendingu um, hvað framfærslukostnaðurinn kemur yfirleitt ákaflega misþungt niður. T. d. hefir hann í Gerðahreppi orðið, ef miðað er við skuldlausa eign hreppsbúa, 11 kr. af hundraði. Í sumum sveitum landsins er aftur á móti enginn fátækrakostnaður, t. d. í einum hreppi í Borgarfirði, tveimur eða þremur í Austur-Skaftafellssýslu og e. t. v. víðar. Í Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu er framfærslukostnaðurinn tiltölulega enn hærri en í Gerðahreppi, eða kr. 17,17 á hvert hundrað skuldlausra eigna. Þar eru íbúarnir ekki nema 200, en framfærslukostnaðurinn á 4. þús. kr. og skuldlaus eign sveitarinnar 19 þús. kr. Sýnir þetta, hvað harkalega framfærslu-

kostnaðurinn getur komið niður eftir núgildandi löggjöf.

Afleiðingin af þessum afarmismunandi sveitarþyngslum hefir orðið sú, að einstakar sveitir hafa komizt í mestu fjárhagsvandræði. Hefir orðið að hjálpa þeim með því að lána þeim talsverðar upphæðir úr viðlagasjóði, sem síðar hefir svo orðið að gefa upp að meira eða minna leyti. Yfirleitt er ástandið í þessum efnum mjög slæmt og krefst því skjótra og góðra aðgerða.

Annað, sem mjög er bagalegt, er það, hvað mjög hefir farið í vöxt síðan þessi löggjöf var sett, að sveitarfélögin þurfa að kosta þurfalinga, sem dvelja annarsstaðar, sérstaklega í kaupstöðunum, þar sem framfæri þeirra er miklu dýrara heldur en í þeirra sveit. Á þann hátt verður framfærslukostnaðurinn miklu tilfinnanlegri en ella. Af þessu hefir líka leitt það, að safnazt hafa stórar skuldir á einstök sveitarfélög hjá öðrum framfærsluhéruðum, sem ekki hafa fengizt greiddar þrátt fyrir ýtarlegar tilraunir.

Ennfremur hefir það verið fundið að núgildandi fátækralögum, að þau heimila fátækraflutning. Hafa ýmsir fundið honum allt til foráttu. Hann er að vísu leiðinlegur og illt að þurfa til hans að taka. En hann hefir líka mjög þorrið á síðari árum, og er miklu mannúðlegri en áður, þá sjaldan hann fer fram. Frá mínu sjónarmiði er því sök sér um hann, þó sumir aðrir líti á hann alvarlegri augum.

Af öllu þessu er auðsætt, að nauðsynlegt er að ráða bætur á núverandi ástandi fátækramálanna. Fyrir þessu þingi liggja tvö frv. til heildarlaga um þetta efni, annað í þessari hv. d., flutt af hv. 2. landsk., og hitt í hv. Nd., flutt af hv. 1. þm. N.-M. og þremur öðrum hv. þm., að ég ætla. Frv. hv. 2. landsk. var vísað til allshn. snemma á þinginu, en hún hefir því miður ekki getað lagt til, að það væri samþ. eða lagt það til grundvallar fyrir þeim till., sem hún vill gera í þessu máli. Það er af ýmsum orsökum. Fyrst og fremst er þar farið inn á þá braut að gera allt landið í raun og veru að einu framfærsluhéraði. Það getum við ekki talið heppilegt, eins og nú standa sakir; álítum, að það yrði til þess að auka framfærslukostnaðinn meira heldur en við megum við. Það mundi draga úr þeirri hvöt, sem sveitarstjórnir hafa til þess að gera framfærslukostnað sem minnstan, á þann hátt þó, að sýna fulla mannúð.

Ýmsir hafa haldið því fram, að þótt ekki væri gengið inn á að gera landið að einu framfærsluhéraði, þá væri heppilegt að gera þá breyt. að hafa dvalarsveit að framfærslusveit. En í n. eru skiptar skoðanir um þetta atriði, og leggur hún því ekkert til um það, enda orkar tvímælis, hvort rétt sé að blanda jafnviðkvæmu máli hér inn í.

Frv. það, sem n. flytur á þskj. 463, er samið af skrifstofustjóra atvinnumálaráðuneytisins og hagstofustjóra. Frv. þetta tekur aðeins til meðferðar þau atriði, sem mestum erfiðleikum valda um jöfnun framfærslukostnaðar. N. hefir með þessu frv. lagt til, að felldur sé niður sérstakur ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkv. 66. gr. til sjúklinga í sjúkrahúsum, en að aftur sé úr ríkissjóði greidd upphæð til þess að jafna framfærslukostnað sveita. Gert er ráð fyrir því, að ef fátækraútgjöld sveitarfélags fer meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að ⅓ hluta við mannfjölda, að ⅓ við skattskyldar tekjur, að ⅙ við skuldlausar eignir skattgreiðenda og að ⅙ við fasteignamat, þá greiðist ⅔ hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði. Eftir gögnum þeim, sem n. hefir aflað sér, færir hún líkur fyrir því, að á þennan hátt megi jafna framfærslukostnaðinn milli sveitarfélaga landsins, með ekki meiri upphæð frá ríkissjóði en veitt er samkv. 66. gr. Hinsvegar er ekki ástæða til að borga sjúkrakostnað eins og nú er gert, þ. e. að styrkja sveitarfélög, sem ekki hafa nema 1 sjúkling í sjúkrahúsi, heldur þykir rétt að láta þann styrk renna til þeirra sveitarfélaga, sem hærri hafa framfærslukostnaðinn, jafnvel þótt þau hafi engan sjúkling í sjúkrahúsi.

Af því að n. leggur ekki til, að landið verði gert að einu framfærsluhéraði, dregur hún ekki úr hvöt sveitarfélaga til að halda styrkjunum niðri, því að eftir sem áður kemur mikill þungi á sveitirnar sjálfar, þar sem þær fá engan styrk fyrr en framfærslukostnaður er kominn meira en 20% fram úr meðaltali.

Í annan stað ákveður frv., að ráðstafað sé eldri skuldum milli sveitarfélaga. Er mikil þörf á þessu, því að sum sveitarfélög eiga stórfé hjá öðrum, sem þau hafa ekki fengið greitt. Er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður geti veitt vissan styrk til þess að ljúka þeim skuldaskiptum.

Ég skal geta þess, að meðlimir allshn. áskilja sér óbundinn rétt til að flytja brtt. við frv. Sjálfur hefi ég t. d. tilhneigingu til þess að stytta sveitfestitímann úr 4 árum niður í 2 ár. Hefi ég þó ekki gert brtt. um þetta, en býst við að gera það.

Auk þess má segja það álitamál, hvort dottið hafi verið ofan á heppilega aðferð til að jafna milli sveitarfélaganna, þar sem miðað er að ⅓ við mannfjölda og að ⅓ við skattskyldar tekjur. Hefði ég haft tilhneigingu til að miða aðallega við skuldlausar eignir, en ekki mannfjölda, eða að takmarka það a. m. k. við tölu verkfærra manna. En aðalatriðið er, að með frv. er ráðin bót á verstu annmörkunum, sem sé hinum misjafna þunga á sveitarfélögunum. Held ég, að það hafi tekizt. Hafa líka verið sett skýrari ákvæði um greiðslu framfærslustyrks til manna, er staddir eru erlendis.

Vænti ég, að hv. d. leyfi málinu greiðan gang gegnum þingið.

Jón Baldvinsson: Mér þótti leitt, að hv. allshn. skyldi leggjast á móti frv. því til framfærslul., er ég bar hér fram snemma á þinginu. Vil ég spyrja hana, hvort hún geti ekki fallizt á, að málið komi fyrir hv. d., svo að hægt sé að skera úr um það, hvað þingið vill. Veit ég ekki, hver er form., en vil beina því til hv. n. að láta frv. koma fram, hverjar svo sem till. hennar eru. Skilst mér, að krafan um það, að landið verði eitt framfærsluhérað, eigi sér ríkt fylgi líka í öðrum flokkum en Alþýðuflokknum. Finnst mér þetta vera það minnsta, sem n. getur gert, eftir að hafa haft málið liggjandi í tvö þing. En ég verð að sætta mig við það, sem hún gerir. Þetta frv. hennar gerir litla breyt. á núverandi ástandi. Það, sem gerist, er það eitt, að ríkissjóður tekur aftur styrki þá, sem greiddir hafa verið sjúklingum, og jafnar því fé niður á þau sveitarfélög, sem harðast hafa orðið úti. Er það ekki mikið. Sýnist þessi breyt. svo lítilfjörleg sem verið getur. Þó er í grg. játað, að það væri kostur að hafa landið allt eitt framfærsluhérað, því að með því hyrfu úr sögunni kostnaðarsöm viðskipti milli sveitarfélaga. Vona ég, að hv. n. lofi okkur að sjá frv. mitt, svo að úrslit fáist um það.

Það sýnir þörfina á breyt. fátækralaganna, að 4 frv. liggja nú fyrir Alþ. um breyt. á þeim, frv. n., frv. hv. 2. þm. Árn., frv. hv. 1. þm. N.-M. og svo mitt frv.

Einar Árnason: Þetta frv. er flutt af allshn., og er það gert til þess að ráða bót á einu atriði fátækralaganna, því, sem mest var aðkallandi, að jafna dálítið milli sveitarfélaganna eða létta undir með þeim, sem hafa þyngsta fátækraframfærslu. Að n. fór ekki lengra, kom til af því, að litlar vonir eru um það að koma fram gagngerðri breyt. á fátækral. Þó að ég sé í n., er ég ekki ánægður með frv., því að ég held, að það gangi of skammt í breyt. Vil ég þó ekki hindra framgang þess, því að það ræður bót á því, sem mest er aðkallandi.

Hv. 2. landsk. vísaði til frv. þess, er hann flutti hér fyrr á þingi og enn liggur fyrir allshn. Vildi hann, að n. skilaði því, hver sem afstaða hennar væri. Held ég, að lítið gagn væri að því, því að ég get sagt fyrir hönd n., að hún er á móti því að gera landið að einu framfærsluhéraði. Ég hefði kosið, að fátækral. yrði breytt í svipað horf og farið er fram á í frv. því, sem nú liggur fyrir Nd. og flutt er af hv. 1. þm. N.-M. o. fl. En ég geri ekki ráð fyrir því, að hægt sé að koma þessu þannig fram, að sú breyt. felist í þeim, að heimilissveit sé alltaf framfærslusveit.

Ég hefi verið því fylgjandi fyrir löngu, að dvalarsveit væri framfærslusveit, en landið ekki gert að einu framfærsluhéraði. Með því væri komið í veg fyrir erfið og óþægileg viðskipti og skuldakröfur milli sveitarfélaga. Hinsvegar hljóta framfærsluhéruð að hafa mikið aðhald um að eyða ekki að óþörfu fé til framfærslukostnaðar. Samkv. þessari skoðun minni myndi ég fylgja brtt. við þetta frv., sem færi í þá átt að stytta sveitfestitímann. Er ég viss um, að við það myndi minnka mjög argaþras milli sveitarstjórna.

Hv. 3. landsk., frsm. n., tók fram, að

ákvæði 3. gr. væri aðalatriði frv., en þar er gert ráð fyrir að jafna þannig milli sveitanna, að ríkissjóður taki á sig nokkuð af framfærslukostnaðinum. En ég er ekki allskostar ánægður með ákvörðun 2. málsgr., og gæti ég þar fallizt á dálitla breyt. Flyt ég e. t. v. slíka breyt., ef ég sé fram á það, að hún muni fá fylgi. Mæli ég svo með því, eins og hv. 3. landsk., að frv. fái að ganga til atkv., því að þótt ekki náist allt með henni, yrði það þó til bóta, ef hún næði samþykki. Hinsvegar er ég sannfærður um það, að fátækral. verða bráðum tekin til endurskoðunar, en ég hefi enga trú á því, að það sé hægt að gera rækilega á þessu þingi.

Jón Baldvinsson: Mér kemur í hug að fara fram á það við hv. allshn., að hún láti frv. ganga til umsagnar bæjarstjórnar eða fátækrastjórnar Rvíkur og Hafnarfjarðar. Þau tvö sveitarfélög greiða mikinn hluta fátækrakostnaðar hér á landi. Vil ég mælast til þess, að hv. n. leiti umsagnar þeirra um þetta.

Út af orðum hv. 2. þm. Eyf. tek ég það fram, að ég tel það hafa þýðingu að láta frv. mitt til framfærslul. koma fram í deildinni, til þess að sjá afstöðu hv. þm., því að þótt hv. þm. segi, að það myndi ekki lagt til grundvallar við breyt. á fátækral., þá veit hann það ekki, og mér skilst á sumum hv. dm., að þeir myndu vilja fallast á frv. lítið breytt fremur en þetta, sem hér liggur fyrir.

Held ég ekki, að það sé þýðingarlaust að láta frv. koma til umr. án tillits til till. n.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég sé ekki beint, hvaða þýðingu það hefði að láta frv. hv. 2. landsk. koma fram í hv. d. N. hefir, með því að flytja nýtt frv., tekið afstöðu á móti því. Hinsvegar getur hv. 2. landsk. flutt brtt. við frv. og fengið skorið úr því, hvern byr það fær í deildinni, ef hann telur ekki skorið úr því með afstöðu n.

Hv. þm. talaði um, að frv. væri lítils virði, þar sem aðeins væri verið að jafna niður 70—80 þús. kr. úr ríkissjóði. En í frv. er ekki talað um 70—80 þús., heldur það fé, sem þarf til að létta af sveitarfél. framfærslukostnaði samkv. 3. gr. frv. Skal ég benda á dæmi: Ef frv. yrði að l., eru líkur til þess, að Gerðahreppur í Gullbringusýslu fengi endurgreiddan frá ríkisstj. allt að helming þess kostnaðar, sem hann hefir haft. Nes í Norðfirði fengi um ⅓ hluta. Þessi breyt. skiptir alls ekki litlu. Auk þess myndi að nokkru leyti greitt úr skuldaskiptum milli sveitarfélaga. Sé ég því ekki betur en að frv. ráði bót á mörgum annmörkum. Getur það verið hættulegt að flytja stórfelldar breyt., og er betra að gera það heldur seinna, þegar þetta er orðið að l.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 463, 526, 546, 550, 551, 552).

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Allshn. hefir tekið þetta mál til athugunar og hefir leyft sér að bera fram á þskj. 550 brtt. við frv. eins og það kom frá atvmrn. Þær eru í sjálfu sér ekki stórfelldar. Fyrri brtt. er um það, að lengja þann frest, sem oddvitum er veittur samkv. 2. gr. til þess að senda atvmrn. skýrslur um fátækraframfæri, þannig að í stað febrúarlok komi marzlok. N. telur, að þetta sé of snemma á árinu, a. m. k. á stærri stöðum, sem varla geta haft reikninga sína til svo snemma til þess að senda fyrir febrúarlok, og sá ekki, að það væri neinn skaði, þó það væri dregið í einn mánuð.

Önnur brtt. er við 3. gr. Þar er ákveðið, hvernig eigi að reikna út fátækrakostnað sveitarfélaganna, og er gert ráð fyrir, að það sé miðað að ⅓ hluta við mannfjölda. En n. gerir brtt. um það, að í staðinn fyrir að miða við mannfjölda sé miðað við það, sem maður kallar verkfært fólk, 18—60 ára, m. ö. o. það, sem gjaldskylt er til ellistyrktarsjóðs. Með því að þær skýrslur eru fyrir hendi, er eðlilegt, að við þær sé miðað.

Aðrar brtt. ber n. ekki fram sameiginlega. En ég skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um brtt., sem ég ber fram á-

samt öðrum utan n. Fyrsta brtt. er á þskj. 552, sem hv. 2. þm. Eyf. flytur með mér. Hún er við 3. gr. og ræðir um það, hvernig skuli reiknaður út fátækrakostnaður hreppanna. Maður verður að gera sér ljóst, hvaða aðferð sé heppilegust til þess að finna gjaldþol sveitarfélaganna. En ég verð að segja það, að mannfjöldinn út af fyrir sig er lítill mælikvarði á gjaldþolið, en vinnuaflið, sem mannfjöldinn getur lagt til, er nokkur mælikvarði, en það kemur fram í hækkun eða lækkun á tekjum sveitarfélagsins. Að öðru leyti en það, sem kemur fram í tekjum, sem menn hafa unnið sér inn, sýnir lítið um þjaldþol manna. Þess vegna tel ég fyrir mitt leyti, að hinir liðirnir, sem taldir eru hér upp sem mælikvarði yfir gjaldþol manna, skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir, séu miklu sannari mælikvarði en það, hvort fólkið er fleira eða færra, og þess vegna, þegar leita á að gjaldþoli, á fyrst og fremst að miða við þessa 2 stofna. Nú er í frv., þvert á móti því, sem ég tel rétt, lögð aðaláherzlan á mannfjöldann, þar sem gert er ráð fyrir, að ⅓ skattsins sé miðaður við mannfjölda. Þetta er óhæfilega hátt, og vil ég því breyta til og færa þennan hluta niður í ⅙ miðað við mannfjölda, en aftur ⅓ miðað við skuldlausar eignir. Ef sveit á mikið af skuldlausum eignum, þá sýnir það miklu ljósar, að hún hefir mikið gjaldþol, en þó hún hefði margt af fólki, einkanlega ef mikið er af börnum og gamalmennum. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á, að þessi brtt. nái fram að ganga.

Þá flyt ég aðra brtt. á þskj. 526 með hv. 2. þm. Árn., og skal ég játa, að hún er þessu frv. óskyld, snertir ekki þessi atriði, sem frv. ræðir um, heldur það, sem um áratugi hefir verið mjög viðkvæmt deilumál, sveitfestistímann. Eins og menn vita, þá var sveitfestistíminn fyrir skömmu 10 ár, en var fyrir nokkru færður niður í 4 ár, en við leggjum til í þessari brtt., að hann verði enn þá styttur niður í 2 ár. Með því vinnst ýmislegt að okkar dómi, fyrst og fremst það, að fátækraflutningar munu minnka og einnig skrifleg viðskipti milli sveitarfélaganna, og með því vinnst það, sem við leggjum aðaláherzluna á, að þá kemur minna fyrir af því, sem þjáir sveitarfélögin mest, að þurfa að borga með þurfamönnum út úr sveitunum, sem verður til þess, að fátækrakostnaður hvers sveitarfélags verður miklu meiri en ella þyrfti að vera. Við höldum, að þetta stuðli að því m. a. að draga úr því, að ríkissjóður þurfi að leggja mikið fram til fátækraframfærslu, og að því að draga úr fátækrakostnaði, og það teljum við afskaplega stórt atriði, þegar hvert sveitarfélag þarf lítið annað að annast en sína eigin þurfalinga. Í frv., sem komið er fram í Nd., hefir verið lagt til að stíga sporið ennþá lengra, sem sé að gera dvalarsveitina að framfærslusveit. Með því móti losna menn við fátækraflutninga og allt vafstur milli sveitarfélaga. En það hefir ýmsa annmarka í för með sér og er miklu stærra spor, svo ekki er þorandi að leggja út á þá braut.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu, fyrr en einhver andmæli hafa komið fram gegn þessum till., sem hér liggja fyrir. Hér er einnig ein till. frá hv. 4. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. Ég sé ekki ástæðu til að tala um hana fyrr en þeir hafa gert grein fyrir henni.

Pétur Magnússon: Þó ég sem einn nm. hafi gerzt meðflm. þessa frv. og ætli því að ljá því fylgi mitt, þá verð ég að segja, að ég er ekkert hreykinn af þessu afkvæmi okkar. Mér er ljóst, að sú breyt., sem hér er lagt til að gerð verði, er ekki annað en kák, sem ekki verður búið við lengi. Það orkar ekki tvímælis, að það dregur að því, að við verðum að gera gagngerða breyt. á fyrirkomulagi fátækramálanna, og ég geri ráð fyrir, að það dragi til þess áður en langt um líður, að landið verði gert að einu framfærsluumdæmi, þrátt fyrir alla þá ágalla, sem á því eru. Hinsvegar er það ljóst, að fátækramálin eru komin í það horf, að óhjákvæmilegt er að gera einhverja breyt. á þeim þegar í stað. Sú byrði, sem er lögð á vissa hreppa landsins, er orðin svo þung, að þeir eru hættir að geta risið undir henni. Þetta er staðreynd, sem öllum er ljós, sem hafa kynnt sér þetta mál. Þegar því stendur svo á, að ekki er útlit fyrir, að gagngerð breyt. geti farið fram í þessu efni á þessu þingi, þá er ekki annars kostur en að reyna að bæta úr sár-

ustu ágöllunum. Sá ágallinn, sem mest er áberandi, er, að fátækraframfærslan skiptist svo misjafnt á ýmsar byggðir landsins, að ekki verður við unað. Úr þessum ágalla er frv. ætlað að bæta. Aðalbreyt., sem lagt er til að gerð verði á fátækral., er fólgin í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að meðaltal fátækraútgjalda sá fundið eftir tilteknum reglum, og þau framfærsluhéruð, sem verst verða úti, fái endurgreiddan vissan hluta af því, sem þau leggja fram. Eins og hv. dm. hafa veitt athygli, þá er lagt til í frv., að enginn hreppur geti fengið endurgreiðslu fyrr en fátækraútgjöld hans eru komin 20% fram úr meðaltali. En af því, sem þar er fram yfir, er ætlazt til, að hann fái endurgreidda ⅔ hluta. Það er svo eftir þessari till., að hrepparnir verða fyrst að greiða ⅕ fram yfir meðaltal, og í viðbót við það ⅓ af því, sem fram yfir er, hvað mikil upphæð, sem það kann að vera. Þessi ákvæði eru sett í þeim tilgangi að halda fátækragjöldunum niðri, eftir því sem föng eru til, og að hreppsn. hafi vegna eigin hagsmuna ekki tilhneigingu til að láta fátækraútgjöld fara fram úr því, sem nauðsyn krefur. Og mér er ljóst, að ekki er hægt að komast hjá því að setja einhver ákvæði til þess að fyrirbyggja, að hreppsn. hagi sér of gálauslega í þessu efni. Ef þær hafa ekki eigin hagsmuna að gæta, þá er hætt við, að minna sé skeytt um að halda útgjöldunum í skefjum. En ég álít það nægilegt aðhald fyrir hreppsn. að eiga að greiða ⅓ af því, sem er fram yfir meðaltal. Hreppsnefndirnar vita í mörgum tilfellum ekki, hvort fátækragjöldin muni verða fyrir neðan eða ofan meðallag, og eiga líka sömu hagsmuna að gæta, meðan ekki er komið yfir meðaltal. En þegar yfir það er komið, eiga þó hrepparnir að bera ⅓ kostnaðarins við fátækraframfærslu. Ætti það að vera nægileg trygging fyrir því, að ávallt yrði gætt allrar skynsamlegrar sparsemi. Ég hefi því, ásamt hv. 2. þm. Eyf., leyft mér að gera brtt. um, að úr frv. falli niður orðin „meira en 20%“. Okkur sýnist fullkomin sanngirni vera í því að leggja ekki þyngri byrðar af fátækraframfærinu en ⅓ fram yfir meðaltal á þau hreppsfélög, sem verða harðast úti.

Hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. hafa gert brtt. um útreikning fátækraþungans, þannig að ⅙ komi á tölu verkfærra manna, en ⅓ á skuldlausar eignir, þegar finna skal meðaltalið. Ég hefi ekki getað fallizt á þessa brtt., því þó að tala fullvinnandi manna sé hæpinn mælikvarði, þá er þó hitt ennþá hæpnara. Það er augljóst, að þau héruð, sem hafa marga menn á bezta aldri, eru betur fær um að bera nokkrar byrðar en þau, sem eiga lítið af slíkum mönnum. En eignaframtal er þar á móti í mörgum tilfellum svo hæpinn mælikvarði, að varla er rétt að byggja á því sem undirstöðutölu í svo ríkum mæli sem brtt. gerir ráð fyrir. Það þýðir ekki að vera að hræsna neitt með það, að eignaframtal er oft mjög fjarri hinu raunverulega. Tíundin gamla reyndist ekki sérlega ábyggileg. Og ég hygg, að það sé komið fullkomlega í ljós, að núverandi framtöl reynast það ekki heldur. Hinsvegar er sanngjarnt að taka eitthvert tillit til eigna, og hygg ég, að það sé hæfilega gert eins og ákvæði frv. eru nú, enda getur varla verið meiningin að miða svo við skuldlausar eignir, að á þær verði að ganga í stórum stíl.

Þá er hér till. frá hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Árn., um að stytta sveitfestistímann úr 4 árum í 2 ár. Ég álít óheppilegt að stytta sveitfestistímann, meðan því fyrirkomulagi er haldið, sem nú er. Það yrði til þess, að hreppsnefndirnar myndu reyna að velta þurfalingunum hver á aðra enn meira en nú er gert. Á þessu bar nokkuð meðan sveitfestistíminn var 10 ár og hefir aukizt eftir að hann var færður niður í 4 ár. Það er því augljóst, að þetta mundi enn aukast, ef hann væri færður niður í 2 ár. Ég hygg því ótímabært að gera þessa breyt. nú. Hitt gæti komið til mála, að afnema sveitfestistímann með öllu, ef landið væri gert að einu framfærsluhéraði. Einnig held ég, að samþykkt þessa ákvæðis mundi valda ágreiningi og geta orðið til að hindra framgang málsins í þetta sinn. En ég hygg, að það sé nauðsynlegt, að þetta frv. gangi fram nú þegar, þótt skiptar kunni að vera skoðanir um það, hversu vel sé frá því gengið. Ég vil því mjög eindregið leggja á móti því, að þessi breytingartillaga nái samþykki.

Magnús Torfason: Ég á hér brtt. á þskj. 546, um það, að l. gildi aðeins til 31. des. 1935. Með henni vil ég lýsa skoðun minni á þessu máli, en hún er sú, að þetta beri aðeins að skoða sem tilraun, og það jafnvel tilraun, sem er ekki sem bezt undirbúin. Þessi brtt. þýðir því það, að þingið neyðist til að endurskoða þessa löggjöf eigi síðar en á þinginu 1935. Ég hefi ekki viljað ákveða frestinn lengri. Ef svo ólíklega vildi til, að Alþ. yrði ekki búið að endurskoða fátækralöggjöfina fyrir þennan tíma, þá má alltaf framlengja þessi lög frá ári til árs.

Það, sem gerir mig myrkfælinn við frv. þetta, er það, að mér virðist það ekki hafa fengið nógu rækilegan undirbúning. Í því efni vil ég leyfa mér að benda á, að engar ástæður eru færðar fram fyrir því, af hverju fátækraframfærið kemur svo misjafnt niður. Ekki eru heldur neinar upplýsingar um það, hvað af þurfamannastyrknum gangi til þurfamanna innansveitar og hvað til þeirra þurfamanna, er dvelja utan framfærslusveitar. En um þetta hefðu þurft að liggja fyrir gegnar og góðar upplýsingar, áður en málinu væri ráðið til lykta.

Það, sem aðallega gerir mig myrkfælinn við þetta frv., er, að ekki er ólíklegt, heldur jafnvel sennilegt, að svona lagaðar breyt. geti orðið til þess að draga úr sparsemi manna á sveitarfé til fátækraframfæris. Dreg ég það af því, að reynslan hefir sýnt, að þar sem sveitarlimur hefir af einhverri ástæðu verið látinn vera áfram í dvalarsveit, sem hefir greitt ⅓ af framfæri hans, þá hefir ekki sama sparnaðar verið gætt og þar, sem þurfalingurinn dvelur í sinni eigin sveit. Kvartanir, kærur og úrskurðir hafa verið næstum óteljandi í þeim héruðum, þar sem ég hefi átt yfir þessum málum að segja. Ég held því, að þetta geti orðið til þess, einkum þar, sem lítil sveitarþyngsli eru, að ekki verði eins sparlega farið með sveitarfé. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að það er alsiða í sveitum, að bændur haldi gömul vinnuhjú sín endurgjaldslaust að öðru en því, að þau kunna að fá einhvern lítilsháttar styrk úr ellistyrktarsjóði. Ef þetta frv. verður samþ., er hætta á, að úr þessu dragi. Þetta er að vísu gert af mannúð gagnvart góðum og gömlum hjúum. En það er líka og e. t. v. öllu heldur gert af samhuga vilja manna um að spara sveitarfé. Ég þekki þessa hreint ekki svo fá dæmi. Þetta kemur fram sem samábyrgð bænda á hjúum sínum og er sízt að lasta.

Ennfremur get ég hugsað mér og býst við, að talsvert megi fara í kringum þessi lög. A. m. k. er einn útvegur til að geta fengið nokkuð í aðra hönd vegna þeirra gjalda, sem til hafa fallið. Það er að láta lítil útgjöld koma fram annað árið, en safna þeim til hins ársins og komast þar með yfir meðaltal, til þess að fá endurgreitt eitthvað af fátækraframfærinu. Eftir að sveitabúskapurinn fór að bera sig illa, þá hafa líka sveitargjöldin borgazt treglegar sum árin, og er þá hætt við, að menn noti sér þetta, til að fá jöfnuð á tekjur og gjöld sveitarfélaganna. Ég vil t. d. geta um Grafningshrepp. Eftir þeirri skýrslu, sem fylgir frv., voru þar engin útgjöld vegna fátækraframfæris árið 1930. Mun það og rétt vera. En nú er komin krafa á þennan hrepp upp á 3300 kr., sem eykst með mánuði hverjum. Þarna eru 82 menn. Ef þessu væri nú deilt á þá, og þeir tækju lán til þess að borga þessa upphæð, þá myndi sú skuld komast upp í nál. 40 kr. á hvern mann og er það sennilega meira en hið hæsta, sem getið er um í þessari skýrslu.

Ég get, af framansögðu, ekki neitað því, að ég er nokkuð myrkfælinn við þetta. En hinu er ekki heldur hægt að neita, að eðlilegt væri, að nokkur jöfnuður kæmist á fátækraframfærið.

Af því, sem ég hefi sagt, er það augljóst mál, að ég verð að greiða atkv. móti brtt. á þskj. 551.

Að því er þá brtt. snertir, að miða útgjöldin við tölu karla þeirra og kvenna, sem gjald greiða til ellistyrktarsjóðs, þá tel ég það betra en að miða við manntalið. Það er nú víða svo í sveitum, að fátt er þar af fólki, öðru en börnum og gamalmennum, en sáralítið af vinnandi fólki. Þessi mælikvarði er því réttlátari. Ennfremur mælir það með þessum mælikvarða, að þessar skýrslur, sem gerðar eru vegna ellistyrktarsjóðanna, eru teknar nákvæmast upp, nákvæmar en nokkrar aðrar skýrslur, sem ég þekki. Stafar það af elsku þeirri, er menn bera til elli-

styrktarsjóðanna, að menn vilja efla gengi þeirra sem mest.

Ég sem sé skoða þetta sem tilraun og get því ekki gefið frv. atkv. mitt, ef brtt. mín á þskj. 546, sem takmarkar þann tíma, er þessi tilraun á að gilda, verður ekki samþ.

Hv. 4. landsk. var óblíður í garð brtt. á þskj. 526, um að færa sveitfestistímann úr 4 árum niður í 2 ár. Ég get ekki neitað því, að mér kom þetta nokkuð á óvart. Þessi till. fer í þá átt, sem á að vera stefna þessa frv., að framfærsla þurfalinga fari sem mest saman við dvalarsveit þeirra. Þessi till. fer lengst í þá átt. Og ef hún verður samþ., þá gefur hún reynslu á þessum tíma um það, hvernig þetta muni gefast. Ef á það verður fallizt, að dvalarsveitin eigi að ráða sveitfesti, þá yrði eftir þessa reynslu hægara að gera sér hugmynd um og mynda sér skoðun um það, hvað heppilegast mundi reynast. Hv. 4. landsk. hafði það einkum á móti þessari till., að hann taldi hana mundu verða til þess, að sveitarstjórnirnar færu að velta þurfamönnunum hver yfir á aðra. Vildi hann halda því fram, að þegar sveitfestistíminn var styttur úr 10 árum og færður niður í 4 ár, þá hefði þetta aukizt stórum. Mér er nú ekki kunnugt um, að þetta sé rétt. Ég þekki engin dæmi, er sanna það, hvorki úr mínu héraði né öðrum. Það er einmitt þvert á móti. Ég vil fullyrða, að slíkum tilfellum hefir fækkað. Þeim harðræðum, sem notuð voru áður um þetta efni, hefir yfirleitt fækkað jafnt og þétt í þau 38 ár, sem ég hefi verið sýslumaður. Í gamla daga var það algengt að beita ýmsum brellum og harðræðum til að koma í veg fyrir að sveitfesta þurfamenn. Að þetta hefir minnkað býst ég við, að þakka megi vaxandi manndóð og því, að nú er litið þannig á þessi mál, að sveitarstjórnir telja sig ekki lengur geta verið þekktar fyrir slíkt athæfi. Það hefir því orðið stórbreyting í þessum sökum. Ég get í þessu sambandi vitnað í dæmi, sem voru þekkt og gerðust nokkru áður en ég kom í embætti. Það kom fyrir, að þurfamönnum, sem sveitarstjórnir voru orðnar leiðar á, var komið fyrir á visst heimili, af því að reynsla var fyrir því, að þar gátu þeir ekki lifað lengur en 2 ár, hreint ekki lengur. Slíkt hefi ég ekki orðið var við á síðari tímum. Og slíkt þróast nú ekki lengur, eftir því sem straumar tímans hafa fallið. Því hefir þessi tilhneiging, að velta þurfamönnum á milli framfærsluhéraða, minnkað jafnt og þétt, og eins eftir að sveitfestistíminn var færður niður í 4 ár. Þetta er mín reynsla, og ég hygg, að enn muni þokast í sömu átt, þótt þessi tími verði færður niður í 2 ár. Þessi till. hefir það einmitt til síns ágætis, að hún er spor í rétta átt til þess takmarks, sem mannúðarmenn leggja áherzlu á og vilja vera láta. En ég játa, að ég tel ekki gerlegt að taka stærra stig í þessu máli, er svo mjög snertir hvern mann á landinu. Ég tel betra að fara hægt og þoka þessu í áttina, eftir því sem reynslan sýnir, að bezt fer á.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 4. landsk. fór nokkrum orðum um aðalefni frv. og þá þörf, sem væri á, að ákvæði þess kæmust í framkvæmd. Í framsöguræðu minni taldi ég ekki vera þörf á að tala um frv. í heild, þar sem ég gerði það við 1. umr. En það er rétt, að á ákvæðum þessa frv. er brýn þörf. En svo endaði hv. þm. með því, að hann teldi æskilegast, að landið allt yrði gert að einu framfærsluhéraði. Ég get ekki tekið undir þetta. Ég vona fyrir mitt leyti, að slíkt verði ekki gert í bráð. Ég er sannfærður um, að það mundi verða til þess að auka mjög framfærslukostnaðinn. Með því móti yrði miklu síður gætt sanngjarnrar hagsýni og sparnaðar, án þess að í því væri fólgin nein trygging fyrir því, að kjör og líðan þurfamanna yrði að nokkru betri.

Með þessu frv. er dreginn sárasti broddurinn úr því geysilega ósamræmi, sem er á framfærslukostnaði þurfalinga nú sveita á milli. En ég vil ekki með þeirri lagfæringu draga úr þeirri hvöt til sparnaðar, sem núgildandi fyrirkomulag veitir. En ég held, að sú hvöt verði fullnítil, ef framfærsluhéruðunum er ekki gert að borga meira en ⅓ af því, sem fátækraframfærið fer fram yfir meðaltal. Ég tel því vafasamt, hvort rétt sé að samþ. brtt. um að fella niður ákvæðið um 20% fram yfir meðaltal.

Þá vildi hv. 4. landsk. andmæla till.

okkar hv. 2. þm. Eyf., að miða meira við skuldlausar eignir en fólksfjölda. Ég hélt satt að segja, að nefskattarnir væru orðnir svo óvinsælir, að öðru eins og þessu væri ekki haldið fram. — Þá skildi ég ekki þá fullyrðingu hv. þm., að framtalið til eignarskattsins væri mjög hæpið yfirleitt. Það má vel vera, að peningar í bönkum og sparisjóðum komi ekki alveg fram, en yfirleitt held ég, að framtalið sé ábyggilegt. Ég verð því að álíta, að skuldlaus eign og skattskyldar tekjur sé sá sanngjarnasti grundvöllur, sem hægt er að byggja á í þessum málum.

Þá var þessi hv. þm. að andmæla brtt. okkar 2. þm. Árn. um að stytta sveitfestistímann úr 4 árum niður í 2 ár. Ég skal játa, að ég legg ekki eins mikla áherzlu á það atriði eins og hitt. Þó myndi það draga mikið úr því, sem sveitirnar þyrftu að borga út hver til annarar. Hann hélt, hv. þm., að þessi stytting sveitfestistímans yrði frekast til þess, að hver sveit færi að reyna að velta sem mestu af sér, en þetta held ég að sé alls ekki rétt. Ég get t. d. tekið undir með hv. 2. þm. Árn., að ég þekki fá dæmi um slíkt úr minni sveit eða þar, sem ég þekki til. Þó ég leiti með sjálfum mér, get ég ekki fundið nema eitt tilfelli.

Hvað snertir till. hv. 2. þm. Árn. á þskj. 546, þá sé ég ekkert á móti því, að hún sé samþ. Hún bindur það, að lögin skuli endurskoða innan tiltölulega skamms tíma, en sem sagt, ég legg mesta áherzlu á brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf., því að hún felur í sér mikilsverða leiðréttingu frá því, sem er í frv.

Pétur Magnússon: Ég þarf ekki mörgu að svara þeim hv. 2. þm. Árn. og hv. 3. landsk., því að það er aðeins ein röksemd, sem komið hefir fram gegn því að fella niður ákvæðið um, að endurgreiðsluskyldan hefjist fyrst þegar fátækraútgjöld eru komin 20% fram úr meðaltali. Hún er sú, að sveitirnar safni útgjöldunum saman, dragi úr þeim annað árið, en auki þau hitt. Í sjálfu sér er þetta engin röksemd gegn brtt. minni, því ef sveitarstjórnirnar hafa tilhneigingu til að gera þetta, mundu þær engu síður leggja inn á þá braut, þó ákvæði frv. héldust óbreytt. Annars held ég, að engin ástæða sé til þess að óttast þetta, því að endurskoðun hreppsreikninganna á að vera nægileg trygging fyrir því, að þetta verði ekki gert, a. m. k. ekki í stórum stíl.

Þá talaði hv. 3. landsk. um, að nefskattar mæltust illa fyrir. Þó væri í frv. þessu farið inn á þá braut að auka þá. Ég held nú, að tæplega sé hægt að kalla það nefskatt, þó að hér eigi að ⅓ hluta að miða við tölu fullorðins fólks í sveitarfélaginu, og það er svo í okkar fátæka landi, að við höfum tæplega önnur verðmæti betri en vinnuaflið, og það mun óhætt að gera ráð fyrir því sem almennri reglu, að þau sveitarfélög, sem marga íbúa hafa, séu betur fær um að bera mikinn fátækrastyrk heldur en þau, sem fámenn eru.

Þá vildi hv. þm. vefengja það, að eignaframtalið væri yfirleitt mjög hæpið. En hann hlýtur þó að vita það, hv. þm., sem er opinbert leyndarmál, að töluvert mikill hluti af peningaeign landsmanna kemur hvergi fram á skattskýrslum. Hv. þm. veit ennfremur, að mat á fasteignum er mjög mismunandi í hinum ýmsu sýslum, og ég hygg, þó ég þekki það ekki vel, að mat á búpeningi og dauðum munum sé einnig mjög svo mismunandi víða á landinu. Þar er því alls ekki hægt að neita því, að skuldlaus eign sé mjög hæpinn mælikvarði í þessu efni og sízt réttlátari en fólksfjöldinn.

Ég skal ekki fara langt út í það að ræða um sveitfestistímann. Hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Árn. mölduðu í móinn um það, að ekkert verulegt kvæði að því, að hreppparnir reyndu að velta byrðunum af sér, og hv. 2. þm. Árn. sagðist ekki þekkja dæmi þess síðan sveitfestistíminn var styttur úr 10 árum niður í 4 ár, en sagði þó í sömu andránni, að hann myndi alveg hverfa, ef hann væri styttur úr 4 árum niður í 2 ár. Ég skil þetta alls ekki hjá hv. þm., því að ég fæ ekki séð, hvernig það á að minnka, sem aldrei hefir verið til eða átt sér stað. Annars skal ég játa, að nú hin síðari ár þekki ég ekki eins vel til um þessi mál til sveita eins og ég gerði áður. En meðan ég var í sveit, þá heyrði ég talað um mörg brögð, sem hrepparnir notuðu til þess að hrinda af sér sveitarómögunum. Það var þó meðan sveitfestistíminn var lengri en hann er nú, en eftir því, sem hann er gerður styttri, því

auðveldara er fyrir sveitarfélögin að beita hinum og þessum brögðum til þess að velta ómögunum af sér. Því verður ekki móti mælt, að það er hægara að láta líta svo út í eitt ár, að þurfalingurinn þurfi ekki að njóta fátækrastyrks heldur en 7—8 ár. Ég get því alls ekki tekið trúanlegar yfirlýsingar hv. þm. um það, að þessi tilhneiging hreppsnefndanna, að velta af sér þurfalingunum, sé alveg horfin, og því síður að hún minnki með því að stytta sveitfestistímann úr því, sem hann er nú.

Jón Þorláksson: Aðalkostur frv. þessa er í mínum augum sá, að það gerir nýja og hentugri ráðstöfun á fé því, sem nú er varið úr ríkissjóði til fátækramála, svo framarlega sem treysta má ummælum í grg. frv. Þar er sagt, að eftir ákvæðum frv. myndi tilkostnaður ríkissjóðs vegna fátækramálanna hafa dreifzt yfir á 60 sveitarfélög, þau, er mest sveitarþyngsli höfðu 1930, og numið svipaðri upphæð alls og sveitarfélögin hefðu fengið í sjúkrastyrki samkv. 67. gr. fátækralaganna. Það er því svo að sjá, að frv. sé ekki ætlað að baka ríkissjóði ný útgjöld, heldur miði það að því að láta það, sem ríkissjóður leggur nú af mörkum til fátækramálanna, koma réttlátar niður en verið hefir, og jafnframt að því, að nema burt verstu agnúana, sem á því eru, hve fátækraframfærslan kemur misjafnlega niður, svo langt sem þessi fjárhæð hrekkur. Ég álít rétt að gera þessa tilraun, að ráðstafa því fé, sem ríkissjóður leggur til fátækraframfærslunnar, eins og frv. fer fram á. En ég fyrir mitt leyti er ófús á, eins og nú standa sakir, að fara út fyrir þann fjárhagslega grundvöll, sem takmarkaður er í frv. Þess vegna treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með brtt. á þskj. 551, því að mér virðist hún raska þessum grundvelli nokkuð mikið. Ég hefi að vísu ekki heyrt flutningsmenn gera grein fyrir því, hve mikil aukaútgjöld tillagan mundi hafa í för með sér fyrir ríkissjóðinn. Af þessum ástæðum get ég ekki heldur greitt henni atkv. mitt, því ég vil ekki, að hún verði samþ. í blindni, án þess að fyllilega sé ljóst, hvaða fjárhagslegar afleiðingar hún kann að hafa í för með sér.

Þá hefir talsvert verið um það rætt, hvaða mælikvarða eigi að nota til þess að finna samanburð á fátækraframfærslu hinna ýmsu sveitarfélaga, og að því leyti get ég tekið undir ummæli hv. 2. þm. Árn., að undirbúningur undir þetta mál sé ófullkominn, enda þótt grg. frv. fylgi ýtarleg tafla um fátækraframfærsluna fyrir 1 ár. Úr þessu hefði líka mátt vinna miklu betur. Það hefði mátt framkvæma stærðfræðilega rannsókn, byggða á rannsókn þeirri, sem gerð hefir verið, og þá rannsókn mætti ennþá fá gerða. Á ég þar við, að hægt sé að gera samanburð á þeim mælikvörðum, sem hér liggja fyrir og sjá, hver þeirra sýnir mestar og hver minnstar sveiflur frá meðaltali. og má þá ganga út frá því, að sá mælikvarðinn, sem minnstar sveiflur sýnir frá meðaltali, sé ábyggilegastur. Ég hefði talið æskilegt að fá þetta gert, því að ég tel hálfgerða synd að láta framkvæma allt það erfiði, sem það hefir kostað að taka tölur þessar upp, en nota þær svo ekki til þess, sem þær bjóða upp á. Ef litið er á þessa mælikvarða eins og þeir liggja fyrir, þá er sá mælikvarði, sem byggist á mannfjöldanum, mjög ábyggilegur, að því leyti, að tölur þær, er hann byggist á, tákna það, sem þeim er ætlað að tákna. Sama er að segja um fasteignamatið. Samt er það óábyggilegt að því leyti, sem það er misjafnlega framkvæmt í hinum ýmsu sýslum. Ég hefði því haldið, að sá mælikvarðinn, er byggist á skattskyldum tekjum og skuldlausum eignum, væri óábyggilegastur, af því að tölur þær, sem hann byggist á, eru ekki sem ábyggilegastar. Með því er ég þó alls ekki að vefengja þær tölur, sem byggjast á framtölum góðra manna og yfirfarnar eru af skattanefndum, en það er ekki lagaleg skylda að telja fram tekjur og eignir. Verður því oft að áætla hjá mönnum tekjur og eignir, en það eru þær tölur, sem ég tel óábyggilegar. Þá eru eins og kunnugt er, allar eignir undir 5 þús. kr. skattfrjálsar, og mér er næst að halda, að á þeim framtölum sé mjög mikill misbrestur. Menn vita, að eignir þeirra ná ekki lágmarkinu, og gæta því ekki þeirrar nákvæmni við framtalið sem skyldi, en það er allur þorri manna, sem fellur undir þennan flokk. Samkv. þessu verð ég að telja það, að með rannsókn megi fá skor-

ið úr því, hver mælikvarðinn sé helzt viðunandi.

Ég mun nú fylgja þeim till., sem n. er sammála um, en greiða atkv. á móti hinum.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. 4. landsk. Hann vildi herma það upp á mig, að ég hefði sagt, að nú beittu sveitarfélögin ekki brögðum eða krókaleiðum til þess að losna við þurfamenn. Ég sagði þetta alls ekki, heldur hitt, að ég vissi engin dæmi þess á mínum embættisferli, að menn hefðu verið sendir á heimili beint til afsláttar. Ég veit þvert á móti mörg dæmi þess, að ýms brögð hafa verið höfð í frammi hjá sveitarstjórnum til þess að losna við þurfamenn, en ég held fast við það, að það sé minna um slíkt nú síðan sveitfestistíminn varð 4 ár en meðan hann var 10 ár, og ég get endurtekið það, sem ég sagði áður, að ég veit ekki dæmi þess, að slík ólögleg krókabrögð hafi verið notuð í Árnessýslu síðan ég kom þangað. Ég tel það ekki, þó að stúlku með 5 börnum hafi verið komið á finnskan mann, enda var það allt löglegt, þau voru aðeins látin ganga í hjónaband.

Annars er mér ekki ókunnugt um, að það hafi átt sér stað í hreppi, sem liggur fyrir utan Árnessýslu, að þurfamanni hafi verið lagt í aðra sveit, án kostnaðar fyrir sveitarsjóðinn. Hreppur þessi hefir líka það til síns ágætis, að hann lætur börn aldrei fara á sveit. Þegar barnahópar koma á sveitina þá skipta góðir menn þeim á milli sín, og er þeim svo aðeins ívilnað í útsvari á eftir. Þessi umhyggja, að láta börn ekki finna til þess, að þau væru þurfalingar, hefir ekki aðeins náð til innansveitarbarna, heldur og einnig til utansveitarbarna. Þetta myndi sennilega falla niður, ef þessi breyt. verður gerð, því að ég býst ekki við, að menn verði fáanlegir til þess að taka börn fyrir minna gjald en sanngjarnt væri, þar sem þeir að auki þyrftu að borga stórfé í aðrar sveitir fyrir góðmennsku sína, alúð og göfuglyndi.

Pétur Magnússon:[1]) Ég verð nú að segja, að ég legg ekki svo afarmikið upp úr því, sem haldið hefir verið fram, að útgjöld ríkissjóðs eftir þessari tilhögun, sem ráðgerð er í frv., verði lík og verið hefir undanfarandi ár. Hér liggur aðeins fyrir skýrsla frá einu ári, og á henni er sá útreikningur byggður. En það liggur í augum uppi, að þetta getur breytzt frá ári til árs. Ég álít því, að skýrslan sé hæpinn mælikvarði til að byggja á, hvernig þetta verður í framtíðinni. Ef brtt. mín verður samþ., þá er aðeins um stigmun, en ekki eðlismun að ræða. Og hv. þdm. ættu ekki að láta fæla sig frá því að greiða henni atkv., svo framarlega sem þeir álíta, að hér sé um sanngjarnt mál og réttlátt að ræða.

Jón Þorláksson: Ég get vel hugsað, að það sé rétt hjá hv. 4. landsk., að þrátt fyrir ummælin í grg. sé ekki enn nægilega rannsakað, hvort útgjöld ríkissjóðs verði samkv. þessu frv. svipuð því, sem þau eru samkv. núgildandi l. En þessi efasemd hefir þau áhrif á mig, að ég er því ófúsari á að stíga þetta spor stærra, sem efasemdin um þetta er meiri. Ég get bætt við annari ástæðu, sem ekki hefir verið nefnd áður. Ég er ekki viss um, að þessi leið sé góð til áframhalds, ef lengra skal haldið í þá átt að gera jöfnuðinn meiri. Ég held, að sú undirstaða sé ekki rétt til að byggja á, að láta ríkissjóð greiða einan allt til þeirra hreppa eða framfærsluhéraða, sem komast upp fyrir meðaltal með greiðslur vegna fátækraframfæris. Ég held, að líka gæti vel komið til greina að gera jöfnuð innan sýslu. En meðan þetta er enn ekki athugað, þá vil ég ekki ganga svo langt að láta ríkissjóð greiða ⅔ hluta af öllu því, sem fer fram úr meðaltali, heldur vil ég staðnæmast þar, sem frv. staðnæmist og helzt má ætla, að útgjöld ríkisins verði svipuð og nú.

ATKVGR.

Brtt. 526 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PH, EÁrna, HSteins, IP, JónJ, GÓ.

nei: PM, BSn, GL, JakM, JBald, JónÞ.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 550,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1) Vantar byrjun ræðunnar. P. M.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 551 samþ. með 8:4 atkv.
— 552 felld með 7:7 atkv.
— 550,2 (ný 3. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 546 samþ. með 8:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

Á 64. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 568, 592).

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 610 við 1. gr. þessa frv., sem bætt var inn í frv. hér í þd. við 2. umr. Það var bent á það við þá umr. af hv. frsm. allshn., að það mundi ekki reynast heppilegt fyrir gengi frv. í þinginu, að þessari gr. væri bætt inn í það; en annars var ekki líklegt, að frv. mundi valda ágreiningi áður en þessari 1. gr. var skotið inn. Ég hygg, að þetta hafi verið réttilega mælt hjá hv. þm., og ég hefi hlerað úr hv. Nd., að líkur væru til, að þessi spádómur hv. 4. landsk. mundi rætast. Þessi 1. gr. frv. fer fram á, að haldið verði enn uppi þeirri hreppapólitík og reipdrætti, sem löngum hefir loðað við þetta mál, þó að ekki hafi áður verið eins langt gengið og í þessari gr., sem flutt var hér snemma á þessu þingi sem sérstakt frv. Enginn vafi er á því, að ákvæði þessarar gr. mæta mikilli mótspyrnu. Með henni er opnuð leið til þess, að sveitarfélög geti sent þurfalinga sína í aðrar sveitir og haldið þeim þar uppi í 2 ár og þannig losnað við að framfæra þá lengur. Samkv. þessari gr. er eigi aðeins styttur sveitfestistíminn úr 4 árum niður í 2 ár, heldur er jafnframt gerð sú breyt. frá því, sem nú er, að maður getur unnið sér framfærslusveit, ef hann hefir ekki þegið sveitarstyrk þessi 2 ár, sem hann dvelur í sveitinni. En samkv. gildandi lögum má hann ekki hafa þegið sveitarstyrk síðustu 10 árin, ef hann á að geta unnið sér sveitfesti. Úr því að haldið er í það á annað borð, að menn eigi að vinna sér framfærslurétt eða sveitfesti, virðist eðlilegast, að þeir tilheyri þeirri sveit, þar sem þeir verða fyrst styrkþegar. Þó að maður hætti að þiggja af sveit á tímabili og flytjist svo í annað umdæmi, þá er hann venjulega orðinn ósjálfbjarga, þegar hann byrjar að þiggja fátækrastyrk, og þá er eðlilegast, að hann tilheyri til fulls þeirri sveit, þar sem hann fyrst vann sér framfærslurétt. En í þessu frv. er algerlega horfið frá þeirri hugsun og búið þannig um, að sveitarfélög geti losnað við þurfalinga sína með því að senda þá til 2 ára dvalar í annari sveit og halda þeim þar við. Þetta er aflögun, en ekki lagfæring frá því, sem nú gildir. Ég mæli eindregið á móti þessu og hefi þess vegna flutt brtt. á þskj. 610, að í stað orðanna „2 árum“ í niðurlagi 1. gr. komi: 10 árum, — eins og er í núgildandi lögum.

Annars verð ég að segja það, að þó að í öðrum greinum þessa frv. séu lítilsháttar umbætur, þá tel ég, að það skipti svo litlu máli, hvort þær ganga fram eða ekki, að við 2. umr. greiddi ég atkv. á móti frv., af því að þessi 1. gr. var samþ. og sett inn í það.

Ég skal taka það fram, að ég gæti vel sætt mig við, að tímatakmarkið væri tiltekið eitthvað innan við 10 ár, þó að ég hafi ekki séð ástæðu til að bera sjálfur fram brtt. í þá átt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Þegar þetta mál var hér til 2. umr., var ég bundinn við umr. í Nd. um ábyrgðarheimildir fyrir bankana. En við atkvgr. var fellt burt ákvæði í 3. gr. í till. allshn., um að ekki yrði greiddur styrkur úr ríkissjóði til hreppsfélags fyrr en fátækragjöld þess væru komin meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu. Nú var frv. þannig undirbúið, að á móti þeim kostnaðarauka, sem ríkissjóður legði til sveitarfélaga til fátækraútgjalda, átti að koma það, að ríkissjóður hætti að greiða sveitarfélögum sjúkrastyrki samkv. 66. gr. fátækralaganna fyrir þurfalinga, sem fara eftir læknisráði á sjúkrahús. Þannig átti ríkissjóður að fá fátækrastyrkinn til sveitarfélaga endurgreiddan. Þetta var samstætt á þann hátt, að þó frv. hefði verið samþ. óbreytt, þá var ekki gengið á rétt sveitanna, en út-

gjöld ríkissjóðs hefðu orðið nokkru hærri en ella, það er ekki gott að segja, hve mikið. En stj. sá ekki fært að bera fram tillögur á þessu sviði, sem bökuðu ríkissjóði verulega aukin útgjöld.

Ef greiddir væru úr ríkissjóði ⅔ hlutar af þeim fátækraútgjöldum, sem fara meira en 20% fram úr meðaltali fátækraútgjalda sveitarfélaga á öllu landinu, miðað að ⅓ hluta við mannfjölda, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ við skuldlausar eignir og að ⅙ við fasteignamat, þá hefðu komið í hlut ríkissjóðs 90 þús. kr. En ef greitt er úr ríkissjóði til sveitarfélaga ⅔ hlutar af þeim fátækraútgjöldum þeirra, sem fara fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, eins og nú er gert ráð fyrir í frv. samkv. breyt. á því við 2. umr., þá verður hluti ríkissjóðs til kaupstaðanna 54 þús. kr. hærri en eftir upphaflega frv., og þeir hreppar, sem hafa fátækraútgjöld yfir meðaltal þeirra á öllu landinu og allt að 20% yfir því, mundu hljóta um 10 þús. kr. úr ríkissjóði, svo að viðbótarútgjöld ríkissjóðs eftir þeirri breyt., sem gerð var á frv., gæti aldrei orðið minni en 64 þús. kr. Og ef þessi hv. þd. ætlar að samþ. svo mikil viðbótarútgjöld úr ríkissjóði á þessu sviði, þá sé ég mér ekki annað fært en að leggja á móti þessu frv. í Nd. Eins og útlitið er nú, á þessu ári og því næsta, er ekki hægt að auka þannig útgjöldin, nema fullnægt sé þeirri skyldu að sjá fyrir tekjum í ríkissjóð á móti nýjum útgjöldum, en því er ekki að heilsa, meðan nokkur hluti þingsins — tveir flokkar — telja sér ekki skylt að ætla ríkissjóði tekjur upp í þann tekjuhalla, sem þegar er sýnilegur.

Samkv. 6. gr. frv. er ennfremur ætlazt til, að ríkissjóður greiði sjúkrastyrki til hreppsfélaganna eftir 66. og 67. gr. fátækral. á sama hátt og hingað til, fram að þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eða a. m. k. fyrri helming þessa árs. Og þó eiga uppbótargjöld til hreppsfélaganna samkv. þessu frv., ef að lögum verður, að greiðast fyrir allt árið 1932. Þetta út af fyrir sig hlýtur að auka kostnaðinn eða útgjöld ríkissjóðs á þessu ári um eigi minna en 40 þús. kr. Ég vildi því eindregið mælast til þess, að hv. þd. setti þrengri takmörk fyrir greiðslum á fátækraútgjöldum úr ríkissjóði í stað þess, sem fellt var niður úr frv. við 2. umr. — 20% takmark yfir meðaltal fátækraútgjalda í landinu — og vænti, að hún samþ. brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 614, um 15% takmark yfir meðaltal. Ég er sannfærður um, að ef hún verður samþ., þá er ástæða til að ætla, að það hafi mikla þýðingu fyrir framgang málsins á þessu þingi. Ég þykist vita, að þegar það upplýsist, hvað miklum kostnaðarauka þetta veldur fyrir ríkissjóð, þá verði Nd. ekki sérlega fíkin í að samþ. frv., eftir þeim undirtektum, sem þetta þing hefir yfirleitt gefið við fjármálum þjóðarinnar.

Um aðrar till. eða breyt., sem fyrir liggja í þessu máli, ætla ég ekki að ræða að svo stöddu, en legg höfuðáherzlu á þetta atriði, að fyllri takmörk séu sett fyrir greiðslum úr ríkissjóði til fátækraútgjalda.

Forseti (GÓ): Útbýtt er í deildinni þremur brtt. við þetta frv., á þskj. 610, 614 og 618. Þar sem þær eru of seint fram komnar, verður að leita afbrigða um, að þær megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja tvær brtt. við þetta frv., á þskj. 614. Hæstv. fjmrh. hefir nú gert ýtarlega grein fyrir þörfinni á fyrri brtt., við 4. gr., og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða meira um hana. En síðari brtt. mín stafar af því, að komizt hafði lítilsháttar gat inn í 6. gr. frv. með till. frá hv. 2. þm. Árn., sem orsakaði þennan rugling og árekstur í ákvæðum frv., einkum þegar hin nýja 1. gr. frv. kom inn.

Af 6. gr. frv. má ráða það, að lögin eigi aðeins að gilda til 31. des. 1935, en samkv. 1. gr. frv. er sveitfestistíminn styttur úr 4 árum niður í 2 ár, og virðist það benda til, að ef ákvæði 6. gr. helzt óbreytt, þá eigi í árslok 1935 að lengja tímann aftur úr 2 upp í 4 ár. Til þess að koma í veg fyrir þetta, hefi ég flutt síðari brtt. á þskj. 614, sem gerir ráð fyrir, að lögin öðlist nú þegar gildi, en að ákvæði 1. gr. um breyt. á sveitfestistímanum komi eigi

til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1933. Og er svo látið óumtalað, hversu lengi það skuli gilda. Ég vona, að hv. þdm. sé það ljóst, að þessi brtt. er nauðsynleg, eftir að 1. gr. kom inn í frv. við 2. umr.

Loks flyt ég brtt. á þskj. 618, og skal ég geta þess, að hún er flutt samkv. ósk skrifstofustjórans í atvmrn., sem hefir unnið að undirbúningi þessa frv. Þessi brtt. ákveður, að þeir, sem hafa unnið sér sveitfesti samkv. lögunum frá 1924, þegar sveitfestistíminn var styttur úr 10 árum niður í 4 ár, haldi henni þangað til þeir hafa unnið sveitfesti annarsstaðar samkv. þessum lögum. Í öðru lagi er ákveðið í brtt., að þeir menn, sem dvalið hafa síðustu 3 árin áður en þessi lög komu í gildi sveitfestisdvöl í sömu sveit, þá vinna þeir sér þar framfærslusveit, þó að þeir dvelji þar aðeins 1 ár til viðbótar eftir að þessi lög ganga í gildi. Hér er um undantekningarákvæði að ræða, sem á að útiloka það, að þeir, sem dvalið hafa 3 ár í sömu sveit, þurfi að bæta þar við tveggja ára sveitfestisdvöl samkv. þessum lögum, því þá væri krafizt, að þeir hefðu 5 ára sveitfestistíma, en það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að lengja þann tíma frá því, sem nú er, heldur þvert á móti. Þegar lögin koma til framkvæmda, verður sveitfestistíminn aðeins 2 ár. Ég býst við, að það sé rétt og eðlilegt að samþ. þessa brtt.

Ég hefi tilhneigingu til að andæfa brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 410, en af því að ég hefi grun um, að við hana komi fram brtt. úr annari átt, þá get ég að mestu fallið frá því. Ég skil ekki þær hugleiðingar hv. þm. út af 1. gr. frv., að hún muni auka þurfamannaflutninga milli sveita. (**JakM**: Ég talaði ekkert um þá). Eitthvað var hv. þm. að tala um, að ákvæði 1. gr. mundu auka togstreitu milli sveita út af þurfamönnum og að ein sveit mundi reyna að koma sínum þurfamönnum á aðrar sveitir. En ég tel litlar líkur til, að það ákvæði valdi meiri ýfingum en áður hafa verið.

Halldór Steinsson: Við nánari athugun þótti mér gengið fulllangt við 2. umr. um þetta frv., að færa sveitfestistímann niður í 2 ár, og ekki sízt þegar jafnframt var ákveðið, að nægilegt væri, að menn hefðu eigi þegið sveitarstyrk á síðustu 2 árum áður en þeir vinna sveitfesti. Nú hefir hv. 1. þm. Reykv. flutt brtt. á þskj. 610 um þetta ákvæði í 1. gr. frv. og leggur til, að þetta verði aftur lengt upp í 10 ár, þannig að menn megi ekki hafa þegið sveitarstyrk síðustu 10 árin. Þetta tel ég aftur of langt farið til baka og legg til, að í staðinn fyrir „10 ár" komi 4 ár. Það finnst mér hæfilegt tímabil, að fara þannig bil beggja, og leyfi ég mér að flytja skrifl. brtt. þess efnis.

Að því er snertir ummæli hæstv. fjmrh., að frv. hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, er það að segja, að þó að ég viðurkenni, að svo sé, mun ég halda mér við frv. eins og það var samþ. við 2. umr. og því greiða atkv. á móti brtt. þeirri, sem liggur fyrir frá hv. 3. landsk. við 4. gr., á þskj. 614.

Pétur Magnússon: Hæstv. fjmrh. lét í ljós, að breyt. þær, sem gerðar hefðu verið á 4. gr. frv. við 2. umr., gerðu það að verkum, að hann treysti sér ekki til að stuðla að framgangi þess. Við 2. umr. var eins og kunnugt er fellt niður það ákvæði, að ríkissjóður taki þá fyrst þátt í greiðslu vegna sveitarþyngsla, er fátækraútgjöld hrepps fara 20% fram úr meðaltali. Ég ympraði á, að komið hefði til tals að jafna á milli hreppanna innan hverrar sýslu og á milli kaupstaðanna innbyrðis. Ef litið er á skýrslu þá, sem frv. fylgir, sem nær að vísu ekki yfir nema eitt ár, sést, að skipting fátækraútgjalda er geysimisjöfn meðal hreppa innan hverrar sýslu. Ef sýslunefndum væru sendar skýrslur þær, sem nú á að senda stjórninni, og fundið meðaltal innan hverrar sýslu, og þeir hreppar, sem væru fyrir ofan meðallag, fengju síðan endurgjald úr sýslusjóði, yrði það til þess, að útgjöld ríkissjóðs minnkuðu að mun frá því, sem til er ætlazt í frv. þessu, og yrðu e. t. v. minni en þau eru nú. Hv. 3. landsk. átti þessa uppástungu, og mér leizt vel á hana, en síðar dró hv. 3. landsk. sig til baka, og varð það til þess, að n. kom ekki fram með brtt. um þetta.

Ég vil nú beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvort hann treysti sér ekki til að stuðla að framgangi frv. með þessum hætti. Ef hæstv. fjmrh. vildi fallast á

þetta, vildi ég mælast til, að hæstv. forseti tæki málið af dagskrá að sinni, svo að hægt verði að koma með brtt.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hefi aðeins skipt mér af þessu frv. að því er snertir þann kostnað, er það kann að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. En sem þingmál heyrir þetta mál undir atvmrh., og er það því eigi mitt að svara spurningu hv. 4. landsk. En annars er það mitt álit, að ef á að fara að jafna fátækraútgjöldum milli hreppa innan hverrar sýslu og milli kaupstaðanna innbyrðis, verði það til þess, að fljótlega rísi sú krafa, að jafnað verði milli hreppa um allt land og þetta verði því aðeins millistig.

Auk þess sem þetta frv., ef samþ. verður, veldur ríkissjóði auknum kostnaði af fátækraframfærslunni vegna aðstoðar við þá hreppa, er harðast verða úti, leiðir einnig aukinn kostnað af ákvæðum 5. gr., um þátttöku ríkissjóðs í skuldagreiðslu eins sveitarfélags til annars, ef sveitarfélagið er ekki þess umkomið að greiða skuldina. Hve mikill þessi kostnaður verður, er ekki hægt að segja með vissu, en hér er um kostnað að ræða, sem ég treysti mér ekki til að leggjast á móti, því að skuldir sveitarfélaga á milli eru orðin hrein vandræði, sem leysa verður á einhvern hátt. Auk þess má gera ráð fyrir ýmsum öðrum kostnaði. Breytt fyrirkomulag veldur breyttum framkvæmdum, og þær eru jafnan fremur í kostnaðaráttina. Þegar litið er á þetta allt, verð ég að leggjast fast á móti því, að ríkissjóður greiði ⅔ af öllu því, sem fer fram yfir meðaltal. Ég skal ekki segja um, hvort ég geri tilraun til að hækka 15% fram yfir meðaltal, sem hér er komin brtt. fram um, upp í 20% í Nd., en nái sú breyt. ekki fram að ganga hér, verður frv. áreiðanlega sent til þessarar hv. d. aftur.

Mér þykir leiðinlegt að geta ekki gefið hv. 4. landsk. skýrari svör við fyrirspurn hans, en þessi hlið málsins heyrir ekki undir mitt ráðuneyti, eins og ég hefi tekið fram.

Jón Þorláksson: Ég flyt hér brtt. við 3. gr., á þskj. 618. Þessi brtt. er sjálfsögð afleiðing af ákvæðum 4. gr., sem sett voru hér inn við 2. umr., um það, að í stað íbúatölu verði farið eftir tölu þeirra karla og kvenna, sem gjald eiga að greiða til ellistyrktarsjóðs. En gleymzt hafði að setja inn í 3. gr., að ráðuneytið fengi skýrslur um tölu þessara manna, en ekki um íbúatölu. Úr þessu er bætt með brtt.

Ástæða mín til að fylgja þessu frv. er fyrst og fremst sú, að sveitarþyngsli í einstökum sveitarfélögum eru orðin svo óhæfilega langt fyrir ofan meðallag, að þingið getur ekki lengur leitt hjá sér að gera eitthvað til umbóta. En ég sé ekki, að á þessu stigi málsins sé sérstök ástæða til, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, þótt fátækraútgjöldin fari svo sem 10—15% fram úr meðaltali, heldur beri hér að líta praktiskt á hlutina og gefa þeim hreppum létti, er hans hafa verulega þörf. Hitt er frekar fræðikenning, að ríkissjóður beri ⅔ kostnaðar af öllu því, sem er fram yfir meðaltal. A.m.k. álít ég ekki rétt að stofna frv. í neina tvísýnu með því að rýmka þannig tölu þeirra sveitarfélaga, sem njóta eiga umbóta þeirra, sem felast í frv. En út af þeim möguleika að jafna á milli hreppa innan hverrar sýslu, vil ég segja það, að ég tel óþarft að blanda því máli saman við þær ráðstafanir ríkissjóðs, sem hér ræðir um. Ég álít, að ráðstöfun þess fjár, sem ríkissjóður leggur fram, eigi að vera sú, að það gangi til þeirra hreppa, sem verða verulega hart úti, en svo geti sýslu- og hreppsnefndir athugað þann möguleika að jafna innan sýslufélaganna í ró og næði eftir á, og verði þetta þá tekið upp sem sérstakt mál.

Ég vil því mælast til, að brtt. hv. 3. landsk. um að ríkissjóður greiði ⅔ af því, sem er meira en 15% fram yfir meðaltal, verði samþ. Hæstv. fjmrh. sagði, að frv. bakaði ríkissjóði 60—70 þús. kr. árleg útgjöld. En hann gleymdi einum lið, hann gleymdi að telja þá 60—70 hreppa, sem eru á milli meðaltals og 20% yfir meðaltal, svo að kostnaðurinn verður raunverulega talsvert meiri en þetta, ef frv. verður samþ. eins og það er nú.

Pétur Magnússon: Það er misskilningur hjá hv. 1. landsk., ef hann heldur, að við séum að berjast fyrir þá hreppa, sem fara aðeins lítið fram úr meðaltali, með

því að vilja miða framlag ríkissjóðs við meðaltal. Það er auðvitað ekki gert vegna þeirra hreppa, heldur vegna hinna, sem lengst fara fram úr meðaltali, svo að þeir verði ekki eins hart úti. Ég skal taka til dæmis Gerðahrepp, þar sem fátækraframfærið kostar kr. 35,27 á íbúa. Er ekki nóg, að hreppurinn greiði ⅓ af því, sem fer fram úr meðallagi af þessari upphæð, þótt hann greiði ekki líka 20% fram yfir meðaltal áður?

Ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel, að jöfnun á fátækraframfæri milli hreppa innan hverrar sýslu eigi hinn fyllsta rétt á sér. Það er óeðlilegt, að á einum hreppi hvíli ekkert fátækraframfæri, en á öðrum innan sömu sýslu séu sveitarþyngslin óbærileg. Venjulegast er hrein hending, hvar fátækraframfærið lendir. Sjaldnast hafa menn unnið hreppi sínum svo mikið eða lengi, að framfærið verði rökstutt með því. Úr því að verið er að reyna að koma réttlæti á löggjöfina með þessu frv., finnst mér óeðlilegt að vera að klípa af því aftur.

Það má segja, að framkvæmdaleysi hafi verið að bera ekki fram við þessa umr. brtt. um jöfnun innan sýslna og bæjarfélaga, en ástæðan var sú, að ég gerði mér ekki von um, að sú brtt næði fram að ganga, þar sem allshn. var klofin um hana.

Magnús Torfason: Ég álít, að hv. 4. landsk. hafi mikið til síns máls um jöfnun á milli hreppa innan sýslu og á milli kaupstaðanna. Með þessu yrði breyt. ekki eins stórfelld frá því kerfi, sem nú er. En ég ætla, að þetta frv. verði ekki samþ. breytingalaust í Nd., svo að síðar vinnist tími til að athuga það mál.

Vil ég þá víkja nokkuð að þeim brtt., sem fyrir liggja. Brtt. á þskj. 610, sem kveður svo á, að skilyrði fyrir sveitfesti sé, að menn hafi ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk síðustu 10 ár, gengur að mínu áliti allt of langt. Í fátækralögunum frá 1905 er þessi tími ákveðinn jafnlangur og sveitfestistíminn. Sama gildir í lögum nr. 13 frá 20. júní 1923. Þar er hvorttveggja tíminn jafnlangur, svo að sú regla, að hafa tímann frá því að sveitarstyrkur hefir verið þeginn, lengri en sveitfestistímann, er fyrst komin inn 1927, til þess að breyt. um stytting sveitfestistímans verki ekki eins ört og hún hefði ella gert.

Hv. þm. Snæf. hefir komið með till. um, að tími þessi verði 4 ár í stað tveggja í frv., og er þá fylgt sömu stefnu og í fátækral. 1927, að hafa tíma þann nokkru lengri eða hálfu lengri en sveitfestistímann. Ég hefði helzt kosið, að svo væri ekki, en hér er þó meðalvegur farinn, svo að ég mun ekki leggjast á móti brtt. — Till. hv. 1. landsk. á þskj. 618 er sjálfsögð leiðrétting á frv. Ég mun greiða atkv. með till. hv. 3. landsk. um að ríkissjóður greiði aðeins af því, sem fer 15% fram yfir meðaltal. Með því verður breyt. minni frá því, sem áður var, og eins og ég hefi sagt, fylgi ég þeirri stefnu, að breyt. í þessum málum eigi ekki að vera allt of snöggar eða stórar í svip.

Þá er það brtt. á þskj. 618. Eftir að lögin frá 1923 komu út, átti ég tal um þau við kunnan mann, sem úrskurðað hafði fátækramáladeilur um langan tíma. Hann leit svo á, að 3. gr. þeirra laga, sem þessi brtt. er sniðin eftir, væri ekki þörf. Það er líka auðskilið mál, enda var öðruvísi farið að, þegar reglugerðinni um fátækramál frá 1834 var breytt með opna bréfinu frá 6. júlí 1848.

Frsm. (Jón Jónsson) [óyfirl.]: Hv. 4. landsk. benti á, að ég hefði upphaflega komið með þá till. í allshn. að jafna framfærslukostnaðinn innan hverrar sýslu. Ég játa það, að í byrjun þings stakk ég upp á þessu sem einni leið. Ég hafði þá ekki séð frv. atvmrn. og vissi ekki af því, en fann sárt til þess, að það var þörf einhverra breyt. Ég hafði hugsað mér þessa aðferð til að halda við hvötinni hjá hreppunum til að halda kostnaðinum niðri, því að eftir því sem hringurinn er minni, eftþví er meiri hvöt til að láta hann ekki flæða yfir öll takmörk. Svo kom þetta frv., og er þar bent á aðra leið til þess, nefnilega þá, að endurgjalda hreppsfélögunum aðeins ⅔ hluta af því, sem fátækraútgjöld þeirra fara fram úr meðaltali, en láta þau bera ⅓ hluta sjálf. Þá sá ég, að það var minni þörf á minni upphaflegu till. Auk þess fann ég, að erfitt var að setja samskonar hemil á kaupstaðina. Hitt, sem hv. 4. landsk. minntist á,

að gera landið að tveimur ríkjum í þessu efni, sýslurnar annarsvegar og kaupstaðina hinsvegar, fellur mér illa í geð. Og þótt það yrði sett, hugsa ég, að það yrði einungis til bráðabirgða og skjótlega horfið frá því aftur.

Hv. 1. landsk. minntist á, að hæstv. fjmrh. hefði ekki í útreikningum sínum gert grein fyrir, hvað fátækraútgjöld ríkissjóðs mundu aukast við það, að miðað yrði við 15% fram yfir meðalútgjöld á öllu landinu, í stað 20%, eins og var í upphaflega frv. Það hefir ekki unnizt tími til að reikna það út enn, en ég tel líklegt, að kostnaðurinn verði tiltölulegur. Þetta verður athugað á næstunni og getur komið fram í Nd.

Ég vil geta þess, að ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. Snæf. Það varð af hálfgerðu ógáti, að tíminn var styttur á síðari staðnum í 1. gr. Hugmyndin var einungis sú, að stytta tímann, sem menn gætu unnið sér sveit á.

Ég er þakklátur hv. 1. landsk. fyrir brtt. hans. Það var óaðgæzla, að n. bar hana ekki fram um leið og brtt. við 4. gr., sem áður var samþ.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að leiðrétta misskilning hjá hv. 3. landsk. Hann stendur í þeirri meiningu, að tíminn, sem gildandi lög áskilja, að maður hafi ekki þegið sveitarstyrk til að geta unnið sér sveit af nýju, sé 4 ár. En hann er 10 ár nú, svo að þess vegna er óhætt að samþ. brtt. mína. En þetta skiptir náttúrlega ekki afskaplega miklu máli. Það er höfuðatriðið, að þurfalingar annara sveita séu ekki fluttir burt beint til að koma þeim af sér

Guðrún Lárusdóttir: Mig langar til að líta á mál þetta frá sjónarmiði þurfafólksins sjálfs. Ég hygg, að þetta frv. sé síður en svo réttarbót fyrir það. Tilvera þess er á engan hátt tryggð með frv., heldur þvert á móti verður hún ennþá óvissari en nokkru sinni áður, því búast má við, að sveitarstjórnirnar skerpi eftirlitið með innflutningi fólks. Í fámennum sveitum, þar sem hver þekkir annan, er það ofurhægt, en það leiðir af sér, eins og gefur að skilja, leiðindi, óþægindi og sársauka fyrir fátækt fólk, að finna, að það er alstaðar amazt við því. Það liggur við, að manni detti í hug fé, sem stuggað er úr haga og hvergi fær að vera óáreitt. Ég vil benda á þetta hér, því að málið snertir þurfalingana sjálfa ekki hvað minnst.

Áður hefi ég bent á það, að þessi fækkun sveitfestisáranna leiði af sér aukin sveitarþyngsli í kaupstöðunum, og sé ég ekki, að réttlátt sé að íþyngja vissum hlutum landsins með fyrirsjáanlega stórhækkandi útgjöldum.

Páll Hermannsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins geta þess, að ég er í rauninni mótfallinn fyrri brtt. á þskj. 614. Ég get ekki fallizt á rök þau, er hv. 3. landsk. hefir fært fyrir henni. Mér finnst, að sveitarfélög þau, sem orðið hafa hart úti, eigi skilið að fá það bætt að ⅔ hlutum, úr því að farið er að hlaupa undir bagga með þeim. Við 2. umr. greiddi ég því atkv. að fella niður 20% frádráttinn og er jafnmótfallinn þessari brtt.

En nú er það kunnugt, að betri er hálfur skaði en allur. Nú hefir hæstv. fjmrh. upplýst það, að hann mundi ekki ljá sitt lið til að koma frv. í gegn, nema þessi brtt. yrði samþ. Og ég er hræddur um, að jafnvel þótt hæstv. ráðh. legðist ekki á móti frv., mundi samt reynast fullörðugt að koma því í gegn. Ég geri því frekar ráð fyrir að greiða brtt. atkv., því að mér finnst ekki rétt, að málið strandi á þessu eina atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 568, 592, 610, 614, 618, 625).

Jakob Möller: Aðeins örfá orð út af því, sem okkur hv. 3. landsk. bar á milli, er mál þetta var síðast til umr.

Okkur deildi á um það, hversu langur sá tími væri, er þyrfti að líða frá því, er maður hefði síðast þegið sveitarstyrk, til þess að geta unnið sér sveitfesti. Hv. 3. landsk. vildi halda því fram, að hann væri nú 4 ár. En svo er mál með vexti, að á þinginu 1923 var sett í lög, að sveitfestistíminn skyldi vera 4 ár, og skilyrði fyrir honum, að viðkomandi hefði ekki

þegið af sveit þann tíma. Á þinginu 1927, þegar fátækralögin voru til umr. hér í Ed., var borin fram brtt. um það, að þessi tími skyldi vera 10 ár. Var brtt. þessi samþ. með 10:2 atkv. og ákvæðinu ekki breytt aftur, svo að í núgildandi lögum er hann 10 ár.

ATKVGR.
Brtt. 625 samþ. með 8:1 atkv.
— 610, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 618,1 samþ. með 9:1 atkv.
— 618,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 614,1 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, E-Árna, GÓ.
nei: JakM, JBald, PM, BSn, HSteins.
Einn þm. (GL) fjarstaddur.
Brtt. 592 samþ. án atkvgr.
— 614,2 samþ. með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 633).

Á 70. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Stefánsson [óyfirl.]: Það var snemma þings, að ég ásamt fleiri þm. bar fram frv. um breyt. á fátækralögunum. Því var vísað til allshn. og var form. hennar einn af flm. frv. En þrátt fyrir það hefir ekki enn, eftir allan þennan tíma, neitt bólað á frv. frá n. Hinsvegar er hér komið frv. frá Ed., og er ekki óhugsandi, að það geti náð afgreiðslu á þessu þingi. Þótt umbætur þess séu takmarkaðar, þá er samt, eins og á stendur, rétt að taka þeim heldur en að láta allt ógert. Það er þó spor í áttina. Ég vil því leggja áherzlu á það við hv. allshn., að hún afgr. frv. þegar í stað, enda er það tiltölulega einfalt mál og auðvelt að taka afstöðu til þess á stuttum tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv. og til allshn. með 15:1 atkv.

Á 83. fundi í Nd., 25. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 799).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason) [óyfirl.]: Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu þung fátækraframfærslan er orðin á mörgum bæjar- og sveitarfélögum og hve mikil nauðsyn er á því, að einhver bót verði á þessu ráðin. Allshn. leit svo á, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felist nokkur stuðningur fyrir þau sveitar- og bæjarfélög, sem verst eru stödd. Hinsvegar getur n. ekki fallizt á, að kippt sé burt úr fátækral. þeim ákvæðum, sem hingað til hafa veitt sveitar- og bæjarfélögum nokkurn rétt til styrks úr ríkissjóði til fátækraframfærslunnar, en það gera 66. og 67. gr., þar sem ákveðið er, að nokkur hluti af sjúkrastyrk og sömuleiðis af þeim styrk, sem veittur er þeim, sem verða fátækrastyrksþurfar erlendis, sé greiddur úr ríkissjóði. Meiri hl. n. leit svo á, að engin ástæða væri til að kippa þessum styrk burt, sem verið hefir, og það gæti jafnvel óbeinlínis komið fram aftur, ef frv. yrði samþ. eins og það liggur nú fyrir, á þann hátt, að þau sveitarfélög verði að fá styrk, sem áður hafa komizt af án hans. Þetta yrði til þess að ýta undir, að þau sveitar- og bæjarfélög, sem nú hafa létt fátækraframfæri og eru fyrir neðan meðaltal, kæmust upp fyrir meðaltal og myndu fyrr njóta styrks eftir ákvæðum þessa frv. Því leggur meiri hl. n. til, að þessi ákvæði frv. verði felld niður, og brtt. miða einungis í þá átt.

Tveir nm. voru ekki á fundi, þegar ákvörðunin var tekin, og er mér ókunnugt um þeirra afstöðu í þessu efni.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. við þetta frv., á þskj. 806, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að hún megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli hv. d. á því, að brtt. hv. meiri hl. allshn. á þskj. 799 mundu

kosta ríkissjóð árlega um 100 þús. kr. Þegar þessi lög voru undirbúin, sá stj. ekki fært að jafna fátækraframfærið með öðru móti en að sá sjúkrastyrkur, sem veittur hefir verið hreppsfélögunum til þess, gangi þar upp í. Það fyrirkomulag, sem hér er sett, er mjög mikil réttarbót gagnvart hreppunum og mun vafalaust koma þeim, sem bágast eru staddir, að mjög miklu liði. Frv. hefir sætt þeim breyt. í Ed., að hætt er við, að samkv. því, sem það nú er, verði útgjöld ríkissjóðs töluvert meiri en þau nú eru samkv. 66. og 67. gr. fátækral. En að bæta þar á ofan 100 þús. kr. er alveg ótilhlýðilegt á þessum tímum, sem nú standa yfir. Og sem fjmrh. verð ég að leggja eindregið til, að þessar brtt. verði felldar.

Einar Arnórsson [óyfirl]: Í Ed. hefir sú breyt. verið gerð á þessu frv., að 21. gr. fátækralaganna hefir verið breytt þannig, að sveitfestistíminn yrði færður niður í 2 ár í stað fjögurra, og að menn eigi sveitfesti, ef þeir hafa ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu fjórum árum, í stað 10 ára eftir gildandi lögum. Mér virðist sem engin ástæða sé til þess að fara að breyta þessum fyrirmælum nú, sem eru ekki nema 4—5 ára gömul. Ég hygg, að það sé ekki nægilega undirbúið mál eins og á stendur, og því leyfi ég mér að bera fram þá brtt., að 1. gr. falli burt og að þá standi 21. gr. fátækralaganna óbreytt. Mér virðist, að ef á annað borð er haldið þeirri reglu, að menn eigi að vera á vistum einhvern ákveðinn tíma í hrepp eða kaupstað til að vinna sveitfesti, þá sé ekki ástæða til að hafa hann skemmri en 4 ár. Lengstur hefir hann verið 10 ár. En ef menn vilja hafa dvalarstað sveitfestistímann, þá er það annað spursmál. En ekki er til of mikils mælzt af mönnum, ef menn annars vilja setja viss vistarskilyrði, þá séu 4 ár ekki of langur tími og því sé ekki ástæða til að lækka það niður í 2 ár, eins og ætlazt er til eftir 1. gr. frv. eins og Ed. skildi við það.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég hygg, að ástæðan fyrir því, að stj. hlutaðist til um, að frv. þetta var borið fram í þinginu, hafi sérstaklega verið sú, að tvö frv. um þetta efni höfðu komið fram sitt í hvorri deild og fengið góðar undirtektir. Í Nd. hafði hv. 1. þm. N.-M. borið slíkt frv. fram, en í Ed. hv. 2. landsk. Frv. hv. 2. landsk. komst svo langt, að það var samþ. við 2. umr. í deildinni. Bæði frv. voru sæmilega undirbúin. Hvað snertir frv. það, sem hér liggur fyrir, verð ég að taka það fram, að ég tel það að miklum mun verra en hin frv. Í því er t. d. ekki bætt úr tveim stærstu göllum fátækralaganna, sem hafa verið smánarblettur á íslenzkri löggjöf, fátækraflutningnum og réttindamissi þeirra, sem oft af ósjálfráðum atvikum hafa orðið að þiggja fátækrastyrk. Þó er það svo, að í því er fólgin dálítil umbót frá því, sem nú er. Sé ég mér því ekki fært að greiða atkv. á móti því. Þó er ég á sama máli og hv. 2. þm. Reykv. að því er snertir brtt. hans á þskj. 806 og mun því greiða henni atkv. Ég tel ekki ástæðu til að fara að stytta sveitfestistímann, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., þó þessi litla breyt. sé gerð á fátækralögunum.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég er alls ekki ánægður með þessa afgr. þessa máls í þinginu, enda þótt ég greiði atkv. með frv. af því að ég tel, að í því felist breyt. á fátækralögunum, sem heldur séu til bóta.

Halldór Stefánsson [óyfirl.]: Ég verð að segja eins og sumir aðrir, sem hér hafa tekið til máls, að ég er alls ekki ánægður með frv. þetta, samanborið við þau hin önnur frv., sem borin hafa verið fram á þinginu í vetur til breyt. á fátækralöggjöfinni. Ég mun þó ekki að þessu sinni fara að ræða einstök atriði, sem milli þeirra bar, því að það tel ég ekki hafa þýðingu eins og nú standa sakir. Í frv. þessu tel ég felast dálitlar umbætur á fátækralöggjöfinni. Mun ég því þiggja þær sem spor í áttina til fullkomnari umbóta á henni. Og þar sem það er sýnt, að frv. kemst ekki í gegn á þessu þingi, ef farið er að breyta því nú, þá er sú aðstaða mín til málsins nú, að ég mun greiða atkv. á móti öllum brtt., en með frv. óbreyttu.

Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason) [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. taldi, að það

myndi muna ríkissjóð allt að 100 þús. kr. í útgjöldum, ef 2. gr. frv. yrði felld niður, og að jafnframt héldist sjúkrastyrkurinn eins og verið hefir. En á það ber að líta, að verði frv. samþ., þá fá héruðin sjúkrastyrkinn áfram eins og verið hefir, og ennfremur má búast við því, að nokkur héruð komist upp fyrir meðaltal, og verður þetta þá engu að síður greitt úr ríkissjóði.

Hvað snertir brtt. hv. 2. þm. Reykv., þá skal ég taka það fram, að ég er henni andstæður. Ég lít svo á, að í raun og veru eigi dvalarsveit einnig að vera framfærslusveit, og því lengri sem sveitfestistíminn því er settur, því fjarlægari tel ég hann réttu lagi. Ég álít því, að þessi stytting hans úr 4 árum niður í 2 ár sé umbót frá því, sem nú er, og spor í þá átt, sem stefna beri að, að gera dvalarsveit einnig að framfærslusveit.

ATKVGR.
Brtt. 806 felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13:5 atkv.
Brtt. 799 felld með 12:7 atkv.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, MG, PO, StgrS, JörB.
nei: ÞorlJ, EA, SvbH.
VJ, HG greiddu ekki atkv.
Átta þm. (TrÞ, BJ, HV, JJós, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 799,2—3 teknar aftur.
3.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 812).

---

68. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 38).

Á 15. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson) [óyfirl.]: Þetta frv. gengur út á að létta af nokkurri ósanngirni, sem átt hefir sér stað í skjóli laganna frá 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, er snertir þær skaðabætur, sem þeim mönnum ber að fá greiddar, er verða fyrir barðinu á þessu skipulagi.

Þegar skipulagsuppdrættir eru gerðir af bæjum og sjávarþorpum, fylgir þeim sú kvöð á eignir einstakra manna, er gerir það að verkum, að þær geta orðið verðminni en áður. Á hinn bóginn er ekkert ákveðið tímatakmark sett um það, hve lengi uppdrátturinn liggur fyrir og hvort hann gengur í gildi eða ekki. Má það teljast óþolandi, að einstakir menn líði þannig skerðingu á eignum sínum án fullrar vissu um, að þeir hljóti nokkurntíma skaðabætur.

Fyrri brtt. í þessu frv. felur það í sér, að ef skipulagsuppdráttur hefir ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðsins áður en 2 ár eru liðin frá framlagningu hans, þá skuli hann eigi lengur teljast bindandi.

Hin brtt. á að bæta úr því ranglæti, sem jafnvel nálgast það að vera stjórnarskrárbrot, að lögin gera það mögulegt, að menn verði að bíða fleiri áratugi, jafnvel svo mannsöldrum skiptir, eftir þeim skaðabótum, sem þeim ber.

Ég flutti á þinginu í fyrra frv. um þetta efni, þar sem lagt var til, að þetta ákvæði í lögunum væri fellt niður. En þá gerði allshn. þá breyt. á því, að sá, sem krefst skaðabóta, verði að færa fram ástæður eða gera það sennilegt, að skipulagsbreyt. sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóns eða óhagræðis. Þessa brtt. allshn. hefi ég fallizt á og tekið hana upp í frv. mitt.

Þetta frv. hefir legið fyrir tveimur síðustu þingum og ekki mætt mótspyrnu. Þar sem allshn. þessarar deildar hefir áður mælt samhljóða með frv., sé ég ekki ástæðu til að gera till. um, að því verði vísað til n., en þó set ég mig ekki á móti því, þar sem ég sé, að brtt. við frv. er fram komin. Vona ég, að þetta litla frv. mitt mæti góðum viðtökum hjá hv. þd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, 49, n. 80).

Frsm. (Einar Arnórsson): Frv. þetta kemur hér fram nú að efni til eins og hv. þd. gekk frá því í sumar. Allshn. leggur til, að það verði samþ., að viðbættri brtt., sem ég flyt á þskj. 49. Hún er þess efnis, að skipulagsuppdráttur, sem kann að vera framlagður áður en lögin öðlast konungsstaðfestingu, falli úr gildi, ef hann hefir ekki verið staðfestur af stjórnarráðinu innan árs.
Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta frv., þar sem það er gamall kunningi í hv. þd.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Um leið og ég þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls, vil ég lýsa því yfir, að ég er fullkomlega samþykkur þeirri brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. flytur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 49 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Af því ég hefi beðið hæstv. forseta þess að taka þetta mál á dagskrá hér í dag, vil ég ítreka þá ósk til hans, að hann láti það ekki lengi undan dragast að taka þetta litla mál til 3. umr. hér í hv. d.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til þeirrar hv. n., sem hefir þetta mál til meðferðar, að afgreiða það hið skjótasta, því ég hefi ákveðið að taka það aftur á dagskrá á miðvikudag næstkomandi. (**EA:** Þetta er eitt af erfiðustu málum á þessu þingi).

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 109, 236).

Pétur Ottesen: Ég hefi flutt brtt. við frv. þetta, sem fer fram á það, að fella niður 2. gr. frv. En með þessari 2. gr. er gert ráð fyrir þeirri breyt. á l. frá 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, að þeir menn, sem verði fyrir ákvæðum frv., þannig, að leggja þurfi götur um lönd þeirra og gera aðrar þær ráðstafanir, sem af skipulaginu leiðir, geti þegar í stað heimtað skaðabætur fyrir það tjón, sem af framkvæmd skipulagsins hlýzt, og það þótt e. t. v. liggi langt undan, að þetta skipulag komi til framkvæmda.
Eitt þeirra kauptúna, sem búið er að samþ. skipulagsuppdrátt, er Akranes. Öll gatnagerð og allar byggingar eru miðaðar við ákvæði skipulagsins. En þetta raskar vitanlega mjög núv. skipulagi. Og nú segja þeir mér, hreppsn.mennirnir í Ytri-Akraneshreppi, að það verði hreppsfél. óbærilegt, ef greiða þurfi nú þegar þessar skaðabætur, og telja nauðsynlegt, að ákvæði núgildandi laga í þessu efni standi óbreytt. Verður með öllu ófært fyrir hreppsfél., ef það þarf e. t. v. í einu að svara út öllum þeim fjárkröfum, sem til þess kynnu að verða gerðar, þar sem lóðaverð er töluvert hátt. Myndi sú upphæð, sem Akranes yrði að láta af hendi rakna nú þegar, nema um 270 þús. kr., eftir því sem mér er skýrt frá, yrði þetta fyrirkomulag tekið upp. Ég hefi því verið beðinn að flytja brtt. um að fella 2. gr. niður. Heldur hreppsnefndin á Akranesi því fram, að með hliðsjón af þessum á-

kvæðum laganna hafi það verið, að samþykki fékkst fyrir því þar að ganga undir ákvæði skipulagsins. Ég vil því mjög mælast til þess, að þessi brtt. verði samþ.

Mér er sagt, að komið hafi fram samskonar mótmæli frá öðrum stöðum, þar sem búið er að samþ. skipulagsuppdrátt og farið að framkvæma hann. Er það í fyllsta máta eðlilegt, því að þetta kemur nokkuð jafnilla niður á alla, því að vitanlega hefir þetta nýja fyrirkomulag rekizt mjög á hið gamla, sem fyrir var. Mér er t. d. sagt, að mótmæli hafi komið frá Vestmannaeyjum, og í gærkvöldi var samþ. í Hafnarfirði áskorun um að breyta þessu ákvæði eða fella það niður. Sama kvað og hafa komið fram á Akureyri. Ég geri ráð fyrir því, að mótmæli gegn þessu komi fram alstaðar þar, sem búið er að samþ. hið nýja skipulag.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ég kveð mér hljóðs til þess eins að biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, þar sem hv. flm. er ekki við, en ég vildi gjarnan bera mig saman við hann um málið, því að það er vandamál og gæti hugsazt, að finna mætti einhvern milliveg, sem allir aðiljar gætu sætt sig við.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi aðeins bera fram mótmæli gegn 2. gr. þessa frv. samkv. beiðni bæjarstj. í Vestmannaeyjum. Það er mjög auðsætt, að erfitt yrði fyrir bæjarfélög að framkvæma skipulagsáætlanir sínar, ef þetta ákvæði yrði samþ. Ég mun því greiða atkv. með brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 236.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég á dálítið örðugt með svör við brtt. á þskj. 236, af því að ég var lasinn þegar fyrri hluti þessarar umr. fór fram. Ég held þó, að ég viti helztu rökin, sem hv. flm. lætur fylgja henni, og mun þar þyngst á metum, að verði þessi 2. gr. samþ., muni það leiða af sér svo mikinn kostnað fyrir bæina að framfylgja skipulagsáætlunum sínum, að þeir rísi vart undir slíkri byrði. Nú er þessu svo fyrir komið, að bæirnir eru ekki skyldir til þess að borga tjón, sem kann að verða af framkvæmd skipulagsuppdráttarins, fyrr en breytingarnar, sem valda tjóninu, koma til framkvæmda. En 2. gr. frv. fer fram á, að skaðabætur skuli greiða jafnskjótt sem aðili sannar eða gerir sennilegt, að skipulagsbreyting sú, er bætur skal gjalda fyrir, valdi honum tjóns eða óhagræðis, enda þótt hún sé ekki komin til framkvæmdar.

Mér dettur ekki í hug að neita því, að þetta ákvæði muni gera bæjum miklu erfiðara fyrir með að gera skipulagsbreytingu. En þessu má svara bara með þeirri einu röksemd, að núv. fyrirkomulag rekst á eina meginundirstöðu okkar þjóðfélags, þar sem er eignarréttur einstaklingsins. Hann er þó verndaður í stjórnarskrá landsins, aðeins með þeim takmörkunum, að taka megi eignarnámi einstaklingseign, þegar almenningsheill krefst þess, en þá komi fullt verð fyrir. Og ég sé ekki betur en að núv. fyrirkomulag hvað þetta snertir fari í bága við þessa verndun stjskr. á einstaklingseignarréttinum. Það er hrein og bein hártogun að segja, að fullt verð komi fyrir eign, þótt von sé á borgun fyrir hana einhverntíma í framtíðinni. Og þó að þetta sé óþægilegt fyrir bæjarfélögin, þá er það alveg sama óhagræði, sem leiðir af því, að geta ekki yfirleitt lagt undir sig eignir annara, þegar maður sér sér gróðavon að því. Það getur verið ansi óþægilegt, bæði fyrir einstaklinga og bæjarfélög. Og ef t. d. íbúar Akraness sjá sér ekki fært að koma skipulagsbreytingu á hjá sér án þess að taka undir sig eignir ýmsra manna, með loforði um borgun einhverntíma seint og síðar meir, þá held ég, að þeir verði blátt áfram að láta það vera, meðan svo stendur á. -- Ef ég lít hér út um gluggann, sé ég hús á milli tveggja helztu gatnanna í bænum, sem um leið er einn verðmætasti staðurinn í bænum. Nokkuð af þessum húsum brann fyrir skömmu, og kom þá til mála að láta ekki byggja aftur á þessari lóð, heldur leggja hana við Austurvöll, sem þá hefði stækkað að miklum mun, og rúmað bæði bílastæði og fleira nauðsynlegt. En þessar lóðir eru svo geysistórar, og menn bún-

ir að leggja í þær hundruð þús. króna. Ef nú væri ákveðið í skipulagsuppdrætti Reykjavíkur, að þarna mættu ekki standa nema 1—2 hús, en bærinn hefði svo ekkert gert um langan aldur að því að hreyfa við þessu stykki, þá hefðu mennirnir, sem lagt hafa kannske mikinn hluta eigna sinna í þessar lóðir, alveg staðið uppi slyppir, án þess að fá nokkrar bætur frá þeim yfirvöldum, sem hafa gert þessar dýrmætu lóðir bæjarins einskis virði. — Ég get tekið annað dæmi. Setjum svo, að verðmætasta gatan í einhverjum bæ væri of mjó, og skipulagsuppdrátturinn geri ráð fyrir því, að hún verði breikkuð. Þá má engar bætur gera á húsum þeim, sem við hana standa, því að hluta af þeim verður sjálfsagt að rífa, til þess að hægt sé að fylgja uppdrættinum. Nú getur vel verið, að framkvæmd í þessu máli dragist 2—3 mannsaldra, þá koma húsin eigendunum ekki að hálfu gagni allan þann tíma. Þetta er skerðing á eignarrétti einstaklingsins. Þó að ef til vill mætti teygja orðalag frv. svo, að fullar bætur komi fyrir, þá eru það ekki fullar bætur, þó gefin séu loðin loforð um það, að einhverjum ættingja núv. eiganda í 4.—5. lið verði borgaðar skaðabætur fyrir óhagræði, sem allir eigendur hússins þar a milli hafa orðið að búa við. — Ég vil ekki, nema frekari ástæða gefist, sveigja umr. um þetta mál út í það, hvort yfirleitt sé æskilegt að halda í eignarrétt einstaklingsins, en eigi ekki að gera það, verður að bera fram stjórnarskrárbreytingu um það efni. Það er alkunna, að kommúnistar — og sócialdemokratar víst líka — telja, að slíkur eignarréttur sé óhæfur og ekki æskilegur. En ég skil ekki í, að aðrir stjórnmálaflokkar séu reiðubúnir að taka afleiðingum af afnámi eignarréttarverndar stjórnarskrárinnar. En þetta fer beint í þá átt; þó frv. sé litið, getur það orðið fyrsta sporið á þessari leið frá hugsjón einstaklingseignarréttarins, og mig grunar, að sé eitt sinn slegið inn á þá leið, muni sporin smástækka. Ég vona því, að þeir hv. þm. a. m. k., sem halda annars eignarrétt einstaklinganna í heiðri, skoði huga sinn tvisvar, áður en þeir fari í þessa ránsferð á hendur einstakra húseigenda í bæjum, og láti það ekki hafa nein áhrif, að þeir séu fulltrúar kjördæma, sem óska ránsferðarinnar. Ég segi fyrir mig, að ég vil heldur falla sem fulltrúi Reykv. heldur en láta neyða mig í slíka mótsögn við skoðanir mínar. Þó að slíkt kynni að hafa áhrif á kjósendafylgi mitt, mundi ég ekki setja slíkt fyrir mig. En verði brtt. á þskj. 236 samþ., þá legg ég ekki mikið upp úr þessu frv., því að 1. og 3. gr. hafa aðeins smávægileg atriði inni að halda. Ég vil því skora á hv. d. að samþ. frv. óbreytt. Ég er því hlynntur, að bæirnir geti komið á hjá sér skipulagi, en ég vil ekki, að það nauðsynjaverk verði unnið með þeim ráðum, að taka eign fárra manna án endurgjalds í þarfir bæjanna. Ef bæirnir þurfa að kosta miklu til þessa, þá er auðvitað engin sanngirni í því að taka allt, sem til þarf, af örfáum íbúum bæjarins, sem af hreinni tilviljun eru svo í sveit settir, að eignir þeirra eru í vegi fyrir skipulagsuppdrættinum. Þessi útgjöld bæjanna verða þeir að fara með eins og önnur, að taka það, sem til þarf, með sköttum af öllum bæjarmönnum.

Ég mun nú láta þetta nægja að sinni, sérstaklega af því, að ég heyrði ekki fyrri hluta umr. og get því ekki svarað ræðum þeim, er þá hafa verið fluttar.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Lögin um skipulag kauptúna og sjávarþorpa eru með merkustu l., sem Alþ. hefir afgr. Þar hefir Alþ. réttilega séð, að þörf er á góðu skipulagi þar, sem þéttbýli er fyrir, og að rétt sé að líta frekar á hag heildarinnar en einstakra manna. Nú er það svo, að eftir að lög þessi voru sett, hafa skipulagsuppdrættir farið fram og víða verið samþ. þar, sem bygging hefir verið léleg og skipulag ekkert, eins og alltaf er þar, sem einstaklingarnir ráða öllu án þess einhver annar kraftur komi til og setji reglur um framkvæmdirnar. Skipulagsuppdrátturinn fyrir Reykjavík, sem er merkasti bær hér á landi, hefir gert mjög mikla röskun á því skipulagsleysi, sem hér var áður, þó flestum þætti það ná of skammt og að breyta þyrfti meiru, ef Reykjavík ætti að geta orðið myndarlegur og fallegur bær. Nú kemur hér fram frv., sem er — eða 2. gr. þess — einskonar sprengingarkúla á skipulagsuppdrátt Reykjavíkur og annara bæja.

Með henni stendur það opið öllum spekulöntum að kaupa lóðir og heimta svo skaðabætur, ef þessar lóðir á einhvern hátt geta orðið til öðruvísi nota en samkv. skipulagsuppdrættinum á að verða. Ef 2. gr. frv. yrði samþ., mundi það því kosta Reykjavíkurbæ milljónir króna í skaðabætur, sem hann þyrfti að greiða þegar í stað. Þegar maður athugar þetta, liggur það í augum uppi, að ef spekulant á lóð óbyggða, þá er það það fyrsta, sem hann mundi gera, að fá sér uppdrátt af húsi á lóðinni, og sjá svo um, að það næði út í fyrirhugaða götu eða torg, fá neitun bæjarstjórnar fyrir að byggja það, og koma svo með skaðabótakröfu á hendur bæjarfélaginu. Hann mundi segja, að hann hefði sjálfur getað grætt á þessu, þó allir aðrir væru sammála um, að hann tapaði á því, og útlitið líka. Það kemur því ekki til nokkurra mála að samþ. frv. með 2. gr., og fellst ég á till. hv. þm. Borgf. um að fella hana burt. Hitt gerir minna til, ákvæðið um, að það megi ekki líða nema ákveðinn tími þangað til skipulagsuppdráttur er staðfestur.

Svo ég taki dæmi af Reykjavík, þar sem mikið af lóðunum hefir verið gefið, bókstaflega gefið einstökum mönnum, þá sjá allir, hvílíkt ranglæti það væri, ef engar breytingar mætti gera á útliti bæjarins, af því einstakir menn eiga lóðirnar, þó húsum sé ekki vel fyrir komið eða byggingarnar séu óhentugar nú. En það yrði afleiðingin, ef greiða ætti skaðabæturnar strax. Enda hygg ég, að hv. 4. þm. Reykv. tali hér ekki máli margra manna, þó það séu ef til vill einhverjir úr lóðabraskarastéttinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég skal ekki tala langt mál. Ég vildi aðeins styðja till. hv. þm. Borgf. um að fella niður 2. gr. Og ég skal bæta því við, að skipulagsnefndin öll, sem mest hefir starfað að þessum málum, hefir lýst yfir því, að ef 2. gr. nái fram að ganga, muni ekki verða neitt gagn að því að hafa nokkur lög um þetta efni. Hún er öll sannfærð um það.

Ég sé svo ekki þörf á að segja meira, því það er allri þd. kunnugt, að með þessari gr. er verið að leysa upp skipulagið. Það er þess vegna hér verið að greiða atkv. um það, hvort skipulagið eigi að haldast eða ekki.

Guðbrandur Ísberg: Ég ætla aðeins að gera stuttlega grein fyrir atkv. mínu.

Ég mun greiða atkv. till. hv. þm. Borgf. Ég geri það af því, að ég þykist sjá það, að bæirnir fái ekki risið undir þeim gjöldum, sem af því leiðir fyrir þá, að 2. gr. verði samþ. Enda er ég sannfærður um, að ef þessi breyt. hefði komizt inn í það frv., sem l. um skipulag kauptúna og sjávarþorpa eru byggð á, þá hefði það aldrei orðið að lögum, því að því er suma bæi snertir, er hér um stórfé að ræða. Hv. 3. þm. Reykv. benti á, að fyrir Reykjavík myndi þetta nema fleiri millj.; hv. þm. Borgf. sagði, að fyrir Akranes myndi það nema mörg hundruð þús., og fyrir Akureyri myndi það nema a. m. k. 400—500 þús. Þessa kvöð gætu bæjarfélögin ekki innt af höndum, og ég álít, að það sé ekki forsvaranlegt að hrapa svo að þessu máli, að sú hliðin sé ekki athuguð með fullri sanngirni.

Annars vil ég segja það, út af hinum almennu hugleiðingum hv. 4. þm. Reykv. um eignarrréttinn, að ég er honum sammála um, að hér er höggvið mjög nærri honum. En það verður ekki við öllu séð, og ég vil benda á, að þó hér sé höggvið nærri honum, er það ekki nær en í mörgum öðrum tilfellum. Nú er t. d. bannað að selja skip úr landi. Það getur þó staðið svo á, að eigandi skips, sem þarf að selja það, geti selt það hærra verði út úr landinu en innanlands, ef hann aðeins mætti það. Mér finnst hér vera um svipað að ræða. Hér er ekki um það að ræða, eins og hv. 4. þm. Reykv. orðaði það, að bæjarfélögin mættu leggja undir sig eignir manna skilyrðislaust og endurgjaldslaust. Það getur ekki tekið neina eign án þess að greiða verð fyrir hana, en það getur lagt kvöð á eignina, sem að vísu getur rýrt hana að verðgildi. En ég sé ekki annað, eins og nú er komið vegna fyrri lagasetningar um þetta efni, en hagsmunir einstaklinganna verði að þessu leyti að víkja fyrir hagsmunum heildarinnar.

Pétur Ottesen: Hv. flm. þessa frv. var ekki viðstaddur á dögunum, þegar ég gerði grein fyrir brtt. minni um að fella

niður úr frv. ákvæðið um, að sveitar- og bæjarfélög væru skyld til þegar í stað að svara út fyrir eða greiða það tjón og óhagræði, sem leitt gæti fyrir einstaka menn af hinu nýja skipulagi, og að þau ættu að greiða þetta út, þó að ekki væri farið að framkvæma breytingarnar.

Ég benti þá á, eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði fengið, að eins og ástatt væri á Akranesi, myndi það ekki nema minna en 270 þús. kr., sem kauptúnið yrði að borga til þeirra manna, sem skipulagsuppdrátturinn gerir ráð fyrir, að götur og annað samkv. skipulagsuppdrættinum verði lagðar yfir lóðir og eignir þeirra. Jafnframt fylgdu þessu þau skilyrði ofan að, að ef svo hefði verið ákveðið í skipulagslögunum, þegar þeir gengu undir þau, að þetta skyldi greiða strax, þá hefðu þeir aldrei gert það; þeir hefðu þá séð sitt óvænna, því þeir hefðu ekki álitið sig geta greitt út í einu lagi slíka upphæð sem þetta. Þegar þeir gengu undir lögin, byggðu þeir á ákvæði 28. gr. l., þar sem gert er ráð fyrir, að skaðabæturnar verði ekki greiddar fyrr en jafnóðum og breyt. koma til framkvæmda.

Þetta er meginástæðan fyrir því, að ég tók að mér að flytja þessa brtt. mína. Og ég veit, að mótmæli þau, sem komið hafa til þingsins frá hverjum einum og einasta kaupstað og kauptúni á landinu, sem samþ. hafa skipulagsuppdrátt, eru byggð á sömu ástæðum.

Hv. flm. frv. talaði mikið um það, að hér væri gengið lengra í því en vera ætti að skerða eignarrétt manna. Ég get mjög vel tekið undir þetta með honum, og skal verða honum samtaka um það að verja eignarréttinn, þannig að ekki sé gengið lengra í því en brýnasta nauðsyn krefur að seilast inn á eignarréttarsvið einstakra manna. En með tilliti til þess og út af því, hvernig þessum skipulagslögum var komið á, með því að samþ. fyrir bæina einmitt þá vernd, sem felst í 28. gr. l., að þeir þurfi ekki að svara út skaðabótunum fyrr en jafnóðum — fyrir þetta, hvernig lögunum var komið á, og fyrir það eitt, hefi ég tekið að mér flutning þessarar brtt. Hitt, að fara nú að afnema þetta ákvæði, finnst mér að koma aftan að þeim, sem í góðri trú hafa gengizt undir ákvæði laganna. En þetta horfir öðruvísi við þeim, sem ennþá hafa ekki gengið undir lögin, því að þeir gerðu það þá ekki, og þó það ætti að þröngva þeim til þess, þá mundi rísa svo sterk alda gegn því, að hún mundi knýja Alþingi til að breyta l. aftur. Því það yrði kaupstöðum og kauptúnum algerlega ofviða að inna af hendi slíka greiðslu í einnu svipan.

Hv. 4. þm. Reykv. var að segja það, að með ákvæðum skipulagslaganna væri gengið nærri eignarrétti manna. Þetta er alveg rétt. En það hefði verði nær að vera á verði um þetta atriði, þegar lögin voru sett 1921. Ég hefi því síðan áðan verið að athuga afstöðu þingmanna til þessa máls 1921. Og þá sé ég, að skoðanirnar eru mjög skiptar um það, hvort ganga eigi undir þetta skipulag samkv. þeim till., sem lágu þá fyrir. Og ég sé, að hv. flm. þessa frv. hefir þá verið allra manna ákafastur í því að knýja málið fram. Hann ræðst þá á þær brtt., sem fluttar eru til að draga úr þessum framkvæmdum, og kallar þær vitleysu, sem haldið sé fram til að sporna við, að skipulagið komi til framkvæmda í sem fyllstum mæli. Það kemur ekkert fram hjá honum um neina agnúa á þessum lögum þá, ekki um neina harðleikni gegn einstökum borgurum. Ég hefi aðeins viljað benda á þetta, af því, að hv. flm. er að færa þetta mál eða afgreiðslu þess nú inn á það svið, hver sé afstaða manna til þess, hvort vernda beri eignarréttinn eða ekki.

Ég hefi þá gert grein fyrir því frá mínu sjónarmiði af hvaða ástæðu ég flyt þessa brtt., og vil jafnframt benda hv. flm. á afstöðu hans 1921, þegar þessum ósköpum var dembt á, sem hann nú kallar svo.

Ég get til viðbótar þessu bent á þau mótmæli, sem alstaðar hafa komið fram gegn 2. gr. frv. frá þeim, sem hafa gengið undir lögin. Og það hefir, bæði af hv. þm. Ak. og hv. þm. Vestm. verið bent á mótmæli úr þeirra kjördæmum. Ég hefi og átt tal við hv. þm. Ísaf., og það er sama sagan þar. Einnig hafa Alþ. borizt mótmæli frá Hafnarfirði og Norðfirði og þaðan er sömu söguna að segja, og sé ég ekki ástæðu til að rekja alla þá staði, sem hafa sent mótmæli. En þau eru eðlileg afleiðing af því, að menn hafa af frjálsum vilja undirgengizt lögin með tilliti til þeirrar verndar, sem felst í 28. gr. l.

Já, ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess gagnvart þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa gengið undir lögin, að þeim sé sýnd sú sanngirni og sú réttlætisviðurkenning, að þessi ákvæði séu ekki sett inn í lögin, heldur verði áfram látið haldast ákvæði 28. gr. l. um þetta.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég býst nú við, að þó ég taki til máls, þá standist þessi litla fleyta illa alla þá kastvinda, sem komið hafa úr öllum áttum á móti þessu frv. Ég vil þó svara nokkru af því, sem fram hefir komið, þó ekki sé til annars en þess að sýna, að af því, sem ég sagði til andmæla brtt. á þskj. 236, hefir ekkert verið hægt að hrekja. Það væri því aðeins til að taka af nýju sömu staðhæfingarnar til meðferðar að tala um það, sem fram hefir komið, og sé ég ekki ástæðu til þess.

Þó ég hafi ekki hlýtt á fyrri part þessarar umr., þá veit ég, að það hafa komið fram sömu staðhæfingarnar þá. Hér er um þarfamál að ræða, þar sem er skipulag kaupstaða, en því er haldið fram, að það sé ekki hægt að koma því í framkvæmd, nema brjóta 63. gr. stjskr., — og þá á að gera það. Ég er að sjálfsögðu þakklátur hv. þm. Borgf. — nei, ég er ekkert þakklátur honum —, þetta er hans skoðun, að það eigi að vernda eignarréttinn. En öll ræða hv. þm. gekk út á vernd 28. gr. þessara l., sem er víst vernd þess opinbera gegn stjskr. Ég held nú, að hv. þm. hefði frekar átt að tala um vernd 63. gr. stjskr. Það er sú vernd, sem hér er um að ræða og hér er verið að brjóta. Og það er alveg víst, að það fara fleiri í þau spor á eftir.

Það er með eignarréttinn eins og hverja aðra grundvallarreglu. Menn vilja svo gjarnan setja sér einhverja grundvallarreglu til að fara eftir í þessu eða hinu, en svo, hvenær sem á móti blæs, þá bara brjóta þeir hana. Við þekkjum þetta svo vel hérna á Alþ., það eru svo mörg dæmi um þetta hér. Ég get tekið t. d. einkasölur. Menn segjast vera á móti einkasölum almennt, en svo koma þessi sérstöku tilfelli, þegar þeim finnst, að þeir þurfi nú endilega að sletta þessum einkasöluplástri á viðskiptalífið. Það er sífellt þessi undantekning frá reglunni, sem á að vera svo nauðsynleg í það og það sinnið. Ég man, þegar viðtækjaverzlunin var samþ. hér. Ég var þá á móti því og hélt fram, að annað mundi sigla í hennar kjölfar af sama tægi. Viti menn! Nú höfum við tóbakseinkasölu, og nú liggur hér fyrir frv. um einkasölu á bifreiðum. Það er alveg sama að segja um þetta. Ef einhverjum dettur í hug síðar að segja: bæjar- og sveitarfélögin þurfa að ganga að eignum manna, þá er vísast, að Alþ. svari: það er sjálfsagt að gera það. Það er hægt að benda á svo ótalmörg önnur þarfamál, sem bæirnir geta ekki komið fram nema ganga á eignarrétt einstaklinganna.

Ég var ekkert hissa á því, að hv. 3. þm. Reykv. væri fylgjandi brtt. Þeirra afstaða er sú, Alþýðuflokksmannanna, að þeim þykir bara vænt um, að það séu höggvin sem stærst skörð í eignarréttinn. Hann talaði um, að lögin um skipulag kauptúna og sjávarþorpa væru merkustu lögin, sem hefðu verið sett hér á landi. Það er nú ef til vill fullmikið sagt, þó að þau séu annars góð og merkileg.

Ég náði mér í Alþt. frá 1921 og fór að athuga umr. eins og hv. þm. Borgf. Eins og hann sagði, var ég fylgjandi því, að þessi lög væru sett. Hitt játa ég, að ég tók ekki eftir því þá, að þessi fleygur hefði komizt inn í 28. gr. Og því er ekkert undarlegt, þó ég vilji nú leiðrétta þetta. Ég var fylgjandi því, að lögin væru sett, af því að ég taldi það nauðsynlegt að koma einhverju skipulagi á byggingar í bæjum. Og ég áleit sérstaklega auðvelt að koma því á fyrir þá bæi, sem væru að byrja að byggjast. Baráttan stóð um það, hvort lögin ættu að ná til þeirra bæja, sem enn væru fámennir og hefðu öll skilyrði til að koma góðu lagi á þessi mál án nokkurs teljandi kostnaðar. Það var þetta, sem ég var að berjast fyrir. En það má ekki blanda því saman, að hér sé eitt velferðarmál á ferðinni, og hinu, hvort það sé forsvaranlegt að ganga í bág við 63. gr. stjskr. Ég er því t. d. fylgjandi að láta gera hafnarbætur, af því að það eru mjög nauðsynleg mannvirki, en ég vil samt ekki vera með í því að ganga á snið við eignarrétt einstaklinganna til að koma þessum mikilsverðu umbótum á.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ef þessi l. yrðu samþ., þá myndu braskarar kaupa ósköpin öll af lóðum til að spekulera í skaðabótum. Ja, ég efast nú ákaflega mikið um, að það geti skeð, að nokkur maður fari að kaupa lóð í því skyni að láta það opinbera taka af sér lóðina. Ég held það kæmi aldrei fyrir. Það er náttúrlega oft tilgangur þeirra, sem kaupa lóðir, að halda þeim þangað til þær hækka í verði, og selja svo hærra verði. Og þetta er ekkert einkennilegt. En ef maður hefir sett peninga í lóð á góðum stað og er ekki orðinn gjaldþrota eða dauður áður en hann má byggja á henni, þá mun hann þó standa á móti því, að hún sé tekin af honum. Hv. þm. sagði, að braskari, sem ætti lóð, myndi láta gera uppdrátt að húsi, sem næði út á svæði, sem ætti að taka til annars, til þess svo að geta notað uppdráttinn til að setja lóðarverðið hærra. Hv. 3. þm. Reykv. veit ósköp vel, að það á alls ekki að taka tillit til vilja hvers einstaklings í þessu efni, og það getur ekki hver og einn, sem teiknar hús með hornið fram í götu, fengið að byggja það. Það verður að leita til byggingarnefndar og fá samþykki bæjarstj. til byggingarinnar, og ég býst ekki við, að þeir aðilar legðu til, að menn fengju að byggja út í götu. Hitt er annað mál, að ef hann má alls ekki byggja á lóðinni, þá á hann að fá fullt endurgjald fyrir, hann á heimtingu á að fá fullt endurgjald fyrir þessa eign, alveg eins og aðrir, sem eignir eru teknar af. Og andmælendur þessa frv. hafa aldrei fært neinar ástæður fyrir því, hvers vegna þeir, sem eiga þessar eignir, eiga ekki að fá fullt endurgjald fyrir þær eins og aðrir.

Ég þarf ekki að svara því, sem hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að ég hefði flutt þetta fyrir einhverja stétt lóðabraskara. Ég er ekki kunnugur neinni slíkri stétt, þó vera megi, að hv. þm. sé það. Ég flyt þetta frv. fyrir tilmæli 2 eða 3 manna, sem orðið hafa fyrir barðinu á þessum skipulagslögum. Og það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem orðið hafa fyrir ranglæti þeirra, finni bezt, að þessu þarf að breyta og verði fyrstir til að fara fram á, að úr þessu verði bætt.

Þá talaði hv. 3. þm. Reykv. um það, að mikið af lóðaeigendum hefðu fengið lóðir sínar gefins, og þá væri hart fyrir bæjarfélögin að þurfa að greiða háar skaðabætur fyrir þessar gefnu lóðir, ef þau þyrftu að taka þær að einhverju leyti í þarfir skipulagsins. En ég sé ekki, hvaða rök þetta eru hjá hv. þm. Hvernig stendur á því, að þó honum hafi t. d. verið gefin lóð, þá skuli ég, sem hefi keypt mína lóð fullu verði, verða að þola það, að mín lóð verði tekin sama sem án endurgjalds eða skaðabóta? Ellegar af því að ég hefi fengið lóð gefins, hvernig má það verða réttlátt, að hv. 3. þm. Reykv., sem keypt hefir sína lóð, skuli þess vegna verða skyldur til að láta hana af hendi án skaðabóta? Nei, ef nokkrar röksemdir er hægt að fá út af þessum lóðum, sem einstakir menn hafa fengið gefins, gildandi í þessu máli, þá væru það aðeins þau, að ekki skuli greiða skaðabætur fyrir lóðir til þeirra manna, er hefðu eignazt þær sem gjöf. Í sambandi við þetta get ég gjarnan tekið það fram, að ég get fallizt á, að það hafi ekki verið rétt að láta einstaklinga hafa lóðirnar fyrir eins lítið verð og raun hefir á orðið. En slíkt gerir það alls ekki réttlátt, að aðrir lóðareigendur skuli missa sína eign.

Hæstv. dómsmrh. lét hér nokkur orð falla í hv. d. sem meðmæli með brtt. hv. þm. Borgf. Hann hefir nú í seinni tíð sjaldan heiðrað okkur með nærveru sinni hér í hv. þd. Hann færði fram þau rök í málinu, að skipulagsnefnd væri afarmikið á móti þessu frv., en það er ekkert undarlegt. Það er svo með alla, sem falið hefir verið að framkvæma einhver sérstök störf eða gera till. um ákveðið efni, að þeir leggja sterka áherzlu á, að þeirra skipulag fái að gilda. Þetta er regla um allar slíkar nefndir sem þessa, alla formenn félaga og stofnana. En gagnvart slíkum mótmælum sem þessum frá skipulagsnefnd verður Alþingi að sýna fullkomið sjálfstæði og athuga slíkt mál sem þetta frá víðara sjónarmiði, athuga það frá hlið beggja aðilja. Hv. þm. sagði, að þær breytingar á lögunum frá 1921, sem þetta frv. fer fram á, mundu valda því, að ákvæðin um skipulag bæjanna yrðu sama sem að engu. En hvers vegna ætti það að verða svo? Ja, það yrði eingöngu af peningaleysi bæjanna. En er það nokkuð annað en það, sem á sér stað

nú um ýmsa aðra lagabálka vora, svo sem hafnarlög, vegalög, lög um brúargerðir og fleiri, sem segja má náttúrlega um, að séu nú sama sem engin lög, af því að peninga vantar til þess að framfylgja þeim. En þessi ástæða er engin rök gegn frv. Ef löggjafarvaldið getur ekki sett réttlát lög um skipulag bæja og sjávarþorpa fyrir það, að peninga vantar handa því opinbera til þess að framfylgja þeim, þá þýðir það ekkert annað en það, að hið opinbera er ekki fært um að setja þetta skipulag, úr því það getur ekki greitt einstaklingum þær skaðabætur, sem sanngjarnar eru. Hv. þm. Ak. talaði um það, að bæirnir gætu ekki risið undir því að greiða einstaklingum þær skaðabætur, sem frv. ákvæði. Í Rvík yrðu þær millj. kr., á Akranesi yfir 200 þús. og á Akureyri um 500 þús. kr. Það gilda alveg sömu svör við þessu og um hafnarlögin fyrir Akranes, að þau er ekki hægt að framkvæma fyrir það, að til þess vantar fé. En hvers vegna flytur þá ekki hv. þm. Borgf. frv. um það að taka eignarnámi verðmætustu lóðirnar við höfnina á Akranesi, til þess að hægt sé að nota andvirði þeirra til hafnargerðar þar, og ákveða, að endurborga skuli lóðirnar á t. d. 300 árum? Fyrir slíku frv. má færa alveg sömu rök og nú eru færð móti því frv., sem hér er til umr. Bygging hafnarinnar mundi vissulega miklu meir auka lífsskilyrði þorpsbúa heldur en byggingarskipulagið, og væri því alls ekki síður réttlætanleg á þessum grundvelli frá sjónarmiði hv. þm. og hans skoðanabræðra í þessu máli. Það er alveg hægt að fullyrða það við þessa hv. þm., að þeir munu oft hér eftir fá að heyra þessi sömu rök notuð, þeir munu heyra vitnað til þeirrar afstöðu, sem löggjafarvaldið hefir tekið í þessu máli, þegar flutt verða frv. um það að skattleggja harkalega fáa einstaka menn til hagsmuna fyrir hið opinbera. En það má líka gjarnan benda hv. þm. á það, að samkv. gildandi lögum eru þó bæirnir á sínum tíma skyldaðir til að greiða að fullu verð fyrir þær lóðir, sem teknar eru af einstaklingunum. Þetta er bara frestur; Akureyri fær áreiðanlega að greiða á sínum tíma þessar 500 þús. kr. Og ef bæjarfélögunum er þetta ekki ljóst, þá hafa þau látið narrast til þess að taka við þessu skipulagi, alveg eins og sumir menn kaupa vörur á uppboðum, vegna þess að ekki þarf að greiða þær fyrr en einhverntíma seinna. En þá held ég, að áreiðanlega væri betra fyrir bæjarfélögin að fá að vita þetta og finna strax. Það liggur í augum uppi, að fyrir einstaklinginn er drátturinn á skaðabótagreiðslunni tilfinnanlegri heldur en því nemur, sem hagur bæjarfélagsins er af honum. Ef bæirnir þola ekki skaðabæturnar, þá eiga þeir ekki að samþykkja skipulagið. Ef Reykjavík getur ekki greitt sínar milljónir, þá á hún blátt áfram ekki að taka við því skipulagi, sem bindur henni þessar skyldur.

Hv. þm. Ak. minntist á, að það væru margvíslegar skerðingar aðrar leyfðar á einarrétti manna. Ég veit, að þetta er satt, og hann benti á það, að óheimilt er að selja skip til annara landa. Hliðstætt því er, ef bannað væri að selja lóðir undir einhverjum vissum kringumstæðum, en það væri þó ekki skerðing nema á umráðarétti og eignin gæti fyrir það staðið í fullu verði. Ég viðurkenni fúslega, að slíkar skerðingar eru vissulega mjög varasamar. Það er stórhættulegt, ef einstaklingarnir eiga það sverð yfir höfði sér, að Alþingi sé á hverjum tíma fúslega við því búið að skerða eignar- eða umráðarétt þeirra. Þær lóðaeignir þeirra manna, er fyrir barðinu á skipulaginu verða, geta áreiðanlega talizt sama sem einskis virði fyrir eigendurna meðan það ákvæði gildir, að skaðabætur er ekki skylt að greiða fyrr en einhverntíma í framtíðinni. Það væri strax mikil bót, ef ákvæði væru um það, að skylt væri að greiða skaðabæturnar, ef eigandi lóðarinnar fyrir það fríaðist við að verða gjaldþrota; en slíku ákvæði er ekki einu sinni að fagna. Skaðabæturnar á ekki að greiða fyrr en eftir óákveðinn tíma, kannske nær því óendanlega langan, og ekki fyrr en löngu eftir að eigendurnir eru dauðir. Það sjá allir, hve þessi lög rýra stórkostlega áhrif eignarréttarins, og ég verð að segja það, að það er ákaflega leiðinlegt fyrir Alþingi að hafa gengið svo nærri 63. gr. stjskr. sem gert er í þessum lögum, og ég vil að minnsta kosti þvo hendur mínar af því verki.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja það, að þessi handaþvottur hv. 4. þm. Reykv. er sannarlega kisuþvottur. Hann var einmitt einn þeirra manna, er fastast gekk fram til stuðnings skipulagslögunum 1921, þegar lögleiddar voru þessar ógurlegu og afskaplegu skerðingar, sem hann telur, að gerðar hafi verið á eignarrétti manna. Ég veit ekki, hvernig þessi hættulegu ákvæði þá hafa farið framhjá jafnskýrum og glöggum manni og hv. 4. þm. Reykv. er, — og ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um það, að þau hafa ekki farið framhjá honum þá, heldur hefir hann séð, að skipulagið var svo mikilsvert mál, sem hafði slíka þjóðhagslega þýðingu, að hann hefir talið einsætt, að yrði að lögfesta það, jafnvel þó það yrði nokkuð harðleikið einstökum mönnum. Ég býst við, að þetta hafi valdið því, að hann var ekki á móti skaðabótaákvæðum laganna 1921, en ekki hitt, að honum hafi sézt þá yfir afleiðingar þeirra. Ég er viss um það, að hann hefir þá ekki síður en nú haft tilhneigingu til þess að vernda eignarrétt einstaklinganna, en hann hefir fundið, að hitt var þyngra á metunum, þar sem framkvæmd þessara laga er ekki kleif með því móti að snara öllum skaðabótunum út í einum svip. Hv. þm. talaði um, að bæirnir slyppu ekki eftir gildandi lögum við að greiða skaðabætur. Þetta er alveg rétt, en með ákvæðum laganna er bæjunum gert mögulegt að greiða þær. Til hvers eru lánsstofnanir yfirleitt starfræktar, til hvers er verið að stofna veðdeildir, ræktunarsjóð o. s. frv.? Er það ekki einmitt gert til þess, að þeir, sem lánin fá, hafi möguleika til þess að greiða á lengri tíma — t. d. allt að 40 árum — þann kostnað, sem þeir verða að leggja í vegna ýmsra framkvæmda? Framkvæmda, sem þeim væri annars ómögulegt að leggja út í, ef þeir ættu að greiða allan kostnaðinn strax. Hv. þm. hefir verið þess mjög hvetjandi, að stofnuð verði veðdeild, sem láni mönnum til bygginga. Slík stefna er ekki byggð á sömu forsendum og sú skoðun hans nú, að það skipti engu fyrir bæina, hvort þeir verði að greiða allar skaðabæturnar í einu eða á löngu tímabili. Hv. þm. hefir hér seilzt helzti langt í röksemdaleit. Hann hefir hér seilzt um hurð til lokunnar. Hv. þm. var að tala um, að hafnargerðir yrðu að bíða vegna fjárskorts. Hann ætlar kannske að hjálpa Akraneskauptúni í því efni með því að skella á þorpið 270 þús. kr. útgjöldum á einu ári. Ég veit, að hv. þm. meinar þetta ekki, en hann hefir seilzt nokkuð langt eftir rökunum.

Ég veit satt að segja ekki, hvað það er, sem rekur á eftir hv. þm. í þessu efni. Ég hefi hvergi orðið var við neina óánægju út af þessu skaðabótaákvæði í lögunum frá 1921. Á Akranesi telja lóðareigendur það eðlilegt, að hreppssjóður geti ekki greitt skaðabæturnar á annan hátt og að þeir verði þess vegna að bíða þeirra. Þeir vita sem er, að þeir hafa fullan umráðarétt yfir lóðunum, þeir mega rækta á þeim hvað sem þeir vilja og byggja á þeim peningshús eða önnur bráðabirgðahús og hafa öll afnot af lóðunum eftir sem áður, þangað til kemur til fyrirhugaðra framkvæmda.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég skal ekki um það deila við hv. þm. Borgf., hvorum okkar gangi betur að þvo hendur sínar í þessu máli. Þó ég væri hlynntur lögunum 1921, þá barðist ég þá aðallega fyrir því, að skipulagsákvæðin næðu til minni þorpa en ákveðið var og aðrir hv. þm. þá vildu vera láta. Ég taldi nauðsynlegt að skipuleggja þorpin sem fyrst, meðan þau enn væru smá vexti.

Ég get þakkað hv. þm. Borgf. fyrir þau skapgerðarvottorð, er hann gaf mér, og hann er sjálfsagt fús á að bæta því við, að batnandi manni er bezt að lifa. Ég get sagt honum það, án þess að skammast mín fyrir, að það fór alveg framhjá mér árið 1921, hve ákvæðið um greiðslu skaðabótanna er ranglátt og hættulegt, og ég tel það nægilega afsökun. En ég er ekki viss um, að hv. þm. Borgf. gangi eins vel að þvo sig af þeirri ásökun að hafa gengið fullnærri 63. gr. stjskr., sem segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir". Er hægt að segja, að fullt verð komi fyrir þá lóð, sem ég hefi keypt fyrir 100 þús. kr. og við skulum segja, að yrði metin jafnhátt, en mér er meinað að nota hana

eins og mér er haganlegast, en skaðabætur fyrir það fæ ég ekki fyrr en eftir heila öld? Þótt ég hafi kannske einhver sérréttindi til þess að ganga um hana eða til þess að nota hana, eins og Akranesbúar, er hætt við því, að hún gefi mér heldur litlar tekjur til þess að ég væri skaðlaus af að eiga hana. (BÁ: Hv. þm. gæti ræktað á henni kartöflur). Hv. þm. Mýr. ráðleggur að rækta á lóðinni kartöflur. Það verður þá ekki fyrr en innflutningsbann á kartöflum er komið á og þær orðnar verulega dýrar, sem það borgar sig.

Ég sé nú reyndar ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Það verður að skeika að sköpuðu um afdrif þessa frv. En það munu hv. þdm. komast að raun um, að eitthvað verður að gera til þess að sætta þá menn, sem fyrir ranglætinu verða, og falli þetta frv., mega hv. þdm. eiga það víst, að það kemur brátt fram aftur, og þá sennilega með þeim breyt., sem kveða niður þær mótbárur, er gegn því hafa nú verið fluttar. Ég sé vissulega þörf bæjanna á því að eignast gott skipulag, en því máli verður þá fyrst réttilega skipað, að litið sé á málstað beggja aðilja.

Frsm. (Einar Arnórsson): Þetta mál hefir oft áður komið fyrir hv. d. Stundum hefir það aðeins verið rætt, en stundum hefir það komizt gegnum deildina, og svo var það á þinginu í sumar. Það verður að telja, að sumir hv. þm., eins og t. d. 3. þm. Reykv., hafi vaknað heldur seint í þessu máli, því að í sumar fann hann ekki neitt athugavert við frv. Hér er um mikið vandamál að ræða, því það þarf að taka tillit til aðstöðu þessara tveggja aðilja, bæði lóðareigenda og bæjarfélaganna. Það getur vel verið, að 2. gr. þessa frv. verði bæjarfélögunum fullþungbær, ef hún nær samþykki, að með henni séu hagsmunir þeirra ekki nægilega varðveittir. Sérstaklega á þetta við um þau bæjarfélög, sem þegar hafa undirgengizt skipulagsuppdrátt, og eigi hafa búizt við að þurfa að greiða bætur eftir 28. gr. skipulagslaganna fyrr en breytingar þær, sem skipulagsuppdráttur greinir, komast í framkvæmd. En ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Reykv., að það ætti að vera mögulegt að hnika 2. gr. frv. svo til, að sætta megi hagsmuni hinna tveggja aðilja. Það er þó ekki sagt í frv., eins og hv. þm. Borgf. hélt fram, að allar skaðabætur eigi að greiða lóðareigendum þegar í stað, en það kann að vera, að í 2. gr. sé ekki gerð nógu sterk krafa til sönnunar á því, að lóðareigendur verði fyrir skaða.

Það er hægt að benda á mörg dæmi fyrir því, fleiri en hv. 4. þm. Reykv. benti á, að ýmsir einstaklingar gætu allt að því orðið færðir úr skyrtunni með ákvæðum núgildandi laga, eins og þau eru. Það er hægt að hugsa sér mann, sem leggur allt, sem hann á, til að kaupa lóð, sem síðan eftir skipulagsuppdrætti á að verða að götu eða torgi í bænum. Það er kallað, að hann hafi umráðarétt yfir lóðinni; hann má rækta á henni kartöflur og hann hefir rétt til að horfa á hana, en hann má ekki byggja á henni nema með því skilyrði að flytja bygginguna burt á sinn kostnað, þegar bæjarstjórn krefst þess. En gatan, sem þar á að leggja, kemur e. t. v. ekki fyrr en eftir marga áratugi.

Það er hægt að taka annað dæmi um mann, sem gjarnan vildi selja lóð sína eða skipta á henni og annari, en hann getur það ekki fyrir það, að skipulagið ákveður að taka hana einhverntíma til afnota fyrir bæinn.

Þau dæmi eru mörg til, að einstakir menn verða sérstaklega hart úti í þessum efnum, og það eru alls ekki endilega þeir, sem kallað er að braski með lóðir, heldur þvert á móti þeir, sem alls ekki gera það eða hafa gert það. Braskararnir geta sloppið alveg ómeiddir, en hinir geta orðið svo hrapallega fyrir barðinu á skipulaginu, að þeir tapi fyrir það öllu sínu.

Ég tel, að það hafi verið mikil yfirsjón hjá löggjafarvaldinu 1921 að setja ekki ákvæði um það, að menn skyldu fá bætur, þegar er þeir gætu sannað, að þeir yrðu fyrir verulegu tjóni vegna skipulagsákvæðanna. En það er eins og löggjafarnir hafi verið blindir þá. Hvers vegna hugsuðu þeir ekki út einhver ráð til tekjuöflunar til þess að greiða þær skaðabætur, sem sanngjarnar yrðu, til þeirra manna, er biðu tjón, svo að ekki þyrfti að leika vafi á því, hvort lögin færu í bága við stjórnarskrána? Hvers vegna lögleiddu þeir ekki verðhækkunarskatt á löndum og lóðum, til þess að bæta þann

halla, er lögin höfðu í för með sér, eða eitthvað annað hliðstætt?

Ég vil annars minna á það, að vandaspurning þessa máls er ekki leyst, þótt 2. gr. frv. falli, en 28. gr. l. haldist óbreytt. Ef einstaklingar geta fært fullar sönnur á það, að þeir séu farnir að bíða tjón af skipulaginu, þá er alls ekki útilokað, að þeir geti sett slík mál fyrir dómstóla og fengið sér dæmdar skaðabætur.

Það er í tvær áttir að líta í máli þessu. Þeir, sem líta aðeins á hag bæjanna, fella frv. af ótta við þann kostnað, er þeir telja, að bærinn muni af því bíða, en það er aðeins um stundarsakir, sem þetta mál fær frest. Málið rís sennilega upp aftur í breyttri mynd, sem þeir menn, er vilja fella þetta frv., geta ef til vill sætt sig við.

ATKVGR.

Brtt. 236 samþ. með 23:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HG, HV, JörB.

nei: MJ, ÓTh.

EA greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÁÁ, HJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og þar samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 270).

Á 41. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 25. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Pétur Magnússon): Nefndin hefir öll orðið sammála um, að sjálfsagt sé að ákveða þann frest, sem um ræðir í frv., og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 817).

---

69. Gjaldfrestur bænda.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna** (þmfrv., A. 256).

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er búið að tala svo mikið um fjárhagskreppuna, að það virðist óþarfi að benda á það hér, að hún er til staðar. Það er líka öllum kunnugt, að kreppan stafar að miklu leyti af verðfalli á aðalframleiðsluvörum landsmanna, bæði til lands og sjávar. Af þessu verðfalli leiðir aftur það, að framleiðendur hér á landi, stórir og smáir, eru í mestu vandræðum með að inna af hendi þær greiðslur, sem þeim ber. Það er einmitt með tilliti til þessara vandræða um greiðslur, að landbn. hefir samið þetta frv. á þskj. 256 um greiðslufrest bænda og bátaútvegsmanna.

Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að reyna að veita þeim, sem erfitt eiga með

greiðslur, aðstoð um að fá frest á skuldagreiðslum um nokkurn tíma. Þessi greiðslufrestur, sem n. hefir hér í huga, er mjög tímatakmarkaður. Það er ekki gert ráð fyrir, að frv., ef það verður að lögum, gildi lengur en til 1. júlí 1933. Það er ekki gott að vita, hversu lengi þessi kreppa stendur. Vera má, að þegar næsta þing kemur saman, sjáist nokkuð betur en nú, hversu lengi hún muni standa og hvaða stefnu hún muni taka, og verður þá hægur hjá að gera nýjar ráðstafanir, ef þurfa þykir, og ég skal taka það fram, að ég er mjög hræddur um, að þess muni þurfa.

Ég vil gjarnan benda á það, að það er ákaflega erfitt að setja löggjöf á þessu sviði, bæði vegna þess, að hér er nýtt löggjafarefni og vegna óvissunnar framundan. Ég get þessa af því, að ég get vel ímyndað mér, að það reynist svo, að gallar komi í ljós á þessu frumsmíði, og þá er gott, að svo er fyrirskipað, að þetta mál skuli tekið til nýrrar athugunar á næsta þingi, og ég get vel ímyndað mér, að hv. þdm. hafi nú þegar rekið augun í einhver þau ákvæði í frv., sem betur mættu fara. N. mun taka með þökkum öllum leiðbeiningum í þessu máli og væntir, að frv. mæti skilningi og samúð hjá hv. þdm. yfirleitt.

Ég finn mér skylt fyrir hönd n. að gera grein fyrir ákvæðum þessa frv. vegna þeirra manna, sem eiga að fá nokkra vernd eftir þessu frv., og þeirra, sem eiga að vera útilokaðir frá henni.

Ég get vel ímyndað mér, að spurt verði um, hvers vegna ekki eigi að hjálpa fleiri mönnum en hér er gert ráð fyrir, nefnilega bændum og bátaútvegsmönnum, hvers vegna ekki eigi að hjálpa stóratvinnurekendum eða verkamönnum. Að því er snertir stærri atvinnurekendur, er því til að svara, að n. sá ekki fært fjárhagsins vegna að veita þar hjálp. Það er ekki svo að skilja, að n. hafi ekki viljað viðurkenna það, að stærri atvinnurekendur eigi hlutfallslega við eins mikla erfiðleika að stríða og hinir smærri. En þeir verða að gjalda þess, að þeir þyrftu svo mikla hjálp, að til þess eru engin efni.

Að því er snertir þá menn, sem ekki stunda neina framleiðslu, þá vil ég benda á, að á annan hátt ýmsan hefir verið reynt að bæta úr fyrir þeim. Í þessu tilliti er alveg sérstöku máli að gegna um bændur. Ef svo hart er gengið að þeim vegna skulda, að af þeim er tekin bæði jörð og bústofn, þá er búið að taka af þeim þeirra atvinnumöguleika, svo að þeir eiga einskis annars úrkostar en að flytja úr sveitunum og til kaupstaðanna. Það er þess vegna ekki sama að taka af bændum jörð og bú og að taka af tómthúsmönnum og öðrum kaupstaðabúum innanstokksmuni þeirra eða aðrar þær eignir, er þeir hafa undir höndum, því að með því eru þó ekki teknir frá þeim atvinnumöguleikar þeirra; þeir geta eftir sem áður stundað sína daglaunavinnu. Og að vísa bændum á atvinnu í kaupstöðunum, það er sama og að vísa þeim á ekkert. Það væri líka eitt af því versta, sem komið gæti fyrir verkamenn í kaupstöðum, ef margir menn úr sveitum neyðast til að flytja svo að segja ofan á verkamenn kaupstaðanna.

Þessa grein vil ég þá gera fyrir réttmæti þeirrar skilgreiningar, sem um ræðir í 1. gr. En um aðferðir þær, er frv. gerir ráð fyrir um greiðslufrest, vil ég minnast á það, án þess að fara mikið inn á einstakar gr. frv., að gert er ráð fyrir, að í hverju sýslufélagi og bæjarfélagi verði sett á stofn þriggja manna n., sem hafi með höndum þær beiðnir um greiðslufrest, sem fram koma innan hvers kaupstaðar eða bæjarfélags. Það virðist tæplega vera hægt að hafa aðra tilhögun en þessa.

Ég get þess, að fyrir n. lá frv., sem búnaðarþingið hafði haft til meðferðar, og var það að ýmsu leyti notað sem grundvöllur undir starfi n., þó með mjög miklum breytingum.

Ég hirði ekki við þessa umr., að fara út í þær aðferðir, sem skilanefndir skulu nota, en viðvíkjandi 16. gr. vil ég taka það fram, að það getur náttúrlega komið fyrir, að þær stofnanir (veðdeild, Búnaðarbanki) sem lánað hafa fé og eiga að borga það aftur með árlegum útdrætti vaxtabréfa, verði fyrir erfiðleikum út af því, að þeir, sem fá þennan gjaldfrest, borga ekki. En nú er það auðvitað, að þessar stofnanir verða að standa í skilum. Ef þær gerðu það ekki, þá gæti

það orðið til þess, að lánstrausti landsins væri stór hætta búin. N. sá enga aðra leið út úr þessu en að fela ríkisstj. að hlaupa undir bagga með þessum stofnunum, ef svo mikið kveður að vangreiðslum samkv. þessu frv., að stofnanirnar komast í vandræði fyrir það. Ennfremur getur það komið fyrir, að bankar og sparisjóðir lendi í nokkrum erfiðleikum, vegna þess að minna sé borgað af þeim lánum, sem á að greiða þeim, og þá er ekki heldur annað að gera en að vísa til ríkisstj. til að hlaupa undir bagga. Fyrir þessu öllu er séð með ákvæðum 16. gr. frv.

Ég held ekki, að á þeim tíma, sem þessi ákvæði eiga að gilda, ef frv. verður að lögum, komi til, að mikið verði um slík vandræði þessara lánsstofnana út af þessu. Ég held, að það fari svo, að þessar stofnanir sitji fyrir um greiðslur af hálfu þeirra, sem þeim skulda.

Aðalgagnið af þessu frv. hygg ég, að verði það, að bæði skuldheimtumenn og skuldunautar verði rólegri. Skuldheimtumenn verða ófúsari á að ganga að þeim mönnum, sem verndar njóta eftir þessu frv., af því að þeir sjá, að það er hægt fyrir skuldunautana að leita þeirrar verndar, sem hér er gert ráð fyrir. Og ég vil segja það, að ef lög um þetta efni gætu gert það að verkum, að aukin ró fengist í þessum málum, þá væri þegar stórmikið unnið.

Ég vil benda á það, að það eru ekki nærri því allir þeir atvinnurekendur, sem nefndir eru í 1. gr., sem geta gert sér von um að fá vernd eftir þessu frv. Ýmsir flokkar manna eru undanskildir, og er þá fyrst og fremst að nefna þá, sem samkv. upplýsingum, sem skilanefnd fær, eiga ekki fyrir skuldum. En þó er reynt — og er það eftir ráðum búnaðarþingsins — að skorða þetta þannig, að þeir verði ekki allt of margir, sem lenda í þessum flokki. Er það gert með því að leggja til grundvallar tekju- og eignarskattsframtal þriggja síðustu ára, þegar meta skal, hvort þeir eigi fyrir skuldum eða ekki. Þetta verður til þess, að talsvert fleiri geta fallið undir vernd þessara laga en ella mundi. Þetta þótti nauðsynlegt vegna þeirrar lækkunar, sem orðið hefir á verði á öllum bústofni, því að eftir núv. verðlagi væri hætt við, að fjöldamargir bændur teldust ekki eiga fyrir skuldum og kæmust því ekki undir vernd þessara laga.

Að sjálfsögðu er ekki heldur meiningin með þessu frv. að vernda þá menn, sem eru það vel stæðir, að þeir geta uppfyllt sína samninga. Eins og af líkum ræður, er ekki meiningin að hafa þetta fyrir skálkaskjól handa þeim mönnum, sem geta borgað, en vilja það ekki. Það á ekki heldur að láta þessa vernd taka til þeirra manna, sem á einhvern hátt eru líklegir til að nota þennan frest til að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna.

Yfirleitt hefir n. reynt að hafa þetta frv. sem sanngjarnlegast á allan hátt, en eins og gefur að skilja, getur alltaf orðið álitamál, hversu langt skuli ganga í einu og öðru, og n. er auðvitað fús til að taka öllum velviljuðum leiðbeiningum um það efni.

Það hefði legið nærri að gera í frv. nokkra skilgreiningu á skuldum, eftir því hvernig á þeim stendur, hvernig þær eru tryggðar og þar fram eftir götunum, eins og venja er til um skuldir yfirleitt. Það varð þó ofan á, að n. gerði þetta ekki, heldur lét skilanefnd eftir að meta það í hverju einstöku tilfelli, í hverri röð skuldir skyldu greiðast.

Nú er það auðvitað svo, að það getur vel komið fyrir, að maður geti borgað sumar skuldir sínar, en ekki aðrar, og verður skilanefnd þá að ákveða, hvaða skuldir hann skuli borga og hverjar skuli bíða.

Eins og ég mun þegar hafa tekið fram, er ekki ætlazt til, að gjaldfresturinn nái til vaxta, heldur aðeins til afborgana. N. áleit, að hættulegt gæti orðið að hlaða vöxtum ofan á, enda er þess að vænta, að allir þeir, sem á annað borð eiga fyrir skuldum, geti með einhverjum ráðum staðið straum af vaxtagreiðslu, eða útvegað sér fé til þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég fagna því, að frv. þetta skuli vera fram komið, og þakka hv. landbn. fyrir, hve mikla og góða vinnu hún hefir lagt í það og að hún skuli hafa orðið á einu máli um að leggja til, að það verði

samþ. Lít ég á það sem vott þess, að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, og má þá hiklaust telja það eitthvert merkasta málið, sem þingið afgreiðir að þessu sinni.

Mikill aðdragandi og vinna liggur á bak við þetta mál. Það varð ljóst í haust, er hið mikla verðfall varð á peningum og öllum framleiðsluvörum, að framleiðendum myndi veitast erfitt að standa straum af greiðslum sínum, og því leit stjórn Búnaðarfél. Íslands svo á, að af hálfu landbúnaðarins a. m. k. yrðu að koma fram ákveðnar raddir um það, hvað gera skyldi. Var því horfið að því ráði að kalla saman aukabúnaðarþing í vetur. Hv. þm. Mýr. var sendur, í samráði við búnaðarstjórnina, til nágrannalandanna, til að kynna sér, hvað þau hefðu gert í þessu efni, en þar er kreppa ekki síður en hér, sem kunnugt er. Hann viðaði að sér miklum og góðum gögnum, og voru þau gögn síðan lögð fyrir búnaðarþing. Lagði hv. þm. Mýr. þar fram aðalvinnuna. Frv. búnaðarþings um gjaldfrest bænda var síðan lagt fyrir landbn. Hún lagði til, að gjaldfresturinn næði einnig til smærri bátaútvegsmanna og gerði ýmsar fleiri breyt., sem eru til bóta og ættu að tryggja frv. góða og greiða afgreiðslu.

Hér er auðvitað um frumsmíð að ræða, og þótt frv. hafi verið sniðið með hliðsjón af ráðstöfunum annara landa, má þó líta á það sem bráðabirgðalausn og gera ráð fyrir, að síðar megi færa það í betra horf. En hér er um mjög góða undirstöðu að ræða til hjálpar framleiðendum, og vil ég því gefa frv. mín beztu meðmæli. Um einstök atriði tala ég ekki að sinni. Þó býst ég við, að kveða þurfi nánar og skýrar á um heimild þá, sem ræðir um síðast í 16. gr., annaðhvort í framsögu eða frv. sjálfu.

Héðinn Valdimarsson: Ég er nú ekki eins sannfærður um það eins og hæstv. forsrh. og landbn., að eitthvert þjóðráð felist í þessu frv. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort leitað hefði verið umsagnar um það hjá bönkunum og S. Í. S., og hver svörin hefðu orðið. Mig grunar, að engin meðmæli fylgi frv. frá þessum stofnunum.

Frv. gengur í þá átt, að bændum og bátaútvegsmönnum sé veittur gjaldfrestur í rúmt ár á afborgunum af skuldum. En nú mun víðast standa svo á, að það, sem þjakar þessum framleiðendum mest, er ekki það, að gengið verði að þeim. Ef einhverjir lánardrottnar ganga að bændum, ættu það þá að vera samvinnufélögin. En yfirleitt mun ekki vera hætta á því. Einstöku jarðir yrðu máske teknar af mönnum, sem þetta frv. gæti ekki hindrað, að slíkt yrði fyrr eða síðar, þó að lögum yrði. Hjá bátaeigendum er ástandið lakara í þessu efni, en þó er þetta frv. mjög tvíeggjað sverð fyrir þá. Hætt er við, að þessi nauðungargjaldfrestur yrði til þess, að þeim veittist mun örðugra að fá lán en áður. Þótt ekki sé ætlazt til, að frv. taki til nýrra lána, má þó búast við, að lánveitendur geti hugsað sem svo, að næsta þing geti veitt nýjan frest á þeim. Frv. gæti því orðið til þess, að mönnum yrði neitað um ný lán og staðgreiðsla heimtuð. Og þá væri verr af stað farið en heima setið. Það má líka benda á, að vernd frv. nær aðeins til nokkurs hluta bátaútvegsmanna, þeirra er eiga báta undir 30 smál. Nú er auðvitað engin vissa fyrir því, að sá, sem á stærri bát, sé betur staddur, nema síður sé, og kemur þetta því ærið ójafnt niður, t. d. kæmust bátar Samvinnufélags Ísfirðinga ekki undir lögin.

Ég er hræddur um, að ef frv. er stranglega framfylgt, geti það orðið til þess, að ríkisábyrgð verði heimtuð á þeim stofnunum, sem lánað hafa þeim mönnum, sem fresturinn er veittur, aðallega samvinnufélögum, og verður ekki annað sagt en að sú krafa hefði við töluverð rök að styðjast.

Ég álít, að fara eigi aðra leið, ef hið opinbera ætlar að fara að skipta sér af skuldaskiptum manna. Ég teldi miklu heppilegra að skera niður nokkurn hluta skuldanna eða breyta lögum um nauðasamninga, til að koma viðskiptum manna á heilbrigðan grundvöll, þar sem hægt er að koma lækningu við. En eftir þessu frv. verða skuldirnar eins miklar og áður að ári liðnu, og fresturinn því til lítils eða einskis. Auk þess má telja víst, að slíkar ráðstafanir sem þessar yrðu til að veikja tiltrú og lánstraust erlendis.

Ef frestur þessi ætti að koma að verulegu gagni, þyrfti hann að ná til vaxta og opinberra gjalda ekki síður en afborgana, ef ekki verður þá horfið að því að skera niður eitthvað að skuldunum. Ég vil benda á það hvað bændur snertir, að eins og á stendur hefir jarðabótastyrkurinn minni þýðingu nú en áður í sveitunum, og mætti þá verja honum til að létta undir með bændum um greiðslu opinberra gjalda.

Það er fullkomin ástæða til að geta þess, að vernd þessa frv. nær ekki til stórra stétta í landinu, eins og verkamanna, sem þó standa í miklum verzlunarskuldum og ekkert liggur fyrir nema sveitin, ef að þeim er gengið. Hinsvegar eiga allir stórbændur að fá þennan frest. Hér er því verið að gera upp á milli stétta í landinu, án þess þó, að nokkur stétt hafi verulegt gagn af. Hér verður því að fara aðrar leiðir, greiða vexti fyrir menn, breyta lögum um nauðasamninga eða hreint og beint að strika út nokkurn hluta skuldanna.

Jóhann Jósefsson: Frv. þetta heitir frv. til l. um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna. Þó nær vernd frv. ekki til allmargra bátaútvegsmanna, þar sem svo er ákveðið, að þeir, sem eiga báta yfir 30 smál., falli ekki undir hana. Hinsvegar eiga ákvæði frv. að gilda jafnt fyrir stórbændur sem aðra. Er svo að sjá, sem bátaútvegsmönnum hafi verið hnýtt hér aftan í, enda mun svo vera. Það ætti þó að liggja í augum uppi, að meðan útvegurinn er rekinn með tapi, er sá engu betur staddur, sem á 60 smál. bát en 30 smál. Eins og nú horfir fyrir atvinnuvegunum, er aðstaðan því verri, því meira sem menn hafa umleikis. Ég hélt þessari skoðun fram hér á þingi í fyrra og fékk uppnefni að launum í „Tímanum“. Slíkur var skilningurinn þar á örðugleikum útgerðarinnar.

Röksemdir hv. frsm. voru sléttar og felldar, það sem þær náðu. Engum dettur í hug að neita því, að rétt sé, að hið opinbera hlaupi undir bagga með atvinnuvegunum á krepputímum. En þó get ég ekki betur séð en að margt hafi verið rétt athugað í aðfinningum hv. 3. þm. Reykv.

Allur smærri og stærri atvinnurekstur hefir orðið að fleyta sér á lánsfé undanfarið. Smáútvegsmenn hafa lítil lán fengið í bönkum, en því meiri í almennum verzlunum, hjá kaupmönnum og kaupfélögum. Þessar einkalánsstofnanir standa hinsvegar uppi með skuldir við bankana og Sambandið. Hvernig fara nú kaupmenn og kaupfélög að því að standa í skilum við þessar stofnanir, þegar skuldugum viðskiptamönnum þeirra er veittur gjaldfrestur, en ekki þeim sjálfum?

Hér á að fyrirbyggja, að gengið sé of hart eftir skuldum hjá bændum og nokkrum hluta smáútvegsmanna, og jafnvel þeim hluta, sem ekki þurfa þessa fremur með en aðrir. Ég ætla ekki að deila á þá stefnu frv., að hjálpa mönnum út úr vandræðunum án þess að missa allt sitt. En þegar landbn. er í 16. gr. að gera sérstakar ráðstafanir gagnvart stofnunum, sem hafa óþægindi af framkvæmd væntanlegra gjaldfrestslaga, þá er augljóst, að með þeim ákvæðum er verið að gera upp á milli þegnanna. Ég fæ ekki séð, hvers vegna t. d. kaupfélög eiga að standa berskjölduð uppi, þegar búið er að binda skuldaeign þeirra um eitt ár. Hér er um varhugavert og ranglátt atriði að ræða. Hv. 3. þm. Reykv. benti á eina afleiðingu af þessari aðferð, — að enginn þyrði að lána til atvinnuveganna lengur af ótta við að þingið gripi aftur inn í viðskiptalífið með svipaðri löggjöf. Ég held líka, að svo muni fara, ef Alþingi beitir ekki meira réttsýni og lætur vernd laganna ná til fleiri en nú.

Ég vona, að hv. d. athugi það, hvernig girða megi fyrir, að svo verði hér af stað farið, að nokkur hluti atvinnurekenda verði gerður óhæfur til greiðslu og jafnvel gjaldþrota, til að losa hinn hlutann við að standa við skuldbindingar sínar. Hv. frsm. fór stutt út í það, hvers vegna frv. væri svo takmarkað, en skýringar hans voru ekki fullnægjandi. Ef Alþingi ætlar að vernda bændur og bátaútvegsmenn, verður að stíga spor til bjargar þeim, sem verða fyrir beinu tapi af þeim ráðstöfunum, þótt ekki séu það „sparisjóðir eða aðrar lánsstofnanir“, eins og segir í 16. gr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Mér þykir ekki nema eðlilegt, þó að frv. þetta

fái misjafnar undirtektir, og geri ég ekki ráð fyrir, að landbn. kippi sér upp við það. Ég get verið þakklátur hæstv. forsrh. fyrir hans góðu undirtektir undir málið, en af því að hann nefndi útlenda löggjöf um þetta efni, þá verð ég að taka það fram, að í henni er lítill styrkur fyrir oss, því að erlendis hagar allt öðruvísi til um þessi mál en hér. Þar er mest um fasteignaveðskuldir að ræða. Ganga því aðaltilraunirnar í þá átt að hjálpa þeim bændum, sem hafa veðsett fasteignir sínar fyrir hærri upphæðum en þær eru verðar. Hér er aftur á móti mikill hluti skuldanna ekki tryggður með fasteignaveðum. Það eru víxlar, ábyrgðarlán og verzlunarskuldir.

Hæstv. forsrh. áleit, að það þyrfti nánari ákvæði í 2. málsgr. 16. gr. frv. en þar eru. Ég vil út af því segja hæstv. forsrh., að það var meining n. að gefa fjmrn. eða fjmrh. sem rýmsta heimild í þessu efni, binda sem minnst hendur hans. Hefir hann því heimild til þess samkv. ákvæðum gr. að taka lán til þessara hluta, ef með þarf.

Hv. 3. þm. Reykv. andmælti frv. mjög harðlega og taldi það lítið þjóðráð, sem í því fælist. En því hefir heldur ekki verið haldið fram, heldur er hér um lítilsháttar tilraun að ræða til hjálpar vegna kreppunnar. Það á ekki að hlaupa undir bagga með þeim, sem geta staðið undir greiðslum sínum sjálfir, eða með þeim, sem ekki geta komizt af í venjulegu árferði, heldur þeim, sem eiga fyrir skuldum, en sökum kreppunnar eru komnir í greiðsluþrot.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvort gengið hefði verið eftir svari hjá bönkunum og S. Í. S. Eins og tekið hefir verið fram, sendi n. frv. það, er búnaðarþingið hafði samþ., til umsagnar bönkunum og S. Í. S. Búnaðarbankinn svaraði mjög bráðlega aftur og gerði nokkrar aths. við það, og hefir verið reynt að taka þær til greina. Aftur á móti hefir Landsbankinn ekki svarað neinu, og hefir þó lengi verið beðið eftir svari frá honum. Sambandið hefir heldur ekki svarað skriflega, en hv. þm. Mýr. hefir sagt mér, að það hafi leyft sér að hafa það eftir, að það myndi geta sætt sig við frv. n. Þetta er það, sem ég veit sannast um svör þessara stofnana. En ég verð að segja það, að ég varð töluvert vonsvikinn yfir því, að Landsbankinn skyldi ekki svara og Sambandið ekki fyrr en svo seint.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, og það alveg réttilega, að Sambandið væri aðalskuldheimtumaður bændanna, því að þeir skulduðu því gegnum kaupfélögin. En þar sem það hefir þó lýst yfir, að það myndi geta sætt sig við frv., þá tel ég ekki svo mikla hættu á andmælum frá öðrum skuldaeigendum.

Það má halda því fram, að lánsstofnanir þori síður að lána, ef svona frv. verður að lögum, en ég er ekki viss um, að svo verði í raun og veru. Hér er ekki farið fram á annað en að láta þá menn fá greiðslufrest á skuldum sínum, er sökum erfiðs árferðis geta ekki borgað, en eiga þó fyrir skuldum.

Þá kvaðst hv. 3. þm. Reykv. vera hræddur um, að taka yrði ríkisábyrgð á fleiru, ef gjaldfrestur þessi yrði veittur. Ég veit ekki vel, hvað hv. þm. á hér við, en víst er um það, að hann hefir ekki hingað til verið hræddur við að láta ríkið ganga í ábyrgðir fyrir hinu og þessu. Ég fyrir mitt leyti sé enga hættu geta legið í þessu.

Þá nefndi hv. þm., að réttara væri að breyta lögunum um nauðasamninga heldur en ganga inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir. Um þetta er það fyrst og fremst að segja, að lögin um nauðasamninga gera alltaf ráð fyrir nokkru af peningum til greiðslu strax, og í því liggur aðalerfiðleikinn. Hér er heldur ekki átt við afslátt af skuldum, en nauðasamningarnir gera alltaf ráð fyrir slíku. Þetta stendur líka í sambandi við það, að meginþorra bænda er áreiðanlega mjög óljúft að fá eftirgjafir á skuldum sínum.

Þá hélt hann því fram, hv. þm., að frv. þetta mundi sízt verða til þess að auka tiltrú landsmanna erlendis. En ég fæ ekki séð, hvernig það mætti verða, að frv. spillti fyrir okkur erlendis, ef að lögum yrði. Ég held, að það sé ekkert óþekkt fyrirbrigði, að veittur sé gjaldfrestur á skuldum. Er kannske ekki alstaðar í heiminum verið að ræða um gjaldfresti á skuldum og eftirgjafir? Hvernig getur hv. þm. óttazt, að það spilli frekar láns-

trausti og tiltrú okkar en annara þjóða, þó að við gerum sama og þær, sem sé að veita litlum hluta þegnanna dálítinn gjaldfrest á skuldum sínum? Það skil ég ekki.

Þá nefndi hv. þm., að réttara væri að taka t. d. jarðabótastyrkinn og láta hann ganga beint til skuldalúkninga fyrir bændur. Hvað heldur hv. þm., að bændur geri annað við styrkinn en að láta hann ganga til skuldagreiðslna? Þeir eru búnir að vinna jarðabæturnar og skulda fyrir þær; nota þeir því fé til greiðslu fyrir þær eða í aðrar brýnustu þarfir sínar.

Þá kem ég að hv. þm. Vestm. Hann sagði nokkur orð í garð frv., og skildist mér helzt á honum, að hann teldi það ná of skammt. Of fáir, sem fengju vernd af því, og afleiðingin gæti því orðið sú, að vanskil þeirra, er vernd fá, velti yfir þá, sem enga vernd fá. Ég skal fúslega viðurkenna, að skemmtilegast hefði verið að geta veitt fleiri atvinnurekendum slíka vernd sem þessa, en n. sá sér það ekki fært, sökum fjárhagsástæðna ríkissjóðsins, því að ekki er í annað hús að venda en til hans, þegar lánstofnanirnar komast í þrot. En við myndum fúsir til að athuga það, að láta þessa vernd ná lengra, ef bent væri á möguleika fyrir því, að ríkissjóður væri fær um að veita þá hjálp, sem til þess þyrfti. En sem sagt, það er svo oft búið að taka það fram, að ríkissjóður eigi svo erfitt, að ekki sé miklu á hann bætandi. Geri ég því ekki ráð fyrir, að hægt verði að ganga lengra í þessu efni en gert er í frv.

Þá benti hv. þm. á sem misræmi í frv., að því væri ekki ætlað að veita öðrum útvegsmönnum vernd en þeim, sem gerðu út báta undir 30 smál., en aftur á móti öllum bændum. Ég býst varla við, að *ýkjamargir stórbændur* séu til í landinu nú, en ef þeir eru einhverjir til, þá njóta þeir engrar verndar, því að þeir, sem geta borgað af skuldum sínum, eiga að gera það eftir frv. N. sá sér ekki fært að aðskilja bændur í frv., útiloka t. d. þá, sem byggju á stærri jörðunum, því að það er engin sönnun fyrir því, að þeir séu betur stæðir en hinir. (JJós: Þetta er gert með bátaútvegsmennina). Það er alveg rétt. En það er gert sökum þess, að þegar komið er að hinum stærri útvegsmönnum, þá er svo mikið, sem þeir þurfa, að það yrði ekki viðráðanlegt, eins og ég hefi þegar bent á. En einhversstaðar varð þó að setja takmörkin, og þá varð að miða þau við fjárhagsástæður ríkissjóðsins.

Það kom til umr. í n., hvort ekki væri varhugavert að leggja á ríkissjóðinn þá byrði, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. frv., en þar sem ekki er gengið lengra en þar greinir, þá virtist henni það tiltækilegt.

Það veigamesta í ræðu hv. þm. Vestm. var það, að ef svo færi, að hinir smærri atvinnurekendur fengju gjaldfrest á skuldum sínum, þá gæti svo farið, að hinir stærri lentu í greiðsluvandræðum þess vegna. Ég skal viðurkenna, að það væri slæmt, ef slíkt kæmi fyrir. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir veitt því athygli, að það er ætlazt til þess í frv., að hver atvinnurekandi borgi eins mikið og hann getur, og verði svo, þá skil ég ekki, að hætta geti verið á, að svo fari sem hv. þm. gat til. Skuldheimtumennirnir myndu ekki fá frekari greiðslu hvort sem væri.

Ein meginhugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir frv., er sú, að skapa ró, svo ekki verði gengið að mönnum með málssóknum og fjárnámum. Annars er frv. látið ná eins skammt og hægt er, og ekki er ætlazt til, að lögin gildi nema til 1. júlí 1933.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég veit vel, að það er þörf fyrir að setja einhverjar slíkar ráðstafanir eins og farið er fram á í frv. á þskj. 256, því að þær myndu gera töluvert gagn, aðeins ef þær væru til í lögum, þó að þeim væri aldrei beitt, því að á tímum eins og þessum geta menn gert bæði sjálfum sér og öðrum tjón með því að keppa hver fram fyrir annan til þess að reyna að bjarga sér. Geta menn á þann hátt gert sér miklu meira tjón en ef samkomlag er. Að þessu leyti getur frv. gert gagn. Að sjálfsögðu þarf að útbúa slík lög og slíkar reglur, ekki aðeins með tilliti til skuldunautanna, heldur einnig með tilliti til lánardrottnanna. Hér má á engan hátt ganga á rétt þann, sem lánardrottnarnir eiga, enda virðist það ekki gert í frv., og yfirleitt virðist mér það vel úr garði gert, annað eins nývirki og hér er um að ræða.

Það eru tvær til þrjár aths. sem ég vildi bera hér fram, sérstaklega vegna n. þeirrar, sem hefir flutt frv., því að ég vænti þess, að hún fáist til að bera fram brtt. við það, enda þótt það sé komið frá henni sjálfri.

Það er þá fyrst við 16. gr. Þar segir svo: „Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu á þeim, ef ekki er veitt til þess fé í fjárlögum".

Slíkar skyldur, sem lagðar eru á fjmrn., mega ekki vera ótakmarkaðar. Hér er um þau lán að ræða, sem ekki er hægt að fá á erlendum peningamarkaði, því að hann er lokaður fyrir öðrum lánum en til atvinnurekstrar og arðvænlegra fyrirtækja, það verður því eingöngu að miða við hinn innlenda peningamarkað. Hjá bönkunum er ekki hægt að fá lán til þess að styðja þá sjálfa. Böndin berast þá aðallega að Landsbankanum sem seðlabanka, en ég tel ekki heppilegt, að fjmrn. skyldi koma til þess að gefa út seðla upp í þessar vangreiðslur, enda myndi það í mörgum tilfellum ekki nægja, þó að gefnir væru út seðlar innanlands, þar sem um erlenda lánardrottna er að ræða. Hér má því alls ekki vera óákveðin heimild. Það er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort að veita fé í fjárl. til þessara nýju greiðslna, eða þá að ætla tiltekna tekjustofna til þess að standast þær. Það má ekki leggja ríkissjóði nýjar byrðar á herðar án þess um leið að sjá honum fyrir nýjum tekjumöguleikum.

Samkv. síðari mgr. þessarar gr. er ríkissjóður jafnframt skyldaður til að hlaupa undir bagga með sparisjóðunum, ef þeir lenda í greiðsluvandræðum vegna framkvæmdar laganna, og tel ég þetta almenna ákvæði jafnvel enn hættulegra en fyrra ákvæðið. Það liggur í augum upp, að ef þessi ákvæði verða samþ. óbreytt, yrði ríkissjóður krafinn um allar þær greiðslur, sem gjaldfrestur verður veittur á hjá bönkum, sparisjóðum og öðrum lánsstofnunum. Allar slíkar stofnanir mundu telja sig í greiðsluvandræðum, ef þær fá ekki uppi borið það, sem inni kann „að frjósa" vegna þessara laga, og ekki hægt að fullvissa sig um, hverja greiðsluörðugleika ekki leiðir af þessum ráðstöfunum. Ég fæ ekki annað séð en að sparisjóðir og bankar, og þá ekki síst bankarnir, verði að bera afleiðingarnar af því sem aðrir, að þeim innheimtist ekki fé sitt vegna þessara laga. Um það gildir hið sama svar sem hv. 2. þm. Skagf. gaf hv. þm. Vestm.: Þeir, sem ekki fá greiddar skuldir sínar eftir lögunum, mundu ekki heldur fá þær greiddar, þó að lögin væru ekki í gildi. — Gegnir alveg sama máli um sparisjóðina og bankana, að þeim er ekki heldur mögulegt að fá fram greiðslur á lánum sínum, þó að lögin væru ekki, ef þeim er réttilega framfylgt og í þeim anda, sem fyrir þeim er talað. Það er hinsvegar skylda Landsbankans og ríkisstj. að létta undir, svo sem hægt er, fyrir þeim stofnunum, sem lenda í greiðsluvandræðum, hvort svo sem þau greiðsluvandræði stafa af þessum lögum sérstaklega, eða af hinu almenna ástandi, og sparisjóðir og aðrar minni lánsstofnanir verða að leita til hinna stærri um hjálp, og stendur enda opið að leita til Landsbankans, sem mun hjálpa svo sem unnt er. Að fara að leggja almenna skyldu á stj. til að hjálpa í þessu efni kemur ekki til mála.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég vildi drepa hér lítillega á. — Samkv. 18. gr. frv. er svo ákveðið, að allur kostnaður af framkvæmd þessara laga skuli greiðast úr ríkissjóði, eftir reikningum, sem fjmrh. úrskurðar. Hefir stundum verið talað um, að það væri óþolandi nú á þessum erfiðu tímum að vera alltaf að bæta við nýjum n., og minnist ég þess, að þessu t. d. var borið við í sambandi við frv. það, sem meiri hl. fjhn. þessarar deildar hefir flutt að mínu undirlagi á þessu þingi um skipun ríkisskattanefndar. Því var þá borið við, að þetta væri ókleift á þessum tímum, vegna hins mikla kostnaðar, sem af því mundi leiða fyrir ríkissjóð, og er þó tilgangurinn með skipun þeirrar n. að samræma skattaálagninguna í landinu og afla þannig ríkissjóði tekna, sem hann að lögum á rétt til, en fær ekki eins og framkvæmd skattalagganna nú er háttað. Kemur mér því á óvart, þegar nú er farið fram á að stofna 30 nýjar n., sem ríkissjóður á að kosta all-

ar, án þess að nokkrir tekjumöguleikar séu í sambandi við þær, nema síður sé. Skýtur þessu allmjög skökku við hitt, ef nú er hægt að kosta 30 slíkar n., þar sem áður var ekki hægt að kosta ríkisskattan. eina, sem auk þess mundi ekki kosta nema lítið brot af þeim tekjum, sem hún mundi afla ríkissjóði með starfi sínu. Þá er og erfitt fyrir fjmrh., sem ekki hefir *nægan kunnugleika heima í héruðunum*, að úrskurða slíka reikninga, og ég tel enda sjálfsagt, að kostnaðurinn greiðist af héruðunum líka, og þannig þá, að héruðin borgi $\frac{2}{3}$ kostnaðarins, en ríkið $\frac{1}{3}$, eins og héruðin að hinu leytinu skipa 2 menn í þessar n., en fjmrh. einn, og séu reikningarnir úrskurðaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Þetta, sem ég nú hefir sagt, vildi ég taka fram í sambandi við þetta frv., og óska ég, að það verði tekið til yfirvegunar í n., og jafnframt, að ég verði boðaður á fund með n. til að ræða þetta frekar við hana.

Það hefir mikið verið talað um það í seinni tíð, að nauðsynlegt væri að hafa fjárlögin *tæmandi* og að stj. héldi sig við áætlanir fjárl., og ef þetta er tilætlunin, sem ég vona að sé, að farið verði eftir fastari reglum um þetta hér eftir en verið hefir 15 síðustu ár, vænti ég þess, að þingið fari hér ekki að útiloka þetta með því að leggja ótakmarkaðar skyldur á ríkissjóð og fjmrh., sem óhjákvæmilega hljóta að trufla allar áætlanir. Það getur ekki gengið til lengdar, að allar umr. um fjármál séu eins og umr. á þingmálafundum, svo sem verið hefir hingað til. Hér þarf takmarkana við, og það þarf að sjá fyrir peningum í þessu skyni með nýjum tekjustofnum, því að þessu verður áreiðanlega ekki fullnægt með nýjum lánum, nema þá að litlu leyti. Ég skal ekki neita því, að gefa mætti litla lánsheimild, því hún má ekki vera stærri en það, að hún sé ekki ofvaxin okkar innlendu bönkum, en að öðru leyti álít ég, að þetta verði ekki uppi borið nema með nýjum sköttum.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég óska eftir, að n. taki þetta til ýtarlegrar yfirvegunar, og að n. mætti takast að tryggja fjármálastj. gegn þessum ótakmörkuðu heimildum, sem í frv. felast, og ég vil ennfremur endurtaka það, að ég óska eftir samvinnu við n. um málið.

Héðinn Valdimarsson: Hv. frsm. n. hefir að nokkru svarað því, sem ég sagði um þetta mál hér í minni fyrri ræðu. Verð ég að játa það, að hann hefir ekki sannfært mig um það, að nokkurt gagn muni verða af frv. í framkvæmdinni, eins og ég hafði haldið fram, að ekki mundi verða. Hinsvegar kom hann inn á það, að ég hafði sagt, að þetta gæti leitt til þess, að ríkið yrði að taka ábyrgð á öllum lánsstofnunum landsins, og fannst honum sem ég ætti ekki að hafa neitt á móti þessu samkv. minni skoðun á þessum málum. Vil ég algerlega mótmæla þessu. Ég óska ekki eftir því, að ríkisábyrgð verði tekin á fyrirtækjum einstaklinga, án þess þá að ríkið fái mjög mikinn íhlutunarrétt um rekstur þeirra, en ég skal geta þess í þessu sambandi, þó að það liggi ekki fyrir, að ég gæti t. d. hugsað mér, að S. Í. S. yrði veitt slík ríkisábyrgð, ef á þyrfti að halda, en ég ætla, að flokkur hv. frsm. mundi ekki óska eftir slíku undir neinum kringumstæðum. — Annars kemur mér það undarlega fyrir, af því að hv. frsm. hefir jafnan borið verzlunarstéttina svo sérstaklega fyrir brjósti, að álits verzlunarráðsins skuli ekki hafa verið leitað um þetta mál.

Hv. frsm. gat þess, að þetta mál hefði verið rætt í nágrannalöndum okkar, og taldi hann, að það mundi ekki fremur spilla lánstraustinu hér hjá okkur en hjá þeim. Ég hafði nú reyndar ekki haldið því fram, að það mundi spilla fyrir lánstraustinu, þó að málið væri rætt, en hinu hélt ég fram, að þegar farið yrði að framkvæma þessi lög, eftir því sem þau verða framkvæmd, mundi það hafa áhrif til hins verra bæði um erlend og innlend lán innan þess ramma.

Samkv. frv. er hér í raun og veru aðeins um að ræða að hjálpa þeim, sem eiga fyrir skuldum, og virðist reyndar lítil ástæða vera til þess, því að í flestum tilfellum er engin hætta á því, að að þeim verði gengið, en hinsvegar er mikil nauðsyn á að rétta þeim hjálparhönd, sem ekki eiga fyrir skuldum, og slíkra er nú mjög margt bæði til sveita

og sjávar, og enda vitanlegt, að margar þessar skuldir, sem sumpart eru peningaskuldir, en sumpart verzlunarskuldir, verða aldrei greiddar. Alþingi hlýtur að horfast í augu við þetta og sjá það, að réttast er að gera hreint borð í þessum efnum og skera niður allar þessar „dauðu" skuldir, sem hamla atvinnuvegunum og þjaka menn úti um allt landið, og ekki aðeins að skera niður atvinnurekstrarskuldir, heldur og líka verzlunarskuldir verkamanna, því að árferðið er svo og útlitið, sem framundan er, að vitanlegt er, að þessar skuldir fást aldrei inn. Og því þá ekki að líta framan í sannleikann og gera hér hreint borð? Ef inn á þá braut væri farið, gæti ég hugsað mér, að ríkið legði fram styrk til að hjálpa mönnum að borga það, sem eftir verður, svo að skuldheimtumennirnir geti látið þá sleppa. — Ég álít, að með því að fara þessa leið mundum við ekki spilla fyrir lánstrausti landsins, heldur þvert á móti bæta það. Bankarnir hefðu og átt að vera búnir að gera þetta fyrir löngu, strax árið 1921, en síðan hefir ástandið alltaf farið versnandi og breiðzt út yfir stærri og stærri svæði, unz allt keyrir um þvert bak nú í kreppunni. Að fara að setja lög til þess sérstaklega að hjálpa þeim, sem efnaðir eru og bezt standa að vígi í þessum efnum, en skilja hina alla eftir úti á gaddinum, er hvorki rétt né heldur nægilega aðgert, og enda tvísýnt, hvort nokkurt gagn megi af þessum lögum hljótast í framkvæmdinni, eins og ég áður sagði.

Þá vil ég benda á tvö atriði, sem mér einkum er illa við í þessu frv., og er ég um það sammála hæstv. fjmrh., þótt af öðrum ástæðum sé.

Samkv. 16. gr. frv. er fjmrh. heimilað að hlaupa undir bagga með öllum þeim lánsstofnunum, sem lenda í greiðsluvandræðum vegna þessara laga. Ef þetta verður samþ. svo, hefir fjmrh. ótakmarkaða heimild til að gera allt það, sem hann vill í þessum efnum, hvort heldur eru peningaútborganir eða ríkisábyrgðir, og er ekkert líklegra en þetta geti leitt til þess, að ríkisábyrgð verði tekin á öllum lánsstofnunum landsins. Er óhæft að hafa þetta ekki bundið neinum takmörkunum, og ég ber enda ekki það traust til núv. fjmrh., að ég vilji fá honum í hendur svo ótakmarkaðar heimildir, og eftir ræðu hans að dæma, virðist hann ekki heldur kæra sig um það sjálfur.

Þá kveður frv. svo á í 9. gr., að úrskurði skilanefndar, sem skipuð er samkv. lögunum, verði ekki áfrýjað, ef einróma sé, en ella hefir fjmrh. bindandi úrskurðarvald í þessum efnum. Sýnist mér sem völd stj. séu nú þegar ærið nóg. A. m. k. hefir hún sýnt það, að hún þykist hafa völd til að reka þingið heim frá störfum, þegar hún vill svo, og virðist því ekki ástæða fyrir þingið að fara að auka völd stj. meira en nauðsyn krefur, því að ekkert er líklegra en að stj. mundi misnota slíkt vald á hinn ægilegasta hátt.

Bjarni Ásgeirsson: Það leikur ekki á tveim tungum, að hin síðustu ár hafa verið mjög erfið um alla afkomu landbúnaðar og sjávarútvegs, og er þetta því undarlegra, þar sem árferði hefir yfirleitt verið gott til lands og sjávar undanfarið. En það er nú svo í viðskiptum og atvinnuháttum, að árferði í verzlun hefir meira að segja en árferði til lands og sjávar. Góðæri síðustu ára hafa horfið með húð og hári, ef svo mætti segja, ofan í ginnungagap verzlunarillærisins, sem gengið hefir yfir okkar land sem öll önnur ríki heimsins. Endurtekur þar sagan sig um mögru og feitu kýrnar.

Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir því, hve mikið verðfall landbúnaðurinn hefir liðið af þessum sökum, miðað við 1929, þegar afurðirnar enn voru ófallnar vegna kreppunnar. Nemur verðfallið um 40—50%. Hefi ég sömuleiðis reynt að gera mér grein fyrir því, hve miklu þetta nemur fyrir bændur, sem þessa atvinnugrein stunda, er verðfallið aðallega hefir komið niður á. — Nemur verðfallið um 6 millj. kr. fyrir sauðfjárafurðirnar einar á síðasta ári samkv. þeim útreikningi.

Nú hefir undanfarið ríkt mikil bjartsýni og framkvæmdahugur í búskap. Hafa bændur varið öllum tekjum sínum til að bæta jarðir sínar og hús og reisa ýms mannvirki. Hafa þeir einnig notað lánsmöguleika sína til að leggja í þessar umbætur, og enda verið hvattir til þess af stj. og þingi með stofnun eigin lánsstofnunar þeim til handa. Af þessum ástæðum voru bændur ekki við því bún-

ir að mæta áföllum síðustu ára. Kreppan kom að þeim óviðbúnum, og voru allar framkvæmdir síðustu ára í fullum gangi, þegar verðfallið skall yfir. Þessu til staðfestingar skal ég geta þess, að jarðabæturnar námu 762 þús. dagsverkum síðastl. ár, og miðað við það, að dagsverkið sé á 5 kr., eins og venja er að telja, nemur þetta hátt á fjórðu millj kr. Og húsabæturnar námu milli ½—1 millj. síðastl. ár. Öll starfsemi var þannig í fullum blóma, þegar verðfallið dundi yfir, og leiðir af þessu, að það kom niður á búskapnum sem greiðsluhalli, og hafa bændur því orðið að auka við sig nýjum skuldum af þessum ástæðum. Eru þessar nýju skuldir mest verzlunarskuldir. — Við verðfallið bætist svo það, að mikið af aðalframleiðsluvöru bænda, saltkjötið, er óselt ennþá, og eru ekki líkur til þess, að jafnvel svo mikið fáist fyrir það og ég hefi reiknað með í útreikningum mínum á verðfallinu fyrir árið 1931.

Þó að landbúnaðurinn eigi við þessa miklu erfiðleika að stríða eins og stendur, er þó fjarri því, að ástæða sé til að örvænta um framtíð hans, ef kreppunni léttir bráðlega af aftur. Er ég að vísu ekki fær um að skera úr því, hvort svo verður, en maður verður að vænta þess, að eitthvað létti til á næstunni, svo að þetta komist bráðlega í svipað horf og áður var. Og þá er engin ástæða til að örvænta um ísl. landbúnað.

Síðasta búnaðarþing skipaði n. til að fjalla um þessi vandamál bænda, og reyndi sú n. að gera sér grein fyrir, hve skuldir bænda væru miklar nú. Er þetta erfitt verk, því að engar tæmandi skýrslur liggja fyrir um þessi efni. Komst n. að þeirri niðurstöðu, að skuldir bænda alls mundu nema um 30 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að samkv. nýjasta fasteignamati námu fasteignir landbúnaðarins alls um 50 millj. kr. Að vísu eru þessar eignir ekki allar í eigu bænda, en þó langsamlegur meiri hl. þeirra. Auk þess er á það að líta, að jarðir eru yfirleitt mjög varlega metnar, eins og t. d. sést greinilega á því, að þær seljast venjulegast fyrir allmiklu meira verð en þær eru metnar til, og oft við tvöföldu verði frá fasteignamatinu. Samkv. þessu ættu þá skuldir bænda að nema um 60% af fasteignum landbúnaðarins, og er þó ótalinn bústofn og áhöfn jarðanna, sem einnig kemur til móts við þessar skuldir, Það er því ástæðulaust að vera að örvænta um landbúnaðinn vegna þessa augnabliksástands, því að maður verður að gera ráð fyrir, að dálítið „kristilegra“ ástand sé framundan. Ef kreppan hinsvegar varir eilíflega, verður engu bjargað í þessum efnum fremur en öðrum. Eins og nú er, þá er aðalhættan fólgin í því, að bændur verði að ganga svo nærri bústofni sínum, að þeir síðar geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum, og það er því skylda löggjafarvaldsins að gera allt, sem hægt er að gera, til þess að vernda bændur frá því að þurfa að ganga á bústofninn. Ef svo slysalega vildi til, að bændur yrðu að selja bú og jarðir almennt til greiðslu á skuldum sínum, mundi það leiða til slíks hruns, að ekki aðeins riði landbúnaðinum að fullu, heldur og líka lánsstofnunum. Það er því ekki síður verið að vernda lánsstofnanirnar í þessum efnum heldur en bændur. Því að hvað verður úr innstæðunum, ef eignirnar verða að engu, af því að að þeim er gengið á óheppilegum tíma? — Ég er að vísu ekki svo mjög hræddur um það, að bankar og verzlunarfélög muni verða til þess að ganga að bændum, en ég óttast það, að þeir aðrir, sem hafa kröfur á hendur þeim, muni gera kröfur sínar gildandi og ganga að ýmsum bændum og knýja þannig lánsstofnanirnar til að gera slíkt hið sama.

En svo er önnur hætta, sem ég vildi drepa á, og í sambandi við hana, hver „móralskur“ styrkur þetta frv. myndi verða bændunum, ef það yrði samþ. Ég veit, að allir, sem eitthvað þekkja til ísl. bænda, vita, að þeir eru yfirleitt skilamenn og fellur ekkert þyngra en að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. En sú hætta vofir ekki hvað minnst yfir þeim, ef þeir geta átt von á, að það verði gerð aðför að búum þeirra vegna skulda, að það þá grípi þá sú hræðsla og það kjarkleysi og vonleysi, sem veldur því, að þeir missa starfsþrek sitt til að bjarga sér og verða niðurbrotnir menn. Og þá er illa farið. Og það er þá ekki hvað sízt það, að þetta frv. á að hjálpa þeim til að halda starfsgleði sinni óskertri með

því að veita þeim vernd nokkra gegn óhlífnum lánardrottnum, því það er eitt aðalskilyrðið fyrir því, að þeir komist fram úr því öngþveiti, sem þeir nú eru og verða í, þangað til léttir til. Því að ef þeir gefast upp, þá er það alvarlegasta hættan, sem getur steðjað að. Og það er þess vegna, sem ég tel ekkert ofgert til þess að veita bændum þá vernd, sem þeim er svo nauðsynleg á þessu sviði.

Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv., að það væri gott og þörf á að geta hjálpað bændum meira en hér er farið fram á, t. d. með því að létta undir með þeim um greiðslu á vöxtum, gefa þeim upp skuldir o. fl. En við höfum ekki getað séð, hvar ætti að taka peninga til þess. Skuldir þær, sem bændur skulda, eru að mestu leyti eign annara einstaklinga, annaðhvort sparisjóðsfé innlendra manna eða lánsfé útlendinga. Ef ætti að gefa bændum það upp, veit ég ekki, hver ætti að greiða það. En við höfum ekki komið auga á möguleika til þess. Þess vegna höfum við viljað búa til þennan skjólgarð — ef ég mætti nefna það svo — í kringum bændur, til þess að ekki væri gengið að þeim fyrr en sýnt væri, að þessi löggjöf, sem ekki er ætlað að standa nema í eitt ár fyrst um sinn, geti ekki hjálpað.

Ég þarf ekki miklu að svara þeim aths., sem komið hafa fram, því hv. frsm. n. hefir gert það rækilega. Ég vil þó árétta það svar, sem hann gaf hv. 3. þm. Reykv. við því, sem hann sagði um það, að það mundi verða hnekkir fyrir álit landsins, þegar fréttist erlendis um þessa löggjöf, ef frv. yrði samþ. Veit þá ekki hv. þm., að einmitt víða erlendis er komin löggjöf, sem fer í svipaða átt? Ég vil þá leyfa mér að benda hv. þm. á, hvað flokksbróðir hans í Danmörku, forsætisráðh. Stauning, hefir gert í þessum málum; hann hefir beitt sér þar fyrir löggjöf, sem fer í sömu átt og þessi, og hún er nú komin á þar fyrir forgöngu hans. Og yfirleitt er það svo um ástandið í öðrum löndum, sem eitthvað þekkja til okkar og við þekkjum til og höfum viðskipti við, að ástandið er þar ekki betra en hér, og að þar hefir verið gripið til ýmsra ekki óróttækari ráðstafana en hér hefir verið gert, til að bera atvinnulífið yfir þá kreppu, sem þar hefir skollið á eins og hér.

Hv. 3. þm. Reykv. var að stinga upp á því, að réttara væri að taka jarðræktarstyrkinn af bændum í bili og verja honum heldur til vaxtagreiðslu fyrir bændur, eða annars, sem þeim komi að meiri notum en þessi greiðslufrestur.

Þessi l. eiga samkv. frv. aðeins að gilda fyrir 1 ár í senn. En á síðastl. ári voru framkvæmdar mjög miklar jarðabætur, sem byrjað var á, en ekki var lokið við til fulls, og verður að ganga frá þeim til fulls á þessu ári, ef verkið á ekki allt að verða ónýtt. Það er því alveg nauðsynlegt að veita bændum sama styrk og áður til að ljúka við þessar jarðabætur. En komi það fyrir, að rætt verði aftur um þessi lög á næsta þingi, í því skyni að framlengja þau aftur, þá væri frekar tímabært að tala um að verja einhverju af jarðræktarstyrknum til að standa undir þessum greiðslum bænda. Því það er mín sannfæring, að það verði miklu minna unnið að nýrækt á þessu ári en á síðasta ári, og því minna, sem þarf að veita styrk til að fullgera. En verði ekki jarðabótastyrkurinn veittur á þessu ári fullkomlega eins og verið hefir, þá verða jarðabæturnar frá fyrra ári meira og minna hálfónýtt verk.

Bæði hv. þm. Vestm. og hv. 3. þm. Reykv. voru að tala um, að það væri mikil þörf á, að vernd þessara l. næðu til fleiri en hún nær samkv. frv. Og eins og hv. frsm. hefir tekið fram, þá var n. þetta ljóst, að hún hefði þurft að líta í mörg fleiri horn. En þó að þetta sé rétt, þá treystum við okkur ekki til að taka fleiri upp í þetta frv. en þar er gert. Og við lítum líka svo á, og það er vitanlegt, að hinar stærri atvinnugreinar þjóðlífsins, og þá sérstaklega sjávarútvegurinn, er orðinn það mikið háður bönkunum, að hann getur samið fyrir sig sjálfur, og bankarnir eiga eins mikið undir því, og bankanna hagsmuna er gætt með því eins mikið og eigin hagsmuna útgerðarinnar, að fyrir hana sé gert eins mikið og unnt er í þessum efnum. En það er allt öðru máli að gegna með hina mörgu smáu og dreifðu framleiðendur. Þeir standa ekki í eins nánu sambandi við lánsstofnanirnar, sem þess vegna eru ekki þeirra rekstri og

hagsmunum jafnkunnugar. Þess vegna er svo mikil nauðsyn á, að þeim sé veitt þessi vernd. Og það er alveg eins mikil nauðsyn fyrir lánsstofnanirnar, sem halda þeim uppi, eins og fyrir þessa smáframleiðendur sjálfa, því bönkunum er það jafnnauðsynlegt, að sá rekstur stöðvist ekki.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að hér ætti að fara að hjálpa þeim, sem væru efnaðastir. En þetta er ekki rétt. Það er nú fyrst, að undir þessi lög, ef frv. verður samþ., geta allir heyrt, sem þann atvinnurekstur stunda, er þar um ræðir. Svo á að velja úr þeim allan þann fjölda, sem betur fer eru ekki svo fáir, sem eru færir um það sjálfir að greiða sínar skuldir og standa við sínar skyldur. Þá fyrst er komið að þeim, sem á að hjálpa, en það eru þeir, sem eru á mörkunum; það eru þeir, sem enn eiga fyrir skuldum, en geta þó ekki staðið í skilum með afborganir, sem eiga að fá þessa vernd. Og það eru þó fyrst og fremst þeir bágstöddustu. En svo eru aftur þeir, sem eru neðan við mörkin, þeir, sem ekki eiga fyrir skuldum. Og þeim sjáum við ekki, að sé hægt að hjálpa, nema þá með nauðasamningum. En til þess að sú löggjöf geti komið að notum, þyrfti að vera fyrir hendi fé, einhver upphæð, sem ríkissjóður hefði handbæra til að lána þessum mönnum til þess, að þeir geti komizt að nauðasamningum. En við höfum ekki komið auga á, hvernig ætti að fá þessa peninga, og því höfum við ekki getað tekið tillit til þessara manna í frv. okkar.

Um aths. hæstv. fjmrh. vil ég aðeins segja það, að n. mun fúslega þiggja það boð hans að tala við hann. En annars mun hv. frsm. n. svara ræðu hans.

Ég vil að lokum taka undir það, sem ýmsir hv. ræðumenn hafa sagt, að aðalgildi þessa frv. er það, að skapa þeim, er þess eiga að njóta, starfsþrek, skapa þeim þann frið, sem þeim er nauðsynlegur, og gera þeim hægara fyrir að ná samningum. Þeir verða öruggari á bak við þennan skjólgarð, því hver þeirra um sig veit, að það verður síður gengið að honum, og minni hætta á, að hann missi búið. Ég lít svo á, að aðalgagnið af l. yrði afleiðingar þeirra, meira en það, að þau verði notuð beinlínis frá grein til greinar að efni til. Þau munu verka frekar sem olía í þann ólgusjó, sem við nú erum á, en að það þurfi beinlínis að taka til þeirra á þann hátt, sem ákvæði laganna benda til.

Bernharð Stefánsson: Það hefir verið vikið að því hér, að lagavernd sú, sem ráðgert er, að komi með þessu frv., næði ekki nema til mjög takmarkaðs hluta stétta þjóðfélagsins. Og mér er það nú ljóst, að það er ekki hægt að láta hana ná til allra stétta. En ég vildi beina því til hv. n., hvort hún sjái sér ekki fært að útvíkka þessa lagavernd svo, að hún nái einnig til einnar mjög fámennrar stéttar í landinu, það er til ábúenda smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún landsins. Hér stendur í 1. gr. frv., að þessi réttur til að fá gjaldfrest nái til þeirra, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu eða útgerð báta. Nú stendur svo á, sumstaðar a. m. k., að í grennd við kaupstaði og kauptún eru smábýli, þar sem rekinn er nokkur landbúnaður, þannig, að fjölskyldan, sem býr þar, hefir allmikinn stuðning af landbúnaði, án þess þó, að hann sé nokkur aðalatvinnuvegur. Ég álít, að það sé sérstök ástæða til þess, ef farið er að veita slíka vernd sem þá, er frv. fer fram á, að taka þessa menn með, vegna þess, að mér er kunnugt um, að löggjafarvaldið á beinlínis sök á því, að sumir þeirra eru í óþægilegum skuldum.

Þegar l. um Búnaðarbankann voru sett, var eins og kunnugt er ákveðið, að ein deild hans yrði lánadeild fyrir smábýli í grennd við kaupstaði og kauptún, og átti hún að lána til ræktunar í kringum kaupstaðina og kauptúnin. Þegar menn sáu þetta í l., var eins og eðlilegt var, búizt við, að þessi deild tæki til starfa um leið og aðrar deildir bankans, og ég veit, að margir gerðu þá ráðstafanir til framkvæmda í fullu trausti þess. Þeir tóku bráðabirgðalán, sem þeir ætluðu svo að endurgreiða með því láni, sem þeir fengju úr lánadeild Búnaðarbankans fyrir smábýli, bráðabirgðalán, sem eru þeim nú sérstaklega óþægileg. Eins og menn vita, hefir þessi deild ekki verið stofnuð enn þá, þrátt fyrir fyrirheit laganna. Verð ég því að telja, að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, hafi beinlínis orðið fyrir prettum og gabbi frá hálfu ríkisvaldsins.

Það er því alveg sérstök ástæða til þess, að þessir menn komist undir vernd þessara laga, ef þau verða sett á annað borð. Þetta er að vísu fámenn stétt, en þessir menn eiga þó sinn rétt fyrir því, engu síður en aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Hv. frsm. talaði um, að það væri töluverður eðlismunur á því að veita bændum þá lagavernd, sem hér um ræðir, og svo verkamönnum, vegna þess, að ef gengið væri að bændum og bústofn þeirra tekinn, þá væru atvinnumöguleikar þeirra þar með farnir. En þó gengið væri að verkamanninum, þá héldu atvinnumöguleikar hans áfram að vera til eftir sem áður. En ég vil benda á að því er snertir þá menn, sem stunda smábúskap samhliða daglaunavinnu, að ef að þeim er gengið og bústofn þeirra, sem venjulega er 1 eða 2 kýr, af þeim tekinn, þá er mjög mikið skarð höggvið í bjargræði þeirra, einkum þegar þess er gætt, að þegar atvinnuleysi er í bæjunum, eins og er á krepputímum, þá ganga bæjarmenn fyrir þeirri vinnu, sem er að fá, en þessir menn, sem búa nokkuð utan við bæinn, sitja á hakanum. Er því þessi litli búskapur þeirra ef til vill eina bjargræðið á atvinnuleysistímum og sú eina trygging, sem þeir hafa. Ég vil alvarlega biðja hv. landbn. að taka þetta atriði til athugunar.

Ég efast ekki um, að það sé rétt, sem tekið hefir verið fram, að það hafi verið lögð mikil vinna í þetta frv. Ég veit ennfremur, að tilgangurinn með því að bera þetta frv. fram er náttúrlega góður — um það er ekki að efast — og að það byggist á einlægum vilja til að verða að einhverju leyti til hjálpar í þeim örðugleikum, sem atvinnuvegir landsins eiga nú við að stríða. Og ég vil ekki gera lítið úr þeirri viðleitni, fyrst og fremst búnaðarþings og þar næst landbn. þessarar hv. d. En ég vil þó segja það að lokum, að þó ég telji, að þetta frv. muni geta komið að nokkru gagni og að það sé réttmætt, að það er fram komið, þá er ég ekki sérlega bjartsýnn á, að þetta frv., þó að l. verði, komi að verulegum almennum notum fyrir bændur og sjávarútvegsmenn. Hér er gert ráð fyrir, að greiðslufresturinn nái aðeins til höfuðstólsins, en hann hefði engu síður þurft að ná til vaxta. En það er beinlínis tekið fram, að hann nái ekki til vaxta og opinberra gjalda.

Hv. síðasti ræðumaður gat um, að það væri gott, ef hægt væri að koma því svo fyrir, að hægt væri að létta eitthvað undir með bændum um greiðslu vaxta, og um það væri ekkert í frv. vegna þess, að n. hefði ekki séð neina möguleika á því, fjárhagsins vegna. Það mun nú vera rétt, að það séu litlir möguleikar á því að verja miklu fjármagni til hjálpar bændum almennt. En hitt er þá ljóst jafnframt, að þó þessi löggjöf sé sett, þá er ekki mikið bjargráð fundið. Það, sem bændur eiga örðugast með að greiða, eru ekki afborganir af skuldunum, heldur einmitt vextirnir og opinberu gjöldin. Það er lítið um það, að gengið sé eftir greiðslu á höfuðstólnum. Skuldaeigendur vita, að það er ekki hægt að fá skuldir greiddar nú á þessum tímum. Ég veit að vísu, að það getur verið, að nokkrir einstaklingar komist hjá að flosna upp af jörðunum vegna þeirrar verndar, sem þessi lög veita þeim, en þeir almennu örðugleikar þarf enginn að hugsa, að verði fyrir þetta burt numdir. Hér er beinlínis tekið fram í 1. gr. frv., að það veiti engan gjaldfrest á opinberum gjöldum. En nú er það svo, að í sumum sveitum a. m. k. eru sveitargjöldin þær þyngstu greiðslur, sem á mönnum hvíla. Þetta er náttúrlega ákaflega misjafnt. Ég veit líka, að eins og nú er ástatt, er engin leið til að taka opinberu gjöldin og veita greiðslufrest á þeim; það dettur mér ekki í hug. Ég er ekki að tala um þetta vegna þess. En það eru ýmsar aðrar ráðstafanir, sem löggjafinn ef til vill gæti gert til þess, að opinberu gjöldin hvíldu ekki eins drepandi á sumum sveitum og þau nú gera, og liggur nú raunar fyrir þinginu frv., sem ætlað er að bæta úr þessu og tel ég engu síður mikilsvert fyrir bændur, að komist fram, en þetta frv. Ég nefni þetta aðeins út af því, að í 1. gr. frv. stendur, að fresturinn nái ekki til opinberra gjalda.

Ég stóð nú í fyrstu aðeins upp til að benda á eitt sérstakt atriði, og komst svo út í þessar almennu hugleiðingar. Ég vil þá endurtaka það, að ég vil biðja hv. n. að taka þetta sérstaka atriði, sem ég nefndi í upphafi, til athugunar. Ég býst ekki við, að það muni skipta neinu máli

fjárhagslega um þann styrk úr ríkissjóði, sem frv. gerir ráð fyrir, því þessi fámenni hópur hefir ekki af neinum veðlánum að greiða; hann hefir ekki átt aðgang að þeim. Það yrði aðeins um það að ræða að veita vernd gegn ágengni almennra skuldheimtumanna.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er aðallega út af aths. hæstv. fjmrh., sem ég vildi segja nokkur orð, en ég veit ekki, hvort hann er viðstaddur í d. **(Fjmrh.:** Hann er nálægt). Það eru þá fyrst hans aths., sem snerta 16. gr. frv. Mér fannst hann líta svo á, að með þeim ákvæðum, sem þar eru, væru ríkissjóði bundnir þungir baggar, eða að þeir gætu orðið svo þungir, að annaðhvort yrði að veita fé í fjárl. til þeirra útgjalda eða sjá ríkissjóði fyrir nýjum tekjustofni. Ég vil fyrst athuga fyrri hluta 16. gr.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir athugað það, hversu mikið fé hér er um að ræða. Það er nú svo með þessi vaxtabréfalán, að gjalddagi þeirra er að haustinu, í október eða nóvember, og bankarnir ganga aldrei að út af þessum lánum fyrr en 5, 6 eða 7 mánuðum eftir að þau eru fallin í gjalddaga. — Út af greiðslum, sem falla í gjalddaga í okt. þ. á., verða bankarnir því ekki farnir að hreyfa sig, þegar þing kemur aftur saman að ári. Hér er því um að ræða einkum þann hluta lánsins, eða þá afborgun, sem féll í gjalddaga 1. október síðastl. og ekki hefir verið greidd, eða vexti, sem ekki hafa verið greiddir.

Það skal nú játað, að ég hefi ekki skýrslur um, hvað mikið er í útlánum í allt af þessum lántegundum, en eftir þeim athugunum, sem ég hefi gert um það, hvað sé í útlánum í veðdeildinni og Búnaðarbankanum, þá býst ég við, að það sé ekki meira en 500—600 þús. kr. í allt hjá þeim mönnum, sem þetta frv. nær til — það er að segja, að afborganirnar séu ekki hærri árlega en það, en sennilega miklu lægri. Og það er víst, að mikill hluti af þeirri upphæð er greiddur. Mér er kunnugt um, að þrátt fyrir erfiðleikana, þá er það hreint furða, hvað borgazt hefir inn í Búnaðarbankann í haust. Mér er ekki að sama skapi kunnugt um þetta að því er veðdeildina snertir, en ég er sannfærður um það, að það hefir mikið verið greitt og að mikið verður greitt ennþá af þessum árgjöldum. Nú veit ég, að margir af þeim, sem ekki hafa greitt, falla ekki undir þessi lög. Og ýmsir menn, sem ekki eiga fyrir skuldum, flosna upp og njóta því ekki verndar þessara laga. Það er líka víst, að ýmsir, sem gætu komið undir vernd þessara laga, hirða ekki um það eða vilja það ekki. Þessi upphæð, sem um er að ræða, verður ekki til næsta þings neitt veruleg. Og ef ég væri fjmrh., þá væri ég ekki hræddur við að taka við þessari heimild eins og hún er hér. Það getur ekki verið nema um smámuni að ræða í hlutfalli við annað, sem á herðum ríkissjóðs hvílir. Ég held því, að ótti hæstv. fjmrh. út af þessu sé mjög ástæðulítill. En auðvitað er það ekki nema gefinn hlutur, að n. er fús til þess að taka þetta atriði til betri athugunar og mun gefa honum kost á að koma á fund til sín. Því tel ég mér óhætt að lofa fyrir hönd nefndarinnar.

Þá er það ákvæðið í seinni málsgr. 16. gr. Ég skil svo hennar orðalag, að þær lánsstofnanir, sem þar um ræðir, geti ekki farið fram á það við fjmrh. að fá hjálp, nema þær sýni, að það sé vegna þessara laga, sem þær eru komnar í örðugleika. Að öðrum kosti er það sú almenna skylda, sem fjmrh. hefir til að hjálpa lánsstofnunum, sem verður að koma til greina. En sú skylda hvílir nú í rauninni á fjmrh. að hjálpa lánsstofnunum, ef hann álítur rétt og telur það kleift. En hér um ræðir einungis það, sem verður vegna þessara laga. Til þess að lánsstofnunin geti sýnt fram á það, verður hún að sýna, að svona mikið hafa skilan. úrskurðað um gjaldfrest, sem henni viðkemur, því ef hún veitir mönnum frest og skuldunautur hefir ekki farið fram á vernd þessara laga, þá getur hlutaðeigandi lánsstofnun ekki farið til ráðh. út af slíkum skuldum, því að þá er það ekki þessum lögum að kenna, þó að hlutaðeigandi borgi ekki. Það er aðeins um það að ræða, sem skilan. hefir veitt frest á, og það verður ekki næsta mikil upphæð. Nú kynnu menn að segja, að eftir þessar skýringar verði ekki mikið gagn að lögunum. En ég tók það fram í byrjun, að ég héldi, að aðalgagn laganna yrði það,

að skuldheimtumenn gengju ekki að skuldunautum sínum. Þetta sýnir, að lög um þetta efni mundu samt sem áður ekki vera þýðingarlaus. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. sé óþarflega varasamur í þessu efni. Þessi lög koma í gildi seinast í maí. Það yrði því ekki fyrr en í júlí eða ágúst í fyrsta lagi, sem hægt yrði að byrja framkvæmdir eftir þeim. Það er auðvitað, að ýmislegs er að gæta, þegar farið er inn á löggjafarsvið eins og þetta. Það verður að gæta þess að eyðileggja ekki annarsstaðar með því, sem verið er að varðveita. Það hefir komið fram hér í ræðum, að sumpart þykir ekki nógu langt gengið og sumpart of langt. Þetta er nokkur trygging fyrir því, að n. kunni að hafa ratað meðalhófið, sem hér verður að vera.

Þá nefndi hæstv. ráðh. 18. gr., um það, að kostnaðurinn af framkvæmd þessara laga skyldi greiðast úr ríkissjóði, eftir reikningi, sem fjmrn. úrskurðar. Ég hafði hugsað mér það, að í reglugerð, sem atvmrn. á að setja, mundi fjmrh. sjá um, að kæmi ákvæði til að fyrirbyggja það, að reikningarnir fyrir þessi störf yrðu óhæfilega háir. Með tilliti til þess fannst n. 18. gr. ekki vera óvarlega orðuð.

Hæstv. ráðh. gerði dálítið háð að því, að ég væri ekki smeykur við að setja á stofn 30 n. til að auka útgjöld, en ég væri smeykur við eina n., sem ætti að auka tekjur. Þetta lítur vel út, þegar það er sett svona fram, en ekki eins vel, þegar það er skoðað niður í kjölinn. Ég vil benda á það, að ekki er verið að leika sér með því að setja þessa n., heldur er það bláköld nauðsyn, sem knýr til þess. Ég held ekki, að kostnaðurinn af þessu verði svo ákaflega mikill. En ég vil gjarnan taka til athugunar till. hæstv. ráðh., að héruðin beri eitthvað af þessu.

Ég hefi litlu að svara hv. 3. þm. Reykv. Honum fannst engin nauðsyn fyrir frv. og ekki mikið gagn, sem af því gæti orðið. Ég sé ekki ástæðu til að deila um það við hann og læt það atriði alveg liggja. En hitt verð ég að segja, að ég skil ekki, þegar hann heldur því fram, að það geri ekkert til, þó að við tölum um það, bara ef við samþ. það ekki. Hann álítur réttara að taka alla skuldasúpu landsmanna í heild og gera upp og gefa svo eftir það, sem þyrfti. Ég held, að tímarnir nú séu heldur óheppilegir til þess. Hv. þm. segir, að frv. sé til þess að hjálpa þeim efnuðu. Það er misskilningur eða annað verra, því að frv. hleypur ekki undir bagga með neinum, sem getur borgað, heldur aðeins þeim, sem vegna kreppunnar geta ekki borgað, en teljast þó eiga fyrir skuldum.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég skal ekki bera brigður á það, sem hv. frsm. sagði um það, að sú fjárhæð, sem veittur yrði frestur á, mundi kannske ekki verða mikil til næsta þings. En ég geri ráð fyrir, að ef farið verður út á þá braut að setja þessi lög og þau gildi fram yfir næsta þing, þá þýði það, að þessi lög verða framlengd með einhverjum breyt. á næsta þingi. Það er ekki hægt að fara út á þessa braut, ef lögin eiga einungis að gilda í eitt ár, því að þá þarf áreiðanlega a. m. k. eitt ár til, til þess að jafna svo um, að sama ástand komi aftur eins og það var áður en lögin gengu í gildi. En með tilliti til þess, að líklegt er, að það skipulag haldist áfram, þá er æskilegt, að ráðuneytinu séu ekki lagðar ótakmarkaðar skyldur á herðar. Í minni fyrri ræðu lagði ég áherzlu á það, að ef um miklar fjárhæðir er að ræða, þá sé þinginu skylt að sjá fyrir þeim. En ég get líka tekið hinn möguleikann, að ekki sé um miklar fjárhæðir að ræða. Í því tilfelli er ástæðulaust að leggja þessa skyldu á fjmrn. Ef gengið er út frá því, að aðeins sé um smáar fjárhæðir að ræða, þá er þeim lánsstofnunum, sem eiga að innheimta afborganir, vandalaust sjálfum að veita gjaldfrest. Aftur á móti, ef skuldinni er komið á annan að borga, þá er það öruggt, að lánsstofnanirnar veita ekki eins marga gjaldfresti, en hugsa sér, að það megi færa yfir á briðja aðilann samkv. lögunum. Það er sú hætta, sem ekki er vert að auka frá því, sem er. Um síðara atriðið, að sú hjálp, sem eigi að veita bönkum og sparisjóðum, sé einungis miðuð við ákvæði þessara laga, þá er það alveg rétt. En ef þær fjárhæðir verða litlar, þá má segja á sama hátt, að lánsstofnanirnar geti borgað sjálfar og geti breytt afborgunum í ný lán, án þess að það gangi gegnum ríkissjóð, sem sennilega yrði að taka lán hjá

stofnununum sjálfum, ef honum er ekki séð fyrir neinu fé. Það mundi geta haft áhrif á þessar stofnanir, ef til er þriðji möguleikinn, — að velta yfir á ríkissjóð. En þann möguleika má ekki opna, nema ef þingið sér fyrir fé. Í síðustu málsgr. 16. gr. er stj. ekki heimilað að koma til hjálpar, heldur skylt að veita hjálp, en henni er sett í sjálfsvald, hvaða leið er valin. Ég geng út frá því, að það kunni að verða eina leiðin að taka lán. En þá er um annan aðila að ræða, sem engin vissa er fyrir, að vilji veita lán. Ég kann illa við það í þessu neyðarástandi, sem nú ríkir, að fé geti frosið og að það sé sett n. til að úrskurða það, hvort peningarnir hafi virkilega frosið og verði að veita frest um greiðslu. Ég kann illa við það, að þessi n. hafi um leið heimild til að velta öllu yfir á ríkissjóð. (**MG:** Það er fjmrh., sem ákveður það). Hann ákveður það ekki, því að hér er stj. skylt að veita þá hjálp, sem nauðsynleg er. Svo það eru ráðstafanir n., sem skapa þessa skyldu fyrir ríkið, og ríkið getur aðeins valið um leiðir. Annaðhvort er hér um mikið fé að ræða, og þá verður að gera fjmrn. kleift að standa undir byrðinni, eða það er um lítið fé að ræða, og þá er lánsstofnununum miklu síður vorkunn að standa sjálfar undir því.

Um aths. mína við 18. gr. um það, að aðrir taki þátt í kostnaðinum en ríkissjóður, þá þakka ég undirtektir hv. 2. þm. Skagf. og vil vænta þess, að kostnaðurinn skiptist samkv. till., sem síðar kemur fram. Þessi n. er náttúrlega sett af nauðsyn, en þá n., sem ég tók til samanburðar, átti líka að skipa af nauðsyn ríkissjóðs til að ná þeim tekjum, sem honum ber að lögum og rétti.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætla, að það hafi verið hv. frsm. þessa máls, sem lét þess getið í fyrstu ræðu sinni, að frv. bæri að skoða sem kreppufrumvarp. Þetta er þá fyrsta og eina frv. enn sem komið er á þessu þingi, sem er nefnt því nafni. Væri vel, ef það væri réttnefni, en svo er því miður eigi. Þau frv., sem komið hafa frá hæstv. fjmrh. og flestir hefðu að óreyndu ætlað, að myndu lúta að því að létta kreppuna, ganga alls ekki í þá átt, heldur þvert á móti, því að þau stefna að því öll að auka kreppuna. — Hæstv. forsrh. lét þess getið í ræðu sinni, að í þetta frv. hefði verið lögð mikil og góð vinna, og fagnaði hann mjög yfir því, að þetta mál væri nú komið fyrir Alþingi. Ef það er rétt, að mikil og góð vinna hafi verið lögð í undirbúning þessa máls, þá verð ég að segja það, að árangurinn er harla lítill og lélegur. Fari svo, að frv. þetta verði að lögum, þá verður ekki annað séð en að af því leiði ýmsa örðugleika, sem höfundar alls ekki hafa gert sér grein fyrir né bent á ráð til að yfirstíga. Hitt orkar mjög tvímælis, hvort slík lög myndu ráða nokkra bót á þeim efnum, sem ætlazt er til, og ég fyrir mitt leyti verð að álíta, að frv. sé ákaflega lítils virði fyrir þá, sem kallað er, að lögin eigi að vernda. Hv. frsm. hélt því líka fram, í síðari ræðu sinni, að aðaltilgangur frv. væri ekki beint sá, að gera gagn á þann hátt, að lögin kæmu til framkvæmda, heldur mundi frv., ef að lögum yrði, aðallega verða til þess að skapa ró, nauðstöddum skuldunautum til hagsbóta. Verður þá margt í frv. skiljanlegra en ella, ef flm. ganga sjálfir út frá því, að lögin komi eigi til framkvæmda. Nú hefir það komið fram í ræðum hv. þdm. frá báðum hliðum, að lánsstofnanirnar muni yfirleitt ekki ganga hart eftir afborgunum af föstum lánum, því að þær muni kunna að meta ástæður skuldunauta. Sú vernd, sem þessu frv. er ætlað að veita, mundi þá frekar vera að því er snertir greiðslu eftirstöðva rekstrarlána frá 1931, og jafnvel frá 1930.

Fari nú svo, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi, þá eiga þau samkvæmt frv. að koma til framkvæmda 1. júní næstk. Verður þá fyrsta afleiðing þeirra sú, að lánardrottnar munu nota tímann frá því að séð er fyrir um afdrif frv. hér í þinginu og fram að 1. júní til þess að ganga harðar að skuldunautum sínum heldur en annars hefði verið gert. (**MG:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það er ákveðið í frv., að það komi þegar til framkvæmda. — **Forsrh.:** Það er réttara að lesa frv. fyrst). Þetta er rétt hjá hv. flm., og bið ég afsökunar á mínum misskilningi. Það er tekið fram, að lögin eigi að ganga þegar í gildi, en þá hlýtur þó að vera byggt á því, að staðfesting kon-

ungs fáist símleiðis. Ef hún fæst ekki þannig, verður frv. þvert á móti til þess að skapa óró í þessum efnum. Getur jafnvel strax skapað óró, er séð verður, að það verður samþ., og getur dregizt mjög um staðfestingu frá þeim tíma.

Mig furðar á því, að þessu frv. skuli ekki fylgja fyllri grg. en raun er á, úr því svo mikil og ágæt vinna hefir, að sögn forsrh., verið lögð í frv. Það hefði verið rétt til fallið, að í grg. hefðu verið upplýsingar um það, hversu mikil skuldafúlga það er, sem hér er um að ræða. Hv. þm. Mýr. gizkaði á, að skuldir bænda mundu vera um 30 millj. kr.; aðrar upplýsingar um hag bænda gat hann engar gefið, og um skuldir smáútvegsmanna hafði hann ekki orð að segja. Enda er frv. sýnilega samið með það fyrir augum, að lögin nái eingöngu til bænda, þótt síðar hafi verið skotið inn í 1. gr., til þess að frv. liti örlítið skár út, ákvæðunum um útgerðarmenn. Hvergi í frv. annarsstaðar eru þeir nefndir á nafn, enda kemur það ljóst fram, að frv. er aðeins samið vegna bænda. Skilanefndirnar, sem frv. gerir ráð fyrir, eru eingöngu skipaðar með tilliti til bænda. Þar velur hæstv. atvmrh. einn manninn, viðkomandi sýslunefnd annan, og búnaðarsamband sýslunnar hinn þriðja. Bátaútgerðarmennirnir eiga engan fulltrúa í n. Ég verð að segja það, að ef frv. er ætlað að ná til útgerðarmanna, þá hefði það átt að vera ákveðið, að þeirra félagsskapur skipaði einn fulltrúa í skilanefnd hverja, sérstaklega þó í bæjum, þar sem ætla má, að mál þeirra væru aðalverkefni n., en bændur hefðu þá aftur fulltrúa í n., er störfuðu í landbúnaðarhéruðum.

Hv. frsm. gat þess, að þetta frv. væri fram komið til þess að hjálpa þeim, sem ættu fyrir skuldum, en vegna kreppunnar gætu ekki fyllilega staðið straum af afborgunum skuldanna. Ef hér á að hjálpa þeim, sem harðast verða úti vegna árferðisins, þá tel ég ekkert vit í því að binda þá hjálp aðeins við þá menn, er eiga fyrir skuldum. Mín skoðun er sú, að þeir, sem ekki eiga fyrir skuldum, eigi þó miklu erfiðara en hinir, og ef hér er um kreppuráðstöfun að ræða, þá hljóti frv. einnig að ná til þeirra. Ég skal benda á það, að í einum hreppi fyrir austan hefir það komið fram við rannsókn á efnahag hreppsbúa, að 24 af 33 hreppsbúum eiga ekki fyrir skuldum, og upp í skuldir þessara 24 manna eru eignir þeirra metnar eitthvað nálægt 40% af upphæð skuldanna. Það er bersýnilegt, að enginn hinna nauðstöddu manna í þessum hreppi nýtur hinnar minnstu verndar af þessum lögum. Ég skal geta þess, að það mun vera til heimild í fjárlögum fyrir ríkissjóðsábyrgð handa þessum hreppi, sem er Hjaltastaðarhreppur, fyrir 25 þús. kr., en eftir því, sem mér hefir verið sagt, hefir hún ekki enn verið notuð og að það sé vafi á, hvort stj. veitir ábyrgðina.

Ég hygg, þó að þetta sé vonandi dapprasta dæmið um ástandið í sveitunum, að ekki ósvipuð dæmi megi finna í öðrum hreppum, og það er sýnilegt, að þar, sem ástandið er slíkt, er ekki minnsta bót á ráðin með þessu frv.

Ég tel það alveg ótækt, að í frv. skuli ekki vera gert ráð fyrir neinni flokkun skuldanna. Það liggur í augum uppi, að ef gera á föstum veðtryggðum lánum jafnhátt undir höfði og afgangi af rekstrarlánum frá árunum 1930—31, sem jafnvel kann að vera til upp í eitthvað af óborguðum afurðum frá síðasta ári, þá er framið herfilegasta ranglæti á þeim, sem slík lán hafa veitt, og hag sumra þeirra stefnt í hið mesta óefni. Mig furðar og á því, að ekki skuli vera gerðar neinar öryggisráðstafanir gagnvart öðrum lánsstofnunum en þeim, er þurfa að innleysa vaxtabréf, svo sem veðdeildir; ekki er síður þörf slíkra ráðstafana vegna hinna, sem veitt hafa rekstrarlán. Hættan er minnst á því, að gengið verði að mönnum vegna fastra fasteignaveðslána og því minnst þörf ráðstafana þeirra vegna. Mestu örðugleikarnir verða að sjálfsögðu í sambandi við vaxtagreiðslur og greiðslu rekstrarlána, en framhjá þessum atriðum er alveg gengið í frv. Ekkert er þar heldur litið á hag skuldugra verkamanna, né heldur annara, sem ekki eiga fyrir skuldum. En einmitt þessu fólki er mest nauðsyn á hjálp vegna kreppunnar.

Ég vil benda hv. landbn. á, að ég tel vanta í 1. gr. frv. ákvæði um það, að lögin skuli ná til samvinnuútgerðarfélaga. Það er gert ráð fyrir, að lögin nái til ein-

staklinga, sem gera út skip að stærð allt að 30 smál. brúttó alls. Þar sem nú sjómennirnir hafa myndað félag með sér um útgerð, sem hefir ráð á skipastól, sem samtals er yfir 30 smál., eiga þeir samkv. frv. engrar verndar að njóta. Þetta tel ég alveg fráleitt. Það er síður en svo ástæða til þess, að sjómennirnir gjaldi þess, að þeir hafa myndað slíkan félagsskap, heldur ætti þeirra útgerð, sem venjulega mundi vera betur útbúin en útgerð dreifðra einstaklinga, að hafa meiri rétt til hjálpar.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því, að hann teldi, að þeim, sem frv. væri ætlað að styðja, mundi meiri hjálp í öðru. Þessu er ég sammála. Ég tók eftir því, að hv. þm. Mýr., sem talaði skáldlega um, að góðærið hefði horfið ofan í eitthvert ginnungagap, sagði, að hann vildi létta undir með bændum um vaxtagreiðslur, ef hægt væri að benda á fé til þeirra hluta. Ég vil nú benda honum á, að í fjárl. næsta árs eru áætlaðar upphæðir, sem mikið vit mundi vera í að verja einmitt á þennan hátt að einhverju leyti. Þær upphæðir, er ég bendi á og ætlað mun að ganga til landbúnaðarins, eru þessar:

Styrkur samkv. jarðræktarl.	540	þús.	kr.
Til Búnaðarfél. Íslands	210	—	—
Til Búnaðarbankans	390	—	—
Vegna áburðarins	60	—	—

eða alls um 1200 þús. kr., sem ætlaðar eru til landbúnaðarframkvæmda. Nú þykir mér líklegt, að í árferði sem þessu sé bændum ekki kleift að byggja mikið af nýjum húsum eða rækta stórar landspildur, eða verði það ekki á næsta ári. A. m. k. ekki þeim, sem efnalausir eru eða illa staddir. Þess má líka gæta, að talið er, að ræktun muni kosta það mikið, að bændur verði að leggja ferfalda upphæð á móti ríkisstyrknum. Ættu þá að koma á móti 540 þús. kr. ræktunarstyrk úr ríkissjóði um 2 millj. og 200 þús. frá bændum sjálfum. Ef ástæða er til þess að bera fram frv. til að hjálpa illa stöddum bændum, sem ég efa ekki að sé, þá er ekki ástæða til að ætla, að þeir geti lagt fram slíka upphæð til ræktunar á móti ríkissjóðsstyrknum. Sama má segja um byggingar. Bændum verður almennt ekki hægt að leggja fram fé til nýbygginga. Verður þá ekki hægt að nota mikið af lánum úr byggingar- og landnámssjóði, sem ætlaðar eru 200 þús. kr. af fé ríkisins í fjárl. Um áburðinn skal ég ekki margt segja, en vafalaust minnkar notkun hans.

Nú er það rétt hjá hv. þm. Mýr., að ekki er hægt að fella niður allar framkvæmdir á þessu ári. Framkvæmdum, sem byrjaðar eru, verður að halda áfram, a. m. k. sumum. En það er ekki nema partur af venjulegum framkvæmdum. Ég sé því ekki betur en að af þeim ca. 1200 þús., sem ég gat um, mætti taka stóra upphæð, 600—700 þús. kr., og verja þeim til að styðja illa stæða bændur, t. d. með því að hjálpa þeim um vaxtagreiðslur eða til að kaupa nauðasamninga og eftirgjafir af skuldum. Kæmi það bændum miklu betur og að meiri notum en frv. þetta. Ég tók svo eftir hv. þm. Mýr., að hann segði frá því, að Danir hefðu ráðgert sérstakar framkvæmdir til stuðnings bændum, og er það rétt. En sá stuðningur er í öllu ólíkur því, sem ráðgert er í þessu frv. Í Danmörku var byrjunin sú, að háværar kröfur komu fram um það, að bændum yrði sleppt við skatta, og einnig vildu þeir fá greiðslufrest á afborgunum veðlána, en ekki öðrum skuldum, að því er ég bezt veit. Um þessar kröfur voru haldnir háværir fundir. Kröfunni um skattalækkun var ekki sinnt, enda var sýnt, að bændur hefði lítið um það munað. En stjórnin fékk 30 millj. kr., sem verja mátti í því skyni að greiða vexti fyrir bændur, og kaupa þeim nauðasamninga og eftirgjafir. Þessi framlög eru þó talin lán, en ekki styrkur. Er bændum ætlað að endurgreiða lán þessi, þegar búskapurinn kemst aftur í það horf, að hann fer að svara arði. Nokkru af upphæðinni hefir verið varið til þess, að bændur gætu keypt sér nauðasamninga.

Ég hygg, að ráðstafanir slíkar sem Danir hafa gert mundu geta komið íslenzkum bændum að miklu meira haldi en ráðstöfun sú, sem í þessu frv. felst, ef því fé, sem ég gat um áður og verja á til landbúnaðar, væri varið til þess að létta bændum vaxtagreiðslur og kaupa þeim nauðasamninga, þannig að bændur gætu orðið sjálfstæðir á eftir.

Ég ætla, að það væri hv. þm. Mýr., sem gaf þær upplýsingar áðan, að jarðabætur

landsmanna hefðu numið síðastl. ár 3—4 millj. kr. og húsabyggingar ½—1 millj. kr., eða alls 4—5 millj. kr. Það er alveg bersýnilegt, að slíku getur ekki orðið haldið áfram, ef árferði ekki batnar. Það verða ekki aðrir en efnaðir menn, sem lagt geta út í framkvæmdir. En þá þarf ekki og á ekki að styrkja. Þennan styrk ætti aðeins að veita fátækum bændum.

Mér finnst það galli stór við frv., að það gerir aðeins ráð fyrir gjaldfresti á afborgunum, en ekki á vöxtum. Auk þess, sem ég áður hefi drepið á um vaxtabyrði bænda, vil ég nú vekja athygli á, að þetta hefir ýms óþægindi í för með sér, en þau má nú kannske laga. T. d. vil ég benda á veðdeildarlánin, þar sem ein upphæð gengur til vaxta og afborgana. Á þá að veita greiðslufrest á nokkrum hluta árgjaldsins aðeins? Þá vantar ákvæði um það í frv., hvernig fer með þá afborgun, sem niður hefir fallið, í framtíðinni. Á að borga þetta strax og lög þessi falla úr gildi? Slíkt væri óhæft; það gerði hjálpina að engu. Ég ætla, að í danska frv. væru ákvæði um það, að þegar um slíkt væri að ræða, þá skyldi sú upphæð, er safnaðist, jafnast niður á allan lánstímann til endurborgunar, og í sumum tilfellum lengja lánstímann. Eitthvað hliðstætt því þyrfti að setja inn í þetta frv.

Út af yfirliti því, sem hv. þm. Mýr. gaf um efnahag bænda, sem hann taldi vera góðan, þegar á heildina væri litið, vildi ég benda á, að tölur þær og upplýsingar, er hann gaf, geta ekki verið ábyggilegar. Hann taldi skuldir bænda 30 millj. kr. samanlagðar, en samanlagt matsverð fasteigna 50 millj. kr. En þetta gefur engar upplýsingar um efnahag bændanna sjálfra, þótt ég búist við, að í sjálfu sér séu tölurnar nærri lagi, því að meir en helmingur bænda býr í leiguábúð. Mikill hluti jarða er annaðhvort opinber eign eða eign einstakra manna, sem ekki sitja þær sjálfir og margir hverjir eiga heima í kaupstöðum og kauptúnum. Er því ekki rétt að telja bændunum allar jarðeignir. Sönnu nær væri að telja, að þeir ættu helminginn, eða um 25 millj. kr. virði. Ég bendi bara á þetta. Það er víst, að þær tölur, sem hv. þm. hefir nefnt, sýna ekkert um efnahag bænda. Þá verður því heldur ekki neitað, að með frv. er hinum einstöku stéttum þjóðfélagsins ismunað mjög herfilega. Frv. er aðallega orðið til vegna bænda, þótt smáútgerðin hafi fengið að fljóta með. En aðrar stéttir, svo sem iðnaðarmenn, verkamenn og sjómenn, eiga þar engrar verndar að vænta. Eins mikil ástæða væri þó til þess að vernda þá frá gjaldþroti. Þar er líka oftast um miklu lægri upphæðir að ræða, svo að hægara væri að hjálpa. Þegar á það er litið, hversu atvinnuleysið er gífurlegt hjá þessum stéttum, verður að viðurkenna, að sízt er minni þörf ráðstafana þeim til verndar og hjálpar. En hæstv. stj. virðist nú yfirleitt þeirrar skoðunar, að Alþingi komi þetta fólk ekkert við, — bara bændurnir, og þá þeir einir, sem eiga fyrir skuldum.

Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að ákvæði 16. gr. um skyldur ríkissjóðs í sambandi við þetta frv. eru næsta óákveðin. Mér finnst ekki geta komið til mála að hafa þetta svo óákveðið sem þar er gert. Og mig undrar það stórlega, að andstæðingar stj. skuli nú allt í einu vera búnir að fá það traust á stj., að þeir skuli vilja veita henni þetta vald.

Ég held þá, að ekki sé fleira í frv., sem ástæða er til að gera aths. við. Ég mun greiða frv. atkv. til 2. umr., í trausti þess, að hv. landbn. taki til greina bendingar þær og aths., sem fram hafa komið. Mun ég þá taka afstöðu til frv. samkv. þeim breytingum. En frv. eins og það er nú get ég varla veitt stuðning áfram úr deildinni.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mjög, en aðeins segja nokkur fá orð um frv.

Ég get ekki komizt hjá því að taka undir með þeim, sem aðfinningar hafa látið í ljós um frv. Ég get ekki sagt, að ég álíti, að það geti komið að liði líkt og nauðasamningar. Auk þess álít ég, að frv. sýni ekki réttlæti í garð einstakra stétta. Og ef tilætlunin er, að þetta verði til hagsmuna og verndar fyrir atvinnurekendur, þá er ekki ástæða til að skilja undan þá atvinnurekendur, sem frv. nú útilokar. Ég álít, eins og hv. þm. N.-Ísf. sagði í öðru sambandi, að stærri atvinnu-

rekendur séu ekki síður illa staddir. Ég held, að engin sérstök ástæða sé heldur til að ætla, að gengið verði að mönnum á þessu tímabili. Um landbændur er það að segja, að verzlunarskuldir flestra þeirra munu vera við Samband ísl. samvinnufélaga. Ég geri ekki ráð fyrir því, að sú stofnun geri sér leik að því að gera bændum erfiðara fyrir en hjá verður komizt á þessum erfiða tíma. Að vísu verzla líka margir bændur við kaupmenn. En það eru yfirleitt þeir betur stæðu og einkum eldri bændur, sem lengi hafa við kaupmenn verzlað og bundið tryggð og vináttu við þá. Er því lítil ástæða til að óttast, að að þeim verði gengið þetta tímabil. Ég hygg því, að meiri ástæða væri til að veita hinum minni útvegsmönnum slíka vernd. Ég bið hv. flm. að skilja þó eigi orð mín svo, að ég sé mótfallinn því, að þessum mönnum, sem frv. um getur, sé veittur allur sá stuðningur, sem þingið telur fært. En ég vil vekja athygli á þeim afleiðingum, sem þetta gæti haft í för með sér, svo hin fyrirhugaða hjálp snúist ekki upp í ógreiða. Og ég kemst ekki hjá að játa, að ég er ekki óhræddur um, að frv. verði til að auka tregðu um lánveitingar. Þeir, sem lána nú, geta haldið, að eins fari með þau lán eins og þau, sem ákvæði þessa frv. ná til.

En svo er annað, sem er þó miklu stærra atriði. Margir þeir, sem gera sér að atvinnu að selja framleiðendum nauðsynjar sínar, geta komizt í öngþveiti, ef lánin eru fest og greiðsla þeirra stöðvuð. Erlendir lánardrottnar, sem veita innlendum mönnum lán eða gjaldfrest, munu ekki þora að halda því áfram. Mér dettur í hug, að hv. sessunautur minn (HV) mundi geta staðfest þetta að því leyti, er olíuverzlun snertir. Ég veit, að mörgum hv. þdm. er kunnugt um það, að olíuverzlanirnar, eða hinir innlendu menn, sem hafa söluna á hendi, veita hinum smærri atvinnurekendum lán til 3, 6 eða jafnvel 9 mánaða, og stundum þó lengur. Ef frv. verður lögfest, hafa þeir ekki lengur sömu aðstöðu til þessara lánveitinga. Er því athugavert að samþ. nú það, sem haft gæti slíkar afleiðingar í för með sér.

Það getur vel verið, að ég hafi ekki enn, frekar en ýmsir aðrir, gert mér fulla grein fyrir því spori, sem hér er verið að stíga. En mér finnst full ástæða til, að þeir, sem vilja lögfesta þetta frv., geri sér fulla grein fyrir því, hvort það geti orðið til þess, að ýms þau verzlunarfyrirtæki, sem það snertir, geti af þeim sökum komizt í fjárhagsörðugleika, og þá með miklum rétti komið til ríkissjóðs og heimtað, að hann hlaupi undir bagga með ábyrgð eða annari hjálp. Mér finnst vel geta komið til greina, að slíkar yrðu afleiðingarnar. Og þótt þetta spor eitt og út af fyrir sig sýnist ekki svo sérlega uggvænlegt, þá gæti þó hugsazt, að það gæti haft örlagaríkar og þungbærar afleiðingar. Ég vil leiða athygli að einni afleiðingu, sem slík fyrirmæli gætu haft, en sem skipta þó ekki miklu máli og eru meira hugsanleg en raunveruleg. Við getum hugsað okkur, að samvinnufélag með 50 bændum, sem allir stæðu í sameiginlegri ábyrgð fyrir skuldum félagsmanna, væri krafið af skuldheimtumönnum um innieign þeirra. Í þessu félagi væri svo ástatt, að 10 af bændunum ættu ekki fyrir skuldum og kæmu því ekki undir ákvæði laganna, 30 ættu fyrir skuldum, en gætu ekki svarað áföllnum greiðslum, en 10 væru vel stæðir. Ef að félaginu væri gengið, þá gætu skuldheimtumennirnir ekki krafið þá 30 bændur, sem féllu undir ákvæði laganna. Þeir 10 bændur, sem væru gjaldþrota, gætu ekkert borgað. Efnuðustu bændurna 10 yrði því að krefja um allt. Þetta er nú kannske meira hugsanlegur en raunverulegur möguleiki, en hann sýnir þó einn af annmörkum þeim, sem eru á þessu frv., en þeir eru miklu fleiri, og það raunverulegir.

Ég hefi ekki enn gert mér fulla grein fyrir þeim afleiðingum, sem þetta gæti haft fyrir ríkissjóðinn. Ég hefi hlustað á hv. frsm. og hæstv. fjmrh. og það, sem þeir hafa sagt um þetta. Má vera, að hæstv. fjmrh. geri of mikið úr þeirri hættu, sem frv., ef það verður lögfest, geti stofnað ríkissjóði í. En vel get ég skilið það, að hann vilji ekki hafa þar um neina óvissu.

Þessar umr. eru *næsta lærdómsríkar*, og má ýmsar ályktanir af þeim draga. Hér í þessu frv. er farið fram á það, að hlaupa undir bagga með þeim framleiðendum, sem eiga fyrir skuldum. Allir tala um þann möguleika, að af þessu geti

leitt kostnað. En hver á að greiða hann? Ríkissjóður getur það ekki, segir fjmrh., og þjóðin þolir ekki nýja skatta. Eftir útreikningi fjmrh. geta þessar upphæðir orðið allháar. Eins og nú er getur ríkissjóður ekki greitt þetta, en hann á vitanlega aðgang að skattþegnum landsins. En hverjir eru þeir nú í þessu landi, sem geta tekið á sig bagga vegna þeirra atvinnurekenda, sem eiga fyrir skuldum? Ég er talsvert kunnur efnahag framleiðenda við sjávarsíðuna, og það eru ekki neinar öfgar, þótt ég segi, að um flesta þeirra orki tvímælis, að þeir eigi fyrir skuldum. Og ég fullyrði, að ef atvinnuárferði þessa árs verður svipað og hinna síðustu, verði þeir auðtaldir, sem svo vel verða staddir við næstu áramót. Ég er ekki eins kunnugur fjárhag bænda, en ég hjó eftir því hjá hv. þm. Mýr., er hann sagði, að ef þessari kreppu létti af fljótt, væri engin ástæða til þess að örvænta um hag bænda. En hvaða líkur eru til þess, að kreppunni létti bráðum af? Hvaða líkur eru til þess, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum hækki bráðlega? Ég held fyrir mitt leyti, um leið og ég játa, að enginn má halda, að ég sé fullkominn spámaður í þessum efnum, að engar líkur séu til slíks nú á næstunni. Ég hygg, að litlar líkur séu til þess, að verðlag í heiminum fari hækkandi fyrr en a. m. k. búið er að leysa úr þeim stóru viðfangsefnum á sviði fjármálanna, sem allir helztu fjármálamenn stórþjóðanna glíma nú við, þar á meðal það, að teknar verði endanlegar ákvarðanir um greiðslu ófriðarskuldanna. Og það verða menn að gera sér ljóst, að kreppan í ísl. atvinnulífi stafar af því, að orðið hefir óvenjumikil og stórvægileg hlutfallsröskun milli tilkostnaðar við framleiðsluna og verðlags á framleiðsluvörum. Þessi röskun getur ekki lagazt nema með því, að annaðhvort hækki verðlagið, og ég hefi fyrir mitt leyti talið lítil líkindi til þess, eða þá að framleiðslukostnaðurinn minnki. Og við Íslendingar erum ekki einráðir, jafnvel áhrifalausir um slíkt, nema hvað snertir kaupgjald. Ef það er skoðun hv. þdm. með mér, að líkur fyrir verðlagshækkun í heiminum séu mjög litlar, verða þeir að gera sér það ljóst, að kreppan, þ. e. a. s. þessi vandkvæði um jöfnuð milli tilkostnaðar og afrakstrar á einhverri framleiðsluvöru, byggist á kaupgjaldshækkun. Þeir verða einnig að gera sér það ljóst, að ef íslenzka þjóðin er reyrð í viðjar kreppunnar, svo að enginn sjái líkur til þess, að við getum losnað úr þeim viðjum, þá er tilgangslaust að koma með slíkt frv. sem þetta. Þetta frv. skoða ég einungis sem viðurkenning þess, að hv. landbn., sem flytur það, er það ljóst, hvílík kreppa er ríkjandi í atvinnulífi þessa lands. En ég kemst ekki hjá því að lýsa jafnframt yfir því áliti mínu, að hv. flm. hafi ekki gert sér grein fyrir, hvert er eðli og orsök kreppunnar. Því hefðu þeir gert það, hefðu þeir jafnframt séð, að þetta frv. kemur að sáralitlu liði, að ég ekki segi engu liði. Það var hv. 3. þm. Reykv., sem fullyrti það, að langsamlega mestur hluti þeirra skulda, sem nú hvíla á atvinnuvegum landsmanna, yrði aldrei greiddur, og hann stakk upp á því, að menn tækju til athugunar þá leið, hvort ekki væri rétt að strika út þessar skuldir. Ég innti hann eftir því, á hvern hátt hann hugsaði sér að framkvæma slíkt, og sú hugsun, sem vakti fyrir honum, er að skuldirnar yrðu færðar niður, þannig, að hlutaðeigandi atvinnurekendur stæðu á milli, þ. e. a. s., að eignir þeirra teldust samsvara skuldum. En ég fullyrði það, að ef þessi leið yrði farin, þá myndi af því leiða, að hinir íslenzku bankar, fyrst og fremst Landsbankinn, yrðu að gera svo miklar afskriftir af inneignum sínum hjá atvinnurekendum, að hann yrði á reikningum sínum að sýna efnahag, sem lægi mörgum milljónum fyrir neðan núll.

Það kann að þykja stór fullyrðing, að hér frá þingbekkjunum sé sagt, að hagur íslenzkra atvinnurekenda sé ekki betri en það, að ef Landsbankinn á að strika út dauðar skuldir, þá hafi það slíkar afleiðingar á hag bankans. En þetta er rétt, og það hefir alltaf verið svo á síðustu árum. Og efnahagsleg niðurstaða íslenzkra banka hefir verið svo í illu árferði, að ef þeir væru gerðir upp eftir þeim hætti, sem hv. 3. þm. Reykv. hugsar sér, þá stæðu þeir mörgum milljónum fyrir neðan núll. Það yrði því einungis af þessari ástæðu, tvímælalaust ófært að fara þessa leið. Auk þess sjá allir menn, að ekkert þjóðfélag getur byggt atvinnulíf sitt á því, að allir

eða flestir atvinnurekendur verði að byrja á nýjan leik, eða standi á milli, og að þeir eigi svo að fá lán til áframhaldandi atvinnurekstrar frá banka, sem er mörgum millj. fyrir neðan núll. En það má vera, að þessar hugleiðingar hv. þm. séu að því leyti réttar, að ef engin líkindi eru fyrir verðlagshækkun og engin leið til þess að lækka kaupgjald í landinu, þá verði að velja þá leið að minnka þá eiringu, sem notuð er í kaupgreiðslum og vöruviðskiptum innanlands.

Ég hefi með þessum fáu orðum látið í ljós það álit, að ég er hvergi nærri ánægður með frv. þetta né sterktrúaður á, að fyrirmæli þess komi að miklum notum. Ég mun þó greiða því atkvæði til 2. umr. og með því skapa mér sjálfum þann frest, sem ég tel mér nauðsynlegan til þess að gera mér glögga grein fyrir málinu.

Jón Ólafsson: Ég tek undir það með ýmsum hv. þdm., að ég álít, að hv. landbn. hafi unnið furðu gott verk úr jafnveilu efni. En það er ekki vafi á því, að það eru æðimörg vafasöm atriði í þessu máli, og hefir að sumu leyti verið bent á þau hér í hv. d., svo að ég ætla ekki að fara mikið út í þá sálma. En vegna þess að mörg þessara atriða eru svo vandasöm, hefði ég kosið, að n. hefði takmarkað sig meira um þetta efni en hún hefir gert. Ég hefði æskt þess, að sjávarútvegurinn hefði ekki komið inn í þetta mál, vegna þess að ýmislegt er um þann atvinnuveg, sem er annars eðlis en landbúnaðurinn, svo ég er ekki alveg viss um, að heppilegt sé, vegna þess lánstrausts, sem bátaútvegsmenn hafa víðsvegar, að veita þeim þessa vernd. Sá atvinnuvegur er ekki svo staðbundinn, að þótt t. d. verði eigendaskipti að skipi, þá er venjulega kominn kaupandi að því aftur, þannig, að þjóðin saknar í raun og veru einskis. — Líka er á það að líta, að atvinnutæki sjávarútvegsins eru fljót að fyrnast. Það er ekki sama, hvernig er farið með þessar fleytur. Það verður oft að taka af mönnum það, sem þeir hafa handa á milli, vegna þess að þeir kunna ekki með það að fara, og slíkum mönnum má ekki fá neina lagavernd, því að það getur komið þeim í koll, sem lána þeim peninga, ef þeir fá að halda áfram að starfa með lagavernd, sem gengur í óheppilega átt. Hinsvegar er það reynsla lánsstofnana, að þeir matsmenn, sem eiga að meta hinar ýmsu eignir víðsvegar á landinu, eru af einhverjum ástæðum svo bjartsýnir, að ekki nær nokkurri átt, að menn eigi fyrir skuldum, þegar þeir telja þá eiga miklu meira. Þetta eru eftirstöðvar af hinu háa verði á öllum eignum, og maður gæti hugsað sér, að sú nefnd, sem skipuð yrði samkvæmt lögum þessum, myndi hika við að telja, að þessi og þessi ætti ekki fyrir skuldum. Hún myndi miklu frekar telja eignir hans hátt, svo hann fengi að halda áfram. En allir geta séð, hversu óheppilegt slíkt væri, sem ég þó hefi fulla ástæðu til að ætla, að viðgangist. Í þessu sambandi má benda á, að ýmsar kvaðir, sem snerta sjávarútveginn, gera ráð fyrir því, að skuldir þær, sem þessi lögvernd standi yfir, falli í gjalddaga, t. d. ýmsar kröfur eins og lögveð, sem geta komið árlega. Hvernig ætti með það að fara, ef slík n. hefði gefið vottorð um það, að þessi maður ætti langsamlega og meira en það fyrir skuldum? Væri í rauninni hægt fyrir lánveitanda að ganga að manninum og láta gera hann upp, ef n. áliti, að hann ætti fyrir skuldum, þrátt fyrir þessi lögveð, sem féllu á eignirnar, og lánardrottinn, sem er næstur á eftir, yrði að leysa út?

Ég hefi tekið fram, að það sér ekki svo mjög á um fiskveiðar, þótt skipt sé um eigendur, og það er enginn héraðsbrestur, þótt slíkt komi fyrir. En með bændur er því svo háttað, að það má heita héraðsbrestur, ef gengið er að bónda, sem hefir fyrir stóru heimili að sjá, og hann gerður gjaldþrota og ófær til að bjargast. Mér er sagt, að sumar sveitir séu svo efnum búnar, að fjölda hreppsbúa myndi verða mjög hætt, ef gengið yrði að nokkrum verst stæðu bændunum, þar sem þeir eru svo krossflæktir í ábyrgðum hver fyrir annan. Og allir geta séð, hve ömurlegt það yrði, ef sú alda gengi yfir landið, að þessir menn yrðu gerðir gjaldþrota og hinir flytu með, sem í ábyrgðirnar eru flæktir. Aðalatriðið í þessu sambandi er, að bændur reynast mjög góðir skilamenn, svo langt sem geta þeirra nær, og það er vitanlegt, að þeir ganga svo nálægt bústofni sínum á þess-

um árum, að haldist þessir erfiðu tímar áfram, þá hafa þeir enga von um að geta rétt við, þegar góðærin koma, sem maður verður að vona, að komi áður en langt um líður. Slíkt er héraðsógæfa, þar sem það hendir, og það er þjóðarógæfa, ef bændur yrðu svo staddir þegar eitthvað raknaði úr, að þeir væru búnir að farga bústofni sínum og gætu lítinn þátt tekið í komandi góðærum. Þetta er það, sem upphaflega veldur því, að farið er að hugsa um þessi efni og farið er að reyna að ráða bót á þeim. Og ég vona, að þetta verði lagfært svo í hendi, að hægt verði að reyna það og helzt að setja því það takmark, að það nái einungis til bænda á þessu byrjunarstigi. Því þeim mun meiri vandi er að fylgja þessari nýju ákvörðun, sem fleiri atvinnuvegir eru dregnir inn í hana.

Bjarni Ásgeirsson: Þær umr., sem orðið hafa um frv. það, sem hér liggur fyrir, hafa orðið á margan hátt merkilegar, og ég held þær alvarlegustu, sem fram hafa farið á Alþingi, að öllum öðrum ólöstuðum. Það er ekki að undra, því að hér liggur fyrir mesta alvörumál þings og þjóðar á yfirstandandi tímum: ríkjandi ástand í heiminum og hagkvæmustu leiðir til bóta á því. Ég verð að segja það, að mig undrar ekki, þótt ýmsar aths. hafi fram komið við frv. Ég býst við, að okkur sé það öllum ljóst, að hér er um vandamál að ræða, sem sannarlega þurfi að leggja sig allan fram, til að finna meðalhóf í þeim leiðum, sem fara skyldi. Þótt við gerum hið bezta, sem við höfum skilning og getu til, er eðlilegt, að fleiri augu sjái ýmsa annmarka við frv., sem við vitanlega munum taka til greina eins og unnt er, þannig, að frv. verði að einhverju liði. Því ber ekki að neita, að frv., sem hér liggur fyrir, er engin lausn á sjálfri kreppunni, þótt það yrði að lögum. Slíkt hefir okkur aldrei dottið í hug. Það er aðeins tilraun til að veita miklum hluta þjóðarinnar starfsfrið, í þeirri von, að hann komist þá fremur klakklaust í gegnum erfiðleikana, í von um betri tíma. Því að ef við hefðum ekki von um slíka tíma, væri öll viðleitni til þess að komast áfram einskis virði. Vonin verður að vera hér hið knýjandi afl. En hitt skal ég játa með hv. þm. G.-K., að ef svo færi, að þessari kreppu, sem nú stendur yfir, létti ekki af á næstu árum, yrðu flestar tilraunir tilgangslausar.

Ég ætla að svara ofurlítið nokkrum aths., sem hv. þm. hafa gert við frv. Ég vil þá byrja á því að svara aths. hv. 1. þm. Eyf., sem kom með það, hvort ekki væri hægt að koma inn í frv. þetta smábændum við kaupstaði. Ég myndi fús til slíkra breytinga og hygg, eftir þeim undirtektum, sem það fékk í n., að ekki myndi standa á lagfæringu í þá átt. Ég býst við því, að flestir myndu komast undir ákvæði frv. eins og það nú er. En ef eitthvað vantaði, mætti hlíðra því til með orðabreytingum. Hv. þm. talaði um, að það, sem bændur ættu verst með, væru vaxtagreiðslur af skuldum, og því væri lítil hjálp í þessu frv., þar sem ekki væri gert ráð fyrir því í frv., að vextir væru afnumdir. Undirstaða frv. er sú skoðun og trú, að bændur eigi yfirleitt fyrir skuldum, og sömuleiðis, að þeim mönnum, sem eiga fyrir skuldum, verði unnt að greiða vexti af lánum, þegar tilraun er gerð til þess að hindra, að gengið verði að þeim á öðrum sviðum.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að líkindi væru til og raunar vissa fyrir, að bændur yrðu að draga úr kostnaði og framkvæmdum undanfarandi ára. Myndu þeir frekar geta staðið straum af öðrum útgjöldum heldur en þeim, sem þeir hefðu varið í framkvæmdir á undanförnum árum. Hann talaði um, hver nauðsyn væri á að hjálpa þeim, sem ekki ættu fyrir skuldum; hann gat þess, að nú væri fjöldi bænda, sem ekki ættu fyrir skuldum, ef verðlag síðastl. árs væri lagt til grundvallar. Fyrir þessu hafði n. opin augu, því að í frv. er sagt, að leggja skuli til grundvallar meðalverð þriggja síðustu ára. Og með það fyrir augum, að eins og er væri ómögulegt að segja, hverjir ættu fyrir skuldum, ef lagt væri til grundvallar það verðlag, sem nú er. Þess vegna er aðalhættan í því, að bændur neyðist til að selja eignir sínar fyrir það verð, sem nú er fáanlegt, en það þýðir algert hrun, ef farið væri að ganga að mönnum í stórum stíl á þessum tímum. Hv. þm. Seyðf. talaði einnig um það, að hann þekkti til sveitar, þar sem allur fjöldi manna ætti ekki fyrir skuldum,

Þetta mun vera fátítt. Það kann að vera stöku staður, þar sem slíkt þekkist, og ég verð að viðurkenna, að þar sem svo er komið, þarf meiri og róttækari ráð til þess að bæta úr því en þetta frv. flytur. Það er rétt hjá hv. þm. En ég veit ekki betur en lög hafi verið í gildi, sem miðuðu að því að hjálpa bændunum í þessum umrædda hreppi til þess að komast að viðunandi samningum við skuldunauta sína. Hv. þm. Seyðf. og hv. þm. G.-K. bentu á, að vel gæti svo farið, að lánardrottnar þeirra manna, er fengju greiðslufrest samkv. þessum lögum, gætu sjálfir komizt í greiðsluþrot fyrir þessar sakir. Þessu er því að svara, að hjá þeim mönnum, sem svo er komið fyrir, að þeir þurfi að nota þessa vernd, hljóta lánardrottnarnir að tapa hvort eð er, ef gengið er að þeim. Vernd skuldunautanna er því að þessu leyti óbeint vernd lánardrottnanna, ef lög þessi gætu orðið til að vernda eignir manna þar til þær væru orðnar verðmeiri bæði eigendum og lánardrottnum þeirra.

Þá talaði hv. þm. Seyðf. um, að þetta næði of skammt. Um það atriði var talað í n., en hún sá sér ekki fært að taka með hina stærri atvinnurekendur, hvorki einstaklinga né samvinnufélög. Hún leit svo á, að hagur stofnana þeirra, sem þeir skipta við, væri svo mjög bundinn afkomu þeirra, að þær af þeim sökum væru jafnvel knúðar til að hlaupa undir bagga með þeim. Allt öðru máli er að gegna um hina smærri atvinnurekendur úti um landið. Þeim er ekki eins veitt eftirtekt né hjálp af þessum aðilum.

Þá talaði hv. þm. um, að réttast væri að verja nokkru af því fé, sem veitt er í fjárl. til styrktar landbúnaðinum, til þess að standa undir skuldagreiðslum bænda. Þetta er ekki tímabært nú. Öðru máli væri að gegna að taka það til athugunar á næsta þingi, ef frv. þetta yrði að lögum nú. Og til skýringar vil ég benda hv. þm. á, að sumar af þeim upphæðum, sem hann benti á, er ekki ráðlegt að taka. Um jarðabótastyrk þessa árs er það að segja, að hann á að ganga til að fullgera jarðabætur, sem unnar hafa verið að nokkru leyti á síðasta ári.

Framlagið til Búnaðarbankans getur og tæplega komið til mála að taka, þar sem fyrir bankanum liggja nú beiðnir um meira fé til bygginga en bankinn hefir yfir að ráða á þessu ári. Einar 200 þús. kr. geta heldur ekki talizt mikið fé, þegar þess er gætt, sem vitanlegt er, að margir bæir í landinu eru svo komnir, að það verður að endurbyggja þá, ef hægt á að vera að búa áfram á jörðunum, og sem betur fer eru margir bændur svo efnum búnir, að þeir geta lagt í byggingu á ábýlum sínum án þess að gera sig efnalega ósjálfstæða, ef þeir aðeins fá dálítið lánsfé. Að stöðva þessar byggingar með öllu getur því alls ekki komið til mála, enda býst ég ekki við, að hv. þm. Ísaf. samkv. stefnu sinni í stjórnmálum telji það rétt, þar sem þær auka þó atvinnu í landinu.

Um styrkinn til Búnaðarfélags Íslands er hið sama að segja. Ég býst ekki við, að bændum landsins sé neinn greiði ger með því að leggja niður starfsemi Búnaðarfélagsins, því að hún er orðin svo fjölþætt og mikill liður í umbótastarfsemi þeirra. Að sjálfsögðu eru þetta þó atriði, sem athuga má, og verði rætt um þessi mál á næsta þingi og verði þá ekki orðið bjartara fram undan en nú er, má vel vera, að grípa þurfi til einhverra slíkra ráða sem þessara.

Þá sagði þessi hv. þm., að skýrsla mín um skuldir bændanna segði ekki neitt, af því að fjöldi þeirra væri leiguliðar. Ég tók það einmitt fram, að af því að margir þeirra væru leiguliðar, þá væru þær 50 millj., sem jarðir og hús á þeim væru metnar, ekki hrein eign þeirra. Þó ber þess að gæta, að leiguliðar eiga þó mikið af húsum á þeim jörðum, sem ekki eru í sjálfsábúð. Auk þess eru skuldir þær, sem ég gizkaði á, ekki nema 60% af fasteignamati jarðanna, og er það t. d. ekki mikið í samanburði við danska bændur. Annars benti ég ekki á þetta af því, að ég teldi hag bændanna góðan, heldur til þess að sýna fram á, að þeir ættu þó fyrir skuldum.

Þá minntist hv. þm. á, að verkamenn fengju ekki vernd eftir þessum lögum. Þetta er rétt. Hér á aðeins að hjálpa þeim bændum og smáútgerðarmönnum, sem komnir eru í greiðsluþrot, en eiga þó fyrir skuldum. En þetta er þó óbeinlínis hjálp fyrir verkamennina. Það hjálpar til

þess, að bændur flosni ekki upp og bætist í verkamannastéttina. Sömuleiðis er það hagur fyrir verkamannastéttina, að bændur geti haldið búum sínum og veitt áfram atvinnu.

Hv. þm. G.-K. talaði alvarlegast um þetta mál, og ég verð að segja það, að ef allir væru jafnmyrkir um afkomu atvinnuveganna og hann, og útlitið væri eins og hann sagði, þá væri vonlítið, að hægt yrði að greiða úr fyrir þeim. Aftur var hv. 2. þm. Skagf. bjartsýnni. Hann vænti, að þessi kreppa stæði ekki lengi, og því færi að létta til aftur.

Hv. þm. sagði, að það væru litlar líkur til þess, að hinar stærri verzlanir færu að ganga að mönnum, eins og t. d. Sambandið. Þetta er rétt, en það eru fleiri en verzlanir, sem eiga kröfur í bú bænda. Hinir smærri lánardrottnar geta oft knúð hina stærri til að ganga að mönnum með því að gera það sjálfir. Til að koma í veg fyrir það er frv. ekki sízt fram borið.

Þá hefir verið bent á það, að búast mætti við því, að þeir, sem kæmust undir vernd þessara laga, fengju síður lán. Á því held ég sé engin hætta, a. m. k. er hægt að búa svo um, að ekki verði hætta á slíku, því að bændur munu klífa þrítugan hamarinn til þess að bæta ekki við skuldir sínar og reyna að greiða þær skuldir, sem þeir stofna á sama árinu. Ég tel því engan galla á frv., þó að það gefi lánardrottnum aðstöðu til þess að tryggja sig fyrir því, að þær skuldir, sem stofnaðar eru eftir 1932, verði greiddar upp árlega.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að ég hefði sagzt ekki örvænta um afkomu bændanna, og spurði, á hverju ég byggði það. Út af þessum ummælum hv. þm. get ég sagt honum það, að ég hefi ekkert fyrir mér um þetta annað en óljósa von um, að fljótlega fari að létta til. En hinsvegar skal ég viðurkenna, að svo fremi, sem kreppan heldur áfram um nokkur ár enn, þá stoða slíkar ráðstafanir sem þessar ekki neitt. Það, sem hér er verið að gera, er aðeins það, að gera nokkrum mönnum kleift að þurfa ekki að greiða skuldir sínar fyrr en það, sem þeir hafa til þess að greiða með, er komið í meira samræmi við verðlagið á þeim tíma, sem þær voru hafnar.

Hv. þm. G.-K. og hv. 3. þm. Reykv. voru svartsýnastir af öllum, sem tekið hafa til máls um þetta frv. Má vera, að það sé af því, að þeir séu öðrum vitrari eða framsýnni. En það vita þessir hv. þm., að eigi að fara að strika skuldirnar út og færa þær svo niður, að menn eigi fyrir skuldum með því verðlagi, sem nú er, þá þolir enginn banki það. — Læt ég svo úttalað um þetta mál að sinni, en vænti þess, að þeir verði fleiri, sem líta bjartari augum á framtíðina en hinir tveir hv. þm., er ég nefndi síðast.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil bæta nokkrum orðum við það, sem ég hefi áður sagt út af 2. málsl. 16. gr., er hljóðar svo: „Ef aðrar lánsstofnanir, þar með taldir sparisjóðir, lenda í greiðsluörðugleikum vegna þessara laga, veitir ríkissjóður nauðsynlega hjálp á þann hátt, sem fjmrh. ákveður". Sú hjálp, sem hér er um að ræða, takmarkast við áhrif þessara laga, en ekki þá menn eina, sem fá frest á að greiða lánsstofnunum afborgun af skuldum sínum, því að þeir menn, sem verða fyrir þessum lögum og geta ekki innheimt skuldir sínar, hvort sem það eru kaupmenn, kaupfélög eða einstaklingar, geta líka lent í greiðsluörðugleikum gagnvart sínum lánardrottnum. Ég er þó ekki að segja, að svo verði, enda má það ekki verða, að allir lendi í greiðsluörðugleikum og velti þeim svo yfir á ríkissjóðinn. Þessi möguleiki getur því gert illt verra. Hann getur skapað ríkissjóði örðugleika, sem honum væru annars óviðkomandi.

Það er nú svo, að lán, sem veitt yrðu samkv. 16. gr., eiga að endurgreiðast, svo að út frá því má kannske segja, að þau eigi ekki að vera hættuleg fyrir ríkissjóðinn. Það má vel vera, að þau verði endurgreidd, ef verðlag á afurðum manna hækkar frá því, sem nú er, en lækki það enn eða standi í stað, þá eru þau hættuleg. Það má því ekki byggja þessa starfsemi á lánsfé, heldur verður að byggja hana á nýju fé, sem fengið er með nýjum tekjustofnum.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég er dauður og hefi svo miklu að svara, að ég kem því ekki að í stuttri aths. Læt ég það

því bíða til 2. umr. að svara því, sem mér þykir þörf á. Hinum miklu aths. hæstv. fjmrh. þarf ég heldur ekki að svara nú, þar sem hann ætlar að mæta í landbn. til umr. um málið. En ég vil segja honum það nú, að mér finnst hann óþarflega varkár. Ég lasta alls ekki, þó að fjármálaráðherrar séu varkárir; það þurfa þeir að vera, en of varkárir mega þeir þó ekki vera.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48., 49., 50. og 51. fundi í Nd., 11., 12., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 256, 341, 358).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Landbn. hefir leyft sér að koma fram með nokkrar brtt. á þskj. 341.

1. brtt. gengur út á það, að sýslunefndir og bæjarstjórnir tilnefni 2 menn í skilanefnd. N. þótti eðlilegra, að sýslunefndir og bæjarstjórnir fengju þennan tilnefningarrétt, þar sem gert er ráð fyrir, að þessir aðilar borgi helming kostnaðarins.

Þá er 2. brtt. við 16. gr. frv. Hún er í tveim liðum. Sá fyrri er um það, að lántökuheimild stj. sé bundin við 200 þús. kr. Þetta er ekki svo að skilja, að 200 þús. kr. sé það mesta, sem má veita í þessu skyni, heldur er gert ráð fyrir, að stj. veiti það, sem þarf umfram 200 þús. kr., úr ríkissjóði. Þessi brtt. er samkv. tilmælum hæstv. fjmrh., er hann kom með við 1. umr. Síðari brtt. við 16. gr. er á þá leið, að síðari málsgr. þeirrar gr. falli niður. N. varð sammála um það, að fella þetta ákvæði burt og láta nægja þá almennu heimild og skyldu, sem fjmrh. hefir alltaf til þess að hjálpa lánsstofnunum yfir örðugleika.

Síðasta brtt. er við 18. gr., og er þar farið fram á, að kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sýslu- eða bæjarsjóði. Þessi brtt. er einnig flutt samkv. óskum hæstv. fjmrh. Ekki er hægt að mæla á móti því, að sanngjarnt er að skipta þessum kostnaði milli ríkissjóðs annarsvegar og sýslu- eða bæjarsjóða hinsvegar. Ég vona, að þessar brtt. n. verði ekki þrætuefni og frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Þá hefir komið fram brtt. á þskj. 358, frá hv. 1. þm. Eyf. Hún fer fram á það, að í fyrri málsgr. 1. gr. komi orðið „atvinna" í stað „aðalatvinna". Það hefir farið svo með þessa till., að n. hefir láðst að taka ákvarðanir um hana, og vil ég því fara fram á það við hv. flm., að hann taki till. aftur til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga hana. Verði þessi brtt. samþ., stækkar hún verksvið frv. að nokkrum mun, og því tel ég réttast, að hún komi ekki til atkv. án þess að n. fái hana til athugunar. Ég vona því, að hv. flm. hafi ekki á móti því, að taka hana aftur til 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Ég skal gjarnan verða við þeim tilmælum að taka brtt. mína aftur til 3. umr. Ég bar þessa brtt. fram í samráði við það, sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál, og hafði vonazt til, að hv. n. tæki þá aths. til greina. En ég varð þess ekki var, þegar ég sá till. n., og því bar ég þessa brtt. fram. Tilgangur hennar er, eins og menn munu sjá, sá, að fleiri geti orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem í frv. felast, en þar er tekið fram. Sérstaklega hefi ég þar í huga þá, sem búa í smábýlum í grennd við kauptún og kaupstaði. Ég skildi hv. frsm. landbn. svo við 1. umr., að hv. n. mundi taka þetta til athugunar. Ég vil nú enn gefa henni kost á því að athuga þetta atriði rækilega, með því að taka brtt. mína aftur til 3. umr. Ég get líka gengið inn á, að ef til vill sé réttara að skilgreina þetta atriði betur en gert er í till., og er það því bezt að hún bíði.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil þakka hv. n. fyrir það tillit, sem hún hefir tekið til aths. minna við 1. umr. þessa máls. Um a-lið 2. brtt. er það að segja, að þar hafa verið sett föst takmörk fyrir skyldum þeim, sem lagðar eru á ríkissjóð með þessu frv., en óneitanlega hefði verið æskilegra, að séð hefði verið fyrir tekjuauka til þess að standa undir

þeim skyldum. En látum þar við sitja; takmörkin eru betra en ekkert.

Haraldur Guðmundsson: Ég sé, að hv. n. hefir gert mjög litlar breyt. á frv. frá því, sem það var hér við 1. umr. Á það var bent við 1. umr., að tvísýnt þætti, hvort nokkur bót væri að þessu frv. Við nokkrir þm. höfum þrásinnis bent á aðrar leiðir til þess að létta bændum kreppuna, en þeim hefir ekki verið sinnt. Við 1. umr. benti ég á, að yrði frv. að lögum, þætti mér á vanta, að það næði til samvinnufélaga um útgerð. Samkv. frv. þessu nýtur útgerðarmaður, sem á ráð á 30 smálesta skipi, hlunninda, en þótt 19—20—30 sjómenn eigi sameiginlega ráð á 40 smálesta skipi eða skipum, ná lögin ekki til þeirra. Þetta er ranglæti mikið, og mun ég reyna hug hv. dm. til þess að bæta úr því, með því að bera fram skrifl. brtt. við 1. gr., svo hljóðandi: „Sama er um útgerðarsamvinnufélög sjómanna og verkafólks".

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en eins og það nú er býst ég ekki við, að það komi að því liði, sem ætlazt er til. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Seyðf., sem hljóðar svo:

„Við 1. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Sama er um útgerðarsamvinnufélög sjómanna og verkafólks".

Þar sem þessi brtt. er skrifl. og auk þess of seint fram komin, þarf að leita afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 426) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, hefi ég litið annað að segja en það, að ég lít ekki svo á, að með lánsheimildinni sé alveg tæmt, hvað ríkið eigi að gera, ef á þarf að halda, enda er þetta skýrt fram tekið í gr.

En hvað snertir brtt. þá, er hv. þm. Seyðf. var að koma með í þessum svifum, þá vildi ég mælast til, að hann frestaði atkvgr. um hana til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga hana. Það verður að fara varlega þegar verið er að gefa lög um mál, sem er óvanalegt; þess vegna verður að vanda sem bezt til þess og athugast vel áður en gengið er til atkv. Ég skil ekki, að hv. flm. sé það neitt kappsmál, að brtt. hans komi nú til atkv., og vona, að hann fallist á, að hún bíði til 3. umr. ásamt brtt. hv. 1. þm. Eyf.

Annars skil ég ekki vel, hvað hv. þm. Seyðf. átti við, þegar hann var að tala um félag útgerðarmanna. Mér skildist, að hann ætti við, að ef fleiri menn hefðu slegið sér saman, þá gætu þeir ekki komizt undir ákvæði 1. gr. En þar á hann við stórt félag með marga báta. En slík félög hafa fengið svo góða hjálp með ábyrgðum ríkis og bæjarfélaga, að þeim ætti ekki að vera hætta búin.

En sem sagt, ég skal heita því, að brtt. hv. þm. verði athuguð mjög gaumgæfilega fyrir 3. umr. Hvað snertir spádóma hv. þm. Seyðf. um, að frv. verði gagnslítið, þá ætla ég ekki að lengja umr. með því að fara að tala um það atriði nú; það var gert nokkuð við 1. umr. En einmitt það, að hv. þm. Seyðf. vill teygja lögin yfir víðara svið en n. ráðgerir, virðist sýna það, að hann telur ekki, að frv. muni verða gagnslaus, ef að lögum verður. Eins og ég tók þá fram, má ekki búast við geysiáhrifum af frv. En þótt það yrði aðeins til þess að róa og spekja þá, sem eiga hjá öðrum, og hina, sem skulda, þá er þó allmikið unnið.

Haraldur Guðmundsson: Ég get orðið við tilmælum hv. 2. þm. Skagf. um að geyma till. til 3. umr., ef hv. n. vill þá athuga hana.

Það er misskilningur hjá hv. þm., að ég gerði ráð fyrir, að samvinnufélög með minni skipatölu en í frv. greinir félli ekki undir ákvæði þess. Ég tók sem dæmi félag, sem ætti skip, sem t. d. væru samtals 35 smálestir brúttó að stærð, þá næðu lögin ekki til þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 358 og 426 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 341,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

3.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 341,2.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 341,2.b samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 341,3 (ný 18. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 425, 358, 426, 456, 475).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 475. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls, er mjög varhugavert að leggja út á þá braut að veita einstökum lánþegum innan þjóðfélagsins gjaldfrest án þess að jafnframt séu gerðar nokkrar ráðstafanir til þess að tryggja lánardrottna þeirra á neinn hátt, sem að sínu leyti kynnu að vera skuldunautar annara manna eða stofnana. Ég benti þá á, að í þessu er ekkert réttlæti fólgið. — Hinsvegar má segja, að skylt sé að gera tilraun til þess, að þessar ráðstafanir, sem ég fyrir mitt leyti vil viðurkenna, að séu á margan hátt nauðsynlegar, verði svo úr garði gerðar, að þær þurfi ekki að vera valdandi óþörfum truflunum í viðskiptalífinu, en slíkt mætti einmitt verða, ef í frv. væri jafnframt tekið tillit til þeirra manna og stofnana, sem lenda í greiðsluvandræðum fyrir þann gjaldfrest, sem skuldunautar þeirra fá samkv. frv.

Mér virðist nú að sumu leyti, að n. gæti fallizt á þetta, en hinsvegar treysti hún sér ekki til að ganga inn á þá till., sem ég lagði fyrir hana, og hefi ég fundið mig knúðan til að koma með þessa till. fyrir d., og hún er hér á þskj. 475. Hún gengur út á það, að lánsstofnanir, þar með talin verzlunarfyrirtæki, svo sem kaupfélög og kaupmenn, sem lenda í greiðsluörðugleikum vegna ákvæða þessara laga, séu meðan þessi lög eru í gildi, sem ætlazt er til, að sé í rúmt ár, vernduð fyrir því, að bú þeirra séu tekin til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum, ef skattaframtöl þeirra og efnahagsreikningar sýna, að þau eigi fyrir skuldum.

Hér er þess vegna fylgt sömu grundvallarstefnunni, sem í frv. er, sem sé þeirri, að þeir menn, sem gjaldfrestinn fá, séu ekki svo á vegi staddir, að sjálfsagt sé að gera þá gjaldþrota, heldur svo á vegi staddir, að þeir eigi fyrir skuldum. Mér virðist það vera réttlætiskrafa, að sá maður, sem verður fyrir aðgerðir löggjafarvaldsins að bíða eftir greiðslu frá náunga sínum, sé þá um leið með aðstoð sama valds verndaður frá því, að atvinnuvegur hans sé eyðilagður af þessum orsökum. Það er það, sem hér er farið fram á með þessari brtt.

Jón Ólafsson: Ég gat þess við 1. umr., að mér þætti mjög vafasamt, hvað langt ætti að ganga á þessu sviði, hvað margar atvinnugreinar ætti að draga undir þetta og hvað margir ættu að verða þessara hlunninda aðnjótandi. Ég hefi síðan athugað þetta frekar, og ég fyrir mitt leyti hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þar sem við göngum hér inn á alveg nýja braut, þá eigi ekki að byrja á því að gera þessar undanþágur svo víðtækar, að valdið geti óþægindum og vandræðum. Mér þykir sjálfsagt að byrja aðeins á því að gefa bændum þessi fríðindi, því að þeirra atvinnurekstur er fastur og breytist ekki mikið úr skorðum ár frá ári. En það er öðru máli að gegna með sjávarútveginn, þó vitanlega sé ekki hægt að segja annað en það, að sá atvinnuvegur þarf þess með, að liðlega sé farið að honum á þessum vandræðatímum. En það er svo með þennan atvinnurekstur, bátaútveginn, að hann hjarir nú aðeins á því trausti, sem hann hefir hjá hinum ýmsu kaupmönnum, sem hafa lánað til útgerðarinnar og komið henni af stað, a. m. k. þessa vertíð, sem nú stendur yfir. En nú vill löggjafarvaldið allt í einu taka í taumana, leysa bátaútvegsmenn undan því að greiða skuldir sínar. En hætt er við því, að þeir, sem hafa lánað þeim í ár, búist við, að hér verði ekki látið staðar numið, heldur þá og þegar skellt á þá þeirri kvöð, að þeir

geti ekki litið eftir skuldum sínum; þeir hafa enga heimild til þess. Það er reynsla fyrir því á þessum árum, sem yfir standa, að menn líta enn svo bjart á efnahag manna, eigur manna eru metnar svo hátt, að það virðist ekki ná nokkurri átt. Þeir, sem meta báta og veðgögn, sem sent er til lánsstofnananna, meta venjulega svo hátt, að ekki er hægt að fá einu sinni hálfvirði fyrir það á markaði. Þegar svo þessir sömu menn eiga að segja um það, hvort þessi og þessi maður á fyrir skuldum og hvort honum beri þar af leiðandi að verða aðnjótandi þessara hlunninda, þá er það svo sem auðvitað, að það verða flestir, ef ekki allir bátaútvegsmenn, sem eiga fyrir skuldum, ef mat þessara manna á að ráða, sem ég geri ráð fyrir að verði, jafnvel þó tekið sé fram í lögunum, að það eigi að vera það mat, sem lagt er til grundvallar fyrir skattaframtali. Ég er sannfærður um það, að þó menn séu búnir að hlaða á sig það miklum skuldum í lánsstofnunum og annarsstaðar, þá muni félagar þeirra hlífa sér við að dæma þá það lélega, að þeir ættu ekki fyrir skuldum og gætu þar af leiðandi ekki orðið þessara hlunninda aðnjótandi, sem lögin gera ráð fyrir. Það er ekki vafi á því, að svo mundi fara, að ekki er hægt að grípa til þeirra ráða, sem lánsstofnunum eru nauðsynleg, t. d. að hafa eftirlit með útistandandi skuldum. Ég býst við, að það yrði alveg ómögulegt. Og mér er nær að halda, að þó að menn kynnu að hafa nokkuð meira en þeir þyrftu til vaxtagreiðslu og gætu því innt af hendi einhverjar afborganir, þá mundu þeir skjóta sér undir þessi lagaákvæði.

Þá má benda á það, að sjávarútvegstæki, svo sem bátar, ganga afarmikið úr sér á ári hverju. Það þarf því að vera sérstakt eftirlit með viðhaldi báta. Ég vil endurtaka það um þennan atvinnuveg, að það er lánstraustið hjá kaupmönnum, sem hafa skaffað til útgerðarinnar, sem hefir haldið honum uppi. Ef þingið verður til að spilla því trausti, sem þeir hafa nú, með því að leggja þessar kvaðir á, þá er ég hræddur um, að það verði til þess að færa þessum atvinnuvegi mikla óhamingju. Því það veltur svo mikið á því, hvaða traust menn hafa á viðskiptamönnum sínum. Að öllu athuguðu sé ég ekki betur en að þessi lagaákvæði yrðu þessum atvinnuvegi frekar til óþæginda en ávinnings. Ég vildi ekki láta undan reka að koma fram með þessa till. í d., til þess að hv. dm. gæfist kostur á með atkv. sínu að láta í ljós skoðun sína um þessi atriði.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þessar 4 brtt., sem fyrir liggja við þessa umr., ganga ýmist út á það að víkka það svið, sem lög þessi eiga að ná til, eða þrengja það. Það er ekki nema eðlilegt, þegar verið er að búa til nýja löggjöf, að þá verði ágreiningur um það, hversu stórt eigi að vera verksvið slíkra laga. Ég skal í stuttu máli lýsa afstöðu landbn. til þessara brtt., og tek þá fyrst brtt. á þskj. 358, frá hv. 1. þm. Eyf. N. hefir ákveðið að mæla með þeirri till. Hún mun að sönnu stækka nokkuð það svið, sem lög þessi eiga að ná til, en n. fannst ekki rétt að útiloka þá, sem hafa meðfram atvinnu af öðru en landbúnaði og bátaútvegi, og mælir hún því með brtt.

Þá er brtt. frá hv. þm. Seyðf., um það, að lögin skuli ná til útgerðarsamvinnufélaga, sjómanna og verkafólks. N. sá ekki fært að mæla með þessu, því að ef útgerðarsamvinnufélög eru með, þá ætti eins að taka öll samvinnufélög, og það sá n. sér ekki fært og leggur því á móti þessari brtt.

Þá er það brtt. á þskj. 456, frá hv. 1. þm. Rang., um það að þrengja svo verksvið þessara laga, að þau nái ekki til bátaútvegsmanna. Ég held, að ég hafi tekið það fram við 1. umr. þessa máls, að það var ekki ákveðið í því frv., sem kom til landbn. frá búnaðarþinginu, að taka bátaútvegsmenn með. En það komu fram raddir í n. um það, að það væri sanngjarnt. Nú kemur hv. 1. þm. Rang. og telur, að þetta sé til ills eins fyrir þennan útveg, af því, skilst mér, að það geti orðið til þess, að lánardrottnar dragi sig til baka með ný lán, gangandi út frá því, að þessi lög muni verða framlengd síðar. Ég skal viðurkenna, að þetta getur komið fyrir. En náttúrlega var það ekki tilgangur n. að gera þessum útvegi illt, heldur þvert á móti. En ég segi fyrir mig, að það veikir mína sannfæringu fyrir

því, að þetta sé til hjálpar, þegar eins kunnugur maður og hv. 1. þm. Rang. telur, að þetta verði til ills eins. En aftur á móti vegur það mjög hjá mér, og ég held hjá öllum í n., að það sýnist eins og gert sé upp á milli þeirra, sem óneitanlega hafa að ýmsu leyti svipaða aðstöðu, ef þetta er fellt burt. Þess vegna varð það ofan á í n. að mæla ekki með því, að þessi brtt. verði samþ. N. vill þá heldur una því, að d. felli þetta burt, því að eins og ég tók fram, þá skilst mér, að erfitt sé að halda því fram, að hér sé ekki um sanngirnismál að ræða, en vitaskuld er það álitamál, hvort það er til hjálpar eða ekki, og um það vil ég, að hv. dm. skeri úr.

Svo er það till. frá hv. þm. Vestm. um talsvert mikla víkkun á starfssviði þessara laga. Það varð ofan á í n. að mæla ekki með þeirri till. En fyrir mig skal ég segja það, að mér finnst samræmis vegna, að verði brtt. hv. 1. þm. Rang. ekki samþ., þá sé ýmislegt, sem mæli með því, að till. hv. þm. Vestm. verði samþ. En verði aftur á móti brtt. þm. Rang. samþ., þá mun ég greiða atkv. móti till. hv. þm. Vestm. Ég segi þetta aðeins frá mínu brjósti, en frá n. hefi ég það að segja, að hún getur ekki fallizt á brtt. á þskj. 475.

Ég held svo, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Það kemur fram, sem auðvitað var strax í byrjun, að menn eru hræddir og hikandi, hvað langt eigi að fara og hvort nokkuð eigi að gera. En ég hygg, að n. sé á sömu skoðun og áður, að nauðsynlegt sé að fá lög um þetta efni. Að því er bændur snertir mun hún ekki hvika frá að halda því alveg föstu. Sama er að segja, hvað viðvíkur bátaútvegsmönnum. N. getur ekki fallizt á að fella það í burt, en hinsvegar er henni það ekki eins fast í hendi eins og með landbúnaðinn.

Pétur Ottesen: Um það leyti, sem landbn. var að undirbúa þetta mál, leitaði hún álits Landsbankans, Búnaðarbankans og S. Í. S. um það. Það kom svar frá Landsbankanum og frá Búnaðarbankanum löngu síðar, og lögðu þeir á móti því, að nokkuð væri gert í þessu efni. Skriflegt svar kom aldrei frá Sambandinu, en hinsvegar hafa menn þaðan talað við form. landbn. um þetta atriði, og þau skilaboð, sem n. fékk þannig frá Sambandinu, eru þau, að það er alveg á móti því frv., sem búnaðarþingið hafði samþ. og sent til landbn., en að það gæti gengið inn á það frv., sem n. hefir flutt. Hinsvegar var málið ekki sent til álits Útvegsbankans. Mér verður þess vegna fyrir að líta svo á, að þær brtt., sem hv. 1. þm. Rang. hefir flutt hér, og þau ummæli, sem hann hefir viðhaft hér í sambandi við þetta mál, sé nánast að skoða sem álit Útvegsbankans í þessu máli. Hann sneri sér sérstaklega að því, sem tekur til bátaútvegsmanna, og finnst mér það líka geta stutt það, að hér sé um álit Útvegsbankans að ræða, því að ég veit, að hans viðskipti eru meira við þá, sem sjávarútveg stunda, en landbúnað. Ég verð að segja það, að sú nauðsyn, sem það byggist á, að gripið sé til slíkra ráðstafana sem í frv. felast fyrir landbúnaðinn, er og engu síður fyrir hendi gagnvart bátaútveginum. Þar sem hér er farið inn á nýja braut, og engin reynsla er fyrir hendi um framkvæmd slíkra ákvæða, sem í frv. felast, þá var n. það alveg ljóst, að eigi var annað fært, líka hvað bátaútveginn snertir, en að miða framkvæmdirnar við nokkuð takmarkað svið. Þess vegna treysti n. sér ekki til að láta þetta ná til þeirra, sem hafa útgerð stærri báta en 30 smálesta. Það er einungis miðað við það, að takmarka sviðið sem mest, að n. gekk ekki lengra, en ekki af því, að henni væri ekki ljóst, að þeir, sem hafa útgerða stærri báta með höndum, gætu ekki þurft á þessu að halda, eða að ekki væri síður mikilsvert fyrir þjóðfélagið að gera eitthvað til að tryggja þeim mönnum, að þeir geti haldið áfram atvinnuvegi sínum.

Ég get ekki fallizt á þá rökfærslu hv. 1. þm. Rang., að þetta verði til skaða fyrir afkomu smábátaútvegsins. Ákvæði þessi samkv. frv. ná ekki til þeirra skulda, sem stofnaðar eru á þessu ári, einungis til þeirra, sem eru stofnaðar fyrir 1. jan. þ. á., og það er ekki ætlazt til, að l. séu í gildi nema eitt ár. Hitt er rétt, að ef ákvæði laganna verða framlengd, þá gæti einnig komið til álita, hvort þau ættu að ná til skulda, sem stofnaðar eru á þessu ári eða síðar, og ekki hefir ver-

ið staðið í fullum skilum með. En það fer vitanlega eftir þeirri reynslu, sem l. gefa á því eina ári, sem þau eiga að gilda, hvort þau verða framlengd eða ekki.

Þá hélt hv. 1. þm. Rang. því fram, að vegna ákvæða þessara laga hefðu lánsstofnanir ekki eins góð tök á að líta eftir því, að veðin gengju ekki úr sér. En þetta er vitanlega misskilningur og stafar eflaust af því, að hv. þm. hefir ekki athugað 10. gr. frv., en þar stendur, að skilanefnd sé óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hann er líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna. Það fer því að vísu mikið eftir því, hvernig tekst með val á skilanefndunum og hversu fer um störf þeirra, en ef það tekst vel, sem gera verður ráð fyrir, þá er í þessum ákvæðum fólgin full trygging fyrir því, að veð þau, sem lánardrottnar hafa, gangi ekki úr sér.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að ákvæði þessa frv. stæðu í vegi fyrir því, að hægt væri að taka báta, sem væru að veði fyrir lánum, úr höndum eigenda og færa þá yfir á aðrar hendur. Ég tel nú þetta ekki útilokað eftir frv. En vitanlega þarf það ekki að fara saman, að maður, sem einhverra hluta vegna hefir orðið ófær í bili að standa við skuldbindingar sínar á erfiðum tímum, sé fyrir það ófærari en aðrir að stjórna því atvinnufyrirtæki, er hann hefir með höndum. Ýms atvik og óhöpp geta orðið þessu valdandi, þótt ekki sé viðráðanlegum mistökum við atvinnureksturinn um að kenna. Það geta verið annarleg atvik, eins og t. d. kreppan núna, sem eru að koma atvinnuvegunum á kné.

Hvað bátaútveginn snertir, þá er báturinn hið sama fyrir útgerðarmanninn og bústofninn fyrir bændurna. Ef atvinnutækin eru af þeim tekin, þá eru þeir þar með gerðir ófærir til að standa síðar við skuldbindingar sínar, og sá atvinnurekstur af þeim tekinn, sem er sjálfum þeim til lífsbjargar og til uppbyggingar fyrir þjóðfélagið.

Það hefir ekkert það komið fram hjá hv. 1. þm. Rang., sem afsannar, að smábátaútgerðin eigi einnig að njóta þeirra hlunninda, sem frv. þetta skapar. Og það hefir heldur ekkert það komið fram hjá honum, er sanni, að það sé hættulegt. Það má að vísu segja, að ákvæðin geti valdið nokkurri tortryggni fyrir lánsstofnanir, en meiningin með þessu er, að atvinnuvegirnir geti haldið áfram, ef þeir menn, sem komast undir ákvæði þessara laga, eru líklegir til þess að halda uppi atvinnurekstrinum síðar. Hér er úr brýnni þörf að bæta, þegar að steðja slík vandræði sem nú.

Ég vænti, að hv. deild geti fallizt á, að þörfin sé jafnbrýn báðum þeim aðiljum, er ákvæði frv. ná til eins og það er nú, og geti fallizt á till. landbn. um það.

Jón Ólafsson: Ég bjóst svo sem ekki við, að ég mundi breyta áliti hv. landbn. með því, sem ég sagði. Ég ætlaði mér vissulega ekki þá dul, að það mundi hafa áhrif á álit sumra manna hér í hv. deild. En ég vildi láta það koma fram, út af orðum, sem fallið hafa, að það er mitt eigið álit, sem ég fer hér með, en ekki þess banka, sem ég starfa við. Hann hefir ekkert álit látið uppi, af þeirri ástæðu, að til hans hefir ekki verið leitað. Hér er um vandræðaráðstöfun að ræða, eins og reyndar allir viðurkenna, sem líka getur leitt til vandræða. En af því að mér er það enn eigi fullljóst, hve miklum vandræðum það getur valdið, þá vil ég fara hægt af stað, meðan enn er eigi séð, hvað víðtæk áhrif þessi ákvæði hafa, svo að þau valdi ekki meiri truflun en þörf er á.

Ég endurtek það, að ég er alveg viss um það, að þegar þetta einu sinni er komið á, þá verður það framlengt ár frá ári, því að það er líka alveg víst, að við erum ekki komnir í botn á vandræðunum ennþá, og sízt á þessu ári. Verður þá ekki hægt að hætta, ef komið er inn á þessa braut. En afleiðingin af því, að búið er að festa hinar gömlu skuldir, er sú, að miklu harðara verður að þeim skuldum gengið, sem stofnaðar eru á þessu ári. Það er enginn vafi á því, að harðara verður gengið að þeim skuldum, sem hægt er að að ganga. Því er ekki hægt að neita.

Hv. þm. Borgf. var að tala um það, að 10. gr. frv. tryggði það, að öllum veðum yrði vel við haldið. Þar væri svo sem engin hætta á, að ekki yrði allt í bezta lagi. Ég veit nú ekki, hvort hv. þm. Borgf. er eins kunnugur þessum vottorðum og

ég, sem gefin eru þeim mönnum, sem lán þurfa að taka. Ef hann væri það, þá vissi hann líka, hve ábyggileg þau vottorð eru, sem gefin eru af góðum vinum þess, sem lán þarf að taka, og sem einatt eru miðuð við þá upphæð, sem lántakandi þarf að fá. Ég segi það, að ég vil ekki treysta slíkum vottorðum. Einmitt vegna slíkra vottorða hefir afarmikið fé tapazt. Þegar litið er til 9. gr. frv., þá sést, að skilanefnd og atvmrn. eru hinn eini réttur, sem tekið er tillit til. Þeir, sem lánað hafa, hafa ekkert að segja um þetta. En ég tel það þó mikið atriði og eiginlega óhjákvæmilegt, að lánþegar hafi nokkurn hita af lánardrottnum sínum. En þegar skuldunautarnir eru komnir undir slíka lagavernd, sem hér er gert ráð fyrir, þá verður þeim ef til vill sama, hvernig fer úr því, og gæta þess miður að standa við skuldbindingar sínar og halda við eignum sínum eftir að þeir hafa fengið vottorðið. Er því hætt við því, að ekki komi allir þeir aurar til skila, sem annars hefðu getað komið. Það má nú segja, að með þessu frv. sé verið að tryggja sjávarútveginum, eða hinum smærri hluta hans, að ekki verði gengið að bátaeigendum, ef þeir teljast eiga fyrir skuldum, eru líklegir til þess að svara vöxtum af skuldum sínum og að geta haldið sínum útveg. Þá verði þeim veittur greiðslufrestur á lánum. En ég held, að það hafi nú verið venja lánsstofnananna að ganga ekki að skuldunautum sínum fyrr en í fulla hnefana. Dæmin eru mörg um það, að það hafi verið gert allt of seint, en aldrei of snemma. Og þegar þetta er skoðað nákvæmlega, þá verða þessi ákvæði aðeins skjól fyrir þá, sem haga sér verr en skyldi. Hv. þm. Borgf. þarf þó ekki að halda, að ég sé að mæla á móti því, að þetta verði reynt hvað landbúnaðinn snertir. En ég vil fara varlega af stað í þessu. Og ég hefi viljað lýsa því, hvernig ég er hræddur um, að þetta verki. Ég er hræddur um, að það skerði lánstraust þeirra, sem undir lögin heyra, bæði eins og annars. Og það er ekki af neinum illvilja gert, að ég ber fram brtt. mína, heldur af því, að ég tel, að bátaútvegurinn hafi illt eitt af því að komast undir þessi ákvæði. Vil ég því ráða hv. deild til að samþ. brtt. mína.

Bernharð Stefánsson: Ég hefi áður gert grein fyrir brtt. minni á þskj. 358 og stend því upp til að þakka hv. landbn. fyrir það, að hún mælir með henni.

Annars vil ég segja það um frv., að þótt ég greiði því atkv. í þeirri von, að það geti orðið einhverjum að gagni undir sérstökum kringumstæðum, þá er þó sú skoðun mín óbreytt, sem ég lét í ljós við 1. umr. frv., að ég efast um, að þetta frv. komi að almennu gagni, þó að samþ. verði. Ég fylgi því aðeins fyrir þá sök, að það virðist vera hið eina, sem hægt er að gera eins og nú er ástatt. Ég benti á það við 1. umr., að yfirleitt væri ekki gengið að skuldum eins og nú stendur. En það er ekki fyrr en gengið er að höfuðstólnum, sem þetta bjargar. Bændur munu nú vera erfiðast staddir vegna þeirra greiðslna, sem frv. nær ekki til, en það eru vextir af skuldum og ýms opinber gjöld, einkum sveitargjöld.

Ég veit að vísu, að ekki þýðir um þetta að tala. Ástandið batnar ekki við það. En ég gat þó ekki látið hjá líða að benda á það, að frá mínu sjónarmiði er hér ekki um neitt bjargráð að ræða, nema þá fyrir sárfáa einstaklinga. Hinsvegar er rétt, úr því þessi lög eru sett, að þeir menn, sem samkv. minni till. eiga að komast undir ákvæði l., verði einnig aðnjótandi þeirra hlunninda, ef nokkur eru, sem þau hafa að bjóða. Hefir hv. landbn. sýnt velvilja með því að fallast á brtt. mína.

Bjarni Ásgeirsson: Ég kemst í vanda með að greiða atkv. um þau ákvæði frv., er snerta bátaútveginn, þegar maður, er hefir jafnmikla þekkingu á þessum málum og hv. 1. þm. Rang., hefir lagzt jafneindregið gegn því, að ákvæði þessa frv. séu látin ná til sjávarútvegsins. En þótt ég meti mikils þá þekkingu, sem hv. 1. þm. Rang. hefir á þessu, þá get ég samt ekki metið minna skoðun þeirra manna, sem nánasta þekkingu hafa á þeirri grein útvegsins, smábátaútgerðinni, sem hér er um að ræða. Þegar frv. þetta lá fyrir landbn. og var þar í smíðum, kom till. frá hv. 1. þm. S.-M., þar sem hann lagði til, að bátaútvegurinn væri tekinn með. Samskonar tilmæli komu frá hv. þm. Borgf., sem telja verður fulltrúa bæði fyrir landbúnaðinn og líka smábátaút-

veginn. Ég verð því að segja, að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með brtt. hv. 1. þm. Rang., gegn till. og yfirlýstum vilja þeirra hv. þm., er ég nefndi, og sem verður að telja eigi síður kunnuga bátaútveginum en hv. 1. þm. Rang. Býst ég því við að greiða atkv. móti brtt. hans.

Ég vil leyfa mér að leiðrétta ummæli hv. þm. Borgf., þau, sem hann viðhafði um afstöðu bankanna og Sambands ísl. samvinnufélaga til þessa frv. Það var álit okkar, að þessir þrír aðilar, Búnaðarbankinn, Landsbankinn og S. Í. S., ættu mest í húfi gagnvart þessu frv. að því er landbúnaðinn snerti. Við óskuðum því eftir áliti þeirra. — Búnaðarbankinn sendi álit sitt og gerði till. til breyt., sem landbn. tók til greina. Landsbankinn lagði á móti frv. Sambandið sendi ekki skriflegt álit. En ég átti tal við forstjórann og lagði fyrir hann bæði frv. búnaðarþings og frv. landbn. eins og það var þá. Það var ekki rétt, að S. Í. S. hefði lagt á móti frv. sem heild, heldur gerði það aths. við einstök atriði, sem svo voru tekin til greina af landbn. Er því ekki rétt, að S. Í. S. sé á móti frv. eins og það er nú, heldur er það því sammála.

Forstjóri S. Í. S. spurði mig að því, hvort ég óskaði eftir skriflegu áliti frá þeim. Ég áleit ekki þörf á því. Kvaðst geta skilað þessu til landbn.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég orðaði það við hv. frsm. landbn., að atkvgr. yrði frestað. Hann tók vel í það. Ég bjóst því við, að hann myndi óska þess. Ég hygg, að þetta sé nokkuð almenn ósk þdm. Ætti það ekki að tefja málið svo neinu næmi. Ástæðan fyrir því, að þessa er óskað, er nýlega fram komnar brtt., sem þdm. hafa enn ekki áttað sig á.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er rétt, að hv. þm. G.-K. kom til mín, er umr. voru að enda, og fór þess á leit, að atkvgr. væri frestað. Ég er fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að það sé gert, ef frv. verður tekið fyrir sem fyrsta mál á föstudag og atkvgr. þá lokið.

Forseti (JörB): Ég mun verða við þeirri ósk, að taka málið út af dagskrá nú og fresta atkvgr. Málið verður tekið á dagskrá á föstudag sem 1. mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 358 samþ. með 15:1 atkv.
— 426 felld með 13:7 atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Væri ekki réttara að bera fyrst upp brtt. 456, því að sumir myndu e. t. v. greiða atkv. með þessari (426), ef hin félli?

Forseti (JörB): Ég álít réttara að bera þessa brtt. fyrst upp, því að hún er víðtækari, færir starfssviðið út.

Brtt. 456,1.a felld með 16:4 atkv.
— 456,1.b—3 teknar aftur.
— 475 samþ. með 14:8 atkv.
Frv., svo breytt., samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 492).

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. og 76. fundi í Ed., 13. og 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 18. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 492, n. 702, 754).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 754. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þegar þetta mál var lagt fram til 1. umr., þá var ekkert um það rætt. Mér finnst því varla verða hjá því komizt að fara nokkrum orðum um málið almennt nú, þótt

þingsköp ætlist ekki til þess við 2. umr.

Það er öllum landsmönnum kunnugt, að hér sem annarsstaðar er skollin yfir ægileg viðskiptakreppa. Sú viðskiptakreppa hefir komið að okkur Íslendingum óvörum og óviðbúnum, bæði ríkinu sjálfu og einstaklingunum. Til þess liggja eðlilegar ástæður. Á undanförnum áratugum hafa landsmenn verið önnum kafnir við að koma af lífsnauðsynlegum framkvæmdum. Bændur hafa varið of fjár til að rækta og byggja landið. Hið opinbera hefir hlúð að því með lagasetningu og fjárframlögum. Landsmenn hafa verið í vorhug. Þeir hafa verið ákveðnir í því að hefjast alvarlega handa um að vinna þau verk, er vinna þarf, bæði vegna nútíðar og framtíðar, en hafa verið látin ósunnin allt fram að byrjun þessarar aldar. En í mesta annríkinu skellur kreppan yfir, ekki ólíkt og stórhríð í júnímánuði. Það er svo skammt síðan kreppan skall yfir, að ekki eru til opinberar skýrslur um tjón það, er af henni hefir hlotizt. Þeir menn, er bezta hafa aðstöðu til að vita um slíkt, telja, að vörur landbænda hafi fallið í verði um 40—50%, og sú upphæð, sem þannig er horfin úr árlegri viðskiptaveltu þeirra bænda, er sauðfjárbúskap stunda, mun nema nálega 6 millj. kr. Allir sjá, hvílíkt tjón þetta er fyrir atvinnuveg, sem ekki hefir stærri viðskiptaveltu en íslenzkur landbúnaður. Erfiðleikarnir á að standa undir árlegum greiðslum eru auðsæir. Ofan á þenna bætist svo það, að við verðfallið hefir efnahag manna hnignað mjög, eins og sést t. d. með því að athuga verðlag á búpeningi nú og áður. Við það hefir ekki aðeins þeim, er áður voru illa staðir, stórum hrakað, heldur hafa einnig þeir, er áður áttu allmikið umfram skuldir, komizt niður í núll, eða enn neðar.

Tildrög þessa frv. er að rekja til ríkisstj. og stj. Búnaðarfélagsins. Upphaflega var það samið af búnaðarþinginu, en síðan endursamið af landbn. Nd., og hygg ég, að þar hafi átt drýgstan hlut að málum hv. 2. þm. Skagf. Í Nd. hlaut frv. góðar undirtektir og var það afgr. þaðan með aðeins einu mótatkvæði.

Ég skal nú með fáum orðum gera nánari grein fyrir frv. í einstökum atriðum.

Samkv. 1. gr. er ætlazt til, að þeir, sem landbúnað stunda eða útgerð báta minni en 30 smálesta, skuli eiga kost á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum frv.

Í 2. gr. er svo frá því sagt, hvernig þessu skuli hagað. Í hverri sýslu og hverjum kaupstað á að velja 3 manna skilanefnd, og eru tveir nm. kosnir af sýslunefnd eða bæjarstj., en atvmrh. skipar formann nefndarinnar.

Í 3. gr. er frá því greint, að þeir, er telja sig ekki geta staðið í skilum með innkrafðar afborganir skulda, geti snúið sér til skilanefndar og látið hana taka málið til meðferðar.

Í næstu gr. er svo ákveðið, hvernig skilanefnd skuli haga sínum vinnubrögðum, og er skemmst af að segja, að hún á fyrst að leitast við að koma á frjálsu samkomulagi milli lánardrottna og skuldunauts. Ef það tekst ekki, hefir skilanefnd bæði rétt og skyldu til að ákveða sjálf um meðferð ákveðinna skulda skuldunauts. Þó getur skilanefnd ekki gefið tilslakanir á opinberum gjöldum, skuldum, sem stofnaðar eru á yfirstandandi ári, eða vaxtagreiðslum.

Nú eru það engan veginn allir, sem komizt geta að þessum kjörum. Í 10. gr. greinir, hverjir ekki geta komið til greina. Það eru í fyrsta lagi þeir, sem ætla má, að geti sjálfir staðið straum af skuldbindingum sínum án þess að bíða verulegan hnekki. Í öðru lagi þeir, sem líklegir eru til að nota frestinn til að rýra tryggingar lánardrottna sinna. Í þriðja lagi þeir, sem búa við svo erfiðar ástæður, að ekki séu líkur til, að þeir geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði. Og loks í fjórða lagi þeir, sem ekki teljast eiga fyrir skuldum.

Í 12. gr. er það ákveðið, að skilanefnd megi ekki úrskurða lengri greiðslufrest en 1 ár frá úrskurðardegi.

Loks er svo ákveðið í 16. gr., að ef lögin valda þeim lánsstofnunum, er gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra, þá megi ríkið taka lán til að hlaupa þar undir bagga með þeim, er greiðslufrest fá, og endurborgist af þeim þannig, að ríkið sé skaðlaust af. Í niðurlagi gr. er ákvæði um, að aðrar lánsstofnanir, þar með talin verzlunarfyrirtæki, sem lenda í greiðsluörðugleikum

vegna laganna, verði ekki tekin til gjaldþrotameðferðar að þeim nauðugum meðan lögin eru í gildi, ef þau teljast eiga fyrir skuldum.

Að síðustu er í 18. gr. ákveðið, að kostnaðurinn við framkvæmd laganna sé greiddur úr ríkissjóði og bæjar- eða sýslusjóði, að hálfu úr hvorum.

Ég hefi nú lýst efni frv. í fáum orðum. Í n. hefir ekki náðst fullt samkomulag um frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ., en minni hl., hv. 4. landsk., mun tæplega sjá sér fært að leggja það til. Annars mun hann sjálfur gera grein fyrir skoðun sinni.

Frá minu sjónarmiði séð getur frv. orðið að talsverðu gagni. Það er ljóst, að það er engin fullnaðarlausn á vandræðunum, en mér skilst, að það ætti að geta orðið að nokkru liði. Fyrst og fremst verður það skoðað sem tilraun til að hjálpa mönnum, og verður því til þess að halda kjarkinum uppi. Þá má búast við, að lánardrottnar gangi vægara að mönnum, þegar kostur er á að fá greiðslufrest samkv. slíkum lögum. Mér blandast ekki hugur um, að tímar sem þessir eru afaróhentugir til að innheimta skuldir fyrir báða aðila. Það er vitanlegt, að þó menn geti ekki fengið nema lítinn hluta skuldar greiddan á tímum eins og þessum, þá getur hún fengizt öll þegar um hægist. Og almennt er það viðurkennt, að íslenzkir bændur séu skilvísir. — Í þriðja lagi má gera ráð fyrir því, að það gæti komið sér vel fyrir báða aðila, að skilanefnd gengi í mál þeirra og leitaði samkomulags með þeim um gjaldfrest eða ákvæði hann. Og loks í fjórða lagi ætti allmikil hjálp að verða að 16. gr. bæði fyrir lánsstofnanirnar og skuldunauta.

Um niðurlag 16. gr. er það að segja, að það kom inn í frv. við 3. umr. þess í Nd. Í fljótu bragði mætti líta svo á, að það væri réttlátt. En þegar nánar er að gáð, held ég, að þess sé tæpast þörf. Ég held, að kaupmenn og kaupfélög þurfi ekki að búast við og geti ekki búizt við, að gamlar skuldir verði afborgaðar í þessu árferði. Ég held, að verzlanir geri sér ekki von um og ætlist ekki til, að menn greiði meira en ársúttekt sína og vexti af gömlu skuldunum. Ég held því, að þetta ákvæði sé þess eðlis, að ekki sé rétt að leiða það í lög. Samkv. þessu hefir n. því lagt til, að síðari málsgr. 16. gr. falli niður.

Læt ég svo útrætt að þessu sinni um málið.

Pétur Magnússon: Ég hefi ekki treyst mér til að fylgja samnm. mínum um afgreiðslu þessa máls. Þeir leggja til, að frv. verði samþ. með einni fremur lítilsháttar breyt., en ég hefi ekki séð mér fært að stuðla að framgangi málsins að svo stöddu. Þykir mér að vísu ekki skemmtilegt að þurfa að setja mig í andstöðu við þetta mál, sem ég þykist vita, að öfáir geri sér miklar vonir um, en mér er það ljóst, að löggjafarstarfsemin má ekki verða að tilfinningamálum, heldur á róleg yfirvegun þar að ráða. Sé miðað við raunverulega hagsmuni, en ekki ímyndaða hagsmuni, og sá mælikvarði lagður á þetta frv., efast ég ekki um það, að ég stend ekki einn uppi með þá skoðun, að vafasamt sé að gera þetta frv. að l. Efni þess er í stuttu máli það að veita þeim, sem stunda landbúnað eða útgerð báta, sem ekki eru yfir 30 smálestir að stærð brúttó, skuldagreiðslufrest, eftir nánari ákvæðum frv., sem ég skal ekki þreyta hv. d. með því að taka upp, af því að hv. frsm. hefir gert það svo rækilega. Lét hv. frsm. svo um mælt, að hugmyndin að þessu frv. væri komin frá ríkisstj. eða stj. Búnaðarfélagsins, og væri frv. samið af síðasta búnaðarþingi. Er það rétt, að frv. var samið á síðasta búnaðarþingi, en því fer fjarri, að hugmyndin sé frá ríkisstj. eða stj. Búnaðarfélagsins, því að eins og kunnugt er höfðu Danir á prjónunum fyrr í vetur frv. um líkt efni og hér liggur fyrir, en munurinn er aðeins sá, að þeir virðast nú fallnir frá að lögfesta þetta fyrirkomulag, en hér er helzt útlit fyrir, að það komist á, og er þó viðskiptakreppan þar í landi miklu meiri en hún er hér, og atvinnuvegir Dana, og þó sérstaklega landbúnaðurinn, í miklu hroðalegra öngþveiti en hér hjá okkur. Má og segja, að við séum nú á fyrsta ári kreppunnar, en í Danmörku er kreppan a. m. k. 2 ára gömul, og þótt viðskiptaörðugleikarnir séu þegar orðnir allmiklir hér á þessu fyrsta kreppuári, höfum við samt haft 4 góðæri samfleytt á undan því.

Og ef nauðsynlegt er vegna þessara viðskiptaörðugleika, sem ég þó engan veginn vil gera lítið úr, að grípa til svo róttækra ráðstafana eins og hér er um að ræða, er ég hræddur um, að sú saga endurtaki sig nokkuð oft. Þótt fjárhagsörðugleikarnir séu miklir og erfitt að reisa rönd við, verður og að gæta þess, að taka ekki á málunum með of mikilli vanstillingu, heldur reyna að forðast þær ráðstafanir, sem geta valdið alvarlegum truflunum í viðskiptalífi þjóðarinnar. Og það er einnig víst, að ekki verður bætt úr kreppunni með því að reyna að flýja undan henni, eins og hér er verið að gera. Ég óttast, að þessar ráðstafanir geti haft hinar alvarlegustu truflanir í för með sér fyrir viðskiptalífið í landinu, þar sem löggjöfin fer hér inn á þá braut að rifta lögmætum skuldbindingum og gerðum samningum, og menn þannig með beinum lagaákvæðum eru leystir undan þeim skuldbindingum, sem þeir hafa tekið á sig, því að þegar farið er inn á þessa braut á annað borð, er ekki gott að segja um það fyrirfram, hvar numið verður staðar á henni.

Með ákvæðum þessa frv. er kröfuréttindunum sköpuð nokkur sérstaða innan fjárréttindanna, og eru þau sett skör lægra en önnur fjárréttindi, að því leyti, sem ekki er ætlazt til, að þau njóti sömu réttarverndar. Þegar svo er komið, er ekki óeðlilegt, þótt maður hugsi sér þann möguleika, að menn forðuðust að verja fjármunum sínum á þennan hátt, sem í senn veitir minni réttarvernd og auk þess getur svipt eigendurna öllum ráðstöfunarrétti yfir fjármununum. Ég játa það, að æskilegt væri að geta dregið úr skuldaskiptunum, sem eru orðin allt of víðtæk, en það er ekki rétt, að gera það svo, að veikja um leið trúna á réttarlegt öryggi kröfuréttindanna, og gæti enda komið niður á þeim viðskiptum, sem sízt skyldi. Það er ekki fært að gera slíkar ráðstafanir sem þessar, nema með öruggri sannfæringu um það, að þetta komi að almennum notum, því að til slíkra úrræða má alls ekki grípa, þótt nokkrir einstaklingar innan þjóðfélagsins kunni að hafa stundarhagnað af. Það eina, sem getur réttlætt slíkar ráðstafanir sem þessar, er sú sannfæring, að þetta komi að almennum notum fyrir þjóðina, og er því rétt að athuga það, hversu miklar líkur eru til þess, að svo geti orðið.

Samkv. 1. gr. frv. er það ekki nema takmarkaður flokkur manna, sem verður aðnjótandi þessara hlunninda: „Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu eða útgerð báta, sem eru 30 brúttó smálesta að stærð samtals eða minna". — Ekki verður það þó vefengt, að fleiri hafa orðið fyrir barðinu á yfirstandandi viðskiptakreppu en þessar tvær stéttir manna. Við þekkjum allir, hversu atvinnuleysið kreppir nú að verkalýðnum, og hversu mjög peningaeklan háir verzlun og iðnaði og skapar atvinnuleysi innan þessara stétta, og svo mætti lengi telja. Alstaðar kemur kreppan við á einn eða annan hátt. Það er því ljóst, að ekki tekur þetta bjargræði til allra þeirra stétta, sem ef til vill hefðu þess not. En ef hinsvegar gera má ráð fyrir, að mikill hl. þeirra stétta, sem ákvæði frv. taka til, geti haft þeirra not, er ástæða til að taka það til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sé rétt að grípa til þessara ráða. — Má þó hinsvegar benda á það í þessu sambandi, hversu mikið ranglæti þessi löggjöf getur skapað. Hugsum okkur það dæmi, að maður, sem stundar búskap eða bátaútveg, selji bú sitt eða útgerð og flytji í kaupstað, þar sem hann ver fjármunum sínum í einhvern atvinnurekstur. Hugsum okkur ennfremur, að maðurinn hafi selt útgerð sína eða bú upp á lán til lengri eða skemmri tíma og að fé hans standi þannig fast í skuldabréfum, en sjálfur hafi hann hinsvegar tekið lán til atvinnurekstrar síns og hagað afborgunum af því í samræmi við það, að skuldunautur hans sjálfs stæði í skilum. En þá kemur löggjöfin til skjalanna og leysir skuldunaut þessa manns undan skuldbindingum sínum, án þess þó að mæla honum sjálfum úr sama hnefa. Kröfuhafinn stendur uppi varnarlaus, verður að standa við sínar skuldbindingar, en getur það ekki, af því að annar er leystur undan skuldbindingum við hann, og er þannig gerður að öreiga fyrir atbeina þessara l. Slíkri löggjöf verður ekki valið réttlætisnafn.

Þá kem ég að hinu, að það er ekki nema takmarkaður hl. af þeim 2 stéttum, sem þessi sérréttindi eru sköpuð fyrir,

sem verður þessara hagsbóta aðnjótandi. Er þess fyrst að gæta, að ákvæðum þessara l. verður aðeins beitt um takmarkaðan hl. af kröfum, því að gjaldfresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Verður að vísu erfitt að gera greinarmun á því, hverjar skuldir eru stofnaðar af þessum ástæðum sérstaklega og hverjar af öðrum ástæðum, en hér skiptir þó meira máli, að það er aðeins höfuðstóll skuldanna, sem ákvæði frv. ná til. Meðan þessir viðskiptaörðugleikar standa yfir verða það undantekningar, ef lánsstofnanir eða einstaklingar ganga að höfuðstól skulda. Opinberar stofnanir munu sýna hina fyllstu tilhliðrunarsemi í þessum efnum. Og sama er að segja um einstaklinga. Það munu ekki vera nema undantekningartilfelli, þar sem sérstaklega stendur á, að einstaklingar gangi hart eftir skuldum sínum, og gera menn þetta sjálfra sín vegna, ef ekki vegna skuldunautanna, því að eins og stendur er ekki glæsilegt að setja verðmæti á uppboð. Er lítið í þau boðið og hætt við, að kröfuhafinn tapi þannig meira eða minna af kröfum sínum. Ákvæði frv. koma því lítið til framkvæmda í raun og veru.

Þá kem ég að þeim takmörkunum, sem 10. gr. setur fyrir því, að skuldunautur geti komizt undir ákvæði l. Kveður þar svo á, að skilan. megi ekki úrskurða skuldunauti frest á afborgunum af skuld hans, ef hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis fyrir atvinnu sína, eða ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði, og loks, ef hann á ekki fyrir skuldum samkv. framtali til tekju- og eignarskatts. — Vil ég segja það, að þeir menn, sem eiga fyrir skuldum eftir þá uppgerð, sem hér er lögð til grundvallar, munu í flestum tilfellum komast frá því að greiða skuldbindingar sínar, en hinir, sem ekki eiga fyrir skuldum eftir slíka uppgerð, munu hinsvegar þurfa á þessum greiðslufresti að halda. Sýnist þetta benda til þess, að ákvæði l. muni ekki koma að almennum notum, og í hæsta lagi verða til hagsbóta fyrir einstaka menn.

Þá þykja mér ákvæði 11. gr. mjög varhugaverð, en þar er talað um, að skilan. geti úrskurðað skuldunauti, ef hann fullnægir vissum skilyrðum að hennar dómi, frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu sína. Er ég hræddur um, að þetta verði vandasamt verk fyrir skilan., sem þannig eiga að greina á milli, hverjar afborganir skuldunauturinn getur innt af höndum, og hverjar ekki, og hætt við, að þeim gangi erfiðlega að gera svo öllum líki í þessum efnum, enda yrði að gera kröfu til þess, að afborganirnar skiptust jafnt á milli kreditoranna, og eðlilegt, að það yrði illa séð, ef einstakir kreditorar fengju allar afborganir greiddar, en aðrir engar.

Um 16. gr. skal ég ekki fara mörgum orðum. N. er sammála um að fella þar niður síðari málsgr., enda nær það vitanlega engri átt að fara að löghelga verknað, sem þung refsing liggur við samkv. hegningarl.

Síðasta gr. frv. kveður svo á, að þessi l. skuli gilda til 1. júlí 1933. Þykir mér menn vera allbjartsýnir, ef þeir búast við því, að svo hafi rætzt úr fjárhagsástandinu eftir eitt ár, að l. megi þá falla niður, ef nauðsynleg eru á annað borð, enda er ég sannfærður um það, að ef farið verður inn á þessa braut, verður óhjákvæmilega að framlengja l., því að ella verða menn aðeins verr settir en áður, og ekki annað á minnzt en að þeim hefir safnazt stærri skuldabyrði, sem lendir þyngra á þeim á eftir.

Ég þykist þá hafa gert nokkra grein fyrir því, að ekki séu miklar líkur til, að þessi l. muni koma að almennu gagni. Ég þykist ennfremur hafa fært rök fyrir því, að hér sé um svo óvenjulega leið að ræða og varhugaverða, vegna þeirra réttarskerðinga, sem í frv. felast, að ekki megi út á hana leggja nema af knýjandi nauðsyn og óræk rök komi fram fyrir því, að slík ákvæði séu ekki aðeins einstökum mönnum til hagsbóta, heldur komi að almennu gagni. Af þessum ástæðum hefi ég og ekki getað lið frv. fylgi mitt. Hinsvegar efast ég ekki um það, að þeir, sem að þessu máli standa, gera það af góðum hug, og þar sem þeir

eru vafalaust margir, sem gera sér vonir um, að þetta megi koma að gagni, hefi ég ekki farið þá leið að leggja til, að frv. verði fellt, en vil leyfa mér að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá í málinu:

„Í því trausti, að ríkisstj. stuðli að því, eftir föngum, að opinberar lánsstofnanir gefi skuldunautum sínum greiðslufrest, svo sem frekast þykir fært, meðan núverandi fjárhagsvandræði haldast, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Mér þykir ekki óhugsanlegt, að ef á þarf að halda, hafi stj. aðstöðu til þess að vinna að því, að opinberar lánsstofnanir sýni eins mikið langlundargeð og hægt er í þessum efnum og gangi ekki að mönnum, nema í brýnustu nauðsyn. Ég geri heldur ekki ráð fyrir því, að á þessu ári verði almennt gengið að skuldum frá síðasta ári. Ég held, að flestar lánsstofnanir muni láta þetta liggja á hillunni til næstu áramóta og muni ekki ganga að skuldum, sem í vanskilum eru og ekki eru eldri en frá síðasta ári. Ef dagskrártill. mín yrði samþ. og stj. beitti áhrifum sínum í þessa átt, mundi þannig raunverulega nást hið sama og fengist með samþykkt frv., en munurinn yrði þó sá, að þingið losaðist við að skjóta þjóðinni skelk í bringu, eins og gert mundi með því að samþ. þetta óvenjulega frv., sem hér er um að ræða.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er sjálfsagt ekki undarlegt, þó að skoðanir séu skiptar út af þeirri löggjöf, sem hér er á ferðinni, og þótt margir álíti, að þörf sé að athuga sinn gang, áður en farið er inn á þá braut að setja slíka löggjöf sem þessa. Og það er sízt að undra, þó að maður eins og hv. 4. landsk., sem ber betra skyn á þessa hluti en margir aðrir, sökum starfs síns við eina af peningastofnunum landsins, hafi sérstaklega opin augu fyrir þessu. Gagnrýni hv. 4. landsk. á frv. hefir leitt hann að þeirri niðurstöðu að bera fram rökst. dagskrá í málinu, sem að vísu sýnir velvildarhug hv. þm. til aðalstefnu frv., en vísar þó málinu frá. Kemur þetta ekki á óvart frá manni í hans stöðu, eins og ég tók fram, og þótt ég sé ekki samþykkur öllum þeim aths., sem hv. þm. gerði við frv., skal ég ekki neita því, að bak við þær liggur mikil athugun á málinu, auk þess sem þær voru fluttar af mikill hógværð.

Út af því, að hv. 4. landsk. sagði, að þessi löggjöf væri svo róttæk og mundi hafa svo víðtækar afleiðingar, að ekki mætti grípa til þessara ráðstafana nema sérstaklega stæði á og óumflýjanlegt væri að gera slíkt, vil ég segja það, að sú er einmitt hin sama hugsun, sem vakir fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, en munurinn er aðeins sá, að hv. 4. landsk. álítur ekki nauðsynlegt að stiga þessi spor, en aðrir álíta, að aðstaðan sé svo erfið og ástandið svo illt viðureignar, að það beri að gera þessa tilraun til að létta undir með mönnum í örðugleikunum. Vil ég í þessu sambandi minna á það, eins og hv. 4. landsk. líka kom inn á, að mikill og merkilegur aðdragandi liggur að þessari löggjöf. Frv. fór gegnum búnaðarþingið, og það frv., sem þaðan kom, var ekki í sama formi og þetta frv. Að því frv. stóðu allir fulltrúar landbúnaðarins, sem voru á búnaðarþinginu. Svo fór frv. til landbn. Nd., og þar var einnig samhuga ósk allra nm., að slík löggjöf yrði sett. Báðir þessir aðilar, búnaðarþingið og landbn. Nd., hafa því komizt að þeirri niðurstöðu, að aðstaðan sé nú þannig og kringumstæðurnar, að óhjákvæmilegt sé að setja slíka löggjöf sem þessa.

Hv. þm. benti alveg réttilega á það, að það geta orðið töluverðar afleiðingar af því að setja slíka löggjöf. Hv. þm. sagði, að ekki mætti mikla erfiðleikana of mikið fyrir sér og telja kreppuna meiri en hún er, en ég vil benda hv. þm. á, að við megum heldur ekki gera meira úr afleiðingum slíkrar löggjafar en þörf er á. Það, sem er aðalatriðið hér, er að veita gjaldfrest, þó ekki nema í eitt ár og ekki öðrum en þeim, sem að mati þar til kvaddra manna teljast eiga fyrir skuldum. Það er ekki verið að tala um það að rýra aðstöðu manna, sem eiga skuldir hjá öðrum. Í ýmsum tilfellum yrði þessi ráðstöfun frekar til þess að tryggja, að skuldheimtumaður geti á sínum tíma fengið skuldina borgaða, með því að gefa skuldunaut hæfilegan frest til að halda atvinnurekstrinum gangandi, í stað þess að ganga að honum og hann yrði að selja nauðungarsölu, eins og öll sala verður á

erfiðum tímum. Þó að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta nái ekki til allra landsmanna, þá hygg ég samt, að það sé um svo marga menn að ræða, einkum bændur, sem þannig stendur á fyrir, að maður verður að telja þá eiga fyrir skuldum, ef þeir fái óáreittir að halda áfram atvinnurekstri sínum. Ég hygg því, að þetta muni ná til tiltölulega margra manna innan þess ramma, sem l. ná til. Mjög margir bændur mundu njóta verndar þessara l. Ég fullyrði það viðvíkjandi því fólki, sem ég er fulltrúi fyrir, að tiltölulega mjög margir mundu njóta verndar þessara l. En hitt hygg ég líka, eins og bent hefir verið á í Nd., sérstaklega af hv. frsm. landbn., að verkefni þessara l. yrði mest óbein áhrif, nefnilega að skapa ró um þetta fyrir fólkið, og óbeinu áhrifin af slíkum l. yrðu ef til vill þau farsælustu. Hv. 4. landsk. gat þess bæði í ræðu sinni og seinna í dagskránni, sem hann flutti, að tilgangurinn með þessu frv. sé góður og að æskilegt væri að geta veitt þessu fólki, sem um er að ræða, einhverja aðstoð. Hv. þm. hyggur, að sá tilgangur náist að talsverðu leyti með þessari dagskrá, en þó er vitanlega engum ljósara en honum, að það er ákaflega mikill munur á því, hvort málið er afgr. með þessari dagskrá, sem hann ber fram, eða afgr. með l. Stj. hefir vitanlega ekkert vald til þess að leggja fyrir bankastofnanir að veita slíkan frest eins og þar er stungið upp á. Það er ekki rétt að fara inn á þá braut, að ríkisstj. segi peningastofnunum fyrir um það að veita fresti. (PM: Það er alls ekki meiningin). Meiningin með því að bera fram dagskrána var eitthvað í þá átt, til þess að verða til liðs þeim mönnum, sem hér um ræðir. Að öðru leyti ætla ég ekki út í einstök atriði þessa máls.

Hv. 4. landsk. er lögfræðingur og getur sjálfsagt bent á ýms einstök atriði í ákvæðum þessarar gr., sem ég get ekki tekið upp rökræður við hann um, því að til þess brestur mig lögfræðiþekkingu. Það, sem ég vil leggja áherzlu á, er þetta, að virkilega er búið að undirbúa þetta mál vel og að það eru komnar frá mörgum og merkum aðilum ákveðnar óskir um, að löggjöf sem þessi verði sett. Út frá þessu vildi ég mega óska, að hv. d. sjái sér fært að afgr. málið í aðalatriðum í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir.

Halldór Steinsson: Ég get ekki léð þessu frv. fylgi mitt, og það aðallega af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi sé ég ekki neina knýjandi ástæðu fyrir hendi til þess að lögleiða þessa ráðstöfun. Í öðru lagi mundi frv. ekki koma að neinum verulegum notum og þeir fara á mis við gæði þess, sem kannske helzt þyrftu þeirra við. Í þriðja lagi mundi slík ráðstöfun áreiðanlega hafa í för með sér glundroða og óreiðu í viðskiptalífinu. — Ég skal reyna að færa rök fyrir þessum ástæðum. Ég sé ekki neina knýjandi þörf til þess að setja slíka löggjöf nú. Því er borið við, að þetta séu krepputímar. En á krepputímum ganga lánsstofnanir, eins og hv. 4. landsk. hefir tekið fram, yfirleitt ekki hart að mönnum, því að hvað þýðir á slíkum tímum, þegar veð eru verðlítil og e. t. v. óseljanleg, að ganga að veði? Það gerir enginn hagsýnn kaupsýslumaður eða lánardrottinn. Þess vegna þarf ekki um það að deila, að í slíku árferði er undantekning, að lánardrottnar gangi hart að skuldunautum, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir skaða sjálfa sig eins mikið, ef ekki meira en skuldunautinn. Í þessu frv. eru nú vextir undanþegnir; og þegar svo er, þá álít ég ekki neina þörf á því að lögleiða gjaldfrest á afborgunum, af þeim ástæðum, sem ég hefi nú talið.

Þá kem ég að annari ástæðunni, að þessi gjaldfrestur muni ekki koma að neinum verulegum notum og þeir fara á mis við hann, sem helzt þyrftu hans með. Því verður ekki neitað, að hér á landi er fjöldi manns, og óhætt að fullyrða, að það er mikill meiri hluti atvinnurekenda, sem á ekki fyrir skuldum, og því verður tæplega neitað, að þessi fátækari hópur landsmanna á miklu erfiðara uppdráttar heldur en hinir, sem eiga fyrir skuldum. En einmitt þessir menn, sem helzt þyrftu þessa með, eru réttlausir, þeir njóta engra gæða, sem frv. gerir ráð fyrir. Lánstraust manna á meðal fer að miklu leyti eftir áreiðanleika þeirra, en að mestu leyti eftir efnahag þeirra, og sá, sem á eigur fram yfir skuldir, þarf aldrei að óttast, að gengið verði hart að honum. Hann getur

undir venjulegum kringumstæðum komizt að viðunandi samningum við lánardrottin. En öðru máli er að gegna með fátæka manninn, sem á minna en ekki neitt. Hann má heita réttlaus gagnvart lánardrottni og honum er ennþá tilfinnanlegra, ef það litla, sem hann hefir með höndum, er skert eða tekið af honum. Það getur hreint og beint orðið til þess að koma honum á vonarvöl, en það á sér sjaldan stað, þótt gengið sé að þeim, er á eignir umfram skuldir.

Þá kem ég að þriðju ástæðunni. Það er engum blöðum um það að fletta, að ef þessi ákvæði verða að lögum, þá mundi það hafa í för með sér talsverðan glundroða og ýms höft í viðskiptalífinu. Ef þessi gjaldfrestur kemst á, þá verða lánardrottnar, bæði lánsstofnanir og aðrir, yfirleitt varkárari með útlán. Því að þótt gert sé ráð fyrir því, að þetta standi aðeins í eitt ár, þá munu flestir lánardrottnar líta svo á, að úr því einu sinni er gengið inn á þessa braut, þá muni hætta á, að til þessa ráðs verði gripið aftur og aftur, og á þann hátt geta skuldir orðið meira og minna verðlausar. Þetta er fyrirsjáanleg afleiðing af þessu fyrirkomulagi. Það sjá allir, hvað það hefir í för með sér, ef lánstraust rýrnar að miklum mun, því viðskipti manna á meðal byggjast að mestu leyti á lánum til styttri eða lengri tíma, og ef ráðstöfun verður gerð, sem miðar í þá átt að draga úr lánstrausti, þá verður það til að gera ástandið verra, eða m. ö. o. að auka á kreppuna. Að þessu leyti lít ég svo á, að frv. verki öfugt við það, sem því er ætlað. Þá er nokkur hætta á því, að þessi l. gætu orðið misnotuð með tilliti til þess, að það mundu sjálfsagt margir reyna að smeygja sér undir l., sem gætu án þess að taka nærri sér staðið í skilum með skuldir.

Þá skal ég koma að öðru atriði, og það er, hvaða áhrif þetta hefir á minni lánsstofnanir, t. d. sparisjóðina. Það er enginn vafi á því, að slíkur gjaldfrestur mundi mjög veikja og draga úr vexti slíkra smærri lánsstofnana, þar sem engar öryggisráðstafanir eru settar gagnvart þeim í frv., eins og gert er ráð fyrir að því er bankana snertir. Bankarnir hafa þó nokkra tryggingu gegn þeim örðugleikum, sem þeir kynnu að verða fyrir af völdum þessara l. Sparisjóðirnir eiga nú yfirleitt erfitt uppdráttar. Eins og skiljanlegt er á þessum erfiðu tímum, þá taka innieigendur út fé sitt, af því þeir þurfa að lifa á því. Á svona krepputímum minnkar innieign manna og vanskil vaxa á afborgunum og vöxtum til þessara sjóða. Þegar svo ofan á þetta bætist lögleiddur gjaldfrestur, þá hljóta allir að sjá, að þetta þrengir mjög að þessum lánsstofnunum. En þegar svo er komið, að sparisjóðir eða minni lánsstofnanir geta ekki borgað út fé innieignarmanna, þegar það er heimtað, þá fer traustið að verða lítið á slíkum stofnunum. Menn hætta að leggja þar inn sparifé sitt og taka það út og leggja það á stað, þar sem þeir geta gripið til þess, þegar þeir þurfa á því að halda. Þegar svo er komið, má segja, að sparisjóðirnir séu búnir að lifa, því að varasjóðir þeirra eru sjaldnast svo öflugir, að hægt sé að halda áfram nokkrum verulegum viðskiptum með þeim.

Í 1. gr. frv. er tekið fram, að þessi gjaldfrestur nái ekki til annara skulda en þeirra, sem stofnaðar eru vegna landbúnaðar eða sjávarútvegs. Í þessu ákvæði felst, eins og hv. frsm. minni hl. réttilega hefir tekið fram, mjög mikið misrétti gagnvart öðrum stéttum þjóðfélagsins, sem sjálfsagt engu síður þyrftu þessara hlunninda við en þessar tvær stéttir. En svo er allmikil hætta á því, að þetta ákvæði verði bæði misskilið og misnotað, því að atvinnuvegir okkar eru svo, að menn binda sig oft ekki við neina vissa atvinnugrein. Sami maðurinn getur nokkurn hluta ársins stundað útveg, en hinn tímann aftur aðra atvinnu. Bóndinn getur auk búskaparins stundað aðra atvinnu, t. d. haft sveitaverzlun eða stundað smíðar. Maður, sem er barnakennari á vetrum, er e. t. v. útvegsmaður á sumrin. Þannig er hægt að benda á mörg tilfelli úr daglega lífinu. Í öllum slíkum tilfellum gæti orðið vafamál, hvort þessir menn heyrðu undir l., og það er a. m. k. enginn vafi á því, að þetta mundi verða talsvert misnotað. Þegar þess vegna á allt er litið, þá verð ég að líta svo á, að þó að þessi ákvæði verði að l. og þótt fámennur hópur landsmanna kynni að hafa einhver not af þeim, þá muni þessi gjaldfrestur hinsvegar baka fjölda annara

skuldunauta, sem eru auðvitað margfalt fleiri, aukna viðskiptaörðugleika, sem verður til þess að draga úr lánstrausti og til þess að veikja allar minni lánsstofnanir landsins, og yfirleitt held ég, að slík lög yrðu frekar til þess að auka á en draga úr óreiðu og óskilvísi í viðskiptum manna á meðal. Þegar svo stendur á, að kostirnir við þetta frv. eru hverfandi litlir samanborið við gallana, þá get ég ekki léð því fylgi mitt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það var einungis eitt atriði í ræðu hv. þm. Snæf., sem ég vildi koma að hér, því að mér fannst það í raun og veru vera aðalatriðið í gagnrýni hans á frv. Hann bar fram þrjár ástæður til þess, að hann gæti ekki verið frv. fylgjandi. Fyrsta ástæðan, sem hann nefndi og sem hann leggur því mesta áherzluna á, var sú, að engin knýjandi þörf væri til þess að gera þessar ráðstafanir. Til rökstuðnings því sagði hann, að menn, sem ættu skuldir hjá öðrum, gengju ekki hart að á slíkum krepputímum, vegna sinna eigin hagsmuna. Þetta er rétt hjá hv. þm., það sem það nær. Þetta á við um viðskipti eða stofnanir, sem eru í rólegum gangi og munu ætla sér að hafa viðskipti áfram, eða m. ö. o. að skuldaeigendur hafi bolmagn til að sýna biðlund og hafa beinan hag í að reyna að búa sem bezt að skuldunautum sínum. En það er því miður ekki nema í fáum tilfellum, sem þessu er þannig varið. Við vitum það, svo að ég fari inn á einstaka hlið þessa máls, að núna jafnóðum og kreppan færist yfir hafa svo og svo mörg verzlunarfyrirtæki orðið að stöðvast. Lánsstofnanir hafa ekki getað staðið undir þeim og þau hafa orðið að stöðvast. Þess vegna er það svo nú, að það liggur við, að eigi að fara að innheimta harðlega af mönnum svo og svo mikið af kröfum. Víða úti um land á að fara að heimta inn skuldir og ganga hart að mönnum vegna fyrirtækja, sem sumpart eru að fara um eða á þeirri leið að fara um. Í mínu litla kjördæmi eru 2 slík fyrirtæki. Það mun vera þannig um marga, sem þarna eiga hlut að máli, að lánsstofnanir hafa selt þessar skuldir til einhverra, sem gera sér að atvinnu að innheimta skuldir og reyna að hafa upp úr því. Þessir menn hafa ekki þá aðstöðu eins og stofnanir, sem hv. þm. vitnaði í, „solid" verzlunarfyrirtæki, sem hugsa til áframhaldandi viðskipta. Þar sem þessir menn ætla ekki að halda áfram viðskiptum, þá ganga þeir helzt að mönnum til þess að fá það, sem þeir eiga, því að síðar geta þeir e. t. v. ekki fengið neitt. Í mínu litla kjördæmi stendur svo á um hálft héraðið. Við getum borið niður á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum, þar sem svipað stendur á, og ég hygg einnig í kjördæmi hv. þm. Snæf. og víðar. Í mínu kjördæmi mega menn horfa upp á það, hvernig gengið er að fólki, sem stendur í skuldum við fyrirtæki, sem ekki er hægt að reka lengur. Það getur legið fyrir, ef engin löggjöf er sett og ef fullri hörku er beitt, að það verði leyst upp svo og svo mörg heimili og menn reknir frá búum sínum og teknar frá þeim skepnurnar og seldar á uppboði og látnar fyrir lítið verð. Ég veit, að það er víða um landið, sem þessu er þannig varið.

Frsm. (Páll Hermannsson): Mér skildist svo á hv. 4. landsk. og hv. þm. Snæf., að þeir litu svo á, að gallar þessa frv. væru meiri en kostirnir. Skilst mér því, að það, sem okkur greinir á um, sé það, að ég tel, að frv. verði til allmikils gagns, en lítils ógagns, en þeir álíta hinsvegar, að það verði til mikils ógagns, en lítils gagns. Og það er ekki nema skiljanlegt, þó að menn greini á um frv. eins og þetta og hver líti sínum augum á það, einkum þó þegar litið er til þess, að slík lagasmíð sem þessi, að stefnu til, vart mun hafa átt sér stað áður hér hjá okkur. — Hv. 4. landsk. talaði um það, að hér væru róttæk ráð á ferðinni. Það má að vísu orða það svo, að hér sé um „róttæk ráð" að ræða, en enda þótt þau sýnist ef til vill róttæk á pappírnum, álít ég samt ekki, að þau verði róttæk í framkvæmdinni, miðað við það ástand, sem fyrir er í landinu.

Hv. 4. landsk. talaði einnig um það, að með þessum ráðstöfunum væri verið að flýja undan kreppunni. Get ég alls ekki fallizt á þetta hjá hv. þm., því að ég lít þvert á móti svo á, að með þessum ráðum sé verið að reyna að brynja fólkið fyrir kreppunni. Hugsum okkur aðeins bónda eða útgerðarmann, sem vegna verndar l.

gæti áfram stundað atvinnuveg sinn og lifað af honum, en ella óumflýjanlega mundi hafa bætzt við í hóp hinna allt of mörgu verkamanna, sem enga atvinnu hafa, því að ef gengið væri að bóndanum eða útvegsmanninum og af honum tekið búið eða báturinn, eru mestar líkur til þess, að þeir einmitt bætist í hóp hinna allt of mörgu atvinnuleysingja. Ég lít svo á, að með því að stuðla til þess, að þessir menn og fjölskyldur þeirra geti áfram framfleytt sér á landbúnaði eða útgerð, sé betur séð fyrir þessum hóp og hann betur varinn fyrir áhrifum kreppunnar en ella. Það er því fjarri því, að hér sé um það að ræða að flýja undan kreppunni, enda verður hún ekki umflúin, þegar hún á annað borð er skollin yfir, en hlýtur óhjákvæmilega að hitta með öllum sínum þunga fólkið í landinu, og veltur auðvitað á ýmsu um það, hvernig mönnum reiðir af í þeirri viðureign.

Hv. 4. landsk. talaði um það, að ekki mætti grípa til svo róttækra aðgerða, nema sjáanlegt væri, að allmargir hefðu not af þessum l. Játa ég, að þeir verða allt of margir, sem undanþegnir verða þeirri vernd og hjálp, sem l. veita. En treysta menn sér til að stækka þennan hóp og heimfæra t. d. undir vernd l. þá, sem ekki eiga fyrir skuldum og teljast vera gjaldþrota? Ég held, því miður, að það muni ekki þykja fært að taka þennan flokk manna með, né heldur alla verkamannastéttina, enda er þess minni þörf, því að verkamenn þurfa ekki að hafa neitt á milli handanna til þess að geta stundað atvinnu sína, þar sem bóndinn hinsvegar getur ekki rekið atvinnu sína, nema hann hafi bú og bújörð, og sama gildir um bátaútvegsmanninn að sínu leyti. En engu að síður væri þó auðvitað æskilegast að geta veitt fleirum þá vernd, sem í þessu frv. felst, en að það er ekki gert, stafar eingöngu af því, að ekki er árennilegt né heldur fært að fara lengra í þessu efni en gert er í frv. Ef hjálpa á verulega í kreppunni, er ekki annað að gera en að skaffa peninga til þess að borga skuldirnar, og strika þær síðan út, en ég er hræddur um, að ríkið sé ekki við slíku búið, né heldur stofnanir og einstaklingar. Slíkt mun nú efst á baugi hjá Dönum að fara inn á þá braut, að strika úr skuldir, en ég er hræddur um, að við séum ekki til þess færir, eins og stendur a. m. k.

Það hefir réttilega verið bent á, að sá hópur manna, sem ekki eiga fyrir skuldum, muni vera býsna stór, en um þetta verður þó að gæta þess, að frv. gerir ráð fyrir, að lagt verði til grundvallar við úrskurðun gjaldfrestsins meðaltal 3 síðustu ára, og gefur þetta betri útkomu en ef miðað væri eingöngu við ástandið eins og það er, því að verðlag var miklu hærra t. d. 1929 en það er nú. En þrátt fyrir þetta er þó hópur þeirra, sem ekki eiga fyrir skuldum, allt of stór, en eins og ég áður sagði, er ég hræddur um, að Alþingi muni ekki treysta sér til að taka þá með, þó að æskilegast væri þeirra vegna.

Hv. 4. landsk. og hv. þm. Snæf. vildu báðir halda því fram, að lánsstofnanir, eins og kaupmenn, kaupfélög og sparisjóðir, mundu lenda í miklum óþægindum vegna þessara l. Ég er ekki svo mjög hræddur við þetta. Ég held, að almennar viðskiptastofnanir, eins og kaupmenn og kaupfélög, sem starfa og ætla að starfa áfram, geri sér ekki vonir um að fá inn skuldir sínar eða krefja menn um afborganir af gömlum skuldum. En eins og bent hefir verið á, er hér um fleiri fyrirtæki að ræða en þessi viðskiptafyrirtæki, og það fyrirtæki, sem eru í sömu þörf fyrir að ganga eftir skuldum sínum, hvar svo sem þær eru, eins og hinum fátæku atvinnurekendum er mikil þörf á því að komast hjá að greiða skuldirnar. Stofnanir, sem hafa með höndum viðskipti eins og vaxtabréfasölu, komast ekki hjá því að ganga eftir skuldum sínum, enda gerir frv. sérstakar ráðstafanir til þess, að við slíka samninga sé hægt að standa, og álít ég þau ákvæði frv. mjög mikils virði.

Ég er sammála hv. 4. landsk. um það, að þessi l. hefðu þurft að ná til fleiri manna, og ég ætla, að við séum einnig sammála um það, að slíkt sé ekki hægt, eins og öllum hlutum nú er háttað. Hinsvegar er ég ósammála hv. 4. landsk. um það, að l. muni hafa nokkrar verulegar truflanir á viðskiptalífinu í för með sér, enda er ekki ætlazt til, að þau gildi nema í eitt ár, svo að óþægindin, sem l. kynnu

að geta valdið, ættu aldrei að geta orðið mikil.

Hv. þm. Snæf. hafði mikið út á þetta frv. að setja. Taldi hann jafnvel frv. óþarft með öllu, og hélt því hinsvegar fram, að það mundi ekki koma að neinum notum í framkvæmdinni, en aðeins valda óþægindum. Er ég hv. þm. algerlega ósamþykkur um þetta, því að ég lít svo á, að frv. sé mjög þarft og muni enda koma að miklum notum, en þar sem búið er að ræða allýtarlega einstök atriði frv., sé ég ekki beint ástæðu til þess að fara út í það í sambandi við ræðu hv. þm. Snæf. — Hv. þm. endaði ræðu sína með því að slá því föstu, að frv. mundi aðeins verða til þess að auka óskil og óreiðu í viðskiptum. Get ég ekki fallizt á þetta. Ég fæ ekki séð, að ef svo færi, sem ekki er ómögulegt, að l. drægju úr lánsviðskiptum milli manna, mundi slíkt endilega þurfa að verða til þess að auka óskil og óreiðu. Og ég fæ ekki heldur séð það, að þótt góðir menn reyni að miðla málum og semja um skuldir manna á meðal, þurfi af því að leiða meiri óskil og óreiðu í viðskiptum. Mér sýnist sem þetta muni frekar leiða til hins gagnstæða. Og ég er sannfærður um það, að ef ekkert verður að gert í þessum efnum til þess að hindra það, að farið verði ógætilega fram um innheimtu gamalla skulda á hendur bændum og bátaútvegsmönnum, muni af því stafa mikið óhagræði fyrir báða málsparta, skuldareigandann og skuldunautinn.

Hv. þm. Snæf. benti á það, að sparisjóðirnir mundu standa varnarlitlir gagnvart þessum l., og mætti búast við því, að innieignamenn gengju að innieignum sínum, af því að þeir mundu þurfa á þeim að halda. En hvernig mundu þá hinir standa að vígi, sem ekki eiga innieignir, en skulda öðrum, þegar óþyrmilega væri að þeim gengið um innheimtu skuldanna, eins og búast má við, að verði, ef ekkert verður að gert í þessum efnum? Mér virðist a. m. k. sem rétt sé að reyna að stuðla að því, að slíkt eigi sér ekki stað, ekki sízt þegar til þess er litið, að svo mun nú komið jafnvel fyrir innieignamönnunum, sem venjulega reka betri og arðvænlegri atvinnugreinir en hinir, að þeir þurfa að ganga á innieignirnar, til þess að nota þær í þarfir líðandi stundar.

Pétur Magnússon: Ég held, að hæstv. forsrh. hafi gert of mikið úr skyldurækni minni, þegar hann gerði ráð fyrir því, að afstaða mín til þessa máls mótaðist af starfi mínu við eina af bankastofnunum landsins, nefnil. Búnaðarbankann. En svo er alls ekki. Þó að frv. verði að l., hefi ég ekki trú á því, að það hafi neina teljandi þýðingu fyrir Búnaðarbankann, og afstaða mín stjórnast heldur ekki af umhyggju fyrir þeirri stofnun. Ég hefi viljað kryfja málið til mergjar, óhlutdrægt, og fór því fjarri, að ég gengi að athugun þess með illvilja, því að ég hefði haft meiri tilhneigingu til að vera með málinu, ef sannfæring mín hefði leyft mér það.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði viðurkennt, að slíkar ráðstafanir sem þessar væru heimilar, ef óumflýjanlegt væri að grípa til þeirra, og þóttist hann færa rök fyrir því, að þær væru óumflýjanlegar. Ég orðaði þetta nú að vísu ekki svo, heldur sagði ég, að ég áliti, að hið eina, sem heimilað gæti slíkar ráðstafanir, væri það, ef alþjóðaþörf krefðist þess, og ég þykist hafa leitt rök að því áður, enda hefi ég ekki heyrt neinn vefengja það, nema þá helzt hæstv. ráðh., að þessar hagsbætur, sem frv. er ætlað að veita, ná ekki nema til tiltölulega fárra manna, og þegar svo er, er ekki rétt að gera slíkar ráðstafanir sem þessar, sem geta haft þýðingu fyrir framtíðina og vakið tortryggni og ótta um það, að löggjafarvaldið sjáist lítt fyrir með að skerða réttindi, sem talin eru að vera vernduð jafnvel af stjórnskipunarl. landsins. Slíkar ráðstafanir má ekki gera, nema almenningsþörf krefjist, en þótt nokkrir tugir manna kunni fremur að geta bjargað sér fram úr örðugleikunum með því að nota sér ákvæði frv., er það ekki nægilegt til þess að heimila, að til þessara ráðstafana sé gripið. En það er augljóst, þegar athugað er, hverjir verða þeirrar hjálpar aðnjótandi, sem frv. er ætlað að veita, að þeir eru ekki nema tiltölulega fáir, enda kom það og greinilega fram í ræðu hv. frsm., að hann býst ekki við, að frv. komi að almennum notum, heldur muni aðeins tiltölulega fáir nota sér það.

Hæstv. forsrh. talaði mikið um það, að frv. hefði fengið góðan undirbúning. Hefði það upphaflega verið samið af fulltrúum Búnaðarfélagsins, en síðan gagnrýnt og endursamið að nokkru af landbn. Nd. Ég hafði nú að vísu ekkert sett út á undirbúning frv., en ég verð þó að segja það, að mér finnst ýms ákvæði frv. ekki nægilega hugsuð, og ef frv. gengur áfram til 3. umr., mun ég bera fram brtt. við það, til þess að bæta úr helztu ágöllunum.

Hæstv. ráðh. sagðist vera þeirrar skoðunar, að frv. mundi aðallega hafa óbein áhrif, og er ég honum sammála um þetta, þó að ég hinsvegar álíti, að þessi óbeinu áhrif frv. verði á annan veg en hæstv. ráðh. virtist halda. Hann virtist gera ráð fyrir, að verkanir frv. myndu aðallega koma fram í því að halda skuldheimtumönnunum frá því að ganga að skuldunautunum, en ég held hinsvegar, að frv. muni fremur verka svo, að menn hlífðust meira við að láta fjármuni sína út sem kröfur.

Þá fannst hæstv. ráðh. það allmikill munur á afgreiðslu málsins, annarsvegar að samþ. frv. og hinsvegar að samþ. dagskrártill. mína, og neita ég því ekki, að þetta er allmikill munur, en þegar litið er á þetta með sömu augum og við hv. frsm. báðir gerum og tekið tillit til þess, að tiltölulega fáir munu nota sér ákvæði frv., verður munurinn ekki mikill í framkvæmdinni, a. m. k. ekki sú hliðin, sem að skuldunautunum snýr. Þótt það sé að vísu rétt, að stj. hefir ekki bankana eða aðrar opinberar lánsstofnanir á valdi sínu, þannig, að hún geti sagt þeim að gera þetta eða hitt, er það þó ljóst, að stj. hefir a. m. k. þá aðstöðu gagnvart ríkisbönkunum, að þeir tækju fullt tillit til þess, sem hún bæri fram í þessum efnum, ekki sízt þegar litið er til þess, að þetta mundi fara saman við hagsmuni stofnananna sjálfra. Þegar þessa alls er gætt, sýnist mér sem hv. þdm. geti greitt till. minni atkv. með góðri samvizku.

Það var ekki margt í ræðu hv. frsm., sem ég sé ástæðu til að fara frekar inn á en þegar hefir verið gert. Hv. þm. Snæf. hefir og tekið margt það fram, sem ég ella hefði séð ástæðu til að segja í sambandi við ræðu hv. frsm., og ég er honum sammála í öllum höfuðatriðum. Um eitt atriði er ég honum þó ósamþykkur. Hv. þm. Snæf. álítur nefnil., að menn muni í stórum stíl nota sér ákvæði frv. og það geti því aftur haft víðtæk áhrif á starfsemi lánsstofnana. Ég er ekki trúaður á þetta. Ég hygg, að þeir verði svo tiltölulega fáir, sem **geta** notað sér ákvæði frv., að ég óttast ekki mjög truflanir af **þeim** ástæðum.

Hv. frsm. sagði, að frv. væri aðeins róttækt á pappírnum, en mundi hinsvegar ekki verða róttækt í framkvæmdinni. En ef hv. frsm. stendur í þeirri trú — hví er hann þá að reyna að stuðla að því, að málið nái fram að ganga?

Þá þótti hv. frsm. það ekki rétt hjá mér, að með þessum ráðstöfunum væri verið að reyna að flýja undan kreppunni, heldur sagði hann, að um það væri að ræða að brynja þjóðina gegn kreppunni. Ef þetta er rétt hugsun hjá hv. frsm., þá hefi ég misskilið allt það, sem talað hefir verið um „brynjun atvinnuveganna“, því að ég hefi skilið það tal svo, að stuðla ætti að því að koma atvinnuvegunum í það horf, að þeir gætu staðið á eigin fótum og varizt svo örðugleikunum. En hér er hinsvegar um það að ræða að fresta vissum afleiðingum fjárhagsörðugleikanna með því að færa greiðslurnar aftur í tímann og leysa menn þannig undan því að standa í skilum um skuldbindingar sínar á réttum gjalddaga. Og slíkt verður ekki kallað nein brynjun gegn kreppunni, og réttara að hafa þau orð um, sem ég hafði, að með þessu er verið að reyna að flýja undan kreppunni — fresta afleiðingum hennar.

Hv. frsm. sagði, að bezta hjálpin í þessum efnum væri sú, að skaffa peninga og strika skuldirnar út, og er ég honum sammála um þetta. Ef það á annað borð er nauðsynlegt að gera einhverjar svipaðar ráðstafanir og hér er um að ræða, álít ég, að það mundi hafa almennari og meiri þýðingu, ef hægt væri að fara inn á þessa braut og færa skuldirnar ýmist niður eða strika þær alveg út, eftir því sem sýnt þætti í hverju tilfelli. En til þessa þarf mikið fé, og um það er ekki í annað hús að venda en til ríkissjóðs, en hvar hann eigi að taka þetta fé, er mér ekki ljóst. En það liggur í augum uppi, að meiri

líkur eru til þess, að slíkar ráðstafanir komi að notum en það kák, sem hér er á ferðinni. Þessi er og sú leiðin, sem Danir munu nú helzt hallast að til úrlausnar í þessum efnum, því að eftir því, sem síðustu blöð herma, eru þeir fallnir frá greiðslufrestshugmyndinni. Og það er þó ekki einasta, að hér sé um kák að ræða, heldur geta þessar ráðstafanir einnig dregið mjög þungan dilk á eftir sér. Það er misskilningur hjá hv. frsm., að ég haldi því fram, að ef frv. verði að l., muni það hafa mikil áhrif fyrir skuldheimtumenn almennt, og hefi ég reyndar drepið á það áður, að ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði almennt, að menn noti sér ákvæði frv., **jafnvel** þó þeir hafi skilyrði til þess. Vaxtabyrðin er auk þess í mörgum tilfellum meginhlutinn af hinum umsömdu greiðslum; svo er það t. d. í fasteignastofnunum. Þar er fyrstu árin mikill meiri hl. hinna árlegu greiðslna vextir. Í annari fasteignalánastofnuninni hér, Búnaðarbankanum, eru flest lánin ung, 7—8 ára gömul — þau elztu — og eru vextirnir því aðalatriðið. Það gegnir dálítið öðru máli um Landsbankann, því að veðdeild hans hefir starfað svo lengi, að í mörgum tilfellum má vera, að afborganir séu orðnar meiri en vextirnir. Hvað aðrar lánsstofnanir snertir, þá býst ég við, að þeim þyki gott, ef þær fá vextina.

Halldór Steinsson: Hæstv. forsrh. kannaðist við það, sem ég hélt fram, að ekki væri þörf á að lögleiða þennan gjaldfrest vegna hinna stærri lánsstofnana, banka og sparisjóða, en hinsvegar væri hætta á því, að smærri verzlunarfyrirtæki yltu um á þessum tímum og gengju að mönnum, og þeirra hluta vegna væri þörf á að setja þau lög. Ég get að mörgu leyti viðurkennt þetta, en ég hygg, að margir þeir, er mikið skulda við verzlunarfyrirtæki, séu þannig efnum búnir, að þeir geti ekki fallið undir vernd þessa frv., þó að lögum yrði, enda mun frv. hafa verið samið með tilliti til lána við banka og aðrar stærri lánsstofnanir frekar en til lána við verzlanir. Það hefir heldur ekki komið fram undir umr. fyrr en nú, að það væri miðað við annað, og hæstv. ráðh. viðurkenndi líka með mér, að ekki væri þörf þeirra vegna að gera þessar ráðstafanir, því að þær myndu ekki ganga hart að mönnum á þessum krepputímum.

Hv. frsm. sagði, að ég hefði haldið því fram, að engin þörf væri þessara ráðstafana nú og að ekkert gagn myndi verða að þeim. Þetta sagði ég alls ekki, heldur hitt, að engin knýjandi þörf væri á því, og þessar ráðstafanir bæri ekki að gera nema knýjandi þörf væri fyrir hendi. Þá sagði ég ekki heldur, að engin not gætu orðið að frv. Ég sagði, að tiltölulega fáir nytu góðs af því móts við alla hina, sem engin not gætu af því haft.

Þá hneykslaðist hann mjög á því, að ég hafði sagt, að frv., ef að lögum yrði, gæti jafnvel orðið til þess að auka vanskil hjá mönnum. Ég benti aðeins á, að ekki væri útilokað, að menn reyndu að smeygja sér undir ákvæði þess, sem gætu staðið í skilum án þess að ganga of nærri gjaldþoli sínu.

Þá misskildi hann það, sem ég sagði um sparisjóðina. Ég hélt því fram, að þar sem sparisjóðir ættu erfitt uppdráttar á þessum krepputímum, þegar fylgdist að úttekt á innieignum og minnkandi greiðsla á vöxtum og afborgunum, þá myndi þessi gjaldfrestur verða til þess að þrengja enn meir að kostum þeirra.

Jón Þorláksson: Ég vil fyrir mitt leyti taka því málefni vel, sem felst í frv. þessu. Ég geri ráð fyrir, að eins og nú standa sakir, geti verið nokkuð réttar ástæður til þess að tryggja hina smærri atvinnurekendur, svo að þeir fái færi á að bíða betri tíma með greiðslur skulda sinna. En mál þetta er mjög vandasamt, eins og m. a. kom fram í aðfinnslum og aths. hv. 4. landsk. Vandinn liggur í því, að hér er farið fram á, að löggjöfin skapi greiðslufrest fyrir ákveðinn flokk skuldunauta. En það er nú svo, að ef farið er að gefa greiðslufrest einum lið í viðskiptakeðju þjóðfélagsins, þá berast áhrifin þegar í stað til annara aðilja í viðskiptakeðjunni.

Ég þekki dæmi þess, að á vandræðatímum hafi löggjafarþing gripið til þess að lögleiða almennan greiðslufrest á skuldum. Það hefir þann kost fram yfir gjaldfrest á takmörkuðu sviði, eins og hér er um að ræða, að það nær til allra, svo enginn þarf að komast í greiðslu-

vandræði gagnvart sínum skuldunautum meðan fresturinn stendur. Ákvæði frv. þessa eiga að ná til sæmilega vel stæðra bænda og bátaútvegsmanna, ef þau skilyrði eru fyrir hendi, sem skilanefnd metur gild, og eingöngu miðast við höfuðstól þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Verði það úr, að frv. þetta verði samþ., þá skellur gjaldfrestur sá, sem það veitir, á þeim, sem kröfu eiga. Í 2. málsgr. 16. gr. er gerð tilraun til þess að draga úr þeim alvarlegu afleiðingum, sem af því geta orðið, ef skuldunautur fær sér úrskurðaðan gjaldfrest, en kröfuhafi ekki, enda þótt hann þurfi hans eins með. En hv. landbn. leggur til, að þessi málsgr. falli burt. Það tel ég aftur svo varhugavert, að ég finn sérstaka ástæðu til að gera þá brtt. að umtalsefni.

Hv. 4. landsk. hefir borið fram sem ástæðu gegn þessari umræddu málsgr. frv., að einstakir kröfuhafar kaupmanna, kaupfélaga og lánsfélaga geti notað sér það, að eftir ákvæðum hennar megi ekki taka bú þeirra til gjaldþrotaskipta, og fengið úr þeim greiðslur, er gætu orðið til tjóns fyrir aðra skuldheimtumenn fyrirtækisins. Þetta er réttmæt aðfinnsla við gr. eins og hún er nú orðuð. Til þess að tryggja, að þetta geti ekki komið fyrir, þyrfti ef til vill að setja fyrirmæli um það, að þau fyrirtæki, sem ræðir um í þessari síðari málsgr. 16. gr. frv., mætti hvorki taka til gjaldþrotaskipta né heldur gera fjárnám hjá þeim. En ég vil með engu móti missa úr frv. þau ákvæði, sem vernda kröfueigendur frá gjaldþroti og stórkostlegu spelli, ef þeir vegna gjaldfrestsins geta ekki innheimt kröfur sínar. Það má vel vera, að það væri meira að segja þörf á að fara svo langt þeim til verndar, að heimila skilanefnd að úrskurða þeim gjaldfrest líka. Þá vil ég í þessu sambandi leiða athygli að því, að mér getur ekki betur skilizt en að þeir sjálfir, sem gjaldfrestsins eiga að njóta, séu að nokkru leyti í sömu hættunni og þau fyrirtæki, er verndar eiga að njóta af 2. málsgr. 16. gr. Mér skilst nefnil., að eftir ákvæðum frv. geti bændur t. d. ekki fengið sér úrskurðaðan gjaldfrest nema vegna þeirra lána, er þeir hafa stofnað til vegna búskaparins. Sama máli gegnir og um smábátaútvegsmenn. Þar eru skuldirnar miðaðar við útveginn. En nú getur það verið, að þessir menn hafi stofnað til skulda vegna ýmislegs annars, t. d. vegna náms barna sinna o. fl. Þegar þannig stendur á, að menn skulda fjárhæðir óviðkomandi atvinnurekstrinum, þá skilst mér, að gera megi aðför hjá þeim vegna þeirra skulda, eftir því sem frv. er orðað nú, því að gjaldfresturinn er aðeins bundinn við hinar ákveðnu skuldir. Sé þetta rétt, þá ber að því sama eins og með fyrirtækin, sem um ræðir í 2. málsgr. 16. gr., að sumir skuldheimtumennirnir geti til fullnustu fengið kröfur sínar, jafnvel þó að efnahagurinn sé svo rýr, að aðrir fái ekki það, sem þeim ber. Ég held því, að ekki sé rétt að fylgja till. hv. landbn. um að fella niður þessa umræddu málsgr. 16. gr. frv. Það þarf að athuga þetta betur, bæði að því er snertir þá menn sjálfa, er njóta eiga gjaldfrestsins samkv. frv., og eins vegna þeirra fyrirtækja, sem vegna gjaldfrestsins kunna að lenda í greiðsluörðugleikum, svo að aðrir geti ekki gengið að þeim.

Ég vil nú biðja hv. n. að taka þessar bendingar mínar til athugunar fyrir 3. umr., og ég hefði jafnvel fundið ástæðu til þess að fara fram á það við hana, að hún taki þessa brtt. sína á þskj. 754 aftur, svo að málsgr. mætti standa í frv., enda þótt á henni þurfi að gera breytingar.

Pétur Magnússon: Það er fyrir minn atbeina, að landbn. hefir flutt þessa brtt. við 16. gr. frv., og er því ekki nema eðlilegt, að ég svari til saka. Ég skal játa, að ef þessi leið yrði farin, sem hv. 1. landsk. benti á, að setja inn í frv. ákvæði um það, að ekki megi gera aðför hjá þeim mönnum, sem vegna gjaldfrestsins lenda í greiðsluþroti, er bætt úr alvarlegustu ágöllum gr. En eins og hún er nú, þá nær hún engri átt, því að það getur ekki komið til mála, að einstakir lánardrottnar fái möguleika til þess að ganga eftir öllum kröfum sínum, en aðrir verði að líða um þær. Jafnvel þótt bætt yrði úr þessum galla á þennan hátt, væri jeg samt deigur að samþ. gr., því að ég veit ekki, hvaða áhrif það gæti haft út á við, ef við færum að lögfesta þetta. Hugsum okkur t. d., að enskt fima seldi verzlun hér í Reykjavík

saltfarm með greiðslufresti. Verzlunin lánaði svo saltið út, máske aðallega til smáútvegsmanna. Þegar svo að gjalddaga kæmi, ætti hún útistandandi hjá þeim nokkur þúsund eða máske tugi þúsunda, en þá hefðu þeir fengið sér úrskurðaðan gjaldfrest og greiddu verzluninni því ekkert af skuld sinni. Saltverzlunin myndi þá segja firmanu, að hún væri ekki svo stödd að geta gert þetta, úr því að skuldunautar hennar þyrftu ekki að greiða henni, og skjóta sér um leið undir ákvæði 2. málsgr. 16. gr. frv. Ég veit ekki, hvort þessu yrði tekið með þökkum. Ég er þvert á móti hræddur um, að það yrði litið svo á, að við byggjum við löggjöf, sem ekki væri sæmileg siðuðum þjóðum, er halda vilja vinsamlegum viðskiptum sín á milli. Og þangað til ég öðlast öruggari vitneskju um það, hvernig þetta fyrirkomulag myndi verka, er ég deigur að halda slíku ákvæði í lögum, sem felst í 2. málsgr. 16. gr. frv., jafnvel þótt bætt yrði úr mest áberandi göllunum.

Jón Þorláksson: Ég hafði ekki ætlað að slá neinu föstu um það, á hvern hátt þyrfti að breyta orðalagi 2. málsgr. 16. gr. frv., heldur mæltist ég til við n., að hún athugaði það út frá þeim forsendum, sem ég lagði. Hitt hélt ég að ekki þyrfti að vekja undrun, þó að líkur séu fyrir því, að greiðslufrestur þessi skelli að lokum að einhverju leyti á útlendum firmum. Það stendur mér ljóst sem sjálfsagður hlutur, að þegar straumur viðskiptanna er stöðvaður á einum stað, þá hljóti það tjón, sem af því hlýzt í viðskiptalífinu, að lenda á einhvern hátt á fyrirtækjum og valda þeim vandræðum, svo að þau jafnvel verði að gefast upp, af því að stöðvunin bitnar á þeim. Það má vel vera, að löggjöf eins og þetta veki athygli erlendis. En það er nú svo margt, sem vekur athygli á þessum árum, að þetta lagaákvæði hér ætti ekki að vera neitt sérstakt. Ég þekki t. d. fleiri dæmi þess, að heiðarleg firmu geta ekki greitt víxilskuldir sínar við erlenda skuldunauta, sakir þess að þau fá ekki keyptan erlendan gjaldeyri. Þau geta því ekki sagt annað við lánardrottna sína en það, að þau séu reiðubúin til þess að borga, en geti aðeins ekki fengið peningana yfirfærða. Í sambandi við þetta ástand er ég ekki viss um, að neitt stórtjón hlytist af, þó að slíkt kæmi fyrir, sem hv. 4. landsk. var að benda á, að fyrir gæti komið og valdið óþægindum. Ég játa fyllilega, að hér er um vandamál að ræða, mál, sem þarf mjög rækilegrar yfirvegunar með, og það vænti ég, að hv. n. athugi.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég ætla ekki að svara hv. 4. landsk.; því get ég sleppt að þessu sinni. En ég stend upp til þess að þakka hv. 1. landsk. fyrir góðar undirtektir og bendingar í þessu máli og mun jafnframt verða við ósk hans um að taka aftur brtt. n. á þskj. 754 til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Það má segja, að þeir tímar, er vér nú lifum á, eru óvenjulegir, enda er það mál, sem hér er á ferðinni, það líka. Það, sem einkum einkennir þetta frv., er það, að verið er með því að tryggja þá, sem atvinnurekstur hafa með höndum, fyrir því, að að þeim verði gengið, en hinir, sem engan atvinnurekstur hafa, eru látnir afskiptalausir.

Ég vil fyrst gera þá aths. við þetta frv., að mér skilst, að það geti valdið því, ef að l. verður, að kaupafólk og lögskráðir sjómenn, sem inni eiga af kaupi sínu frá árinu 1931, muni verða að bíða lengi eftir að fá það greitt. Það má nú vera, að ekki sé mikið um það, að kaupa- eða verkafólk eigi mikið af kaupi sínu ógreitt. En slíkt mun ekki óalgengt með þá sjómenn, er unnið hafa við bátaútveginn. Mér finnst slíkar kröfur falla undir ákvæði þessa frv., enda þótt kröfur sjómanna séu nú tryggðar með sjóveði. Þótt þær kröfur séu tryggðar og að þeirri tryggingu sé hægt að ganga, þá draga menn það oft í þeirri von, að þeir fái aftur pláss hjá sama útvegi. Þeir bíða þess vegna með að fá sér tildæmdar kröfur sínar, þótt þeim sé það auðvelt. Ég tel, að þetta mál þurfi vel að athuga, og mér virðist frv. fyrst og fremst stefna að því að styðja þá, sem betur eru settir í þjóðfélaginu og hafa yfir atvinnutækjum að ráða, en hinum er enginn stuðningur ætlaður.

Ég vil þá benda á ýmislegt annað, sem gerir þetta frv. athugavert í mínum augum. Ég sé ekki betur en að þeir, sem nota

sér gjaldfrestsákvæði frv., komist í sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu. Ég geri sem sé ráð fyrir því, að þegar einstaklingar þeir, sem nota sér l., hafa fengið gjaldfrest, þá muni stuðningsmenn þeirra, er þeir hafa áður leitað til, og bankastofnanir, sem hafa veitt þeim fé til atvinnurekstrar, kippa að sér hendinni. Ég er hræddur um, að þeir menn verði álitnir vera komnir undir ákvæði skiptalaganna og að ekki verði talið þorandi að lána þeim mönnum neitt. Ég er hræddur um, að þetta komi fram. Og þó getur verið alveg nauðsynlegt, að þeim sé veitt lán, til að firra þá meiri skaða en nauðsyn er á að þeir bíði.

Enn er eitt, sem má nefna. Nú hefir þessum mönnum verið veitt lán á árinu 1931 út á fisk, bæði veiddan og óveiddan. Þetta lán eiga þeir að greiða jafnótt og fiskurinn selst. En nú selst hann ekki fyrr en á þessu ári, og jafnvel ekki fyrr en á árinu 1933. Hvernig á nú að fara með þetta? — Mér finnst, að um þetta þurfi að vera alveg sérstök ákvæði. Bankarnir hafa lánað gegn þessu veði, og ef lántakendum er veitt undanþága um greiðslu skuldanna, þá getur það leitt til kæruleysis fyrir þeim að standa í skilum, sem lítinn áhuga hafa fyrir því að borga skuldir sínar. Ég hygg því, að þetta gæti orðið misbrúkað. Sama verður uppi gagnvart öðrum þeim, er lána til útgerðar. Það er t. d. almennt, að óhjákvæmilegt er að fá að láni salt, veiðarfæri og olíu. Flestar slíkar skuldir, sem stofnaðar voru síðari hluta ársins 1931, eru enn ógreiddar. Helzt má vera, að olían sé greidd nokkuð jöfnum höndum, en þó munu þar líka vera skuldir frá hausti eða fyrri hluta síðastl. vetrar. Fyrir öllum slíkum lánum bæði frá bönkum og öðrum stofnunum stendur afli, sem ekki er seldur. Ég tel því óhjákvæmilegt að bæta ákvæði í frv. um, að óseldur afli gangi til að greiða þær skuldir, sem hann er að veði fyrir, jafnótt og verð fæst fyrir hann. Ef ekki er séð fyrir því, þá mundi það blátt áfram verða til þess, að fjöldi mótorbáta myndi ekki geta gengið næsta vetur. Til þess að koma þeim af stað, er nauðsynlegt að geta fengið lán út á væntanlegan afla, en slík lán mundi enginn þora að veita, nema tryggilega sé um þetta búið. Fáir eru svo efnum búnir, að þeir geti gert út án þess að fá lán til þess að koma bátunum af stað. Og langflestir bátarnir eru ekki stærri en svo, að þeir myndu falla undir þetta ákvæði. Eitthvað 20—30 bátar alls eru svo stórir, að þeir myndu verða utan við ákvæði frv. Ég held nú satt að segja, að ekki verði gengið svo harkalega að mönnum á þessum tímum, sem nú standa yfir, hvorki af lánsstofnunum, svo sem sparisjóðum og bönkum, né heldur af öðrum stofnunum, t. d. kaupfélögunum, að fyrir þær sakir sé nauðsynlegt að setja l. um greiðslufrest. Það, sem fært hefir verið fram sem mikilvægust ástæða fyrir frv., er innheimta skulda vegna fyrirtækja, sem hætta störfum, ef óprúttnir menn hafa á hendi innheimtuna. Af slíku getur vitanlega stafað stórfelld hætta. En um það atriði út af fyrir sig væri þá rétt að setja sérstaka löggjöf, sem næði yfir það eitt. Þeirra hluta vegna væri ekki þörf á jafnalmennu lagaboði eins og þetta frv. er.

Ég vék að því áðan, að þeir, sem notfæra sér ákvæði þessa frv., ef að l. verður, mundu öðlast sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu. Þeir yrðu eins og merktir menn, sem ganga mundi verr að fá lán. Þeir ættu sennilega svo erfitt með það, að nauðsynlegt mundi að tryggja þeim aðgang að lánum, með því að tryggja þau sem forgangskröfur. Ef t. d. eigendur mótorbáta geta ekki vátryggt báta sína, sem veðsettir eru fyrir lánum, yrði veðhafi að leggja fram fé í vátrygginguna. Væri hann eftir frv. almennur kröfuhafi fyrir slíku fé, sem þó er óhjákvæmilegt að leggja fram. Ég bendi á þetta til athugunar, og sömuleiðis á forgangskröfur verkafólks, sem það hefir eftir sérstökum lögum. Ég vil beina því til n., að hún taki þetta til athugunar. Ég held, að heppilegast væri, að málið verði tekið út af dagskrá nú og það athugað betur áður en 2. umr. er lokið. Það er auðveldara að koma fram með víðtækar efnisbreyt., sem samþ. eru, við 2. umr., heldur en að geyma þær til 3. umr. Það vill oft fara svo, þegar slíkar breyt. eru settar inn í frv., að ekki er gætt sem skyldi að þær falli inn í frv., svo að fullt samræmi verði. Er þá hægt að hefla frv. og laga það, sem aflaga hefir

farið, við 3. umr. Alltaf er hætt við, að eitthvað skolist og ákvæðin rekist á. (**Forseti:** Þar sem fundartími er nú þrotinn, verð ég að mælast til þess, að hv. þm., ef hann á mikið eftir, fresti ræðu sinni þar til síðar). Ég á eftir að minnast á nokkur atriði. Mun ég því, að tilmælum hæstv. fors., fresta ræðu minni, og geymi mér rétt til að halda henni áfram síðar.

Umr. frestað.

Á 78. og 80. fundi í Ed., 19. og 21. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 26. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 492, n. 702, 754, 766, 805).

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég hefði getað búizt við því, að hv. 2. landsk. væri viðstaddur, er framhaldsumr. hefst um þetta mál, þar sem hann var í miðri ræðu, er umr. var frestað.

Hv. 4. landsk. benti á það í ræðu, er hann hélt hér við fyrri hl. þessarar umr., að hann gæti ekki skilið þann hugsanagang, sem komið hefði fram hjá mér, er ég gaf það í skyn, að frv. þetta væri, að mér virtist, róttækt á pappírnum, en mundi ekki verða það í framkvæmdinni. Það, sem ég átti við með þessu, var það, að frv. virtist á pappírnum ganga langt í því að takmarka kröfurétt skuldheimtumanna, en að í framkvæmdinni mundi það reynast svo, að það yrði ekki nema í fáum tilfellum, sem þessi lög yrðu notuð.

Nú er liðinn nokkur tími síðan fyrri hl. umr. fór fram. Þann tíma hefir landbn. notað til að afla sér nánari upplýsinga um þetta mál frá kunnugum mönnum, og hafa þeir m. a. bent okkur á það, að meiri líkur væru fyrir því en við höfðum ráðgert, að frv. þetta, ef að l. verður, mundi verða mikið notað. Svo hefir viljað til, að landbn. hefir átt viðtal við alla bankastjórana hér við aðalbankana og setið með þeim sameiginlegan fund. Var það einróma álit þeirra, að l. yrðu mikið notuð af bátaútgerðarmönnum. Þannig var það upplýst, að megnið af útgerðinni í Vestmannaeyjum mundi falla undir ákvæði þessara laga, og lögin verða notuð af henni. Í því sambandi vil ég benda á það, sem reyndar er vel kunnugt, að veltufjárþörf bátaútgerðarinnar er margfalt meiri en landbúnaðarins. Ef því frv. þetta yrði lögfest, þá mundi verða um miklu víðtækari notkun að ræða og stærri fjárhæðir en við höfðum búizt við. Landbn. tók því það ráð að bera fram brtt. við 1. gr. frv. Er hún á þskj. 805 og gerir þá höfuðbreyt. á 1. gr., ef samþ. verður, að hún tekur bátaútveginn út úr gr. og þar með frv. Nær þá frv. aðeins til landbúnaðarins. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, sem ég þegar hefi lýst: nánari athugun og álit bankastjóranna. Mega þeir gleggst um þetta vita. Ég geri ráð fyrir því, að um þetta verði skiptar skoðanir, en fyrr en það kemur í ljós mun ég eigi ræða meira um þetta atriði.

Í öðru lagi hefir n. gert brtt. við 15. gr. Í þeirri gr. er talað um tvennskonar ákvæði í sambandi við þá menn, sem komizt hafa undir íhlutun skilanefndar um viðskipti sín. Þar er talað um, að ef þeir samkv. l. þessum rýri tryggingar skuldheimtumanna sinna, þá komist þeir undir ákvæði ákveðins kafla hegningarlaganna. Þetta þótti n. óþarfi að taka fram, þar sem það er sjálfsagt. En hinsvegar telur n. rétt að setja ákvæði um það, ef veð er rýrt án þess að það heyri undir hegningarlögin.

Þá er brtt. við síðari málsgr. 16. gr. Áður hafði n. borið fram till. um, að þessi málsl. félli burt, en jafnframt lýst því, að sú brtt. væri tekin aftur til 3. umr. Nú hefir n. getað hugsað sér, að þessi málsl. gæti haldið sér með því að bæta inn í hann eins og 3. brtt. leggur til, þannig, að atvmrh. geti úrskurðað að undanþiggja þær lánsstofnanir, er í gr. getur, frá því að verða teknar til gjaldþrotameðferðar, enda fullnægi þær þeim skilyrðum, er gr. getur um.

4. brtt. fer fram á, að sett verði ný gr., sem mæli svo fyrir, að tímabilið frá afhendingu gjaldfrestsbeiðninnar til loka hins úrskurðaða frests skuli ekki talið með fyrningartíma skuldar né víxilréttar.

Síðasta brtt. n., um fyrirsögn frv., er eðlileg afleiðing, ef hinar brtt. n. verða samþ.

Jón Baldvinsson: Ég varð að stöðvast í miðri ræðu, er frv. þetta var á dagskrá

síðast. Ég var þá að tala um 16. gr. Ég get haldið áfram að tala um þau atriði, er ég vildi þá gera að umtalsefni, enda þótt málið horfi nokkuð öðruvísi við nú, eftir þær brtt., sem hv. landbn. hefir borið fram, þar sem hún m. a. leggur til, að ákvæði 16. gr. verði þrengt. En þar sem óvíst er um, hvort þær brtt. verða samþ., þá get ég haldið áfram mínum aths. við frv.

Þar sem 16. gr. heimilar fjmrh. að greiða 200 þús. kr. til þeirra stofnana, sem verða fyrir erfiðleikum vegna innlausnar vaxtabréfa, er þær hafa gefið út, mun vera átt við veðdeildir Landsbankans og Búnaðarbankans, og sennilega hin gömlu vaxtabréf Íslandsbanka og vaxtabréf Ræktunarsjóðs. En hér getur fleira komið til greina, sem valdið getur óþægindum. Skal ég nefna það, að oft hafa mótorbátar verið keyptir frá útlöndum á þann hátt, að fenginn hefir verið gjaldfrestur á andvirði þeirra til 1, 2 eða 3 ára. Hafa þá bankarnir oft tekið ábyrgð á greiðslunni. Er því hér um skuldir að ræða hjá bátaeigendum, sem falla mundu undir ákvæði frv., en bankarnir þó verða að standa skil á. Sýnir þetta, að fleira getur komið til álita í sambandi við þetta ákvæði en hin innlendu vaxtabréf. Um þetta þyrfti að bæta ákvæði í frv.

Ég var búinn að geta þess, að mér þætti frv. þetta vera hlutdrægt, þar sem það tekur aðeins yfir tvær stéttir í þjóðfélaginu. Ég álít, að það ætti einnig að ná til verkamanna- og sjómannastéttanna. Það liggur þó í hlutarins eðli, að hægt er af þeim að taka nauðsynlega búshluti og annað, sem þeim er nauðsynlegt að hafa vegna sinnar atvinnu. Hjá þeim getur einnig verið um skuldir að ræða, svo sem ógreidda húsaleigu og annað, sem réttmætt væri að veita greiðslufrest á, ekki síður en á því, sem frv. nú nær yfir. Þess ber einnig að gæta, að verkamenn og sjómenn geta komizt undir það ákvæði frv. að greiðsla á eftirstöðvum kaups þeirra og hluta þeirra af afla verði stöðvuð. Að þessu athuguðu hefi ég borið fram brtt. við 16. gr. um það, að ákvæði þessa frv., ef það verður lögfest, nái eigi að því er gjaldfrest snertir til skulda, er stafa af ógreiddu verkakaupi eða ógreiddum aflahlut. Það er alveg víst, að ekki alllítið af slíkum skuldum er stofnað fyrir árslok 1931, er teljast myndi til höfuðstóls skulda samkv. 1. gr. Er því sjálfsagt að samþ. þessa brtt. Einnig álít ég, að sjálfsagt væri að breyta svo 1. gr. frv., að ákvæði hennar verði einnig látin ná til hinna fjölmennu stétta, er ég hefi nefnt, verkamanna og sjómanna. Vil ég beina því til hv. landbn., hvort hún vill ekki koma fram með slíka brtt. fyrir 3. umr. Treysti hún sér ekki til þess, mun ég gera það.

Ég er ekki alveg viss um, að brtt. hv. landbn. séu í samræmi við álit og till. þeirra manna, er hún leitaði ráða hjá. Ég var ekki viðlátinn og heyrði því ekki alla ræðu hv. frsm. Ég hygg, að brtt. n. fullnægi ekki því viðtali og till., er n. bárust. Að þessu sinni skal ég þó ekki fara lengra út í það, en æski aðeins, að brtt. mín við 16. gr. verði samþ. Mun ég svo taka frv. til nánari athugunar fyrir 3. umr. og gera þá við það þær brtt., sem mér þykir ástæða til vera, eftir því, hvaða afgreiðslu það fær við þessa umr.

Jón Þorláksson: Hv. 2. landsk. gerði sérstaklega að umtalsefni eitt atriði, sem ekki hefir verið drepið á áður í þessari hv. deild. Það var, hvernig færi um ábyrgðarmenn þeirra skulda, sem gjaldfrestslögin stöðva greiðslur á. Hv. 2. landsk. setti þetta nú samt ekki fram almennt, heldur tók dæmi af einstöku tilfelli, þar sem banki stæði í ábyrgð gagnvart erlendum kröfuhafa vegna mótorbátakaupa. En þetta álít ég, að sé aðeins eitt dæmi af því, hvernig farið getur almennt. Ég skil ekki, að máli skipti í því sambandi, hvort kröfuhafi er útlendur eða innlendur, ef svo er ástatt með ábyrgð og greiðslu skulda sem hv. 2. landsk. nefndi. Þegar kröfuhafi færi að leita réttar síns og dóm ætti að dæma eftir þessum lögum, þá er það ekki ljóst, hvort ekki muni mega ganga að þeim, sem í ábyrgð er fyrir kröfunni. Fyrir höf. frv. mun þó hafa vakað, að svo væri ekki. En þetta mun varla vera tekið nógu skýrt fram í frv.

Ég er afaróánægður við n. um það, hvernig hún hefir tekið í aths. mínar við 16. gr. Að vísu hefir hún nú borið fram brtt. við 2. málsgr., er hún áður vildi fella

burt. Ég skil þetta svo, að hún ætlist nú til, að málsgr. standi, með því að bætt sé inn í hana 3. brtt. á þskj. 805. En þessi brtt. fullnægir ekki þeim aths., sem ég gerði við þessa málsgr., þar sem hún gengur alveg í öfuga átt við þær. Hún dregur sem sé úr því öryggi, er lánsstofnanir hafa vegna þeirra erfiðleika, er þær geta komizt í sökum þessa gjaldfrests, sem frv. veitir skuldunautum þeirra. Nú er það víst, að slíkar skuldir verða ekki teknar nauðungartaki meðan l. eru í gildi. En nú vill hv. landbn. breyta þessum málsl. svo, að atvmrh. úrskurði, hvenær tekin skuli til gjaldþrotameðferðar bú þeirra lánardrottna, sem lenda í erfiðleikum vegna framkvæmdar þessara laga. En hinu er alveg gengið framhjá, að hver kröfuhafi fyrir sig geti gert fjárnám hjá þeim mönnum, sem komnir eru undir ákvæði frv. Það getur gerzt, en til gjaldþrotaskipta má ekki taka búið eftir gr. eins og hún er nú í frv., og að fengnu samþ. atvmrh. eftir brtt. n. Þetta getur orðið til þess, að einn og einn kröfuhafi nær öllu sínu, þótt hinir nái því ekki, þegar búið verður tekið til gjaldþrotameðferðar, þegar þessi lög eru fallin úr gildi. Þetta tel ég óhafandi. Ég get ekki skilið, hvers vegna n. hefir ekki viljað breyta þessu, nema ef það væri meiningin að gera þessar öryggisráðstafanir fyrir lánsstofnanir að engu, eins og verið er að gera þær að engu fyrir verzlunarfyrirtæki.

Við brtt. hv. n. um það að leggja á vald atvmrh. að úrskurða, hvort taka megi bú til gjaldþrotaskipta, er það að athuga, að eftir þeirri viðtæku reynslu, sem fengizt hefir um hlutdrægni þeirra stjórnarvalda, sem verið hafa síðustu ár, þá álít ég alveg óhæfilegt af löggjöfinni að leggja það undir úrskurð ráðh., hvaða fyrirtæki megi taka til gjaldþrotaskipta, þegar þau komast í greiðsluþrot. Þá er hverri hlutdrægri stj. það í lófa lagið að nota þessa sérstöku lagaheimild til að þurrka út alla kaupmannaverzlun, en láta kaupfélögin ein sitja eftir, með því að neita kaupmönnum um þennan frest, eða þá undanþágu frá gjaldþrotaskiptum, sem gr. gerir ráð fyrir, en veita kaupfélögum hana.

Ég get því ennþá síður greitt atkv. með þessari 16. gr., ef brtt. n. kæmi inn, heldur en þó eins og gr. er nú, og álít ég hana þó óviðunandi. Þegar svona óvenjulegar ráðstafanir eru gerðar, verður að taka afleiðingunum af þeim og láta þá njóta hæfilegrar verndar, sem ekki geta fengið sínar kröfur innheimtar vegna þessa greiðslufrests. Ef menn vilja ekki gera það, þá er þeim ekki alvara, að þessi löggjöf verði þjóðinni að gagni.

Frsm. (Páll Hermannsson): Mér hefir skilizt á þeim hv. þdm., sem hér hafa tekið til máls, að þeir tali um frv. í þeirri mynd, sem það hefir nú, og virði hlutina fyrir sér í sambandi við frv. óbreytt, en taki það ekki eins og n. hefir með brtt. sínum lagt til, að það yrði. Það hefir t. d. verið talað um það, að mótorbátar væru keyptir og þyrfti að veita greiðslufrest á andvirði þeirra, en nú leggur n. til, að heimild til greiðslufrests fyrir bátaútveginn verði numin burt úr frv. N. leggur þannig til, að þrengd verði ákvæði frv. Höfuðtilgangur frv. er sá, að koma í veg fyrir, að svo hart verði gengið að framleiðendum, að þeir geti ekki lengur stundað atvinnurekstur sinn og lendi því í hópi þeirra manna, sem enga atvinnu hafa. Það eru atvinnurekendur, sem fyrst og fremst þurfa á þessari vernd að halda, því að þeir verða að hafa undir höndum talsverð verðmæti, sem ekki má af þeim taka, ef þeir eiga að geta rekið atvinnu sína áfram. Sama held ég að megi segja um þá brtt. hv. 2. landsk., að frv. skuli ekki ná til ógreidds verkakaups. Það mætti segja, að sú brtt. gæti verið réttmæt, ef frv. yrði samþ. þannig, að gjaldfresturinn næði til bátaútvegsins, en ef till. n. yrði samþ., að hann nái aðeins til landbúnaðarins, þá get ég ekki séð, að þessi brtt. hv. 2. landsk. hafi neitt að þýða, því að yfirleitt mun vera mjög lítið um það, að bændur eigi ógreitt kaup til verkafólks.

Þá var hv. 2. landsk. að spyrjast fyrir um það, hvort till. n. væru í samræmi við uppástungur bankastjóranna. Ég skal upplýsa það, að n. hefir að sumu leyti farið eftir till. þeirra, en að sumu leyti ekki. T. d. eru það eindregin tilmæli bankastjóranna, að bátaútvegurinn sé ekki tekinn með í þessu frv., af því að

þeir álíta, að í framkvæmdinni mundi það reynast svo, að ómögulegt væri að veita bátaútveginum þessa vernd, viðskipti þeirra væru svo víðtæk, að ómögulegt væri að koma þessum reglum þar að.

Bankastjórarnir komu líka með þær uppástungur, sem n. hefir ekki viljað bera fram, t. d. að ein n. yrði skipuð fyrir allt landið til þess að hafa þessi málefni með höndum. Þetta vildi n. ekki fallast á. Hún áleit, að ein n. fyrir allt landið yrði svo seinvirk, að hún kæmi ekki að nokkru haldi.

Þetta, sem ég hefi nú sagt, gildir að nokkru leyti líka um það, sem hv. 1. landsk. sagði. Ef frv. yrði breytt eins og n. leggur til, ættu sumar af hans aths. ekki við. Öðru máli er að gegna um það, sem hann sagði um 16. gr. Í upphafi þessarar umr. hafði landbn. lagt til, að síðari málsl. 16. gr. félli niður, því að eins og hv. 1. landsk. orðaði það, þá er engin vernd veitt þeim lánsstofnunum og öðrum lánardrottnum, sem kynnu að verða fyrir barðinu á þessu frv., ef það yrði að lögum. N. sá ekki fært að veita t. d. kaupmönnum og kaupfélögum og öðrum, sem kynnu að hafa einhver óþægindi af þessu, þá vernd, sem ef til vill mætti segja, að þeir hefðu rétt til. Hv. þm. sagði, að sú brtt., sem n. ber nú fram, gengi í öfuga átt við bendingar sínar. Það er líka eðlilegt, af því að n. hugsaði sér upphaflega að fella þetta ákvæði alveg niður, en hv. 1. landsk. hefir litið svo á, að í rauninni þyrfti að gera þessi ákvæði víðtækari. Nú hefir n. slegið af sínum fyrri kröfum, að fella þessa málsgr. alveg niður, svo að eftir því, sem n. leggur til nú, þá getur atvmrh. úrskurðað, að bú þeirra verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta, ef hægt er að sýna fram á, að þeim hafi stafað veruleg óþægindi eða örðugleikar af framkvæmd þessara laga. Með þessari brtt. er sleginn varnagli við því, að þetta sé gert, nema ástæða þyki til, því að atvmrh. á í hvert skipti að meta, hvort ástæða sé til að veita lánsstofnunum þessa vernd, sem felst í síðari málsl. 16. gr.

Hv. 1. landsk. sagði, að sú stj., sem setið hefði að völdum að undanförnu, hefði verið svo hlutdræg, að það mætti ekki eiga sér stað, að slíkt vald væri lagt upp í hendurnar á henni. Það er nú að verða opinbert leyndarmál, að þessi stj., sem hv. þm. talaði um, verður að líkindum ekki við völd nú framvegis. Þetta veit hv. 1. landsk. eins og aðrir, og þarf hann því ekki að óttast, að þessi stj. fremji nú framvegis neitt ranglæti í sambandi við þetta. Er því þessi ótti hv. þm. að þessu leyti ástæðulaus og ekki vel viðeigandi.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. hreyfði því nokkuð, sem ég minntist lauslega á viðvíkjandi ábyrgðum stofnana gagnvart erlendum lánardrottnum fyrir framleiðslutækjum, sem keypt væru til landsins. Hann minntist í því sambandi á ábyrgðarmenn almennt, og er það rétt, sem hann sagði, að það er ekki minnzt á það í frv., hvernig fara eigi að gagnvart þessum ábyrgðarmönnum. (**JónÞ:** Það er gert í niðurlagi 4. gr.). Já, það er frestur gagnvart þeim, en eins og menn vita, þá er það í mjög mörgum tilfellum svo, að kunningjar, vinir eða vandamenn þeirra manna, sem atvinnurekstur hafa með höndum, hjálpa þeim með því að ganga í ábyrgð fyrir þá, svo að þeir geti fengið fé til rekstrarins. Þessir menn eru margir svo vel stæðir, að þeir eiga auðvelt með að greiða þessa ábyrgð, og því er ekki rétt að láta þá alla fá slíkan greiðslufrest, sem frv. gerir ráð fyrir. Atvinnurekandinn treystir því kannske, að ábyrgðarmennirnir greiði þetta fé, og ábyrgðarmennirnir hafa kannske lofað því, og lánveitandinn veit það með vissu, að ábyrgðarmennirnir geta greitt þessar skuldir og hefir aðeins lánað féð vegna loforða þeirra um greiðslu. Í svona tilfelli væri það nokkuð hart, ef ekki mætti ganga eftir greiðslu á skuldinni. Þetta atriði þarf að taka til athugunar og breyta þá frv. þannig, að lánardrottinn geti fengið skuld sína greidda, ef ábyrgðarmenn eru svo vel stæðir, að þeir geta vel greitt hana. Ef maðurinn getur sýnt fram á, að hann eigi fyrir skuldum samkv. því mati, sem lagt verður á eign hans, þá verður lánardrottinn að bíða eftir greiðslu á skuldinni, hver veit hvað lengi, jafnvel þótt ábyrgðarmennnirnir séu ríkismenn.

Hv. frsm. vill ekki fallast á að taka verkamenn með í þessu frv. Það er ómögulegt að segja annað en að með því að leggjast á móti því er n. að beita hinni

megnustu hlutdrægni, þar sem hún vill útiloka fjölmennustu stéttina frá því að njóta þeirra hlunninda, sem ætlað er að veita með þessu frv. N. er alveg einsýn fyrir sína stétt. Aðrir mega ekki njóta þar góðs af.

Þá vil ég koma að því, sem hv. frsm. minntist á í niðurlagi ræðu sinnar, um skilanefndirnar. Samkv. 2. gr. frv. á að skipa 3 manna n. í hverju sýslufélagi og kaupstað og jafnmarga til vara. Þessi n. á síðan að starfa eftir því, sem lög þessi ákveða. Mér virðist það mjög orka tvímælis, hvort rétt sé að hafa slíka n. í hverri sýslu. Þessar n. eiga vitanlega að gera till. um öll gjaldþrotaskipti. Nú er það kunnugt, að svo stendur á, að jafnvel heil sýslufélög eru í vandræðum, af því að sumar sveitir sýslufélagsins eru því sem næst gjaldþrota. Mér er kunnugt um heila hreppa á landinu, þar sem aðeins fáir eiga fyrir skuldum og hafa reynt að komast að samningum við lánardrottna sína um greiðslu á einhverju af þessum skuldum. Allt svona lagað hlýtur að koma undir skilanefndirnar. Þá hlýtur svo að fara, að þær beiti ósjálfrátt hlutdrægni. Hver skilanefnd hlýtur að halda með sínu sýslufélagi. Þess vegna er sú uppástunga, að hafa nefndina aðeins eina og láta hana úrskurða öll slík mál, miklu skynsamlegri. Þá mundi fást meira samræmi, því að ein n. mundi hafa miklu meira heildaryfirlit yfir öll þessi mál heldur en margar n., sem hver vinnur í sínu sýslufélagi. Danir, sem hafa komið á hjá sér lögum um gjaldfrest, leggja þetta á vald yfirvaldanna, sýslumanna og bæjarfógeta. Þeir rannsaka málið og úrskurða frestinn. Þarna er talsvert meiri trygging fyrir því, að málið verði rannsakað. En það er ýmislegt, sem bendir til þess, en ég fer ekki inn á nú, að sérstök sýslu- eða bæjarfélög kunni að dæma vilhallt um aðför að íbúum þess héraðs og úrskurðir þeirra ef til vill mótist af því. Þess vegna er fyrirkomulagið hjá Dönum betra en það, sem hér er stungið upp á, ef þessir úrskurðir eiga að leggjast á á fleiri en einum stað. Annars sýnist mér einna skynsamlegast að hafa eina skilanefnd fyrir allt landið.

Ég get ekki stillt mig um að skjóta því til hv. frsm., sem einn bóndi, er var nýlega á ferð hér í Rvík, sagði út af þessu frv. Hann heyrði að bændur ættu að fá frest á afborgun af höfuðstóli skulda, en yrðu að greiða vextina. Þá sagði hann: „Það er ekkert gagn í þessum fjanda, fyrst við verður að greiða vextina. Það gæti komið að gagni, ef við þyrftum hvorki að greiða vexti né afborgun“. Það er ekki gengið svo hart að mönnum með afborganir, að þörf sé á að setja þessi lög. En vextina verða þeir að greiða, því að annars velta lánin upp á sig og aðrir verða að taka við þeim, ef ábyrgðarmenn eru, ella verða veðin seld. Þetta frv. getur orðið til hins mesta ógagns og aukið á vandræði í landinu, margir ef til vill nota þetta, sem sízt þyrftu þess með, og þeir, sem reyna að standa í skilum og pína sig til að greiða sínar skuldir, mundu neyðast til að fara að dæmi hinna.

Um hitt get ég vel verið sammála hv. landbn., að full ástæða gæti verið til að vernda bændur og þá líka aðrar fátækar stéttir þjóðfélagsins fyrir því, að mjög hart væri gengið að þeim með greiðslur á verzlunarskuldum. Hv. frsm. er það sjálfsagt kunnugt af Austurlandi, að þar eiga verzlanir bæði innlendar og útlendar, hundruð þúsunda kr. útistandandi hjá bændum, verkamönnum og sjómönnum. Þessar skuldir eru ógreiddar enn, og mest af þeim hefir verið keypt af einhverjum innheimtumönnum í Rvík og kannske víðar, og þeir hafa gengið mjög hart að mönnum, a. m. k. sumir þeirra. Það gæti verið ástæða til að vernda menn fyrir slíku, en þá þarf frv. ekki að vera nálægt því eins víðtækt og nú. Þá ætti að vera nægilegt að samþ. frv. um það, að á þeim tímum, sem nú standa yfir, mætti ekki innheimta kaupstaðarskuldir, og að menn skyldu fá gjaldfrest á þeim.

Jón Jónsson: Þetta frv. er eiginlega eina málið, sem verið hefir til meðferðar á þessu þingi, sem getur talizt veruleg kreppuráðstöfun og miðar í þá átt að hjálpa nokkrum hluta þjóðarinnar alveg sérstaklega í þessum örðugleikum. Væri því æskilegt, að það næði fram að ganga sem bezt úr garði gert.

Hv. 2. landsk. hélt því fram, að þetta frv. væri ekki nógu víðtækt, þannig, að það tæki ekki til eins margra stétta og

vera bæri. Það kann vel að vera, að hv. þm. hafi hér nokkuð til síns máls, en það er þó ólíku saman að jafna um bændur og verkamenn, vegna þess að þegar verið er að veita bændum gjaldfrest, þá er það gert í því augnamiði, að þeir geti haldið atvinnurekstri sínum áfram, og það er það, sem okkur ríður mest á af öllu, svo að sem flestir af þeim, sem vinnufærir eru, geti haft eitthvað við að vinna. Á þessu veltur allt fyrir okkur. (**JBald:** Gott, að hv. þm. er nú farinn að tala eins og landsfaðir). Vitanlega eigum við allir að tala eins og landsfeður og hugsa um gagn landsins eins og við höfum vit og orku til. Með verkamanninn er nokkuð öðru máli að gegna en með bændur. Jafnvel þótt húsgögnin í stofunni hans væru af honum tekin, þá er hann þó ekki ófær til atvinnu sinnar framvegis eins og bóndinn, ef bústofn hans er tekinn af honum. En svo vil ég líka benda á það, að með þeirri breyt., sem á þessu þingi var gerð á lögum um aðför, þá var nokkuð hækkuð sú upphæð, sem er lögtaksfrjáls. Með því eru ástæður verkafólks mikið bættar frá því, sem nú er.

Það má segja, að það sé neyðarúrræði að taka smábátaútveginn út úr þessu frv., en það er gert samkv. eindregnum kröfum frá öllum bönkum landsins, sem telja það svo vandasamt mál að veita þeim þennan frest, og jafnvel stórhættulegt fyrir bankana, að ekki sé fært að ganga þá leið. Nú vil ég benda hv. 2. landsk. á það, að þar sem brtt. hans á að miklu leyti við bátaútveginn, þá getur hún ekki átt við, ef sú brtt. n. verður samþ., að bátaútvegurinn verði tekinn út úr frv. Ég vildi því helzt, að hv. þm. vildi taka brtt. aftur til 3. umr. og bera þá heldur fram brtt., sem á fullkomlega við frv. eins og það verður þá.

Annars held ég, að ekki sé mikil þörf á að samþ. þessa till. hv. þm., ef frv. á aðeins að ná til bænda. Till. fellur því í raun og veru um sjálfa sig, ef bátaútvegurinn verður tekinn út úr frv. Það er sem betur fer, að þess eru ekki mörg dæmi, að það standi upp á bændur með kaupgreiðslur. Þeir klífa þrítugan hamarinn til að standa þar í skilum. Ég vona því, að hv. þm. taki brtt. sína aftur, ef brtt. n. verður samþ., því að þá á hans brtt. ekki lengur við, og er þar að auki óþörf.

Hv. þm. vill ekki hafa skilanefnd í hverri sýslu. Þetta getur auðvitað orkað tvímælis, en það, sem vakti fyrir n. með því að vilja hafa skilanefnd í hverri sýslu, var það, að þá hafa skilanefndirnar miklu meiri kunnugleika á öllum högum bænda heldur en ef skilanefndin væri aðeins ein og hefði aðsetur í Rvík. Hún gæti ekki farið eftir neinu nema opinberum plöggum, skattskýrslum og öðru slíku, en ef skilanefnd er í hverri sýslu, þá gætu þær, auk þess sem þær fengju þessi skjöl í sínar hendur, aflað sér miklu nákvæmari upplýsinga en hægt er að fá úr opinberum skýrslum. Þess vegna komst n. að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að hafa skilanefndirnar þetta margar.

Þá vildi ég víkja lítilsháttar að því, sem hv. 1. landsk. sagði. Hann virtist líta hornauga til brtt. frá landbn. við síðari málsgr. 16. gr., um það að fella úr gr. orðin „verða bú þeirra þá", og setja í staðinn þessa setningu: Getur atvmrh. þá úrskurðað, að bú þeirra verði o. s. frv.

Ég held það sé rétt hjá hv. 4. landsk., að það séu traustsspjöll fyrir verzlunarfyrirtæki út á við, að gjaldfrestsákvæðin verði látin ná til þeirra. Auk þess álít ég, að það sé lítils virði fyrir verzlunarfyrirtæki að fá slíkan gjaldfrest, nema bú þeirra séu svo vel stæð, að þau eigi fyrir skuldum. Enda yrði ekki gengið að stærri verzlunarfyrirtækjum, ef þau eiga fyrir skuldum. Ég held, að n. hafi einmitt komizt að heppilegri niðurstöðu í till. sinni um að heimila ráðh. að veita þessum fyrirtækjum gjaldfrest, ef ástæða er til.

Hv. 1. landsk. virðist sjá ógurleg ljón á veginum í þessari brtt. n. Hann virðist ganga út frá því, að stj. hljóti að sýna hlutdrægni í meðferð þessarar heimildar og mundi aðeins veita kaupfélögum gjaldfrest, en ekki kaupmönnum. Ef það er sjálfsagt að ganga út frá því, að atvmrh. sýni hlutdrægni í þessu efni, þá hygg ég, að það geti farið eftir því, hver skipar það sæti, hverjir fyrir hlutdrægninni verða. Ég tek t. d., ef hv. 1. landsk. yrði atvmrh., þá megi treysta því, að kaupmennirnir verði ekki hafðir útundan. Annars skal ég taka það fram, að ég hefi ekki trú á því, að atvmrh., hver sem hann verður, sýni hlutdrægni í þessu

máli.(**JónÞ**: „Mikil er trú þín"). Já hún er það mikil, að mér finnst ekki ástæða til að vantreysta stjórn landsins í þessu efni. Ég lít svo á, að þessi brtt. n. sé til bóta og því sé réttast að samþ. hana, þó að ég viðurkenni, að hún er ekkert stórt atriði. Þegar á það er litið, að þetta mál, sem hér er til umr., er eiginlega eina málið á þessu þingi, sem telja má, að sé fram komið sem kreppuráðstöfun til hjálpar bændum landsins, þá vil ég vona, að hv. þd. láti ekki það ólán henda sig að drepa þessa viðleitni til aðstoðar bændum gegn kreppunni, en sjái sér fært að greiða götu frv. með því að samþ. það. Má varla minni árangur vera af 100 daga starfi þessa þings.

Jón Þorláksson: Út af afstöðu ábyrgðarmanna vil ég taka það fram, að í 4. gr. frv. er ákveðið, að ekki megi ganga að ábyrgðarmönnum skuldunauts á tímabilinu frá því að skilanefnd hefir borizt beiðni um gjaldfrest á skuldum, sem lög þessi ná til, og þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Það er auðvitað meiningin, að ekki megi ganga að ábyrgðarmönnum eftir að skilanefnd hefir ákveðið gjaldfrest, en það stendur hvergi í frv., og ætti ákvæði um það að vera í 11. gr.

Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. við 16. gr., þar sem farið er fram á, að á eftir orðunum „og verða bú þeirra þá ekki tekin til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum" verði bætt við: og eigi gert fjárnám í eignum þeirra. Málsliðurinn mundi þá orðast svo: og verður bú þeirra þá ekki tekið til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum og eigi gert fjárnám í eignum þeirra, meðan lög þessi eru í gildi.

Mér finnst þetta vera svo öldungis sjálfsögð afleiðing af þeim skuldagreiðslufresti, sem frv. er ætlað að veita skuldunautum fyrirtækjanna. Og það er ekkert svar við þessu hjá hv. 3. landsk., þó að hann haldi því fram, að það verði ekki gengið að verzlunarfyrirtækjum meðan þau eiga fyrir skuldum. Því að það getur vel verið, að mikill hluti af eignum kaupmanna og kaupfélaga sé í útistandandi skuldum, sem veittur hefir verið gjaldfrestur á. Og hvar er þá verndin gegn því, að ekki verði gengið að þessum fyrirtækjum, þegar víxlar falla á þau, þannig að handhafar víxlanna geti ekki látið þau leggja sér út þær eignir, sem aðfararhæfar eru? Mér finnst sjálfsagt, að þessi vernd nái eins til þeirra stofnana, sem ekki geta innheimt útistandandi kröfur sínar, eins og til einstaklinga þeirra, sem ekki geta svarað út þessum kröfum. Hið fyrra er eðlileg afleiðing af því síðara.

Verði síðari brtt. n. samþ., á þskj. 754, við 16. gr., en ekki brtt. mín, þá greiði ég atkv. á móti 16. gr. í heild, því að ég álít, að hún eigi þá ekki heima í frv.

Forseti (GÓ): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. landsk., svo hljóðandi:

„Við 16. gr. Á eftir orðunum „að þeim nauðugum" komi: og eigi gert fjárnám í eignum þeirra".

Til þess að till. þessi megi koma til umr. og atkv., verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 808) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Það, sem við hv. 1. landsk. höfum talað um ákvæði þessa frv. gagnvart ábyrgðarmönnum skuldunauta, fer sitt á hvað. Hv. 1. landsk. vill tryggja það enn betur, að ekki verði gengið að ábyrgðarmönnum, en mér finnst ekki ástæða til að hlífa ríkum manni, sem getur greitt ábyrgðarskuld fyrir fátækan mann, er fátæklingurinn rís ekki undir henni. Ég sé ekki ástæðu til, að það sé verið með lögum að þrengja greiðslufresti upp á slíka menn, sem áður höfðu ætlað sér samkv. ábyrgðaryfirlýsingu að greiða skuldina. Ég sé ekki ástæðu til að veita ábyrgðarmönnum jafnlangan greiðslufrest og þeim, sem skuldina hefir stofnað, en það á að gera samkv. 4. gr. frv.

Þá sagði hv. 3. landsk., að það væri tvennt ólíkt, hvort innanhúsmunir væru teknir af verkamönnum eða búin af bændunum, því að í síðara tilfellinu væri atvinnurekstur stöðvaður, en þó að gengið yrði að verkamanni, þá gæti hann haldið áfram vinnu sinni. En útkoman verður ákaflega svipuð hjá báðum; hv. þm. hefir bara ekki viðsýni til þess að sjá það, að

heimili verkamannsins hlýtur að leysast upp og tvístrast, ef húsmunir eru teknir af honum, og það gerir hann ófæran til að fleyta áfram sínu heimili. Verði á sama hátt gengið að bóndanum, þá varðar það líka upplausn á heimili hans.

Að vísu veit ég, að það er rétt, sem hv. þm. sagði, að einstaklingum er nú heimilt að taka frá nokkru ríflegri fjárupphæð en áður var, þegar bú þeirra eru tekin til gjaldþrotaskipta, en þrátt fyrir það er hægt að selja t. d. húsgögn þeirra, þannig að samkv. aðfararlögunum njóta menn lítillar verndar móts við það, sem þessi lög eiga að veita bændum.

Hv. 3. landsk. sagði, að ef skipuð væri ein skilanefnd í Rvík fyrir allt landið, þá myndi hún vera ókunnug högum einstakra manna í fjarlægum landshlutum, og ég skal játa, að skilanefnd, sem starfar í hverju héraði fyrir sig, hefir þar meiri kunnugleik, en það er hætt við, að þær gætu orðið vilhallari í málum sinna héraðsbúa heldur en nefnd, sem stendur þeim fjær. Það getur vel verið, að kunnugir skilanefndarmenn geti betur skorið úr því, hvaða einstaklingum er trúandi til að bjarga sér, og hverjum ekki. En það er mjög hætt við því, að skilanefndir í héruðunum vilji lofa sem flestum að njóta góðs af þessum lögum, ef þau annars geta orðið nokkrum að góðu.

Jón Jónsson: Ég skil ekki, hvað hv. 1. landsk. getur býsnazt yfir niðurlagi 16. gr. Ég held, að það geti orðið talsvert hættulegt fyrir verzlunarfyrirtæki, þannig að það veiki lánstraust þeirra erlendis, ef þau geta skotið sér undir lögin. En ég held, að það sé lítil hætta á, að verzlunarfyrirtæki stöðvist vegna þess, að gjaldfrestsákvæðin verði misnotuð af bændum, sem skulda þeim. Og ég vona, að bændur noti þau ekki nema brýna nauðsyn beri til. — Annars vill það nú svo vel til, að það eru ekki mikil brögð að því, að önnur verzlunarfyrirtæki en kaupfélögin eigi stórar fjárhæðir útistandandi hjá bændum. Ég held, að það sé ekki hættulegt að samþ. brtt. n., en með henni er verzlunarfyrirtækjum gerður mikill greiði.

Hv. 2. landsk. sagði, að gjaldþrotaskipti hefðu sömu afleiðingar í för með sér fyrir verkamenn eins og bændur, þannig að heimili þeirra mundu leysast upp, en það skil ég nú satt að segja ekki. Ég vil benda honum á, að margur bóndinn verður að baslast áfram með minna verðmæti í húsmunum en það, sem gjaldþrota einstaklingum er frjálst að halda eftir samkv. lögum um aðför. Og í flestum tilfellum gætu verkamenn fengið beina eða óbeina aðstoð, t. d. frá bæjar- eða sveitarfélögum, til þess að halda uppi heimili sínu, en hitt er erfiðara, að fá bændum bústofn í hendur til þess að halda áfram atvinnurekstri sínum. (**JBald:** Hv. þm. gefur verkamönnum ávísun á framfærslusveit sína). Að vissu leyti, sveitar- og bæjarfélög geta greitt fyrir þeim með því að veita atvinnu, og eins og löggjöf okkar er nú háttað, þá þurfa verkamenn ekki að leysa upp heimili sín, þó þeir leiti stuðnings frá sinni sveit.

Þá talaði hv. 2. landsk. um, að ef skilanefnd væri í hverju héraði, væri hætt við, að þær reyndust hlutdrægar. En þar sem atvmrh. á að skipa formenn nefndanna, þá er ekki sérstök hætta á, að þeir verði hlutdrægir. En hinsvegar er það ekki útilokað, þó að ein n. verði skipuð fyrir allt landið, að hún geti orðið hlutdræg, en vera má, að hv. þm. ætlist til, að hún beiti hlutdrægni lánsstofnunum í vil. — Mismunurinn á því að hafa eina skilanefnd fyrir allt landið eða nefnd í hverju héraði er sá, að héraðsnefndir hafa miklu betri skilyrði til þess að dæma af kunnugleik um hag skuldamannanna.

Halldór Steinsson: Ég verð að segja, að lengi getur vont versnað, þegar miðað er við þær brtt., sem hv. n. flytur við frv. Ég benti á það við 1. umr. málsins, að það væri engin knýjandi ástæða til að setja þessi lög, enda kæmu þau ekki að notum þeim mönnum, sem hafa mesta þörf fyrir gjaldfrest og ekki eiga fyrir skuldum. Ég álít, að þessi lög muni leiða til truflunar og tregðu í viðskiptalífinu, og ég tel enn meiri ástæðu til að mótmæla þeim nú, þar sem það kemur greinilega í ljós eftir brtt. n., að bátaútvegsmenn eiga að vera útilokaðir frá þeim hlunnindum, sem l. er ætlað að veita, og að þau eiga að einskorðast við bændur, sem stunda landbúnað aðallega. Þetta er ójöfnuður og

misrétti, að taka örfáa bændur út úr, þá, sem bezt eru stæðir og eiga fyrir skuldum, og veita þeim þessi friðindi, en útiloka hina. Og ég trúi því ekki fyrr en ég má til, að þeir bændur, sem eiga sæti hér á Alþingi, neyti aflsmunar til að koma þessum lögum fram, jafnranglát og þau verða eftir að brtt. n. verða samþ.

Þegar brtt. koma til atkv., mun ég fylgja till. hv. 2. landsk. Mér finnst það sanngjarnt, að gjaldfresturinn nái til ógreidds verkakaups eða aflahlutar.

Hv. 3. landsk. lét svo um mælt, að þetta frv. væri mikilsverð kreppuráðstöfun. Ég hefi nú áður sýnt fram á, að það mundi koma að litlum notum, þótt að lögum yrði. Hv. þm. sagði, að þessi ráðstöfun væri til styrktar atvinnurekstrinum í landinu, en eftir brtt. n. er hér aðeins um landbúnaðinn að ræða, og það er eins og hv. þm. viti ekki af öðrum atvinnurekstri hér á landi. En ég vil út af því benda honum á, að ef litið er á útflutningsskýrslur frá síðastl. ári, þá nemur allur útflutningurinn ca. 45 millj. kr., og af því eru landbúnaðarafurðir aðeins 4—5 millj. kr. Ég vil því biðja hv. þm., þegar hann minnist næst á atvinnureksturinn í landinu, að gleyma þá ekki alveg öðrum aðalatvinnuveginum.

Hv. þm. endaði ræðu sína mjög hátíðlega og kvað þannig að orði, að þegar þingið væri nú búið að sitja í 100 daga, þá mætti varla minni árangur af því verða en að það afgreiddi í lagaformi þetta frv., sem ætti að hjálpa bændum út úr kreppunni. Sér er nú hver hjálpin. Ég held einmitt, að ef frv. verður að lögum, mundi sá dómur verða staðfestur, að þetta langa þing sé eitt hið ómerkilegasta á síðari árum, enda fannst mér hv. 3. landsk. komast í hálfgerða mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann taldi, að ef kaupmenn kæmust undir þennan greiðslufrest, þá mundi það stórspilla lánstrausti þeirra erlendis. En ég vil spyrja hv. þm.: Ef greiðslufresturinn spillir svo mjög lánstrausti kaupmanna, getur hann þá ekki spillt lánstrausti bænda? Ég hefi áður lýst því yfir, að ég mundi greiða atkv. gegn þessu frv., en þó verð ég að segja, að ég álít það enn lítilfjörlegra og minna um það vert, ef brtt. n. verða samþ.

Jón Jónsson: Hv. þm. Snæf. endaði ræðu sína á því, að ég hefði haft hátíðleg orð um það, að ekki mætti slíta þessu þingi án þess að samþ. þetta frv., sem sérstaklega ætti að hjálpa landsbúum nú í kreppunni. En ég komst ekki þannig að orði; ég sagði, að þetta væri eina tilraunin, sem þingið ætlaði að gera fyrir bændur til aðstoðar í kreppunni. Annað sagði ég nú ekki. En ég játa, að þetta er og lítilfjörlegt, og að það hefði verið æskilegt að gera meira í því efni, ef hægt væri.

Hv. þm. hélt því fram, að ég sæi ekki nema landbúnaðinn og talaði aðeins um þann eina atvinnuveg. En ég vil benda honum á, að 40% af þjóðinni lifa nú á landbúnaði, og það er ekki svo lítið. Hinsvegar vil ég ekki ganga inn á það, að þetta þing hafi lokað augunum fyrir þörfum hins aðalatvinnuvegarins í landinu; ég hygg, að það hafi einmitt gengið miklu lengra í því að greiða fyrir sjávarútveginum, þar sem það nýskeð veitti heimild til þess, að ríkið tæki ábyrgð á 2 millj. kr. lán fyrir Útvegsbankann til rekstrar útveginum. Það væri sannarlega til að kóróna aðgerðaleysi þingsins í málum bændanna og landbúnaðarins, ef þetta litla frv. verður drepið, sem á að hjálpa þeim. Hv. þm. sagði, að það væri ósamræmi í því hjá mér að vilja ekki veita kaupmönnum gjaldfrest eins og bændum, af því að það mundi spilla lánstrausti þeirra út á við. Ég sé ekkert ósamræmi í því, þó að gjaldfresturinn rýri lánstraust kaupmanna fremur en bænda. Skuldaskipti bænda eru öll hér innanlands, þar sem viðskiptamennirnir þekkja hver annan, en verzlunarfyrirtæki hafa viðskipti við útlönd og þurfa á lánstrausti að halda þar, sem erfitt er að varðveita og að því leyti getur frv. haft hættu í för með sér fyrir þá. Greiðslufresturinn á fyrst og fremst aðeins að ná til þeirra skulda, sem bændur höfðu stofnað til fyrir áramót 1931 og '32, en engin slík takmörk eru ákveðin í 16. gr. frv. að því er snertir skuldir verzlunarfyrirtækja.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 4. landsk. þm. tekin aftur.

Brtt. 805,1 (ný 1. gr.) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PH, PM, EÁrna, GÓ.
nei: HSteins, IP, JakM, JónÞ, BSn, GL.

2.—10. gr. samþ. með 8:2 atkv.

11.—14. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 805,2 (ný 15. gr.) samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PH, PM, BSn, EÁrna, GL, IP, JónJ, JónasJ, GÓ.
nei: HSteins, JakM, JBald, JónÞ.

Brtt. 754 tekin aftur.

— 805,3 felld með 7:7 atkv.

— 808 felld með 7:6 atkv.

— 766 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JBald, JónÞ, PM, GÓ.
nei: EÁrna, JónJ, JónasJ, PH.

MT greiddi ekki atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, EÁrna, GL, GÓ.
nei: PM, BSn, HSteins, IP, JakM.

Brtt. 805,4 (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

18.—19. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ með 9 shlj. atkv.

Brtt. 805,5 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um gjaldfrest bænda.

Á 86. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 809, 811).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 811. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Þar sem ég hef nú við þessa umr. flutt brtt. við frv. þetta eins og það nú er orðið, vil ég geta þess, að þær eru í samræmi við það álit, sem ég hef látið uppi í þessu máli bæði við 1. og 2. umr. Mér þykir það ranglæti, ef á annað borð á að setja lög um gjaldfrest, að slík hlunnindi eiga aðeins að ná til einnar stéttar í landinu, en tvær fjölmennustu stéttirnar, verkamenn og sjómenn, eiga að vera útilokaðar. Brtt. 811 við 1. og 2. gr. frv. eru nauðsynleg viðbót til þess að frv. nái til þessara tveggja stétta, verkamanna og sjómanna, auk bændanna. Auk þessa er í brtt. 811 lagt til, að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við þetta. Ég hef aldrei getað skilið, hvaða réttlæti er í því að útiloka þessar tvær stéttir frá þeim hlunnindum, sem menn ætla, að frv. veiti, og taldi ég því rétt að flytja þessar brtt. Hinsvegar er ég sömu skoðunar enn um frv. sjálft og ég var við 1. umr., að ég hefi litla trú á, að það komi að verulegu gagni, en fari svo, að það verði samþ., tel ég réttara, að það sé samþ. með þeim brtt., er ég hefi nú borið fram.

Halldór Steinsson: Þessar brtt. hv. 2. landsk. eru í sjálfu sér góðar, ef þær hefðu komið fyrr fram. En mig furðar á því satt að segja, að þessi hv. þm., eftir að hafa við síðustu umr. hjálpað til að fella það aðalatriði úr frv., að ákvæði þess skyldu ná til sjávarútvegsmanna, skuli nú flytja aðrar eins brtt. og þessar. Hann sagði, að aðalástæðan fyrir brtt. væri ranglætið, sem í því lægi að sigta sjómennina úr, en það er einmitt það, sem hann sjálfur var þátttakandi í að gera. Ég fæ því ekki betur séð en hér sé um hreina og beina mótsögn að ræða hjá hv. þm. Ég greiði hiklaust atkv. með þessum brtt. hv. 2. landsk. og vona, að hv. þm. geri það líka sjálfur, en þó að þær verði samþ., sé ég mér ekki fært að fylgja frv.

Pétur Magnússon: Við fyrri hluta 2. umr. flutti ég rökst. dagskrá í þessu máli, þess efnis, að hv. d. mæltist til þess við hæstv. stj., að hún kæmi því svo fyrir, að opinberar lánsstofnanir veittu bændum greiðslufrest, þar sem við yrði komið. Ég taldi þó rétt að láta ekki þessa dagskrá koma til atkv. við 2. umr., vegna þess, að margar brtt. við frv. lágu þá fyrir, og þótti mér því réttara að bíða til 3. umr. og sjá, hvaða breyt. frv. kynni að taka við atkvgr. Nú fór það svo, að margar af brtt. voru samþ. og frv. tók því allmiklum breyt., en þó ekki svo miklum, að þær geri það að verkum, að ég geti gefið frv. mitt atkv. og að rökst. dagskráin verði óþörf, því að enn eru sýni-

lega á frv. þeir höfuðgallar, er það hafði í fyrstu og ég benti á við 2. umr. Ég skal ekki fara að endurtaka það nú, sem ég sagði þá, vil aðeins minna hv. d. á, að þegar landbn. hafði frv. til meðferðar fyrir 2. umr. leitaði hún álits bankastjóra allra bankanna, og álit þeirra var — með einni undantekningu — þess efnis, að mjög óheppilegt væri að gera frv. þetta að lögum. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki óeðlilegt, þó hv. d. liti svo á, að þessir menn bæru nokkurt skyn á þetta mál, og því bæri að taka nokkurt tillit til þeirra till. Þetta m. a. gerir það að verkum, að ég tek aftur upp hina rökst. dagskrá og leyfi mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann láti hana koma til atkv.

Út af því, sem hv. 2. landsk. var að segja í sambandi við sínar brtt., að ranglátt væri að gera upp á milli stétta með setningu þessara laga, þá vil ég benda honum á, að það er eins gert, þótt hans brtt. verði samþ., því að það eru aðeins tvær stéttir til viðbótar, sem njóta hlunnindanna samkv. brtt. Eins og hv. þm. veit, eru fleiri en tvær eða þrjár stéttir manna í landinu, sem hafa þýðingu fyrir þjóðfélagið, og það getur staðið alveg eins á með þær, segjum t. d. iðnaðarmannastéttina, að þeim geti verið engu síður nauðsynlegt að fá gjaldfrest heldur en þeim, sem hv. 2. landsk. vill láta lögin ná til. Það er auðséð, að ef hart væri gengið að þessari stétt, þá mundi atvinna hennar stöðvast, og væri því ekki síður ástæða til að veita iðnaðarmönnum gjaldfrest heldur en bændum, og svo má segja um ýmsar fleiri stéttir. Aftur á móti er það að segja um þær tvær stéttir manna, verkamenn og sjómenn, sem hv. 2. landsk. ber fyrir brjósti, að þær eru að því leyti öðruvísi og betur settar, að meðlimir þeirra munu venjulega geta haldið áfram atvinnu sinni, þótt að þeim sé gengið. Þar af leiðandi tel ég jafnvel sízt þörf á, að þessar stéttir séu látnar komast undir lögin. Ég vænti því, að það verði skiljanlegt, þegar á það er litið, að ég er mótfallinn frv. eins og það liggur fyrir, að þá muni ég einnig vera mótfallinn því að fjölga þeim stéttum, sem lögin nái yfir, og greiði þess vegna atkv. gegn frv. og brtt.

Jón Baldvinsson: Ég greiddi því atkv. við 2. umr. að fella bátaútveginn úr frv. Ég áleit, að ef tækist að höggva af því greinarnar, mundi frekar takast að fella frv. í heild. Ég áleit, að ef bátaútvegsmenn væru með, þá væri með frv. stofnað til vandræða, eins og ég raunar óttast um frv. yfir höfuð að tala. Þess vegna mun ég sæta lagi með að fella það, þegar kostur er á. En ef á að fara þá leið að taka eina stétt í landinu út úr og láta frv. gilda fyrir hana, þá tel ég það ranglæti, sem ég get ekki fellt mig við, og þess vegna hefi ég nú flutt þær brtt, sem hér liggja fyrir, um að taka til viðbótar bændastéttinni tvær fjölmennustu stéttir landsins þar fyrir utan, verkamenn og sjómenn.

Mér skildist hv. 4. landsk. telja, að þetta frv. ætti ekki að ná nema til atvinnurekenda. Ef gengið er út frá því, að frv. verði til gagns, þá er a. m. k. hér um 3 fjölmennustu stéttirnar að ræða, bændur, verkamenn og sjómenn. Ég sé því ekki, að hér sé um neina mótsögn hjá mér að ræða, enda hefi ég boðað þessar brtt. mínar frá upphafi.

Að öðruvísi hagi til um verkamenn og sjómenn heldur en bændur, vegna þess að þörf þeirra fyrir greiðslufrest sé minni en bændanna, er tómur misskilningur. Ég hygg, að þessum mönnum verði engu síður erfitt, ef að þeim er gengið, að halda áfram sinni atvinnu heldur en bændunum. Þó að bóndi flosni upp vegna skulda, eru möguleikar fyrir hann að setjast annarsstaðar að með búskap. Aftur getur atvinna verkamanns, sem gengið er að og allt af tekið, skýli auk heldur annað, komizt á slíka ringulreið, að hann verði ófær til að sjá fyrir sér og sínu skylduliði. Hygg ég, að í reyndinni sé hér ekki mikill munur á.

Í samræmi við það, sem ég hefi nú sagt, mun ég fyrst greiða atkv. með rökst. dagskrá hv. 4. landsk. Ég álít, að ef nokkuð er hægt að gera í þessu máli, þá sé það allt annað en þetta, sem í frv. stendur. Ég get hugsað, að það kæmi að góðu gagni að skipa eina skilanefnd fyrir allt landið, sem t. d. sæti hér í Rvík, og veitt yrði síðan úr ríkissjóði nokkur fjárfúlga til þess að standast þann kostnað, sem leiddi af ákvæðum skilan. um samninga milli lánsstofnana og skuldunauta. Slík skila-

nefnd fyrir allt landið hygg ég að mundi gera gagn.

Ég vil nota tækifærið nú til að benda hv. frsm. landbn., sem ég sé, að nú er að kveðja sér hljóðs, á þessa leið, með tilliti til þess, að í hans kjördæmi munu vera heilir hreppar, sem munu óska eftir því að semja í einu lagi við lánardrottna sína. Ég þykist sjá, að þessir hreppar muni þurfa á aurum að halda til þess að geta gert slíka nauðasamninga. Ég veit ekki, hve mikla fjárhæð muni þurfa til þessa, en þó mun það vera allmikið. Í frv. er stungið upp á, að ríkissjóður veiti 200 þús. kr. vegna afleiðinga, sem frv. gæti haft fyrir lánstofnanir. Þar er ráðgert, að ríkissjóður leggi fram allstóra fjárfúlgu án þess að skuldunautar hafi beint gagn af eða megi létta skuldabyrðina að mun. Ef ríkið á annað borð ætlar að leggja fram svona mikið fé, þá hygg ég, að réttara sé, að því fé sé varið til þess, að aðþrengd héruð geti komizt að heppilegum samningum um greiðslu skuldafjár íbúa sinna.

Forseti (GÓ): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk., svo hljóðandi:

„Við 16. gr. Aftan af greininni falli orðin: „eða ógreiddum aflahlut".

Brtt. þessi er skrifleg og auk þess of seint fram komin; þarf því tvennskonar afbrigði til þess hún megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 814) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Ég held, að varla verði um það deilt, ef á annað borð álízt þörf fyrir slíka löggjöf sem þessa, að þá sé hennar alveg sérstaklega þörf handa þeim mönnum, er stunda landbúnað, vegna þess, að þegar gengið er að bónda, sem hefir bú og lifir af því, þá þýðir gjaldþrotakrafa á hann nokkurnveginn undantekningarlaust það, að hann verður að yfirgefa sitt heimili og sína atvinnu. Slíkar búsifjar verða bændum í öllum tilfellum miklu tilfinnanlegri heldur en öðrum borgurum þjóðfélagsins, er stunda aðra atvinnuvegi, því að aðför gegn þeim hefir venjulega ekki í för með sér þær afleiðingar, að þeir þurfi að yfirgefa sína atvinnu, nema þá stærri atvinnurekendur, sem þó frekar en bændurnir hafa möguleika til þess að koma fótum fyrir sig á ný. Aðför og gjaldþrotakrafa mun ekki hafa líkt því eins mikla röskun í för með sér á högum verkamanna og sjómanna eins og bændanna, sem í slíkum tilfellum missa ekki aðeins bústofn sinn, heldur einnig jarðnæði og önnur skilyrði til þess að reka atvinnu sína. Nú finnst mér sem ákvæði þessa frv. muni koma þeim að gagni, sem ætlað er að verða þeirra aðnjótandi. Ég get ekki annað en tekið það trúanlegt, að víða í sveitum muni ástandið vera svo, að þessa gjaldfrests sé full þörf, og þess vegna sé rétt að gera frv. að lögum. Hitt er mér ljóst, að svo geti farið, að afleiðingarnar af þessu frv., ef að lögum verður, geti orðið nokkuð á annan veg fyrir bændastéttina heldur en gert er ráð fyrir. Ég er nefnilega dálítið hræddur um það, að af óttanum við, að ekki verði við þessi lög látið sitja, heldur séu þau aðeins fyrsta sporið í nýja stefnu í þessu efni, geti farið svo, að lánardrottnar verði tregari en áður að veita bændum ný lán, af ótta við það, að ákvæði frv. verði framlengd eitthvað fyrst um sinn og verði jafnvel ekki aðeins látin ná til skulda, er stofnaðar voru um síðustu áramót, heldur einnig til þeirra skulda, er síðan og hér eftir kunna að myndast. Komi upp slíkur ótti meðal lánardrottna, er mjög líklegt, að þeir verði tregari en áður á lánveitingar til þeirra stétta, sem löggjafarvaldið hefir þannig skapað sérstöðu í þjóðfélaginu.

Lánveitendur hafa yfirleitt ekki kunnugleika til þess að kynna sér það, hverjir meðal bænda það eru, sem líklegir séu til að komast undir þessi lög eða ekki og munu þau því eðlilega verða til þess að rýra lántökumöguleika bænda yfir höfuð.

Ég er ekki viss um, að það sé ógæfa fyrir bændastéttina, þótt af þessu leiddi allharðar útlánshömlur hjá verzlunum á yfirstandandi ári. En ég lít með miklu meiri ugg á afleiðingarnar fyrir aðrar stéttir — verkamenn og sjómenn —, ef farið væri að draga þær undir þessa löggjöf. Ég er hræddur um, að þeir yrðu fáir úr þeim stéttum, sem yrðu hlunnind-

anna aðnjótandi af löggjöfinni, en hræddari um hitt, að sú takmörkun á útlánum, sem þessar stéttir yrðu fyrir við að komast undir slíka löggjöf, myndi verða þeim mjög tilfinnanleg, og e. t. v. allt að því óbærileg. Ég veit ekki, hvernig fer um verkamenn og sjómenn í þurrabúðarplássunum, ef verzlanir kippa að sér hendinni um lán. Það getur haft mjög skaðlegar afleiðingar, og ég fyrir mitt leyti vildi, með hagsmuni þessara stétta fyrir augum, ekki stuðla að því, að þær yrðu dregnar inn undir þessa löggjöf. Það er þannig um bóndann, að þótt honum sé neitað um lán, þá hefir hann lengst af eitthvað til nauðsynlegra þarfa. Hann hefir eitthvað til að borða og eitthvað til að klæða heimilið með; en þetta hefir verkamaðurinn og sjómaðurinn ekki. Ef þeim er neitað um lán, verður fyrsta afleiðing þess sú, að skortur verður á lífsnauðsynjum á heimilinu. Þótt ég sé þannig í vafa um, hvort meira vegur, þegar á heildina er litið, ávinningur eða halli af slíkri löggjöf, þá vil ég samt leggja mitt atkv. til að gera þessa tilraun í þeirri mynd, sem frv. er nú í.

Viðvíkjandi skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk., sem var lýst hér, þá vil ég láta það í ljós, að ég tel hana allsendis óþarfa, því að skuldir, sem stafa af ógreiddu verkakaupi, eru undanþegnar gjaldfresti þessara laga. Mér finnst, að ógreiddur aflahlutur hjá mönnum, sem hafa landbúnað að aðalatvinnuvegi, megi gjarnan vera undanþeginn líka. Það eru sjálfsagt æðimargir menn á landinu, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, og stunda þó eitthvað dálítið sjávarútveg, þar sem vel má vera um aflahlut að ræða. Get ég ekki séð nein rök fyrir þessari brtt. hv. þm., þótt hún sé e. t. v. meinlaus.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hv. 4. landsk. minntist á það, að bankastjórar bankanna hér í Rvík hefðu eindregið lagzt á móti því að sett yrðu lög slík sem þessi. Það er rétt, að bankastjórarnir lögðust mjög á móti frv. eins og það var, þegar það kom fyrst til d., og það er rétt, að í raun og veru hefðu bankastjórarnir helzt kosið, að engin lög hefðu verið sett í þessa átt. En þó undirbjuggu þeir sjálfir frv. til l., sem þeir síðan sendu landbn., og gengur það mjög í sömu átt sem frv. þetta gerði, að því leyti, að það gerir ráð fyrir gjaldfresti á gömlum skuldum landbænda. Ég hygg því, að jafnvel þótt allir bankastjórarnir hér í Rvík hefðu helzt kosið, að ekki væru sett lög í þessa átt, munu þeir þó hafa álitið, að lög eitthvað lík því frv., sem hér er á ferðinni, væri þó helzt ástæða til að setja. Annars skilst mér vera svo um þetta frv., að það sé tilraun til þess að verða að liði, án þess þó að hafa til þess verulega getu. Það er vitanlega rétt, sem hv. 2. landsk. hefir bent á, að það væri miklu æskilegra fyrir þá, sem eru skuldugir — en það er allur fjöldinn af landsmönnum —, ef ríkið gæti lagt fram peninga, sem notaðir yrðu á þann hátt að strika út skuldirnar. En ég álít, að á þessu stigi vanti svo fjarska mikið á, að þingið hafi undirbúning undir þær ráðstafanir. Fyrst og fremst vita allir, að ríkið er bæði peningalítið og e. t. v. lánstraustslítið, enda yfirleitt talið heppilegt að þurfa ekki að taka lán. Í öðru lagi hygg ég, að þá yrði ekki minni stæða til þess að meta stéttir landsins. Og ef ætti að ráðast í að leggja fram stórfé úr ríkissjóði, þá mætti ekki taka eina stétt fram yfir aðra. Alþingi Íslendinga á eftir að sitja einu sinni enn, áður en það telur sig undirbúið til þess að ganga inn á þá braut að leggja fram fé til að strika út skuldir landsmanna. Það væri ekki mikið um að ræða, ef ekki væru annarsstaðar á landinu skuldugir menn en í mínu kjördæmi, eins og hv. 2. landsk. fann sérstaklega ástæðu til að benda á. En það er ekkert eins dæmi, því miður. Það eru víða annarsstaðar þungar skuldir, sem hvíla á landsmönnum. Annars er ég alveg sammála því, sem hv. 1. landsk. sagði um þetta frv. Það er tilraun til að bæta úr. Frv. hefir e. t. v. einhverja kosti, a. m. k. vænta menn þess í framkvæmdinni. En þessari aðferð fylgja eðlilega gallar; slíkt er ekki að efa. Það er hnekkir fyrir þegna landsins að þurfa að gera slíkar ráðstafanir.

Ég skil það ósköp vel, að menn geti búizt við, að slík löggjöf sem þessi verði framlengd, eins og hv. 1. landsk. tók fram, ekki einungis í sambandi við þær skuldir, sem nú eru, heldur líka skuldir, sem myndast á þessu ári. Ég held samt,

að á þetta verði að hætta, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að bændur yfirleitt verði nú í þessu útliti að lifa af því, sem þeir sjálfir geta borgað. Ég hygg það undantekningu, ef þeir fá lán núna. Hv. 1. landsk. hefir skýrt og greinilega tekið fram muninn á því að veita bónda gjaldfrest í því augnamiði, að hann geti haldið áfram að reka sína atvinnu, eða t. d. verkamanni, svo að ég vil ekki endurtaka það. Munurinn er augljós. Það, sem með þessu á að gera, er að sporna við því, að þeir, sem hafa stundað landbúnað og lifað á honum, komist hjá því að neyðast til að hætta þessum atvinnuvegi og lenda í flokki þeirra, sem ekki hafa neitt við að lifa. Mér sýnist, að það ætti öllum að vera skiljanlegt, að jafnvel þótt óþægindi geti verið í sambandi við það, að gengið sé að verkamönnum og sjómönnum fyrir þá, sem fyrir því verða, þá eru þó miklu meiri líkindi til þess, að þeir geti stundað sömu atvinnu og áður.

Ég vildi mælast til þess, þrátt fyrir hina ýmsu annmarka þessa frv., að það yrði þó gert að lögum og samþ. hér í d.

Jón Jónsson: Ég hefi flutt hér lítilsháttar brtt., sem var svo síðbúin, að hún er skrifleg. Hún er einungis leiðrétting á misgáningi, sem varð hér við afgreiðslu málsins við seinustu umr. Það komst inn í frv. brtt. frá hv. 2. landsk., sem miðuð var við frv. eins og það var í byrjun umr., meðan gert var ráð fyrir, að ákvæði þess næðu einnig til smábátaútvegsins. Till. var um það, sem felst í seinustu málsgr. 16. gr.: að „ákvæði laga þessara um gjaldfrest taka eigi til skulda, er stafa af ógreiddu verkakaupi eða ógreiddum aflahlut".

Þó að frv. hafi tekið þeim breyt. getur þetta samt eftir sem áður átt við ógreitt verkakaup, enda féllst hv. þm. á það við seinustu umr., að ekki væri þörf á að setja slík ákvæði, því að verkafólk ætti ekki mikið ógreitt hjá bændum. Það er ekki tízka þar að greiða ekki verkafólkinu kaup. En það er viðvíkjandi þessum ógreiddu aflahlutum. Ég álít yfirleitt ekki viðeigandi, þegar verið er að tala einungis um bændur, að taka nokkuð fram um slíkt, því að meginþorri bænda stundar ekki sjávarútveg. Það kann að vera, að fáeinir bændur stundi lítilsháttar útveg, aðallega út frá kauptúnunum, en fæstir munu þeir ráða menn upp á aflahlut, heldur kaup. Þetta ákvæði virðist því vera óþarft í frv., enda viðurkenndi hv. þm. það síðast, að e. t. v. þyrfti að laga þetta, ef frv. breyttist samkv. till. þeim, sem þá lágu fyrir frá landbn. og nú hafa verið samþ. Ég skal játa með hv. 1. landsk., að þetta skiptir ekki miklu máli, en þó held ég, að betur færi á þessu, og ég ætla að benda hv. þm. á það, að hinn eini bóndi, sem er í Sjálfstæðisflokknum, var samdóma um, að þetta ætti ekki við. (**JónÞ:** Vildi hann fá frest á aflahlutunum? **JBald:** Er ekki nema einn bóndi í flokknum?). Ekki í þingflokknum.

Um málið sjálft er það að segja, að þetta getur orðið til nokkurra hagsbóta núna í kreppunni, því að búast má við, að ýms fyrirtæki kunni að hallast, þegar harðnar í ári, og mest hættan, að þau kunni að ganga hart að. Hvað það snertir, að þetta myndi spilla lánstrausti bænda, eins og hv. 1. landsk. sagði, þá vona ég, að það verði ekki, enda ekki líklegt, eins og hv. frsm. benti á, að mikið verði um lánveitingar að tala meðan á kreppunni stendur. En eins og hann sjálfur tók fram, tekur frv. einungis til þeirra skulda, sem stóðu 1. jan 1932. Finnst mér, að menn geti ekki búizt við, að þessháttar lög verði framlengd, nema kreppan standi því lengur, sem menn óska þó, að verði ekki.

Jón Baldvinsson: Ég tók ekki dæmið af Norðmýlingum fyrir það, að ekki væru skuldir nokkursstaðar annarsstaðar, heldur benti ég hv. frsm. á það dæmi til stuðnings þeirri uppástungu, sem ég var með, að ríkissjóður legði fram fé til skuldagreiðslna og til að fella niður miklu hærri skuldir. Ég tók þetta sem dæmi af því, að gerð hefir verið tilraun í hans kjördæmi til að komast að slíku samkomulagi um skuldir, en þeir hafa ekki getað það, vegna þess að þá vantaði peninga til að greiða samkv. nauðasamningunum, sem hefðu orðið til að fella niður mjög þungar skuldir, sem á bændunum hvíldu. Ég skal ekki segja um það, hve mikil fjárhæð mundi nægja fyrir landið allt, en bendi einungis á þetta sem dæmi.

Skuldir Norðmýlinga eru ekki eins dæmi, þótt ástandið á Austurlandi sé e. t. v. verra en víðast annarsstaðar.

Ég þykist litlu þurfa að svara hv. 3. landsk. hvað brtt. hans snertir. Hv. 1. landsk. hefir réttilega bent á, að ef aflahlutur er ógreiddur hjá bændum, þá á það vitanlega að falla undir sömu ákvæði og ógreitt verkakaup. En ég er hræddur um, að hv. 3. landsk., sem býr nú alllangt frá sjó — 25 km. að ég ætla — og er því ekki útvegsbóndi, en aðeins sér út á flóann, geti ekki staðið við það, ef hann heldur því fram, að einungis fáir bændur hafi nokkra útgerð. Fram með allri strandlengjunni hefir fjöldi bænda talsverða útgerð; þeir eiga einn og tvo báta; sumir gera út í félagi og hafa menn bæði upp á kaup og hlut, og ef slíkir hlutir væru ógreiddir, tel ég sjálfsagt, að þeir falli undir sömu ákvæði og ógreitt verkakaup. Það er því ekki til að leiðrétta neinn misgáning, að hv. þm. ber fram þessa till., heldur er það af því, að hv. þm. kannast ekki við orðið útvegsbændur, sem þó er talsvert algengt í málinu. Ég er hræddur um, að þessi sé misgáningurinn hjá hv. þm., og eins kom — ég vil ekki segja fávizka hans, heldur þessi misgáningur honum til þess að tala einungis um **fáeina** útvegsbændur. En það eru heilir landsfjórðungar, þar sem bóndinn á hverri einustu jörð svo að segja hefir hlutdeild í útgerð. Þetta getur fullkomlega staðizt, og það er ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi viðurkennt þetta sem formgalla á frv. eins og það var við 2. umr. Ég vissi það fullvel, að þetta mundi geta staðizt, þótt útvegurinn væri felldur burt. En það er rétt hjá hv. þm., að það átti miklu frekar við og ég hefði lagt meiri áherzlu á þessa brtt., ef frv. hefði staðið óbreytt, en hún á þó fullan rétt á sér þrátt fyrir breytinguna. — Ég held svo, að það hafi ekki verið annað, sem ég þurfti að athuga.

Halldór Steinsson: Það gladdi mig að heyra, að sú skoðun, sem ég lét í ljós við 1. umr. þessa máls, er að ryðja sér til rúms í d., að þessi afgreiðsla myndi verða til þess að draga úr útlánum. Hv. 1. landsk. hélt einmitt því sama fram og sagði, að það væri uggur í sér um, að þetta gæti orðið til að gera bændum erfiðara fyrir, því að lánardrottnar myndu yfirleitt verða varkárir í útlánum til þeirrar stéttar, sem nyti þessara fríðinda. Ég fyrir mitt leyti hefi áður tekið það fram, að ég er sannfærður um það. En mér skildist á hv. 1. landsk., að hann héldi, að sú útlánavarkárni myndi einungis koma fram gagnvart bændum. Ég held þó, að hún myndi ná miklu lengra, því að lánardrottnar myndu yfirleitt ganga út frá því, að úr því að þessi löggjöf væri í eitt skipti komin á, þá myndu komandi þing halda áfram á þeirri braut og lengra, unz fleiri og fleiri stéttir kæmust inn undir lögin, svo að ég held, að ganga megi út frá því sem vísu, að lánardrottnar myndu verða varkárari við öll útlán, og það er einmitt einn af hinum stóru göllum, sem þessi lög mundu hafa í för með sér, — ekki þó af því, að lán séu svo æskileg. Það væri æskilegra, ef menn þyrftu ekki á lánum að halda, en á þessum tímum er viðskiptalífi manna svo háttað, að hjá lánum verður ekki komizt. Viðskiptalífið byggist yfirleitt á lánum til lengri eða skemmri tíma, og menn geta ekki lifað án þeirra. Þess vegna tel ég það einn af ókostum þessara laga, að þau draga úr lánstrausti manna. Mín skoðun á málinu í heild er alveg hin sama og áður hefir verið. Ég álít þetta frv. fyrst og fremst kák, ef það á annað borð gerir nokkurt gagn. Hér er farið fram á að taka örfáa menn úr einni stétt landsins, — því að hversu margir eru þeir af bændum landsins, sem myndu komast inn undir þessi lög? Ég hygg, að ef ætti að fara að gera upp status bænda, þá væru þeir miklu fleiri, sem ekki ættu fyrir skuldum, en hinir. Hér er því ekki verið að gera neitt stórnýmæli fyrir bændastétt landsins í heild, því að þeir yrðu svo fáir, sem kæmust inn undir þessi lög. Að þessu leyti er frv. kák. En að hinu leytinu skapar það svo afskaplega mikið ranglæti, að taka þannig út úr hluta einnar stéttar í landinu og gera hana aðnjótandi slíkra gæða. Hæstv. forsrh. gat um það við 1. eða 2. umr. þessa máls, að aðalþörfin fyrir þetta frv. væri að hjálpa skuldunautum, þegar svo stæði á, að verzlunarfyrirtæki færi á höfuðið. Hvar kæmi þessi hjálp við? Ég held, að

það hafi verið hv. 3. landsk., sem minntist á þetta sama. Hans sjóndeildarhringur nær nú sennilega ekki langt í þessu tilfelli. Það segir sig sjálft, að mörg verzlunarfyrirtæki munu á þessum árum fara um koll. En hvað eru þá þessir fáu bændur, sem komast undan, samanborið við allan þann aragrúa skuldheimtumanna, sem eiga sjálfsagt miklu verri aðstöðu heldur en einmitt þessir bændur, sem eiga fyrir skuldum? Því að þeir menn, sem kaupa upp skuldir slíkra fyrirtækja, ganga yfirleitt ekki harðast að þeim, sem eiga fyrir skuldum, heldur hinum, sem þeir vita, að margir lánardrottnar standa á, til þess þó að fá eitthvað inn. En þeir vilja heldur komast að föstum samningum við þá, sem eiga fyrir skuldum. Það er nú ómögulegt að segja, að þetta sé bjargráð til að ráða fram úr því kreppuástandi, sem nú er.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri engin hætta á því, að þessi l. yrðu framlengd. Menn bjuggust heldur ekki við, þegar farið var að lögleiða hér gengisviðauka, verðtoll og ýmsa fleiri skatta, að þeir yrðu framlengdir. Þetta allt átti einungis að gilda fyrir eitt ár. Það er ekki fyrirsjáanlegt, að kreppan verði svo afstaðin í byrjun næsta árs eða á næsta þingi, að ekki kunni að þykja ástæða til að framlengja slík lög, og sú reynsla, sem menn hafa af slíkum bráðabirgðalögum, er þannig, að menn verða að vænta þess, að þau verði framlengd framvegis.

Pétur Magnússon: Ég vakti athygli á því við 2. umr., að eftir orðalagi 16. gr. eru þær lánsstofnanir eða verzlunarfyrirtæki, sem lenda í greiðsluörðugleikum vegna ákvæða þessara laga, vernduð fyrir því, að bú þeirra verið tekin til skiptameðferðar meðan lögin eru í gildi, ef skattaframtöl þeirra sýna, að þau eigi fyrir skuldum. Hinsvegar er ekkert í þessari gr., sem hamlar því, að einstakir skuldheimtumenn geri aðför hjá þessum fyrirtækjum. Gæti því farið svo, að einn eða fáir af skuldheimtumönnunum næðu í allar eignirnar, sem til væru, en hinir sætu eftir með ekki neitt. Hafa verið gerðar tilraunir til þess að lagfæra þetta, en hv. dm. hafa litið svo á, að ekki væri ástæða til þess og felldu brtt. þær, sem fram hafa komið í því skyni að kippa þessu í lag, en hinsvegar hafa þeir samþ. frv.greinarnar. Ég álít ósæmilegt af Alþingi að samþ. svona ákvæði, því að þau brjóta í bága við ákvæði í hegningarlögunum, er leggja refsingu á menn fyrir að gera skuldheimtumönnum sínum mishátt undir höfði, en með þessu ákvæði er raunverulega verið að löghelga þann verknað.

Eftir frv. nær fresturinn aðeins til þeirra skulda, er stofnað hefir verið til fyrir 1. jan. 1932, en ekki þeirra, sem yngri eru. Þeir menn, sem eiga yngri kröfur á þessa atvinnurekendur, geta þá fengið dóm á skuldunautana, gengið að þeim og gert þá insolvent, eða ófæra um að borga skuldir sínar, enda þótt þeir hafi átt fyrir skuldum, þegar þeir fengu gjaldfrestinn. Það er alkunnugt, að nauðungaruppboð gefa sjaldan sannvirði þeirra hluta, sem seldir eru. Þessir ágallar eru í mínum augum einir út af fyrir sig svo miklir, að frv. er öldungis ófært til þess að verða að lögum.

Jón Þorláksson: Ég tók undir aðfinnslur hv. 4. landsk. við 2. umr. og gerði tilraunir til þess að fá bætt úr því, sem hann benti á, að áfátt væri. Játa ég, að það hefir ekki tekizt nema að nokkru leyti, og þó eru þessir ágallar miklu minni en upphaflega voru í frv., nú, þegar bátaútvegsmenn eru fallnir undan ákvæðum þess. Hefi ég hugsað nokkuð um þessi atriði síðan og komizt að þeirri niðurstöðu, að gallarnir séu ekki svo hættulegir, að rétt sé að hafna því þeirra vegna.

Það er sennilega rétt hjá hv. 4. landsk., sem hann athugaði við 2. málsgr. 16. gr., að ekki er útlit fyrir, að einstakir skuldheimtumenn geti leitað fullnustu í eignum verzlunarfyrirtækja, sem koma undir þetta ákvæði gr., að bú þeirra skuli ekki tekið til gjaldþrotaskipta að þeim nauðugum, ef þau reynast eiga fyrir skuldum. Segjum, að svo fari nú, að skuldheimtumenn leiti fullnustu, og þyki hætta á, að fjárnámið hafi þau áhrif, að þetta fyrirtæki bíði slíkan hnekki, að það eigi ekki lengur fyrir skuldum, — ja, þá er þetta verzlunarfyrirtæki þar með fallið undan ákvæðinu, svo að skuldheimtumenn hafa

rétt til þess að krefjast gjaldþrotaskipta. Verður þá að gera ráðstafanir innan 8 vikna til þess að fá fjárnáminu riftað, og verður þá fyrirtækið ekki tekið til gjaldþrotaskipta. (PM: Hvar eru ákvæði um það?). Í sjálfri gr. stendur, að fyrirtækið verði að eiga fyrir skuldum til þess að geta fengið þann rétt, að búið verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta að því nauðugu. Geri ég ráð fyrir, að þessi réttur standi ekki nema meðan fyrirtækin eiga fyrir skuldum. Játa ég að vísu, að það getur verið naumur frestur að koma þessu í kring innan 8 vikna, en þó má bíða og sjá, hvort þau vandkvæði koma í ljós, sem hv. 4. landsk. drap á. Sama hygg ég að gildi um skuldir hjá bændum, ef stofnaðar eru eftir 1. jan. 1932. Ef bóndi á ekki fyrir skuldum, lít ég svo á, að hann sé fallinn undan þessu ákvæði, og geti þá aðrir leitað fullnustu í búi hans. Held ég, að þessir annmarkar séu ekki eins miklir og hv. þm. heldur fram og *megi* því vel samþ. frv. þess vegna.

Pétur Magnússon: Ég vil aðeins benda hv. 1. landsk. á það, að riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaganna miðast ekki við aldur aðfararinnar, heldur málssóknarinnar. Ef nægjanlega langur tími er liðinn frá því mál það var höfðað, sem til aðfararheimildar leiðir, heldur fjárnám gildi, þó að skuldunautur síðar verði gjaldþrota. Þar, sem svo stendur á, koma gjaldþrotaskiptin öðrum skuldheimtumönnum því ekki að neinu gagni, og stendur þannig óhaggað það, sem ég hefi haldið fram, að ákvæði þetta opnar leiðir til að auðga vissa skuldheimtumenn á annara kostnað.

Jón Þorláksson: Ég vil bæta því við það, sem ég hefi áður sagt, að ég hefi átt tal um málið við lærðan lögfræðing, og var hann þeirrar skoðunar, að þetta myndi ekki koma að sök. — Mér skildist af ræðu hv. 4. landsk., að skuldheimtumenn, sem nú hafa mál langt á veg komin út af einhverjum kröfum, gætu komið sínum málum fram án þess að aðrir skuldheimtumenn gætu slíkt hið sama. En héðan af tel ég ekki hættu á því, að menn, sem hér eftir færu með mál á hendur skuldunaut, væru búnir að fá dóm svo snemma, að hann væri orðinn sex mánaða gamall. Annars vil ég ekki þrátta um þetta við hv. þm., en ég held, að ekki mundu verða mikil brögð að því, að aðrir skuldheimtumenn hefðu ekki svigrúm til þess að gæta réttar síns fyrr en hag skuldunauts væri orðið svo hallað, að hann ætti ekki fyrir skuldum.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 4. landsk. þm. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BSn, HSteins, IP, JakM, JBald.

nei: MT, PH, EÁrna, GL, JónJ, JónÞ, JónasJ, GÓ.

Brtt. 811,1 felld með 7:4 atkv.

— 811,2—3 teknar aftur

— 814 felld með 7:4 atkv.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, GL, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

nei: HSteins, IP, JakM, JBald, PM.

BSn greiddi ekki atkv.

Frv. endursent Nd.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 809).

Á 88. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er nú komið aftur frá Ed. eftir langa og nokkuð harða meðferð þar.

Ég hefi ekki haft tækifæri til að bera breyt. Ed. undir þá, sem með mér eru í landbn., og get því ekki talað hér fyrir hönd meðnm. minna, en fyrir sjálfan mig vil ég skýra frá því, að ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt. Aðalbreyt., sem Ed. gerði á frv., er sú, að ákvæði þess skuli ekki taka til bátaútvegsmanna. Eins og hv. þdm. muna, var talsverður ágreiningur um þetta atriði hér í Nd. Ég tel það talsverða skemmd á frv., að bátaútvegurinn skuli vera tekinn svona út úr. Hinsvegar vil ég ekki leggja það til nú, að hann verði tekinn inn í frv. aftur, því að

með því er frv. stofnað í mikla hættu. Legg ég því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þá hefir verið bætt nýrri gr. inn í frv., 17. gr., þar sem það er tekið fram, að tímabilið frá afhendingu gjaldfrestsbeiðnar til loka hins úrskurðaða frests teljist ekki með fyrningartíma skulda eða víxilréttar. Ég býst við, að þetta ákvæði sé nauðsynlegt, jafnvel þó að það standi í lögunum um fyrningu skulda og hægt sé að fyrirbyggja fyrningu með sérstakri aðferð, sem þar er lögleidd. En því fylgir nokkur fyrirhöfn, og er því betra, að ákvæði um það sé sett í þessi lög.

Þá hefir því og verið bætt við niðurlag 16 gr., að þessi lög taki ekki til skulda, er stafa af ógreiddu verkakaupi eða ógreiddum aflahlut. Þetta með aflahlutinn hefir vitanlega litla þýðingu, eftir að bátaútvegurinn var tekinn út úr frv., og ég hygg, að það hafi einnig mjög litla þýðingu, þó að tekið sé fram, að lögin skuli ekki heldur ná til ógreidds verkakaups, því að það mun vera mjög óalgengt, að bændur greiði ekki verkakaup strax. Hinsvegar tel ég enga ástæðu til að amast við þessu ákvæði. Aðrar breyt., sem gerðar hafa verið á frv., tel ég mjög lítilsverðar, og tekur ekki að minnast á þær. Með tilliti til alls þessa legg ég til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir það, sem hv. frsm. landbn. minntist á í sinni ræðu, að þetta frv. hefir orðið fyrir ómaklegri meðferð í Ed. og að mjög mikið hefir verið dregið úr þeirri þýðingu, sem því í upphafi var ætlað að hafa, þar sem nú hefir algerlega verið kippt burt úr frv. þeirri vernd, sem frv. átti að veita bátaútvegsmönnum, og ég lít svo á, að mjög séu áhöld um þörf bænda og bátaútvegsmanna í þessu efni.

Með þessu frv. á að koma í veg fyrir það, að atvinnutæki bændanna, bústofninn og jarðir þeirra, verði af þeim tekin, þó að þeir geti ekki að öllu leyti staðið við skuldbindingar sínar nú sökum hins óvenjulega erfiða ástands, sem nú er, svo að þeir þurfi ekki að leggja árar í bát, en eigi þess kost að halda atvinnurekstri sínum áfram. Hér er vitanlega alveg sama nauðsyn með bátaútveginn. Ef bátarnir eru teknir af mönnum, þá er þeim gersamlega fyrirmunað að halda atvinnurekstri sínum áfram. Þetta átti frv. að tryggja í báðum tilfellum, en sú trygging er nú horfin að því er bátaútveginn snertir, svo að þessir menn eiga nú ekki að fá neina stoð eða slíka vernd í því erfiða ástandi, sem nú er hér á landi og vitanlega kemur mjög hart niður á þeim.

Ég hefi ekki komið með brtt. um að kippa þessu aftur í lag, af því að ég geri ráð fyrir, að nú sé komið að þingslitum, svo að það væri mjög líklegt, að málið dagaði uppi, ef nú væri samþ. breyt. á því, og ég vil ekki láta bændur landsins gjalda þess, þó að Ed. hafi farið þeim höndum um frv., sem hún hefir gert, og veitt því þann áverka, sem það fékk þar með þessari breyt., sem gerð var þar á 1. gr. frv.

Ég mun því greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir nú, en láta um leið í ljós mjög mikla óánægju yfir því skilningsleysi, sem Ed. hefir sýnt hér á þörfum bátaútvegsmanna, og óréttti, sem þeim er með þessu ger.

Jóhann Jósefsson: Ég vil taka undir það með hv. þm. Borgf., að Ed. hefir sýnt allmikið skilningsleysi í þessu máli. Ég skal að vísu ekki leggja allt of mikið upp úr gagnsemi þessa frv., en hitt virðist mér óverjandi, að taka út úr eina stétt manna, nefnil. bændurna, og semja löggjöf þeim til verndar, en beita svo þeirri ósanngirni við aðrar stéttir, að það er ekki aðeins svo, að látið sé ógert að setja lög þeim til hjálpar, heldur er blátt áfram felld burt sú vernd, sem meiri hluti Alþingis hefir samþ. þeim til handa. Það hefir verið svo á undanförnum þingum, að talsvert hefir verið gert upp á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins hvað alla aðhlynningu í löggjöf snertir. Mætti þar til nefna mörg dæmi, en ég fer ekki út í það hér, af því að hv. þdm. eru þau svo kunn. Það hefir meira að segja gengið svo langt, að nauðsynlegar umbætur á málum sjávarútvegsins hafa ekki getað náð fram að ganga og ekki getað fengið fylgi þeirra manna, sem hér ráða lögum og lofum, nema þá um leið að skattleggja

sjávarútveginn. Þannig var það t. d. með fiskveiðasjóðinn. Nú er enn á ný vegið í sama knérunn, og það allhastarlega. Það er að vísu vafasamt, hve heppileg þessi löggjöf er í heild sinni, en af afgreiðslu þessa máls í Ed. er það þó sýnt, að þm. eru þess enn albúnir að gera upp á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins.

Þá hefir ennfremur verið fellt burt úr frv. nauðsynlegt ákvæði, sem Nd. samþ. samkv. brtt frá mér, sem miðaði í þá átt, að tekið væri afleiðingunum af þessum ráðstöfunum gagnvart þeim lánardrottnum, sem hér eiga hlut að máli, þannig, að fullt tillit yrði tekið til þeirra óþæginda eða þess halla, sem þeir yrðu fyrir af því, að gjaldfrestslögunum yrði beitt. „Princip"-munurinn á þessu er þannig lagaður, að þeir, sem þurfa að líta til hagsmuna sjávarútvegsins, geta ekki fylgt þessu frv. Ég verð því að greiða atkv. á móti frv., þó að það kunni að vera þarft mál, því að hér er gert svo mikið upp á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins, að við það verður ekki unað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 818).

70. Byggingarsamvinnufélög.

Á 36. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög (þmfrv., A. 245).

Á 39. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi leyft mér ásamt hv. þm. Dal. að flytja hér frv. á þskj. 245 um byggingarsamvinnufélög. Skal ég ekki halda langa ræðu fyrir frv. að þessu sinni. Öllum er það kunnugt, að sæmilegar byggingar eru ein hin helztu menningarskilyrði, en við erum svo settir, sem þetta land byggjum, að við eigum erfitt með að uppfylla þessi skilyrði, því að allar byggingar hér á landi, hvort sem er yfir menn eða búpening, þurfa að vera mjög vandaðar vegna veðráttunnar og verða af þeim ástæðum tiltölulega dýrari en annarsstaðar, auk þess sem það kemur og hér til, að við verðum að flytja inn meginhluta alls byggingarefnis, sem við notum, og gerir þetta byggingarnar enn dýrari. Það er því að ýmsu leyti vandasamt að leysa úr þessum málum.

Þetta frv. er tilraun til að færa byggingarmálin yfir á svið samvinnunnar, með því að koma á skipulagsbundnum félagsskap með mönnum um húsabyggingar, er starfi á samvinnugrundvelli. Til þessa hefir veðdeild Landsbankans einkum hjálpað til í þessum efnum með því að veita mönnum lán til bygginga. Sá öri vöxtur, sem verið hefir um húsabyggingar undanfarið við sjávarsíðuna, og þó einkum í Rvík, á aðallega rót sína að rekja til þess fjármagns, sem frá veðdeildinni hefir komið, og hefir ríkið stutt að þessu með því að taka lán til veðdeildarinnar í þessu skyni nokkrum sinnum. En mikils hefir þótt á skorta um það, að þessi starfsemi veðdeildarinnar væri rekin á eðlilegan hátt, og að fénu væri varið til hæfilegra bygginga, en ekki til luksusbygginga einstakra manna. Liggur þó í hlutarins eðli, að ríkið getur ekki stutt að því, að komið sé upp dýrum luksusbyggingum, heldur verður að snúa sér að því að koma upp hæfilegum byggingum og veita stuðning til þess. Er það virðingarverð tilraun í þessa átt, sem gerð hefir verið með verkamannabústöðunum, og eru nú hinir fyrstu verkamannabústaðir að rísa upp hér í höfuðstað landsins. En þó að með þessu hafi verið stigið giftusamlegt spor til að leysa úr húsnæðisvandræðunum hér í Rvík, er þörfin samt svo mikil, að henni verður ekki fullnægt á þennan hátt eingöngu. Byggist hún of mikið á beinum framlögum úr ríkissjóði til þess, að hún geti orðið fullnægjandi. Eins og nú stendur eru húsabyggingar að kalla alveg stöðvaðar. Veðdeildin hefir ekkert fé til þessara hluta, og þótt menn geti fengið veðdeildarbréf, verða þeir að

sæta því að fá féð að láni hjá einstökum mönnum, oft með óhagstæðum kjörum, því að afföll munu vera frá ⅓% upp í ½% á slíkum lánum í mörgum tilfellum. Liggur það í eðli hlutarins, hver áhrif þetta hefir á byggingarnar, sem þannig verða óeðlilega dýrar, og ef slíkar byggingar eru leigðar út, sem svo eru til komnar, verður húsaleigan óeðlilega há. Auk þess er þessu svo fyrir komið, að veðdeildarlánin fást þá fyrst, þegar búið er að reisa húsin, og af þeim ástæðum verður mönnum ókleift að komast að góðum kaupum á efni til byggingarinnar, eins og þeir gætu, ef hægt væri að greiða efnið um leið og kaup væru gerð. Á þennan hátt verður allt til þess að gera byggingar svo dýrar, að það er ofvaxið öllum nema efnuðum mönnum að ráðast í slíkar framkvæmdir. Tilgangur frv. er að reyna að leysa úr þessu með þeim hætti að veita mönnum aðstöðu til þess að draga saman fé í þessum tilgangi, sem ávaxtað sé í byggingarsjóðum félaganna, jafnframt því, sem ætlazt er til, að ríkisábyrgð verði tekin á nokkrum hluta af byggingarkostnaðinum. Skal ég ekki fara út í að ræða einstakar greinar frv. á þessu stigi málsins, en vil þó benda á það í þessu sambandi, að samkv. frv. er ætlazt til þess, að fjárins til byggingarstarfsemi félaganna verði aflað með frjálsum framlögum félagsmanna í stofnsjóð fyrst og fremst. Gefst ungum mönnum þannig kostur á að leggja fé til hliðar með það fyrir augum að reisa sér síðan sitt eigið hús. Einnig má búast við og virðist eðlilegt, að foreldrar í ýmsum tilfellum leggi í sjóði byggingarsamvinnufélaga fyrir börn sín. Þá er ennfremur svo ákveðið, að þegar félagsmaður hefir komið upp eigin húsi fyrir hjálp félagsins, skuli hann árlega greiða í stofnsjóð þess fjárhæð, sem nemur 1‰ af kostnaðarverði húsnæðis hans. Vil ég í þessu sambandi leiða athygli að því, að við prentunina hefir orðið „árlega“ fallið niður úr þessu ákvæði 3. gr. frv. — Svo er til ætlazt, að þegar menn hafa safnað saman sem nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem þeir kjósa sér að koma upp, skuli félagið hjálpa þeim með það, sem á vantar, og taka lán í því skyni, enda komi ríkisábyrgð til um þessi lán, sem félagsmenn auk þess ábyrgjast sameiginlega. Með svona skipulagsbundnum félagsskap á að vera hægt að fá slík lán, ekki sízt þar sem ætlazt er til, að ríkisábyrgð standi fyrir þeim, og er þá ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki lán í þessu skyni, eins og þurft hefir að gera til veðdeildarinnar, heldur aðeins að ríkissjóður ábyrgist lánin innan þessa ramma.

Það má vera, að sum ákvæði frv. kunni að þykja orka tvímælis, t. d. þar sem ákveðið er, að stærð húsnæðis skuli ekki fara fram úr 5 herbergjum. Verður að vísu að ákveða eitthvað um þetta, en hvort hér sé miðað við heppilega stærð, getur verið álitamál, en það er þó mín skoðun, að okkar þjóðfélag hafi ekki efni á að stuðla að stærri byggingum. Þá er og gert ráð fyrir sambyggingum, til þess að gera byggingarnar ódýrari.

Þá vil ég vekja athygli á ákvæðum 9. gr., sem miða að því að fyrirbyggja brask og óeðlilega verðhækkun á húsunum. Er svo ákveðið, að söluverð húsanna megi ekki fara fram úr kostnaðarverði þeirra, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, sem á húsunum kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, og er jafnframt tilskilið, að byggingarsamvinnufélögin hafi forkaupsrétt á húsunum. Álít ég þetta mjög mikilsvert atriði.

Ég skal ekki þreyta hv. d. með því að hafa þessi orð miklu fleiri. Frv. er fyrst og fremst miðað við staðhætti kaupstaða og þorpa, enda flutt fyrir atbeina manna hér í Rvík, sem hugsa sér að leysa úr húsnæðisvandræðunum á þennan hátt á grundvelli samvinnunnar. En þó að frv. sé þannig aðallega sniðið við þarfir þorpa og kaupstaða, get ég hugsað mér, að svipað skipulag komi einnig til greina í sveitum landsins í framtíðinni, því að ég er þess fullviss, að hér eiga síðar eftir að rísa upp sveitaþorp með samvinnubúskap og sambyggingum fleiri og færri fjölskyldna. Ég er því ekki í neinum vafa um það, að hér er um framtíðarmál að ræða, sem á það skilið, að því sé veitt full athygli. Og ég vildi mega vænta þess, að málið fengi góðar undirtektir hér í d. og að það yrði athugað gaumgæfilega, hvort hér er ekki einmitt bent til réttrar lausnar á þessum málum.

Ég skal að lokum geta þess, að ef frv. verður samþ., eins og ég vona að verði, munum við flm. bera fram till. um breyt. á ríkisveðbankalögunum, sem samþ. voru á síðasta þingi, í þá átt, að skuldabréf byggingarsamvinnufélaganna gangi til jafns um kaup við skuldabréf veðdeilda Landsbankans, Búnaðarbankans og byggingarsjóðs verkamanna.

Í þeirri von, að frv. verði vísað til 2. umr., vil ég svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Bergur Jónsson: Ég vil leyfa mér að óska þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá og frestað til mánudags, þar sem form. n., hv. 2. þm. Rang., er ekki viðstaddur.

Forseti (JörB): Málið verður þá tekið út af dagskrá samkv. ósk hv. form. allshn.

Á 71., 72. og 74. fundi í Nd., 10., 11. og 13. maí, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 14. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 245, n. 617).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það er ekki þörf á að ræða það almennt hér, hversu nauðsynin á því er mikil, að öllum almenningi sé gert það kleift að geta komið upp þaki yfir höfuð sér. Dýrtíð húsaleigunnar er eitt þyngsta böl ið, sem við eigum við að stríða, a. m. k. hér í Rvík, og er því hin mesta nauðsyn á að finna eitthvert skipulag, sem dregur úr dýrtíðinni og léttir þær kvaðir, sem lagðar eru á almenning í þessum efnum. Þegar litið er til þess, hvernig ástandið er, er ekki ólíklegt, að miklu valdi hér um það skipulagsleysi, sem ríkir í byggingarmálum kaupstaðanna, og hið annað, sem miklu veldur um þetta efni, er vafalaust það, hversu erfitt hefir verið, einkum á síðustu tímum, að fá lánsfé með sæmilegum kjörum.

Þetta frv. er flutt með það fyrir augum að reyna að bæta úr þessum ágöllum. Stofnar það til skipulags á þessum málum, sem ætti að gera almenningi það ódýrara og aðgengilegra að eignast húsnæði en nú er, í því skipulagsleysi, sem ríkir í þessum efnum. Hefir svipaðri löggjöf verið komið á hjá ýmsum öðrum menningarþjóðum og reynzt mjög vel.

Frv. gerir ráð fyrir, að menn myndi með sér samvinnufélagsskap um byggingar, og er ætlazt til þess, að félagsmenn leggi fram $\frac{1}{5}$ af verði þess húsnæðis, sem þeir vilja koma sér upp, en að afganginn fáist með hagkvæmum lánum, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir. Reisir frv. þær skorður, sem frekast er unnt, við þessum ábyrgðum ríkissjóðs, en auðvitað má um það deila, hvort þær séu þó nógu miklar. N. var á einu máli um það, að það væri einkum þetta atriði frv., ábyrgðarskylda ríkissjóðs, sem sérstaklega væri athugavert, og bar hún það því undir hæstv. fjmrh., og hafði hann ekkert sérstakt að athuga við þessi ákvæði frv. — Enda þótt að sjálfsögðu megi alltaf deila um einstök fyrirkomulagsatriði í þessu efni, álítur n., að bót muni verða að frv., og leggur því til, að það verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundin atkv. um þær brtt., sem fram kunna að koma við frv.

N. flytur tvær brtt. við frv., og er sú fyrri aðeins leiðrétting, að á milli orðanna í 3. gr. „félagsmaður“ og „í stofnsjóð“ komi: á ári. Eins og þetta ákvæði er í frv., mætti skilja það svo, að hér væri um að ræða gjald, sem borgað væri í eitt skipti fyrir öll, en sú er ekki meiningin, eins og reyndar liggur í augum uppi, og hefir n. því borið fram þessa brtt., til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessu efni.

Hin brtt. n. er við 6. gr. frv. og gengur út á það, að íbúðir, sem byggðar verða samkvæmt þessum lögum, megi vera með 2—4 herbergjum, í stað 2—5 herbergja, eins og þetta er ákveðið í frv. N. lítur svo á, og er það í samræmi við skoðanir hv. flm. á þessu atriði, að ekki sé ástæða til þess með þessari löggjöf að vera að létta

undir með mönnum með að koma sér upp íbúðum með fleiri en fjórum herbergjum, auk eldhúss og annara nútímaþæginda, enda á hverri fjölskyldu, sem ekki gerir sér óhófskröfur í þessum efnum, að vera þetta nægilegt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum fyrir hönd n.

Héðinn Valdimarsson: Ég geri ekki ráð fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, en flm. þess munu þó ætla því að ganga svo langt, að það fái afgreiðslu á næsta þingi.

Hér er farið inn á þriðju leiðina í byggingarmálunum. Fyrsta leiðin var farin fyrir sveitirnar með l. um byggingar- og landnámssjóð. Önnur leiðin fyrir kaupstaðina með l. um verkamannabústaði. Og hér er ætlazt til þess, að sett verði almenn löggjöf um þetta efni á samvinnugrundvelli. Verður auðvitað í þessu sambandi að hugleiða það, hver nauðsyn er á þessum sérstöku byggingarsamvinnufélögum umfram þær leiðir, sem þegar eru til að þessu marki.

Í bæjunum er nauðsynlegt að hjálpa þeim, sem lakast eru staddir, til að koma sér upp íbúðum, og þetta á líka að vera hægt eftir l. um verkamannabústaði. Með þeirri löggjöf ætti að vera hægt að fullnægja húsnæðisþörf verkamanna, og að miklu leyti húsnæðisþörf iðnaðarmanna, kennara og verzlunarfólks. Þó kann að vera, að nokkur hluti iðnaðarmanna komist ekki undir þau vegna launahámarksins, en til þess að ráða bót á því, mætti hækka hámarkið frá því, sem það nú er ákveðið. Hér er því aðallega miðað við þá, sem ekki komast undir lögin um verkamannabústaði. Í frv. er ætlazt til hlunninda, ef 15 menn ganga í félag, sem þeir kalla byggingarsamvinnufélag, án þess að tekið sé tillit til tekna þeirra og eigna. Gæti því svo farið, að inn undir þetta kæmust menn, sem sjálfir hefðu beinlínis efni á að byggja. Ég fæ ekki séð, að nein ástæða sé til þess að ríkið fari að ganga hér í ábyrgð jafnvel fyrir menn, sem byggt geta sjálfir, a. m. k. ekki á meðan ekki er hægt að fá lán til byggingar fleiri verkamannabústaða. Ef frv. þetta yrði samþ., myndi það m. a. verða til þess, að veðskuldabréf þessara samvinnubyggingarfélaga yrðu til sölu samhliða veðbréfum byggingarfélaga verkamanna, og hlypi þannig í kapp við þau og tækju nokkurn hluta af því fé, sem annars hefði gengið til þeirra. Hér er líka að sumu leyti gengið lengra en í lögunum um verkamannabústaði, því að bak við ábyrgð mannanna er ekkert nema ríkisábyrgðin, en í lögunum um verkamannabústaði er einnig ábyrgð sveitar- og bæjarfélaga.

Í grg. frv. segir meðal annars: „Ef hið opinbera á að leggja fram verulegan beinan fjárstyrk til húsabygginga alls almennings, eins og nú er gert um byggingu verkamannabústaða, er sýnilegt, að ekki verður hægt að styrkja húsabyggingar nema fyrir fátækasta og tekjulægsta hluta fólksins, en hinir, sem betur mega, verða að bíða“. Um beinan fjárstyrk úr ríkissjóði til verkamannabústaðanna er alls ekki hægt að tala, a. m. k. ekki enn sem komið er, því að lán þau, sem byggingarfélögin hafa fengið, hafa verið með heldur lægri vöxtum en félagsmenn hafa greitt af þeim til félaganna. Er því hér ekki um beinan styrk að ræða, heldur útvegun á fé til bygginganna. Nú horfir svo við, að erlend lán er ekki hægt að fá til bygginga, og það jafnvel ekki til byggingar verkamannabústaða, þó að bæði ábyrgð ríkisins og bæjarfélaganna sé á bak við. Mun þá áreiðanlega ekki frekar vera mögulegt að fá lán til þeirra bygginga, sem frv. ræðir um. Ég hefi því mjög litla trú á því, að það komi byggingarmálunum að nokkru gagni, þó að frv. yrði samþ., enda þótt ýms ákvæði þess séu góð. Frv. er að miklu leyti sniðið eftir l. um verkamannabústaði, en bætt inn í það einstaka atriðum, eins og t. d., að bannað er að veðsetja húseignir félaganna fyrir hærri fjárhæð samtals en 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta. Þó að sum ákvæði frv. séu þannig í rétta átt, eins og ég tók fram áðan, þá teldi ég réttara að endurbæta l. um verkamannabústaði, áður en gengið yrði langt inn á þá braut, sem í frv. er lögð. Það, sem mér finnst liggja miklu meira á í byggingarmálunum en þetta, er að búa til ramma utan um l. um verkamannabústaði á þann hátt, að hægt yrði fyrir byggingarfélögin í bæjunum að koma

upp húsum til þess að leigja út, því að eins og lögin eru nú, er gert ráð fyrir, að húsin séu eign þeirra, sem í þeim búa, en það eru ekki þeir allra fátækustu, sem geta lagt fram 1200—1500 kr. til byggingar húsanna. En nauðsynlegt er að sjá þeim fyrir leigubústöðum, sem ekki geta lagt fram þá upphæð, sem nú er tilskilin. Þá þarf einnig að búa betur um það en nú er, að koma á sem sameiginlegustum innkaupum á byggingarefni og öðru því, er til húsagerðar þarf, fyrir byggingarfélögin, því að það er vitanlegt, að sameiginleg innkaup í stórum stíl er stórkostlegur sparnaður frá því að kaupa í smáslöttum. Væri því mjög æskilegt, að kaupstaðirnir úti á landi yrðu í framtíðinni látnir vera í sameiginlegum innkaupum með hinum stærri stöðum, aðallega Rvík. Eins er það um lántökurnar. Þó að Rvík kannske heppnaðist að fá lán til bygginga, þá gæti það með öllu verið ókleift fyrir hina minni kaupstaði. Þyrftu lántökurnar því einnig að vera sameiginlegar.

Ég mun nú greiða atkv. með þessu frv. til 3. umr., en ef ég héldi, að það kæmist í gegnum þingið nú, þá myndi ég við 3. umr. flytja við það víðtækar brtt.

Steingrímur Steinþórsson: Ég stend ekki upp til þess að halda langa ræðu. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Þær smávægilegu breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði við frv., tel ég fremur til bóta. Aðalbreyt. er að lækka hámarkstölu herbergja í hverri íbúð úr 5 niður í 4. Þessu get ég verið samþykkur, því að hugmyndin með þessu frv. er ekki sú, að styrkja menn til þess að koma upp luksusbyggingum, heldur aðeins hæfilegum íbúðum fyrir venjulegar fjölskyldur.

Hv. 3. þm. Reykv. var með dálitlar aðfinnslur við frv., án þess þó að hann legðist fast á móti því. Mér virtist hann óttast mest, að það myndi valda samkeppni við verkamannabústaðina, ef að lögum yrði. Það er nú svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur, en ég skal þó fyllilega játa, að það merkilega fyrirtæki, verkamannabústaðirnir, virðist, hvað byrjunina snertir a. m. k. heppnast mjög vel, og er hv. 3. þm. Reykv. og þeim öðrum, sem hafa beitt sér fyrir því, til sóma. En ég er ekki sammála honum um það, að hægt sé að fullnægja byggingarþörf almennings hér í Rvík og víðar með þeirri aðferð eingöngu, nema ríkissjóður leggi fram því meira fé.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að ekki væri um bein framlög að ræða úr ríkissjóði til verkamannabústaðanna. Þetta fæ ég ekki skilið, því að bæði ríkið og bærinn leggja fé fram í þessu skyni, og hv. þm. telur, að auka verði við þau framlög. Hitt getur verið rétt, að lán þau, sem tekin hafa verið handa þeim verkamannabústöðum, sem nú er verið að reisa, séu ekki dýrari en það, að fullir vextir séu af þeim greiddir af félagsmönnum; en það haggar ekki við þeirri staðreynd, að ríkissjóður leggur bein fjárframlög til bústaðanna. Ég hygg, að hugmyndin um byggingarsamvinnufélög, á þeim grundvelli, sem frv. greinir, sé rétt og að við stefnum þar á rétta leið í byggingarmálum. Ég tel ekki, að nein óeðlileg samkeppni þurfi að verða á milli þessara tveggja byggingarfélaga, eins og hv. þm. virðist óttast. Þau stefna bæði í þá átt að koma upp hæfilegum byggingum fyrir þá menn, sem ekki geta byggt algerlega af eigin rammleik.

Þá vildi hv. 3. þm. Reykv. halda því fram, að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er ætlað að taka á sig vegna byggingarsamvinnufélaga, væri meiri en ábyrgð hans fyrir verkamannabústaðina, og benti jafnframt á, að ekki væri fulltryggilega búið um áhættuna gagnvart ríkissjóði. En eins og hv. þm. benti sjálfur réttilega á, þá eru einmitt í frv. mikilsverð ákvæði, sem gera áhættu ríkisins vegna ábyrgðarinnar minni. Það má ekki veðsetja húsin fyrir meiru en 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra; eru húsin því mikilsverð trygging fyrir ábyrgðinni, og auk þeirra er svo hin sameiginlega ábyrgð félagsmanna.

Það mun vera rétt hjá hv. þm., að eins og nú standa sakir sé ekki hægt að fá lán erlendis til slíkra bygginga sem þessara, en frv. er ætlað að vera framtíðarmál og má því ekki miðast eingöngu við yfirstandandi tíma. Ég er að sjálfsögðu fús til samvinnu um breyt. á frv., en þó um þær breyt. einar, sem ekki snerta aðal-

kjarna málsins. Ég fæ ekki skilið, að ekki sé hyggilegra fyrir ríkið að veita ábyrgð til þess, að menn geti komið upp byggingum, sem miðaðar eru við þörf fólksins og unnið er að eftir föstu skipulagi, heldur en að viðhalda því ástandi, sem verið hefir um aðallánsstofnun þá, sem lánað hefir til húsabygginga — veðdeild Landsbankans. Úr henni hefir ekki aðeins verið veitt fé til byggingar húsa, sem byggð hafa verið við hæfi fjölskyldnanna, heldur hefir miklu af fé hennar verið varið til þess að reisa skrauthýsi einstakra manna, þar sem hver íbúð kostar of fjár, stundum 100 þús. kr. eða meira. Einkum hefir þannig verið farið að hér í Rvík. Þannig hefir því verið farið með fé það, sem ríkið hefir beinlínis orðið að taka að láni handa veðdeildinni, en hér er aðeins farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á láni til þess að koma upp íbúðum, sem miðaðar eru við þarfir fólksins, en það er og hlýtur að verða sú rétta lausn byggingarmálanna. Hitt er óviðeigandi, að ríkið styrki menn til þess að koma upp skrautbyggingum, sem kosta fleiri tugi og jafnvel hundruð þúsunda.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu frekar um þetta mál. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það af velvilja, en taldi, að verkamannabústaðirnir myndu fullnægja byggingarþörfinni, en eins og ég hefi tekið fram, tel ég enga óeðlilega samkeppni þurfa að verða á milli þeirra og þessara samvinnubygginga. Vil ég svo óska, að málið fái að ganga áfram. Eigi ég sæti á næsta þingi, mun ég gera mitt til þess að það komist fram, ef það næst ekki nú á þessu þingi.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi e. t. v. ekki sagt það nógu greinilega, á hvern hátt ég tel verkamannabústaðina geta fullnægt byggingarþörf bæjanna. En það er á þann hátt, að ef hægt er að fá nægileg lán, annaðhvort innlend eða útlend, þá er styrkur sá, sem lagður er fram hér á landi til byggingarsjóðanna, nægilegur til þess að standast kostnaðinn, þó að byggt verði fyrir margar milljónir og lánin með hærri vöxtum en þau lán, sem nú hafa fengizt, svo það er líklegt, að hægt sé að koma upp nægilega mörgum íbúðum fyrir þá, sem falla inn undir tekjuhámarkið, ef hægt er að fá lán til þess. Annars held ég, að þegar ekki er hægt að fá lán handa byggingarfélögum verkamanna, þá sé það ekki frekar hægt að fá þau fyrir þessi samvinnubyggingarfélög. Skal ég svo ekki fara lengra út í þetta mál nú, en á næsta þingi er ég fús til samvinnu um lausn þess.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 1. þm. Skagf. hefir svarað mestu af aths. hv. 3. þm. Reykv., sem tók máli þessu með velvild, þó að það kæmi skýrt fram, að verkamannabústaðirnir væru honum hjartfólgnastir, enda þegar komnir myndarlega af stað. Hann benti á, hv. 3. þm. Reykv., að hér væri farið fram á þriðju leiðina í byggingarmálum. Þetta er alveg rétt, og er þess ekki vanþörf, því eins og bent hefir verið á, getur löggjöfin um verkamannabústaði ekki fullnægt byggingarþörf kaupstaðanna, m. a. vegna tekjuhámarksins. Það er ekki heldur sama, hvernig byggt er fyrir framtíðina. Aðaláherzluna þarf að leggja á það, að svo skipulega sé byggt, að húsnæðið verði ekki of dýrt.

Að því er snertir lausn húsnæðismálanna fyrir þá menn, sem svo eru fátækir, að þeir geta ekkert lagt fram, þá hygg ég, að réttara sé, að bæjarfélögin leigi þeim húsnæði, heldur en að fara inn á þá braut að sveigja lögin um verkamannabústaði svo, að allir geti komizt undir þau. Þá er ekki heldur eðlilegt, að ríkið styrki þá menn beinlínis, sem geta sjálfir leyst húsnæðismál sín, en hitt er sjálfsagt, að ríkið skapi öllum eins hæga aðstöðu og hægt er með góðu móti, bæði með aðgangi að lánsfé og heppilegra skipulagi á þessum málum yfirleitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 617,1 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.

4.—6. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 617,2 samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HJ, IngB, LH, MG, JörB.

nei: HStef, JAJ, MJ.

Tíu þm. (SvÓ, ÁÁ, BJ, EA, HG, HV, J-Jós, JÓl, JónasÞ, ÓTh) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.

7.—15. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 741).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 741).

Á 77. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 741, n. 813).

Frsm. (Einar Árnason) [óyfirl.]: Þetta frv. er komið frá Nd. og fékk þar hinar beztu viðtökur.

Eins og nál. allshn. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. hefir þó skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég aðeins skýra frá því, að svo stóð á, að hann gat ekki setið fund n., þegar frv. var afgr., og má vera, að fyrirvari hans stafi af því, að hann þannig hafði ekki tök á að kynna sér málið eins vel og ella, og hafi því frekar kosið að skrifa undir nál. með fyrirvara.

Byggingarmálin eru eitthvert erfiðasta viðfangsefni okkar Íslendinga. Til skamms tíma hafa allar byggingar hér, og þó sérstaklega til sveita, verið í aldagömlum stíl, og hefir að kalla ekkert verið gert til þess að byggja varanlega bústaði, og hver kynslóð orðið að reisa sinn bæ fyrir sig. Skortur á fjármunum og varanlegu efni hefir valdið því, að við þannig höfum orðið að búa við léleg húsakynni til skamms tíma. Með stofnun veðdeildarinnar var fyrsta sporið stigið í þá átt að vinna að því, að hér risu upp betri og varanlegri byggingar, og hefir miklu fé verið varið til bygginga, einkum í kaupstöðum landsins, síðan veðdeildin tók til starfa, og eru þetta flest sæmilegar framtíðarbyggingar. Næsta skrefið var það, þegar byggingar- og landnámssjóður var stofnaður og fjármunum úr þeim sjóði veitt til sveitanna til að byggja þar sæmileg framtíðarhús. Loks var svo með l. um verkamannabústaðina stigið þarft spor í þá átt að hjálpa verkamönnum í kaupstöðum landsins til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Leggur ríkið fram nokkurt fé til verkamannabústaðanna, og sama er að segja um byggingar- og landnámssjóð.

Með þessu frv. er farið inn á þá braut, að byggingarstarfsemin sé að einhverju leyti framkvæmd af samvinnufélagsskap, sem til þess sé stofnaður. Er hugsunin sú, að menn stofni með sér svokölluð byggingarsamvinnufélög, og er markmiðið með þeim félagsskap, að menn safni sér saman fé, til þess þannig að komast í aðstöðu til að eignast húsnæði, ef þeir eiga ekki fé handbært til slíkra hluta. Jafnframt er séð fyrir því, að þessi félagsskapur geti haft nægilegt fé til að leggja á móti framlögum félagsmanna, er þeir hafa dregið saman fé upp að ákveðnu lágmarki, og er svo til ætlazt, að ríkissjóður standi í ábyrgð fyrir því fé, sem útvegað yrði í þessu skyni, auk þess sem félagsmenn ábyrgjast það sameiginlega og húsin eru veðtekin fyrir því. Hinsvegar er ekki ætlazt til þess, að ríkið leggi neitt af mörkum í þá sjóði, sem stofnaðir væru samkv. frv.

Það er fjárskorturinn, sem kunnugt er, sem staðið hefir því í vegi, að fólkið hafi getað komið sér upp sæmilegum bústöðum við sæmilegu verði. Fjárskorturinn veldur því, að byggingar verða hér svo óhæfilega dýrar, en ef hægt er að sjá svo um, að fé sé fyrir hendi, þegar byrjað er á byggingunum, er hægt að gera þær meira við hæfi og getu þeirra, sem að

standa. Þetta fyrirkomulag, að menn þannig leggi fram fé fyrirfram í þessu skyni, gæti stuðlað að því, að húsin yrðu byggð fyrir meira sannvirði en nú á sér stað. Ég vænti því þess, að hv. d. taki vel í þetta frv.; það er tilraun til að leysa úr þeim örðugleikum, sem byggingarmál okkar eru nú í, og þótt ákvæði frv. verði e. t. v. ekki til mikils gagns á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir, má hinsvegar gera sér miklar vonir um það, að í framtíðinni verði mikið gagn af þessu skipulagi í kaupstöðum landsins, og jafnvel líka til sveita.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka þá ósk mína, að hv. d. taki frv. vel, eins og Nd. tók því, og að málið fái að ganga áfram og verða að l. á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 819).

---

71. Einkasala á tóbaki.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (þmfrv., A. 88).

Á 22. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 8. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru ekki stórar breyt. Það snertir aðeins álagningu tóbakseinkasölu ríkisins á tóbaksvörur, og er ákveðið, að álagningin skuli miðast við innkaupsverð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli, en áður hefir álagningin verið miðuð við innkaupsverðið eitt. Eins og kunnugt er, er það almenn venja að miða álagningu við allan kostnað varanna, og vitanlega yrði það í framkvæmdinni miklu haganlegra fyrir Tóbaksverzlun Ísl. Á þeim stutta tíma, sem verzlunin hefir starfað, frá síðastl. áramótum, hefir reynslan sýnt, að hitt fyrirkomulagið er óheppilegt og óþægilegra í framkvæmd.

Í frvgr. er ákveðið, að álagningin skuli vera frá 10—50 af hundraði. Ef einhverjum hv. þdm. kann að þykja það of hátt, þá kann að mega lækka hámark þess niður úr 50%. Aðrar breyt. en sú, að lækkað verði hámark álagningarinnar, get ég varla hugsað mér, að fram komi við þetta frv.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins beina þeirri aths. til hv. fjhn., að hún geri sér ljóst, hvernig álagningin kemur fram, og hvort álagningin getur eigi orðið svo mikil á tóbaksvörunum samkv. þessu frv., að ekki sé réttlátt að samþ. það. Mér er vel kunnugt um það, að verðið á tóbakinu hefir talsvert hækkað síðan einkasalan hófst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 220).

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi ekkert annað um mál þetta að segja en það, sem nál. meiri hl. ber með sér. Legg ég því til fyrir hans hönd, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. hefir aftur ekki skilað neinu nál. Býst ég því við, að hann geri grein fyrir sinni aðstöðu til málsins.

Magnús Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að upplýsa það, að hv. 4. þm. Reykv., sem er frsm. minni hl., varð að fara fyrir skömmu á annan fund; vildi ég því beina

þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá nú.

Forseti (JörB): Ég átti tal um það við hv. 4. þm. Reykv. áður en hann vék af fundi, hvort hann teldi sig ekki þurfa að vera við umr. um þetta mál, en hann tók það fram, að frá sinni hálfu væri ekkert því til fyrirstöðu, að málið yrði tekið fyrir, þó að hann væri ekki viðstaddur.

Magnús Guðmundsson: Þá fell ég frá ósk minni um, að málið sé tekið út af dagskrá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 88).
Á 64. og 65. fundi í Ed., 30. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Jakob Möller [óyfirl.]: Mér þykir það leiðinlegt, að ekki skuli neinar aths. fylgja þessu frv. frá hæstv. stj. Ég sé, að það er flutt af hæstv. fjmrh., og af efni frv. má ráða, að það gerir ráð fyrir allmikilli breyt. á gildandi lögum, þar sem nú á að taka tóbakstollinn eins og innkaupsverðið á tóbakinu undir álagningu. Hinsvegar er það kunnugt, að verð á öllum tóbaksvörum hefir hækkað eftir að tóbaksverzlunin komst í hendur tóbakseinkasölunnar. Af frv. verður að ráða, að tóbaksverðið muni enn hækka, ef það verður samþ., svo að ég get vel skilið það, að ekki sé óhugsandi, að einhverjir hiksti við að samþ. frv.

Jón Þorláksson: Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv., að ég hefði kunnað betur við, að hæstv. stj. hefði orð fyrir frv. Það má glöggt sjá, að ætlun frv. er að ná hærri tekjum handa tóbakseinkasölunni, sem eins og kunnugt er eiga að ganga til byggingar- og landnámssjóðs og til verkamannabústaða. Mér virðist sem það þyrfti að gera grein fyrir því, hverjar ástæður væru fyrir því að vilja auka tekjur til þessara stofnana.

Forseti (GÓ): Ég verð að fallast á það, að ekki sé heppilegt að ræða þetta mál í fjarveru hæstv. fjmrh. Ég bjóst við, er ég tók það til umr., að hann gæti komið hingað í hv. d., en nú frétti ég, að svo getur ekki orðið. Tek ég því málið hér með út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Síðan um áramót hefir orðið lítilsháttar breyt. á álagningu á tóbaki, einkum þó hinum ódýrari tegundum, eins og t. d. sígarettum, og hefir um þetta af ýmsum ástæðum verið farið lengra en núv. löggjöf leyfir, m. a. af því að annars hefði óþægilegt verð skapazt á sígarettum, því að verð á hverjum pakka, sem seldur er, þarf helzt að standa á tug. Þá er það og eðlilegra, að álagningin sé miðuð við innkaupsverðið að meðtöldum tolli, og byggist það á því, að með því móti er hægara að jafna ýmiskonar misrétti, sem stafar af því, að tóbakið er ekki verðtollað, heldur tollað með þungatolli. Því að af þessum ástæðum verður verðið ekki í eins góðu samræmi við gæði tóbaksins og vera ætti. Þá vil ég og ennfremur taka það fram, að sú verðhækkun, sem orðið hefir á tóbaki síðan um áramót, stafar ekki eingöngu af hækkaðri álagningu einkasölunnar, heldur á hún meðfram rætur sínar að rekja til hækkaðs verðlags á hrátóbaki á heimsmarkaðinum.
Fleiri orð sé ég ekki ástæðu til að hafa

fyrir þessu frv., en vil að lokum aðeins óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. *fundi í Ed., 3. júní*, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 723).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): F. h. meiri hl. fjhn. hefi ég það eitt að segja, að hann leggur til, að frv. verði samþ. Sú breyt., sem í frv. felst, er þess eðlis, að veita stj. heimild til þess að auka nokkuð álagningu á tóbaksvörur, sérstaklega þó eina tegund, nefnilega sígarettur.
Ég sé ekki ástæðu til þess f. h. meiri hl. að fara fleiri orðum um þetta. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér frv., þar sem það hefir legið svo lengi fyrir þessari hv. d.

Jón Þorláksson: Þar sem mér er kunnugt um, að sú stj., sem nú tekur við, óskar eftir, að þetta frv. verði samþ., þá vil ég ekki setja mig á móti því, að það nái fram að ganga, þó að ég sé hinsvegar ekki þeirrar trúar, að með núv. tilhögun, þ. e. einkasölufyrirkomulaginu, verði þetta til að auka tekjur ríkissjóðs af þessari vöru frá því, sem verið hefir síðan tóbakseinkasalan var sett á stofn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Halldór Steinsson [óyfirl.]: Af því að ég einn greiddi atkv. gegn frv. áðan við 2. umr., vil ég gera örstutta grein fyrir atkv. mínu.
Ég lít svo á, að ef hækka á verð á tóbaki frá því, sem nú er, þá mundi það hafa gagnstæð áhrif við það, sem ætlazt er til. Eins og vitanlegt er, hefir verð á tóbaki hækkað síðan tóbakseinkasalan tók til starfa, og mun það frá áramótum hafa numið um 20% og jafnvel meira hjá sumum smásölum. Þegar verðið er orðið eins hátt og nú, þá er meiri hætta á smyglun, og hækki það enn meira, má gera ráð fyrir talsvert meiri smyglun, enda hefi ég heyrt utan að mér, að frá áramótum hafi ekki borið svo lítið á því, að tóbaksvörum væri smyglað inn í landið. Ég álít því, að með nýrri hækkun muni draga úr þeim ágóða, sem ætlazt er til, að tóbakseinkasalan gefi, og greiði því atkv. gegn því, að frv. þetta verði að lögum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla ekki að mæla á móti rökum hv. þm. Snæf. Þau geta út af fyrir sig verið góð og gild. Mér dettur ekki heldur í hug að neita því, að alltaf muni verða einhver brögð að því, að smyglað sé tóbaki inn í landið. En ég býst við, þó að við séum ekki sammála um gagnsemi tóbakseinkasölunnar, að við getum orðið ásáttir um, að hægra sé að „kontrollera" slíka smyglun, þegar sett er sérstakt merki á hvern vindlingapakka.
En ég vildi minnast á, að frá uppeldislegum ástæðum er mikið unnið við að gera tóbakið dýrt. Sérstaklega á ég þar við vindlingana, sem mikið fer í vöxt að reykja. Með því að gera vindlingana svo dýra, að minna verði keypt af slíkri vöru, þá er um leið dregið úr notkun hennar. Ég álít, að hætta stafi fyrir unglingana í landinu af þessari sívaxandi notkun vindlinga. Og þó að það sé tilgangur frv. að auka tekjur ríkisins, þá finnst mér samt meira unnið við hækkun þessa, ef hún skyldi verða til þess að draga úr tóbaksnotkun, heldur en þó að ríkissjóður fengi einhvern tekjuauka.

Halldór Steinsson [óyfirl.]: Ég er sammála hæstv. dómsmrh., að ef hækkun þessi hefði uppeldislega þýðingu, þá væri rétt að samþ. frv. En eins og ég hefi tekið fram áður, hverfa uppeldislegu áhrifin, ef smyglunin vex. Út frá minni skoðun mundi því þjóðin hafa lítið af uppeldislegum áhrifum að segja, þó að tóbaksverðið hækkaði að nokkrum mun.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 836).

72. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga (þmfrv., A. 258).

Á 49. og 50. fundi í Nd., 12. og 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jónas Þorbergsson): Ég vil f. h. fjvn. mæla nokkur orð með frv. því um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, sem n. hefir leyft sér að bera fram á þskj. 258.

Þar er í fyrsta lagi farið fram á það, að frestað verði til ársloka 1933 100 þús. kr. framlagi ríkissjóðs til Landsbankans, sem ber að greiða samkv. lögum frá 1913. Í öðru lagi að fresta til ársloka 1933 framkvæmd laganna um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og að fé það, sem samkv. gildandi lögum á að fara í þann sjóð, renni þennan tíma í ríkissjóð. Í þriðja lagi er lagt til, að tekjur þær, sem kunna að verða af tóbakseinkasölunni, renni í ríkissjóð til ársloka 1933, í stað þess að ágóðanum er nú ráðstafað á alveg sérstakan hátt. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því, að framkvæmd laganna, sem sett voru á sumarþinginu um hýsingu prestssetra, verði frestað til ársloka 1933.

Verði þetta frv. samþ., er þarna að ræða um 400 þús. kr. frádrátt á árlegum útgjöldum ríkissjóðs, og virðist engin vanþörf á slíkri tilslökun, eins og nú árar.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að því fer mjög fjarri, að í frv. felist nein yfirlýsing af hálfu n. um ónauðsyn þeirra hluta, sem um er að ræða, enda hefir n. miðað þessar till. sínar við árslok 1933, heldur er þetta aðeins áframhald af starfi og viðleitni n. í þá átt að reyna að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, svo sem fært má þykja, meðan svo þröngt er í búi hjá ríkissjóði sem öðrum. Við 2. umr. fjárl. kom n. með till. um frestun á ýmsum greiðslum í 16. gr. fjárl., og var þar um svipaðar upphæðir að ræða og hér er farið fram á að fresta greiðslum á, sem miðaðar eru við heilbrigðara ástand og rýmlegri fjárhagsástæður hjá ríkissjóði, og má gera ráð fyrir, að n. komi með frekari till. í þessa sömu átt við 3. umr. fjárl.

Eins og ég áður sagði, byggjast þessar till. n. ekki á því, að n. álíti, að hér sé um ónauðsynlega hluti að ræða í sjálfu sér, en n. virðist að athuguðu máli, að einmitt þessir hlutir væru það, sem helzt yrði um þokað í þessu efni. Og n. væntir þess, að þessar till. hennar, sem n. að vísu var óljúft að bera fram, eins og margt annað, sem hún hefir séð sig neydda til að leggja til á þessum vandræðatímum, mæti jafnmikilli alvörugefni og skilningi í hv. d. og aðrar till. n. hafa átt að mæta. Þó að þessir hlutir komi illa við í bráð, er á það að líta, að þjóðin verður nú um stund að halda að sér höndum um flestar framkvæmdir til þess að verjast gjaldþroti, og verður ekki hjá því komizt að höggva einhversstaðar svo nærri, að ekki verði sársaukalaust fyrir þá, sem í hlut kunna að eiga.

Ég hefi svo þessi orð ekki fleiri, en vil aðeins að endingu endurtaka þá ósk f. h. n., að þessum till. verði vel tekið hér í hv. d.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég verð að hryggja hv. fjvn. með því að lýsa yfir því, að ég er algerlega á móti þessu frv., og skal ég nú með nokkrum orðum gera grein fyrir því, af hverju ég er á móti efni frv. og því makki, sem á bak við það liggur.

Skv. 1. lið þessa frv. er ætlazt til þess, að framkvæmd l. frá 1913 um að ríkissjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár verði frestað til ársloka 1933. Munu nú vera eftir 2 afborganir af þessu framlagi ríkissjóðs til Landsbankans, og eins og þm. er kunnugt, tók Landsbankinn á sínum tíma lán erlendis út á þetta lögákveðna framlag

ríkissjóðs, sem hann afborgar með því. Það er því ekki vafi á því, að þetta kemur illa við Landsbankann, þegar hann sjálfur á að fara að svara afborgununum af þessu láni, sem miðaðar eru við þessar árlegu útborganir ríkissjóðs á framlaginu til bankans. Þá vottar og ekki fyrir því, að fjvn. hafi leitað álits bankans sjálfs um þetta mál, enda er lítill vafi á því, að n. hefði fengið þau svör hjá bankanum, að hann ætti ekki þægilegt með að missa af þessu fé nú. Hinsvegar voru hér á þinginu 1929 samþ. lög, sem heimila stj. að undanþiggja bankann þeirri kvöð að kaupa ræktunarsjóðsbréfin af Búnaðarbankanum, og var til þess ætlazt af þinginu, að stj. neytti þessarar heimildar, en þó að bankinn hafi farið fram á þetta, hefir stj. þó neitað að verða við því. Þessi kvöð bankans um að kaupa ræktunarsjóðsbréfin nemur jafnhárri upphæð á ári og ríkissjóðstillagið til bankans er, og eru því möguleikar á því, að bankinn geti verið án ríkistillagsins, ef hann jafnframt er leystur undan þessari kvöð til að kaupa jarðræktarsjóðsbréfin. Lítur ekki út fyrir, að fjvn. hafi athugað þetta, og mun ég bera fram brtt. við frv. í þessa átt við 2. umr. málsins.

Þá leggur n. til, að skemmtanaskatturinn skuli renna í ríkissjóð til ársloka 1933. Hefi ég áður talað um þennan skatt oftar en einu sinni, en hann er þannig til kominn, að honum var rænt frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum. Varð hann til mikils gagns, t. d. hér í Rvík, en hér var honum varið til ýmissa félagsþarfa, til ellistyrks, til að kosta barnahæli o. s. frv. En ekki er kunnugt um, að skatturinn hafi komið að sömu notum síðan hann var rændur frá hinum upphaflegu og réttu njótendum. Það er hinsvegar alkunnugt, að sveitar- og bæjarfélög eru nú ekki betur stæð en ríkið sjálft, og mun ég því bera fram þá brtt. við frv. við 2. umr., að skatturinn renni til þessara aðilja. Vil ég ekki láta þess ógetið í þessu sambandi, því að það sýnir vel, hversu vandað hefir verið til um undirbúning frv., að ekkert bendir til þess, að n. hafi leitað álits þjóðleikhússtj. um þetta mál, og þó að ég líti svo á, að ekki hafi verið rétt að láta þennan skatt renna til þjóðleikhússins, verð ég samt að segja það, að ekki hefði verið úr vegi að leita álits þess aðiljans um málið, sem fær þessar tekjur.

Þriðji liður frv. fjallar um það, að tekjurnar af tóbakseinkasölunni skuli renna til ríkissjóðs til ársloka 1933. Eins og kunnugt er, var svo ákveðið í lögunum um tóbakseinkasöluna frá þinginu 1931, að helmingurinn af tekjum einkasölunnar skyldi renna í byggingar- og landnámssjóð, en hinn helmingurinn í byggingarsjóði verkamanna. Var þetta samkomulag milli Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins á sumarþinginu, og sýnist vera stuttur tími liðinn til þess að ganga á gerða samninga og fara að rifta þessu nú, og getur það auk þess valdið miklu tjóni. Á síðastl. sumri var byrjað á að reisa verkamannabústaðina hér í Rvík, með 54 íbúðum, þegar sýnt var orðið, að tekjur tóbakseinkasölunnar mundu fást í þessu skyni. Fékkst 200 þús. kr. lán til byggingarinnar hjá lífsábyrgðarfél. danska ríkisins (Statsanstalten), og frekari lán fást ekki þaðan úr landi, því að öll slík lán hafa nú verið bönnuð í Danmörku, og má því telja fullvíst, að ekki sé um annað fé að ræða til að fullgera byggingarnar, sem nú eru langt á veg komnar, en það, sem byggingarsjóðirnir hafa yfir að ráða, ef ágóðanum af tóbakseinkasölunni verður nú rænt til handa ríkissjóði. Var auðvitað gengið út frá því um þessar framkvæmdir, að byggingarsjóðirnir nytu þessa tekjustofns, sem búið var að ákveða þeim með lögum, og eftir venjunni um útborganirnar á verzlunarhagnaði einkasölunnar gömlu hefði átt að borga út nokkurn hluta hans 1. júlí í ár, en svo var ráð fyrir gert, að byggingunum yrði lokið að fullu í maí í vor, og hefði verið hægt að fá bráðabirgðalán til þess til þess tíma, er verzlunarhagnaðurinn yrði útborgaður, eða jafnvel til áramóta, ef til slíks hefði komið. Það er því augljóst mál, að þessar ráðstafanir hafa hin mestu vandkvæði í för með sér um byggingu verkamannabústaðanna, og er ekki útlit fyrir, að hægt verði að fullljúka þeim, ef þessar till. ná fram að ganga. Hefir n. auðsjáanlega ekki athugað þetta. Það ætti því engan að furða, þó að við jafnaðarmenn séum á móti slíkum till. sem þessum, enda kemur ekki til nokkurra

mála, að byggingarsjóðirnir séu rændir því fé, sem í þeirra hlut er fallið af verzlunarhagnaði tóbakseinkasölunnar nú þegar að lögum. E. t. v. skilja þó sumir þm. það betur, að ekki er æskilegt að svipta byggingar- og landnámssjóð þessum tekjustofni. Ég ætla a. m. k., að bændurnir muni líta svo á málið.

Um fjórða lið þessara till., þar sem um er að ræða frestun á framkvæmdum laganna frá 1931, um hýsing prestssetra, hefi ég ekkert sérstakt að segja, en mér þykir tilhlýðilegt að fara nokkrum orðum um það samkomulag, sem liggur á bak við þessar till. Í dag er afmælisdagur byltingarinnar í fyrra, þegar hæstv. forsrh. rak þm. heim með aðstoð konungsvaldsins, og á þeim sama degi bera sjálfstæðismenn fram samkomulagsfrv. til þess að bjarga fjármálunum fyrir þann flokk, sem þeir þóttust ekki síður verða fyrir barðinu á í fyrra með þingrofinu en aðrir þm., sem þá voru reknir burt héðan af þingi af stjórnarflokknum. Hygg ég, að kjósendur þeirra sjálfstæðismanna muni ekki lítið hissa á þessari afmælisathöfn fulltrúa sinna hér á Alþ., enda öfunda ég þá ekki af þessu samkomulagi við stjórnarflokkinn, né heldur öfunda ég framsóknarmenn af þessu innilega ástasambandi við sjálfstæðismenn í fjvn. um afgreiðslu fjármálanna. Við jafnaðarmenn getum ekki fallizt á þetta frv., eins og ég hefi skýrt frá, og af okkar hálfu er um ekkert samkomulag að ræða við stj. enn sem komið er um lausn fjármálanna, eins og sýnist vera af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:3 atkv.
2. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 258, 467, 480, 486, 487).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 480 og 487. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Við 1. umr. þessa máls gat ég um, að ég mundi koma með brtt. við þetta frv. Þær eru á þskj. 467, en á þskj. 480 er síðan varatill. Ég gerði þá nokkra grein fyrir þessu, og fyrsta brtt. fer í þá átt, að það verði að vísu frestað til ársloka 1933 framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, en af því eru nú 2 framlög eftir, en því aðeins á að fresta þessu eftir minni brtt., að ríkisstj. neyti þeirrar heimildar, sem hún hefir í búnaðarbankalögunum til að fella niður kaup Landsbankans á ræktunarsjóðsbréfum. Þessi heimild var látin í búnaðarbankalögin til þess að ríkisstj. neytti hennar, en hún hefir ekki fengizt til þess á síðastl. 2 árum. Það gæti komið sér illa fyrir Landsbankann, ef hann fengi ekki þessa peninga, en væri neyddur til að kaupa ræktunarsjóðsbréf eins og verið hefir, þó heimild sé til að fella þetta niður. Ég vænti, að n. taki þessu vel og stj. líka, og þarf ég ekki fleiri orðum um það að eyða.

Þá er 2. brtt., um að skemmtanaskatturinn falli til bæjar- eða sveitarsjóða til ársloka 1933. Ég gerði líka grein fyrir því við 1. umr., hvernig á því stendur, að sá skattur á heima þar, sem þessar skemmtanir eru haldnar, og upphaflega rann þessi skattur til bæjar- og sveitarsjóða þar, sem hann var tekinn, en síðar var hann tekinn til að standa straum af kostnaði við byggingu þjóðleikhúss, en nú er lagt til að gera hann að almennum ríkissjóðstekjum. Ég tel þetta ekki réttlátt gagnvart sveitarfélögunum; þau hafa líka þörf fyrir tekjur, þar sem þau hafa ekki getað náð inn útsvörum á síðasta ári. Þeim mundi ekki veita af, þó þau fengju þennan skatt, því þau hafa nóg við hann að gera, bæði til almennra þarfa, atvinnubóta og á annan hátt. Þau þurfa að halda á öllu sínu.

Þá er það 3. liður, um að tekjur af einkasölu á tóbaki falli burt úr frv. Ég lýsti því við 1. umr., á hvern hátt Framsóknarflokkurinn samdi um það við Al-

þýðuflokkinn, þegar hann hjálpaði honum til að koma á einkasölu á tóbaki á síðasta þingi, að tekjurnar af henni rynnu ekki í ríkissjóð, heldur yrðu notaðar í sérstökum tilgangi, þar sem helmingur þeirra rynni í byggingar- og landnámssjóð, en hinn helmingurinn í sjóð verkamannabústaða. Og við gengum út frá, að það mundi ekki fáum mán. síðar verða gengið frá öllu saman, og sízt af öllu gat okkur dottið í hug, að Sjálfstæðisflokkurinn mundi ganga inn á sömu braut, að láta ríkissjóðinn fá þetta fé. En eftir því nál., sem fjvn. hefir gefið út öll sameiginlega, lítur út fyrir, að báðir flokkarnir hafi komið sér saman um þetta. Ég vil algerlega mótmæla þessum till. og halda fast við, að það standi, sem áður hefir verið samið um, að helmingur þessara tekna gangi til byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði. Ég hygg, að það verði ekki of miklir peningar, sem þessi sjóður fær, þó hann haldi þessum tekjum, enda gæti það orðið til að bæta eitthvað úr atvinnuleysinu, ef hægt væri að halda áfram að byggja, og eins og horfurnar nú eru, er full þörf á því. Þar við bætist, að í sumum kaupstöðum, og sérstaklega þó hér í Rvík, kemur það sér ákaflega illa, ef sjóðurinn missir þessar tekjur, því hér hafa verið reistar miklar byggingar, 54 íbúðir held ég, með það fyrir augum, að þessar tekjur mundu fást. Og eins og nú stendur fæst ekki lán í útlöndum, svo sjóðurinn hefir ekki á annað að byggja en þær tekjur, sem hann á að hafa. Og ef það er tekið fyrirvaralaust af honum, eftir að byrjað er á svona byggingu, sem Alþ. hefir narrað mann út í, þá stendur sjóðurinn uppi ráðþrota. Hann hefir gengið út frá að hafa nóga peninga til að ljúka við þessa byggingu, því maður gat ekki búizt við, að þeir yrðu af honum teknir á þennan hátt. En það verður ekki hægt að ljúka við bygginguna, ef þetta verður tekið. Og þó það væri nú hægt að fá bráðabirgðalán í bönkum hér með dýrari vöxtum, þ. e. a. s. víxlavöxtum, til að ljúka við bygginguna, þá mundi það þó koma fram á verkamannabústöðunum á næsta ári í því, að ekki væri hægt að byggja meira, og þar með væri stöðvuð hér í Rvík öll bygging verkamannabústaða meðan þessi lög væru látin gilda. Mér finnst því, að eins mikið og sumir hv. dm. hafa talað um húsaleiguhæðina í Rvík og húsnæðisvandræðin, þá ættu þeir sízt að taka sjálfsbjargarviðleitnina frá verkamönnum, sem kemur fram í viðleitni þeirra til að byggja sjálfir yfir sig.

Í 2. gr. segir, að lög þessi öðlist gildi þegar í stað. Ég skil nú þetta að vísu svo, að það sé ekki hægt að taka þær tekjur í ríkissjóð, sem einkasalan hefir haft á þessum tíma, sem liðinn er og þangað til lögin verða staðfest, því þau geta ekki verkað aftur fyrir sig til áramóta. En það er ekki nóg fyrir sjóðinn, þó hann fái tekjur til þess tíma, er lögin ganga í gildi; það þurfa að halda áfram að koma tekjur í hann, því annars er það fyrirfram séð, að það er ekki hægt að ljúka við bygginguna við Bræðraborgarstíg og Hringbraut. Ég vænti nú, að það séu nægjanlega margir í hv. d., sem sjá þessa nauðsyn, til þess að till. mín verði samþ.

Mér skildist á hæstv. fjmrh. um daginn, að það væri ekki meining hæstv. stj. að taka allar þessar tekjur í ríkissjóð; hann bjóst við, að hagnaðurinn af tóbakseinkasölunni yrði það mikill, þrátt fyrir 15% verðtollinn, sem hann vildi leggja á tóbakið, að í hlut byggingarsjóðs fyrir verkamannabústaði mundi koma það, sem áætlað er í fjárlagafrv., eða 200 þús. kr. Til vara, ef það skyldi ekki verða samþ. að fella tóbakseinkasöluna burt úr frv., hefi ég komið með aðrar till. um það, að bæði öðlist lögin ekki gildi fyrr en 1. júlí 1932, svo að það sé ákveðinn dagur, þegar hagnaðurinn er gerður upp, en ekki óákveðinn, og þá kannske í miðjum mánuði, og svo að auki varabrtt. — vænti ég, að hæstv. forseti skoði það svo — um, að aftan við 3. tölul. 1. gr. bætist: „að svo miklu leyti sem þær fara fram úr 200 þús. kr.“, svo að þó að einkasöluhagnaður sá, sem fram yfir er áætlun fjárl., falli til ríkissjóðs, þá sé þó áætlun fjárl. haldið.

Ég skil vel, að margir hv. þm. muni skilja það, hver ábyrgðarhluti það er að setja lög, sem hrinda af stað stórum framkvæmdum í sambandi við ákveðna tekjuöflun, og síðan allt í einu fyrirvaralaust setja lög um, að tekjumöguleikar fyrirtækisins falli úr gildi, þó fyrirsjá-

anlegt sé, að framkvæmdir stöðvist í miðju kafi. Svo hvað sem hinum liðunum líður í frv., þá vona ég, að það verði ekki samþ., að hagnaðurinn af tóbakseinkasölunni skuli renna í ríkissjóð.

Frsm. (Jónas Þorbergsson): Fjvn. hefir leyft sér að bera fram á þskj. 486 nokkrar vatill. við frv. það, sem hún flutti áður og ég mælti fyrir nokkur orð hér í hv. d. þá, og er það að finna á þskj. 258. Ég get nú að mestu leyti vísað til þess, sem ég lét þá um mælt, því þær till., sem hér er um að ræða, eru áframhald af þeirri viðleitni n. að spara, að firra ríkissjóð þeim útgjöldum, sem unnt er í því kreppuári, sem framundan er.

Fyrsta till. fjvn. er um að fresta til ársloka 1933 framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands. Eins og hv. dm. er kunnugt, nemur þetta gjald 25 aurum á mann, sem sveitarsjóðirnar leggja fram, og ríkissjóður leggur helming á móti. Það, sem spara má með þessu, eru 25 þús. kr. á ári.

Þá leggur n. til á sama þskj. að fresta á árinu 1933 framkvæmd 12. gr. l. nr. 40, 7. maí 1928, um breyt. á jarðræktarlögunum, eða að létta af ríkissjóði framlagi til verkfærakaupasjóðs, sem ætlaður er til að kaupa fyrir verkfæri til að rækta með í sveitum landsins. Framlagið mun, eftir þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið, nema, eftir þeim framkvæmdum, sem verið hafa á undanförnum árum, þó búast megi við, að þær muni verða minni næsta ár, 60—70 þús. kr., ef ekki verður tekið það ráð að fresta framkvæmdum samkv. þessum lögum á því ári. En ef hv. þd. gengur inn á að samþ. þessa till., þá hefir n. áætlað, að það spari ríkissjóði 60 þús. kr.

Í þriðja lagi leggur n. til, að frestað verði til ársloka 1933 framkvæmd kennslueftirlits þess, sem um ræðir í 6.—8. gr. l. n. 35, 19. maí 1930, um barnakennslu. Það hefir nú verið lagt fram í hv. d. frv. um, að þetta kennslueftirlit falli niður með öllu, en n. er sammála um, að því verði frestað um þessi tvö ár, og væntir þess, að hv. þd. geti fallizt á það.

Í raun og veru þarf ég ekki fyrir n. hönd að segja meira. Ég hefi ekki umboð hennar til að tala um brtt. þær, sem liggja fyrir frá öðrum. En fyrir mitt leyti get ég sagt það, að ég býst ekki við, að hún muni fallast á þær. Það er náttúrlega réttmætt, að hv. 3. þm. Reykv. felli sig illa við, að ráðstöfun þeirri, sem gerð hefir verið á hagnaði tóbakseinkasölunnar, sé breytt, en n. væntir, að hv. þd. skilji það, að till. hennar eru ekki bornar fram af neinni löngun til að fella niður framkvæmdir, heldur vegna þess vandræðaástands, sem er ríkjandi og yfirvofandi, og að það kæmi einhverstaðar illa við, hvað sem þingið gerði til að spara.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hefi átt samtöl við hv. fjvn. um till. hennar og frv. og tek undir með n. um það, að það sé sízt vanvörf á að fresta þeim hlutum, sem þola bið, í þeirri geysilegu kreppu, sem nú ríkir. Því þó það væri illt útlit um margt, þegar við komum hér saman, þá er síður en svo, að neitt hafi batnað síðan. En utanaðkomandi áhrif eru það, sem varða mestu um að skapa það ástand, sem hjá okkur ríkir á hverjum tíma í afkomu þjóðarinnar. Ég verð því að leggja með því, að frv. n. verði samþ., þó það séu nokkur einstök atriði, sem ég hefði heldur kosið öðruvísi. Sumpart er það til samkomulags, að ég fellst á þau, og sumpart er það fyrir þær aðgerðir, sem þingið hefir haft við mínar till., eins og t. d. verðtoll af tóbaksvörum. Ég hafði hugsað mér, að það yrði ekki tekinn í ríkissjóð ágóðinn af tóbakseinkasölunni frá byggingar- og landnámssjóði og verkamannabústöðunum nema að nokkru leyti. En það er varla rétt hermt hjá hv. 3. þm. Reykv., að ég hafi sagt, að það mundi ekkert skerðast hlutur verkamannabústaðanna, þó verðtollur kæmi á tóbakið, enda hefði þá ekki verið ástæða til þeirra orðaskipta, sem hér fóru fram milli mín og hv. þm. við þá umr., ef það hefði legið í orðum mínum. Hinsvegar skilst mér, að hann telji hér vera um svik að ræða af hálfu Framsóknarflokksins, en sú ástæða kemur ekki til greina, nema um lækkun ágóðans sé að ræða, þannig, að verkamannabústaðirnir fái ekki uppborið það, sem þeim upphaflega var ætlað, því að ef fullur helmingur ágóðans er þeim greiddur,

getur ekki verið um svik að tala. Ég gerði ráð fyrir, að tóbaksverðtollurinn yrði til þess að ná vel þeirri hækkun, sem þyrfti að nást, og að hann kæmi að meiri hl. fram á verðhækkun á tóbakinu, sem sumpart var framkvæmd um áramótin, en sumpart hefði þurft að framkvæma um leið og lögin komu í gildi, sérstaklega á rjóli og „skraa", en á vindlum, vindlingum og hinum dýrari reyktóbakstegundum var verðhækkunin orðin nóg. Ég bauð hv. 2. landsk. upp á það í Ed. í sambandi við þetta, ef tóbakstollurinn yrði samþ., að ganga þá á móti því, að allur tóbakseinkasöluágóðinn yrði tekinn í ríkissjóð. En þegar búið er að leika það frv. eins og gert var, þ. á m. af hv. 2. landsk., þá er ekki nokkur vegur fyrir fjmrh. annað en að mæla með frv. í þessu efni. Að þessu leyti mega hv. jafnaðarmenn sjálfum sér um kenna að þiggja ekki mitt framborna tilboð, sem var þeim miklu betra en þetta.

Hitt, hvaða dagur það sé, sem það eigi að takmarkast við, hvenær lögin öðlist gildi, er ekki annað um að segja en það, að ég geri ráð fyrir, að tóbakseinkasöluágóðinn renni til verkamannabústaðanna til þess tíma, er lögin öðlast gildi, hvort sem það er staðfestingardagur eða 1. júlí. En það er náttúrlega samningsatriði að einhverju leyti, hvað þá er til fallið af ágóða af rekstri tóbakseinkasölunnar. En ég get heitið því, ef það kemur undir mig að eiga í slíkum samningum, að taka allt það tillit, sem unnt er, til þeirra ráðstafana, sem búið er að gera í sambandi við byggingu verkamannabústaða. Og ef ég sæi, að þeir lentu í örðugleikum vegna þessara laga, mundi ég telja mér skylt að sýna meiri linkind í þeim samningum en ella. Það er sjálfsagt að taka það fram í umr., að af þessum till. eigi engin vandræði að hljótast. Um það þurfum við hv. 3. þm. Reykv. ekki að deila.

Ég hefði óskað að þurfa ekki að fylgja því, að allur tóbakseinkasöluágóðinn skuli renna í ríkissjóð, en rás viðburða, sem mér eru ósjálfráðir, veldur því, að ég verð nú að greiða atkv. með því. En hv. jafnaðarmenn hafa átt sinn þátt í þessari rás viðburðanna, svo þeir mega nú sjálfum sér um kenna, ef þeir þykjast sviknir.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég á brtt. á þskj. 487, um að á árinu 1933 skuli helmingur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. l. nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, renna í ríkissjóð. Þessar tekjur, sem má búast við, að nemi um 100 þús. kr., hafa undanfarið runnið í Menningarsjóð, og er það talsvert fé.

Ég bar fram á öndverðu þingi frv. um það sama, sem þessi brtt. við lögin fer fram á, að fresta skuli framkvæmd þeirra á árinu 1933 að þessu leyti, en mér sýnist sem það frv. muni eiga erfitt um afgreiðslu á þessu þingi, því það er langt síðan n. skilaði því frá sér, en það hefir enn ekki verið tekið á dagskrá. Mér sýnist líka, að úr því að að því ráði hefir verið horfið að bera fram frv. um frestun framkvæmda samkv. ýmsum lögum, þá eigi efni frv. heima í þessu frv. Því ber ég þessa till. hér fram nú.

Það er ekki af því, að ég vilji gjarnan taka peninga af þessum sjóði, að ég flyt þessa brtt., heldur er það af því, að mér sýnist sem það muni verða nokkuð erfitt að ná jafnvægi á fjárlfrv. Þessi hv. d. hefir nú afgr. það frá sér með greiðsluhalla, sem nemur nærri ½ millj. kr., og þó hefir ekki neitt verið áætlað fyrir stórum gjaldaliðum, eins og sérstökum lögum, fjáraukalögum eða þál. Og þó mun það orka mjög tvímælis, hvort tekjurnar komi til með að verða jafnháar og þar er ráðgert. Ég fæ því ekki betur séð en að það stafi hrein vandræði af þessum tekjuhalla á árinu 1933 og að það verði að leita allra bragða til að draga eitthvað úr honum.

Ég hefi bent á það áður, að tekjuhallinn á undanförnum árum, hefir verið geysilegur. Á árinu 1930 varð hann 6 millj. kr. og á árinu 1931 2.5 millj., og hann verður á yfirstandandi ári, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefir upplýst, ekki minni en á árinu 1931. Það er því auðsætt, ef þessu á að halda áfram, að það muni lenda í algerðu þroti. Það hlýtur því fyrst og fremst að vera skylda þessa þings að koma í veg fyrir slíkt. Það er með þessar hugleiðingar að baki, að fjvn. hefir flutt þetta frv. og till. á þskj. 486.

N. þykist hafa skorið talsvert djúpt áður í ýmsum efnum, og skal ég t. d. benda á 16. gr. frv. Þar hefir verið fellt niður til

búfjártryggingarsjóðs 15 þús. kr., til bústofnslánadeildar 50 þús. kr., til lánadeildar smábýla 50 þús. kr., til ráðstöfunar á tilbúnum áburði 60 þús. kr. og ýmsar fleiri smáupphæðir. Og nú leggur n. til, að strikað verði út tillag til verkfærakaupasjóðs, sem er áætlað um 100 þús. kr. á ári. Þetta finnst mér ætti að sýna hv. dm. bæði það, að fjvn. telur mikla þörf á að reyna að jafna þennan halla, og líka það, að hún er ekki feimin við að skera niður það, sem við kemur landbúnaðinum. Mér finnst þess vegna, að þegar búið er með l. frá 1928 að leggja fram til náttúrufræðistarfa, bókaútgáfu og listaverkakaupa um 100 þús. kr. á ári, þá geti það ekki talizt ósanngjarnt að fara fram á að taka af því helminginn í eitt ár. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að þessi till. mín verði felld, a. m. k. sýnist mér þá, að d. sé í meira lagi mislagðar hendur, ef hún getur ekki sætt sig við, að þessi styrkur verði tekinn að hálfu í eitt ár, þegar svo margir styrkir til landbúnaðarins eru teknir að öllu leyti í 1½ ár eða meira. Að því er snertir það atriði, hvenær lögin öðlist gildi, þá skal ég benda á það, að í 2. gr. frv. stendur, að lögin skuli öðlast gildi þegar í stað. En mér finnst sanngjarnt, þó að eitthvað lengur yrði veitt til hlutaðeigandi stofnana, t. d. til 1. næsta mán. Ég get ímyndað mér hvað viðvíkur ágóðanum af tóbakseinkasölunni, að það muni erfitt að gera það upp upp á dag, hversu ágóðinn er mikill. Mín tilætlun er sú, að stj. geri það, sem henni þykir sanngjarnt í þessu efni. Hún getur tekið áætlunarupphæðir, þó ekki sé miðað nákvæmlega við þann dag, sem um er að ræða. — Ég ætla ekki að fara út í aðrar till., en vil aðeins endurtaka það, að *ég tel með öllu óforsvaranlegt*, ef ekki kæmi skýrt fram hjá þinginu, að eitthvert tillit væri tekið til hinna örðuga tíma, sem nú standa yfir.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. talaði nokkuð um verðtollinn á tóbaki og afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna til hans. Hún var eins og í öðrum skattamálum, þar sem við höfum ekki viljað útvega nýjar tekjur í ríkissjóð. Við héldum, að svipað stæði á fyrir Sjálfstæðisflokknum, en það er ekki orðið svo, því að allir sjá, að það er alveg sama, hvort þeir ganga inn á að taka burt eitthvað af lögskipuðum framkvæmdum eða samþ. ný skattalög, vegna þess að ríkissjóður fær því meira til umráða. Sjálfstæðismenn hafa gengið frá sínu gamla principi, að afla stj. ekki tekna, og sérstaklega á þetta við um tóbakseinkasöluna. Í fyrra samþ. þeir, að hagnaðurinn af tóbakseinkasölunni skyldi alls ekki renna í ríkissjóð, heldur ganga til verkl. framkvæmda, til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. Með því að samþ., að þessar framkvæmdir séu felldar niður, samþ. þeir í raun og veru tóbakseinkasölu fyrir ríkissjóð. Það er gott fyrir þá að muna það, þegar þeir koma til kjósenda sinna, að sýna staðfestu sína í þessu máli.

Hæstv. fjmrh. var hér með ávítur við okkur jafnaðarmenn út af því, að við hefðum ekki samþ. þetta, því á þann hátt hefðu fengizt 200 þús. kr. til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. En það var ekki þetta, sem verið var að reyna á þinginu í fyrra, þegar lögin voru samþ., heldur hitt, að tekjurnar af einkasölunni skyldu ekki renna í ríkissjóð, heldur að þær skyldu allar renna til verkamannabústaðanna, hvort sem þær væru meiri eða minni. Þá minntist hæstv. fjmrh. á verðtollinn. Hann sagði, að okkur sjálfum hefði verið um að kenna, ef hann yrði samþ. Það er nú svo, enda kæmi okkur ekki til hugar, þó að þessar brtt. mínar yrðu samþ., að skera þetta nákvæmlega við 200 þús. kr. Við álítum, að með því sé gengið skemmra í því að ræna verkamannabústaðina. Það sýnist svo, að Framsókn, sem áður lét stj. sína eyða fé í hugsunarleysi og án nokkurrar aðgæzlu, hafi gripið þessi skelfing við það að sjá, hvernig komið var með fjárhag ríkisins, að þeir fara nú að spara hvern eyri, án þess að líta á það mikla tjón, sem þeir gera með því að leggja mest á þá stéttina, sem verst á með að verja sig. Það er svo með bændurna, að þó þeir séu margir jafnfátækir og verkamenn, þá hafa þeir meira pólitískt vald í þinginu, og þess vegna hafa þeir ekki þorað að leggja eins á þá. En þeir líta svo á, að vegna þess, hvernig kjördæmaskipunin er og hvað fáir fulltrúar verkamanna eru, þá sé þeim

óhætt að gera hvað sem þeim sýnist. Mér sýnist, eins og ég hefi áður sagt, að Sjálfstæðisfl. hafi hér farið í kringum sig með þessum till., sem sama sem auka tekjur ríkissjóðs. Ég gæti trúað, að ef þær yrðu eitthvað lægri í ár, sem vel gæti hugsazt, þá muni það geta farið svo 1933, að tekjurnar verði hærri en gert er ráð fyrir, og jafnvel svo, að þó verðtollurinn verði ekki samþ., þá muni stj. hafa nægilegt fé til að ráðstafa, hvað þá heldur ef samþ. verður tekjuaukafrv., og þá er farið inn á sömu braut, að gefa stj. til ráðstöfunar margar millj. kr., sem hún svo notar eftir eigin geðþótta milli þinga.

Ég þykist vita, að það muni koma í sama stað niður, hvort ég tala lengur eða skemur, þar sem málið hefir slíka einingu íhaldsflokkanna, og læt ég því staðar numið.

Halldór Stefánsson: Ég vil aðeins minnast á eitt af þeim atriðum, sem hér liggja fyrir með þessu frv. Það er brtt. á þskj. 487, frá hv. 2. þm. Skagf. Hann hefir hér áður borið fram sérstakt frv. um Menningarsjóð, að hálfar tekjur hans á árunum 1932 og 1933 renni til ríkissjóðs. Það frv. hefir verið hjá fjhn. þessarar d. Hefir hún gefið álit um málið, en ekki getað orðið sammála um það. Minni hl. n. féllst á frv. að nokkru leyti, en leggur til, að um þetta verði ekki ákveðið að svo stöddu nema fyrir árið 1932 og að næsta þing ákveði, hvað gert verði 1933.

Nú veitti ég því athygli, að brtt. 487 er svo orðuð, að það er aðeins ákveðið, að á árinu 1933 skuli helmingur tekna Menningarsjóðs renna í ríkissjóð. Brtt. tekur ekki til nema annars ársins af þeim tveimur, sem hér ræðir um. Nú er mér ekki ljóst, hvernig hann hugsar sér sambandið á milli þessarar brtt. sinnar og frv. á þskj. 51 og till. minni hl. fjhn. við það. Mér er nauðsyn á að vita, af því að ég á hér hlut að máli, hvort sú sé meining hans með brtt. á þskj. 487, að hún sé vatill. við frv. og till. minni hl.

Um aðrar till., sem hér liggja fyrir, ætla ég ekki að ræða, en mun aðeins lýsa afstöðu minni til þeirra við atkvgr.

Frsm. (Jónas Þorbergsson): Það er út af brtt. á þskj. 487, sem ég vildi taka það fram áður en gengið er til atkv., að ég álít, eins og ég hefi áður sagt í sambandi við frv. það, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir borið fram um Menningarsjóð, mesta óráð að breyta um þá stefnu, sem tekin er með setningu þeirra l. Tilgangur Menningarsjóðs er sá, að standa undir óhjákvæmilegum útgjöldum til styrktar ýmsum menningarlegum málum, sem ekki hafa stuðning af öðru, og ef því er kippt burt, mundi vaxa mjög það kvabb, sem fyrir þinginu liggur árlega um einstaklingsstyrki. Þrátt fyrir það, að ég er hv. þm. fyllilega sammála um, að nauðsynlegt sé að gera allt, sem hægt er, til þess að bæta aðstöðu ríkissjóðs, þá vil ég þó mæla á móti því að breyta þeirri stefnu, sem þingið hefir tekið í þessu efni, og óska ég því, að till. verði felld.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Það var út af orðum hv. 3. þm. Reykv., sem ég vildi segja nokkur orð. Hann sagði, að í till. beggja stóru flokkanna væri verkamannastéttin ofsótt eftir nótum. Ég tók upp fjöldamörg atriði, sem sýndu, að fjvn. hefir lagt til, að strikaðar verði út stórar upphæðir, sem hafa átt að ganga til styrktar landbúnaðinum. Ég tók þetta fram til þess að fyrirbyggja, að það gæti litið svo út, að hér væri hlutdrægni á ferðinni. Þessi ummæli hv. þm. eru því alveg óverðskulduð og óréttmæt. En hvað viðvíkur því, sem hann talaði um svikna samninga út af tóbakseinkasölunni, þá get ég ekkert um það sagt. Hann bar ekki mig eða minn flokk um svik, og skal ég því ekkert fara út í það; mér er það alveg óviðkomandi og veit ekki neitt um það. En svo sagði hv. þm., að við værum gengnir frá því, sem við hefðum látið uppi áður, að við vildum ekki láta stj. fá tekjuauka. Þar til er því fyrst og fremst að svara, að hér er um engan tekjuauka að ræða, heldur minnkun á útgjöldum. En ég get viðurkennt, að það kemur í svipaðan stað niður, þó að það sé ekki sama fyrir landsmenn, þegar gerður er upp landsreikningurinn á sínum tíma. En ég vil minna hv. þm. á það, að við erum ekki gengnir frá þessu máli. Það á eftir að ganga í gegnum Ed., og yfirlýsing, sem ég hefi áður gefið í þessu efni, stendur óhögguð. Við sjálfstæðismenn teljum okkur skylt að

vinna að því, að fjárlagafrv. sé forsvaranlega útbúið, jafnvel þó svo kynni að fara að síðustu, að því yrði slátrað út af ágreiningi vegna annars máls. Það er vitaskuld, að það kemur fram í undirbúningi fjárlagafrv., hvernig flokkarnir líta á sínar skyldur gagnvart ríkissjóði. Ég segi fyrir hönd Sjálfstæðisfl., að hann er sér fyllilega meðvitandi þessarar sérstöku ábyrgðar, sem á honum hvílir. Hann vill ekki taka undir það, að þó hann sé í minni hl., þá sé hann ábyrgðarlaus.

Hv. 1. þm. N.-M. spurði mig, hvernig þessi brtt. á þskj. 487 kæmi heim við frv., sem ég flutti í þingbyrjun viðvíkjandi Menningarsjóði. Þar er því til að svara, að ég hefi litið svo á, að þar sem svo er liðið á þingtímann, muni ekki vera næsta miklar líkur til, að frv. nái fram að ganga. Frv. á þskj. 51 er sem sagt með elztu málum þingsins. Ennþá er ekki búið að taka það á dagskrá til 2. umr. Ástæðan til, að ég flutti þessa till., er sérstaklega sú, að ég þóttist sjá fram á, að þetta mál mundi daga uppi, myndi sennilega aldrei verða tekið á dagskrá, því mér er kunnugt um, að hjá ýmsum er þetta frv. illa séð. En hvað það snertir, að ég hafði ekki tekið árið 1932 með, þá get ég sagt það eins og er, að ég bjó til þessa brtt. heima hjá mér í gær og mig minnti satt að segja, að minni hl. fjvn. hefði lagt til, að það væri á árinu 1933, sem þetta félli niður, en þegar ég tók fram þingskjölin í morgun, þá sé ég, að það var á árinu 1932. Ég vil vona, að hv. þm. geti fylgt minni brtt. engu að síður, og ég skal athuga það, hvort ekki sé rétt að koma með brtt. um að láta þetta ákvæði einnig ná til ársins 1932.

Halldór Stefánsson: Ég vildi benda hv. flm. frv. á þskj. 51 og flm. þessarar brtt. á það, að minni hl. fjvn. hefir aðeins viljað gera till. um árið 1932. Hv. flm. viðurkennir, að þetta, hvernig brtt. er útbúin, sé að kenna misskilningi hjá sér, og það þarf kannske ekki að verða neinn ágreiningur milli okkar, þegar til kemur, ef hann vildi breyta þessari till. sinni og láta hana einnig ná til ársins 1932. Þá má vel vera, að ég geti fylgt henni, en alls ekki, ef hún nær ekki yfir nema árið 1933.

Hv. flm. talaði um, að líkur væru til, að frv. á þskj. 51 mundi daga uppi, þar sem það er ekki komið til 2. umr. ennþá. Ég skal ekkert um það segja, en ég vildi út af því, sem talað var hér utan dagskrár í upphafi þessa fundar, leyfa mér að benda á það, að það er ekki n. að kenna, þó að frv. dagi uppi, því hún hefir gefið álit um það 22. marz, eða fyrir mán. síðan, og hefir það legið í vörzlum forseta síðan, svo það er a. m. k. ekki hægt að ásaka fjhn. fyrir það, að málið hefir enn ekki komið á dagskrá. Annars sýnist ekki ólíklegra um þetta mál en ýms önnur, að það geti náð afgreiðslu, ef það á annað borð verður tekið fyrir. — Ég vildi svo aðeins leyfa mér að beina þeirri áskorun til hv. flm., að hann geri alvöru úr því að breyta till.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Skagf. við brtt. á þskj. 487, svo hljóðandi:

„Upphaf till. orðist svo: Á árunum 1932 og 1933 o. s. frv."

Þarf að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að till. megi taka til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 499) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil aðeins leiðrétta það, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði ekki rétt eftir mér frá fyrri umr. þessa máls, að ágóði tóbakseinkasölunnar mundi ekkert rýrna vegna þeirra tekjuaukafrv., er ég hefi lagt fyrir þingið. Ég viðurkenndi það einmitt, að tekjur einkasölunnar mundu eitthvað rýrna, en þó mun sú till. mín vera Alþýðuflokknum hentari heldur en sú till. um tekjur einkasölunnar, sem hér er til umr. Hv. þm. talaði um það, að stóru flokkarnir í þinginu hefðu gert bandalag um að ganga hart að verkalýð og bændum. Þetta er alveg rangt hjá hv. þm. Ástandið er svo alvarlegt nú, að það verður að reyna á þol allra borgara ríkisins, ef okkur á að takast að veita örðugleikunum þolanlega viðnám. Það er því ekki að ætlast til þess, að framleiðendurnir beri einir allan þunga kreppunnar.

Þeir verða öllum öðrum fremur hart úti vegna hennar.

Hitt er alþekkt fyrirbrigði, að minnihlutaflokkar nota sér sína aðstöðu til þess að koma sér hjá allri ábyrgð á þeim sköttum, sem leggja verður á þjóðina, með því að greiða atkv. á móti slíkum sköttum.

Hv. 2. þm. Skagf. dró nokkuð úr fylgi sinna flokksmanna við þetta frv., en ég ætla nú að vona, að það sé mest svona á vörunum og að þeir muni standa við þær till., sem fulltrúar þeirra í n. hafa verið með að samþ. Ef hv. andstæðingar stj. sjá og skilja, hve ástandið er alvarlegt, sem allt útlit er fyrir um marga þeirra, þá skil ég ekki í því, að þeir láti afstöðu sína til annara óskyldra mála verða til þess að hefta framkvæmd þeirra starfa fyrir ríkið, sem allir telja óhjákvæmileg. Ég skal að vísu játa, að það er hverjum flokki heimilt að fella fjárl., sem til þess hefir aðstöðu, en það er ekki það, sem þjóðina vantar nú á þessum tímum. Það er allt annað, sem hana vantar. Það væri að vísu sparnaður fyrir ríkið að losna við öll þau útgjöld, sem ákveðin eru með fjárl., því að fastir tekjustofnar mundu verða í fullu gildi, þó að fjárl. væru felld, en ég býst við, að það sé þó sá sparnaður, sem fáir kæri sig um, og ég hygg, að Alþýðuflokkurinn sé ekki einu sinni svo radikal. Afleiðingin af því að fella fjárlög og tekjustofna ríkisins verður að sjálfsögðu þingrof og nýjar kosningar, -- en hvaða líkur eru til þess, að það þing, sem þá verður myndað, beri gæfu til þess að leysa betur þessi mál heldur en við nú getum gert? Hvaða líkur eru fyrir því, að hugarfar þeirra þm., sem þá yrðu kosnir, mundi verða annað en það, sem nú er í þinginu?

Á svo alvarlegum tímum, sem nú eru, eiga slíkar hótanir eins og sú, að stofna til þingrofs út af óskyldum málum, fremur illa heima. Nauðsyn þjóðarinnar krefst þess, að hv. þm. skoði ekki þingmálin sem lotterí; nauðsynin ýtir á eftir, og það er ekki nema ánægjulegt, að tveir stóru flokkarnir skuli vilja hjálpast að því að leysa vandamál þjóðarinnar á friðsaman hátt, þó að einn flokkurinn vilji skjótast undan þeirri skyldu að vilja leggja sína krafta fram.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins svara hæstv. fjmrh. því, að ég hefi engu við það að bæta, sem ég sagði áðan, og að mér er um það full alvara. Það er náttúrlega hægt að leiða rök að því, að sá flokkur, sem neitar að taka til greina sanngjarnar kröfur annara flokka í stórmálum, en samtímis heimtar samvinnu og hjálp þeirra flokka í öðrum málum, hann sýnir ekki sanngirni og getur þess vegna ekki vænzt þess að fá stuðning andstöðuflokkanna, þegar honum sýnist.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að mér finnst verkaskiptingin hér í hv. d. upp á síðkastið farin að verða alleinkennileg og einkar hentug fyrir hæstv. ríkisstj. Ég er nú ekki gamall þm., en ég hygg, að það sé einsdæmi, að andstöðuflokkur stj. leggi til menn til þess að flytja sparnaðarfrv. fyrir stj., sem menn í hennar flokki vilja ekki gefa sig í að flytja; en þetta er einmitt það, sem gerist nú á þessu þingi og m. a. í þessu máli.

Hv. 2. þm. Skagf. var nú að afsaka það, að því er virtist, að hann hefði gerzt flm. þeirra sparnaðartill., er fyrir liggja, og setti von sína á flokksbræður sína í Ed. um það, að þeir kynnu að lagfæra verstu galla frv. eða fella það. Ég verð að segja það, að margt undarlegt gerist nú á dögum.

Út af hugleiðingum hæstv. fjmrh. um það, að hér sé verið að reyna að taka af öllum jafnt, skal það tekið fram, að hann veit vel, að það er ekki rétt, því hér er sérstaklega gengið á rétt einstakra stofnana og vissra manna innan þjóðfél., sem verða tilfinnanlega illa staddir, ef þetta frv. verður samþ. Auk þess ber að líta á það, að stóru flokkarnir hafa nú sameinazt um það, með niðurskurði á fjárframlögum til verklegra framkvæmda, að ganga á hagsmuni verkalýðsins samtímis því, sem á að fella niður lofað framlag til verkamannabústaðanna, og sjá allir, hvert með því er stefnt og hverjir þar verða fyrir barðinu á lögunum.

Ég vil nota tækifærið, úr því að ég stóð á fætur, til þess að gera nokkrar aths. við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér við 2. umr. þessa máls um tekjuskatt á Eng-

landi. Hæstv. ráðh. er mjög gjarnt að segja hér tíðindi frá Englandi, en það er leiðinlegt fyrir hann, að þau skuli ekki ætíð vera rétt. Ég benti á við þá umr., að tekjuskatturinn í Englandi nálgaðist það að verða 50 % eða um það bil helmingur ríkisteknanna, en hæstv. ráðh. sagði, að hann væri ekki svipað því það. Hann sagði, að skatturinn færi stighækkandi, eins og dæmið vísaði til í heimildinni. Ég hefi nú rannsakað þetta síðan og vil nú leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. hefir farið rangt með eftir sinni heimild. Þar stendur, í 12. bindi tímaritsins, bls. 138, að tekjuskatturinn 1928—29 sé lagður á með ákveðinni hundraðstölu, og á bls. 139 er frá því skýrt, að fastur tekjuskattur hafi árin 1925—28 numið 4 sh. af sterlingspundi í hreinum tekjum, eða sama sem ⅕ teknanna. En reglur um persónufrádrátt eru aðrar þar en hér. Þar eru 20 sterlingspund af tekjum skattfrjáls, og auk þess hefir það nokkur áhrif, hvers eðlis tekjurnar eru, en eftir að kemur upp í hátekjurnar munar litið um frádráttinn.

Hæstv. ráðh. var að gera gys að því, að ég hefði sagt, að sá effektivi skattur í Englandi færi í sumum tilfellum upp undir 50 % af tekjunum, en þetta er rétt. Í skattatöflunni fyrir árin 1927—28, á bls. 138, er það sýnt, að af 30 þús. £ hreinum tekjum verður skatturinn 8 sh. og 1 d. af hverju sterlingspundi, og af 150 þús. £ tekjum er skatturinn 9 sh. og 7½ d. af hverju sterlingspundi, en það er nálega sama sem 50 % af skattskyldum tekjum. Ég hefi nú verið að velta vöngum yfir þessu og reyna að skilja, hvernig í því liggur, að hæstv. fjmrh. skýrði svo skakkt frá niðurstöðum eins og hann gerði, og ég get ekki stillt mig um að minnast á þá skýringu, sem mér hefir aðeins dottið í hug á þessu, þó að ég sé hræddur um, að hæstv. ráðh. e. t. v. reiðist yfir henni, en hún er sú, að hann hafi mislesið t. d. 8 sh. af sterlingspundi fyrir 8 % af sterlingspundi. Um þetta skal ég að sjálfsögðu ekkert fullyrða, en mér finnst þetta einna sennilegasta skýringin.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég verð að reyna að hugga hv. þm. Seyðf. í sorg hans yfir því, að ég hafi skýrt rangt frá því, hve hár tekjuskatturinn í Englandi væri. Ég sagði aldrei, að hann kæmist hvergi nálægt því að verða 50 % af skattskyldum tekjum, heldur sagði ég, að hann næði hvergi því að verða 50 %.

Skýrslan um skattinn í Englandi sýnir það fyrst og fremst, hver grunnskatturinn er, enda er hér lögð aðaláherzlan á það, hver skatturinn sé raunverulega, þegar búið er að draga frá hinn skattfrjálsa hluta teknanna. Það, sem ég talaði um þetta efni við síðustu umr., byggði ég á þeirri sömu bók og hv. þm. Seyðf. las nú upp úr. Ég nefndi þá tölur eins og þessa, að af 600 £ hreinum tekjum væri hinn effektivi skattur 1 sh. og 1 d., eða sama sem rúmlega 10 %, og ég nefndi líka, að skatturinn yrði ekki 25 % af tekjunum fyrr en komið væri upp í tekjur, sem nema 6 þús. £, þá er effektivi skatturinn orðinn 4 sh. og 10½ d. af hverju sterlingspundi, eða tæplega 25%.

Ég nefndi ennfremur í tölum skatt af 20 þús. £ tekjum, og er þá fyrst skatturinn orðinn um 33% af tekjunum. Þetta eru tölur, sem ég las um daginn, og þær standa hér ennþá og hafa ekkert breytzt. Ég sé það, að hv. þm. hefir ekki fært sér þessa töflu í nyt, og væri ekki úr vegi fyrir hann að fá bókina aftur og lesa betur. Það er því ekkert, sem hann hefir að leiðrétta við það, sem ég hefi áður sagt um þetta mál. Hv. þm. hélt, að ég hefði lesið 5 sh. og 10 sh. fyrir 5% og 10%, en þetta getur hann sannfært sig um, að er rangt hjá honum, með því að athuga töfluna. Þar stendur allt það sama og ég las upp af henni um daginn, og það var allt rétt. Annars veit ég ekki, hvað hv. þm. hefir meint með þessum ónákvæma lestri upp úr þessum skýrslum, nema ef það hefði verið gert til þess að læða inn einhverjum grun um það, að eitthvað hefði verið ónákvæmt í minni framsetningu, í því trausti, að hv. dm. væru búnir að gleyma því, sem ég sagði um daginn.

Ég vona nú, að hv. þm. huggist af þessari sorg sinni, eftir að ég hefi nú leitt honum fyrir sjónir hið rétta í málinu. En ég býst ekki við, að hann losni eins greiðlega við sorg sína yfir því, að tveir andstæðir flokkar þingsins hafa orðið sammála um nokkur þýðingarmikil mál. Hv. þm. segist ekki þekkja það úr þingsög-

unni, að andstöðuflokkur stjórnar verði henni sammála í nokkrum málum. Hann virðist ganga út frá því, að andstöðuflokkur hljóti ætíð að vera stj. ósammála. Út frá þessum skoðunum hv. þm. á sjálfsagt að ráða skýringuna á afstöðu hans til ýmsra mála hér í þinginu. Hann telur það skyldu sína við flokk sinn að vera á móti bókstaflega öllu, sem andstöðuflokkar hans bera fram. En ég skal nú segja hv. þm. það, að það er algengt fyrirbrigði í þingsögunni, að andstæðir flokkar verði sammála um einstök mál. Ég skal benda honum á, að í lok kreppunnar árið 1924 urðu íhaldsmenn og framsóknarmenn hér á Alþingi, sem þá voru andstöðuflokkar, samtaka um að afgr. gætileg fjárlög. Og ég skal ennfremur benda hv. þm. á það, af því að hann segir, að mér sé svo tamt að vitna til Englands, að þar í landi hafa nú íhaldsmenn og jafnaðarmenn orðið sammála um að hækka tekjuskattinn. Ég get ómögulega skilið svo köllun andstöðuflokks stjórnar, að hann sé skyldur til þess að vera á móti hverju því máli, sem stj. flytur.

Bæði hv. þm. Seyðf. og hv. 3. þm. Reykv. halda því fram, að þeir hafi aldrei stutt neina stj., en ég veit þó ekki betur en að einmitt þessir hv. þm. hafi tekið þátt í því að samþ. vissar skattatill. frá stj. árið 1928. Ég veit ekki, hvernig á að skýra það nú, að þessir sömu menn skuli nú vilja fella þessa sömu skatta. Það er helzt að skilja á hv. þm., að hann geri það af því, að hann telji það flokkslega skyldu að vera í andstöðu við stj., til þess að viðhalda ágreiningi milli flokkanna. En ég ætla að vona, að hv. þdm. líti ekki almennt svo á, að það sé nauðsynlegt að varðveita sundrungina í landinu.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Við hæstv. fjmrh. erum nú orðnir að mestu sammála um skattinn í Englandi. En ég vil nú einmitt út af því dæmi, sem hann tók, benda honum á samanburð á skattinum hér og þar. Hann sagði, að af tekjum að upphæð 600 £ í Englandi svaraði skatturinn til 10%, en hjá okkur Íslendingum er skattur af jafnháum tekjum miklu lægri. Af 12 þús. kr. tekjum hér, sem er lítið eitt lægri upphæð en 600 £, er skatturinn af 10 þús. kr., sem skattskylt er af tekjunum, aðeins sem svarar 3,4% á móts við 10% í Englandi, eða sem svarar rösklega ⅓ af skattinum í Englandi. Ég hefi þrásinnis bent á þetta dæmi og sýnt fram á það, að þessa skatta ætti að hækka heldur en bæta tolli á toll ofan. Af 8 til 9 þús. kr. tekjum og upp í 20 til 30 þús. kr. eru skattar í Englandi miklu hærri en hér. Þetta eru tekjur þeirra manna, sem hafa föst laun, og hæstv. ráðh. hefir sjálfur sagt, að föst laun við embætti og önnur störf væru vissustu tekjurnar. Því álít ég, að það eigi ekki að hlífast við að leggja skatta á einmitt þessar tekjur í samræmi við það, sem lagt er á samskonar tekjur annarsstaðar, og sömuleiðis við það, sem lagt er á skattþol manna hér á öðrum sviðum. En þessar tekjur vill hæstv. ráðh. ekki skattleggja, en hann vill auka tolla á nauðsynjum atvinnulausra fátæklinga, þó það verði til þess, að margir, sem annars hefðu komizt af, fari á vonarvöl. Um þetta er ágreiningurinn milli okkar.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé alvanalegt, að andstöðuflokkar sameini sig um einstök mál, og tilnefndi dæmi um mjög elskulega samvinnu milli Framsóknarflokksins og Íhaldsflokksins árið 1924. Það er rétt, að þetta á sér oft stað með þessa tvo stóru flokka, og ekki hvað sízt nú á þessu þingi. (ÓTh: Hafa ekki jafnaðarmenn og Framsókn verið sammála um sum mál?). Nei, Alþýðuflokksmenn halda fast á sínum málum. (ÓTh: Hvernig var með forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum?). Við vorum sammála um þetta smámál, af því að það var samkv. okkar stefnu.

Það er óneitanlega fallega gert af sjálfstæðismönnum að styðja stj., og ber það vott um elskulega samvinnu þessara tveggja flokka, að einmitt menn úr þeim flokki, sem telur sig í andstöðu við stj., skuli nú flytja róttækari sparnaðartill. fyrir stj. heldur en hún getur fengið sína eigin flokksmenn til að flytja. Þetta er óneitanlega mjög fallega breytt gagnvart stj., en það er eftir að vita, hvort það er í fullu samræmi við yfirlýsingar þessara manna til kjósendanna um það, að þeir ætli enga tekjuauka að samþ. fyrir stj. fyrr en góð lausn sé fengin í stjórnar-

skrármálinu. Það er eftir að vita, hvort þessir menn eru með framkomu sinni í þessum efnum að styrkja sína pólitísku aðstöðu meðal kjósendanna í landinu.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að íhaldsmenn og jafnaðarmenn í Englandi hefðu nú nýlega orðið sammála um breyt. á skattalögunum í Englandi. Ég þori ekki að fullyrða, að þetta sé rangt hjá ráðh., en ég verð að draga það ákaflega mikið í efa. Það getur verið, að þetta samkomulag hafi fengizt eftir að þjóðstjórnin kom til valda. (**Fjmrh.**: Þessi till. var fram komin áður en þjóðstjórnin tók við). Áður en þjóðstjórnin kom til valda voru það tveir ráðh. í ráðuneyti jafnaðarmanna, sem töldu, að það væri aðeins um tvær leiðir að ræða til þess að ráða bót á halla fjárl., og var önnur sú, að hækka tekju- og eignarskattinn, en hin sú, að lækka vexti og draga úr afborgunum á ófriðarskuldunum. Þó eiga þær skuldir að greiðast á ekki skemmri tíma en 140 árum, en árlegir vextir af þeim eru 360 millj. £, eða 1 millj. £ á dag. Þetta voru þær leiðir, sem jafnaðarmenn vildu fara, en íhaldsmenn voru þeim till. andstæðir.

Ástandið í Englandi er nú svo, að þeir verða að borga 1 millj. £ á degi hverjum í vexti og afborganir. Og þó afborga þeir ekki meira en svo, að þeir þurfa 140 ár til að borga skuldir sínar upp, þótt þeir greiði 360 millj. £ á ári. Jafnaðarmenn þar vildu lækka vextina eða skattleggja þessi skuldabréf. En íhaldsmennirnir vildu viðhalda tollunum, eins og hæstv. fjmrh. og aðrir íhaldsmenn vilja hér. Að vísu heitir það víst því nafni hjá þeim, að þeir vilji vernda atvinnuvegina í landinu með því að leggja á verndartolla.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við jafnaðarmenn hefðum hjálpað Framsóknarflokknum til að fá samþ. tolla á þingi 1928. Án þess ég meðgangi þetta, þá vil ég benda á, að hæstv. fjmrh. og flokkur hans hafði þá komið vel fram í ýmsum málum, sem voru áhugamál Alþýðuflokksins. Má t. d. nefna togaravökulögin, sem við bárum fram, og hæstv. ráðh. studdi vel, ríkislögregluna, sem hann barðist á móti, og fleira mætti nefna. En vitaskuld gaf þetta hæstv. ráðh. og flokki hans enga allsherjarsyndakvittun, sem dygði til langframa. Það er ekki rétt, að við höfum greitt atkv. með verðtollinum 1928. Við fengum þá lækkaðan kaffi- og sykurtollinn, sem nam meiru en því, sem kola- og salttollurinn hækkaði. — Samhjálpin gekk sæmilega 2 fyrstu árin, en svo fór að verða örðugra um samvinnu, er frá leið. Og þegar þeir hættu með öllu að vilja sinna málum okkar jafnaðarmanna, var samvinnunni slitið. Og nú erum við í algerðri andstöðu við Framsóknarflokkinn og hann, eða a. m. k. viss hluti hans, í hreinni andstöðu við okkur jafnaðarmenn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég get látið útrætt um tekjuskattinn í Englandi. Það er rétt, sem ég hefi sagt, að hann er lægri þar á vissu sviði, lægri tekjunum, en hækkar og verður fyrst hærri en hér, þegar um mjög háar tekjur er að ræða. Og hv. þm. Seyðf. hefir enn eigi borið fram slíkar till., en þeirra má kannske vænta við næstu endurskoðun. Ég hefi lýst því yfir áður hér í hv. d., að ég hefði í hyggju að fá borna fram till. um að hækka tekjuskattinn nokkuð, en þó ekki mjög mikið. Er það gert vegna núv. ástands. Að ég vil eigi bera fram till. um mjög háan skatt, stafar bæði af innheimtuörðugleikum og svo af hinu, að útsvörin hvíla á þessum sama stofni og víða eingöngu. Ástæðan til þess, að þetta hefir enn ekki verið borið fram í frv.formi, er sú, að hér hefir jafnan við klingt, að ekki yrðu samþ. neinir skattar. Og ég vil fullyrða, að hv. jafnaðarmenn hér hafa verið með fullyrðingar um, að þeir myndu engum skattafrv. fylgja, vegna þess hve bruðlunarsöm stj. hefði verið á fé ríkisins. Jú, jafnaðarmenn urðu víst hræddir við, að stj. færi að bruðla með fé ríkisins, og þess vegna yfirgáfu þeir hana! Hún var víst sparsöm meðan þeir voru með henni, en þeir féllu frá, er þeir óttuðust, að hún færi að bruðla! Þeir lýstu andstöðu sinni við alla skattalöggjöf þegar við 1. umr. fjárl. og hafa ávallt látið kveða við sama tón síðan. Móti fjárl. greiddu þeir svo atkv. Þegar svo er tekið undir að sjá fyrir nauðsynlegum þörfum og afgreiðslu mála, þá er ekki hægt að taka mikið mark á því, sem sagt er nú um þetta efni. Þetta er engin útrétt hönd

til samstarfs, sem hægt sé að taka í, heldur miklu fremur útrétt hönd, sem gefur utan undir.

Ég skal ekki minnast neitt á fyrri sambúð. En ég vil þó geta þess, að skattarnir, sem voru samþ. 1928, voru miklu hærri en sú lækkun á kaffi og sykurtollinum nam, sem þá var samþ. En þá voru líka samþ. útgjaldaaukar, sem jafnaðarmenn áttu þátt í og voru því skyldir að sjá fyrir fé til þeirra. Með því sýndu þeir ekki annað en skylduga ábyrgðartilfinningu. Þeir, sem eru með öllum útgjaldakröfum, verða sannarlega líka að láta skína einhversstaðar í tekjur. Þetta mundu þeir sýna og finna, ef þeir ættu einhverntíma að ráða. En nú er að sjá, að þeir ætli sér að safna einhverju réttlæti í sarpinn, með því að vera á móti sérhverjum tekjuaukum, til þess að hafa meiru af að taka síðar.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að fara að skipta mér mikið af þessum deilum. En ég man ekki betur en að það væri með beinum eða óbeinum atbeina jafnaðarmanna, að verðtollurinn var samþ. á þinginu 1928. Mig minnir, að verðtollurinn væri þá áætlaður 465 þús. kr., en lækkun á kaffi- og sykurtolli 200 þús. kr. Hefir því ekki verið um jöfn kaup að ræða. Ég hygg, að hægt sé að leggja fram nál. frá Nd., sem sannar það, að hv. 3. þm. Reykv. var samþykkur því, að verðtollurinn væri hækkaður, og sannar það afstöðu jafnaðarmanna til hans.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um tekju- og eignarskattinn. En ég vil þó minna á, að í Danmörku er nú jafnaðarmannastj., sem hefir setið þar nokkuð lengi að völdum án þess lengi vel að láta sér detta í hug að hækka tekjuskattinn. Hv. þm. Seyðf. veit þó vel, að samkv. opinberum skýrslum eru Danir 4 sinnum ríkari að meðaltali á hvern mann en við. Ennfremur mun hv. þm. vita, að beinir skattar lenda þyngra á okkur en þeir gera í Danmörku, vegna misæris hér. Þetta hefir verið sýnt með dæmi, með því að taka 2 sambærileg félög og gera upp tekjuskatt þeirra á 4 árum. Bæði félögin er hugsað að hafi 100 þús. kr. höfuðstól. Bæði hafa grætt á starfsemi sinni í 4 ár samtals 60 þús. kr. Afkoma annars félagsins er nú hugsuð líkt því, sem gerist hjá nágrannaþjóðunum, þ. e. a. s. nokkuð jöfn frá ári til árs, en hitt félagið á við sömu kjör að búa og algengt er hér, stórgróði annað árið og stórtap hitt árið. Fyrra félagið græðir fyrst 14 þús., síðan 16 þús., svo 18 þús. og loks 12 þús. kr. á ári. Hið síðara græðir fyrst 25 þús., tapar síðan 100 þús., græðir svo 75 þús. og græðir loks 60 þús. Bæði hafa félögin þá afgangs eftir 4 ár, 60 þús. kr. gróða. Sé svo skatturinn reiknaður út, eftir þeim taxta, sem hér gildir, þá verður skatturinn á „útlenda félaginu", ef svo mætti nefna það, kr. 8900, en á hinu, sem starfað hefir í samræmi við hin íslenzku kjör, 39000 kr. Svona þungt leggjast skattarnir á íslenzka framleiðslu. Eins og ég gat um, þá héldu jafnaðarmennirnir í Danmörku sama „skala" þar til fyrir ári síðan, að þeir hækkuðu skattinn um 25% vegna kreppunnar. Ég hefi borið saman skattinn hér og þar, eins og hann er nú orðinn, og komizt að þeirri raun, að hann er ennþá hærri hér. Gögnin fyrir þessu hefi ég ekki við hendina; þau liggja heima hjá mér. En verði þetta rengt, get ég sannað það síðar.

Þegar það nú er haft í huga, að fyrirtæki hér eiga við að búa misæri, sem leggst þungt á þau, og miklu þyngra en algengt er í öðrum löndum, t. d. Danmörku, og þegar þess er gætt, að jafnaðarmannastj. í Danmörku er nýbúin að hækka tekju- og eignarskattinn um 25%, og það aðeins til bráðabirgða vegna erfiðs árferðis, og að samt hafa þeir lægri „skala" nú en við, þá verður varlega að treysta á það, að hægt sé hér að ná inn meiri tekjum með þeim skatti en nú er gert.

Hv. 3. þm. Reykv. var að gefa það í skyn, að við sjálfstæðismenn værum að svíkja stefnu okkar með því að styðja að því, að stj. fengi óbeinar tekjur í ríkissjóð. Það má nú að vísu segja, að það komi út á eitt fyrir þá, sem svelta vilja ríkissjóðinn, hvort ríkissjóður fær tekjur sínar með auknum álögum eða með því að beina í hann tekjum, sem að óbreyttum lögum eiga að renna annað. En eins og hv. 2. þm. Skagf. sagði, þá er þetta þó næsta ólíkt, því hér er þó ekki verið að leggja ný gjöld á þrautpínda skatt-

borgara ríkisins. Ég verð þó að segja það, að mér þykir hvumleitt að greiða atkv. með sumum liðum þessa frv., en get vel sætt mig við suma þeirra. En hvað svikin snertir, sem hv. þm. var að bregða okkur um, þá er engu glatað, þótt við greiðum atkv. með þessu hér í Nd. Við geymum okkur allt fyrir það óskertan rétt til að greiða atkv. eins og við á í Ed. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að sú stj., sem ekki vildi unna okkur sanngirni í stjórnarskrármálinu, þyrfti ekki heldur að vænta sanngirni af okkur. Ég vil orða þetta um og segja, að stj. skuli fá þá fyllstu sanngirni, er hún gerir sig verðuga fyrir. En það er engin sanngirni, að minnihlutastj., sem fer með völd **gegn vilja** mikils meiri hl. kjósenda, njóti stuðnings umboðsmanna þessa meiri hl. til fjáröflunar úr vasa þjóðarinnar að meiri hl. kjósenda nauðugum. Ég álít alveg tvímælalaust, að jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn eigi að beita hverjum þeim þinglegum vopnum, sem orðið geta til þess að knýja fram stjórnarskrármálið, þ. á m. að beita skattneitun.

Ég fyrir mitt leyti vil nú bíða átekta og sjá, hverjar undirtektir Framsóknarfl. og stj. verða um höfuðmál Alþ. Ef þær verða óviðunandi, þá tel ég það skyldu okkar að knýja málið fram með þeim vopnum, er við höfum í hendinni og þingleg eru. Er því till. mín, að flokkur okkar fari svo með þessi mál í Ed. sem stjórnarflokkurinn hefir til unnið.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég verð að leiðrétta það, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann kvað okkur jafnaðarmenn hafa boðað það, að við mundum verða á móti fjárl. Við sögðum aðeins, að við yrðum það, ef þau væru afgr. með sama sniði og þau voru lögð fram. En í stað þess að taka till. okkar jafnaðarmanna til greina, hefir enn verið skorið niður af því, sem fyrst var áætlað.

Hæstv. fjmrh. segir, að við jafnaðarmenn heimtum útgjöld, en viljum ekki viðurkenna, að tekjur þurfi til að standast þau. Þetta er vísvitandi rangt farið með. Við höfum boðizt til að sjá fyrir tekjum, sem nægja fyrir þeim útgjöldum, sem við höfum farið fram á í hvert sinn. Hið sanna er, að hæstv. ráðh. vill ekki fallast á till. okkar um tekjuauka. En með þeim niðurskurði, sem gerður er í fjárl. og sparnaðartill., fer ég að halda, að hann komist langt með fjárl., þótt hann fái ekki verðtollinn fyrir árið 1933, ef ekki fer allt í kaldakol, og geri það það, þá bjargar ekki verðtollurinn heldur.

Ég held, að ég þurfi þá ekki fleiru að svara hæstv. fjmrh. En hv. þm. G.-K., sem hljóp til liðs við hann, fullyrti, að við jafnaðarmenn hefðum hjálpað stj. 1928 með að fá samþ. verðtollinn. Ég hygg, að við höfum allir greitt atkv. gegn honum hér í Nd., en annar fulltrúi okkar í Ed. mun hafa setið hjá, enda þurftum við ekkert að hjálpa til, því íhaldsmenn greiddu víst atkv. með honum bæði hér og uppi í Ed. Ef hv. þm. G.-K. þekkir sögu sinna flokksmanna, þá veit hann, að það hefir löngum verið heitasta deiluefni flokks hans og Framsóknar, hver hafi fundið upp verðtollinn. Og stundum hefir því verið haldið fram, að Jakob Möller, nú hv. 1. þm. Reykv., hafi fundið hann. Eins og ég hefi þegar sagt, þá voru 3 atkv. greidd á móti hér, og hafa það eflaust verið atkv. okkar jafnaðarmanna. En það er rétt, að við héldum ekki uppi harðri mótstöðu þá. Við fengum lækkun á öðrum tollum og till. samþ. um, að skipuð skyldi mþn., sem átti að vinna það verk að létta tolla á nauðsynlegum vörum. Verðtollurinn var aðeins samþ. til 2 ára, og þá átti n. að hafa lokið störfum sínum. En þar fór svo, að sjálfstæðismenn og Framsókn mynduðu meiri hl. n. gegn jafnaðarmanninum í n., og ekkert af því, sem n. lagði til, er komið fram ennþá.

Ég hefi ekki athugað, hvort það er rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði um skattstigann í Danmörku. Skal ég því ekki rengja það að sinni. En dæmi hans um hlutafélögin sannar ekki neitt. Með þeirri skattalöggjöf, sem nú gildir, er níðzt á smærri félögunum, en þeim stærri hlíft. Ég hefi viljað laga þetta, en ekki fengið því framgengt.

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. hefir misskilið það, sem ég sagði. Ég tók dæmið af hlutafélögum, sem höfðu sama höfuðstól. Munurinn lá eingöngu í afleiðingum af misjöfnu árferði.

Það er rangt hjá hv. þm., er hann sagði,

að jafnaðarmenn hér í d. hefðu staðið á móti verðtollinum 1928. Er ekki nema sanngjarnt, að ég minni hann á það, sem skrifað stendur í nál. um verðtollinn 1928, á þskj. 596 frá því ári, og segi ég þá eins og karlinn: „Bókstafurinn blífur". Þetta nál. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsnefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ástæða til þess, að nefndin fellst á frv., er halli sá, sem orðinn er á fjárlagafrv., sem litlar líkur eru til, að dregið verði úr að mun í meðferð þingsins á fjárl. Þar sem skoðanir nm. á skattamálum að öðru leyti eru mjög mismunandi, þó þessi sameiginlega niðurstaða hafi fengizt í þessu máli, hefir þótt rétt að láta frekari rökstuðning fyrir niðurstöðunni koma fram í umr. um málið".

Undir þetta skrifar ásamt öðrum fjhnm. núv. hv. 3. þm. Reykv. (HV). Eins og nál. ber með sér, kveðst hann ætla að færa frekari rökstuðning fyrir niðurstöðunni við umr. um málið í deildinni. Svo sem sjá má í Alþt., sagði hann ekki eitt einasta orð við þær umr. Rökstuðningurinn hefir því beðið í 4 ár, þ. e. a. s. þar til nú, að flokksbróðir hans, hv. þm. Seyðf., ber hann fram hér í deildinni, og hljóðar, eins og menn hafa heyrt, á þá leið, að 3. þm. Reykv. er í nál. samþ. málinu, lofar rökstuðningi við umr., þegir, en greiðir atkv. **gegn** málinu.

Slík flokksleyndarmál held ég, að sósialistar ættu að varðveita með sjálfum sér, ekki aðeins í 4 ár, heldur um tíma og eilífð.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Mér finnst rétt að láta þessu máli sem fyrst lokið. Þó vil ég benda hv. þm. Seyðf. á það, að þegar rætt er um beina skatta, tekju- og eignarskatt, þá verður að taka útsvörin þar með, og verður þá útkoman önnur en hv. þm. vill vera láta. Hitt er rétt, að hv. þm. Alþýðufl. benda oft á skattauka, en þeir eru þannig lagaðir, að þeim myndu ekki koma ríkissjóði að miklu gagni. Það þýðir lítið á slíkum tímum, sem nú eru, að tala um að skattleggja hátekjur, þegar enginn atvinnuvegur ber sig, hvað þá að þeir gefi nettótekjur. Það mætti þá eins segja, að stj. eigi að láta gera allt, sem gera þarf, fyrir enga peninga.

Um fullyrðingar hv. þm. G.-K. út af afstöðu hans flokks til skattamálanna er það að segja, að þetta væri allt gott og blessað, ef skattamál ríkisins væru sérmál stj. og Framsóknarfl. En af því að það vill nú svo til, að þetta er ekki sérmál eins flokks, að það getur orðið til óþæginda fyrir fleiri en stj. og hennar flokk, ef fjármálin eru ekki leyst á viðunandi hátt fyrir ríkið, þá virðast hv. stjórnarandstæðingar hugsa líkt og maðurinn, sem vildi láta stinga úr sér annað augað til þess að bæði yrðu stungin úr óvini hans. Í þessu tilfelli mundi „óvinurinn" þó ekki missa nema annað augað heldur, þó þeir geri sér vonir um, að hann missi bæði. Þessi hefnd, sem koma á niður á Framsóknarfl., mundi hitta alla landsmenn jafnt, þá, sem vilja beita henni, ekki síður en aðra.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. vill enn halda fram, að við jafnaðarmenn bendum ekki á neinn tekjuauka, sem ríkissjóði gæti að gagni komið. En hæstv. fjmrh. hefir þó sjálfur áætlað tekju- og eignarskatt 850 þús. kr. Sjálfur viðurkennir hann því, að til séu allmiklar nettótekjur, sem hægt er að heimta skatt af. Og ég hefi nú sýnt og sannað, að í Englandi geta þessir skattar orðið næstum því þrefalt hærri en þeir eru hér. Hæstv. fjmrh. benti á, að hér væru útsvör, en í Englandi eru líka skattar, sem svara til þeirra. Ég vænti, að þetta sýni hæstv. fjmrh., að það hefir ekki við nein rök að styðjast, að engir peningar séu til, sem hægt er að ná með auknum beinum sköttum.

Að því er snertir dæmi hv. þm. G.-K. um skattgreiðslur hlutafélaga er það að segja, að samanburðurinn við Danmörku verður allt annar, ef miðað er við stór hlutafélög með mikið hlutafé, heldur en ef miðað er við lítil félög með lítið hlutafé.

Ólafur Thors: Ég er nú búinn að gera svo glögga grein fyrir því dæmi, sem ég tók um skattgreiðslur hlutafélaga, að ég held, að hv. þm. hljóti allir að hafa skilið það.

Út frá því, sem hæstv. fjmrh. var að segja um það, að skattamálin væru ekki sérmál Framsóknarfl. og um hefnd, sem beita ætti og koma mundi niður á kjósendunum, verð ég að segja það, að hér er enginn að hugsa um að hefna sín. Hér er verið að hugsa um að knýja fram réttlætiskröfu, sem meiri hl. þjóðarinnar stendur á bak við. Við skiljum það fyllilega, hvað það er mikilsvert, að fjármál ríkisins séu forsvaranlega afgr. Og til þess að það geti þegar orðið, eftir því sem föng eru á, þarf Framsóknarfl. ekki annað en láta undan kröfu meiri hl. þjóðarinnar, sem ómótmælanlega er réttlætiskrafa. Hér er því ekki um neina hefnd að ræða. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. skilji það manna bezt í sínum flokki, hvað það er nauðsynlegt fyrir þjóðina, að samkomulag náist um fjármálin, og þess vegna vænti ég, að hann beiti sínu valdi í flokknum þannig, að hann láti það ekki á milli standa að samþ. full mannréttindi kjósendum landsins til handa.

Það er ekki hægt að deila um það í þessu máli, hver ábyrgðina ber. Það er eins augljóst, að stjórnarflokkurinn ber ábyrgð á því, ef ekki næst samkomulag um fjármálin, eins og það er augljóst, að sá, sem sækja þarf rétt sinn í hendur þess, sem heldur honum með óbilgirni, ber ekki ábyrgð á afleiðingum baráttunnar. Fjárveitingavaldið er það einasta vopn, sem minni hl. þingsins, sem þó fer með umboð meiri hl. þjóðarinnar, getur á þingræðislegan hátt beitt til þess að koma þessu sjálfsagða réttlætismáli fram sem fyrst, og tel ég það skyldu okkar að beita því.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er helzt að skilja á sumum hv. þm., að ekki sé til nema eitt réttlætismál, og aldrei hafi komið til mála nema í þetta eina skipti að sýna réttlæti. Nú vil ég meina, að flest mál, sem barizt hefir verið fyrir og fram hafa gengið hér á Alþ., séu réttlætismál. Hitt vil ég líka meina, að slík mál eigi að lifa á þeim rökum, sem búa í þeim sjálfum. Og hafi demokratisk stj. nokkra kosti, þá er það fyrst og fremst þetta, að ef mál eru fram borin af knýjandi réttlætisþörf og sótt fast á eftir ár frá ári, þá sigra þau alltaf að lokum. Slíka trú á sínum málstað vil ég heimta af hv. sjálfstæðis- og jafnaðarmönnum eins og hverjum öðrum, sem berjast vilja fyrir réttlætismálum. Ef þeir hinsvegar segja: „Ef þið viljið ekki vera okkur sammála þarna, þar, sem okkur ber e. t. v. á milli, þá skulum við ekki heldur vera ykkur sammála um hitt, sem við þó erum í raun og veru sammála ykkur um", þá er öll samvinna komin út í veður og vind. Ég vil gera þá kröfu til hv. stjórnarandstæðinga, að þeir sætti sig við að vera okkur sammála í þeim málum, sem þeir eru í raun og veru sammála okkur um, þó annarsstaðar kunni eitthvað að bera á milli.

Hvað snertir skattamálin, þá er Alþ. þannig skipað þrátt fyrir alla galla, sem á kosningafyrirkomulagi og kjördæmaskipun kunna að vera, að enga skattalöggjöf er hægt að setja nema hún hafi meiri hl. þjóðarinnar að baki sér. Það er því ekki hægt að óttast, að fulltrúar minni hl. þjóðarinnar leggi álögur á meiri hl. án hans vilja; hvort sem samvinna yrði milli framsóknarmanna og jafnaðarmanna eða milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, þá hafa ráðstafanir þeirra meiri hl. þjóðarinnar að baki sér.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. fjmrh. var að tala um demokratiska stj. Mér er ekki kunnugt um, að stj. geti talizt demokratisk nema því aðeins, að hún sé byggð á þingræði og almennu lýðræði. En það er einmitt það, sem hv. stjórnarflokkur er að reyna að koma í veg fyrir, að stjórnarfyrirkomulagið hér verði byggt á þessum grundvelli í framtíðinni.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. þm. hefir misskilið mig. Ég átti við, að sú demokratiska stj., sem nú er í landinu, er sú löglega stj. samkv. gildandi lögum og stjskr. Það er svo í hverju landi, sem demokratiskt stjórnarfar hefir, að til þess að breyta stjórnskipulaginu þarf annaðhvort að breyta lögum eða stjskr. Fyrr en sú breyt. er komin á er ekki hægt að segja, að neinir aðrir hafi lagalegan eða eðlilegan rétt til að taka sæti í stjórninni. **(MG:** Jú, eðlilegan). Þetta verða allir að sætta sig við. Við bú-

um ekki við skipulag hér, sem nýlega hefir verið fundið upp af framsóknarstj. eða öðrum vondum mönnum, heldur hefir verið unað við það í langa tíð. Og það verða þeir að sætta sig við, sem sækja sín mál, að þurfa til þess laga- og stjórnarskrárbreyt.

Germönsku þjóðunum hefir yfirleitt tekizt að leysa sín vandamál á parlamentariskan hátt, og það vona ég, að okkur takist alltaf.

Jón Auðunn Jónsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að öll réttlætismál ættu langt í í land. Það má vel vera, að svo sé og hafi verið. En þetta mál er ekki í fyrsta skipti nú á dagskrá þjóðarinnar. Það er a. m. k. hálfrar aldar gamalt. Eins og hæstv. fjmrh. benti á, þá er hin mesta nauðsyn á, að þjóðin öll fái aðstöðu til að ráða málum sínum og beita áhrifum sínum á Alþ. En meðan þriðjungur þjóðarinnar getur skapað meiri hl. allan rétt, bæði í fjármálum og stjórnarfarslega, þá er eitthvað annað en svo sé. Það er vitanlega vegna þráa, að mál þetta fær ekki framgang. Það er sami þráinn og Estrup beitti á sínum tíma í Danmörku. Estrup sagði það sama og hæstv. fjmrh., að það þyrfti að breyta lögunum. Það mætti bara ekki gera það fyrr en eftir áratugi. En það er einmitt það, sem við sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn förum fram á, að breyta lögunum nú. Ef þau mál fást ekki fram, sem mikill meiri hl. þjóðarinnar er fylgjandi, þá er oft gripið til örþrifaráða. Það er vonandi, að til slíks komi ekki hér; en ef svo færi, þá er engan að saka nema stjórnarflokkinn. Við sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn óskum að breyta lögunum og óskum þess, að stjórnarflokkurinn fái meiri hl. þjóðarinnar rétt sinn. Annað er gerræði.

Ólafur Thors: Hæstv. fjmrh. benti á, að öll góð mál leiti sér styrks í því sannleiksgildi, sem í þeim felst, og sigurvonirnar liggi í því. En þetta nægir ekki hér. Ég vil benda á, að við síðustu kosningar krafðist mikill meiri hl. þjóðarinnar þess, að þetta mál hefðist fram. En málið er í sjálfheldu vegna ranglátrar kjördæmaskipunar. Hæstv. ráðh. veit, að Framsókn hefir 23 þm., en aðeins 35% þjóðarinnar bak við sig. Ef Alþýðufl. og Sjálfstæðisfl. nytu jafnréttis, þá ættu þeir að hafa samtals 42 þm., en hafa 19. Ég veit, að hæstv. fjmrh. æskir ekki, að þetta óréttlæti ríki áfram, og því vænti ég þess, að hann beiti áhrifum sínum á sinn flokk í þjónustu réttlætismálsins.

ATKVGR.

Brtt. 467,1 felld með 14:5 atkv.
— 467,2 felld með 12:5 atkv.
— 467,3 felld með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, HG, HV.

nei: JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JörB.

Fimm þm. (SvbH, VJ, BJ, BÁ, EA) fjarstaddir.

Brtt. 480 felld með 15:3 atkv.
— 486,5. tölul. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 486,6. tölul. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, JörB.

nei: HG, HV.

Fimm þm. (SvbH, VJ, BJ, BÁ, EA) fjarstaddir.

Brtt. 486,7. tölul. samþ. með 16:2 atkv.
— 499 samþ. með 15:6 atkv.
— 487, svo breytt, samþ. með 15:7 atkv.
— 467,4 felld með 14:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 500).

Á 59. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Baldvinsson: Það er fjvn. Nd., sem á heiðurinn af því að koma þessu frv. af stað. Frv. þetta, sem í fyrstu var nokkru styttra, flutti fjvn. Nd. óskipt, og nú hefir hún orðið sömuleiðis sammála um að flytja vatill. við frv., og loks flytur hv. 2. þm. Skagf. vatill. við það. Þetta frv. sýnist því muni eiga sterkan stuðning stóru flokkanna í þinginu, og því er líklegt, að ekki þýði mikið að mæla á móti því. Það

má segja það um hv. sjálfstæðismenn, sem að þessu hafa ekki látizt ætla að samþ. neinn tekjuauka fyrir stj. fyrr en séð væri fyrir um góð úrslit stjórnarskrármálsins, að nú séu þeir búnir að finna upp nýja leið til þess að hjálpa stj., nefnilega þá, að reyta fé af ýmsum ríkisstofnunum og framkvæmdum í ríkissjóðinn jafnhliða því, sem þeir hafa nú leyft verðtollsfrv. til 2. umr.

Mér skilst eftir lauslegri áætlun, sem ég hefi gert, að tekjur samkv. þessu frv. muni sennilega nema um 600 þús. kr., eða nákvæmlega reiknað um 584 þús. kr., miðað við áætlun yfirstandandi árs, en auðvitað geta þessar tekjur orðið meiri, en sennilega varla minni. Þetta var þá skýið, sem hæstv. fjmrh. var að boða nýlega, að mundi ganga yfir; það er þá komið hingað.

Mér hefir skilizt á hv. 1. landsk., að flokksmenn hans í Nd. mundu að svo stöddu ekkert tekjuaukafrv. samþ. fyrir hæstv. stj., en raunin er nú eitthvað önnur, að ég nú ekki tali um hv. framsóknarmenn, sem með þessu frv. fella niður flestöll þau áhugamál, sem þeir hafa átt og barizt fyrir árum saman, eða a. m. k. einstakir menn í þeim flokki. Ég get sagt eitthvað svipað um þetta frv. eins og sagt var í hv. Nd., að með því sé stj. að lóga síhum eigin afkvæmum. Það er nú hart í ári, enda hefir Framsókn nú fundið sig knúða til þess, í samráði við Sjálfstæðisflokkinn, að bera út sín eigin börn. Ég skil, að það er ein meiriháttar jarðarför, sem hér á að fara fram í dag, eða þegar þetta frv. verður samþ., en ég ætla að lýsa því yfir strax, að ég greiði atkv. á móti frv. Ég ætla ekki að gerast líkmaður við þessa jarðarför. Það er nú ekki annað að verða eftir fyrir framsóknarstj. til þess að eyðileggja allar þær framfarir undanfarinna ára, sem hún hefir beitt sér fyrir, en að gera Reykholtsskólann aftur að fjósi, loka Laugarvatnsskólanum og afhenda Jóa V. aftur letigarðinn; þá er hún næstum því búin að strika út allar framkvæmdir sínar á undanförnum árum, svo að ég veit varla, hvort nokkuð er eftir. Að vísu hefir þessi niðurskurðarstefna einna minnst komið niður á hæstv. forsrh., því að Búnaðarbankinn stendur enn.

Þó hv. framsóknarmenn séu nú á góðum vegi með að eyðileggja sín fyrri verk, þá er það engum vafa bundið, að það er erfitt fyrir þá að kingja því, sem þeir hafa áður sagt og barizt fyrir. Það er í sjálfu sér ekki eins erfitt fyrir hv. sjálfstæðismenn að taka þátt í niðurskurðinum, því mörgum þessum málum hafa þeir áður verið á móti, en þó verður þessi framkoma þeirra gagnstæð þeirra fyrri yfirlýsingum um það að neita stj. um nýja tekjuauka. En hér á eftir öllum sólarmerkjum að dæma að finna nýja leið til þess að jafna ágreininginn milli hinna stóru flokka og hjálpa stj. til þess að sitja, þó ekki sé sérlega skemmtilegt fyrir hana að taka við þessu frv.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka liði frv.; ég get þó minnt á það, að ekki eru liðnir nema nokkrir mán. síðan sum þau lög voru samþ., sem hér á nú að nema úr gildi. Það var víst í ágúst síðastl. sumar, sem það var ákveðið með lögum, að ágóði af tóbakseinkasölunni skyldi renna til byggingar verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. Að nú eru felldar niður greiðslur til þessara stofnana og féð látið renna í ríkissjóð, þýðir vitanlega ekki annað en það, að nú á að minnka þessar framkvæmdir. Framsóknarfl. er, eins og áður er tekið fram, að ganga frá flestum sínum áhugamálum, sem hann hefir barizt fyrir undanfarin ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að draga það að greiða atkv. móti þessu frv. og mun því gera það þegar við þessa umr.; svo mjög fer það í bága við samþykktir undanfarinna þinga og þá samninga, sem gerðir voru á síðasta þingi milli Alþýðufl. og Framsóknarfl. um skiptingu arðsins af tóbakseinkasölunni. Ég sé því enga ástæðu til þess að vilja halda lífi í frv.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Út af ræðu hv. 2. landsk. skal ég lýsa því yfir, að að því leyti sem forlög þessa frv. eru komin undir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þess, þá verður látið sitja við úrslit málsins hér í þessari hv. d.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hefi nú raunar litlu að svara hv. 2. landsk. Það mátti búast við þessum lestri hjá honum, og það eru því engin sér-

stök vonbrigði fyrir mig, þó að hann greiði atkv. móti frv., eins og mörgum öðrum málum á þessu þingi, sem til sparnaðar horfa eða lagfæringar á búskap ríkissjóðs. Hv. þm. hefir yfirleitt ekki það sjónarmið, að það sé við því að búast, að hann taki þátt í ráðstöfunum í þá átt að sníða sér stakk eftir tímunum. Slíkt starf verður því að hvíla á öðrum. Það er að vísu mjög leitt að þurfa að fella niður framlög til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs, en hv. þm. átti þess kost nú fyrir skömmu að hindra það, að allt tillagið væri klipið af þessum framkvæmdum, en hann neytti ekki þess tækifæris. Hann er nú að sjá framan í afleiðingarnar af því, að hann gerði sitt til þess að fella verðtoll af tóbaki. Hann má því sjálfum sér um kenna.

Á þessum tímum verður ekki hjá því komizt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs svo sem auðið er. Það blandast engum hugur um, að það er viðkvæmt að þurfa að skera niður ýms útgjöld, sem mikinn rétt eiga á sér, og það væri betra að þurfa þess ekki, en þess er bara enginn kostur að komast hjá því. Svo að að því leyti sem ekki er hægt að fá jöfnuð á fjárl. með niðurskurði, þá verður að fara þá leið að fá samþ. nýjar tekjur, beinar eða óbeinar. Ég býst við því, að þessu frv. verði hér vel tekið eins og í hv. Nd. og vænti þess, að samkomulag í öðru óskyldu máli verði ekki látið hafa áhrif á úrslit þessa nauðsynjamáls Það er mesti misskilningur hjá hv. 2. landsk., að það sé gert fyrir stj. að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna, heldur er það hagur ríkisins sjálfs, hagur þjóðarinnar. Þó hv. 2. landsk. virðist ekki skilja þetta, þá er það nú samt rétt, að það er þjóðin, sem hér á í hlut, en ekki stj.

Þegar grípa þarf til slíkra ráðstafana, sem gert er með þessu frv., þá er það ekki nema eðlilegt, að frekar verði ráðizt í að draga úr þeirri starfsemi, sem er ný og er að byrja, heldur en þeirri, sem komin er á meiri rekspöl, að frekar verði skorið niður það nýja heldur en það gamla, enda er sú reynslan í öðrum löndum. Ég skal fúslega viðurkenna það, að sum þau atriði, sem niðurskurðarstefnan bitnar á, eru mál, sem Framsókn hefir barizt fyrir á undanförnum árum, en hún sá sér ekki fært annað en að slaka til í bili, en það er von okkar, að lög þessi þurfi ekki að gilda lengur en til loka næsta árs. Þó ekki sé með öllu sársaukalaust að samþ. þetta frv., þá vil ég þakka hv. fjvn. Nd. fyrir það og óska, að það fái jafngóðar viðtökur hér í hv. d. og það fekk í hv. Nd.

Einar Árnason: Hv. 1. landsk. lýsti því yfir f. h. síns flokks, að afdrif þessa frv. yrðu ákveðin með afstöðu sjálfstæðismanna til frv. hér í hv. d. (**JónÞ:** Já, að því leyti, sem afdrif frv. eru á valdi Sjálfstæðisflokksins). Mér skilst, að ef þetta er ákveðið, þá sé þýðingarlítið að ætla að gera brtt. við frv., ef hv. 1. landsk. er á móti þeim. Hinsvegar finnst mér þó ólíklegt, að frv. sé svo fullkomið, að ekki kunni að vera hægt að breyta því til bóta, en það getur verið þýðingarlítið, ef frv. á ekki að fara aftur til Nd. Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu hjá hv. 1. landsk.

Jón Baldvinsson: Ég verð að segja það, að ég er litlu nær fyrir þessa diplomatisku yfirlýsingu hv. 1. landsk. Hann sagði, að örlög þessa frv. yrðu ákveðin hér í hv. Ed. af Sjálfstæðisflokknum, að því leyti, sem hann gæti um þau ráðið, en hann sagði ekkert um, hvort flokkur hans ætlar að láta málið ganga áfram eða ekki. Mér finnst ég geta dregið þá ályktun út úr þessum orðum í sambandi við það, sem áður hefir fram komið, og að flokkur hv. 1. landsk. stendur í hv. Nd. að miklu leyti óskiptur bak við frv., að það sé ætlun Sjálfstæðisflokksins að fylgja frv. fram. Annars voru þessi orð hv. 1. landsk. dálítið dularfull. En þó hann segi ekki beinlínis, að flokkur hans ætli að fylgja þessu máli fram, þá get ég ekki dregið aðra ályktun af orðum hans.

Um orð hæstv. fjmrh. þarf ég ekki að ræða, nema hvað hann sagði, að ég mætti sjálfum mér um kenna, að þetta frv. væri fram komið, því hann hefði boðið upp á samkomulag um að taka tóbakstekjurnar ekki nema að nokkru leyti af byggingar- og landnámssjóði og verkamannabústöðunum. Þetta er svipað eins og með einn framsóknarmann, sem spurði frambjóðanda, sem í kjöri var við Alþingis-

kosningar, hvort hann gæti ekki svikið hina dálítið. Framsókn ætlaði fyrst að svíkja „dálítið“ í þessu máli. En mér fannst bara engin ástæða til þess að ganga inn á, að hún sviki neitt þau loforð, sem hún gaf í fyrra um, hvernig tóbakstekjunum skyldi varið. Mér fannst engin ástæða að láta skipast við þær hótanir, að ef ekki fengist að svíkja dálítið, þá yrði allt svikið. Annars virðist hæstv. fjmrh. ekki í neinum vafa um það, að þetta frv. gangi fram, eftir því fylgi, sem það hafði í hv. Nd., og styrkir það mig enn í þeirri skoðun, að hann hafi einhverja vissu þar um. Að þetta eigi aðeins að gera til bráðabirgða og að það eigi ekki að gilda nema til loka næsta árs, má hver trúa sem vill, en því trúa naumast þeir, sem kunnugir eru, hvernig farið er með slíka hluti hér á Alþingi. Þegar einu sinni hefir verið búið að koma í gegn tekjuauka eða ákveða, að einhverjar tekjur skuli renna beint í ríkissjóð, þá hefir reynzt erfitt að ná þeim þaðan aftur. Ég held, að ég hafi bent á það áður á þessu þingi, hvað oft hafa verið sett lög um tekjuauka handa ríkissjóði til bráðabirgða, lög, sem ekki hafa átt að gilda nema eitt fjárhagstímabil eða svo, en svo hafa gilt eða verið framlengd ár eftir ár. Það er því ekkert að marka þessar yfirlýsingar um það, að þetta eigi ekki að gilda nema eitt ár. Þegar árið er liðið, koma sömu mennirnir og segja, að ríkissjóður megi ekki missa þessar tekjur og það sé því ekki hægt að taka þær af honum, þótt það sé mjög leiðinlegt o. s. frv.

Ég veit ekki, hvað hv. 2. þm. Eyf. hefir átt við, þegar hann var að bendla mig við það, að ég mundi „vitanlega“ verða sammála hv. sjálfstæðismönnum um þetta mál. Mér finnst þvert á móti allt benda til, að ég verði þar á öndverðum meiði við þá. Ég hefi ætlað mér að greiða atkv. móti frv. bæði við þessa umr. og þær seinni. Það er engin tilsvarandi yfirlýsing komin fram frá hv. sjálfstæðismönnum í þessu máli, heldur liggur fyrir yfirlýsing frá þeim, sem frekar gefur annað til kynna.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég vil ekki láta ómótmælt þeirri skoðun hæstv. fjmrh., sem hann orðaði svo, að samkomulag um önnur mál ætti ekki að þurfa að hafa áhrif á úrslit þessa máls. Ég skildi þetta svo, að hann ætlaðist til þess, að við sjálfstæðismenn gætum tekið afstöðu til þessa máls án tillits til þess, hvort samkomulag næst um stjórnarskrármálið eða ekki. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. Hann má ekki vænta þess, að Framsóknarfl. geti fengið að skjóta því máli, sem fyrst og fremst á að leysa, aftur fyrir önnur mál.

Ég skildi ekki hugsanagang hv. 2. þm. Eyf. Hann fékk það út úr orðum mínum, að tilgangslítið mundi vera að bera fram brtt. við þetta frv. hér í hv. d., því við mundum vilja hafa það óbreytt eða þá fella það. Um þetta hafði ég ekkert sagt. Ég fór yfirleitt ekki inn á efni frv. En úr því hv. 2. þm. Eyf. hefir gefið mér þetta tilefni til þess, get ég sagt það, að ef á að líta á þetta mál frá málefnisins sjónarmiði án þess að blanda afstöðu til annara mála þar inn í, þá sýnist mér frv. vera mjög ósamstætt að efni til. Þarna er hrúgað saman í eina grein frestun á gildi lagaákvæða og lagagreina úr 8 mismunandi lögum. Þegar ég fer yfir þennan lista, sýnist mér vera misjafnlega á komið um margt af því, sem þar stendur, og þegar ég fer út fyrir listann, finnst mér þar vera margt, sem ætti engu síður heima á slíkum lista en það, sem þar er.

Ég er nú farinn að skoða það sem meinlaust hjal hjá hv. 2. landsk., sem hann er með vegna einhverra annara en þeirra, sem eru hér í hv. d., þegar hann er að lýsa yfir því, að hann skilji eitt og annað svo, að sjálfsstæðismenn ætli að slaka til við hæstv. stj. með þetta og þetta. Það er alveg óþarft fyrir hann að vera með slíkan ugg. Við munum sýna það með atkv. okkar hvenær sem þörf krefur, að ef allar vonir um samkomulag um viðunandi lausn á stjórnarskrármálinu ætla að bregðast, þá mun mótast af því afstaða okkar til annara mála. Ég vil ekki gera hv. 2. landsk. upp neinar slíkar getsakir, sem hann gerir okkur, heldur vænta þess, að hann veiti réttlætismálinu sama fylgi og við, það fylgi, að hann láti atkv. sitt í vissum málum öðrum ekki eingöngu stjórnast af afstöðu hans flokks til þeirra sjálfra, heldur hliðri þar til til þess að styðja þá kröfu, að stjórnarskrármálið

fái viðunandi lausn á þeim grundvelli, sem við höfum sameiginlega ákveðið.

Jón Baldvinsson: Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. landsk. Það er einmitt framkoma sjálfstæðismanna síðustu dagana, sem komið hefir í mig nokkrum ugg um það, að þeir ætli ekki að halda eins fast við það og sumir þeirra hafa sagt að tengja ýms mál, sem gert geta hæstv. stj. mögulegt að sitja áfram og stjórna landinu, við úrslit stjórnarskrármálsins. Því starf þeirra nú upp á síðkastið, a. m. k. í hv. fjvn. Nd., lýtur mest að því að útvega hæstv. stj. fé, og það ekki svo lítið. Og margt af því er einmitt gert af fjandskap við Alþýðufl. Það er því ekki að undra, að við látum í ljós nokkurn ugg um það, að þeir séu ekki heilir í kjördæmamálinu, sérstaklega þegar ekki fást hreinar yfirlýsingar um þeirra afstöðu. Þegar hv. sjálfstæðismenn í Nd. hrúga upp till. um að létta undir með hæstv. stj. og þegar hv. 1. landsk., sem ég hefi ekki ástæðu til að væna sjálfan um, að hann bregðist í þessu efni, ber fram jafnloðnar yfirlýsingar f. h. síns flokks og hann gerði hér áðan þá er ekki ástæðulaust, þó uggur komi í okkur jafnaðarmenn um það, hvað Sjálfstæðisfl. ætlast fyrir í kjördæmamálinu.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. virðist mjög áhugasamur um, að sem flestir svíki hann og hans flokk. Hann ber svik upp á Framsóknarfl. í sambandi við tóbakseinkasölutekjurnar, og honum virðist líka áhugamál, að Sjálfstæðisfl. svíki í einhverju öðru máli. Mér er ekki kunnugt um þá samninga, en ég hygg, að það sé frekar um fögnuð að ræða hjá hv. þm. heldur en um nokkurn ótta við svikin. En um tóbakseinkasöluna er mér ekki kunnugt, að Framsóknarfl. hafi í einu né neinu samið á þann hátt við Alþýðufl., að hægt sé að tala um brigðmælgi, þó tekjurnar af tóbakseinkasölunni séu látnar renna beint í ríkissjóðinn í hálft annað ár. Hvað sem líður samkomulagi frá síðasta þingi, þá hefir aldrei verið samið um að taka ákvörðunarvald af seinni þingum um þetta efni; um slíkt er yfirleitt ekki samið. Breyttar ástæður valda því, að ríkissjóður má ekki við því að missa þær tekjur, sem hér er um að ræða, eins og nú stendur. En vonin um það, að svo verði ekki lengi, kemur skýrt fram í frv., svo að að því leyti er ekki fallið frá þeim leiðum, sem fallizt var á á síðasta þingi. En allt þetta tal hv. 2. landsk. um svik hinna flokkanna beggja er ósköp skiljanlegt, þegar maður lítur á það mark, sem þessi hv. þm. og hans flokkur stefnir að á þessu þingi, sem hann orðar þannig, að það eigi að gera stj. ómögulegt að stjórna landinu. (**JBald:** Nema hún gangi inn á stjórnarskrárbreyt.). Það telur hann víst þá stærstu nauðsyn, sem nú kallar að, og með það fyrir augum er afstaða hans heppileg.

Einar Árnason: Mér þótti gott að heyra það frá hv. 1. landsk., að hann hefir í rauninni ekki meint neitt með þeirri yfirlýsingu, sem hann gerði hér á fundinum, þar sem hann hefir nú tekið það fram, að hann hafi ekkert um það sagt, hvort hann og hans flokkur hér í hv. d. mundi geta fylgt brtt. við þetta frv. eða ekki, ef þær kæmu fram. Þetta var það og annað ekki, sem ég vildi fá að vita um, og mér þykir gott að heyra, að það er ekki útilokað, að brtt., sem fram kunna að koma, geti fengið fylgi hv. sjálfstæðismanna. En ef sú yrði niðurstaðan, þá skilst mér, að það geti farið svo, að þessi hv. d. hafi ekki í sínum höndum að ákveða endanlega örlög þessa frv.

Sem sagt, ég er vel ánægður með það, sem fram kom í síðara svari hv. 1. landsk., og tel út frá því líklegt, að samstarf geti orðið um þetta mál.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Eyf. hefir ekki minnstu stoð fyrir þeim ummælum sínum, að ég hafi ekki meint neitt með yfirlýsingu minni. Hún vék ekki að neinu leyti að væntanlegum brtt. við frv., heldur átti hún einungis við meðferð málsins í heild og afstöðu okkar til þess. Og þó ég hafi ekki gefið neina yfirlýsingu viðvíkjandi brtt., sem ég hefi ekki séð og ekki eru fram komnar, þá hefir hv. þm. engan rétt til þess að segja, að ég hafi ekkert meint með þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf. Ég meinti það, sem ég sagði, að Sjálfstæðisfl. hefir ekki

tekið aðra afstöðu til þessa máls en þá, sem fram mun koma við atkvgr. um það hér í hv. d., og sú afstaða er háð meðferð á öðru máli í þinginu. Um afstöðu okkar til brtt. gildir það sama og um afstöðu okkar til frv. í heild og þeirra einstöku atriða, sem í því eru nú, sem eru, eins og ég sagði áðan, ákaflega ósamstæð.

Jón Baldvinsson: Ég hélt, að hæstv. fjmrh., svo skýr maður sem hann er, hefði nokkrum sinnum heyrt það hér í hv. d., að það er meiningin að nota þá aðstöðu, sem andstöðuflokkar hæstv. stj. hafa hér í d., til þess að knýja fram réttláta breyt. á stjórnarskránni. Og meðalið til þess er m. a. að neita hæstv. stj. um alla tekjuauka og jafnvel um framlengingu á þeim sköttum, sem hún hefir haft; með því á einmitt að knýja hana til þess að ganga inn á viðunandi samkomulag um stjórnarskrármálið. Annað né meira var það ekki, sem ég átti við áðan, þegar ég talaði um, að gera ætti stj. ómögulegt að stjórna landinu. Þetta hefir hæstv. ráðh. heyrt mörgum sinnum áður hér í hv. d. Og krafan, sem fram á að knýja, hefir við svo mikil rök að styðjast, að á bak við hana standa 65% af öllum kjósendum landsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁrna, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, BSn, GÓ.

nei: JBald.

Frv. vísað til fjvn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 2. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Frv. þetta fer fram á bráðabirgðabreyt. á nokkrum lögum, sem fjalla ýmist um fjárgreiðslur úr ríkissjóði eða tekjur handa sérstökum stofnunum. Að formi til eru þessir liðir allir taldir í einni gr., en við atkvgr. í Nd. var hver liður borinn upp sérstaklega, með því að svo var litið á með réttu, að liðir þessir væru að efnishlið óskildir, þótt heildartilgangur frv. sé að auka tekjur ríkissjóðs. Hér eru einkum tveir liðir, sem ég hefði óskað breyt. á. Það er 3. liður, um að tekjur af tóbakseinkasölunni renni í ríkissjóð næstu tvö ár. Þessar tekjur eru nú ánafnaðar verkamannabústöðunum og byggingar- og landnámssjóði. Þessar stofnanir njóta að vísu annara framlaga, en þó hefði ég viljað fá samkomulag um, að eitthvað af þessum tekjum gæti gengið til verkamannabústaðanna framvegis. Hvað byggingar- og landnámssjóð snertir tel ég ákvæði frv. ekki athugavert, þar sem hann fær 200 þús. kr. eftir öðrum lögum og engar till. hafa komið fram um, að því verði breytt. Ég hefði því viljað óska fundarhlés nú, svo að tími ynnist til að bera sig saman um að breyta þessum lið í hóflegra horf gagnvart verkamannabústöðunum, eða þá að liðurinn verði felldur út, svo að hægt væri að ná samkomulagi um breyt. við 3. umr.

Sama er að segja um 8. liðinn, sem er um það, að helmingur af tekjum Menningarsjóðs renni í ríkissjóð í tvö ár. Ég er ekki ánægður með það, hvernig þetta ákvæði er orðað, þótt ég viðurkenni, að ekki sé ástæða til, að Menningarsjóður fái fé fram yfir brýnar þarfir á þessum erfiðu tímum. En ég tel þó ekki rétt að höggva tekjur þessar í tvennt, þar sem þær eru svo óvissar. Ætti að vera hægt að afla sér upplýsinga um það, hve miklu Menningarsjóður þarf nauðsynlega á að halda, en ríkissjóður fái það, sem fram yfir er. Hitt myndi gera þeim, sem hafa úthlutun fjárins á hendi, mjög erfitt fyrir. Hinu er ég ekki að amast við, að upphæðir þessar verði takmarkaðar. Ég vildi því fá fundarhlé, eða þá að þessir liðir verði nú teknir út, og skal þá ekki standa á mér að stuðla að því, að liðirnir komi inn aftur í því formi, sem full sanngirni krefst. Og að endingu verð ég að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri liðina upp hvern í sínu lagi, eins og gert var í Nd.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég mun ekki amast við, að fundarhlé verði veitt, en get hinsvegar ekki fall-

izt á neinar verulegar breyt. á frv., þar sem tekjuhallinn í fjárl. svarar til þessa sparnaðar.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Ég verð að afsaka f. h. fjvn., að hún kom ekki með nál. En n. leggur til, að frv. verði samþ. Þó áskilur hún sér rétt til að koma með brtt. við 3. umr. Frv. hefir í för með sér 500—600 þús. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð. Tekjuhallinn á fjárl. er nú 590 þús. kr., svo að nærri lætur, að hann jafnist, ef frv. verður samþ. Því er full þörf á, að málið nái óbreytt fram að ganga. Ég býst því ekki við, að ég geti fylgt brtt. hv. 1. landsk. Ég hefi ekkert á móti því, að fundarhlé sé veitt, en álít þó, að brtt. mættu eins bíða til 3. umr., réttast væri að samþ. frv. nú eins og það er. Ég get ekki séð, að hv. 1. landsk. gæti verið neinn óleikur gerður með því.

Forseti (GÓ): Ég mun þá taka málið af dagskrá, en taka það aftur fyrir kl. 5 í dag. Hinsvegar álít ég að ekki sé hægt að fara eins að við atkvgr. og gert var í Nd. Það er jafnan siður, að ein grein sé borin upp í heild. En ef menn vilja koma breyt. að, má auðvitað gera það, þótt gr. sé borin upp í einu.

Jón Baldvinsson: Ég sýndi fram á það við 1. umr., hve gersamlega óforsvaranlegt væri að ætla nú að kippa tekjunum af tóbakseinkasölunni af verkamannabústöðunum og byggingar- og landnámssjóði og ýmsum fleiri þörfum stofnunum. Það er mjög hætt við, að ef lög þessi verða samþ. nú, verði þau framlengd síðar, því að ríkissjóður er vanalega fastheldinn á þá tekjustofna, sem hann hefir einu sinni klófest. — 3. liður er mjög varhugavert ákvæði, sem myndi draga úr bættum húsakynnum bæði í bæjum og sveitum. Þetta ákvæði var sett inn í lögin um tóbakseinkasöluna með samkomulagi Framsóknar- og Alþýðufl., einmitt til að verjast því, að Sjálfstæðisfl. legði niður tóbakseinkasöluna síðar. Með því að verja tekjunum af henni til þarflegra fyrirtækja átti að tryggja það, að andstöðuflokkurinn myndi hika við að leggja tóbakseinkasöluna niður og svipta þar með vinsæl og gagnleg fyrirtæki lögbundnum fjárframlögum. Alþýðufl. telur það því fullkomna brigðmælgi við sig, að Framsókn skuli nú ætla að kippa þessu framlagi burt aftur.

Ég fæ ekki annað séð en að réttmætt sé og sjálfsagt að bera liðina upp hvern í sínu lagi, enda er algengt, að forsetar skipti greinum, og þá er ekki sízt ástæða til þess, þegar um er að ræða breyt. á 8 lögum í einni frvgr. Ég álít skakkt að geyma breyt. til 3. umr., því að það breytir alveg aðstöðu þm., þar sem eigi þarf nema 7 atkv. til að fella niður lið, en 8 atkv. til að setja inn breyt. Þess vegna verð ég fastlega að styðja tilmæli hv. 1. landsk. um, að hæstv. forseti beri upp töluliði 1. gr. hvern í sínu lagi. (**Jón J:** Það er ekki heimilt eftir þingsköpum). Hæstv. forseta er heimilt að gera það eftir þingsköpum. Hæstv. forseti Nd. gerði það, og ég býst við, að hv. 3. landsk. vilji ekki bera á sinn elskulega flokksbróður, að hann hafi brotið þingsköpin, enda verð ég að álíta, að hæstv. forseti Nd. hafi þarna farið að lögum og þingvenju.

Ég mun svo bíða þar til að loknu fundarhléi eða frestun málsins til að sjá, hvaða brtt. koma fram við frv. til að draga úr niðurfellingu framlagsins til verkamannabústaðanna, sem hv. 1. landsk. minntist á. Það voru nokkuð óákveðin ummæli, sem hann hafði í því sambandi; hann talaði um, að hann vildi láta eitthvert framlag haldast til þeirra, en hefir ekki nefnt neinar tölur. En ég fæ væntanlega tækifæri til að vita það í fundarhléinu, hvað um er að ræða, og get ég þá séð, áður en brtt. kemur fram, hvort ég tel hana fullnægjandi eða ekki.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Ég skal geta þess út af þessu máli, að fjvn. hefir komið saman síðan í dag og hefir orðið ásátt um að halda við sína till. að þessu sinni, að frv. gangi óbreytt til 3. umr., og hefir þá hugsað sér, af því að í ráði er að komi ný stj., að bera sig saman við hana milli 2. og 3. umr., hvernig skuli snúast í þessu

máli. Eins og ég benti á í dag, eru fjárl. með allmiklum tekjuhalla, og mun því ekki veita af þeim sparnaði, sem þetta frv. veitir. Að sjálfsögðu mun þetta tekið til nýrrar athugunar milli 2. og 3. umr., bæði 2. liður, sem hv. 1. landsk. minntist á í dag, og sömuleiðis annað, sem athugavert er.

Jón Baldvinsson: Ég vil byrja með því að spyrja hæstv. forseta, hvort hann ætli að fara eftir tilmælum dm. og bera 1. gr. upp á sama hátt og forseti Nd., að bera upp lið fyrir lið, en gr. er í 8 liðum. Þetta hefir þá þýðingu fyrir mig, að ég mundi þá snúast öðruvísi við þessu máli og bera fram till., ef ég vissi um úrskurð forseta og hann félli þannig, að þess þyrfti með. Ég vil því biðja um yfirlýsingu hæstv. forseta.

Forseti (GÓ): Ég hefi áður sagt, að ekki væri fært að bera gr. upp nema í einu lagi. Ég held, að það megi laga þetta á annan hátt og ná sama árangri.

Jón Baldvinsson: Það eru fullkomlega rétt þingsköp að bera till. upp eins og forseti Nd. gerði. Það brýtur ekki í bága við þingsköp, en forseti hefir mikið vald og verður að beita því liðlega. (**Forseti:** Mér þætti gaman, ef hv. 2. landsk. benti mér á l. um þetta). Ég vísa til úrskurðar, sem féll hjá forseta Nd. um þetta mál. Lengra þarf ekki að vitna. Ef nú á að fella hér annan úrskurð, þá er úrskurðað um leið, að forseti Nd. hafi framið lögleysu, en inn á það vil ég ekki ganga. En fyrst forseti vill ekki fallast á það, að bera liði frv. upp hvern fyrir sig, þá ætla ég að bera fram skrifl. brtt. við 3. lið gr., um það, að sá liður falli niður. Ég vænti, að d. vilji samþ. það. Ég hefði viljað koma hér með aðra till. til vara, en til þess er ekki ráðrúm nú, svo ég verð líklega að sleppa því og láta mér nægja að bera fram brtt. við 3. tölul., og vænti ég, að sú till. fái afbrigði. Ég trúi því ekki, að þeir sömu hv. þm. vilji fella slíka till., þar sem meiri hl. d. hefir áður samþ., að öllum verzlunarágóða tóbakseinkasölunnar skyldi varið á þann hátt, sem segir í l. um tóbakseinkasölu ríkisins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 821) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 821 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, GL, JakM, JBald, JónÞ.

nei: BSn, EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT, PH, GÓ.

HSteins greiddi ekki atkv.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PH, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, GÓ.

nei: JBald.

JakM greiddi ekki atkv.

Á 92. fundi í Ed., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 500, 822, 823, 825).

Forseti (GÓ): Vegna þess að ekki er nægilega langur tími liðinn frá því er þetta frv. var hér til 2. umr. í hv. d., verður að leita afbrigða til þess að það megi koma hér til 3. umr. á þessum fundi, og sömuleiðis þær brtt., er fram eru bornar við frv. á þskj. 822, 823 og 825. Ennfremur hefir hv. 1. landsk. afhent mér skrifl. brtt., sem einnig þarf að leita afbrigða um.

Jakob Möller: Af því að ég hefi ákveðið að bera fram skrifl. brtt. við frv., um það, að 2. liður 1. gr. falli niður, þá vildi ég nú þegar afhenda hæstv. forseta þessa brtt. og óska þess, að afbrigða verði leitað vegna hennar um leið og þeirra er óskað vegna frv. og hinna brtt. (**JBald:** Hvernig eru þessar skrifl. brtt.?).

Forseti (GÓ): Brtt. hv. 1. landsk. hljóðar svo: (Sjá þskj. 827, II).

Brtt. hv. 1. þm. Reykv. er, eins og hann tók fram, um það, að 2. liður 1. gr. frv. falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um frv. og brtt. 822, 823 og 825 leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verða þskj. 827,I—II) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Ég hefi því miður ekki áttað mig fyllilega á þeim brtt., sem hér eru fram komnar við þetta frv. Ætla ég því að snúa mér að því að ræða um örlitla brtt., sem við hv. 2. þm. N.-M. höfum í sameiningu borið fram við frv. um það að fella niður 4. lið þess, sem er þess efnis, að niður skuli falla framlag ríkissjóðs til hýsingar á prestssetrum. Eftir því sem þessi liður er orðaður, er helzt að skilja, að ætlazt sé til, að allt tillag úr ríkissjóði til þeirra hluta falli niður, en slíkt mun ekki vera framkvæmanlegt eins og sakir standa, því í lögunum er ekki aðeins gert ráð fyrir, að veitt sé ákveðið framlag til tveggja prestssetursbúsa á ári, heldur er svo fyrir mælt, að skylt sé að veita lán upp í framhaldskostnað við hýsingu prestssetra. Þar, sem byggingar eru nú í smíðum, verður óhjákvæmilegt að fullnægja þessu ákvæði. 4. liður getur því ekki náð nema til fasta framlagsins til tveggja húsa á ári, samtals víst um 24 þús. kr. En þar sem fram hafa komið upplýsingar um það, eftir að þetta frv. var hér til umr. síðast, að húsakynnin á prestssetrinu Söndum í Dýrafirði eru svo bágborin, að það er engin leið við þau að una og verður að endurnýja þau helzt þegar á þessu ári, þykir sýnt, að ekki muni reynast hægt að fella niður þessa fjárveitingu. Við hv. 2. þm. N.-M. höfum því leyft okkur að bera fram brtt. þess efnis að fella niður úr frv. 4. lið, þó okkur hinsvegar þyki leitt að rýra tekjur ríkissjóðs vegna þessa frv. (**JBald:** Ætli það sé ekki bezt að fella frv. eins og það er?). Hv. 2. landsk. er ekki tregur til þess að fella þá tekjuauka, sem ríkissjóður getur fengið, en hann er aftur á móti ekki eins fús á að gefa ríkissjóði tekjur til þess að standast öll þau útgjöld, er hann heimtar af honum. Hann hefir enga ábyrgðartilfinningu fyrir því, að það þurfi að sjá ríkissjóði fyrir nokkrum tekjum, það sé aðeins nóg að heimta og heimta. Þeir, sem aftur á móti skilja þörf ríkissjóðs og það, að hér er aðeins um neyðarráðstöfun að ræða með samþykkt þessa frv., munu standa fast á málstað ríkissjóðs, þó það sé því miður ekki hægt hvað snertir 4. lið frv. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni og láta ótalað um brtt. annara hv. þm. meðan þeir hafa ekki talað fyrir þeim.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég varð svo seint fyrir með minar brtt., að ég kom þeim ekki í prentunina í tæka tíð, og tel ég mér því skylt að gera grein fyrir efni þeirra þegar í byrjun þessarar umr. — Fyrri till. mín er við 3. lið frv. og er þess efnis, að tekjur tóbakseinkasölunnar af tóbaksverzluninni árin 1932 og 1933 verði að nokkru leyti látin renna til byggingar verkamannabústaða í kaupstöðum, eins og ætlazt er til, að gert sé eftir lögunum frá síðasta sumarþingi. Geri ég þá till., að hvort árið fyrir sig greiðist af ágóða einkasölunnar til verkamannabústaða 50 þús. kr., en eftir ákvæðum laganna átti þetta tillag að nema hálfum gróða. Hinn helmingurinn af hagnaði einkasölunnar átti aftur á móti að renna til byggingar- og landnámssjóðs, en þar sem sá sjóður mun halda sínu árlega tillagi úr ríkissjóði, sem er 200 þús. kr., óskertu á næsta ári, má svo virðast, sem hann ætti að komast af með það fjárframlag, og þess vegna hefi ég ekki flutt brtt. um að fella niður þá till. í frv., að taka þetta tillag af byggingar- og landnámssjóði.

Þá hefir komið fram brtt. við þennan lið frv. frá hv. 2. landsk. um að fella liðinn burt úr frv., en til vara, að lagt verði til verkamannabústaðanna af verzlunargróða tóbakseinkasölunnar 100 þús. kr. árið 1933, en ekkert 1932. Mér skilst, að þessi varatill. hv. þm. sé að efni til hin sama og mín brtt., þar sem í báðum till. er gert ráð fyrir, að til verkamannabústaðanna verði lögð hin sama fjárhæð. Ég geri það ekki að neinu atriði, hvor þessarar till. verður samþ. Mér finnst bara eðlilegra, að tillaginu væri skipt milli áranna, og væri síður hætt við, að framkvæmdir þyrftu að tefjast, ef helmingurinn yrði greiddur fyrra árið.

Þá vil ég minnast á síðari brtt. mína, sem er við 8. lið frv. og er á þá leið, að Menningarsjóður fái að halda 45 þús. kr. hvort árið af þeim tekjum, er honum ber samkv. lögum, en að ríkissjóður fái þær tekjur, sem koma vegna bannlagabrota og eru fram yfir þessa upphæð. Ég hefi séð yfirlit yfir tekjur Menningarsjóðs síðan hann tók til starfa. Tvö síðustu ár-

in hafa þær verið 70—73 þús. kr., næsta ár áður voru þær milli 40 og 50 þús., og fyrsta árið eftir að sjóðurinn var stofnaður voru þær kringum 60 þús. kr. Starfsemi þessa sjóðs hefir nú smátt og smátt komizt í fastari skorður, eftir því sem hann hefir starfað lengur, og það er því ekki hægt að ætlast til, að hann geti haldið áfram sinni starfsemi, nema hann fái tekjur til þess. Ég hefi álitið, að það væri eðlilegt, að sjóðurinn fengi að vita eitthvað ákveðið um það, hve háa upphæð hann má eiga von á að fá. Ég hygg, að ef brtt. mín verður samþ., þá þurfi starfsemi sjóðsins ekki mikið að breytast frá því, sem var á 2 síðustu árum, en nái till. ekki samþykki, þá legg ég til til vara, að 8. liður falli allur niður.

Jón Baldvinsson: Ég hefi flutt tvær till. við þetta frv., aðaltill. og varatill. Aðaltill. er um það, að tillagið til verkamannabústaðanna verði ekki skert eins og gert er ráð fyrir í 3. lið frv., en til vara, að til þeirra gangi árið 1933 100 þús. kr. Síðan ég bar fram þessa varatill. hefir hv. 1. landsk. borið fram skrifl. brtt. um, að til verkamannabústaðanna verði lagðar 50 þús. kr. hvort ár. Ég hefi nú leyft mér að koma fram með skrifl. brtt. við þessa brtt. hans á þá leið, að í stað 50 þús. komi 100 þús., en jafnframt tek ég aftur mína varatill. á þskj. 823. Aðaltill. mín á þskj. 823 fer fram á, að byggingarsjóður verkamannabústaðanna fái óskertan skerf sinn af ágóða tóbakseinkasölunnar samkv. 14. gr. laga nr. 58 frá 8. sept. 1931, þar sem ákveðið er, að sá hagnaður skiptist til helminga milli verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs. Nú er ég því í raun og veru mótfallinn að fella niður styrkinn til byggingar- og landnámssjóðs, en af því að þeir, sem telja sig forsvarsmenn þeirrar stofnunar hér á þingi, láta sem þetta saki ekki og að fé þetta muni ekki verða notað, þó það hyrfi í sjóðinn, þá hefi ég ekki séð ástæðu til að koma með brtt. um að fella þetta niður, enda var till. á þá leið felld við 2. umr. Ég læt því nægja að koma með brtt. um það, að tillagið til verkamannabústaðanna verði látið haldast óbreytt.

Á þessu ári hafa verið reistar hér í bæ stórmyndarlegar byggingar fyrir tilhjálp laganna um framlag ríkisins til verkamannabústaða, og hafa hv. þm. átt kost á því að kynna sér þessar byggingar. Geta þeir því að eigin sjón sannfærzt um, hversu prýðilegar byggingar þetta eru. Þeir ættu og að geta skilið, að við vaxandi atvinnuleysi og bágindi verkafólksins minnkar ekki nauðsyn þess til þess að fá sem þægilegast húsnæði með sem hagkvæmustum kjörum. Ég sé því enga ástæðu til þess fyrir hv. þm., að þeir gangi á gefin loforð mikils meiri hl. þingsins 1931 um það, að verkamannabústaðirnir fái sinn vissa hluta af einkasöluágóðanum, þó margir ótrúlegir hlutir gerist nú á hinum síðustu tímum.

Það er rétt, að brtt. hv. 1. landsk. rúmar efni minnar varatill. að því er snertir árið 1933, og ég læt mér því nægja að gera brtt. við hans brtt., því ég sé, að það kemur betur við, að hún verði samþ. inn í hans brtt., og tek ég því aftur mína varabrtt. Ég tel það annars eðlilegast, að lögin eins og þau eru séu látin halda sér um framlag ríkissjóðs til verkamannabústaðanna. Ég held því eindregið fram minni aðalbrtt. En það er fullkomlega rétt og venjulegt, að þótt eitthvað sé almennt tekið fram í lögum, þá séu gerðar frá því undantekningar.

Það hafa fleiri hv. þm. flutt hér till. til breyt. á þessu frv., og það leynir sér ekki, að búið er að fjölga prestum í ríkisstj., því að hv. 3. landsk., sem er öflugasti stuðningsmaður hinnar væntanlegu stj., vill ekki láta falla niður 4. liðinn, um hýsing prestssetra, eða framkvæmd þeirra l., sem hafa nokkur útgjöld úr ríkissjóði í för með sér, eitthvað 20—30 þús. kr. á ári. Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. þm., að verið sé nú að reisa ýmsar byggingar, sem þurfi að fá slíkan styrk; en ég hefði vel getað sætt mig við einhverja frestun á þessum l., og ég held m. a. s., að ég hafi í fyrra flutt till. þess efnis, og það er ekki á móti mínu skapi, þótt þessu sé ofurlítið frestað. Ég tel sjálfsagðara, að tekið sé tillit til almennra hagsmuna fremur en tiltölulega fámennra stétta. Ég skal gjarnan vera með hv. 3. landsk. í að koma öllu frv. fyrir kattarnef, ef hann vill vinna það til til þess að bjarga prestssetrunum. En mér fannst hann taka það eitthvað svo óstinnt upp

fyrir mér, þegar ég skaut því fram í fyrir honum, að ég skyldi hjálpa honum til þess að drepa frv., og talaði hann um, að ég hefði litla ábyrgðartilfinningu, en heimtaði og heimtaði og léti það í léttu rúmi liggja, hvort hægt væri að sinna kröfum mínum. Ég mun eiga um mína ábyrgðartilfinningu við mína umbjóðendur, og væntanlega getur hv. þm. átt við sína eigin umbjóðendur um þá ábyrgðartilfinningu, er hann sýnir hér í þinginu. Hv. þm. segir, að ég heimti og heimti ýmisleg útgjöld. Þetta er rétt. Ég hefi komið fram með ýmsar till. til útgjalda, og ég er kominn hingað til þess að heimta fjárframlög til atvinnubóta, til þess að heimta fjárframlög til verkamannabústaða og annars slíks, sem má almenningi að gagni koma. Það má vel vera, að hv. 3. landsk. sé ekki kominn til þess og heimta fyrir almenning. Hann er kominn til þess að heimta fyrir prestastéttina og hæstaréttardómara, sem er líklega fámennasta stétt landsins, en hann heimtar þó aðallega fyrir.

Hvað skattamálin snertir, þá hefir núg. skattalöggjöf í flestum atriðum verið samþ. gegn mótmælum okkar jafnaðarmanna, og við höfum bent á aðrar leiðir, sem hv. þm. vill bara ekki fallast á. Það er nú ágreiningurinn í skattamálum. Slíkt kemur ekkert ábyrgðartilfinningu við. Það er ágreiningur, sem er í öllum löndum í skattamálum. Það má segja, að hv. 3. landsk. hafi ekki mikla ábyrgðartilfinningu, er hann vill framlengja verðtoll og láta þrautpíndan almenning greiða þann skatt af mörgum nauðsynlegum hlutum, sem hann þarf, af sinni fátækt og vesaldómi. Það er sannarlega engu minni ábyrgð, sem hvílir á hv. 3. landsk., þegar hann heimtar slíkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 828) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi flutt hér brtt. á þskj. 822 viðvíkjandi Menningarsjóði. Það liggja hér fyrir aðrar till. um sjóðinn og m. a. ein varatill. frá hv. 1. landsk., sem ég vildi raunar heldur en mína, en býst við, að hún hafi minna fylgi og að mín verði fremur samþ. en hans varatill. Eins og hv. 1. landsk. tók fram, þá hefir Menningarsjóður nú síðustu 4 árin fyllt það skarð í okkar þjóðlífi, sem ekki hafði verið hugsað um að fylla áður. Við vitum, að fram að þeim tíma var frá ríkisins hálfu nálega enginn markaður fyrir listaverk okkar listamanna. Þessi markaður er að vísu lítill ennþá, en þó það bezta, sem listamennirnir hafa, og að sama skapi auðgast þjóðfélagið að listaverkum. Nú er þetta svo lítil upphæð, að jafnvel í góðærum er ekki hægt mikið með hana að gera. Og þegar litið er til þess, með hve mikilli elju og fórn listamenn landsins berjast sinni baráttu, bæði á námsárunum og síðar, þá held ég, að deildin ætti að hugsa sig tvisvar um áður en hún lækkar verulega þennan litla sjóð, sem er hið eina, sem landið leggur til í því skyni.

Nokkuð sama er að segja um þann hluta sjóðsins, sem gengur til þess að rannsaka náttúru landsins. Þegar fyrsti náttúrufræðingurinn okkar á síðasta mannsaldri — Þorvaldur Thoroddsen — hóf sínar rannsóknarferðir um landið, naut hann að vísu mjög mikils álits í landinu, en þó var stöðug barátta um það, hvort hann ætti að fá þennan litla styrk, er hann fékk til ferðanna, sem stundum var veittur, en var stundum felldur niður. Þetta sýnir, hve miklum erfiðleikum starfið var bundið. Og þeir hafa ekki minnkað. Við háskólann er ekkert embætti fyrir náttúrufræðing. En þessi sjóður er byrjaður að styðja hina ungu náttúrufræðinga á þann hátt, sem aldrei hefir verið gert áður. Þar sem menn finna það, að á þessum krepputímum þurfi að gera nokkuð fyrir bændur landsins, fyrir atvinnurekendur við sjóinn, fyrir verkamennina, þá vildi ég jafna þessum tveim stéttum, listamönnum og náttúrufræðingum, við þá, og þeir eru sannarlega ekki betur staddir, enda er þetta svo lítið, sem hér um ræðir, að það munar ekki neinu verulegu fyrir þjóðarbúskapinn.

Um þriðju deild sjóðsins, sem vinnur að bókaútgáfu, er hið sama að segja, og hún er farin að bera mestan ávöxt fyrir almenning að því leyti, að sjóðurinn hefir nú þegar gefið út margar góðar bækur.

Í haust kemur þar út lögbók Íslendinga, ein hin þýðingarmesta bók, sem gefin hefir verið út hér á landi um margra ára bil. Það er afarerfitt fyrir rithöfunda landsins að fá bækur gefnar út hjá forleggjurum nú sem stendur. Erfiðleikarnir eru það miklir, að þessi litli sjóður stendur undir talsverðu af þeirri bókaútgáfu, sem um er að ræða í harðærinu. Ég hefi því orðað þetta þannig til þess að koma til móts við þá, sem hafa eitthvað viljað lækka þetta, að leggja til, að ¼ teknanna gangi til ríkisins fram til ársloka 1933. Ég geri þessa till. einungis af því, að ég hefi meiri von um, að þetta verði samþ., heldur en varatill. hv. 1. landsk., og seinni hl. till. minnar lýtur einnig að því, að lögin um Menningarsjóð gera ráð fyrir því, að reikningsskil sjóðsins séu 15. apríl ár hvert og að þessi reikningsskil hafa verið gerð nú, þannig að ef ekki fengist helmingur af tekjum sjóðsins fyrir yfirstandandi ár, þá yrði sjóðsstjórnin í vandræðum með verk, sem hún hefði byrjað á, og menn, sem hún hefir samið við, sérstaklega af því að hún gerði a. m. k. ráð fyrir, að sjóðurinn stæði óbreyttur þetta fram á árið. Það þýða ekki langar ræður um þetta, og ég ætla ekki að bæta neinu við það, en tel þó töluvert betra, að till. á þskj. 822 verði samþ. heldur en frv. eins og það er nú, ef menn ekki vilja samþ. varatill., sem leggur til, að gr. falli alveg niður.

Þá vildi ég minnast á till. hv. 1. þm. Reykv., sem ég hefi ekki orðið var við, að hann hafi mælt fyrir. Það er svo með þennan lið, eins og svo marga aðra, að ég hefi einungis getað fengið mig til að greiða atkv. með frv. vegna hinna alveg sérstöku erfiðleika, sem landið á í, og af því, að sú stofnun, sem þessi lög eru að undirbúa — þjóðleikhúsið —, er komin yfir hinn hættulega punkt, og að héðan af verður ekki hætt við það, eins og lá við borð fyrir tveim árum, þegar andstæðingar leikhússmálsins vildu fresta framkvæmdum til þess að ná sjóðnum til annara hluta. Ég vil því taka það fram, að ég álít það að vísu fullkomlega eðlilegt, að hv. 1. þm. Reykv. komi með þessa till., og ég hefði hiklaust fylgt henni, ef ég áliti ekki, að málinu sé nú þó svo borgið, að það yrði ekki eyðilegging, þótt framlag til byggingarinnar falli niður 1—1½ ár.

Út af till. um byggingar- og landnámssjóð og verkamannabústaðina er það mála sannast, að það er alveg sérstakt neyðarúrræði að fella niður fjárframlag til þeirra. Ef batnaði í ári t. d. nú í sumar og vörusalan í haust yrði betri en viðbúið er, þá álít ég sjálfsagt að taka þessa breyt. aftur á þinginu í vetur, vegna þess, að umbætur á húsakynnum hinna starfandi manna í kaupstöðum og sveitum er eitt hið þýðingarmesta þjóðmál. En eins og ástandið er nú, þá hefir og byggingum víða á landinu verið frestað vegna kreppunnar. En ef lögin um byggingar- og landnámssjóð stæðu óbreytt, þá myndi sjóðurinn eflast og meira verða byggt aftur seinna. Það er að vísu sárt fyrir stuðningsmenn þessa máls að sjá þessa breyt. gerða, þótt um stundarsakir sé, en þar sem þetta er að nokkru leyti gert til þess að greiða fyrir bændum landsins vegna kreppunnar, þá réttlæti ég mína atkvgr. í þessu máli með því, að sveitafólkinu liggi ennþá meira á þessu augnabliksgagni, hjálp til vaxtagreiðslu, en hinu, sem er stærra framtíðarmál, sem þó verður ekki fullnægt neitt verulega eins og stendur. Ég mun því greiða atkv. með þeim lið, sem um þetta fjallar, en vil þó hugsa mér þann möguleika, að árferði og kringumstæður geti breytzt þannig, að ég óski, að málið verði aftur tekið til meðferðar og breytt í sitt fyrra horf á næsta þingi.

Jakob Möller [óyfirl.]: Það er vitanlega rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði um þessa brtt. mína við 2. lið frv., sem fjallar um það, að tekjur þjóðleikhússjóðs renni í ríkissjóð þetta tímabil, að það hefir enga endanlega þýðingu fyrir framkvæmd málsins. Byggingu þjóðleikhússins verður að sjálfsögðu ekki hætt. Þetta getur einungis valdið nokkrum drætti á því, að það verði fullgert. Hinsvegar er á það að líta, að ef haldið væri áfram að láta þetta renna í leikhússjóðinn, væri hægt að fullgera húsið, þannig að það gæti farið að afla tekna og flýta fyrir, að það verði fullgert. Væri því mjög æskilegt, að komizt yrði hjá því að stöðva bygginguna, með því að leggja þessar

tekjur undir ríkissjóð. Hinsvegar legg ég ekki neitt ákaflega mikið kapp á, að þessi till. verði samþ., og mun ég ekki, þrátt fyrir það, þótt hún verði felld, sjá ástæðu til þess að greiða atkv. á móti frv.

Jón Jónsson [óyfirl.]: Það yrði mikil röskun á frv., ef allar þær brtt., sem fram eru komnar, yrðu samþ. Ég hefi ekki gert mér það fyllilega ljóst, hversu mikil sú röskun yrði, en hún yrði geysimikil, líklega þriðjungur af tekjunum. Eins og ástatt er nú um tekjuhallann á fjárl., er það varla fært, nema að koma með aðrar till. í staðinn til tekjuauka, en þær hafa enn ekki komið fram. Ég get ekki séð, að það sé nokkur þörf á að halda þessu til verkamannabústaðanna eins og þeir leggja til, hv. 1. og 2. landsk. Samkv. lögum um verkamannabústaði fá þeir nú um 80—90 þús. kr., og er það allrífleg upphæð. Auk þess veit ég ekki betur en að nú sé minni húsnæðisskortur í Rvík en oft áður, og nokkuð hafa þær byggingar, sem þegar eru komnar, greitt úr. Þeim hlutum mun því vera eftir atvikum nokkurn veginn borgið. Hitt skal ég játa, að frá því sjónarmiði að efla atvinnuna í landinu geti verið ástæða til að gera eitthvað. En ég hélt, að bezt væri, að þeir fáu aurar, sem ríkið hefir ráð á til þess, gengju mest til atvinnu í landinu sjálfu, en færu síður til að kaupa byggingarefni frá útlöndum. Þess vegna legg ég fyrir mitt leyti á móti þeirri till., sem ræðir um þessa hluti, og sé ég ekki frekari ástæðu til þess, að byggingar- og landnámssjóður fái það, sem honum var ákveðið samkv. tóbakseinkasölulögunum.

Hv. 2. landsk. var eitthvað að minnast á það, að ég væri kröfuharðari f. h. presta en almennings í þessu byggingarmáli. Það er ekki allskostar sanngjarnt að segja, að ég hafi verið kröfuharður fyrir presta, því að í sumar var framlagið úr ríkissjóði lækkað um þriðjung samkv. till. frá mér, frá því, sem var fram komið hér í d. Svo talar hv. þm. um það, að ég sé sérstaklega að heimta fyrir presta. Hitt er annað mál, þótt maður vilji fullnægja þeirri skyldu, sem lög landsins leggja manni á herðar, með því að sjá fyrir prestunum, og á sumum stöðum eru ekki til hús. Þar sem hv. 2. landsk. var að minnast á, að ég væri að heimta eitthvað fyrir hæstaréttardómarana, þá þætti mér gaman, að hann benti á eitthvað þesshátt. Ég hefi ekki farið fram á nokkurn skapaðan hlut fyrir þá, og gæti þó vitanlega verið ástæða til þess, því að laun þeirra eru ekki mjög há. En ég hefi ekkert ymprað í þá átt og ég held, að þegar fram kom till. um það hér á árunum, að þeir ættu að fá hærri laun, þá hafi ég greitt atkv. á móti henni.

Þá var hv. 2. landsk. eitthvað að tala hér um, að hann væri kominn hingað fyrst og fremst til þess að heimta og heimta. Það er virðulegt starf að heimta og heimta. Það er margt, sem þarf að gera hér á landi og æskilegt, að komi í framkvæmd. En ég hugsaði þó, að það væri ein ríkasta skylda þm. að sjá ríkinu farborða og sjálfstæði þjóðarinnar, en það kalla ég ekki gert, ef stefnt er út í vitleysu með afgr. fjárl. — Sami hv. þm. vildi forsvara sig með því, að hér væri bara um mismunandi leiðir til tekjuöflunar að ræða. En áhugi hans sýndi sig við afgreiðslu frv. þess, sem kom hér fram um hækkun tekju- og eignarskatts, því að þegar var verið að leita atkv., þá fékkst hv. þm. ekki fyrr en í þriðja sinn til þess að drattast til að leyfa málinu til 2. umr. Þetta var nú allur áhuginn. Hann þarf svei mér ekki að monta af áhuga á því að sjá ríkissjóði borgið. Hann hefir gert miklu meira að því að setja fram ósanngjarnar kröfur heldur en að sjá ríkissjóði borgið.

Hv. þm. var eitthvað að tala um, að ég sé trúr stuðningsmaður hinnar væntanlegu stj. Mér þykir varla tilhlýðilegt að tala um stj. fyrr en maður sér framan í hana. Eftir því, sem menn hafa heyrt um stj., þá skal ég játa, að ég mun vera fylgismaður tveggja manna í henni. Úr því að sú stj., sem nú er, fann upp á því að fara að segja af sér, þá tel ég þessa tvo einhverja þá beztu menn, sem völ er á. Þriðji maðurinn í stj. er mér óviðkomandi. Mun ég þó sjálfsagt styðja hann, ef hann hefir eitthvað gott fram að færa. Annars mun ég ekki ræða um stj. fyrr en maður sér framan í hana.

Þá hafa komið fram till. frá hv. 1. landsk. og hæstv. dómsmrh. um að halda meiru til Menningarsjóðs en gert er í

þessu frv. Ég verð að segja, að það er ánægjulegt fyrir hæstv. dómsmrh., sem vitanlega hefir borið fram margar hugsjónir hér á þingi, en oftast í óþökk andstæðinganna, að sjá það eftir þetta mörg ár, að aðalforgöngumaður andstöðuflokksins gerist til þess að beita sér mjög fyrir því, að þessar hugsjónir fái sem bezt notið sín áfram. Það er ánægjulegt fyrir hæstv. dómsmrh. að fá þessa viðurkenningu, þegar hann er að fara úr stj. Ég viðurkenni þennan Menningarsjóð, og væri æskilegt, að hann fengi að njóta sín, en teldi samt viðunandi, þótt þetta væri eitthvað takmarkað í þetta skipti. En ég sé samt ekki annað, úr því andstöðuflokkarnir sýna svona mikinn áhuga fyrir þessu, en að ég verði að fylgja till. hæstv. dómsmrh., en lengra mun ég ekki sjá mér fært að ganga.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Af því, sem fram hefir komið til andmæla gegn till. minni um að láta verkamannabústaðina njóta nokkurs af þeim tekjum, sem þeim eru ætlaðar í tóbakseinkasölulögunum, hefir einungis komið ein mótbára, frá hv. 3. landsk., sem ég vil gera að umtalsefni. Hv. þm. viðurkennir að vísu, að það myndi vera réttmætt í árferði eins og þessu að verja ef unnt væri, einhverju fé til þess að halda uppi atvinnunni í landinu, en taldi það á móti þessari aðferð, að hér á landi er mjög fátt af því, sem gripið verður til í fjölmennustu kaupstöðum landsins til þess að halda upp atvinnunni án töluverðrar notkunar á erlendu efni. Það má fremur segja, að hægt væri að gera eitthvað slíkt úti um sveitirnar, t. d. vegagerð og ræktunarfyrirtæki. En það er ekki unnt að koma slíkum fyrirtækjum til framkvæmda og bóta fyrir atvinnu manna úr kaupstöðum nema tiltölulega litinn hluta ársins. Slíkt kemur eiginlega ekki að notum nema um fjóra mán. ársins, og hinn tímann verða menn aðallega að leita fyrir sér um framkvæmdir, sem geta komið kaupstaðabúum sjálfum að notum, en þær útheimta allar töluvert af erlendu efni. Nú er ekki lakar ástatt hér í Rvík t. d. en þó það, að helmingur kostnaðarins fer að öllu leyti í innlenda vinnu og að af hinum hlutanum, sem húsbyggjandi verður að greiða fyrir erlent efni, fer dálítill hluti í raun og veru ekki til útlanda, eins og t. d. flutningsgjald með íslenzkum skipum, að því leyti sem hægt er að nota þau, og það er mikið, gjöld til ríkissjóðs og innlendur verzlunarkostnaður. Það er því ekki eins fjarri lagi og maður skyldi halda eftir ummælum hv. 3. landsk. að gera eitthvað til þess að halda uppi atvinnunni á tímum eins og nú standa yfir.

Þá vil ég út af ummælum sama hv. þm. um brtt. mína um Menningarsjóð og út af þeim loflegu orðum, sem hann fór um starfsemi hæstv. dómsmrh. á því sviði, taka undir það, sem einn hv. þm., sem hér er staddur í d., kallaði það, að nú væri hv. 3. landsk. að halda húskveðjuna, og þýðir það, að líklega er von á líkræðunni frá honum á morgun. Mér fannst þegar í upphafi óbragð að þeirri hugsjón að binda starfsemi Menningarsjóðs við brot gegn áfengislöggjöfinni, og ég er alveg sömu skoðunar enn. En nú liggur það alls ekki fyrir hér að gera þá breyt. á þessu að tryggja menntastarfseminni í landinu nauðsynlegt fé á annan hátt en gegnum þessa löggjöf. Það er því síður en svo, að ég geti tekið til mín það, sem hv. 3. landsk. var að gefa í skyn, að skoðanir mínar hefðu breytzt hvað þetta snertir frá því að málið var til umr. í þinginu. Að sjálfsögðu viðurkenni ég, að menningar- og menntastarfsemi sé þjóðinni nauðsynleg og að verja beri til hennar af tekjum ríkissjóðs. En ég tel ekki rétt að láta hana hvíla á lögbrotum í landinu, þó ég hinsvegar fallist á, að á meðan henni eru ætlaðar tekjur af þeim, fái hún að halda þeim.

Jón Baldvinsson: Hv. 3. landsk. gerði að umtalsefni atkvgr., sem fór fram hér í deildinni fyrir nokkru, um frv. um hækkun á tekju- og eignarskatti. Það var rétt hjá hv. þm., að frv. þetta var borið fram af tveim samflokksmönnum hv. þm., og það var líka rétt hjá honum, að atkvgr. um það var mjög dræm. Að ég greiddi ekki þegar atkv. í máli þessu, var ekki sökum þess, að ég væri andstæður skattastefnu þeirri, sem það var byggt á, heldur var það af því, að ég vildi ekki afhenda stj. slíkt tekjuaukafrv., meðan kjördæmaskipunarmálið var óleyst. Þó varð það

svo, að ég greiddi atkv. með frv. til n., ef ske kynni, að úr kjördæmaskipunarmálinu greiddist. Það er líka vitanlegt, að sjálfstæðismenn eru samþykkir skattamálastefnu þeirri, sem kemur fram í verðtollslögunum, en þó vildu þeir ekki hleypa frv. um framlenging þeirra gegnum deildina, og það nákvæmlega af sömu ástæðu og vakti fyrir mér, er ég vildi ekki hleypa í gegn frv. því, er hv. þm. var að tala um. Þetta veit hv. þm. ofurvel, þó að nú sé búið að taka stífluna úr með samkomulagi því, sem orðið er á milli Framsóknarfl. og Sjálfstæðisfl. Það var ákveðið að sleppa engum tekjuaukafrv. við stj. fyrr en réttlætismálið væri leyst, þó að öðruvísi hafi nú farið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla ekki að fara að svara ýtarlega þeim orðum, sem fallið hafa um réttmæti tekjuöflunar Menningarsjóðsins, en mér finnst það hafa lítið að segja, hvort tekjur fyrir upptækt áfengi og sektir fyrir brot gegn áfengislögunum renna beint til hans eða til ríkissjóðs fyrst og svo aftur úr honum til Menningarsjóðsins. Að farin var þessi leið, þegar lögin um Menningarsjóð voru sett, var sökum þess, að ekki var hægt að fá Alþingi til að veita fé á annan hátt. Menn gengu inn á þessa leið, og þess vegna var hún góð, úr því að málefnið var gott.

ATKVGR.

Brtt. 827,I felld með 8:4 atkv.
— 823 (aðaltill.) felld með 7:4 atkv.
— 823 (varatill.) tekin aftur.
— 828 felld með 8:2 atkv.
— 827,II.1 felld með 7:7 atkv.
— 825 samþ. með 10:2 atkv.
— 827,II.2 (aðaltill.) felld með 8:6 atkv.
— 822 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 827,II.2 (varatill.) tekin aftur, en tekin upp af 2. landsk. þm. og felld með 7:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 829).

Á 93. fundi í Nd., 4. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 829, 831).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 831. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Við Alþýðuflokksmenn berum enn á ný fram brtt. við þetta frv., og nú bæði aðaltill. og varatill.

Aðaltill. okkar gengur út á það, að byggingarsjóðir verkamannabústaðanna haldi áfram óskertu tillagi sínu af ágóða tóbakseinkasölunnar, svo sem l. mæla fyrir. Hefi ég áður skýrt frá því, hvernig þessi l. um einkasölu á tóbaki eru til komin, og skal ég hér aðeins endurtaka það, að við Alþýðuflokksmenn teljum það hrein svik af Framsóknarfl. og gengið á gerða samninga, ef þetta frv. er samþ. óbreytt og byggingarsjóðirnir þannig sviptir þessum tekjustofni, sem þeim er nauðsynlegur til þess, að starfsemi þeirra geti haldið áfram óhindruð, auk þess sem þegar er búið að ráðstafa nokkrum hl. af þessu tillagi vegna verkamannabústaðanna hér í Rvík, því að auðvitað var gengið út frá, að óhætt væri að treysta því, að l. um tóbakseinkasöluna yrðu í gildi áfram. Af ótta við, að þetta fáist þó ekki fram, höfum við komið með þá varatill., að byggingarsjóðirnir haldi a. m. k. því tillagi, sem þeim er áætlað í fjárl. af ágóða tóbakseinkasölunnar og nemur 100 þús. kr., en eftir þeim fregnum, sem borizt hafa af einkasölunni, má búast við því, að tekjur einkasölunnar fari fram úr áætlun, eða verði meiri en 200 þús. kr., og fengju byggingarsjóðirnir því ekki það, sem þeim ber að l., eftir sem áður, því að samkv. l. eiga þeir að fá helminginn af ágóða einkasölunnar.

Hæstv. forsrh. hefir áður lýst yfir því í umr. um þetta frv., að hann mundi ekki framkvæma þessi l. þannig, að þau verkuðu aftur fyrir sig, eða að hann mundi láta byggingarsjóðina halda tillagi sínu óskertu þar til l. ganga í gildi, og geng ég út frá því, að þetta standi óbreytt, enda þótt ný stj. sé tekin við, síðan hæstv. ráðh. lýsti yfir þessu. En þetta er hvergi nærri nóg, og ætti enda að liggja í augum uppi, að öðruvísi verða l. ekki framkvæmd, svo að ástæðulaust er að vera

að fyllast þakklæti út af þessu, enda krefjumst við þess, að ekki verði gengið á gerða samninga í þessum efnum og byggingarsjóðirnir fái að halda þessum tekjustofni áfram, því að ella verður kyrrstaða í byggingum verkamannabústaðanna, og má þó sízt svo fara.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Fjhn. þessarar d. bar hér fram frv. samkv. tilmælum mínum um verðtoll af tóbaksvörum, og var tilgangurinn með því frv. sá, að afla ríkissjóði aukinna tekna með verðtolli af tóbakinu, og ætlaðist ég til, að tóbakseinkasalan gæti haldið sínum ágóða, sem rynni í bygginga- og landnámssjóð og til verkamannabústaðanna, eftir sem áður, og kæmi þetta fram í verðhækkun á tóbakinu. En eins og hv. þdm. er kunnugt, var þetta frv. felld í Ed., og varð það til þess, að ég snerist til fylgis við þennan lið þessa frv. eins og hann er. — Eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, hefi ég lýst yfir því, að ég muni ekki láta l. verka aftur fyrir sig, en framkvæma þau þannig, að verkamannabústaðirnir fái það tillag, sem þeim ber af ágóða einkasölunnar og fallið verður í þeirra hlut, þegar l. ganga í gildi, og stendur þetta enn óbreytt af minni hálfu, ef ekki verða gerðar aðrar breyt. á þessum lið frv. en sú, sem ég nú mun bera fram, og er á þá leið, að tekjur tóbakseinkasölunnar skuli ekki renna lengur í ríkissjóð en til 1. júlí 1933, í stað þess, að þetta er nú bundið við árslok 1933, eins og frv. enn er. Þykir mér sem þessi linkind ætti að vera fullnægjandi fyrir hv. Alþýðuflokksmenn, og vænti ég því góðra undirtekta frá þeim um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 840) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að ég veit ekki, hvað hæstv. forsrh. á við með þessu, því að þótt þetta ákvæði frv. falli úr gildi 1. júlí 1933, er lægurinn á fyrir næsta þing að framlengja þetta ákvæði frv. Mér sýnist því sem útkoman sé hin sama fyrir verkamannabústaðina, hvort svo sem till. hæstv. ráðh. verður samþ. eða ekki.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er auðskilið, hvað ég á við með þessari brtt. minni, og hv. 3. þm. Reykv. hlýtur og að skilja það, að sama er, hvort mín till. verður samþ. eða hans till., upp á það að gera, að næsta þing getur breytt því aftur, ef því sýnist svo, og ekki einungis næsta reglulegt þing, heldur og einnig aukaþing, sem kynni að verða haldið. Fyrir slíkt verður aldrei girt. En ég ber fram þessa brtt. til þess að sýna mína fyrirætlun í þessum efnum. Má þó vera, að hv. Alþýðuflokksmenn telji litla tryggingu í mér að þessu leyti, og víst er um það, að þeir þykjast ekki hafa mikla tryggingu í mér að því er snertir afgreiðslu kjördæmamálsins, enda verður aldrei nein slík trygging fengin í einum manni, því að þingið ræður öllum úrslitum á hverjum tíma.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Það er auðvitað hægt að segja, að þó að till. þessi verði samþ., þá megi breyta lögunum á hvaða þingi, sem er. En verði frv. ekki samþ., þá halda tekjurnar af einkasölunni áfram að renna til byggingarsjóðanna.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ef hv. 3. þm. Reykv. telur, að hið sama felist í varatill. sinni og í till. minni, þá held ég, að ekki sé ýkjamikil ástæða fyrir hann að vera að amast við henni, þar sem hann hefir líka sömu aðstöðu til þess að koma till. sinni í gegn á næsta þingi eins og nú.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. veit ofurvel, að ég hefi ekki sömu aðstöðu til þess að koma málum mínum fram á næsta þingi eins og nú. Og ég vil segja honum það, að betri er einn fugl í hendi en tíu á þaki.

ATKVGR.

Brtt. 831 (aðaltill.) felld með 14:3 atkv.
— 831 (varatill.) felld með 13 : 3 atkv.
— 840 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:4 atkv. og endursent Ed.

Á 96. fundi í Ed., 6. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 841).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Þetta frv. hefir að vísu tekið ofurlitlum breyt. til bóta í Nd., en ég er þó engan veginn ánægður með það, að sá hluti af tekjum ríkisins af tóbakseinkasölunni, sem átti að fara til verkamannabústaðanna, skuli renna í byggingarsjóðinn aðeins á seinni hluta ársins 1933. Ég vil, að þetta tillag sé látið halda sér eins og það er nú í l. um tóbakseinkasöluna, og mun ég því afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. þess efnis, að þessar tekjur skuli renna í ríkissjóð til 1. jan. 1933, í staðinn fyrir það, sem nú stendur í frv., að þær skuli renna í ríkissjóð til 1. júlí 1933. Þá fá verkamannabústaðirnir þetta tillag frá næstu áramótum, en yrði aðeins seinni hluti þessa árs, sem þessar tekjur færu í ríkissjóð. Ég er alls ekki ánægður með þennan lið í frv., þó að mín brtt. verði samþ., en ég vil reyna að bjarga sem mestu að hægt er, ef það mætti takast.

Ég mun svo afhenda skrifl. brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 852) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 852 felld með 7:4 atkv.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

73. Tekju- og eignarskattsauki.

Á 92. fundi í Ed., 3. júní var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leggja á tekju- og eignarskattsauka (þmfrv., A. 824).

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. flytur þetta frv. að tilmælum hæstv. fjmrh. Frv. felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta með 25% viðauka tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932. Það er bent á í hinni stuttu grg., sem frv. fylgir, að útlit sé fyrir, að ekki verði hjá því komizt að nota heimildina. En ég hefi fengið leyfi hæstv. fjmrh. til að lýsa því yfir hér, að meiningin sé að nota ekki heimildina nema brýn nauðsyn sé til, og eins og frv. ber með sér, á ekki að innheimta viðauka þennan fyrr en eftir 1. okt., eða ekki fyrr en sjá má fyrir, að ríkissjóður þurfi á þessum tekjuauka að halda.

Ég vil geta þess, að þó að fjhn. flytji frv., þá hafa einstakir nm. sérstöðu um málið, sem ég býst þó ekki við, að komi fram við þessa umr., en þeir munu aftur á móti áskilja sér rétt til að bera fram brtt. við 2. umr.

Ég sé ekki ástæðu til, að frv. verði vísað til n., en hinsvegar mun fjhn. taka málið til athugunar og ræða það við hæstv. fjmrh. á milli umr. Legg ég svo til, að frv. fái að ganga til 2. umr.

Jón Baldvinsson: Það hefði nú kannske verið réttara, að þeir hv. nm., er sérstöðu hafa um þetta mál, hefðu talað fyrst, en af því að mér skildist á hv. frsm. fjhn., að hann gerði ekki ráð fyrir, að þeir gerðu það nú við þessa umr., þá vil ég nota tækifærið og boða brtt., sem ég mun flytja við 1. gr. Ég býst við, að málinu verði hraðað svo, að ekki líði langt milli 1. og 2. umr. En sú brtt., sem ég ætla að flytja, fer fram á, að þessi innheimta skattaukans nái ekki til skattskyldra tekna, sem nema 4000 kr. eða minna.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins skýra frá, að til þess að greiða fyrir þessu máli, leyfði ég, að fjhn. tæki það til flutnings, þótt ég hefði ekki séð frv., aðeins verið gerð grein fyrir efni þess í aðalatriðum. Þess vegna hefði ég getað kosið lítilsháttar breyt. á búningi frv. frá því, sem nú er, en sé þó ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 4. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 824, 832, 837).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 832 og 837. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Hér liggur fyrir brtt. á þskj. 837 frá fjhn., sem aðeins fer fram á litla breyt. á orðalagi frv. Fjhn. stendur óskipt að þessari brtt., er felur ekki í sér neina röskun á efni frv. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á hana.

Jón Baldvinsson: Ég gerði þá brtt. við 1. gr., að tekjuskattsaukinn skyldi ekki innheimtur af tekjum, sem eru undir 4000 kr. Er þetta sjálfsagt, því að þessi skattur munar litlu af tekjum, sem þar eru undir. Er það líka réttlátt, að viss hluti af tekjum manna sé undanskilinn slíkum skatti. Vænti ég þess, að till. nái samþykki.

ATKVGR.

Brtt. 837,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 832 felld með 7:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 837,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 844).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Ég verð að játa, að mér kom nokkuð á óvart, hvernig farið var með brtt. hv. 2. landsk. Var hún fyrst samþ. með 7:6 atkv., en svo er þingmönnum riðið þangað til útkoman verður sú, að hún er felld með 7:6 atkv. Var ég hissa á þessu, því að frv. er nú alveg ótækt. Var lægsti tekjuskattur áður 60 aur., en nú á að fara út um allt land og heimta jafnvel 15 aur. hjá hverjum manni. Nær þetta ekki nokkurri átt, og vek ég máls á þessu til þess að Nd. geti lagað það. Munar ekkert um það, þótt þessum lægstu gjöldum sé sleppt.

Jón Baldvinsson: Vill hv. fjhn. ekki taka þetta til yfirvegunar til mánudags? (**MT:** Eða fresta fundi í fáar mínútur. — **IP:** Vill forseti gefa 5 mínútna fundarhlé?)

Forseti (GÓ): Ég fellst á að fresta fundi í 5 mínútur.

Að liðnu fundarhléi var umr. fram haldið.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Fjhn. hefir athugað bendingu hv. 2. þm. Árn. um, að rétt mundi að setja einhver takmörk um skattauka þennan neðan frá, og leyfir sér því að bera fram svohljóðandi skrifl. brtt.:

„Aftan við 1. gr. bætist nýr málsl., þannig: Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 2 krónur hjá gjaldanda".

Með þessu hygg ég, að sleginn sé nægilegur varnagli við því, að innheimtumenn þurfi að elta fáa aura út um byggðir landsins. Að vísu má um það deila, hvar slík takmörk skuli setja, en n. leit svo á, að þar sem þetta er gert til fjáröflunar, þá sé ekki rétt að hafa lágmarkið lægra. Ég vil svo fyrir hönd fjhn. afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Jón Baldvinsson: Ég vísa aðeins til þess, sem ég sagði við 2. umr. í sambandi við brtt., sem ég boðaði þá og afhent hefir verið hæstv. forseta.

Forseti (GÓ): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt., önnur frá hv. fjhn. — og hafa hv. dm. þegar heyrt hana —, hin frá hv. 2. landsk., svo hljóðandi:

„Aftan við 1. gr. bætist: Þó aðeins af skattskyldum tekjum yfir 3500 kr."

Til þess að brtt. þessar geti komið til umr. og atkv. nú, þarf að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verða þskj. 845 og 846) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Ég lýsi yfir því, að ég er með brtt. hv. 2. landsk., en vil samt leyfa mér að bera fram brtt. við hana,

þess efnis, að í stað 3500 kr. komi 3000 kr. Þykist ég vita, að meiri von sé til, að hún verði samþ. með þeirri breytingu.

Einar Árnason: Ég vil benda á og vekja eftirtekt á, að ef brtt. hv. 2. landsk. verður samþ., þá verður það til þess, að tekjur ríkissjóðs rýrna. En eins og kunnugt er, er þetta frv. borið fram til þess að afla ríkissjóði tekna, og þess vegna er varhugavert að samþ. brtt. hv. 2. landsk.

Jón Þorláksson: Ég vil bæta við það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að skattur af 3000 kr. er 42 kr., svo að það er áreiðanlega æðimikil upphæð, sem gengur undan, ef samþ. verður sú brtt., sem lengra fer og hv. 2. þm. Árn. hefir boðað.

Magnús Torfason: Ég vil aðeins geta þess, að í öðrum löndum hefir það verið gert að bæta við skatt á hátekjum og mun hafa verið fullgild ástæða til þess að það var gert. Það er ekki langt síðan samþ. var í Danmörku slíkur skattur sem þessi. Ég ætla ekki að fara út í ástæðurnar fyrir þessu að öðru leyti en því, að ég býst við, að þessi skattur komi til að hvíla harðast á launamönnum yfirleitt. — Þá verðum við að líta svo á, að eftir því sem krónan hefir lækkað, þá hafi lægri tekjur lækkað svo um leið, að þær megi illa við að bera þennan skattauka. En það verður ekki í allt horft og þeir hafa þó að föstu að ganga. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál nú, er séð er, að komið er alveg að lokaþætti þess.

Forseti (GÓ): Hv. 2. þm. Árn. hefir afhent mér skrifl. brtt. við brtt. hv. 2. landsk., um að í stað 3500 kr. komi 3000 kr. Mun ég leita afbrigða frá þingsköpum til þess að brtt. megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 847) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 845 samþ. með 8:4 atkv.
— 846 og 847 þar með fallnar.
Frv., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv. og afgr til Nd.

Á 96. fundi í Nd., 6. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 850).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 857).

74. Dráttarbraut í Reykjavík.

Á 92. fundi í Nd., 3. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til skipaviðgerðarstöðvar í Reykjavík (þmfrv., A. 826).

Á 93. fundi í Nd., 4. júní, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Einar Arnórsson): Eins og hv. dm. mun kunnugt, var samþ. á sumar-

þinginu í fyrra þál. um skipun 3 manna n. til þess að athuga möguleikana fyrir því að koma upp skipaviðgerðarstöð hér í Rvík. Í n. þessa voru svo skipaðir þeir Pálmi Loftsson framkvæmdarstjóri, Ásgeir Þorsteinsson verkfr. og Ben. Gröndal verkfr., og hafa þeir nú skilað ýtarlegu áliti um málið. Í framsöguræðu minni í fyrra gerði ég grein fyrir nauðsyn þessa máls og get því að mestu vísað til þess, sem ég sagði þá. Mun ég þó að einhverju leyti endurtaka það, sem ég sagði þá, til frekari áréttingar. Mér taldist svo til í sumar, að hér á landi væru um 100 skip 100 tonn og þar yfir. En nú er svo ástatt hér, að velflest þessi skip verða að fara utan, ef þau þurfa að fá verulega aðgerð, því að hér á landi er ekki hægt fyrir þau að fá hana. Þetta kostar landið eðlilega stórfé. Þannig er t. d. talið, að vinnulaun, sem greidd hafa verið út úr landinu vegna þessara aðgerða, hafi numið á síðastl. ári allt að ½ millj. kr. Auk þess rennur allur ágóði af sölu á efni til viðgerðanna í vasa erlendra manna. Er því hér um allmikið fjárhagslegt atriði að ræða.

Þegar strand á sér stað hér við land og skipin nást út, er ekki hægt að fá nema lítilsháttar bráðabirgðaaðgerð hér. Alla aðalviðgerðina verður að fá ytra. Sem dæmi um það, hve þetta er erfitt og kostnaðarsamt, má nefna síðasta strandið. Eins og kunnugt er rakst Esja á sker vestur á Breiðafirði. Hún losnaði af skerinu og komst hingað til Rvíkur. Bráðabirgðaaðgerð á henni hér er talin munu kosta um 10 þús. kr. Síðan þarf að sigla henni út til aðalviðgerðarinnar. Það þarf alls ekki að lýsa því hér, hvílíkur kostnaðarauki það er að sigla skipinu svo út. Það þarf að greiða skipverjum kaup, greiða kol til ferðarinnar o. fl. o. fl. Það er því bersýnilegt, að nauðsyn ber til að ráða einhverja bót á þessu ástandi. Það munar miklu, ef hægt yrði að losna við að greiða a. m. k. ½ millj. út úr landinu árlega fyrir þessa hluti.

Hvað togarana snertir, þá getur þetta skipt mjög miklu máli. Það þarf ekki annað en að togari brjóti gat á botninn á sér, þá þarf hann að fara til útlanda til viðgerðar. Hann getur orðið frá veiðum mestalla vertíðina. Væri hægt að gera við hann hér, myndi fyrst og fremst sá tími, sem til viðgerðarinnar færi, verða miklu styttri. Auk þess gætu hlutaðeigendur haft eftirlit með aðgerðinni sjálfir, sem erlendis verður að kaupa dýrum dómum.

Síðan ég flutti þáltill. í fyrra, hefir það gerzt í þessu máli, að félag hér í bænum hefir keypt tæki til þessara hluta, sem nú eru á leið hingað með Selfossi. Þegar búið er að koma þeim fyrir, mun vera hægt að gera við flest skip hér, nema þá þau allra stærstu. Félag þetta mun nú ekki geta komizt af án þess að fá einhverja opinbera aðstoð, og er talið, að það muni vanta um 100 þús. kr. Þegar nú ekki er um stærri upphæð að ræða, finnst mér ekki vansalaust fyrir þingið, sem búið er að sitja á annað hundrað daga, að hlaupa ekki á einhvern hátt undir bagga með þessu nauðsynjafyrirtæki. Að það hafi dregizt svona lengi að taka mál þetta fyrir, er sökum þess fyrst og fremst, að ég var veikur um tíma og gat því ekki sinnt þingstörfum, og í öðru lagi vegna þess, að nú síðari hluta þingsins hefir þingmálum beinlínis verið sáralítið sinnt.

Ef hv. d. sér sér fært að láta mál þetta ganga áfram, mun ég koma fram með brtt., sem gefur stj. heimild til þess að taka þann kostinn fyrirtæki þessu til hjálpar, sem henni þætti hagkvæmastur.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa þessa framsöguræðu mína lengri.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hafði haft í hyggju að bera eitthvað fram á þessu þingi fyrir þetta mál, en svo var mér skýrt frá, að einkafyrirtæki væri stofnað, sem komið hefði málinu af stað og væri þegar búið að gera kaup á tveimur dráttarbrautum. Þegar málinu var komið þannig, virtist mér kippt fótunum undan því, að Rvíkurbær og ríkið ynnu saman að lausn málsins. Dró ég mig því í hlé með till. mínar.

Til þess að mál þetta verði ekki stöðvað nú, vildi ég óska, að n. fengi að athuga það, og hún ætti svo tal við mig um það, og jafnframt þá menn, sem sérstaklega eru málinu kunnugir. Þar sem hér er um að ræða að taka ábyrgð fyrir einkafyrirtæki, óska ég, að frv. verði vísað til

fjhn. og að hæstv. forseti gefi fundarhlé meðan verið er að athuga það.

Jónas Þorbergsson: Út af ræðu hæstv. forsrh. vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé ástæða til að óttast, að málið stöðvist, ef farið er að vísa því til n. nú. Þar sem hér er aðeins um heimildarlög að ræða, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að vísa því til n., því að ég býst við, að hæstv. ráðh. beri sig saman við þá menn, sem bezt þekkja til þessara hluta, áður en hann veitir ábyrgðina. Ég vil aðeins, að málinu sé hraðað sem mest til þess að það komist sem fyrst í framkvæmd.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Það er rétt, að frv. þetta er stílað sem heimildarlög, en mér finnst sjálfsagt, að tekið sé fram í frv., á hvern hátt ríkið eigi að taka ábyrgð fyrir þetta fyrirtæki. Ég vil því halda fast við það, að frv. verði vísað til. n., og geri ég ráð fyrir, að 15 mín. muni nægja fyrir n. til þess að athuga það.

Flm. (Einar Arnórsson): Mér þykir ekki nema eðlilegt, að hæstv. ráðh. taki þessa afstöðu til málsins, og það er fjarri mér að setja mig á móti því, að málið sé athugað í n. á þann hátt, sem hæstv. ráðh. hefir farið fram á. Mér skilst, að þessi athugun geti farið fram í dag, á milli umr.

Forseti (JörB): Ég hafði hugsað mér að halda nú þegar tvo fundi til þess að koma máli þessu til hv. Ed. En samkv. ósk hæstv. forsrh. mun ég hafa dálítið hlé á milli fundanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég hefi ásamt hv. flm. átt tal milli funda um þetta mál við nokkra hv. fjhnm. og aðra, sem kunnugleika hafa á því. Það hefir orðið að samkomulagi að bera fram svofellda skrifl. brtt.:

„Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 125 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé það tryggt, að fyrirtækið geti tekið til starfa fyrir 1. marz 1933".

Ennfremur er lagt til, að fyrirsögn frv. orðist svo:

„Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík".

Ég hefi fengið upplýsingar um, að þessu máli er svo langt komið, að dráttarbraut mun nú vera á leið til landsins, en að einungis vanti fé til þess að setja hana upp, svo að hún geti tekið til starfa í haust. Að vísu er hér um einkafyrirtæki að ræða, en ekki ríkisfyrirtæki, eins og margir hefðu e. t. v. óskað, en þá er þess að geta, að samningar eru nú gerðir um það, að öll járnsmíðaverkstæði í bænum geta fengið að vinna í viðgerðarstöðinni, svo að aðstaða þeirra innbyrðis verður eftir atvikum jöfn, og ætti eðlileg samkeppni milli þeirra að geta haldizt eftir sem áður. Þegar tryggilega er gengið frá þessu atriði, virðist full ástæða fyrir ríkisvaldið að stuðla að því, að slík starfsemi geti hafizt, því að hún flytur mikla vinnu inn í landið, ef vel tekst til.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 848) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Mér finnst frv. þetta allmikið breytt frá því, sem upphaflega var, ef þessi brtt. verður samþ. Eins og frv. liggur fyrir, er ætlazt til, að ríkissjóður, í samráði við bæjarstjórnir Rvíkur og Hafnarfjarðar, komi upp dráttarbrautinni. En þrátt fyrir þetta getur þetta fyrirtæki tekið undir sig aðra vinnu en járnsmíðavinnu, t. d. trésmíðavinnu, rafmagnsvinnu o. s. frv. Þó að ríkið eigi hér að taka á sig mikla ábyrgð, þá er ekkert um það sagt, hvernig þetta fyrirtæki eigi að verða rekið, t. d., hvort það opinbera skuli ekki hafa einn mann í stj. þess. Þó á rík-

ið hér talsvert mikilla hagsmuna að gæta, þar sem það á mörg skip, sem gætu komið þar til aðgerðar. — Ég er því frv. fylgjandi eins og það liggur fyrir nú, en ég get ekki greitt þessari brtt. atkv. Mér virtist heppilegast, að bærinn eða höfnin, kannske í sameiningu með ríkissjóði, ætti dráttarbraut fyrir þau skip, sem hér þyrfti að gera við, bæði innlend og útlend. Það er mest trygging fyrir því, að fyrirtækið sé stöðugt rekið og verð á viðgerðum fari ekki fram úr hófi. Hitt kann ég ekki við, að farið sé skilyrðislaust að taka ríkisábyrgð á einkafyrirtæki.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Þetta er ekki rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. Hér er ekki um skilyrðislausa ábyrgð að ræða. Það er ætlazt til, að Rvík sé í bakábyrgð, og því á Rvíkurbær að setja þau skilyrði, sem honum þykir henta, í þessu efni. Þetta er mál bæjarins, en ríkið hjálpar honum aðeins til að koma því áleiðis.

Hvort æskilegt sé, að bærinn eða ríkið eigi þetta fyrirtæki, ræði ég ekki um nú. Þetta einkafyrirtæki á nú dráttarbraut á leiðinni hingað til lands, og það er engin leið að afgr. málið þannig, að tveim dráttarbrautum yrði komið upp í staðinn fyrir eina. Ég hygg líka, að bærinn geti bæði í gegnum sína bakábyrgð og í sambandi við rétt sinn á þeirri lóð, sem hér er um að ræða, sett þau skilyrði, sem bæjarfélaginu eru nauðsynleg.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Það, sem í raun og veru réttlætir það, að stj. skerist hér í leikinn og heiti nokkrum styrk til þess að koma þessu fyrirtæki fram, er það, að fyrirtæki eins og þetta er alls ekki gróðafyrirtæki. Það er miklu fremur hætta á, að það beri sig illa. Hinsvegar er það með öllu ófært, að hér sé engin dráttarbraut til, þar sem hægt sé að taka upp þau skip, sem þarf að botnskoða. Mér hefir virzt, að sumir hv. þdm. haldi, að þegar þessi dráttarbraut sé komin á, þá eigi að gera þar við öll þau skip, sem einhverrar viðgerðar þurfa við, en þessu er alls ekki svo varið. Það á aðeins að taka skip á dráttarbraut, þegar um botnskemmdir er að ræða, eins og t. d. á Esju nú. Hitt dettur engum í hug, að þar eigi að gera við þau skip, sem hafa t. d. bilað dekk. Það væri bæði óþarfi og líka allt of kostnaðarsamt að þurfa að borga í sambandi við slíkar viðgerðir það háa daggjald, sem verður að greiða fyrir þau skip, sem tekin eru á dráttarbrautina. Fyrirtækið er jafnnauðsynlegt fyrir því, þó að erfitt verði að láta það bera sig. Hinu er ég algerlega á móti, að bærinn eða það opinbera fari eins og nú standa sakir að skipta sér af þessum málum. Hinsvegar eru samningarnir þannig útbúnir, að ef þetta firma gefst upp, þá er það skyldugt að láta bæinn fá þetta, og eftir 20 ár getur bærinn tekið þetta fyrirtæki í sínar hendur, ef það er ekki rekið með nægu tilliti til þess, sem almenningsheill krefst.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég hygg, að enginn okkar geti sagt fyrir um það, hvernig fjárhagsleg afkoma þessa fyrirtækis muni verða. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta væri ekki gróðafyrirtæki, en það er þó víst, að ekki er það stofnað í öðrum tilgangi en til að græða á því. Það má reiða sig á það, að einstakir menn leggja ekki í slíkt fyrirtæki til þess eins að gera skipaeigendum greiða með því, sem er ekki heldur von.

Ég held fast við það, sem ég sagði áður, að það er nauðsynlegt að undirbúa þetta betur og setja ýms skilyrði af hendi ríkisins eða bæjarins, því að eftir þeim till., sem nú liggja fyrir, hefir ríkið í raun og veru enga tryggingu, en áhættu talsverða.

Þó að frv. yrði samþ. óbreytt, þá yrði afleiðingin engan veginn sú, að tvær dráttarbrautir kæmust upp hér í bæ, því að þetta einkafyrirtæki mundi hætta við sína, en bærinn komast að samningum við firmað að kaupa þessa dráttarbraut, sem nú er á leiðinni, ef hún reynist nothæf, sem óskandi er.

Ég held því fast við mína skoðun, þar sem ég get ekki heldur fundið, að hæstv. fjmrh. hafi getað komið fram með neina nýja ástæðu.

ATKVGR.

Brtt. 848,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14:3 atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 848,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., 6. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 849).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 859).

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 31. fundi í Nd., 17. marz, utan dagskrár, mælti

Jónas Þorbergsson: Ég vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvenær hann ætli að beita ákvæðum þingskapanna gegn þeim, sem neita að greiða atkv. Það kemur fyrir dag eftir dag, að upp undir helmingur dm. neitar að greiða atkv. án þess að færa fram ástæður fyrir því. Og forseti hefir tekið því átölulaust. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forseta um það, hvort það eigi að líðast, að hv. þm. akist undan þessari skyldu sinni án þess að færa fram ástæður fyrir því.

Forseti (JörB): Það er rétt, sem hv. þm. tók fram, að þingsköpin gera ráð fyrir, að ef þm. neitar að greiða atkv. án þess að færa fram ástæður, eða þá þannig lagaðar ástæður, sem forseti metur ekki gildar, þá sé heimilt að beita því refsiákvæði þeirra, að þm. missi af dagkaupi sínu. En til þess hefir mjög sjaldan komið, enda hefir það lengstum verið svo, að þm. hafa ekki neitað að greiða atkv., þó að stöku sinnum hafi borið við, að einn og einn þm. hafi skotið sér undan atkvgr. Mér hefir því ekki þótt ástæða til að beita þessu refsiákvæði. — Hvað viðvíkur afgreiðslu þessara mála, tekjuaukafrv., þá hefir því verið yfirlýst af hálfu sjálfstæðismanna, að þeir mundu ekki að svo komnu máli, þar til þeir sæju um afgreiðslu stjórnarskrármálsins, taka þátt í atkvgr. um tekjuaukamálin. Og ég hefi látið það íhlutunarlaust. En jafnaðarmenn hafa ekki gert grein fyrir því, hvers vegna þeir greiði ekki atkv. Mér hefir þó ekki fundizt nein ástæða til að gera rekistefnu út af því. Hinsvegar vil ég taka það fram, að ef það sýnir sig, að hv. þm. almennt eða alloft ætla að bregðast þeim skyldum á þingi að taka þátt í afgreiðslu mála, þá sé ég mig knúðan til að beita refsiákvæði þingskapanna. En ég vona, að til þess muni ekki koma.

Ólafur Thors: Forseti hefir gefið hv. þm. Dal. viðeigandi ráðningu fyrir fljótfærni sína. Hann hefir tekið fram, hvers vegna Sjálfstæðisfl. muni ekki greiða atkv. í þessum málum. Það er hlægilegt, þegar hv. þm. er að beina þeirri fyrirspurn til forseta, hvenær hann ætli að beita því refsivaldi að taka af þm. kaupið, ef þeir neita að greiða atkv. Heldur hann, að það hafi nokkur áhrif á hv. þm., þó að þeir missi af einum 12 kr.? Slíka skoðun hefir enginn nema sá, sem vanur er að selja sannfæringu sína, og það fyrir lítið verð.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefði getað tekið undir það, sem hv. þm. Dal. kom með, ef hann hefði komið með það í gær, þegar ég kom með mína fyrirspurn. En þá virtist forseti vera á þeirri skoðun, að það væri ótilhlýðilegt. En nú, þegar hv. þm. Dal. kemur með sína fyrirspurn, þá lofar hann að beita refsiákvæðunum. Forseti segir, að íhaldsmenn hafi komið með ástæðu fyrir því að greiða ekki atkv. En það hefir ekki einn einasti maður gert, t. d. kom hv. 2. þm. Skagf. með þá ástæðu í gær í fimmtardómsmálinu, að hann kærði sig ekki um að greiða atkv. Þá ástæðu tók forseti gilda, en þar sem hann gerði það, þá getur hann ekki held-

ur neitað að taka gildar sömu ástæður hjá okkur jafnaðarmönnum.

Jónas Þorbergsson: Ég er eftir atvikum ánægður með það svar, sem ég fékk hjá forseta við þeirri spurningu, sem ég bar upp. Hv. þm. G.-K. svara ég ekki að þessu sinni öðru en því, að ég hefi jafnan rétt og aðrir hv. þm. til að bera fram fyrirspurnir um afgreiðslu þingmála, þegar mér virðist öðruvísi fara um afgreiðsluna en gert er ráð fyrir í þingsköpum, enda var ekki fyrirspurninni beint til hans. Forseti hefir skýrt frá því, að hann mundi eftir atvikum taka gildar ástæður hv. þm., þegar þeir neita að greiða atkv. En þess vegna bar ég fram fyrirspurnina, að mér er ljóst, að það muni stefna í óefni, ef forseti sér í gegnum fingur við hv. þm. að rækja þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar með þingsköpunum.

Á 32. fundi í Nd., 18. marz, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvenær vænta megi, að fjárlagafrv. komi til umr. hér í d.

Forseti (JörB): Því miður get ég ekkert fullyrt um það að svo vöxnu máli og ekki fyrr en ég hefi fengið um það nánari upplýsingar. (**HV:** Verður það þá ekki fyrir páska?). Ég tel það mjög hæpið.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Fyrst hér er farið að spyrja um afgreiðslu þingmála, vil ég spyrjast fyrir um frv., sem ég bar hér fram um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Það mun hafa verið tekið af dagskrá 5. þ. m. Ég var þá ekki viðstaddur, en mér var sagt, að n. hefði óskað eftir að fá málið aftur til meðferðar og athugunar. Ég vil því beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann ýti undir afgreiðslu frv. hjá n. Ég sé enga ástæðu til, að þetta frv., sem er einfalt og hefir legið fyrir á undanförnum þingum, sé svo lengi hjá n. Ég geri ráð fyrir, að n. hafi viljað athuga einhverja smámuni, en það er meiningarlaust að líða henni að setjast alveg á frv.

Forseti (JörB): Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, vil ég taka það fram, að ég geri ráð fyrir, að frv. geti nú fljótlega komið á dagskrá. Annars mun það ekki vera af rótum n. runnið, að málið var tekið af dagskrá, heldur mun það hafa stafað af því, að einn eða fleiri af þeim mönnum, sem starfað hafa í skipulagsn., hafa óskað eftir að fá að bera sig saman við n. Ég skal athuga þetta og get lofað hv. þm. því, að málið komi fljótlega á dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Það var á hlaupársdaginn, 29. febr., að vísað var til nefndar frv., sem ég bar fram um breyt. á vegalögunum. Síðan hefi ég ekki til þess spurt. Nú vil ég biðja hæstv. forseta að rumska við samgmn. og láta hana hraða afgreiðslu þessa máls.

Tveim dögum síðar var öðru máli, sem ég bar fram, vísað til nefndar. Það var um breyt. á lögunum um fræðslumálastjórn, kennsluprófastana svo nefndu. Af því er sömu söguna að segja; síðan hefir ekkert til þess spurzt. Ég verð því að biðja hæstv. forseta að ýta líka á eftir afgreiðslu þessa máls úr nefnd.

Vænti ég svo, að hæstv. forseti taki hér röggsamlega í taumana.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. Borgf. og kynna mér, hvað störfum n. líður um þessi mál, og reyndar fleiri, sem eins er farið um, hafa komið fram í byrjun þings og verið vísað til nefndar, en ekkert bólað á síðan.

Á 49. fundi í Nd., 12. apríl, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Við höfum drepið á það á fyrri þingum, jafnaðarmenn, hve lélega afgreiðslu þau mál fá, sem við berum fram, og teljum við okkur þó eiga sama rétt sem aðra þm. til þess, að mál okkar séu tekin fyrir, afgr. til n. og aftur frá n., svo að atkvgr. geti gengið í þeim og það komi í ljós, hvern hug þm. bera til þessara mála, sem öll

varða heill almennings í þessu landi að meira eða minna leyti. Nú keyrir þó úr hófi um meðferð þeirra mála, sem við höfum borið fram, og eins og sýnt er af þeim lista, sem ég nú skal lesa upp, er þetta öllum þeim aðilum að kenna, sem hér koma til greina, jafnt hæstv. forseta sem n. þingsins. Ég vil taka það fram um þennan lista, svo að hann verði ekki rengdur, að hann er saminn af skrifstofustjóra Alþingis, Jóni Sigurðssyni, eftir beiðni minni:

Frv. flutt í Nd. af Alþýðuflokknum:

1. Læknishéraðasjóðir (Flm.: VJ). Til allshn. 2½.
2. Ríkisútg. skólabóka (Flm. VJ, HV, HG). Til menntmn. 2½.
3. Lækningaleyfi (Flm. VJ). Frá allshn. 1⅔. Biður 2. umr. Hefir komið á dagskrá 8 sinnum (til 2. umr.), en verið tekið út.
4. Skipun læknishéraða o. s. frv. Til allshn. 2½.
5. Skipun barnakennara og laun (Flm.: HV, HG, VJ). Til menntmn. ⅔.
6. Raforkuvirki (Flm.: **JónasÞ** og VJ). Til allshn. ⅔.
7. Verðhækkunarskattur (Flm.: **HStef** og HG). Til fjhn. 2⅓.
8. Þjóðjarðasala og kirkjujarða. (Flm.: HG og **HStef**). Útbýtt 1⅔. 1. umr. frestað ¾.
9. Hafnarlög Rvíkur. (Flm.: **EA** og HV). Til allshn. 1⅔.
10. Hámark launa (Flm.: VJ). Til fjhn. 3⅓.
11. Mannafli á skipum (Flm.: HG, HV, VJ). Til sjútvn. 1⅔.
12. Sogsvirkjun (Flm.: HV, HG, VJ). Til allshn. 2⅔.
13. Samvinnufélög (Flm.: HV, HG, VJ). Til allshn. 3⅓.
14. Varðskip (Flm.: HG). Til sjútvn. 2⅔.
15. Útflutningsgjald (Flm.: HG, **JÓl**, VJ). Útbýtt 1⅔. Tekið 4 sinnum á dagskrá til 1. umr., en jafnan tekið af dagskrá.
16. Útflutningsgjald af síld (Sömu flm.). Útbýtt 1⅔. Sama sem um næsta mál á undan.
17. Vigt á síld (Flm.: VJ). Útbýtt 2⅔. Tekið tvisvar á dagskrá til 1. umr., en tekið út.
18. Dragnótaveiðar (Flm. HV). Útbýtt 3⅓. Á dagskrá til 1. umr. ¾, en tekið út.
19. Alþýðutryggingar (Flm. HG, HV, VJ). Útbýtt 3⅓. Biður 1. umr.
20. Siglingalagabreyt. (Flm.: HV, HG, HJ). Útbýtt ¼. Biður 1. umr.
21. Hafnarlög Rvíkur (Flm.: HV). Útbýtt ¼. Biður 1. umr.
22. Erfðalög og erfðafjárskattur (Flm.: HG, VJ). Útbýtt ¼. Biður 1. umr.
23. Útflutn. á nýjum fiski (Flm.: HG, SvÓ). Útbýtt ¾. Biður 1. umr.

Frumvörp komin til Nd. frá Ed., flutt þar af JBald.

1. Lokunartími sölubúða. Til allshn. Nd. 1⅔.
2. Forkaupsréttur hafnarmannvirkja o. fl. Biður 2. umr. Hefir komið á dagskrá þrisvar (til 2. umr.), en verið tekið út.

Tillögur, fluttar í Nd.

1. Fækkun prestsembætta (Flm.: VJ). Útb. 1⅔. Ein umr. ákveðin 1⅓. Biður umræðu.
2. Ábúð jarðeigna hins opinbera (Flm.: HG og HStef). Útb. 1⅔. Ein umr. ákveðin 1⅓. Biður umræðu. Hefir komið á dagskrá 8 sinnum (til einnar umr.), en verið tekið út.
3. Björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum (Flm.: VJ). Útb. 1⅔. Tvær umr. ákveðnar 2⅔. Biður fyrri umr.

Vil ég í nafni okkar jafnaðarmanna mótmæla þessari meðferð hæstv. forseta og hinna flokkanna hér í þinginu á þeim málum, sem við berum fram, og að vísu bendir þetta ekki á góða samvizku hjá flokkunum, þar sem þeir ýmist þora ekki að taka málin fyrir eða þá skirrast við að gefa út nál. um þau.

Forseti (JörB): Ég ætla, að hv. 3. þm. Reykv. mundi komast að raun um það, ef hann kynnti sér gang fleiri mála hér í þinginu, að Alþýðuflokkurinn hefir ekki orðið afskiptur við hina flokkana um það að koma fram málum sínum.

Að því leyti, sem þetta tekur til mín, þá skil ég ekki, hvernig hv. þm. getur ætlazt til þess, að ég komi fram málum hér í þinginu, því að hv. þm. veit það eins

vel og ég, að þetta er ekki á mínu valdi, heldur undir þdm. sjálfum komið. Sjálfur hefi ég lítið notað mér þann rétt, sem mér ber sem öðrum þm. til þess að taka þátt í umr. Hefi ég aðeins talað lítillega í þrem málum, sem ég stend sérstaklega að. Það er því miður ekki á mínu valdi að þoka fram málum, þegar þm. taka þann hátt upp að þaulræða svo flest þau mál, sem fyrir eru tekin, að önnur mega ekki komast að, en með dagskránni hefi ég reynt að benda mönnum á það, hversu mörg mál bíða nú aðgerða þingsins, ef það gæti að einhverju leyti orðið til að koma í veg fyrir þessar löngu umr. Hefi ég látið taka saman lista yfir meðferð þeirra mála allra, sem til þessarar deildar hafa komið, og er sýnt af honum, að það eru ekki fremur mál Alþýðuflokksmanna, sem seint þokast áfram hér í þinginu, heldur en önnur mál, sem þm. úr hinum flokkunum standa að. En það er skiljanlegt, að þeir þm., sem bera fram mál sín hér í þinginu, séu leiðir yfir að sjá, hversu seint afgreiðslu málanna gengur, og vildi ég beina því til þdm., að þeir hér eftir reyndu að greiða betur fyrir afgreiðslu mála, og um n. vænti ég þess, að þær reyni að hraða afgreiðslu þeirra mála, sem þær fá til meðferðar, sem mest að unnt er.

Ég get lýst yfir því, að ef þm. óska eftir að hafa lengri fundarsetur en verið hefir, skal ekki standa á mér að stýra fundum, þó að lengri séu hafðir, en mér hefir þó fundizt svo, þegar ég hefi viljað þreyta fundi fram eftir kvöldum, að þm. væru helzt til ókyrrir í sætum sínum og vildu lítt sinna málum, og enda ekki ósjaldan komið fyrir, að þm. hafi mótmælt löngum fundarsetum.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá áminningu, sem hann hefir nú gefið n., en ég sný ekki aftur með það, að hæstv. forseti á sjálfur sök á því, að mörg af málum okkar jafnaðarmanna hafa komizt svo illa fram, því að hann hefir það a. m. k. á valdi sínu að haga svo málaröð á dagskrá, að þau mál gangi fyrir, sem enn hafa ekki verið tekin til 1. umr., en svo er um 14 af málum okkar jafnaðarmanna. En 13 eru þau málin, sem n. hafa nú setið á í lengri eða skemmri tíma án þess að afgreiða þau. Þar af eru 2 hjá menntmn., 2 hjá fjhn., 2 hjá sjútvn. og 7 hjá allshn. Lítur ekki út fyrir, að skipun n. hafi tekizt vel, þar sem þeim gengur svo seinlega að átta sig á málum og gefa út nál. um þau, eins og þm. eiga heimtingu á, að n. geri, skv. þingsköpum.

Lárus Helgason: Hv. 3. þm. Reykv. drap á það, að ekki liti út fyrir, að vel hefði tekizt að skipa n. þingsins. Vildi ég út frá þessu benda honum á það, að honum og hans samherjum hefði verið nær að koma með þeirra „miklu og góðu" krafta í n. heldur en að sitja auðum höndum meðan þær starfa, sem þessi hv. þm. kaus þó fremur, annaðhvort af leti eða þá af einhverjum firrum a. m. k. Það er náttúrlega hægt fyrir þá, sem sjálfir standa utan við og ekkert vilja gera til að hjálpa til, að ráðast á hina, sem verkin vinna, fyrir það, að ekkert gangi. Það virðist og vera vinnuaðferð flokks hv. 3. þm. Reykv. að hefja deilur á aðra og heimta allt af þeim, en vilja minna leggja fram frá sjálfum sér, til þess að fólkinu, sem þeir þykjast bera fyrir brjósti, líði vel, og er þó á þeim að heyra, þessum hv. þm., að ef þeir fái að ráða, verði allt gott. Það mætti því halda, að geta þessara hv. þm. væri ekki vel í samræmi við allt það, sem þeir þykjast geta gert. A. m. k. vill það verða helzt til langdregið, að þeir sýni þessa miklu hæfileika sína, enda ætla ég það sanni næst, að þeir séu mestir í munninum.

Það verður ekki á mig borið, að ég tefji framgang mála hér í þinginu með miklum ræðuhöldum, en ég vil benda hv. þdm. á það, að þingstörfin mundu vinnast betur, ef þm. takmörkuðu sig meir í ræðum sínum, og þykir mér hæstv. forseti um of eftirlátur við þm. í þessum efnum, því að margar aths., sem hann leyfir þm. að gera, eru lengri en meðalræða, en það er sízt þörf á því að gefa þeim þm., sem oftast tala, kost á að tala umfram það, sem þingsköp heimila.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil taka undir það, að of seint gengur um meðferð hinna ýmsu mála í þinginu, og vil ég því algerlega mótmæla þeim vinnubrögðum,

sem hér er farið að hafa, með því að beita málþófi til að tefja fyrir framgangi mála.

Hv. 3. þm. Reykv. álasaði n. fyrir það, að þær störfuðu ekkert. Út af þessu vil ég benda á það, að nú eru liðnir 10 dagar síðan allshn. síðast gat haldið fund, af því að þingfundir hafa undanfarið verið haldnir á fundartíma n., sem er frá 5—7. Hvað þau tvö mál snertir, sem hv. þm. gat um, að lægju hjá menntmn., skal ég geta þess, að n. hefir rætt þau og athugað, en niðurstaða hefir að vísu engin fengizt um þau enn, því að skoðanirnar eru mjög skiptar um þau.

Héðinn Valdimarsson: Ég þarf ekki mikið að svara þessu. Það virtist svo, sem hv. þm. V.-Sk. kenndi því um, hvað nefndarstörf gengju illa, að engir jafnaðarmenn væru í nefndunum. Það er lítið álit, sem hann hefir á sínum flokki og Sjálfstæðisfl., ef hann álítur, að n. geti ekki starfað nema jafnaðarmenn séu í þeim. En sé þetta rétt hjá hv. þm., ætti það að benda kjósendum landsins á að kjósa ekki aðra en jafnaðarmenn á þing. Hitt er það, að ég geri ráð fyrir, að viðvíkjandi þeim frv., sem við berum sjálfir fram, muni ekki verða mikil nefndarstörf af okkar hálfu, því þau mál höfum við undirbúið eins vel og nauðsynlegt er, og það er svo hinna flokkanna að segja sitt álit um þau.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um það, að allshn. héldi fundi frá 5—7. En mér finnst það illa til fallið, að allshn., sem annars er vön að hafa fundi á morgnana og er sú n., sem hefir mest að gera fyrir utan fjvn., skuli hafa fundi á þeim tíma, sem fundir eru oft í d. Hún verður að hafa fundi á morgnana eins og áður hefir verið gert og þegar fundarfriður er. Annars er ekki hægt að hugsa sér, að hún ljúki sínum málum. Og þar sem hv. þm. segir, að menntmn. hafi frammi mál okkar, þá er náttúrlega gott að heyra það, en ég veit, að það hafa verið teknar ákvarðanir í mikilsverðari málum en þessum, þó þau hafi mikla þýðingu, á skemmri tíma en 1½—2 mán., eins og þessi mál hafa legið hjá n., svo hún virðist ekki hafa starfað af mikilli alúð. Þó að þess gæti aðallega á málum okkar jafnaðarmanna, hvað flokkarnir reyna að liggja á þeim, þá sýnir það sig líka á öðrum málum, hvað n. vinna herfilega illa á þingi.

Á 57. fundi í Nd., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Ég ætla að leyfa mér að grennslast eftir því, hvað hæstv. forseta hefir orðið ágengt um það að fá hv. samgmn. til að skila nál. um frv. til l. um breyt. á vegalögunum. Það er nú orðið langt um liðið síðan ég bað hæstv. forseta að herða á afgreiðslu þessa máls. Að frv. standa margir af hv. þdm., og er mjög mikil nauðsyn á, að það fái afgreiðslu.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég vil þá nota tækifærið og lýsa eftir frv. um iðju og iðnað, sem lagt var fram snemma á þinginu og vísað til n., en hefir ekki bólað neitt á síðan.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil einnig nota tækifærið til að minna hæstv. forseta á frv., sem ég bar hér fram fyrir mánuði síðan um breyt. á jarðræktarl. Það kom einu sinni eða tvisvar á dagskrá, en svo neðarlega, að engin von var til, að það kæmi til umr. Ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að setja þetta mál svo ofarlega á dagskrána, að líkindi séu til, að það geti fengið afgreiðslu.

Einnig vil ég minna hæstv. forseta á, að ekki alls fyrir löngu kom hér til 1. umr. frv. um ölgerð og sölumeðferð öls. Frv. varð þá ekki útrætt, en hefir eigi síðan séð dagsins ljós. — Ég vil einnig spyrja hæstv. forseta, hvort hann telji sér ekki fært að taka þetta mál á dagskrá.

Ólafur Thors: Það var nokkuð snemma á þessu þingi, að hv. 1. þm. N.-M. o. fl. fluttu frv. til l. um breyt. á fátækral., mjög vel undirbúið og ýtarlegt í alla staði. Það er langt síðan málið fór til n., en frá n. hefir ennþá ekkert heyrzt. Ég veit, að margir hreppar í landinu eru nú þannig staddir, að fáist ekki breyt. á fátækral., þá er ekki annað sýnna en að þeir leggist í auðn. Það er nú þegar orðið áliðið þings. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að hann geri það, sem hann getur, til þess að þetta merki-

lega mál geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Forseti (JörB): Ég lasta það í sjálfu sér ekki, þótt hv. þm. geri fyrirspurnir og beini áskorunum til forseta um að greiða, að því leyti sem hann getur, fyrir störfum þingsins. Slíkt má gjarnan koma fram hér í heyranda hljóði. Ég hefi reynt að gera dagskrána þannig úr garði, að hún út af fyrir sig væri næg bending til hv. þdm. um, að margt liggi af málum óútræddum og að ástæða væri til að hraða störfunum og sýna þeim alúð. En eins og hv. þdm. vita, þá stendur það ekki nema að litlu leyti í mínu valdi að greiða fyrir afgreiðslu málanna. Ég hygg, að ég hafi reynt að halda fundi eftir því, sem tækifæri var til, og tekið málin fyrir nokkurnveginn eftir því, sem þau hafa verið tilbúin til þess að takast til meðferðar. En það er alveg rétt hjá hv. þdm., að á ýmsum málum, sem komu fram snemma á þinginu og legið hafa hjá n., bólar ekki enn. En þar eiga þm. hlut að máli, og ég vænti, að þeir greiði fyrir þeirri starfsemi sem mest má verða.

Svo að ég snúi mér að einstökum atriðum, sem hér hafa komið fram, skal ég svara því, sem hv. þm. Borgf. gerði fyrirspurn um, að langt væri liðið síðan frv. um breyt. á vegal. fór til n. Ég átti tal við menn úr samgmn. um að hraða afgreiðslu þessa máls, því að eins og hv. þm. drap á, þá eiga hér margir hlut að máli og vilja gjarnan fá málið afgr. Vil ég því ítreka þá ósk til samgmn., að hún hraði afgreiðslu þessa máls.

Ég get því miður ekki gefið upplýsingar um það, sem hv. 4. þm. Reykv. spurði um, en ég skal fljótt kynna mér það. Hið sama get ég sagt um afgreiðslu þess máls, er hv. þm. G.-K. gerði fyrirspurn um — breyt. á fátækral. En eins og hann gat um, er þar um merkilegt mál að ræða, sem vert er, að þingið sinni og afgreiði.

Þá kom ósk frá hv. þm. Mýr., um að breyt. á jarðræktarl. yrðu teknar sem fyrst á dagskrá og einnig frv. um ölgerð og sölumeðferð öls til framhaldsumr. Ég hygg, að frv. um breyt. á jarðræktarl. hafi ekki orðið neitt útundan. Í dag munu vera á dagskrá mál til 1. umr., sem eru jafnvel eldri en þetta frv. Það hefir nú ekki gengið betur en raun ber vitni um að afgr. málin, og stendur það ekki nema að litlu leyti í mínu valdi, hvernig það gengur. Hvað snertir ölfrv., þá lék mér satt að segja hugur á að koma þeim málum áfram, sem minni umr. yrðu um, því að með því máli sýndist mér vera stofnað til allmikilla umr. í d. Vildi ég fresta þeim um stund. En ég hafði þó ekki hugsað mér að stinga því svo undir stól, að það kæmi ekki á dagskrá þegar um hægðist. Annars vil ég beina þeirri ósk til n. yfirleitt, að þær hraði störfum sínum sem frekast er unnt. Og í þessu sambandi vil ég beina því til form. landbn., hv. þm. Mýr., að sú n. fari að láta sjást eitthvað af þeim málum, sem vísað var til hennar snemma á þinginu og enn bólar ekkert á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins gefa ofurlitlar upplýsingar til viðbótar út af því, sem hv. þm. G.-K. spurðist fyrir um um afgreiðslu á breyt. á fátækral. Það er nefnilega ekki einungis í þessari d., sem liggja fyrir frv. um það, heldur einnig í hv. Ed. Auk þess var samþ. þáltill. í fyrra um, að undirbúnar væru breyt. á fátækralöggjöfinni. Hafa skrifstofustjórinn í atvmrn. og hagstofustjórinn samið um það frv. með mjög ýtarlegri grg., og hefir það verið afhent allshn. þingsins og mun nú liggja hjá allshn. Ed. Ég geri ráð fyrir, að það sé um það bil að koma fram frv. til slíkra l., og skrifstofustjóri Alþ. segir, að því verði útbýtt í dag. Vona ég, að það geti orðið afgr.

Bjarni Ásgeirsson: Út af þeirri áskorun, sem hæstv. forseti kom með til landbn., verð ég að skýra honum frá því, sem raunar er kunnugt, að flest þau mál, sem fyrir n. hafa komið, hafa verið afgr. frá henni, sum héðan frá d. og sum frá þinginu. Hjá n. eru eftir eitthvað þrjú mál, sem enn eru óafgr., og eitt þeirra þriggja var afgr. á miðvikudaginn, og kemur áreiðanlega þskj. um það í dag eða á morgun. Eitt málið hefir n. orðið ásátt um að afgr. ekki á þessu þingi, það er frv. um nýbýli. Er þá einungis eitt mál óafgr., frv. til ábúðarl., sem hefir verið í undirn. úr báðum d. Þetta ráð var tekið til þess að

tryggja frumv. greiðan gang í gegnum þingið.

Fyrst verið er að reka á eftir n., ætti frekar að reka á eftir einhverjum öðrum en landbn.

Magnús Guðmundsson: Mér kemur það undarlega fyrir, að rekið skuli vera á eftir n., þótt afgreiðsla málanna hér í hv. d. sé langt á eftir nefndaafgreiðslunni. Væri nær að reyna að afgr. eitthvað af þeim málum, sem komin eru úr nefndum, en að álasa n. fyrir, að þær leysi ekki af hendi sín störf. Fyrir mitt leyti get ég sagt, að ég hefi flutt hér ýms mál, er eigi hafa komizt á dagskrá vegna málafjölda. Vil ég þó ekki væna hæstv. forseta um neina hlutdrægni. En langt er síðan nál. hafa komið, og meðan svo er, sé ég ekki ástæðu til þess að álasa n. fyrir sein vinnubrögð. Þær hafa skilað fullkomlega eins fljótt álitum sínum á þessu þingi og að undanförnu.

Forseti (JörB): Ég hefi ekki verið með neinn samanburð um störf n. á þessu þingi og öðrum. Og ásakanir mínar í garð n. voru ekki stórvægilegar. Hv. dm. hafa heyrt, að þm. eru að kalla eftir málum, sem liggja hjá n., og kalla eftir því, að ég ýti á n. með afgreiðslu þeirra, svo að mín ósk til n., fyrst þetta er nú gert að umtalsefni, er sú, að þær afgr. málin, svo að því verði eigi um kennt, að þau hafi ekki verið afgr. í n., þótt þau dagi uppi á þinginu. Annars voru ásökunarorð mín ekki svo stórvægileg, að menn þyrftu að þykkjast við þau. Hinsvegar er dm. sjálfsagt ljóst, að það er ekki á mínu valdi að ráða því, hve lengi menn ræða málin. Það hafa þdm. algerlega á sínu valdi. Og ég hefi tekið svo mörg mál á dagskrá fyrst og fremst til að gefa þm. til kynna, hve mikill fjöldi mála er óafgr., og ég hélt, að það mætti verða þeim nokkur bending um að takmarka ræður sínar, svo að málin fengju afgreiðslu. Ef hv. þdm. þykja fundir standa of stutt, þá er frá minni hálfu auðvelt að ráða bót á því. Ég skal hér eftir ekki spara að gefa þdm. kost á að eiga lengri fundasetur, en ég vona, að þeir spari mér það ómak að þurfa að karpa um það, hvað fundir eigi að standa lengi. Ég vona, að þar sem hv. þdm. gengur gott eitt til að fá málin afgr., þá geri þeir hver um sig það bezta til þess að það megi verða.

Magnús Guðmundsson: Ég ætla einungis að taka það fram út af orðum hæstv. forseta um lengri fundi, að mér hefir ekki þótt skorta á lengd þeirra undanfarið, en eftir því, sem fundir standa lengur, eftir því verður minni tími til að starfa í n. Og það er ósanngjarnt, ef fundir eru fram á nætur dag eftir dag, að ætlast til, að n. skili jafnmiklum störfum.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér f. h. dm. að óska hæstv. forseta gleðilegs sumars og þakka honum fyrir veturinn.

Forseti (JörB): Áður en ég tek fyrir næsta mál á dagskránni vil ég þakka hv. þm. G.-K. árnaðaróskir í minn garð og óska jafnframt hv. deildarmönnum gleðilegs sumars og þakka fyrir veturinn.

Á 81. fundi í Nd., 23. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Ásgeirsson: Ég vildi aðeins minna hv. þd. á, ef hún er búin að gleyma því, að snemma á þingi bar ég ásamt nokkrum hv. þdm. fram frv. um ölgerð og sölu öls. Það kom til umr. 18. marz; ég reifaði málið lítilsháttar, en svo risu upp þrír andstæðingar og lögðust mjög á móti því. Þegar svo komið var að því, að ég tæki aftur til máls, var umr. frestað og málið tekið af dagskrá. Ég bjóst við, að málið kæmi á dagskrá næstu daga, og beið lengi þolinmóður. En þegar mánuður var liðinn án þess málið sæist á dagskrá, spurði ég hæstv. forseta, hvenær hann ætlaði að taka það á dagskrá. En það bar engan árangur, og nú er liðinn annar mánuður og málið ekki tekið fyrir aftur. Og þó ég sé að rifja þetta upp, þá er ég ekki þar með að biðja, að málið komi á dagskrá úr þessu, enda er það ekki til neins. En ég verð mjög að átelja hæstv. forseta fyrir meðferð málsins, enda fæ ég ekki betur séð en að hann hafi misbeitt valdi sínu sem forseti til þess að fá mál út á þennan hátt.

Svo er það annað mál, um breyt. á jarð-

ræktarlögunum, sem legið hefir hér fyrir þing eftir þing og borið er fram af Búnaðarfél. Ísl. Þetta mál komst til n., og hefir hún afgr. það frá sér fyrir mánuði síðan, en hæstv. forseti aldrei tekið það á dagskrá. Allan þennan tíma hafa verið mjög ómerkileg mál á dagskrá, svo ætla má, að örlög þess verði hin sömu: að hæstv. forseta takist að eyðileggja það á einhvern hátt. Nú vil ég krefjast þess, að hæstv. forseti taki þetta mál á dagskrá, þó að áliðið sé þings. Er þá ekki örvænt um, að sjást megi, hver aðstaða hv. þm. er, og höfuðatriði, að það komi fram í þingtíðindunum.

Jónas Þorbergsson: Nokkuð snemma á þingi bar ég, ásamt fleiri hér í hv. d., fram frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. um einkasölu á bifreiðum og mótorvélum.

Þessu máli var vísað til hv. fjhn. 31. marz, og eru því liðnar 6—7 vikur síðan n. fékk málið til meðferðar, en ekkert bólar á því enn. Við flm. töldum mikilsvert, að málið fengi afgreiðslu og lögðum allmikla vinnu í að afla nauðsynlegra gagna, unnum úr hagskýrslum til að koma með glöggar upplýsingar, svo að hv. n. veittist léttara að athuga málið. En því miður virðist svo, að okkar fyrirhöfn sé öll fyrir gýg unnin að þessu sinni, því að n. hefir enn ekki látið neitt frá sér heyra um málið.

Ég veit það vel, að yfirleitt eru mjög skiptar skoðanir um það, hvort aðhyllast skuli einkasölufyrirkomulag eða ekki, en það orkar þó ekki tvímælis, að margir þeirra, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, álíta, að mikil nauðsyn sé að bæta fyrirkomulag á sölu mótorvéla hér í landi.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál nú, en ég verð að telja, að það hafi fengið mjög slæma afgreiðslu hjá hv. fjhn. og vil leyfa mér að víta það harðlega, að þannig sé farið með svo merkilegt mál sem þetta.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil beina þeirri ósk til hv. allshn., að hún afgr. frv. það um breyt. á fátækralögum, sem kom frá Ed. Ég er hissa á því, að slíkt mál sem þetta skuli vera stöðvað í n. Ég get hugsað, að það muni valda, að sumir hv. þm. vilja ekki ganga inn á þá styttingu á sveitfestistímanum, sem þar á að gera, en því ákvæði mætti breyta. En það er alveg ótækt að gera enga leiðréttingu á hinu herfilega misrétti, sem er milli hreppa. Nú er það þannig, að í sumum hreppum þarf hvert mannsbarn að greiða sem svarar 38 kr. til fátækraframfærslu, svo að ekki er annað sýnt en að sumir hreppar leggist í auðn af þessum sökum. Ég vona því, að n. skili áliti sínu um þetta frv. nú þegar, ekki síðar en á morgun, því að hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða fyrir marga fátæka hreppa víðsvegar um land, að það er hvorki n. né hv. þd. samboðið að hirða ekki um að afgr. það.

Bergur Jónsson: F. h. allshn. vil ég lýsa því yfir, að n. er búin að afhenda álit um þetta mál. Frv. kom ekki fyrir n. fyrr en um miðjan þennan mánuð, og fundartími n. er á sama tíma og þingfundir standa oft yfir. Af þeim sökum hefir allshn. átt örðugt með að starfa að afgreiðslu mála.

Halldór Stefánsson: Út af þeim ásökunum, sem hv. þm. Dal. beindi til fjhn. vegna afgreiðslu eins máls, vil ég taka það fram, að það er ekki hægt að ætlast til, að n. hafi getað afgr. allan þann sæg af málum, sem henni hefir borizt nú á þessu þingi. Það mun hafa verið vísað um 30 málum til n., og auk þess hefir hún sjálf flutt 2 frv. N. mun nú hafa afgr. að minnsta kosti 25 af þessum málum, auk þeirra frv., sem hún hefir flutt, svo að n. þarf ekki að taka neinum ásökunum fyrir að hafa setið auðum höndum, jafnvel þó að þetta þing sé nú orðið alllangt.

Ég hygg líka, að þótt þetta mál, sem hv. þm. Dal. var að tala um, hefði verið afgr. frá n., þá væri ekki víst, að því væri að miklu borgnara fyrir það, því að, eins og menn vita, liggja fyrir deildinni mál, sem fjhn. hefir afgr. fyrir alllöngu, en hafa þrátt fyrir það ekki fengið afgreiðslu hv. þd.

Úr því að hv. þm. eru farnir að hefja umr. um afgreiðslu mála í nefndum, vil ég minnast á eitt frv., sem var vísað til allshn., þegar 4 vikur voru liðnar af

þingtímanum. Það er frv. um breyt. á fátækralögum. Það hefir ekki fengið afgreiðslu n. ennþá, og er þó form. n. einn af flm. þess. Ég kemst ekki hjá að átelja töf málsins í nefndinni. Þar sem nú er mjög farið að líða á þingtímann og lítil líkindi eru til, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni úr því sem komið er, þá vil ég taka undir með hv. þm. N.-Ísf., að n. afgr. tafarlaust það frv., sem Ed. afgr. um þetta efni. Það er komið þeim mun lengra áleiðis, að það ætti að geta náð afgreiðslu á þessu þingi. Ég álít að vísu, að í því felist miklu minni og ófullkomnari umbætur á fátækralögunum heldur en í því frv., sem borið var fram í Nd., en ég kýs, að það nái fram að ganga heldur en ekkert, því að það er þó spor í rétta átt, sem mætti bæta um á komandi tíma.

Jónas Þorbergsson: Hv. form. fjhn. lét þess getið, að það mál, sem ég spurðist fyrir um, væri lítið betur komið þó að n. afgr. það frá sinni hendi, því að n. hefði afgr. mörg frv., sem d. hefði ekki afgr. enn. Þetta er rétt, en það er engin afsökun fyrir n. Henni ber skylda til að afgr. þau mál, sem henni berast, eftir því sem hún getur, svo að þau geti síðan komið til umr. og fengið þá afgreiðslu, sem meiri hl. þd. álítur rétta.

Hv. form. fjhn. upplýsti það, að n. hefði fengið 30 mál til meðferðar, og þar af hefði hún afgr. 25, svo að hún á þá aðeins 5 mál óafgr. Þetta virðist benda til þess, að þetta mál, sem er vitanlega eitt af þessum 5, eigi ekki upp á pallborðið hjá n. (**HStef:** Það held ég geti hugsazt!), þar sem hún hefir ekki hirt um að afgr. málið, og þó lögðum við flm. mikla vinnu í að undirbúa það svo, að það yrði sem aðgengilegast. Hv. form. n. viðurkenndi það með þeim orðum, sem hann skaut inn í, að það væri af óvild til málsins, að n. hefði ekki afgr. það. Ég geri því ráð fyrir, ef okkur flm. endist aldur til að bera málið fram á næsta þingi, að við myndum kjósa, að málinu yrði vísað til annarar n. en hv. fjhn.

Forseti (JörB): Hv. þm. Mýr. kvartaði undan því, að forseti hefði eigi tekið á dagskrá tvö mál, sem hann tilnefndi. Um annað þessara mála, ölfrv., vil ég upplýsa það, að þegar það var tekið hér til 1. umr., þá virtist mér því svo fálega tekið, að jafnvel hv. flm. hafi fallið allur ketill í eld. Hv. þm. Mýr. segir, að hann hafi síðar orðað það við mig, að málið yrði tekið á dagskrá. Skal ég engar brigður bera á, að það sé satt, en þó minnist ég þess ekki. Má þó vera, að hann hafi minnzt fljótlega á það við mig, en ég gleymt því. En svo mikið er víst, að eftir það hefir hvorki hann né nokkur annar hv. flm. minnzt á, að þetta mál væri tekið á dagskrá. En ef tóm gefst til, mun ég reyna að taka þetta mál á dagskrá fyrir þá, til að lofa þeim að þreyta þar um.

Um hitt málið, breyt. á jarðræktarl., skal ég upplýsa það, að það er tiltölulega stutt síðan það mál kom úr n. Nál. er dagsett 7. þ. m., og mörg þau mál, sem löngu fyrr hafa komið úr n., hafa hér verið tekin á dagskrá aftur og aftur. Get ég þar tilnefnt 2 mál; annað er frv. um verðhækkunarskatt, nál. dags. 12. f. m., hitt er frv. um háleiguskatt, nál. dags. 13. apríl. Þessi mál hafa verið tekin á dagskrá aftur og aftur, en sökum þess, hve mörg mál hafa verið á dagskrá, einkum þegar fór að líða á þingið, hefir ekki unnizt tími til að afgr. þessi mál, sem ég nefndi, og svipað er um mörg önnur mál að segja.

Þá vil ég og geta þess, að þegar nál. um breyt. á jarðræktarl. var gefið út, var aðeins ein vika til hvítasunnu, og var þá tilætlunin að ljúka þingi fyrir hátíðina, og var þá mesti fjöldi mála, sem heimtað var, að væru tekin fyrir þá þegar.

Það má vera, að hv. þm. Mýr. vilji telja, að fundir hafi ekki verið haldnir nógu lengi á degi hverjum. Þar til er því að svara, að ýmsir hv. þm. hafa kvartað undan því, og það með réttu, að þeir hefðu lítinn tíma til nefndarstarfa, ef þingfundir stæðu lengi yfir. Málin hefðu því ekki fremur gengið fram, þó að þingfundir hefðu staðið fram á nótt, því að þá hefðu hv. þm. því síður verið vinnufærir til nefndarstarfa. Ég get líka bætt því við, að þegar þingfundir hafa staðið lengi yfir, hefir oft verið nokkuð þunnskipað á þingbekkjunum.

Ég vil þó að endingu heita hv. þm. Mýr. því, að þetta mál, sem hann talar um, breyt. á jarðræktarlögum, verði nú fljótlega tekið á dagskrá, svo að hann geti þá

neytt aðstöðu sinnar til að koma því lengra áleiðis. Hinu vil ég algerlega mótmæla, sem hv. þm. sagði, að ég hafi á nokkurn hátt notað aðstöðu mína til að tefja framgang þessara mála.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það, að hann lofar að taka þetta mál á dagskrá nú bráðlega, en ég verð að segja, að mér finnst undarlegt, að slík mál sem þetta skuli aldrei hafa verið á dagskrá undanfarna daga, því að mér hefir virzt dagskráin bera þess vott, að forseti hafi nú upp á síðkastið verið í vandræðum með að fá mál á hana.

Um hitt málið, frv. um ölgerð og sölumeðferð öls var á hæstv. forseta að heyra, að ég ætti að vera honum þakklátur fyrir þá hugulsemi að hlífa okkur flm. þess við frekari árásum vegna þessa frv. Ég hélt nú, að það væri ekki eitt af verkefnum forseta að hlífa þm. við hörðum umr. um þau mál, er þeir bera fram. Mér skilst, að hann eigi fremur að hugsa um hitt, að reyna að láta þd. fá málin til meðferðar, svo að hvert mál geti fengið þá afgreiðslu, sem meiri hl. vill vera láta. Hann á að taka málin fyrir, svo að þau geti farið til n. og fengið þar athugun. Það getur vel verið, að hæstv. forseti hafi fallið allur ketill í eld við þau andmæli, sem frv. sætti við 1. umr. Við flm. fengum aldrei tækifæri til að svara þeim, en ég verð að segja það, að þessi rök voru ekki svo sterk, að þau svifu á mig, og ég býst við, að eins sé um hv. meðflm. mína. Við þurfum áreiðanlega til þess bæði sterkari og stærri skammt en þar var fram reiddur.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil spyrja hæstv. forseta um það, sem margir hv. þm. bera fyrir brjósti, hvenær þingi muni verða slitið. Ég hygg, að það sé almannamál, að síðasta hálfa mánuðinn hafi lítið tilefni verið til þinghalds. Deilumálin eru stöðvuð og yfirleitt allt gert til að draga þingið að nauðsynjalitlu eða nauðsynjalausu. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti getur svarað þessari fyrirspurn, en mér væri kært að heyra álit hans og að hann léti hv. þd. vita, ef hann vissi um hug hæstv. stj. í þessu efni frekar en aðrir.

Forseti (JörB): Það er ekki á mínu færi að svara þessari fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf., en nokkra hugmynd getur hann gert sér um þetta af því, sem ég sagði áðan um afgreiðslu frv. um breyt. á jarðræktarlögunum. Ég tók það fram í sambandi við það mál, að þegar nál. um það var gefið út, 7. þ. m., þá bjóst ég ekki við, að þingið stæði lengur en fram að hvítasunnu. Annars verður stj. að segja til um það, hvenær búast má við þinglausnum.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 17. fundi í Nd., 1. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (JörB): Hv. þm. Seyðf. hafði mælzt til þess að fá að bera hér fram mál utan dagskrár, og mun ég verða við þeirri beiðni hans. (HV: Þm. Seyðf. er ekki staddur í d. sem stendur, en mundi ég ekki mega fá orðið í hans stað?). Ef hv. 3. þm. Reykv. hefir hið sama mál fram að flytja sem flokksbróðir hans, hefi ég ekkert við það að athuga og gef honum því hér með orðið.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi beina því til hæstv. stj., og þá til hæstv. fjmrh., úr því að hann er hér einn viðstaddur úr stj., hvort sú er ekki meining stj. að bera fram eitthvert frv. á þessu þingi vegna kreppunnar. Áður en þing kom saman mun það hafa verið talið sjálfsagt af öllum, að þau mál, sem þetta þing einkum léti til sín taka, væru kjördæmamálið og kreppan. Er nú að koma skriður á hið fyrra, að því leyti sem meiri hl. kjördæman. hefir borið fram stjórnarskrárbreytingafrv. sitt, og er þá að vænta, að till. minni hl. n. komi senn í dagsins ljós. En ekki bólar enn á neinum till. um ráðstafanir vegna kreppunnar, og hlýtur þó það að verða aðaláhyggjuefni þingsins, hvernig eigi að styðja landsmenn í kreppunni, sem hvílir jafnt á öllum, ríkissjóði og bæjum jafnt sem einstaklingum. Ef stj. ætlar ekki að bera fram neinar till. um ráðstafanir vegna kreppunnar, sem

henni þó tvímælalaust ber skylda til, og ætti enda að sjá sinn eiginn hag í að gera, verður a. m. k. að krefjast þess, að hún segi til þess í tíma, svo að þm. gefist svigrúm til að koma fram till. í þessu efni, en um það fer nú hver að verða seinastur úr þessu, þar sem þm. er ekki heimilt að bera fram frv. án afbrigða frá þingsköpum nema í 1½ viku enn.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal svara fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv., en vil þá jafnframt taka það fram, að ég svara eingöngu vegna míns ráðuneytis. Þegar ég hafði lagt fram fjárlagafrv., fékk ég að heyra það hjá sumum þm., að það væri borið fram sem kreppuráðstöfun jafnframt, en auk þess hefi ég borið fram 3 tekjuaukafrv. og mun síðar bera fram 2 önnur, sem ég mun leggja áherzlu á, að nái fram að ganga. Hafði ég ætlað mér að leggja þessi frv. fyrr fram, en svo hefir þó ekki getað orðið, og veldur bæði um lasleiki minn undanfarið, og auk þess hafa annir sótt að mér vegna málefna Útvegsbankans, og eru þm. þau kunn. Um þessi frv., sem ég nefndi, hafði ég hugsað mér að eiga tal við fjhn. d., og býst ég við, að það verði þegar í dag. Hefir form. fjhn. tjáð mér, að hann hafi kvatt n. á fund að þessum þingfundi loknum. Ég hefi þá svarað fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. að því, sem til míns ráðuneytis tekur, en um annað vísa ég til fors.- og atvmrh., sem mun sjálfur segja til þess, sem hann hyggst fyrir í þessum efnum.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil undirstrika það hjá hv. 3. þm. Reykv., að þegar er nú liðin hálf þriðja vika af þingtímanum, og ekki nema í 1½ viku enn, sem þm. er heimilt að bera fram mál sín hér í þinginu án afbrigða frá þingsköpum. Samt bólar enn ekki á neinum ráðstöfunum vegna kreppunnar af hálfu hæstv. stj., því að ég vil algerlega mótmæla því, að þau frv., sem hæstv. fjmrh. hefir lagt fyrir þingið, séu kreppufrv. Þau miða þvert á móti öll að því að auka á kreppuna. Þau vandræði, sem kreppan bakar mönnum, eru aðallega þrennskonar, og er þetta þó allt skylt og hvert öðru nátengt. Er þar fyrst verðfall afurðanna, og kemur það fram í lækkuðum tekjum allra þeirra, sem tekjur sínar hafa af afurðasölu. Þar næst er hið stórkostlega atvinnuleysi með stórum minnkuðum tekjum þeirra allra, sem lifa á því að selja vinnuafl sitt. Og loks er svo hin aukna dýrtíð í landinu vegna gengisfallsins. Þær ráðstafanir, sem felast í þeim frv., sem hæstv. fjmrh. hefir borið fram, miða allar að því að auka á þessi vandræði manna; sumpart hníga þær að því að draga úr framkvæmdum ríkissjóðs og auka þannig á atvinnuleysið, sem fyrir er í landinu, en sumpart ganga þær út á að framlengja þá tolla, sem þegar eru lagðir á þjóðina, og auk þess að bæta við nýjum tollum og álögum og auka með því á dýrtíðina. En ekkert er gert til að bæta afurðasöluna. Á þinginu í sumar var samþ. þáltill. og það m. a. s. af flokksmönnum stj., þar sem stj. var falið að láta rannsaka, á hvern hátt heppilegast væri að vinna gegn dýrtíðinni í landinu og bæta úr atvinnuleysinu, og var ætlazt til, að stj. legði till. sínar um þetta fyrir þetta þing. En enn bólar ekki á neinu slíku frv. Þegar ég um daginn innti hæstv. forsrh. eftir þessu, svaraði hann því einu til, að hér mundi bráðlega verða útbýtt meðal þm. mjög merkilegri skýrslu um verzlunarálagningu hér í Rvík. Þessi skýrsla er nú komin, og er hún að vísu allmerkileg, en þó að hún beri því órækt vitni, hversu verzlunarkostnaðurinn er mikill hér, leysir hún á engan hátt né bendir á lausn þessara vandræða, heldur verður að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta úr þessu sleifarlagi og draga úr þessum óþarfa kostnaði við verzlunina. Mér er kunnugt um það, og ég þykist vita, að svo sé um þm. almennt, að ástandið víða í sveitum landsins er sízt betra en í kaupstöðunum. Ég hefði því haldið, að stj. mundi a. m. k. vilja sýnast gera einhverjar ráðstafanir til að létta bændum kreppuna. Mun svo víða vera, að þegar bændur eru búnir að greiða vexti og afborganir af skuldum sínum, eiga þeir ekkert eftir til nauðsynjakaupa, skattgreiðslna o. fl. Afurðirnar eru í svo lágu verði, að þetta stenzt á endum. Þó sé ég það mér til mikillar furðu, að hæstv. fjmrh. hefir tekið upp í fjárlagafrv. 540 þús. kr. fjárveitingu vegna jarðræktarlaganna, og svarar

það til þess, að bændur létu vinna að sínu leyti fyrir 2½ millj. kr., eftir því hlutfalli, sem jarðabæturnar kosta. Held ég, að bændur almennt séu með öllu útilokaðir frá að nota sér þennan styrk, enda ekki smáræðisupphæð, sem þeir þurfa að hafa handa á milli til að geta notfært sér styrkinn, fullar 2½ millj. kr., eins og ég áður sagði. Þetta ber vitni um það, að hæstv. stj. gerir sér ekki ljóst, hversu illt ástandið er meðal bænda. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að hægt væri að verja þessari fjárhæð svo, að bændum kæmi að miklu meira gagni. Þá hefir hæstv. fjmrh. og haldið styrknum til Búnaðarfélagsins óbreyttum og til styrks vegna áburðarkaupa áætlar hann 60 þús. kr. og gerir þannig ráð fyrir, að bændur eigi jafnauðvelt sem áður með að kaupa sér tilbúinn áburð. Með framlaginu til Búnaðarbankans verður þetta alls um 1200000 kr., sem veitt er til landbúnaðarins á þennan hátt á næsta ári, og fæ ég ekki séð, að slíkt geti verið á viti byggt, að því leyti, að bændur geti notað sér þetta framlag með því að leggja fram úr eigin vasa þær upphæðir, sem til er skilið á móti, sem nema a. m. k. 3—4 millj. kr.

Þetta eru nú kreppuráðstafanir hæstv. ráðh. vegna bænda. Vegna smábátaútvegs og verkalýðs eru hinsvegar engar ráðstafanir gerðar, heldur er kreppan þar aukin með tollum og öðrum álögum.

Ástæðan til þess, að við hreyfum þessu máli nú í fyrirspurnarformi, er sú, að á 2 síðustu þingum hafa till. okkar verið að vettugi virtar. Því höfum við nú viljað bíða átekta og sjá, hvað stóru flokkarnir ætla sér að gera til að létta þjóðinni kreppuna. Það er sýnt, að tillögur okkar eiga ekki upp á pallborðið hjá þeim. Þær verða drepnar enn sem fyrr. Hvað ætla þeir að gera? Nú höfum við beðið tillagna þeirra frá þingbyrjun. Hvenær koma þær?

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun reyna að halda mér við efnið og vísa til hæstv. atvmrh. um þau mál, er koma hans ráðuneyti við.

Það stendur alls ekki í valdi stj., hvaða verð er á afurðunum. Það gæti miklu fremur staðið í valdi verkamanna og atv.-rekenda. Ég býst við, að hv. þm. Seyðf. segi, að bæta megi fisksöluna með því að skipuleggja hana. Það má vafalaust verjast nokkuð með betri samtökum útflytjenda. En þó er engin von um að fá líkt því sama verð fyrir fiskinn og var 1929, hvaða aðferð sem höfð er um söluna. Slíkt verðfall, sem orðið hefir á aðalframleiðsluvörum þeirra landa, er einkum kaupa af okkur fiskinn, girðir vitanlega fyrir, að þau lönd geti keypt aðfluttar vörur með sama verði og áður. T. d. flutti Spánn út vín 1930 fyrir 140 millj. peseta, en 1931 fyrir 60 millj., og þó meira að magninu til en árið áður. Þjóðir, sem verða fyrir slíku verðfalli, geta ekki goldið hátt verð fyrir erlenda vöru.

Dýrtíðin stafar ekki af gengisfallinu. Núverandi ástand batnar ekki fyrr en allar vörur hækka í verði. Það má e. t. v. reyna að koma því inn hjá almenningi, að þessi kenning sé sett fram til að lækka kaupið, en hækka allt annað. En slíkar fullyrðingar eru aðeins lækning við pólitískri kreppu einstakra flokka.

Um atvinnuleysisstyrkina er það að segja, að reynt hefir verið að fara í því efni eftir fyrirmælum þingsins, en lítið verið borgað út ennþá. Má nefna, að Seyðisfjörður hefir ekki enn varið styrk þeim, er hann fékk, til atvinnubóta, heldur lagt hann á vöxtu og ætlar að geyma unz atvinnuleysi byrjar aftur. Það skal játað, að styrkir þessir eru hégómaráðstafanir í samanburði við 11 millj. frv., og þó að ég nefndi t. d. 1 millj. í nýjum álögum, þá geta tæplega sömu mennirnir, sem heimtuðu 11 millj., talað um, að ég geri tillögur um álögur, sem auki kreppuna.

Það virðist svo sem sú skoðun sé almenn, að kreppan sé alstaðar nema hjá ríkissjóði. Hann á að geta bjargað öllum, helzt án þess að gera nokkrar kreppuráðstafanir um fjáröflun til að standast margháttaða tekjurýrnun.

Um landbúnaðarstyrkina er það að segja, að þar hefi ég talið mér skylt að fara eftir gildandi lögum. T. d. eru gjöld samkv. jarðræktarlögunum vitanlega lögbundin. Ég trúi því varla, að hv. þm. sé alvara með það, að Búnaðarbankinn komi ekki út því fé, sem hann hefir til ráðstöfunar.

Smábátaútveginn væri auðvitað æski-

legt að geta styrkt af ríkisfé. En úr verðfalli fiskjarins getur ríkið ekki bætt. En sannleikurinn er sá, að kreppan læknast ekki fyrr en framleiðslukostnaður og vöruverð jafnast aftur og allt hækkar í verði, sem við þurfum að kaupa og selja. E. t. v. er veiðimannlegra að orða þetta þannig, að á þurfi að standast kostnaður og kaupgeta.Hjá þessu verður ekki komizt.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. fjmrh. sagði, að framleiðslukostnaður, þ. e. kaupgjald, þyrfti að lækka og vöruverð að hækka til þess að kreppunni létti af. Ég er hér alveg á gagnstæðri skoðun. Ástæðan til kreppunnar er sú, að kaupgetan er minni en framleiðslugetan, þ. e. a. s. kaupgjaldið er of lágt. Þetta leiðir til þess, að vörurnar hrúgast upp (overproduktion). Lækningin er samræmi milli framleiðslumagns og kaupgetu. Annað verður að minnka, en hitt að aukast. Ég skal játa, að við Íslendingar ráðum litlu í þessu efni. En af þessu er augljóst, að heildarlækning hæstv. fjmrh. við kreppunni yrði aðeins til að gera illt verra.

Hæstv. ráðh. fór stundum óráðvandlega með orð mín. Þannig kom mér aldrei til hugar að kenna stj. um verðfall á saltkjöti, saltfiski og síld. En ef nokkur manndómur væri í stjórn og þingi, ætti að vera hægt að tryggja betur sölu þessara afurða en gert er. Í öllum viðskiptalöndum okkar nema tveimur er viðskiptajöfnuður þeim hagstæður og með heildarsamningum ætti að vera hægt að auka að mun sölu á afurðum okkar í þeim löndum. Ef þing og stjórn treysta sér ekkert til að gera í þessum málum, verð ég að játa, að vald þeirra er ekki mikils virði. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið viðvíkjandi síldarsölunni í vetur, virðast næsta vafasöm kreppuráðstöfun. Og það eru einu afskiptin, sem þing og stjórn hefir haft af sölu afurðanna síðan kreppan byrjaði.

Ég fæ ekki séð, að verðlag á vínum á Spáni komi á nokkurn hátt við kreppuráðstöfunum okkar. Annars er þetta gömul grilla, að Spánverjar búi ekkert til nema vín. Það hefði eins mátt minnast á salt og appelsínur og fjölda af allskonar iðnaðar- og landbúnaðarvörum, sem þeir framleiða.

Hæstv. fjmrh. minntist eins og í skopi á 11 millj. frv., en gat hinsvegar ekkert um efni þess. En ég gæti trúað, að brosið færi af honum, þegar hann les það. Og ef það á fyrir honum að liggja að vera fjmrh. lengi, gæti ég trúað, að hann gripi til einhverra þeirra ráða um tekjuöflun, sem bent er á í frv. Ég hefi heyrt, að á leiðinni séu tekjuaukafrv. frá hæstv. ráðh. eða flokki hans, sem týnd eru upp úr 11 millj. frv.

Það, sem hæstv. ráðh. sagði um atvinnuleysisstyrkina, var mjög villandi. Hann vildi láta líta svo út sem þeim 300 þús. kr., sem ætlaðar voru í þessu skyni, hefði ekki verið eytt nema að mjög litlu leyti, af því að þeirra hefði ekki þurft með. Ef það er rétt, að litlu hafi enn verið eytt af þessu fé, þá er það eingöngu fyrir brigðmæli stj., og dirfska býsna mikil eða öllu heldur ósvífni að vera að gera sig góðan af slíku.

Stjórnin lýsti yfir, að fé yrði til í haust gegn lögákveðnu framlagi sveitar- og bæjarfélaga. Munu bæjarfélögin hafa gert ráðstafanir til að útvega sér lán á móti styrknum. Flestöll kauptún og kaupstaðir munu hafa sótt um styrkinn, en aðeins 4 bæjarfélög og 2 kauptún fengið lítilsháttar styrk. Seyðisfjörður mun hafa fengið um 4500 kr. lán og styrk um mánaðamótin nóv.—des. En um það leyti gerði forsjónin þar atvinnubætur, því að þá kom síldin, sem olli mikilli atvinnu í bili. Á meðan var féð, sem óeytt var, geymt í sparisjóði, svo það væri handbært, og býst ég við, að nú sé farið að ganga á það. Öðrum kaupstöðum hefir verið neitað, og gat þó t. d. Norðfjörður lagt fram ⅔ á móts við styrkinn. Á Eskifirði hefir verið unnið fyrir 5000 kr. af bæjarfé, en ekkert fengizt úr ríkissjóði. Fáskrúðsfj. hefir heldur ekkert fengið.

Mín reynsla er sú, að stj. hefir yfirleitt harðneitað um lán og styrk og borið því við, að reglugerð um atvinnuleysisstyrk væri ósamin. Hæstv. fjmrh. hefði því ekki átt að tala um atvinnuleysisstyrkina máli sínu til stuðnings.

Hæstv. fjmrh. gaf mér ekki tilefni til að segja fleira. Hann hefir aðeins gefið svar um þau frv., sem von er á frá hans hendi. En væntanlega getur hæstv. forsrh. upplýst meira.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég hefði sagt, að framleiðslukostnaður ætti að lækka með því að kaupgjald lækkaði. Ég sagði **allur** framleiðslukostnaður, og hann er meiri en kaupgjald. Fyrr en framleiðslukostnaður minnkar og vöruverð hækkar léttir ekki kreppunni. Hvað helzt eigi að lækka í framleiðslukostnaðinum, ætla ég ekki að ræða hér. Baráttan um það verður háð á öðrum vettvangi. En þetta tvennt, framleiðslukostnaður og vöruverð, þarf að mætast og gerir það einhverntíma, hversu mjög sem menn berjast á móti því sér til tjóns.

Hv. þm. sagði, að kreppan stafaði af því, að kaupgetan væri minni en framleiðslan, en játaði þó, eins og rétt er, að við Íslendingar réðum ekki við þetta. Ég endaði einnig fyrri ræðu mína á því, að jafnvægi þyrfti að komast á. Þó getur komið fyrir, að kaupgetan verði of mikil, eins og t. d. síðastl. ár. Þá var kaupgetan meiri en framleiðslan leyfði. Þótt verzlunarjöfnuður væri hagstæður, þá var greiðslujöfnuður það ekki, vegna þess að of mikið var notað af erlendum vörum. Þótt það sé rétt, að kaupgetan eigi að svara til framleiðslunnar, eru þó hlutföllin ekki ávallt hin sömu. Þótt kaupgeta breytist, eru sumar vörur jafnmikið eða lítið notaðar eftir sem áður. Svo er t. d. um kornvörur, að þótt kaupgeta vaxi móts við framleiðsumagn, kaupir enginn meira brauð en áður.

Þá sagði hv. þm. Seyðf., að stj. mætti fyrirverða sig fyrir brigðmæli viðvíkjandi atvinnuleysisstyrknum. Ég játa það, að stj. hefir þar að ýmsu leyti gengið á móti þeim kröfum, sem fram hafa komið. En hvort er þjóðarhagsmununum skaðlegra að reyna að tefja fyrir einhverju af þessum kröfum en að fara um allar sveitir og heimta allt og ekkert og gera sem stærstar kröfur, það skal ég láta ósagt. Ef jafnaðarmenn væru við völd á svona tímum, þá myndu þeir reyna að draga úr, en ekki auka viðleitni fólks til þess að heimta slík útgjöld af ríkinu umfram það, sem bráðnauðsynlegt er. Það verður að varast eins og unnt er að hlaða þungum byrðum á komandi ár. Mér er kunnugt um það, að jafnaðarmannastjórnirnar á Norðurlöndum hafa á krepputímum reynt að draga úr slíkum kröfum, því að ef ekki væri aðhald hjá ríkisstjórnunum, þá væri hætt við, að kröfur um atvinnubætur lengdu kreppuna úr öllu hófi. Sænski fjmrh. Thorsson sagði um kreppuna 1920—1922, að menn mættu þá ekki gera hærri kröfur en svo, að aðeins nægði til að sál og líkami héngi saman. Þetta sagði jafnaðarmannaráðherra.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég hefi lesið 11 millj. frv., sem hv. þm. benti mér á. Hann sagði, að þá mundi ég hætta að kíma. Það er alveg rétt, mér var enginn hlátur í hug, þegar ég hafði lesið þetta kreppufrv. hans.

Á 27. fundi í Nd., 12. marz, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Eftir þingsköpum er erfitt að beina fyrirspurnum til stj. Hún þarf langan tíma til að hugsa sig um og svarar oft ekki fyrr en í þinglok. Ég vil því nota þá aðferð, sem var notuð á síðasta þingi af Alþýðuflokknum til þess að afla upplýsinga jafnóðum um fyrirætlanir hæstv. stj., með því að gera fyrirspurnir utan dagskrár.

Það, sem ég vil spyrja um, eru tvö mál, hvort frv. þeim viðvíkjandi muni á þessu þingi koma frá stj. Annað er síldarsalan. Það er öllum kunnugt, hverjar horfur eru með það mál nú. Það er nauðsynlegt fyrir þá, sem við þennan atvinnurekstur fást, að fá að vita, hvort nokkurt lögskipað fyrirkomulag eigi að verða á þessum atvinnuvegi í sumar, eða hvort allt eigi að vera „frjálst“ og skipulagslaust. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. stj., hvort hún hugsi sér að koma með frv. þessu viðvíkjandi.

Hitt er saltfisksölumálið. Það er kunnugt, að mikil óánægja er meðal útgerðarmanna hér á landi út af fisksölunni, sem raunverulega hefir verið einkasala fyrir tvö fisksölufélög, Kveldúlf og Alliance, og kemur það bæði beint og óbeint niður á sjómönnum og verkalýð landsins.

Það hefir heyrzt, að hæstv. stj. hefði í hyggju að koma einhverju skipulagi á fisksöluna. Ég vil því beina þeirri fyrir-

spurn til hæstv. stj., hvort þetta sé rangt eða hvort von er á frv. viðvíkjandi þessu nú á þessu þingi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Að því er snertir síldarsöluna vil ég taka það fram, að ég álít rétt, að það mál verði rætt hér, þegar til þessarar d. kemur frv. um síldareinkasöluna, sem Ed. hefir haft til meðferðar.

Þá get ég upplýst það, að ekki mun koma af hálfu stj. frv. um skipulag á saltfisksverzluninni að þessu sinni.

Héðinn Valdimarsson: Mér skildist, að hæstv. stj. ætlaði ekkert að skipta sér af saltfisksverzluninni á þessu þingi og afskipti hennar af síldarsölumálinu yrðu ekki önnur en þau, að láta staðfesta bráðabirgðalög um afnám síldareinkasölunnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég gat þess, að ekkert frv., sem snertir saltfisksverzlunina, mundi koma frá stj., en að ég áliti rétt að tala um síldarsöluna í sambandi við það frv., sem nú er komið fram.

Á 37. fundi í Nd., 29. marz, utan dagskrár, mælti

Jóhann Jósefsson: Eins og kunnugt er, var rannsóknarstofu háskólans lokað þann 16. marz, og það er ekki vitanlegt, að hún hafi verið opnuð aftur. Út af þessu hefi ég orðið var við óró og ugg í mönnum, þ. á. m. læknum. Nú er ekki hægt að fá sýklarannsóknir framkvæmdar hér á landi. Mér er sérstaklega kunnugt um einn lækni, sem nú hefir neyðzt til að senda utan blóðprufur sjúklinga sinna til að láta rannsaka þær þar. Það leiðir af sjálfu sér, að hér er um óþægindi og hættu að ræða fyrir sjúklingana, og, þegar sjúkdómur er smitandi, líka fyrir aðra. Í grein eftir sérfræðing í kynsjúkdómum hefi ég séð þess getið, að nú væri hættulegur kynsjúkdómur farinn að útbreiðast hér óskyggilega mikið á hinum síðustu tímum. Þá er það vitanlegt, að nú fyrir fáum dögum hefir hér orðið vart smitandi heilabólgu.

Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort hún sjái sér ekki fært að sjá til þess, að þessi nauðsynlega stofnun taki til starfa aftur. Það mun stafa af lítilfjörlegu fjárhagsatriði, að heilbrigðisstj. og forstöðumaður stofunnar koma sér ekki saman. En það má ekki svo til ganga, að læknar hafi ekki aðgang að rannsóknarstofu. Það er komið í óefni, ef svo er stýrt, að leita verður til útlanda til sýklarannsókna. Ég vil ekki orðlengja þetta, en fyrirspurn mín er sú, hvort hæstv. stj. sjái sér ekki fært að leysa málið, svo að stofan verði opnuð strax aftur. Það er áreiðanlega mjög mikið nauðsynjamál.

Fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Sú rannsóknarstofa, er hér ræðir um, heyrir ekki undir mitt ráðuneyti og málið hefir ekki komið fyrir ráðherrafund. Ég get því engar upplýsingar um það gefið. En málið hlýtur að hafa komið fyrir skrifstofu landlæknis, sem hér á sæti í deildinni, og vil ég að því leyti vísa fyrirspurninni til hans. Önnur svör verða að bíða þar til viðkomandi ráðh. verður viðstaddur.

Vilmundur Jónsson: Ég er fús til að gefa nokkrar upplýsingar í þessu máli. Lokun rannsóknarstofunnar er sprottin af lítilsháttar ágreiningi milli forstöðumanns hennar og ríkisstj. Ágreiningurinn er bæði um fyrirkomulag stofunnar og launakjör forstöðumannsins. Það hefir ekki ennþá tekizt, þrátt fyrir viðleitni mína, að ljúka þessari deilu. Ég tel mér skylt að skýra frá því, að það er ekki eingöngu stj. að kenna. Það er ekki síður sök háskólans, er hingað til hefir kostað stofuna að nokkru leyti, en neitar nú að leggja fram nokkurn eyri til hennar. Þó er nú svo komið, að ég hefi engu síður fengið heimild stj. til að semja við forstöðumanninn; höfum við mælt okkur mót kl. 4 í dag, og vona ég, að málið verði þá farsællega til lykta leitt.

Hvað viðvíkur sótt þeirri, sem hér er komin upp og hv. þm. minntist á, get ég upplýst, að hún verður viðstöðulaust rannsökuð, hvað sem þessu máli líður. Ég hefi samið við forstöðumann rannsóknarstofunnar um, að hann sem privat-

maður annist nauðsynlegar rannsóknir, og verður kostnaðurinn greiddur af sóttvarnarfé, sem ég sem landlæknir hefi umráð yfir.

Jóhann Jósefsson: Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. og hv. þm. Ísaf. fyrir upplýsingarnar. Þess virðist nú að vænta, eftir því sem hv. þm. Ísaf. sagði, að málið leysist skjótlega.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er aðeins af því að orð hv. þm. Ísaf. virtust benda til þess, að hann teldi háskólann eiga sök á lokun stofunnar, að ég vil segja fáein orð til skýringar.

Þegar rannsóknarstofan var sett upp, þá var veittur úr sáttmálasjóði nokkur styrkur til að reka hana. Í upphafi var starfið lítið og langt frá því, að það gæti borið sig. Þá hljóp sáttmálasjóður undir bagga og styrkti stofuna. Nú hefir starf stofunnar aukizt svo mjög, að kaup forstöðumanns, sem er tekjur stofunnar, er orðið allríflegt og óþarflega hátt, enda hefir verið talað um að setja hann á föst laun. Langmest af starfi stofunnar er fyrir hið opinbera. Og nú er svo komið, að tekjur stofunnar frá ríkissjóði einum eru fullkomlega nægar til að standa straum af öllum rekstrinum. Það er því engin ástæða til, að sáttmálasjóður styrki stofuna; það er raunverulega sama og hann veitti ríkissjóði styrk.

Ég vil benda á, að svipað var farið með röntgenstofuna. Henni var veittur lítill styrkur í byrjun úr sáttmálasjóði. En því var hætt þegar hún gat farið að bera sig sjálf.

Ég er hræddur um, að það sé annað en þetta, sem veldur því, að ekki hefir getað samizt með þeim hæstv. dómsmrh. og forstöðumanni stofunnar. Og undir hæglátum orðum hv. þm. Ísaf., sem er landlæknir og milligöngumaður í þessu máli, lá, að það eru vissir örðugleikar á að koma hér á samkomulagi, örðugleikar, sem hann kærði sig ekki um að draga fram í dagsljósið.

Vilmundur Jónsson: Ég vil gera þá aths. við ræðu hv. 4. þm. Reykv., að ég kannast alls ekki við þær miklu tekjur rannsóknarstofunnar, sem hann telur hana hafa. Vandræði þau, sem hún er í, stafa eingöngu af fjárþröng. Enda er hún ákaflega tekjulítil stofnun, sem eðlilegt er, þar sem hún vinnur endurgjaldslaust fyrir lækna, og verður að gera það. Læknarnir verða að fá gerðar nauðsynlegar rannsóknir sér til hjálpar við sjúkdómsgreiningu viðstöðulaust og fyrir ekki neitt. Þeim gengur illa að innheimta slíkt hjá sjúklingunum og mega ekki leiðast í þá freistingu að reyna að spara þennan rannsóknarkostnað. Það gæti orðið almenningi hættulegt.

Deilan er risin af fjárskorti. Hefði háskólinn brugðist vel við og veitt styrk sinn áfram, hefði aldrei komið til þess, að stofunni hefði orðið að loka.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er ekki að furða, þótt stofan sé tekjulítil, ef hún á að vinna allt ókeypis. En hver á þá að kosta rannsóknirnar? Er ástæða til þess, að háskólinn kosti þær? Nei, það er vitaskuld ríkið, sem þær á að kosta.

III. Minning Magnúsar Blöndahls.

Á 20. fundi í Nd., 4. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Áður en tekið verður til fundarstarfa að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum látins fyrrv. þingmanns, Magnúsar Blöndahls kaupmanns og útgerðarmanns, sem átti um eitt skeið sæti í þessari hv. deild. Hann andaðist hér í bænum í gær, sjötugur að aldri, fæddur 10. sept. 1861 að Tjörn á Vatnsnesi.

Hann nam ungur trésmíði og fullnumaði sig í þeirri iðn í Kaupmannahöfn á árunum 1880—1882. Þegar heim var komið, stundaði hann í fyrstu smíðar um tveggja ára skeið, en eftir það fékkst hann jafnframt smíðunum við verzlun og útgerð í Hafnarfirði, 1884—1900. Þá fluttist hann til Reykjavíkur, stundaði þar trésmíði framan af og gerðist meðstofnandi trésmiðjunnar Völundar og var framkvæmdarstjóri hennar frá 1903—1911. Síðan rak hann hér verzlun, útgerð

og verksmiðjuiðnað til dauðadags. Var hann aðalstofnandi fiskiveiðahlutafélagsins Sleipnis og formaður í stjórn þess frá upphafi.

Hann var kosinn á þing af Reykvíkingum árið 1908 og sat á þingunum 1909 og 1911. Kosinn var hann á þingi 1911 í milliþinganefnd til þess að íhuga fjármál landsins, bankamál o. fl. Hann átti sæti í yfirfasteignamatsnefnd Reykjavíkur, og ýmsum fleiri trúnaðarstörfum gegndi hann í almenningsþarfir, meðal annars sat hann um skeið í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Magnús Blöndahl var atorkusamur dugnaðarmaður og jafnan talinn með forvígismönnum í þeim atvinnugreinum, er hann lagði stund á. — Ég vil biðja hv. dm. að minnast þessa látna fyrrv. þingmanns með því að rísa úr sætum sínum.

Allir deildarmenn stóðu upp].

IV. Áskoranir í kjördæmamálinu.

Á 71. fundi í Ed., 10. maí, þá er lesin hafði verið úr forsetastóli tilkynning um, að lögð væri fram í lestrarsal áskorun til Alþingis í kjördæmamálinu frá 1016 alþingiskjósendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu (Dagb. Nd. 344), mælti

forseti (GÓ): Ég hefi tekið eftir því um þessar áskoranir til Alþingis út af kjördæmamálinu, sem berast nú að frá ýmsum stöðum úti um land, að ekki er gott að henda reiður á um áreiðanleik þeirra, því að fyrir sumum þessara áskorana stendur ekki annað en símskeyti með einu eða tveimur nöfnum, þó að sagt sé, að jafnvel 400—500 kjósendur standi á bak við áskorunina. Þótti mér rétt, að þetta kæmi hér fram.

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (GÓ): Þess skal getið út af aths. minni á fundinum í gær við upplestur á skrá um erindi til Alþingis, lögð fram í lestrarsal, að samkv. upplýsingum frá skrifstofunni er svo ástatt um allar þær áskoranir einstakra kjósenda, er sendar hafa verið Alþingi í kjördæmamálinu, nema **fimm**, að fyrir liggja ýmist undirskriftaskjölin sjálf (frumrit) eða símskeyti staðfest af sýslumanni viðkomandi sýslu (frá Húsavík). Framannefndar fimm áskoranir, sem ekki er svo ástatt um, eru þessar:

1. **Áskoranir úr Húnavatnssýslu:**
   Í því efni liggur fyrir bréf til Magnúsar Guðmundssonar alþm. frá Jóni Pálmasyni á Akri og Þorsteini Bjarnasyni á Blönduósi, dags. 25. apríl, um að 408 alþingiskjósendur hafi ritað undir áskorunina.
2. **Áskoranir 122 kjósenda í Snæfellsnessýslu:**
   Þaðan liggur fyrir símskeyti frá Elenius Jónssyni, um að sú tala kjósenda undirriti slíka áskorun, en stöðvarstjóri staðfestir undirskrift.
3. **Áskorun 65 kjósenda á Bíldudal:**
   Þaðan hefir borizt símskeyti frá Jóni Maron til Jóns Þorlákssonar alþm., með tilkynningu um undirskriftir.
4. **Áskoranir úr Skagafjarðarkjördæmi:**
   Símskeyti frá formanni Sjálfstæðisfélags Skagfirðinga til Magnúsar Guðmundssonar alþm., um að félagið hafi tekið við slíkum áskorunum.
5. **Áskoranir frá Siglufirði:**
   Í því efni liggur fyrir eftirrit af undirskriftum, lagt fram af Magnúsi Guðmundssyni alþm. Mun hann eins fljótt og við verður komið leggja fram staðfestingu.

V. Stjórnarskipti.

Á 85. fundi í Ed., 27. maí, og á 85. fundi í Nd., s. d., áður en gengið væri til dagskrár, lásu forsetar eftirfarandi tilkynningu:

„Þar sem ég get ekki sjálfur sótt þingfundi þessa dagana, vildi ég biðja hæstvirta forseta að lesa af minni hálfu í byrjun þingfunda í dag eftirfarandi

Tilkynning frá forsætisráðherra:
Síðastl. föstudag, þá er verðtollsfrum-

varpið, önnur nauðsynleg skattafrumvörp og sparnaðarfrumvarpið voru á dagskrá efri deildar, var því yfir lýst afdráttarlaust af formanni Sjálfstæðisflokksins, að þingmenn flokksins í deildinni mundu greiða atkv. móti þessum frumvörpum, nema því aðeins, að fyrir lægi sú lausn á kjördæmamálinu, sem Sjálfstæðisflokkurinn teldi við unandi. Hann lýsti því ennfremur yfir, að aðstaða flokksins yrði hin sama gagnvart fjárlagafrv. fyrir komandi ár. Þingmaður Alþýðuflokksins í efri deild lýsti því og yfir afdráttarlaust, að hann mundi greiða atkv. gegn nefndum frumvörpum og fjárlögunum. Þar eð sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn til samans ráða yfir réttum helmingi atkv. í efri deild, lá það þannig fyrir að þessu sinni, að skattafrumvörpin og sparnaðarfrumvarpið yrðu felld, ef til atkvgr. kæmi. Frestaði þá forseti atkvgr. samkvæmt ósk minni.

Síðan hafa verið gerðar mjög ýtarlegar tilraunir til að fá þá lausn á kjördæmamálinu, sem flokkarnir gætu orðið ásáttir um. Af hálfu beggja aðilja hefir komið fram vilji um að leysa málið. Eigi að síður hafa samningatilraunir ekki borið fullnægjandi árangur og ég tel fullreynt, að lausn málsins fáist ekki við mína forystu. Liggur það því fyrir, að núv. stjórn er þess ómáttug að fá þá afgreiðslu mála á Alþingi, sem gerir henni mögulegt að reka þjóðarbúið eins og þörfin krefur nú.

Eru nú tveir kostir fyrir hendi:

Annar er sá, að láta hart mæta hörðu. Láta fram koma í verki það, sem nú liggja fyrir yfirlýsingar um. Skattafrumvörpin, sem nauðsynleg eru til rekstrar þjóðarbúsins, sparnaðarfrumvarpið og fjárlögin yrðu þá felld með atkvæðum þingmanna sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna í efri deild. Því næst yrði borin fram till. um þingrof og stofnað til nýrra kosninga þegar.

Þennan kostinn mun ég ekki taka. Ber til þess margt, en einkum það þrennt, sem nú verður talið:

1. Ég tel, að íslenzku þjóðinni stafaði af því mikil hætta út á við, einkum nú, ef frá henni bærust nú þær fregnir, að felld hefðu verið í þinglokin nauðsynleg skattafrumvörp, sparnaðarráðstafanir og fjárlög. Ég hygg, að slík auglýsing um sundrung meðal Íslendinga á hinum allra alvarlegustu tímum mundi hafa í för með sér mikinn álitshnekki fyrir þjóð vora. Um viðskipti ríkissjóðs í öðrum löndum, peningastofnananna og fyrirtækja einstaklinga og félaga hygg ég, að slík tíðindi af Íslandi gætu, eins og nú á stendur, haft mjög alvarleg áhrif.

2. Þá er annars meiri þörf nú en að kasta þjóðinni út í harðsnúna baráttu inn á við um hið allra viðkvæmasta mál — væri þess nokkur kostur að fá hinu heldur til vegar komið, að sameina þjóðina til varnar gegn hinni ægilegu kreppu.

3. Loks má geta þess, að ég tel það með öllu fyrirfram vitað, að eftir nýjar kosningar væri aðstaðan á Alþingi öldungis hin sama og nú er um aðalatriðið. Framsóknarflokkurinn getur ekki unnið svo mikið á við kosningarnar, að hann geti náð meiri hluta í efri deild, eins og háttað er kosningu til hennar. Jafnvíst er hitt, að Sjálfstæðisflokkurinn og Jafnaðarmannaflokkurinn geta ekki unnið svo mikið á við kosningar nú, að þeir geti komið fram vilja sínum í kjördæmaskipunarmálinu gegn vilja Framsóknarflokksins.

Nýjar kosningar nú mundu því engan veginn nálægja lausn vandamálanna. Eftir að þjóðin hefði beðið mikið tjón og álitshnekki út á við og hörð og illvíg barátta farið fram innanlands, stæðum við alþingismenn fyrirsjáanlega aftur í hinum sömu sporum um að leysa mál alþjóðar.

Ég verð því að telja það gagnstætt þörf þjóðarheildarinnar að láta nú hart mæta hörðu og ganga til nýrra kosninga án lausnar á kjördæmamálinu.

Þar sem ég hinsvegar tel, að líkur geti verið til, að fengizt gæti til annar, sem gæti náð samkomulagi um einhverja þá lausn málanna, sem gerði mögulegt það samstarf á Alþingi, sem nauðsynlegt er, til þess að geta rekið þjóðarbúið á þessum erfiðu tímum og varið og stutt atvinnulífið í landinu, eftir því sem föng eru frekast til, þá tel ég mér skylt að víkja sæti úr því embætti, sem ég nú hefi gegnt um hríð, til þess að til þrautar yrði reynt, undir forustu annars, að fá þá lausn fjármálanna, sem alþjóðarheill krefst.

Þess vegna hefi ég tekið upp hinn kostinn, með einróma samþykki Framsóknarflokksins. Ég hefi símað konungi lausnarbeiðni fyrir mig og ráðuneytið og vænti svars um hæl við þeirri beiðni.

Um leið og ég tilkynni þingheimi þetta, vil ég beina þeirri áskorun til okkar allra þingmanna, að við berum nú gæfu til, hvað sem líður því, sem virðast hagsmunir einstakra flokka í bili, að snúast til eins samþykkis um þær ráðstafanir, sem þjóðarheildin nú getur ekki án verið. Til þess vil ég leggja fram mína krafta, eftir því sem þeir hrökkva til.

Tryggvi Þórhallsson“ (sign.).

Á 92. fundi í Nd., 3. júní, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann vissi til þess, hvort sú nýja stj., sem von er á, væri nú þegar löglega mynduð, eða hvort skeytið frá konungi væri enn ekki komið.

Forseti (JörB): Mér var svo tjáð nýlega, að skeytið frá konungi væri enn ókomið.

Á 12. fundi í Sþ., 4. júní, utan dagskrár, mælti

fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Um leið og fráfarandi forsrh. baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt benti hann, samkv. ályktun Framsóknarflokksins, á mig til að mynda nýtt ráðuneyti. 28. f. m. barst mér símskeyti hans hátignar konungsins, þar sem hann fól mér að mynda nýtt ráðuneyti. Samkv. því umboði gerði ég fyrst tilraun til að mynda hreina framsóknarstjórn, en mistókst, vegna þess að ekki náðust samningar milli flokkanna um fjármál og stjórnarskrármál á þeim grundvelli. Var síðan gerð tilraun um myndun samsteypustjórnar allra flokka, en fekk ekki undirtektir. Loks bauð ég, samkv. tilmælum Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokknum að taka eitt sæti í stjórn, að því tilskildu, að þá yrðu afgr. sem l. frá Alþ. frv. til fjárlaga og nauðsynlegustu fjáraflafrv. Á þeim grundvelli tókst samkomulag það, er nauðsynlegt var til afgreiðslu helztu þingmála, og gat ég síðastl. fimmtudag símað konungi till. um myndun ráðuneytis, með stuðningi eða hlutleysi flestallra þm. Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í gær barst mér svo hljóðandi símskeyti frá konunginum:

„Föllumst á tillöguna og skipum hér með yður til að vera forsætisráðherra og fjármálaráðherra, síra Þorstein Briem til að vera atvinnu- og samgöngumálaráðherra og hæstaréttarmálaflutningsmann Magnús Guðmundsson til að vera dóms- og kirkjumálaráðherra.

Christian R.“

Þess skal jafnframt getið, að ráðuneytið mun gera till. til konungs um bráðabirgðabreytingu á skiptingu starfa milli dómsmrh. og atvmrh., og er það mest gert að ósk síra Þorsteins Briems, sem mun taka við kirkju- og kennslumálum, en að öðru leyti er ekki fullráðið um þá breytingu.

Þingheimi er kunnugt um öll rök til þessarar stjórnarmyndunar. Eins og kosningatilhögun og deildaskipun þingsins er háttað, hafa ýms helztu þingmál lent í sjálfheldu. Andstöðuflokkar fyrrv. stj. hafa lagt ríka áherzlu á afgreiðslu stjórnarskrármálsins, og stjórnarflokkurinn jafnríka áherzlu á afgreiðslu helztu fjármála. Um þessi atriði náðust engir samningar. Var þá tvennt til: að stofna til kosninga eða stjórnarskipta með einhverjum þeim hætti, að málalok fengjust. Þótti fráfarandi stj. og stuðningsmönnum hennar ekki ráðlegt að stofna til þingrofs og kosninga, vegna þess að nú eru alvörutímar og meiri þörf samstarfs en sundrungar, enda allar líkur til, að nýjar kosningar mundu ekki veita neina þá lausn úr sjálfheldunni, sem ekki stæði eins í valdi núv. þingmanna. Um skoðun sína á þessu hefir fráfarandi forsrh., sem nú liggur rúmfastur, sent þinginu ávarp í sambandi við lausnarbeiðni sína.

Persónulega hefði ég helzt kosið, að samningar hefðu náðst um afgreiðslu stjórnarskrár og fjármála án stjórnarskipta. En því var ekki að fagna. Það öngþveiti, sem málefni þjóðarinnar hafa

komizt í á þessu þingi, liggur ekki eingöngu í þeirri áherzlu, sem þingflokkarnir hafa lagt á mál sín, heldur og í sjálfri stjórnarskipun landsins. Sambland kjördæmakjörs og landkjörs með þeim hætti, sem nú er, og skipun deilda þingsins getur leitt til hins sama öngþveitis hvenær sem er, og heldur útlit fyrir, að sú hætta aukist en að úr henni dragi. Ég lít svo á, að skylt sé að gera þær breyt. á kosningatilhögun og skipun þingdeilda, að sem mest trygging verði fyrir því, að Alþ. verði á hverjum tíma starfhæft, enda verður það ekki hrakið með rökum, að jafna beri kosningarrétt þegnanna frá því, sem nú er. Ég tel mér því skylt sem stjórnarforseti að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á stjórnskipunarlögum ríkisins, sem feli í sér sanngjarna lausn þessara mála.

Núv. stj. er fyrst og fremst mynduð, ýmist með stuðningi eða hlutleysi mikils meiri hl. þingmanna, til að greiða sem bezt úr þeim örðugleikum, sem umkringja oss á alla vegu. Horfurnar eru svartar. Minnkandi toll- og skatttekjur ríkissjóðs og margháttaðir erfiðleikar atvinnuveganna til lands og sjávar blasa við þjóðinni, lækkandi verðlag á útflutningsafurðum og hækkandi tollar í þeim löndum, sem vér skiptum við. Hin nýja stj. telur sér skylt að gæta alls þess sparnaðar, sem við verður komið án vansæmdar, og hafa vakandi auga á aðstöðu atvinnuveganna um viðskipti við önnur ríki og gera í því efni allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi eru, til að hlynna að atvinnuvegunum.

Háttv. alþm. hafa séð það, að á þessum erfiðu tímum má sízt við því að hafa óstarfhæft þing og stjórn, sem lamast af ósamræmi, sem felst í stjórnarskipuninni sjálfri. Illindi auka vandræðin, en samhugur og sameiginleg átök veita þá beztu lausn, sem unnt verður að ná, eftir öllum ástæðum.

Ég vil óska þess, að guð gefi gæfu til, að svo ráðist fram úr erfiðleikum þjóðarinnar og málefnum, sem bezt má verða.

Jón Baldvinsson: Ég stend upp til þess að tala við hina nýskipuðu ríkisstj. Get ég þá fyrst tekið það fram, að við Alþýðuflokksmenn erum í fullkominni andstöðu við hana. Jafnframt vildi ég spyrja hæstv. forsrh., á hvern hátt hann hyggst að leysa stærsta málið, sem legið hefir fyrir undanförnum þingum, sem sé stjórnarskrár- og kjördæmaskipunarmálið. Í ræðu þeirri, sem hann hefir nú flutt og að sjálfsögðu á að teljast „prógramræða“ hins nýja ráðuneytis, fór hann ekkert út í það í einstökum atriðum, hvernig þetta jafnréttismál íslenzkra þegna skuli leyst. Ég þarf ekki að fara út í það nú, hvað herfilega ranglátt núv. kjördæmaskipulag er. En ég óska að fá að heyra frá hæstv. stj., í hvaða formi hún hugsar sér að leysa það mál. Hæstv. forsrh. sagði, að hann teldi sér skylt að leggja frv. um sanngjarna breyt. á stjórnarskránni fyrir næsta þing. En nú er svo högum háttað, eins og hæstv. ráðh. einnig minntist á, að þingið er þannig saman sett, að tveir flokkarnir saman, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, hafa neitunarvald í annari deildinni, en hinsvegar hefir Framsóknarflokkurinn sterkan meiri hl. í annari deildinni, en neitunarvald í hinni. Þess vegna er það, að þó hæstv. forsrh. leggi fram frv., sem felur í sér sanngjarna lausn á kjördæmaskipunarmálinu, þá er ekki þar með sagt, að það nái samþykki þingsins. En á það hefir verið og mun verða lögð mikil áherzla af Alþýðuflokknum, að tryggt verði jafnrétti kjósendanna til þess að hafa áhrif á skipun Alþingis, hvar sem þeir búa á landinu.

Þó hæstv. ráðh. tali um, að hann ætli að leggja fram frv. á næsta þingi um „sanngjarna“ lausn á kjördæmamálinu, þá er allt óskýrt um, hvernig það frv. verður og hvort hann fær sína flokksmenn til að fallast á það. Hverju eigum við þm. að svara kjósendunum, þegar þeir spyrja, á hvern hátt eigi að leysa kjördæmamálið? Hvað telur hæstv. forsrh. sanngjarna lausn á því? Ég dreg að vísu ekki í efa, að það sé rétt, sem hv. form. Sjálfstæðisflokksins hefir sagt og vikið hefir verið að í blaðagreinum nýlega, að hæstv. forsrh. geti sjálfur fallizt á þá lausn kjördæmamálsins, sem hinir flokkarnir geta við unað. En það er nú svo, að hæstv. forsrh. á þingmannsatkv. í hv. Nd., og þar hefir hans flokkur meiri hl. atkv. þó hann gengi frá. Það er því

engin trygging fyrir því, að sanngjörn lausn málsins nái samþykki þingsins eins og það nú er skipað, þó fram komi, nema því aðeins, að hæstv. forsrh. geti lofað fylgi síns flokks eða hluta af honum. En mér er sagt, að í yfirlýsingu frá Framsóknarflokknum, sem lesin var upp í útvarpið í gærkvöldi, felist allt annað en það, að hann sé fúsari til samkomulags í þessu máli en verið hefir. Sýnist mér því, að sá frestur, sem tekinn hefir verið í kjördæmaskipunarmálinu nú, muni koma að litlu gagni. Taki Sjálfstæðisflokkurinn upp baráttu fyrir því í þriðja sinn á næsta þingi, með því að látast ætla að stöðva fjárlög og tekjuauka, sem þá kann að verða farið fram á handa ríkissjóði, þá standa sakirnar nákvæmlega eins og á þessu þingi. Það getur þurft margar kosningar til þess að koma málinu fram, ef sjálfstæðismenn fallast þá ekki á það á síðustu stundu að skjóta því á frest ennþá eitt ár. En ég tel það mjög illa farið, hvert ár sem líður án þess að bætt sé úr því herfilega ranglæti, sem meiri hl. þjóðarinnar á við að búa með núv. skipun Alþ. Þess vegna óska ég eftir skýrum svörum frá hæstv. forsrh. um það, hvaða möguleikar eru fyrir sanngjarnri lausn kjördæmamálsins á næsta þingi. Við skulum segja, að hæstv. ráðh. hugsi sér það sanngjarna lausn á málinu, að við hana sé hægt að sætta sig. En hvaða tryggingu vill hann þá veita þeim yfir 20 þús. kjósendum, sem hafa krafizt breyt. á kjördæmaskipuninni, fyrir því, að hún verði samþ. af þans flokki?

Þá vil ég víkja að öðru, sem hæstv. ráðh. kom lítillega að í ræðu sinni. Er það viðvíkjandi því ástandi, sem nú er í landinu.

Það mun öllum koma saman um það, að horfurnar um atvinnu og afkomu í landinu hafa sjaldan verið dekkri en nú. Atvinnufyrirtækin draga saman seglin eða hætta, og líkur eru til, að meira atvinnuleysi verði nú um hábjargræðistímann heldur en verið hefir mest að vetrinum. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh., hvað hans stj. hugsar sér að gera til þess að bæta úr þessu voðaástandi. Ég geri ráð fyrir, að hann sé viðbúinn að svara þessu, því að þó hans ráðuneyti hafi nú alveg nýskeð tekið sæti, hlýtur hann að hafa hugsað mikið um þetta mál áður, þar sem hann var einnig í fráfarandi ráðuneyti, þó hann að vísu hefði þar ekki á hendi framkvæmd atvinnumálanna.

Ég vil benda á það, að líkur eru til, að heilar atvinnugreinar geti stöðvazt að miklu leyti. Því miður lítur út fyrir, að það verði svo erfitt með sölu síldar, að sama og ekkert verður gert út á síldveiðar. Þá kemur allur sá fjöldi, sem við síldarútveginn hefir haft atvinnu á undanförnum sumrum, í atvinnuleysingjahópinn.

Þriðja málið vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. um, gengismálið. Það er kunnugt, að íslenzka krónan hefir nú um nokkuð langt skeið fylgt sterlingspundinu, og þegar það féll í verði á síðastl. hausti, lækkaði krónan að sama skapi. Nú hefir komið upp orðrómur um það, að lækka íslenzku krónuna enn. Það er sérstök nefnd, sem hefir gjaldeyrismálin með höndum hér á landi, og ætla ég, að hæstv. forsrh. eigi sjálfur sæti í henni. Síðustu dagana hefir heyrzt, að hjá einhverjum mönnum hér sé uppi hugmynd um það, að lækka beri verðgildi krónunnar. Ef einhverjar slíkar fyrirætlanir eru á döfinni, teldi ég viðeigandi, að hæstv. stj. skýri þingmönnum frá því nú, þegar þeir eru á förum heim til kjósenda sinna. Ég vil spyrja um þetta mál því fremur sem vitanlegt er, að helztu stuðningsmenn hinnar nýju samsteypustjórnar í báðum flokkum hennar eru þeir hv. þm. Str. og hv. þm. G.-K. En einmitt þeir tveir hv. þm. hafa mest staðið með því í gengismálinu að halda íslenzku krónunni niðri. Jafnvel hafa þeir látið í ljós þá skoðun, að þegar eitthvað blási á móti á fjármálasviðinu, beri einungis að fella krónuna. Og þar sem einmitt þessir tveir menn hafa lagt svo mikið kapp á að koma upp þessu ráðuneyti, því meiri ástæða þykir mér til að spyrja um þetta mál.

Þá kem ég að því atriði, sem ég hefði í raun og veru átt að minnast fyrst á. Það er atriði, sem ég álít, að nýja stj. hefði átt að byrja á, en það var að leita trausts sameinaðs Alþingis. Það mun í flestum öðrum þingræðislöndum vera eitt allra

fyrsta verk nýrrar stjórnar að leita trausts þingsins alls, eða þá þeirrar málstofunnar, sem fjölmennari er, ef þingið er tvískipt. Þetta hefði hin nýja stj. átt að gera til þess að sýna, að hún væri mynduð á fullkomlega þingræðislegan hátt. Ég efa það ekki, að meiri hl. þingsins veiti stj. stuðning eða hlutleysi, en það er viðkunnanlegra og hreinlegra að sjá það koma fram í verkinu, og betra, að allir fái að sjá, hversu mikill sá meiri hl. er, en það vita menn ekki enn, eða það hefir a. m. k. farið framhjá mér, ef hæstv. forsrh. hefir getið þess, hve marga stuðningsmenn stj. hefði. Sýnist mér vel vera hægt að fara fram á það, að slík atkvgr. sé látin fara fram nú. Ég geri ekki kröfu til þess, að það verði haft öðruvísi en svo, að hæstv. forseti beri þetta upp sem tilmæli frá nýju stj. Þó að ekkert mál sé hér á dagskrá, sem gefur sérstakt tilefni til slíkrar atkvgr., þá álít ég, að hún geti vel farið fram. Það mætti gjarnan taka það upp sem venju, að hver stj. léti það verða sitt fyrsta verk að láta fara fram umræðulítið eða umræðulaust atkvgr. um þetta í Sþ. Þá kemur það í ljós, hvern stuðning stj. hefir hjá þm.

Þá vil ég minnast á eitt mál, sem snertir stj. nokkuð, eða a. m. k. suma í henni, og það er sakamálsrannsókn sú, sem fyrirskipuð hefir verið gegn einum af hinum nýskipuðu ráðh. Ég hefi ekki hugmynd um, fyrir hvað þessi sakamálsrannsókn er hafin eða hvernig líklegast sé, að dómur falli í málinu, því að ég hefi ekkert séð af þeim skjölum, er snerta þetta mál. Ég hefi drepið á þetta hér af því, að þetta er alls ekki þýðingarlaust, sérstaklega gagnvart öðrum þjóðum. Það væri mjög leiðinlegt og óviðkunnanlegt, ef hægt væri að spyrja Íslending, sem utan færi, eitthvað á þessa leið: „Hvernig er það með ykkur, settuð þið upp ráðh., sem var undir sakamálsrannsókn?“ Ég vil gjarnan fá svar og upplýsingar um þetta frá stj.

Ég má segja, að ég las um þetta í Tímanum á laugardaginn var, þó að hann sé að vísu ekki góð heimild. Það stóð J. J. undir, og ég hugsa, að það hafi verið fyrrv. hæstv. dómsmrh. Get ég þá hugsað, að J. J. hafi haft þetta frá dómsmrh., svo að maður hefir ástæðu til að trúa því! Þó að ég segi nú þetta í spaugi, þá er þó hitt alvarlegur hlutur, að einn maðurinn í hinni nýju stj. eigi sakamálsrannsókn yfir höfði sér. Við hitt gæti hann ekki ráðið, þó að einhver kæra kæmi á hann, eftir að hann væri kominn í ráðherrasæti.

Ég hefi nú að þessu sinni spurt um fleira en venja er til að gera við stjórnarskipti, en það er mín afsökun, að nú er Alþ. að ljúka sínum störfum, og má búast við, að þm. fari nú heim eftir nokkra daga, svo að þm. hafa ekkert tækifæri til að tala við þá nýju stj. Þess vegna hefi ég nú notað mér þá heimild, sem hæstv. forseti gaf mér, að leggja fyrir hæstv. stj. þessar spurningar, sem ég vænti að hún svari.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get svarað hv. 2. landsk. nokkrum orðum. Því, sem hann minntist á síðast, sakamálsrannsóknina, vil ég beina til hæstv. dómsmrh. Ég skal aðeins taka það fram, að hv. 2. landsk. veit það vel, að sá maður er ekkert meiri sakamaður en sjálfur hann, svo að ég taki einhvern til samanburðar. (**JBald:** Við erum hvorugur dæmdur). Alveg rétt, þeir eru mestu heiðursmenn báðir tveir.

Mér þykir leitt að geta ekki orðið við þeirri ósk hv. þm. að leita nú með atkvgr. trausts hjá þinginu. Ég hefi nú nýlega símað til konungs, að stj. sé mynduð með hlutleysi eða stuðningi allflestra sjálfstæðis- og framsóknarþingmanna, og að fara að leita trausts hjá þinginu nokkrum dögum síðar, það geri ég ekki fyrir bænarstað hv. þm. Ég vil benda hv. þm. á það, að hv. þm. hefir áður láðst að bera fram slíka till., en hann hefir þá ekki kært sig um að gangast við því við opinbera atkvgr., að hann styddi stj. úr öðrum flokki eða sæti hjá. Honum hefir þá fundizt, að hlutleysi væri sama og stuðningur. En þetta veldur hv. þm. engum óþægindum, því að honum standa opnir þeir möguleikar, sem ég hefi heyrt, að hann ætli að grípa til, sem sé að bera fram vantraust á ríkisstj. Það eina, sem ég get gert fyrir hv. þm. í þessu, er að lofa honum því, að þingi verði ekki slitið fyrr en slíkt stórmál hefir fengið afgreiðslu.

Um atvinnubætur sé ég ekki ástæðu til

að gefa tiltekin svör að þessu sinni. Ég hefi oft talað um þá hluti á þessu þingi, og verður einnig tækifæri til að svara því síðar á þessu þingi, enda þótt nú sé komið fast að þinglokum.

Um gengismálið get ég sagt hv. þm. það, að það er stefna gjaldeyrisnefndar að reyna að varðveita óbreytt sterlingspundsgengið, eins og verið hefir frá 1925. Um hitt get ég vitanlega engin svör gefið honum, hvort á tímanum fram til næsta þings komi einhver sterkari öfl viðskiptalífsins eða atvinnulífsins, sem gætu haggað þessum ásetningi gjaldeyrisnefndarinnar.

Um stjórnarskrármálið þarf ég ekki fleira að segja. Ég hefi lýst yfir þeim ásetningi, að ég muni beita mér fyrir lausn þess máls og mun leggja fyrir næsta þing tillögur í því máli, sem líklegt væri, að menn gætu orðið sammála um. Ég hefi fylgzt vel með því máli á þessu þingi og þykist eygja möguleika til að leysa þetta mál, sem ættu ekki að minnka heldur vaxa fyrir næsta þing, en hvernig sú lausn er í einstökum atriðum, er vitanlega ekki hægt að skýra frá nú. Þeirri spurningu fær hv. þm. svarað þegar í byrjun næsta þings.

Um það get ég ekki liðsinnt hv. þm., hvað hann eigi að segja sínum kjósendum. Ég hygg, að hann verði í engum vandræðum með það, og ég veit, að hann er nú þegar búinn að segja þeim eitthvað.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. sagði það ákveðið, að hann vildi ekki verða við þeim tilmælum mínum að leita trausts þingsins. Ég álít því, að rétt sé að nota það tilboð, sem hæstv. ráðh. hefir gert mér, að láta þingið bíða eftir því, að prófað verði, hvort stj. hefir nægilegt traust eða ekki. Það stendur svo á, að við Alþýðuflokksmenn höfum undirbúið þetta dálítið. Við höfum látið prenta þskj., sem er hægt að útbýta nú þegar, en við ætluðum ekki að koma fram með, ef stj. hefði orðið við þeim tilmælum okkar að leita trausts þingsins, því að ég álít eðlilegra, að ný stj. leiti á þann hátt trausts þingsins heldur en með því að felld verði vantrauststillaga, þó að það gildi vitanlega það sama, að fella vantraust og samþ. traust.

Þessi till. er aðeins borin fram til að prófa atkv. þingmanna, prófa, hvert fylgi stj. hefir. Ég óska eftir, að þessi till. verði tekin til umr. í Sþ. nú þegar, til að tefja ekki tímann. Ég býst ekki við, að fylgismenn stj. úr báðum flokkum þurfi langan umhugsunartíma til að ráða það við sig, hvernig þeir greiða atkv. um þessa till. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. forsrh. og forseti leyfi þessari þáltill. að komast að nú, og af minni hálfu munu ekki verða frekari umr. um hana en nú er orðið. Þetta ætti því ekki að þurfa að taka neinn tíma.

Hæstv. ráðh. þykist geta eygt einhver málalok í kjördæmamálinu. Ég get ekki sagt, að það sé ákveðið svar við spurningu minni, hvernig það mál eigi að leysa, og í því felst ekki mikil trygging fyrir því, að málið verði leyst. En það var það, sem ég vildi fá svar við, til þess að hægt væri að segja þeim mörgu kjósendum, sem krefjast breyt. á kjördæmaskipuninni, á hvern hátt það verði leyst og hvaða trygging sé fyrir því, að það verði leyst. Mér skilst líka á hæstv. ráðh., að hann hafi enga tryggingu fyrir, að hann geti leyst málið. Hann segir aðeins, að hann eygi einhverja möguleika, en hann veit þó ekki, hvort það er nokkuð meira en hugarburður einn, hvort nokkurn tíma getur rætzt úr eða ekki. Ég er því litlu nær en eftir fyrstu ræðu hæstv. ráðh. Það er því svo ástatt nú, að engin trygging er fyrir því, að kjördæmamálið verði leyst á næsta þingi, — því er miður.

Hæstv. ráðh. svaraði spurningu minni um gengismálið skýrt og ákveðið, og get ég eftir atvikum verið ánægður með svar hans. Meira gat hann vitanlega ekki sagt heldur en það, hver stefna gengisnefndar væri, sem sé sú, að halda sér við sterlingspundsgengið. Læt ég mér því nægja það svar hans.

Þá er búið að útbýta vantrauststill. Mér finnst vel hægt að ganga til atkv. um hana nú, þó að hún hafi ekki verið tekin á dagskrá. Það tekur langminnstan tíma fyrir þingið, því að ég geri ekki kröfu til að tala um þetta mál frekar en orðið er, nema sérstakt tilefni gefist til.

Héðinn Valdimarsson: Það eru aðeins örfáar spurningar, sem mig langaði til að

bera fram, og þá fyrst út af þeim orðum, sem hæstv. forsrh. lét hér falla sem svar til flokksbróður míns, um sakamálsrannsóknina á hendur núv. hæstv. dómsmrh. Hæstv. ráðh. sagði, að hv. 2. landsk. þm. vissi það vel, að núv. dómsmrh. væri ekki meiri sakamaður en sjálfur hann. Nú er það fyrrv. hæstv. dómsmrh., sem hefir stofnað til þessarar sakamálsrannsóknar, fyrrv. félagi hæstv. forsrh. í stj., sem maður veit ekki annað um en að hæstv. forsrh. beri fyllsta traust til. Raunar mun þessi rannsókn ekki runnin frá hæstv. fyrrv. dómsmrh., heldur frá hv. 4. landsk. og flokksbróður hæstv. núv. dómsmrh. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort þetta sé fölsk ákæra frá hv. 4. landsk. og þá ástæðulaus sakamálsrannsókn, sem þessi fyrrv. og væntanlega núv. flokksbróðir hæstv. forsrh. hefir fyrirskipað. Hv. 5. landsk. vil ég spyrja um það, hvað hann álíti um þetta mál, hvort það eigi að ná fram að ganga, og þann, sem sendi kæruna fram, hv. 4. landsk. Mér dettur ekki í hug að segja neitt um það, hvort hæstv. dómsmrh. sé sekur eða saklaus, en það er einkennilegt, ef á að draga kæruna til baka, og hæstv. dómsmrh. á sjálfur að gera það, sem undir kærunni liggur.

Þá kom það fyrir á þingmálafundi, sem haldinn var í fyrrakvöld, að hv. þm. G.-K. talaði nokkuð um samsteypustj., en hann er eins og kunnugt er einn af hennar trúnaðarmönnum. Hann lýsti því yfir þar, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði einhverja þá tryggingu fyrir lausn stjórnarskrármálsins, sem hæstv. núv. forsrh. hefði gefið, en hver sú trygging væri, gat hann ekki um. Nú vil ég spyrja, hvaða trygging það sé, sem hæstv. forsrh. hefir gefið hér fyrir lausn stjórnarskrármálsins, eða hvort hæstv. ráðh. hefir gefið nokkurt loforð í þessa átt.

Hv. þm. G.-K. gat þess, að 8—10 þm. úr Framsóknarflokknum hefðu gengið að ákveðinni lausn stjórnarskrármálsins á næsta þingi, og vil ég líka spyrja hæstv. núv. stj., og þá fyrst og fremst formann Sjálfstæðisflokksins, hverjar tryggingar séu fyrir þessu.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 2. landsk. minntist á þá sakamálskæru, sem hv. fyrirrennari minn kvað hafa sett á mig. Ég hefi ekkert um þetta heyrt frá hlutaðeigandi stjórnarvöldum, svo að ég veit ekki, hvort það er satt, en ég skal ganga út frá því, að það sé satt, og vil ég þá segja það um þetta mál, að ég bíð óhræddur eftir úrslitum þess. Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að ég mundi taka þessa kæru aftur, en ég get sagt honum það, að það hefir mér aldrei dottið í hug. Ég mun fyrst bíða eftir því, að ég fái að vita, hvað hér er um að ræða. Ef hv. 3. þm. Reykv. er hræddur um, að ég muni nota mitt vald til að afturkalla kæruna þegar hún kemur, þá skal ég segja honum, að það mun ég alls ekki gera. Ég er ekki hræddur við að láta hana ganga áfram og dettur ekki í hug að taka hana aftur, hvaðan sem hún er komin. Hv. 3. þm. Reykv. segir, að hún sé frá hv. 4. landsk. eða skrifstofu hans, en um það skal ég ekkert fullyrða, þar sem ég veit ekkert um það.

Ég get ekki svarað því, sem hv. þm. G.-K. hefir sagt á fundi þeim, er haldinn var í barnaskólaportinu í fyrrakvöld, af því að ég var þar ekki, en þar sem hv. þm. er hér nú, getur hann sjálfur skýrt frá, hvað það hefir verið, en út af því máli, sem hv. 3. þm. Reykv. setti þetta í samband við, skal ég taka það fram, að það er ekki hægt að setja neina tryggingu fyrir lausn kjördæmamálsins með þeim hætti, sem venjulega er talað um, er tryggingar eru settar. Við sjálfstæðismenn höfum þó þá tryggingu, að ég hefi tekið sæti í stj. af hálfu okkar flokks, og ég get lýst því yfir, að ég mun ekki vera í stj. lengur en þangað til ég veit, að sú lausn fæst ekki, sem ég tel viðunandi.

Héðinn Valdimarsson: Ég er mjög ánægður með þá yfirlýsingu hæstv. dómsmrh., að hann muni ekki falla frá þessari sakamálsrannsókn á sjálfan hann. En þá vil ég spyrja hann um það, hvort hann ætli ekki að láta kærurnar á bankastjóra Íslandsbanka og þá aðra halda áfram líka.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég get ekki svarað þessari spurningu hv. þm., meðan hann skýrir ekki nánar, hvaða kærur þetta eru. Hann spyr aðeins um kæruna á bankastjóra Íslandsbanka

og svo hinar kærurnar. Ég get lofað því að athuga þessi mál, en ég get ekkert sagt um þau, af því að ég þekki þau ekki, en að því er snertir mitt mál, þá hefi ég svarað því. Það var það eina mál, sem ég gat nokkuð um sagt, af því ég þekkti það.

Jónas Jónsson: Af því að hv. 3. þm. Reykv. hefir beint til mín fyrirspurn, verð ég að segja hér nokkur orð. Það mál, sem hann sérstaklega spurði um, var gjaldþrotamál kaupmanns, sem heitir Behrens. Það stóð svo á, að þetta firma hafði lengi verið nokkuð veikt, hafði leitað nauðasamninga og búið við margskonar aðrar þrengingar. Mér er lítið kunnugt um allt þess stríð, þekki það ekki neitt nema af þeim skjölum, sem komið hafa til dómsmálaskrifstofunnar í stjórnarráðinu. Eftir að þetta firma var orðið gjaldþrota, kom í ljós, að það hafði eiginlega aldrei átt fyrir skuldum og margir orðið fyrir stórtapi á því, vegna þess að einn lánardrottinn náði öllu eða mestöllu sínu úr þrotabúinu, án þess að hinir lánardrottnarnir vissu af. En við allt þetta brask var hv. 2. þm. Skagf. lögráðunautur hins gjaldþrota manns. Einn þáttur þessa máls er það, að málafærsluskrifstofa ein hér í bæ krafðist frekari rannsóknar á því, hver hefði verið afstaða tiltekins endurskoðanda og málafærslumanns, sem höfðu með þetta að gera. Hefir þetta mál allt gengið sinn vanagang í stjórnarráðinu, nákvæmlega eins og önnur samkynja mál. Ef þessi málafærslumaður hefði ekki verið þm., þá hefði enginn haft neitt við þetta að athuga. Allur þessi blástur út af málinu er af því, að einn þessara manna, sem þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum, er þm. Datt mér auðvitað ekki annað í hug en að láta það ganga sinn gang fyrir því, en hinsvegar er það ekki mitt að segja, hvernig það fer, ef það gengur til dóms, sem ég býst við, að hæstv. dómsmrh. láti verða. Eins og málið lá fyrir, var ekki annað hægt en að láta það ganga til lögreglustjóra, án þess að stj. gerði sig seka í vítaverðu athæfi. Vona ég, að hæstv. dómsmrh. sé mér sammála um það, að málið eigi að ganga sinn gang. Kemur þá í ljós, hvort þessi erlendu firmu hafa haft á réttu að standa.

Ég nota tækifærið hér til þess að láta þess getið, að ég lýsti yfir pólitiskri andstöðu við eftirmann minn, þegar stjórnarmyndunin var til umr. í Framsóknarflokknum.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk., fyrrv. dómsmrh., hefir mjög oft sagt, að ég mundi verða hans eftirmaður. Skoða ég því þessa sakamálsrannsókn sem nokkurskonar vinarkveðju frá honum, því að ég þekki hans alkunnu óhlutdrægni, en um það ræði ég ekki frekar hér. Undrar mig ekki, þótt hann finni ástæðu til þess að undirstrika nú óhlutdrægni sína. Verður gaman að athuga, hvað gerzt hefir í stjórnarráðinu í þessu máli, og hefi ég nú til þess gott tækifæri. Get ég þá myndað mér nánari skoðun um það, hvort einskær réttlætistilfinning hefir vakað fyrir fyrrv. dómsmrh. Það er ákaflega hægt fyrir fráfarandi ráðh. að gera eftirkomendum sínum lífið súrt með því að fyrirskipa slíka rannsókn, en drengilegt er það ekki.

Héðinn Valdimarsson: Hæstv. dómsmrh. vildi ekki skilja síðustu fyrirspurnir mínar. Ætla ég því að endurtaka þær. Ef sakamálsákæran á hendur Eggert Claessen, Kristjáni Karlssyni, Sigurði Eggerz, Ólafi og Hauki Thors er komin fram, vildi ég vita, hvort málunum muni verða haldið áfram. Mér er sagt af sessunaut mínum, að verið geti, að hún hafi verið dregin til baka á síðustu stundu af fyrrv. stj., þótt óskiljanlegt megi virðast.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég hlýt að svara þessu svo, að ég veit ekki, hvort ég muni fella niður mál, sem hv. þm. lýsir yfir, að hann viti ekki, nema þegar hafi verið felld niður. Skal ég athuga málið af fyllstu sanngirni, en meiru get ég ekki lofað.

Jónas Jónsson: Ég þarf ekki að gera nema stutta aths. út af ræðu hæstv. dómsmrh. Málið lá ljóst fyrir eftir þeirri reglu, sem ég hefi fylgt í stjórnarráðinu, sem sé að láta lögin ganga jafnt yfir alla. Vænti ég þess, að hann muni og fylgja þeirri reglu, enda þótt honum yrði ráðafátt í Krossanesi út af síldarmálunum forðum.

En ég gat ekki fylgt honum þar. Sá ég ekki ástæðu til annars en að láta rannsókn fara fram, þegar sannazt hafði, að notuð voru svikin mæliker á Hesteyri. Vona ég, að eftirmaður minn hafi lært svo mikið, að honum þyki nú ekki ástæða til annars en að láta málið ganga áfram. Vona ég líka, að hann taki meira tillit til góðrar greindar og réttlætistilfinningar borgaranna en eitt stuðningsblað hans, sem hélt því fram, að dæmalaust væri að höfða mál gegn manni, sem er hátt settur í stjórnmálaflokki hans. Leit helzt út fyrir, að það væri alveg sama, hvað slíkir menn aðhefðust. Orðlengi ég svo ekki þetta, en lýsi aðeins yfir því, að ég óska og vona, að dómsmrh. sá, sem nú verður um óákveðinn tíma, fylgi ekki síður en ég þeirri reglu að láta lögin ná jafnt til allra, og mun þá vaxa vegur hans frá því, sem áður var.

Jakob Möller [óyfirl.]: Af því að hv. 5. landsk., fyrrv. dómsmrh., talaði um, að það hefði verið sín regla að láta lögin ná jafnt til allra, vil ég minna á það, að við áttum um þetta orðaskipti í Ed. í sumar út af kæru vegna afbrots, sem ég vissi, að hann þaggaði niður. Svaraði hann fyrirspurn minni út af þessu svo, að einhverjir menn hefðu sagt sér, að ástæðulaust væri að höfða málið, og því hefði hann látið það niður falla.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er gott að heyra, að hv. 5. landsk. gerir ekki þá kröfu til mín, að ég láti lögin ganga réttlátar yfir en hann. Hann óskar eftir því einu, að ég verði ekki honum verri. Vona ég, að hamingjan gefi, að mér veitist það létt.

Ólafur Thors: Fyrrv. dómsmrh. er nú tekinn upp á því að láta þingheim hlæja að sér með því að viðhafa orð, er allir taka sem grín. Seinasta verk þessa manns var það að ryðja sakamálskærum á andstæðinga sína. Gerði hann þó reyndar annað seinna. Hann hefir, eins og kunnugt er, skrifað svívirðingar og níðgreinar, sem annar maður hefir verið dæmdur fyrir, af því að hann var ritstjóri Tímans. Hefir þessi maður verið dæmdur til mikilla fjárútláta fyrir verk fyrrv. dómsmrh. En það var síðasta verk hans sem ráðh. að náða sjálfan sig af einni slíkri sekt. Slík svívirðing hefir ekki komið fyrir áður hér á landi, nema ef vera skyldi sú, að þessi maður situr á Alþingi. Öll þessi sakamál væri réttlátt að láta niður falla. Væri honum með því sýnd viðeigandi virðing, eða réttara sagt óvirðing. Þarf þessa þó ekki til, svo að almenningur skilji hans óvirðu. Þarf ekki annað en líta á það atriði, að flokksmenn hans sjálfs hafa samþ. að setja í stól hans einn þeirra manna, sem hann sjálfur hefir sett undir ákæru sem glæpamann.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt á fundi í barnaskólaportinu í fyrradag, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði fengið tryggingu hjá hæstv. forsrh. um lausn kjördæmamálsins. (**HV:** Hv. þm. ætti að hlusta betur á það, sem sagt er. Ég sagði, að hann hefði haldið því fram á fundinum, að Magnús Guðmundsson hefði loforð frá hæstv. forsrh. um stjórnarskrárbreyt.). Ég sagði ekki þetta, heldur hitt, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði von um lausn málsins, með því að Magnús Guðmundsson væri kominn í stjórnina.

Hv. 2. landsk. beindi því til mín, að ég myndi sérstaklega leggja áherzlu á það, að stj. lækkaði gengi krónunnar. Hæstv. forsrh. svaraði þessu f. h. gengisn., sem ég á sæti í, en ég skal geta þess, að ég tel rétt að sporna á móti því, að íslenzkur gjaldmiðill falli. Er það skylda allra að gera í því skyni það, sem í þeirra valdi stendur. Annað mál er það, hvort við ráðum við þetta mál, en það er einlæg ósk mín, að svo megi verða.

Jónas Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég hefði eftir lausum orðróm stöðvað kæru út af einhverju tilfelli, sem hann tiltók ekki nánar. Vissi ég ekki, við hvað hann átti, og spurði hann því um þetta, af því að svo vel vill nú til, að hann situr hérna við hliðina á mér, en hann gat ekkert svar gefið. Virðist hv. þm. hafa dreymt þetta. Atvik það, sem hann vitnar til og mun hafa gefið honum þessa skökku skoðun, er það, að í sumar varð hér úlfaþytur mikill út af siðferðismáli einu, af því að maður einn af svokölluðu betra fólki hafði orðið sannur að sök um vítaverða breytni í siðferðislegu tilliti.

Voru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að eyða málinu, en ég sá ekki ástæðu til annars en að láta rannsaka málið, enda þótt þessi maður ætti einhverja kunningja. Lýsi ég því hv. 1. þm. Reykv. fullkominn ósannindamann að dylgjum sínum um, að ég hafi nokkurntíma stöðvað rannsókn í sviksamlegum málum.

Ég ætla ekki að svara gremjuorðum hv. þm. G.-K. Skil ég, að honum sé viðkvæmt, að upp komst um sviknu síldarmálin, 30 að tölu. Er eins og hann áliti þetta sök sjómannanna, sem kærðu svikin, eða mannsins, sem mældi kerin, eða mína. En sökin er hjá honum sjálfum viðvíkjandi þessum mælikerum, sem hann hafði komið fyrir uppi á dimmu lofti, þar sem vart var hægt að finna þau. Er það staðreynd, að kerin voru röng honum í hag. Hefði hann átt að hafa smekk til þess að skipta sér ekki af, þegar kæra kom fram hér í þingi frá þm. héraðs, sem orðið hafði fyrir skaða af þessum sviknu mælikerum. En hv. þm. G.-K. hefir beitt áhrifum og kunningsskaparsamböndum til þess að hindra, að málið kæmi fram. Þessi framkoma hans, eftir að sekt hans er sönnuð og almenningi kunn, sýnir, hvernig þroska hans er háttað.

Þegar hv. þm. talar um það, að ég hafi látið falla niður meiðyrðasektir, þá er það skáldskapur um mig. Blað það, sem ég skrifa stundum í, varð fyrir slíkum sektum. Ég tók það fram í till. minni um þetta mál, sem ég býst við, að séu góð rök, að nú er svo komið á Íslandi, að einungis einn flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, skoðar meiðyrðamálshöfðun sem lið í hinni pólitísku baráttu. Hefði ég getað látið sekta sumpart hv. þm. og sumpart flokksbræður hans einu sinni á dag fyrir meiðyrði meðan ég var í stj., en ég hefi fyrirlitið þá bardagaaðferð. En þegar svo er komið, að aðeins einn flokkur landsins notar þessa bardagaaðferð, jafnframt því, að hann beitir sjálfur mestum meiðyrðum í skrifum sínum, og þar sem meiðyrðasektir hafa ekki verið innheimtar síðan fyrir aldamót, þá hikaði ég ekki við þetta. Þegar Jón Magnússon var hér ráðh., lét hann aldrei innheimta meiðyrðasektir. Er réttarmeðvitund almennings orðin á þá lund, að þetta er orðin úrelt bardagaaðferð óþroskaðra manna, eins og hv. þm. G.-K., sem reyna að breiða yfir sár sín með slíku. Er ég þess því fullviss, að framtíðin muni réttlæta þá skoðun mína, að annaðhvort verði allir flokkar að taka upp þessa hernaðaraðferð, eða þá að hinir flokkarnir, sem ekki liggja í meiðyrðamálum, komi fram þeim vilja sínum, að eitt gangi yfir alla í þessu efni. Hefir enginn ríkari rétt til þess en ég að leggja til, að felldar verði niður þessar meiðyrðasektir, því að enginn hefði getað fengið blaðamenn dæmda í jafnháar sektir eins og ég. En ég hefi náðað óvini mína í þessum efnum. Það fór því vel á, að líka féllu niður sektir samherja minna.

Forseti (EÁrna): Umr. eru nú komnar nokkuð út fyrir réttan vettvang, og býst ég við að verða að takmarka þær nokkuð hér eftir.

Ólafur Thors: Ég get tekið undir það með hæstv. forseta, að umr. eru komnar á nokkuð undarlegan vettvang. Tel ég mig ekki bera ábyrgð á því, en skal þó verða við ósk hans um að lengja þær ekki. Vil ég gera litla aths. í tilefni af orðum hv. 5. landsk. Hann fann, þrátt fyrir sljóa dómgreind í þeim efnum, að ekki var allt með felldu, er hann hafði náðað sjálfan sig af sekt fyrir ærumeiðingar. Greinar þær í Tímanum, sem Gísli Guðmundsson var sektaður fyrir, voru flestar eftir hv. 5. landsk. sjálfan, t. d. um Helga Tómasson. Afsökun sú, sem hv. 5. landsk. færði fyrir till. sinni til konungs um uppgjöf sekta fyrir meiðyrði, sú, að hér á landi beitti aðeins einn flokkur meiðyrðasektum, var ekki rétt. Hefir hann þannig sagt konungi rangt til, því að framsóknarmenn hafa nú gangandi 3 eða 4 slík mál á Morgunblaðið. Eru það því vísvitandi ósannindi, sem hann hefir sagt konungi í sambandi við þessa blygðunarlausu till. Hefi ég oft deilt fast á fyrrv. dómsmrh., og þó hvergi nærri eins og hann hefir átt skilið. En nú er hann oltinn úr valdasessi, og læt ég hann hér eftir afskiptalausan, eftir því sem hægt er.

Jakob Möller [óyfirl.]: Hv. 5. landsk. svaraði aths. mínum áðan og þóttist skilja

þær svo, að ég hefði sagt, að hann hefði kæft mál eitt, er hann fyrirskipaði sjálfur, að rannsaka skyldi. Það mál beindist gegn mönnum, sem líkt er ástatt um og þá, sem nú er fyrirskipuð málshöfðun á, að þeir eru ekki vinir hv. þm. En það var allt annað mál, sem ég átti við. — Um hitt málið sagði ég, að ég myndi ekki eftir því. Skal ég ekki bera brigður á það, þar sem hv. 5. landsk. segir það hafa verið sína reglu sem dómsmrh. að láta lögin ganga jafnt yfir alla, að það hafi mest verið fyrir minnisleysi, þegar hann sem ráðh. lét kærur falla niður, er vinir hans og flokksbræður áttu í hlut. (**JónasJ**: Ég vil skora á hv. þm. að skrifa um þetta í blað sitt og gera þar frekari grein fyrir því, sem hann á við, og skal þá ekki standa á mér að hrekja þessi ósannindi hv. þm.). Það er svo sem hægt að gera það, en ég geri þó ekki ráð fyrir, að það hafi mikla þýðingu, því að ég hreyfði þessu lauslega á sumarþinginu 1931 og vitnaði einmitt til þess í minni fyrri ræðu, og hv. 5. landsk. þm. sagði þá, að hann síðar skyldi sanna, að ég færi með rangt mál um þetta, en hv. þm. hefir ekki sýnt hinn minnsta lit á því að standa við þetta, og stendur enn allt óhrakið, sem ég þá sagði í þessu efni. Ég get líka minnt hv. 5. landsk. á annað mál, út af skattsvikum, þar sem hann gekk svo fast fram gegn kærunni, að hann rak manninn út, sem með kæruna kom. (**JónasJ**: Þetta eru tóm ósannindi). Nei, þetta er sannanlegur sannleiki, sem hv. 5. landsk. þýðir ekki að vera að mótmæla. (**JónasJ**: Ég skal sanna það síðar). Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að láta sem hann ætli að sanna þetta síðar, því að reynslan hefir sýnt, að hann hvorki getur það né gerir.

Jón Baldvinsson: Það er augljóst af svörum hæstv. stj. við fyrirspurnum mínum, að tilgangslaust er að vera að reyna að krefja hana frekari sagna, enda skal ég ekki gera frekari tilraunir í þá átt. Hinsvegar vildi ég mega beina því til hæstv. forseta, hvort ekki mundi hægt að ganga til atkv. um vantrauststill. nú þegar á þessum fundi, og skal ég jafnframt lýsa yfir því, að við Alþýðuflokksmenn munum ekki taka frekar til máls um vantrauststill., ef aðrir gera það ekki, svo að atkvgr. um till. þurfi ekki að dragast af þeim ástæðum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Af því að þetta er það eina, sem ég get gert fyrir hv. 2. landsk. af því, sem hann hefir beðið mig um, skal ég láta það eftir honum, og vil því beina því til hæstv. forseta, að hann taki vantraustsyfirlýsinguna fyrir á nýjum fundi þegar að loknum þessum fundi.

Forseti (EÁrna): Ég mun verða við þeim tilmælum að láta vantrauststill. koma til atkv. hér í sameinuðu þingi þegar í dag, en þar sem till. er ekki á dagskrá þessa fundar, verður að taka hana fyrir á 2 sérstökum fundum; þarf fyrst fund til að ákveða umr. um till., og síðan annan fund, þar sem hún sé rædd og atkv. látin ganga um hana. Mun ég því, til þess að þetta megi fram fara samkv. þingsköpum, halda þessa 2 fundi í sameinuðu þingi þegar að loknum þessum fundi. (**JBald**: Ég er ánægður með þessa skipan).

Jónas Þorbergsson: Ég verð að gera örstutta aths. út af ræðu hv. þm. G.-K., þar sem hann lét þess m. a. getið, að nú væru á döfinni nokkur meiðyrðamál á Morgunblaðið frá flokksbræðrum hv. 5. landsk. Vill svo vel til, að einn af ritstjórum Morgunblaðsins er hér á næstu grösum, svo að mér þannig gafst tækifæri til að spyrja hann, hver þessi mál væru, sem hv. þm. G.-K. ætti við, og tjáði ritstjórinn mér, að meðal þessara mála væri eitt mál, sem ég höfðaði á Morgunblaðið, en ég höfðaði þetta mál ekki af pólitískum ástæðum eða sem flokksbróðir hv. 5. landsk., heldur sem forstöðumaður ríkisstofnunar, sem Morgunblaðið hafði borið sökum. Þessi ummæli hv. þm. G.-K. fá því ekki staðizt.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, út af þeim ummælum hv. þm. G.-K., að Framsóknarflokkurinn hefði samþ. það, að núv. hæstv. dómsmrh. tæki sæti hins fráfarandi dómsmrh., að hvortveggja flokkurinn, bæði Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, var hinum óháður um val á mönnum í ráðuneytið, og veit ég enda, að hv. þm. G.-K. er þetta vel

kunnugt, því að hann mun hafa átt mikinn þátt í þeim samningaumleitunum, sem staðið hafa á bak við þessa stjórnarmyndun. Þessi stjórnarmyndun er til orðin af sérstökum ástæðum, vegna sérstakra vandræða, sem þinginu hafa að höndum borið, og lít ég svo á, að skoða megi þessa stj. eins og nokkurskonar n., sem báðir flokkar hafi skipað menn í eftir samkomulagi, með það fyrir augum að koma fram nauðsynlegum málum, sem stóðu föst í þinginu og ekki var hægt að afgr. áður. Undirbúningur að skipun stj. fór fram með þeim hætti, sem venja er til um skipun n., og það er auðvitað, að um leið og hvortveggja flokkurinn hefir valið menn í slíka n., hefir hann og tekið á sig ábyrgð á gerðum síns eða sinna fulltrúa.

Ólafur Thors: Hv. þm. Dal. færði þá skýringu fram á málshöfðun sinni gegn Morgunblaðinu, að hann hefði gert það sem embættismaður, og vildi hv. þm. með þessu leitast við að hrekja það, sem ég hafði áður sagt, og var það, að fyrrv. dómsmrh. hefði farið með vísvitandi ósannindi við konung, er hann símaði konungi, að svo væri háttað hér á landi, að aðeins einn flokkurinn í landinu höfðaði mál út af meiðyrðum í blaðadeilum. Þessi tilraun hv. þm. Dal. til að bregða skildi fyrir flokksbróður sinn sýnist þó vera vitagagnslaus, því að ég veit ekki betur en að einmitt sá maður, sem hv. 5. landsk. réðst einna svæsnast á, væri embættismaður, og væri einmitt embættismaður, er þessar árásir á hann stóðu yfir. Þessi maður er Helgi Tómasson læknir, og var hann borinn öllum illum sökum, allt að því að hann væri manndrápari, ef það þá ekki var skýrum orðum sagt. Helgi Tómasson fór í meiðyrðamál við fyrrv. dómsmrh. og annan til af níðriturum Tímans, og ritstjóri Tímans, sem ber lagalega ábyrgð á skrifum blaðsins, var dæmdur í sekt fyrir meiðyrðin, og fyrrv. dómsmrh. lætur það svo verða eitt af sínum síðustu verkum að gabba konung með ósannindum til að sýkna ritstjórann af því að greiða þessa sekt. Slíkt og annað eins er auðvitað óheyrt í öllum siðuðum löndum og kemur vonandi ekki framar fyrir hér, eftir að þessi undarlega siðlausi maður loks hefir hrökklazt úr ráðherradómi. Og það má hv. þm. Dal. vita, að enginn stjórnmálamaður annar en hann hefði fengizt til að verja slíkt athæfi.

Jón Jónsson: Þó að þessar umr. séu nú þegar orðnar alllangar, vil ég samt ekki láta hjá líða að láta í ljós ánægju mína yfir því, að tveir stærstu flokkar þingsins hafa nú orðið ásáttir um að leggja deilumálin til hliðar og beina saman bökum til sameiginlegra átaka á þessum erfiðu tímum. Það voru þó aðallega ummæli hv. þm. G.-K., sem komu mér til að kveðja mér hljóðs, en hann gat ekki stillt sig um það nú frekar en endranær að hnýta í hv. 5. landsk. og lét þau orð falla, að Framsóknarflokkurinn hefði viljað gefa fyrrv. dómsmrh. ráðningu með því að taka hv. 2. þm. Skagf. í sæti hans. Vil ég taka það fram, að því fór mjög fjarri, að Framsóknarflokkurinn vildi með þessu lýsa vantrausti á hendur fyrrv. dómsmrh. Fyrrv. ráðuneyti fann upp á því sjálft að biðjast lausnar, án þess að Framsóknarflokkurinn ætti þar nokkurn þátt í, og það varð að samkomulagi með flokkunum, að Framsóknarflokkurinn veldi tvo menn í stj. og Sjálfstæðisflokkurinn einn mann, og átti Framsóknarflokkurinn engan hlut þar að, hver kæmi í stj. af hálfu sjálfstæðismanna, heldur var það algerlega á valdi þeirra sjálfra. Og að því er snertir þá menn, sem Framsóknarflokkurinn hefir valið í stj., þykist ég mega gera mér vonir um, að þeir reynist flokknum vel og drengilega í ráðherrasætunum.

Jón Þorláksson: Ég vil ekki láta því vera ómótmælt hjá hv. þm. Dal., er hann sagði, að þessi nýja stj. væri einskonar n., sem flokkarnir hefðu skipað, þannig, að hvor flokkur bæri aðeins ábyrgð á sínum mönnum. Þetta ráðuneyti er myndað eins og önnur ráðuneyti, og tók fyrrv. fjmrh. að sér að mynda það samkv. tilmælum frá konungi, og það er hann, sem ber hina stjórnskipulegu ábyrgð á vali hinna ráðh. Veit ég, að þessi stjórnskipulega ábyrgð hæstv. forsrh. verður honum létt, því að það er almannarómur, að honum hafi heppnazt vel valið á

starfsbræðrum sínum í hinu nýja ráðuneyti. Það er hinsvegar rétt, að flokkarnir bentu hæstv. forsrh. á sína menn, og sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, sem benti hæstv. forsrh. á að snúa sér til hv. 2. þm. Skagf., eftir að farið hafði verið fram á, að einn maður úr Sjálfstæðisflokknum tæki sæti í ráðuneytinu. Hitt mega menn ekki hugsa, að stj. sé sem n., skipuð fulltrúum flokkanna, og að ráðh. geti starfað sér út af fyrir sig, hver á sínu sviði, eins og fulltrúar í n. geta klofið n. og gefið út sérnál., ef þeir verða sundurþykkir. Þannig verður engin stj. mynduð, heldur á hinn veginn, sem ég áður lýsti.

Haraldur Guðmundsson: Þessar umr. hafa farið mjög á víð og dreif, en ég vildi þó, áður en þeim lýkur, benda hv. þingheimi á það, að hvað sem annars segja má um hæfileika hinnar nýju stj., þá er þó eitt víst, það, að stj. hefir a. m. k. einn hæfileika til að bera í ríkum mæli, hún er loðmæltari og óákveðnari í svörum en nokkur stj. önnur, sem ég man eftir. Er það til marks um þetta, að af hálfu okkar jafnaðarmanna hafa hér verið bornar upp fjórar fyrirspurnir, og hefir hæstv. stj. aðeins svarað einni þeirra svo, að við verður unað, en hinum þremur hefir stj. ýmist ekki svarað eða þá svarað þeim út af.

Svo var talið af öllum, þegar þetta þing kom saman í febr. í vetur, að höfuðmál þessa þings væru tvö. Annað þeirra er kjördæmamálið eða stjórnarskrármálið. Það er og vitanlegt, að þessi hin nýja stj. er fyrst og fremst mynduð vegna þess, að fyrrv. stj. gafst upp við að leysa þetta aðalmál þingsins og treysti sér hinsvegar ekki til að halda áfram störfum, nema fjárl. væru samþ. og nauðsynleg fjáröflunarl. til handa ríkissjóði, en þetta var bundið því skilyrði af hálfu andstöðuflokka fráfarandi stj., að kjördæmamálið væri leyst á þessu þingi. Nú hefir Sjálfstæðisflokkurinn gengið á bak orða sinna og tekið höndum saman við Framsóknarflokkinn um myndun þessarar nýju stj., og skyldi maður því ætla, vegna hinnar fyrri afstöðu Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrármálinu, að einhver trygging væri fengin fyrir lausn þess máls, en svo kynlega bregður við, að þegar stj. er spurð um þetta, svarar hæstv. forsrh. því einu til, að hann eygi einhverja lausn á málinu á næsta þingi. Það er því fjarri því, að um nokkra tryggingu sé að ræða með þessari stjórnarmyndun fyrir því, að stjórnarskrármálið verði leyst, nema ef væri sú trygging, sem felst í hinu ærlega og fallega andliti hæstv. forsrh., og verð ég að segja það, án þess að ég þó vilji á nokkurn hátt lasta andlitið, að ég tel þessa tryggingu nauðalitla.

Annað höfuðverkefni þessa þings hefir með réttu verið talið að gera einhverjar ráðstafanir til að draga úr þeim örðugleikum vegna kreppu og atvinnuleysis, sem landsfólkið nú stynur undir. Það virðist því, sem eðlilegast hefði verið, að þessi hin nýja stj. hefði skýrt frá fyrirætlunum sínum í þessu efni, en svo undarlega bregður við, þegar stj. er spurð að því, hvað hún ætli að gera, að hæstv. forsrh. lætur sér nægja að lýsa yfir því, að hann sjái ekki ástæðu til að tala um þetta mál að sinni. Vænti ég, að enginn lái mér það, þótt mér þyki slík svör helzt til snubbótt.

Þá gerðum við jafnaðarmenn fyrirspurn til hæstv. stj. út af sakamálsrannsóknum þeim, sem fráfarandi dómsmrh. fyrirskipaði fyrir nokkrum dögum. Hefir hæstv. núv. dómsmrh. svarað fyrirspurninni að því leyti, sem hún tók til hans persónulega, og var svar hans á þá leið, að hann mundi láta það mál ganga áfram til dómstólanna. Er þar svarað eins og við átti, hvort sem hæstv. ráðh. hefir svarað svo af því, að hann álítur, að fyrirskipun sakamálsrannsóknarinnar hafi verið studd rökum, eða þessi ákvörðun hans er af persónulegum ástæðum sprottin. Að því er snertir sakamálsrannsóknina á hendur forstjórum Kveldúlfs, þá hefir einn af forstjórum félagsins, sem á sæti hér á Alþ., hv. þm. G.-K., lýst yfir því, að hann muni gera þá kröfu til stj., að það mál gangi einnig áfram til dómstólanna, og fyndist mér illa gert af núv. hæstv. dómsmrh., ef hann getur ekki orðið við bón vinar síns og flokksbróður um að láta málið ganga áfram, úr því að málshöfðunin var fyrirskipuð á annað borð. Um þriðju sakamálshöfðunina,

sakamálshöfðunina á hendur Íslandsbankastjórunum, hefir það hinsvegar heyrzt, að hún hefði verið tekin aftur, og er þó þetta mál miklu alvarlegra og þýðingarmeira en bæði hin málin, og teldi ég því mjög illa farið, ef þessi orðrómur er sannur. Ég lít svo á, að úr því að þessum málum hefir verið hrundið af stað á annað borð, sem ég hygg, að fullt tilefni hafi verið til, megi þeir, sem undir þessum kærum liggja, telja það réttlætiskröfu, að málin séu látin ganga áfram til dóms, svo að í ljós komi sekt þeirra eða sýkna í þessum málum, og ég óska eftir því, að málin verði öll látin ganga áfram til dómstólanna, eins og til var stofnað, svo að dómur megi í þeim falla, ef málshöfðunin eigi hefir verið afturkölluð. Og hvað sem segja má um hæstaréttardómarana að öðru leyti, þá er það a. m. k. víst, að ekki þarf að óttast, að hinn hæstv. hæstiréttur verði á neinn hátt illviljaður þeim mönnum, sem hér er um að ræða.

Svo loðmælt sem hæstv. ríkisstj. hefir verið í öllum sínum svörum, skal ég játa það, að ýmsir stuðningsmenn hennar hafa verið opinskárri og bersöglari. Hér hafa nú talað fjórir af stuðningsmönnum stj. og kastað kærleikskveðjum hver á annan, hv. þm. G.-K., hv. þm. Dal., hv. 1. og 3. landsk. Sé ég, að það er sannkallað kærleiksheimili, sem að stj. stendur, og óska ég hæstv. stj. til hamingju með samkomulagið milli stuðningsmanna hennar. Yfirlýsingar þessara stuðningsmanna stj. stungu að vísu allmjög í stúf hver við aðra. Þannig sagði hv. þm. Dal., að stj. væri aðeins einskonar nefnd og hvor flokkurinn bæri aðeins ábyrgð á sínum mönnum í stj., en hv. 1. landsk. þm. segir þetta með öllu rangt, og sé hér vitaskuld ekki um þingn. að ræða, heldur ríkisstj., sem mynduð sé á þinglegan hátt með stuðningi meiri hl. þings, og er ég sammála hv. 1. landsk. um það, að svo á þetta að vera, og vona ég, að það eigi eftir að koma greinilega í ljós, hvort þetta er svo eða ekki, því að ég geri ráð fyrir, að vantrauststill. okkar jafnaðarmanna komi til atkv. hér í sameinuðu þingi þegar í dag, eins og hæstv. forseti hefir lýst yfir, að muni verða.

Að lokum vil ég vekja frekari athygli á eftirtektarverðri setningu, sem hv. 3. landsk. lét hér falla í upphafi sinnar ræðu áðan. Hann lét svo um mælt, að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hefðu nú snúið saman bökum, til þess sameiginlega að mæta hinu alvarlega ástandi, sem nú ríkir í landinu. Geri ég ráð fyrir, að hv. 3. landsk. hafi meint þetta. En ég vil leyfa mér að spyrja hann að því, hvað komið hafi frá hinni nýju stj., sem bendi í þessa átt. Ekki er það lausn kjördæmamálsins, því að svör stj. þar voru þau ein, að hæstv. forsrh. taldi sig eygja einhverja lausn á því máli einhverntíma í framtíðinni. Og ekki eru það kreppuráðstafanir eða atvinnubætur, því að hæstv. forsrh. taldi sig ekki hafa neina ástæðu til að ræða þau mál að sinni. Get ég ekki neitað því, að svarafæð hæstv. stj. er mér enn óskiljanlegri, eftir að þessi höfuðsmiður stj. hefir lýst yfir því, að þessi væru höfuðverkefni þessarar nýju stj. Hinn nýi kennslumálaráðh. hefir að vísu ekki sagt eitt orð enn, og mun víst ekki sjá ástæðu til að láta neitt uppi um sínar fyrirætlanir í þessum efnum, og hina tvo ráðh. þekkjum við frá fornu fari og þau bjargráð, sem helzt er að vænta frá þeirra hendi, enda skal ég ekki leyna því, að ég vænti ekki mikils af þessari nýju og loðmæltu stj.

Jónas Þorbergsson: Hv. 1. landsk. vildi leiðrétta þau ummæli mín, að skipun stj. hefði farið fram með þeim hætti, sem venja er til um skipun n., og þótt það sé að vísu rétt, að skipun stj. var að því leyti með öðrum hætti en skipun n., að konungur skipar stj., en ekki n., þá er hitt eigi að síður rétt, að undirbúningurinn undir skipun stj. fór fram eins og um n. væri að ræða, þannig, að hvor flokkanna um sig átti eigið val á þeim mönnum, sem hann vildi hafa í stj., án þess að hinn flokkurinn hefði þar nokkra íhlutun um. Vildi ég, að þetta kæmi fram, vegna þeirra ummæla hv. þm. G.-K., að Framsóknarflokkurinn hefði samþ. að velja hv. 2. þm. Skagf. sem eftirmann fyrrv. dómsmrh., enda var þetta aldrei borið undir Framsóknarfl., því að Sjálfstæðisfl. var það í sjálfsvald sett, hvern mann hann veldi í ráðuneytið af sinni hálfu. Framsóknarfl. átti þar ekkert atkv. um.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil hinsvegar víkja nokkrum orðum til hv. þm. G.-K. Ég gat þess áður, að mál þau, sem ég hefði höfðað á Morgunblaðið, hefði ég höfðað fyrir hönd ríkisstofnunar, sem ég ber ábyrgð á, og væru þessi mál því ekki pólitísk mál og gætu þess vegna ekki talizt til þeirra mála, sem framsóknarmenn sem pólitískir menn kynnu að höfða á andstæðinga sína. Í svari sínu til mín virtist hv. þm. G.-K. vilja telja, að árásirnar, sem farið hefðu fram á hendur Helga Tómassyni, hefðu farið fram á meðan hann var embættismaður, og þótti honum því sem svipað stæði á um þau mál, sem Helgi Tómasson hefði höfðað, og þau mál, sem ég hefði höfðað. En þetta er misskilningur hjá hv. þm. G.-K. Það er ekki rétt, að Helgi Tómasson hafi orðið fyrir blaðaárásum meðan hann var embættismaður, því árásirnar hófust ekki fyrr en hann var hættur að vera embættismaður og hafði verið settur af fyrir að hafa misbeitt embættis- og sérfræðiaðstöðu sinni og unnið óhæfuverk, sem gerði hann að undri í fleiri en einu þjóðlandi. Þetta er margkunnugt, og þarf ég ekki að taka neitt nánar fram um það.

Ennfremur vil ég segja nokkur orð út af síðustu ummælum hv. þm. G.-K., þar sem hann sagði, að ég teldi það mitt hlutverk að skjóta skildi fyrir hæstv. fyrrv. dómsmrh. Það er satt, að ég tel mér það skylt, eins og líka fjöldamargir aðrir samherjar hans, að standa með honum á móti því ofsóknaræði, sem gegn honum hefir verið haldið uppi um mörg undanfarin ár af andstæðingum Framsóknarflokksins. Og ég tel mér það hvorki vanvirðu né heldur á neinn hátt mótstæðilegt að fylla flokk þeirra manna, sem fylgja honum að málum, heldur tel ég mér það mikla sæmd og hamingju. **(Rödd af þingbekkjum:** Þeir hefðu átt að halda um þetta flokksfund). En hlutverk hv. þm. G.-K. er að verja hneykslismál Helga Tómassonar og önnur slík mál, og meðan þannig er verkum skipt milli okkar, mun ég ekki öfunda hann né æskja hlutverkaskipta.

Magnús Torfason: Ég ætla mér ekki að taka þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram, og hefi kvatt mér hljóðs einungis fyrir þá sök, að ég stend sennilega öðruvísi að vígi gagnvart hinni nýskipuðu stj. en allir aðrir hv. þm. En nú hefir hæstv. forseti lýst yfir því, að á öðrum fundi í Sþ. muni fara fram atkvgr. um vantraust á stj., án þess að nokkrar umr. fari þar fram. Ég tel því rétt að gera nú grein fyrir mínu atkv.

Eins og menn vita, hefi ég verið talinn meðal framsóknarmanna, og menn munu því ætla, að myndun þessarar stj. hafi verið borin undir mig. En það hefir ekki verið gert. Mér hefir því verið fyrirmunað að skipa mér í stjórnarfylkinguna, nema svo væri, að ég kastaði sæmd minni. Ég stend því alfrjáls gagnvart þessari stj., og viðskipti mín við hana munu fara eftir málavöxtum og tilgerðum hennar, og mun ég við atkvgr. haga mér eftir því.

Jakob Möller [óyfirl.]: Af því að hv. þm. Dal. hefir staðfastlega neitað því, að Framsóknarflokkurinn hafi staðfest það, að Magnús Guðmundsson yrði eftirmaður Jónasar Jónssonar, vil ég leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hv. þm., hvort Framsóknarflokkurinn hafi ekki samþ. það, að Ásgeir Ásgeirsson myndaði þá þriggja manna stj., sem nú er setzt í stólana, og að hún yrði skipuð ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni sem fors.- og fjmrh. þeim Þorsteini Briem sem atv.- og samgmrh. og Magnúsi Guðmundssyni sem dómsmrh., og þar með samþ., að Magnús Guðmundsson yrði eftirmaður Jónasar Jónssonar.

Jónas Þorbergsson: Það er aðeins út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. Það er rétt, að Framsóknarflokkurinn samþ. að fela núv. hæstv. forsrh. að mynda ráðuneyti, sem í væri einn maður úr Sjálfstæðisflokknum. **(JakM:** Samþ. hann ekki, að stj. yrði mynduð með þeim mönnum, sem nú eru í henni?). En þeir hafa sjálfir valið þann manninn í ráðuneytinu, sem ekki er úr Framsóknarflokknum. **(JakM:** Má ég leiðrétta, af því að ég get ekki tekið oftar til máls. Ég spurði, hvort Framsóknarflokkurinn hefði ekki samþ., að Ásgeir Ásgeirsson myndaði þessa stj., sem skipuð væri þessum mönnum). Jú, en hvorki einstakir flokksmenn né

flokkurinn í heild hefir goldið hæstv. núv. dómsmrh. jákvæði eða neikvæði og ekki gefið neina yfirlýsingu um afstöðu sína gagnvart einstökum mönnum í þessari stj. En það mun væntanlega verða gert, þegar vantrautsyfirlýsingin liggur fyrir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það mun nú vera tími til kominn, að þessum umr. verði lokið. Þær hafa staðið mest um fornar væringar milli manna og flokka, og mér hefði aldrei komið til hugar, að allar slíkar væringar mundu niður falla, þó ný stj. væri mynduð. En ég vil þó óska, að úr þeim dragi svo sem frekast er unnt.

Þessi stj. er vitanlega fullkomlega pólitísk stj. og ber fullkomlega pólitíska ábyrgð á sínum gerðum og mun reyna að starfa saman, þó að hitt sé vitanlegt, að einn ráðh. getur alltaf tekið sig út úr og gert það, sem honum sýnist um þá hluti, sem undir hans ráðuneyti heyra, ef honum býður svo við að horfa. Svo er það jafnan í þessu landi, að ráðherrar hafa úrslitavald í málum, hver á sínu sviði. En þrátt fyrir það hefir verið fullur vilji til samstarfs hjá öllum stj., meðan þær hafa setið, og svo mun enn verða um þessa stj. Þetta tel ég mér skylt að taka fram vegna þeirra ummæla, sem fram hafa komið um, að þessi stj. væri einskonar nefnd, þar sem hvor flokkurinn bæri ábyrgð á sínum manni eða mönnum.

Ég veit vel, að það eru margir óánægðir, sem veita þessari stj. hlutleysi eða styðja hana á víxl, og að þeim kemur ekki sem bezt saman. En stj. er nú mynduð, og varð svo að vera, og vil ég nú óska, að menn láti liggja deilur um stund. Hvort þetta samband verður til þess eins að bresta á næsta þingi, eða hugir hnígi saman, veit ég ekki. En ég hygg, að margir gleðjist yfir því, að flokkarnir hafa nú tekið höndum saman um að leysa vandamál lands og þjóðar á þessum tímum, bæði hv. þm. og aðrir.

Þessi stj. er mynduð með samþykki beggja þeirra flokka, sem að henni standa. Og þær ákvarðanir voru teknar af báðum flokkum, vitandi það, hverjir ættu að eiga sæti í stj., þó það hafi ekki formlega verið borið upp til samþykktar á flokksfundum.

Ég vil að lokum benda hv. þm. Seyðf. á, að þó ég hafi engin svör gefið við fyrirspurn flokksbróður hans (JBald) um atvinnubætur, þá er það aðeins af því, að ég mun fresta umr. um það mál þar til síðar.

Annars held ég, að hv. jafnaðarmenn hafi ekki ástæðu til að kvarta yfir því, að stj. sé loðmælt, því áður en ég gat svarað fyrirspurn þeirra, voru þeir búnir að lýsa því yfir, að þeir væru á móti stj. og búnir að bera fram vantraust á hana. (HG: Það er nú ekki bersögli stj., þó aðrir menn segi sitt álit). Ræða hv. 2. landsk. byrjaði á því að lýsa því yfir, að jafnaðarmenn væru á móti stj., og þó bar hann fram fyrirspurnir, sem báru það með sér, að hann vissi ekki, hverju hann var á móti.

VI. Skýrsla ríkisgjaldanefndar.

Á 98. fundi í Ed., 6. júní, var tekin á dagskrá:

Skýrsla ríkisgjaldanefndar.

Jón Jónsson: Það er fljótlegt fyrir mig að gefa skýrslu. Þessi n. var kosin laust eftir mitt þing, þegar þingannirnar aðallega byrjuðu í Ed. N. hefir því lítið gert, að vísu aflað gagna viðvíkjandi rekstri á ýmsum stofnunum. Hv. 1. landsk., sem var afskaplega greiðvikinn við störfin, tók að sér að vinna úr þessum plöggum. Ég vísa því til hans og geri svo ráð fyrir, að n. ljúki störfum sínum með því að afhenda stj. þau gögn, sem hún hefir aflað.

Jón Þorláksson: Aðdragandi til kosningar þessarar n. var sá, að 2 þm. Sjálfstæðisflokksins báru fram í Sþ. till. um að skipa n. til að athuga um niðurfærslu á gjöldum ríkissjóðs. Þó furðulegt megi virðast, þá var ekki brugðizt vel við þessari sjálfsögðu till. úr öllum áttum. Það kom fram andstaða af hálfu Framsóknarflokksins, sem lyktaði með því, að forseti Sþ. úrskurðaði, að till. gæti ekki kom-

izt þar að samkv. þingsköpum. Þá var borin fram samskonar till. í báðum deildum Alþ. Í Nd. náði hún ekki samþykki, en hér í Ed. var hún samþ. og n. kosin, en allt þetta hafði gert það að verkum, að liðinn var 1½ mán. af þingtímanum, þegar n. komst á laggirnar, því það var 1. apr., sem hún var kosin. Eins og formaður n. gat um, hefir n. haft fremur takmarkaðan tíma til starfa. Þó á þetta ekki að öllu leyti við hvað mig snertir, því ég hefi haft nokkurn tíma, er ég hefi getað tileinkað þessum störfum, en vegna annríkis meðnm. minna hefir samstarfið orðið minna en æskilegt hefði verið. (**JBald.**: Það hefir nálega ekkert verið). Ég tel það sem upphaf í starfi n., að hún hefir borið fram tvær þáltill., sem meiri hl. n. hefir flutt. Önnur er þess efnis, að sú venja skuli hér eftir upp tekin, að fjárlögum skuli árlega fylgja skrá yfir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana. Í öðru lagi hefir n. flutt till. um, að tekið verði til athugunar, hvort strandferðunum megi ekki fyrir koma með minni kostnaði en verið hefir, og er í því aðallega meint, að leitað verði samninga við Eimskipafél. Ísl. um, að það taki að sér strandferðirnar. Þá hefi ég í þriðja lagi leyft mér að leggja til — að vísu sem minni hl. n. —, að upp verði tekin önnur tilhögun með landhelgigæzluna en sú, er hefir verið. Hefi ég þó ekki borið fram þáltill. um það atriði, aðallega vegna þess, hve áliðið var þingtímans, er ég hóf máls á þessari tilhögun.

Við umr. um skipun þessarar n. virtist mér, að hæstv. núv. forsrh. legði meiri áherzlu á, að n. yrði látin starfa sem mþn. heldur en þingn. Nú er þó komið að þingslitum, svo að ekkert hefir verið gert í því að skipa mþn. í þessu tilefni. Ég hefi ekki talið það nauðsynlegt eða heppilegt, að slík n. yrði skipuð. Hæstv. ríkisstj. hefir nú fengið nægilegt tilefni til að athuga þær leiðir, sem færar mættu verða til sparnaðar í þjóðarbúskapnum, og mun hún einnig hafa aðstöðu til að geta kvatt sér til aðstoðar og ráða ýmsa menn, er kunnugleika hafa á þeim efnum. Ég tel því efasamt, að n., sem skipuð yrði úr hinum ýmsu stjórnmálaflokkum, hefði betri aðstöðu í þessu efni en sjálf hæstv. ríkisstj. og vil því alls ekki ýta undir það, að n. verði skipuð. Hinsvegar vil ég beina því til þings og stj., að ekki ber að skoða störf þeirrar þingn., sem starfað hefir, eins og neina fullnaðarniðurstöðu í málunum eða úrlausn, heldur sem byrjun á starfi, er áfram þarf að halda. Eins og hv. form. n. minntist á, hefir n. safnað ýmsum upplýsingum frá ríkisstofnunum, sem hún nú afhendir hæstv. stj. með þeirri eindregnu ósk, að hún haldi áfram þeim athugunum, sem af þeim gögnum má gera.

Eins og allir vita, lifum við nú á mjög alvarlegum tímum. Það hefir þótt óhjákvæmilegt til þess að rekstur ríkisbúsins lenti ekki í strand, að hækka álögur á skattborgarana, en ég vil benda á það, að hitt má enn síður gleymast, að lækka útgjöld ríkissjóðs, þar sem því er unnt við að koma.

Það er ýmislegt, sem ég gæti gert að umtalsefni í skýrslum þeim, er n. hefir safnað frá ríkisstofnunum, en ég ætla hér aðeins að minnast á tvennt. Annað er viðtækjaverzlunin. Eins og kunnugt er, er það ríkisfyrirtæki, sem sett var á stofn samkv. heimildarlögum um einkasölu ríkisins á viðtækjum. Um síðustu áramót hafði þetta fyrirtæki staðið í tvö reikningsár, hið fyrra þó ekki heilt. Aðeins eitt atriði í starfsemi þessa fyrirtækis ætla ég að gera að umtalsefni, og það er, að það virðist vera rekið sem alveg óhæfileg okurstofnun gagnvart þeim borgurum þjóðfélagsins, er þurft hafa að kaupa viðtæki með milligöngu viðtækjaverzlunarinnar. Er auðvelt að færa rök að þessari umsögn. Á þessum tveimur árum hefir viðtækjaverzlunin selt vörur, sem í innkaupi kostuðu ekki nema 725 þús. kr., eða um 740 þús. kr., ef verzlunarkostnaður er talinn með, en þessar vörur hefir svo verzlunin selt með 262 þús. kr. álagningu. Ég held, sem betur fer, að slík álagning hjá heildverzlun sem þessari sé alveg einsdæmi, að tekið er h. u. b. 40% af innkaupsverðinu í umboðslaun.

Ég geri enga aths. viðvíkjandi rekstrarkostnaði þessa fyrirtækis, því ég ætla ekki að fara inn á það svið, hvorki í þessu ríkisfyrirtæki né öðrum, og veldur því, að n. hefir ekki haft nægilegan tíma til þess að kynna sér svo sem þurft hefði þann þátt stofnananna. Ég get þó aðeins sagt það, að með tilliti til launagreiðslna

til ýmsra hópa af starfsmönnum ríkisins, sem laun taka samkv. launalögum frá 1919, þá sýnist full ástæða til að lækka laun ýmsra starfsmanna hjá ríkisstofnunum, er síðar hafa settar verið. Af þessum 262 þús. kr., sem álagning viðtækjaverzlunarinnar var þessi tvö starfsár, nemur kostnaðurinn við verzlunina um 62 þús. kr., en þessar 200 þús. kr. er þá bein hagnaðarálagning, beinn skattur á þá borgara, sem skipt hafa við verzlunina. Ég hefi tekið eftir því, að hv. þm. Dal., sem einnig er útvarpsstjóri, hefir í hv. Nd. borið fram frv. um styrk úr ríkissjóði handa útvarpsnotendum. Mér er sagt, að allir útvarpsnotendur á landinu séu um 4 þús. Allmargir af þeim voru búnir að kaupa sér viðtæki, þegar verzlunin tók til starfa. Milli hinna hafa þessar 200 þús. kr. skipzt sem skattur á þá, sem víst er, að Alþ. hefði aldrei samþ. á þá að leggja. Eitthvað 7—8 þús. kr. af þessari álagningu hafa lent til vissrar starfrækslugreinar, sem útvarpið hefir með höndum, og veit ég ekki, á hverju sú ráðstöfun byggist. Mér finnst vera full ástæða til að benda hæstv. stj. á að athuga það, hvort ekki er hægt að komast hjá því að okra þannig á þessari verzlun. Aftur á móti verður að telja, að smásöluálagningunni á þessa vöru sé mjög í hóf stillt, bæði hjá þeirri verzlun, er selur tækin hér í Rvík, og eins þeim, er selja úti um land, því álagning smásalanna á þessa vöru er, sem betur fer, ekkert í samræmi við álagning heildsölunnar.

Næst er það útvarpið sjálft, sem ég vildi minnast á. Skýrslur þær, er n. hafa borizt frá þeirri stofnun, sýna greinilega, að á því er full þörf, að tekið verði fastari hendi hér eftir en hingað til á fjármálum þeirrar stofnunar. Það þarf að gæta þess, að við þá stofnun séu notaðir hæfilega margir starfsmenn og þeir launaðir á sanngjarnan hátt, en það, sem þar er fram yfir, má alls ekki eiga sér stað.

Ég hygg, að ég geti að svo mæltu látið staðar numið. Ég vil aðeins ljúka ræðu minni með því að óska, að hæstv. stj. takist á næsta ári að verða mikilvirk á þeim endurbótum, sem á ýmsum ríkisstofnunum er hægt að gera.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Um leið og ég vil þakka hinni fráfarandi ríkisgjaldan. fyrir hennar störf, þá vil ég víkja fáeinum orðum til hv. 1. landsk. Eins og kunnugt er, var tilgangurinn með einkasölu á viðtækjum aðallega tvennskonar. Annar sá, að tryggja það, að aðeins fáar og góðar tegundir útvarpstækja yrðu fluttar inn í landið, og hinn sá, að tryggja útvarpinu sjálfu nauðsynlegar tekjur. Þetta hefir tekizt, hið síðara með því að auka heildsöluálagningu án þess þó, að tækin hafi orðið dýrari í smásölu heldur en þau voru áður en einkasalan komst á. Ég skal ekki fullyrða, að ekki kunni að hafa orðið einhver mistök, en í heildinni þykist ég geta fullyrt, að verzlun þessi takist vel.

Hvað útvarpið sjálft snertir vil ég geta þess, að fráfarandi stj. hafði þegar tekið til yfirvegunar í samráði við útvarpsstjóra og útvarpsráð, hversu hægt mundi að spara á rekstri útvarpsins meira en er. Núv. stj. mun halda áfram þeim athugunum.

Ég hafði hugsað mér, að þessi n. yrði látin starfa milli þinga. Þá hugmynd miðaði ég þó við venjuleg þinglok og eins hitt, að flokksstjórn mundi sitja að völdum við þingslitin. Nú hafa þinglok orðið með venjulegum hætti, en stjórnin hefir breytzt, eins og kunnugt er, í samsteypustjórn tveggja flokka. Er því viðhorfið að nokkru breytt. Ég hefi nú átt tal um þetta efni við hæstv. meðstjórnendur mína í ráðuneytinu, og þar sem þeir hafa ekki óskað þess, að n. starfaði áfram milli þinga, hefi ég ekki flutt till. um það.

Jón Jónsson: Ég get verið þakklátur meðnm. mínum, hv. 1. landsk., fyrir það, að hann hefir starfað meira en við hinir í nefndinni. En úr því að hann hefir vikið hér að tveimur sérstökum umræðuefnum, þykir mér rétt að lýsa því yfir, að hann hefir ekki látið okkur meðnm. sína vita, að hann hefði í huga að gera nokkrar aths. um viðtækjaverzlunina eða rekstur útvarpsstöðvarinnar, svo að við höfum ekkert kynnt okkur þá hluti. Það, sem hv. þm. segir um þessi atriði, er því algerlega frá honum sjálfum. Það má vel vera, að álagningin á viðtækin sé

of mikil, ég hefi ekki rannsakað það, en ég hafði hugsað mér, að hlutverk n. væri aðallega að leita að möguleikum til þess að spara útgjöld ríkissjóðs og gæta hagsmuna hans. Og af því tekjurnar af viðtækjaverzluninni ganga til þess að greiða rekstrarkostnað útvarpsstöðvarinnar og eru þannig óbeinar tekjur fyrir ríkissjóð, þá sé ég ekki, að þessar aths. hv. 1. landsk. fari í þá átt, sem hlutverk n. beinist að. Ég skil það mætavel, að þessar aths. geta vitanlega horft til sparnaðar fyrir almenning eða nýja kaupendur viðtækja. En eins og hæstv. forsrh. tók fram, þá hefir viðtækjaverzlunin lagt ekki svo lítinn skerf til útvarpsins, og mun það svara til þess að vera 90 þús. kr. hreinar tekjur fyrir ríkissjóð. Annars verður að gæta þess, að viðtækjaverzlunin þarf að leggja meira á tækin en heildsalar gerðu áður, af því að hún ber ábyrgð á þeim heim í hlað til kaupenda, og ef tækin reynast misjafnlega, þá tekur hún þau til baka og lætur aftur fullkomin tæki í staðinn. Ég held, að sú ásökun sé ekki á rökum reist, að viðtækin séu dýrari hjá viðtækjaverzluninni heldur en þau yrðu hjá einkaverzlunum. Það mun vera rétt, sem hæstv. forsrh. benti á, að þau eru ekki dýrari nú en áður, þegar einstaklingar verzluðu með þau, því að þá var smásöluálagningin miklu meiri en hún er nú. Þrátt fyrir þetta er það ekki nema gott og blessað, að stjórnin fylgist sem bezt með um starfsemi þessarar stofnunar. Hitt vitum við, að það er ofureðlilegt, að starfræksla útvarpsins sé miklu dýrari í byrjun, meðan ekki er fengin full reynsla um, hvernig rekstrinum verður bezt fyrir komið. En útvarpsstjórinn hefir látið í ljós, að það væri hægt að spara meira í rekstri útvarpsins, þegar fengin væri full reynsla í því efni. Og vænti ég, að það verði gert með fullu samkomulagi við útvarpsráðið og útvarpsstjórann.

Jón Þorláksson: Mér kom það á óvart, að hæstv. forsrh. skyldi ganga fram fyrir skjöldu og fara að verja álagningu viðtækjaverzlunarinnar á viðtækin. Mér hefði fundizt eðlilegra, að hann gæfi aðeins loforð um að athuga þetta nánar og taka síðan ákvarðanir samkv. því. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að þrátt fyrir þessa álagningu viðtækjaverzlunarinnar væru tækin ekkert dýrari nú en áður. Ég hefi fengið fullnægjandi sannanir fyrir hinu gagnstæða og veit um mörg dæmi þess, að samskonar tæki og þau, sem viðtækjaverzlunin hefir, voru ódýrari áður og geta enn fengizt með mun lægra verði en viðtækjaverzlunin selur þau. Enda þarf engan að furða það, þegar það er athugað, hvað álagningin er gífurleg. Hitt er alger misskilningur hjá hæstv. forsrh. og hv. 3. landsk., að það skipti litlu fjárhagslega fyrir ríkissjóð, hvort almenningur getur fengið viðtækin með góðum kjörum eða ekki. Ég álít, að það sé mjög þýðingarmikið skilyrði fyrir góðri fjárhagsafkomu útvarpsins, að það fái sem flesta notendur, til þess að það þurfi ekki að vera ómagi á ríkissjóði. Þess vegna ætti að styðja að því, að sem flestir geti fengið sér viðtæki, en þessi mikla álagning fælir menn frá því að kaupa þau.

Þá hefir því verið skotið fram, að arðurinn af viðtækjaverzluninni árið 1931 hefði gengið til þess að jafna greiðsluhalla á rekstri útvarpsins. Það sést ekki á reikningum viðtækjaverzlunarinnar, nema að því er snertir þær 37—38 þús. kr., sem ég áður hefi getið um.

Ég held, að það sé ekki heppileg aðferð að afla útvarpinu tekna með því að láta viðtækjaverzlunina okra á þeim fáu mönnum, sem kaupa útvarpsviðtæki. Ég held, að hitt gefist betur, að hafa tækin sem ódýrust, til þess að útvarpsnotendum fjölgi sem mest. Þess vegna verður annaðhvort að hafa frjálsa verzlun á viðtækjum eða reka viðtækjaverzlunina þannig, að tækin séu sem ódýrust, og eigi dýrari en svo, að verzlunin beri sig.

Út af ummælum hæstv. forsrh. um það, hvort ríkisgjaldan. hefði átt að halda áfram störfum milli þinga, skal ég aðeins segja það eitt, að ég hefi aldrei gert ráð fyrir því eða vakið máls á því; ég hefi alltaf gengið út frá því, að hún starfaði aðeins á þessu þingi.

Það gleður mig, að hæstv. stj. hefir gefið vilyrði fyrir því, að rekstur útvarpsins verði tekinn til rækilegrar athugunar og gerðar þær breyt. og leiðréttingar, sem nauðsynlegar eru. Að óreyndu ber ég það traust til hæstv. stj., að ég

vænti, að þetta verði eitt af þeim mörgu verkefnum, sem hún tekur til athugunar og skilar í hendur næsta þings sem árangri af störfum sínum á því sviði, sem ríkisgjaldan. hefir undirbúið.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal játa, að ég er ekki nægilega kunnugur starfsemi viðtækjaverzlunarinnar, af því að hún hefir ekki heyrt undir mína deild í stjórnarráðinu. Hvað sem vera kann um einstök tilfelli, þá ætla ég, að almennt séu tækin ekki dýrari en þau hafa verið áður. Hv. 1. landskjörinn sagði, að það væri engin furða, þó þau væru dýr með slíkri heildsöluálagningu. Ég hefi hinsvegar haldið það, að vegna sérstöðu verzlunarinnar um að geta takmarkað smásöluálagninguna og standa straum af kostnaði, sem leiðir af því, að verzlunin verður að liggja með miklar birgðir, og að mikið gengur úr sér af tækjum, sem ekki seljast, þá sé verzlunin neydd til að hafa töluverða álagningu, og er slíkt ekkert einsdæmi fyrir einkasölu, heldur myndi gegna sama máli í frjálsri samkeppni. Heildsöluálagning er allt annað en heildsölugróði. Enn má geta þess, að verzlunin hefir ekki leyfi til að selja tækin undir því verði, sem framleiðendur ákveða, því að þeir ráða smásöluverði tækja sinna í öllum löndum. Þau bönd hvíla jafnt á, þótt frjáls verzlun væri. Það er auðvitað rétt, að útvarpið gæti fengið auknar tekjur af auknum fjölda útvarpsnotenda, en ef ágóðinn af einkasölunni er 90 þús. kr. árlega, þá þyrftu um 3000 gjaldendur að bætast við til að vega á móti þeim tekjumissi, er hlytist af niðurlagning viðtækjaverzlunarinnar.

Ég hafði ekki búizt við því, að hv. 1. landsk. myndi gefa kost á sér til þess að starfa í ríkisgjaldan. milli þinga, né þeir hv. þm. aðrir, sem skipaðir voru í n. hér í þinginu. En hinn möguleikinn væri þó fyrir hendi, að flokkarnir hefðu mannaskipti í n., en um slíkt er vitaskuld ekki að tala úr þessu. Um slíkar n. almennt er það annars að segja, að það er algengt erlendis, að þær séu skipaðar; t. d. hefir nýlega verið skipuð n. sérfræðinga í Svíþjóð til þess að vera stj. til aðstoðar um samning fjárlagafrv., og í Englandi hefir slík n. verið skipuð fyrir 9 mánuðum.

Jón Baldvinsson: Þegar till. kom fram á öndverðu þingi um skipun þessarar n., var Alþýðuflokkurinn spurður um, hvort hann vildi eiga fulltrúa í henni, og var því svarað játandi. Ég var síðan kosinn í n., aðeins af þeirri ástæðu, að ég er sá eini Alþfl.maður í þessari hv. d. Að öðrum kosti hefði ég aldrei tekið í mál að taka sæti í n., hvorki meðan þing stæði, né eftir þing. Nú hefir hæstv. forsrh. lýst því yfir, að hann ætli sér ekki að skipa þessa n., og ber að skoða þá yfirlýsing hans sem merki þess, að hann líti nú bjartari augum á framtíðina en hann hefir gert til þessa.

Út af þeim ummælum, sem hv. 1. landsk. hafði um starfsemi n., skal ég gera þá játningu, að ég hefi aldrei haft neina trú á því, að hún gæti nokkru afkastað meðan á þingi stæði, enda hafði bæði ég og hv. 3. landsk. orð um það um það leyti, sem skipun n. var á döfinni. (**JónJ:** Rétt). Það liggur í augum uppi, að það er erfitt að kynna sér margbrotin og margháttuð skjöl, margra ára skýrslur og reikninga, víðsvegar að og frá ólíkum starfsgreinum og finna út úr þeim, hvar megi spara. Það var fyrirfram vitanlegt um okkur, a. m. k. tvo nm., hv. 3. landsk. og mig, að lítið yrði úr störfum okkar í n. meðan þing stæði, en hv. 1. landsk. mun hinsvegar hafa haft eitthvað betri tíma, enda hefir hann „stúderað" þessi plögg eitthvað lítilsháttar, og liggja nú fyrir 3 eða 4 till. frá honum, sem fjalla einungis um það, sem Morgunblaðið hefir verið að tönnlast á undanfarið, svo sem um strandgæzluna og strandferðirnar og fleira þvílíkt. Það er vitaskuld auðvelt fyrir hv. 1. landsk. að taka eitthvað af þeim tölum og greinum, sem Morgunblaðið hefir flutt, og setja þær í nál. sitt. Annars er það um sumar þessar tölur að segja, að þær eru mjög óábyggilegar og sumpart mjög villandi, t. d. í sambandi við tillögur hans um að leggja ríkisskipaútgerðina undir Eimskipafélagið. Ég hefi átt tal um það mál við ýmsa kunnuga menn, og ég hefi þvert á móti komizt að þeirri niðurstöðu, að ef fara ætti að breyta einhverju á þeim sviðum, þá

væri það á þá lund, að taka Eimskipafél. og leggja það undir skipaútgerð ríkisins. Í þessu sambandi skal ég benda á það, að hjá ríkisskipaútgerðinni kostar viðkomustaðurinn aðeins 270 kr., en hjá Eimskipafél. kostar hann á 17. hundrað. Ef þess vegna ætti að spara eitthvað á þessum sviðum, þá ætti að leggja Eimskipafél. undir skipaútgerð ríkisins. Ég vil þess vegna leyfa mér að mælast til, að hæstv. ríkisstj. taki tillöguna til athugunar á þann hátt. Ennfremur vildi ég biðja stjórnina að athuga verðið á Ísagagasi, sem vitamálaskrifstofan kaupir; það gas mun ekki framleitt nema á einum stað hér á landi, svo að á því er einskonar einokun, auk þess sem vitamálastjóri er forstjóri í Ísaga, og virðist það fremur óviðfelldið. Vildi ég mælast til, að stj. athugaði þetta.

Annars er ég hissa á því, að hv. 1. landsk., sem þóttist hafa góðan tíma og hafði mjög stór orð um starfsemi n., skuli þegar til kemur ekki hafa fundið annað en það, sem Morgunblaðið hefir verið að tönnlast á árum saman. Og þar sem hann hafði aðstöðu til að heimta skýrslur af embættismönnum og stofnunum og nægan tíma til að vinna úr þeim, þá verð ég að segja það, að afraksturinn hefir orðið helzt til lítill.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi lýst því yfir áður, að viðhorfið hefir breytzt síðan till. um þessa nefndarskipun kom fyrst fram. Hv. 2. landsk. lagði þann skilning í orð mín, að ég teldi, að viðhorfið hefði breytzt til batnaðar og útlitið færi batnandi. Í ummælum mínum kom ekki fram neinn slíkur dómur, enda er það fjarri mér að láta nokkuð slíkt í ljós. Það, sem ég átti við, var það, að eins og á stóð í þann mund, er till. kom upphaflega fram, var aðstaðan í þinginu þannig, að engu máli varð komið fram nema með atbeina minnst tveggja flokka, og þess vegna voru meiri líkindi til þess, að tillögur væntanlegrar n. næðu framgangi, ef þær væru undirbúnar af fulltrúum allra flokka. Nú hefir orðið sú breyt. á, er gerir slíkar ráðstafanir um mannval í nefndina óþarfar. Það var þetta, sem ég átti við, og ekkert annað.

Jón Þorláksson: Hv. 2. landsk. hélt því fram, að þær tölur, sem ég hafði fært fram um strandferðakostnað Eimskipafél., væru villandi. Ég hafði fært þessar tölur til með mestu varúð, og vísaði ég jafnframt í heimildir mínar, sem er þriggja manna n., sem ríkisstj. hafði skipað og í áttu sæti Jörundur Brynjólfsson alþm., Vigfús Einarsson skrifstofustjóri í atvmrn. og Brynjólfur Stefánsson skrifstofustjóri í Sjóvátryggingarfélaginu. Fór ég ekki með aðrar tölur en þær, sem þessir menn hafa látið frá sér fara í skýrslu til stj., sem útbýtt hefir verið vélritaðri meðal þm. Hitt er hinsvegar dálítið villandi, þegar hv. 2. landsk. segir, að kostnaðurinn af smáhafnaviðkomu Eimskipafélagsskipanna hafi verið 1600 kr., en ekki nema um 200 kr. að því er ríkisskipin snertir, og dró hv. þm. svo þá ályktun af þessu, að rétt væri að afhenda Skipaútgerð ríkisins Eimskipafélagsskipin til eignar og umráða. Þessar tölur hv. 2. landsk. eru ekki teknar eftir n., heldur hefir hann búið þær til sjálfur, enda er um áreiðanleik þeirra eftir því. Annars þarf engan að undra það, þótt kostnaðurinn af smáhafnaviðkomu millilandaskipa sé meiri en kostnaðurinn af viðkomu strandferðaskipanna, enda hafa hafnirnar meira gagn af viðkomu millilandaskipanna, einkum þó þegar skipin hafa viðkomu í Rvík í sömu ferð.

Hv. 2. landsk. var að finna að því, að ég hefði ekki starfað eins mikið í n. og ég hefði haft tíma til, og skal ég ekki taka mér þetta nærri. Þótt ég hafi ekki verið eins störfum hlaðinn og hv. 2. landsk., ætla ég þó, að hann viti, að ég hefi haft fleiru að sinna en þessum nefndarstörfum eingöngu, en ég skal ekki neita því, að það kann að hafa dregið úr starfsgleði minni að þurfa að sitja einn yfir þessum plöggum, án þess að geta notið hinnar ágætu aðstoðar hv. 2. landsk., og ég er sammála honum um það, að honum farist ekki að finna að því, þótt ég hafi gert lítið í n.

Ég skal ekki eiga frekara orðakast við hæstv. forsrh., enda skoða ég ummæli hans viðvíkjandi viðtækjaverzluninni fremur sem almennar hugleiðingar frá flokki hans að því er snertir samanburð á frjálsri verzlun og fyrri alda verzlunar-

fyrirkomulagi, en ég álít hinsvegar, þegar um það er að ræða, að stj. taki ákvörðun um einstök atriði í þessum efnum á erfiðum tímum, megi þeir, sem sérstaklega hafa ánægju af því að horfa aftur í söguna að þessu leyti, ekki láta ljómann af ástandi einokunartímabilsins hér á landi glepja sig um of að því er snertir ákvörðun þessara einstöku atriða.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Mínar hugleiðingar út af viðtækjaverzluninni voru ekki almennar hugleiðingar um frjálsa verzlun eða einkasölu, heldur talaði ég aðeins um sérstöðu viðtækjaverzlunarinnar samanborið við frjálsa verzlun. Og þeir menn, sem ekki amast við því, að síminn hafi einkasölu á sínum tækjum, hafa ekki ástæðu til að fárast um, þótt útvarpið hafi einkasölu á sínum tækjum.

VII. Kosningar.

1. Landsbankanefnd.

Á 4. fundi í Sþ., 12. marz, var tekin til meðferðar

kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd til 6 ára, samkv. 34. gr. laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu aðalmanna 3 listar. Á A-lista voru EÁrna, IngB, LH, á B-lista ÓTh, EA, og á C-lista VJ. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 11 atkv.. C-listi 4 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru alþingismennirnir

Einar Árnason,
Ólafur Thors,
Ingólfur Bjarnarson,
Lárus Helgason,
Einar Arnórsson.

Við kosningu varamanna komu einnig fram 3 listar. Voru á A-lista Bjarni Bjarnason, Laugarvatni, Björn Birnir, Grafarholti, Eysteinn Jónsson skattstjóri, á B-lista JJós, GÍ, og á C-lista Stefán Jóhann Stefánsson lögfræðingur. — A-listi fékk 20 atkv., B-listi 12 atkv. C-listi 4 atkv. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru

Bjarni Bjarnason skólastjóri,
Jóhann Jósefsson alþm.,
Björn Birnir bóndi,
Eysteinn Jónsson skattstjóri,
Guðbrandur Ísberg alþm.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 10. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseta barst einn listi, er á stóðu nöfn fimm alþm., eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Þorleifur Jónsson,
Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Bernharð Stefánsson,
Pétur Ottesen.

3. Orðunefnd.

Á 11. fundi í Sþ., 25. maí, var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í orðunefnd samkv. 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1921, um hina íslenzku fálkaorðu, fyrir árabilið 1933—1938.

Forseta bárust tveir listar, A og B. Á A-lista var Magnús Sigurðsson bankastjóri, en á B-lista Sigurður Briem póstmálastjóri. Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Sigurðsson bankastjóri,
Sigurður Briem póstmálastjóri.

4. Milliþingaforseti Sþ.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning milliþingaforseta.**

Kosningu hlaut

Bjarni Ásgeirsson þm. Mýr.,

með 20 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

5. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á sama fundi var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1931, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 4. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Hannes Jónsson þm. V.-Húnv. og Hannes Jónsson dýralæknir, en á B-lista Magnús Jónsson 4. þm. Reykv. — Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Hannes Jónsson alþm.,
Magnús Jónsson alþm.,
Hannes Jónsson dýralæknir.

6. Milliþingaforseti Ed.

Á 83. fundi í Ed., 25. maí, var tekin á dagskrá

Kosning milliþingaforseta.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Ed., 4. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Kosninguna varð að þríteka. Við fyrstu atkvgr. fékk Jónas Jónsson 7 atkv., en 7 seðlar voru auðir. Var þá kosningin endurtekin, og fór á sömu leið.

Forseti (GÓ): Kosning hefir fallið þannig, að 7 seðlar eru auðir, en Jónas Jónsson er kosinn með 7 atkv.

Jakob Möller: Ég held, að það sé hæpið að telja kosningu gilda, sem ekki styðst við meiri hl. í deildinni. Í 44. gr. þingskapanna er mælt svo fyrir, að hvorug þingd. megi gera ályktun um neitt nema meira en helmingur þdm. sé á fundi og greiði þar atkv., og ennfremur, að engin ályktun sé lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkv. með henni, en hér er auðsjáanlega hvorugt fyrir hendi.

Jón Jónsson: Ég held það geti varla orkað tvímælis, að Jónas Jónsson er rétt kosinn milliþingaforseti. Það er að vísu tekið fram í lögum um þingsköp, að þegar tveir þm. fái jöfn atkv. við forsetakosningu, þá eigi að endurtaka kosninguna, en síðan eigi hlutkesti að fara fram milli þeirra, ef þeir fá aftur jöfn atkv., en hér er ekki um það að ræða, því að hér hefir ekki nema einn hv. þm. fengið atkv., en hinir seðlarnir eru auðir og það liggur í augum uppi, að ekki er þá hægt að varpa hlutkesti um kosninguna og verður því að úrskurða þann kosinn, er atkvæðin hefir fengið. Ég skil því ekki, að hæstv. forseti þurfi að hiksta á því að fella slíkan úrskurð.

Jakob Möller: Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, er ég vitnaði til 44. gr. þingskapanna, þar sem svo er mælt fyrir, að meira en helmingur fundarmanna þurfi að greiða ályktun atkvæði til þess að hún sé gild, og að meira en helmingur deildarmanna þurfi að mæta á fundi til þess að fundur sé lögmætur. Nú er að vísu svo ástatt, að allir hv. dm. eru staddir á fundi, en þar sem ekki er hægt að telja auðan seðil greitt atkv., þá er ekki hægt að telja atkvgr. lögmæta ályktun, þegar ekki hefir nema helmingur þdm. greitt atkv. Af sömu ástæðu er ekki hægt að telja kosninguna lögmæta, þar sem ekki hefir meira en helmingur fundarmanna greitt atkv. (**JBald:** Það er allt annað kosning en ályktun).

Magnús Torfason: Það má sjálfsagt rífast um það, hvort kosning sé sama og ályktun, en það mun standa í 17. gr. þingskapanna, að auðan seðil beri að telja sem greitt atkv. aðeins þegar um er að ræða kosningu n. með óhlutbundinni kosningu.

Annars þarf ekki að fara í neinar grafgötur um þetta, því það eru nóg dæmi fyrir því, að forsetar hafi verið kosnir með minni hl. atkv. Þannig var það t. d. um kosningu forseta sameinaðs þings 1918, að hann hlaut ekki nema 19 atkv. af 42, sem voru í Sþ., og varaforseti var þá kosinn með 18 atkv. Sjá allir, að þessir forsetar hafa ekki verið kosnir með meiri hl. atkv. En það hefir jafnan verið talið rétt, þegar tveir hafa fengið jöfn atkv., að láta hlutkesti ráða. En þegar atkvgr. fellur eins og nú hefir orðið, að ekki nema einn fær greidd atkv., er auðsjáanlega ekki um hlutkesti að ræða, heldur verður að fella úrskurð um kosninguna.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. Árn. vitnaði í 17. gr. Þar stendur svo: „Rétt kosinn

í nefnd við óhlutbundna kosningu — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkv., og aðeins hér telst auður seðill greitt atkv.“ M. ö. o., þessir sjö auðu seðlar eiga ekki að teljast sem greidd atkv., því aðeins í því eina tilfelli, sem getur um í 17. gr., er auður seðill talinn greitt atkv. Hér hefir atkvgr. farið þannig, að réttur helmingur dm. hefir greitt atkv. og d. fullnægir því ekki kröfu þingskapa um gilda ákvörðun.

Jón Jónsson: Mér finnst þessi atkvgr. vera tvímælalaus, þrátt fyrir það, sem hv. 1. þm. Reykv. var að segja, vegna þess að sérstakar reglur gilda um kosningu forseta. Í þeirri sérstöku gr. er gert ráð fyrir, að forseti geti verið rétt kjörinn, þótt hann hafi eigi fengið meiri hl. atkv. Þarf þá eigi annað en að varpa hlutkesti. En þar sem við þessa atkvgr. hefir ekki verið kosinn nema þessi eini maður, þá liggur í augum uppi, að forseti verður að úrskurða hann rétt kjörinn. Hinsvegar vil ég ekki hafa á móti því, að forseti láti fara fram þriðju atkvgr. (**JónÞ:** Ég teldi það réttast eftir ákvæðum 3. gr.). Það má vera, án þess að ég telji þess þurfa, en annars skora ég á hæstv. forseta að úrskurða þennan mann rétt kjörinn.

Magnús Torfason: Það er ekkert á móti því að þrautreyna kosninguna, en ég vil benda á, að fyrir utan þetta gilda sérstök ákvæði um kosningar, önnur heldur en um ályktanir. Og þá segir heilbrigð skynsemi, að maður hljóti að vera kosinn, þótt seðlar séu auðir, úr því að hann hefði getað verið kosinn, þótt þau atkv. hefðu fallið á annan mann.

Forseti (GÓ): Hér er ekki um að tala nema ákvæði 3., 17. eða 43. gr. Og þegar svo er komið, að enginn hefir fengið meira en helming atkv., þá sjá dm., að við getum ekki látið þar við sitja og kosið engan forseta, bara fyrir það, að sumir dm. greiða ekki atkv. En ég vildi auðvitað heldur reyna atkvgr. enn og vita, hvort ekki greiðist úr þessu, svo að þrátti um þetta geti lokið, þótt mér sé það ljóst, hvaða leið verður að fara, ef sú úrslausn fæst ekki.

Jakob Möller: Ég vildi aðeins leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvernig hann myndi hafa farið að, ef ekki hefði mætt á fundi nema helmingur dm. (**J-Bald:** Þá hefði fundurinn ekki verið lögmætur). Það er rétt. Og þessi tvenn ákvæði eru í samræmi hvort við annað og kosningin verður því eigi lögmæt. Þetta ákvæði 44. gr. er algilt, svo framarlega sem ekki er tekið fram einhversstaðar annarsstaðar, að þau gildi ekki í sérstökum tilfellum. En engin slík undanteknigarákvæði eru í gildi. Það er rétt, sem hæstv. forseti benti á, að með þessu er hægt að koma í veg fyrir, að forseti verði rétt kjörinn. En það er einnig hægt að koma í veg fyrir það, ef helmingur dm. mætir ekki á fundi, svo að það er engin sönnun fyrir því, að hér geti verið um lögmæta afgreiðslu að ræða. Annars ætla ég ekki út í illindi við hæstv. forseta, þótt hann kveði upp úrskurð í ósamræmi við þingsköp.

Forseti (GÓ): Ef ekki hefði komið nema helmingur þdm., þá hefði þessi fundur aldrei verið settur, svo að við getum ekki gert ráð fyrir slíkum fundum. — Verð ég þá að reyna atkvgr. í 3. sinn.

Atkvgr. fór svo, að kosningu hlaut Jónas Jónsson, 5. landsk. þm., með 7 atkv. — 4 seðlar voru auðir.

VIII. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera þeim takmörkunum bundin, að hámarkseyðsla hvers þingmanns færi ekki fram úr 150 kr. alls um þingtímann.

IX. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur.
Svanhildur Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæzla:
Ólafía Einarsdóttir, Pétrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskriftir.
Teknir strax: Andrés Eyjólfsson, Lárus H. Blöndal, Magnús Ásgeirsson, Haraldur Matthíasson, Þórólfur Sigurðsson, Kristinn Sigmundsson, Sigurður Ólason, Einar Sæmundsen, Jóhann Hjörleifsson, Björn Haraldsson.
Teknir síðar eftir þörfum: Birgir Thorlacius, Hallgrímur Jónsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ragnar Jónsson, Björn Franzson, Sigurður Guðmundsson.

Dyra- og pallavarzla:
Árni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Halldór Þórðarson, Páll Ó. Lárusson, Þorgrímur Jónsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Þingsveinar:
Gylfi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Jón Hjálmarsson, Skúli Hansen, Þorsteinn Þorsteinsson, Ragnar Árnason.

Ritari fjárveitinganefnda:
Jónas S. Bjarnason.

Á Ed.-fundinum, er forseti hafði lesið skýrsluna um starfsmannaráðningu, mælti

Jón Þorláksson: Ég heyrði það, er hæstv. forseti las upp nöfn þeirra, er ráðnir hafa verið starfsmenn þingsins, að meðal þeirra er einn ráðinn við þingskriftir, sem hefir látið leigja sig til þess að setja saman hlutdrægnisfull skrif í garð Sjálfstæðisflokksins, með persónulegum svívirðingum um ýmsa þingmenn flokksins. Vona ég, að hæstv. forseti verði við þeim tilmælum mínum, að þinginu verði hlíft við því að notast við slíkan starfsmann. A. m. k. verði mér hlíft við því að nota hann í þeirri deild, sem ég á sæti í. Frá nafni mannsins mun ég skýra hæstv. forseta utan fundar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég tel heppilegast, að hv. 1. landsk. skýri frá nafni þessa manns, því að óviðkunnanlegt er, að þm. skuli fara með almennar dylgjur.

Jón Þorláksson: Ég hefi lýst því yfir við hæstv. forseta, að ég muni skýra málið fyrir honum utan fundar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. landsk. neitar að nefna nafn þess manns, sem hann á við. Er því ekki hægt að rökræða málið. En ekki er það þinginu til sóma, og sízt hv. 1. landsk., að kasta slíkum órökstuddum og staðlausum dylgjum fram á opinberum þingfundi og treysta sér þó ekki að standa við árás sína. Er hér um algerlega ósæmilegt framferði að ræða af hálfu þess þm., sem valdur er að þessu frumhlaupi.

Jón Baldvinsson: Ég veit ekki, hvað hv. 1. landsk. á við með þessari áskorun sinni til hæstv. forseta. Það hefði þó verið gott að fá nánari skýringu á því, svo hægt hefði verið að átta sig á málinu. Hinsvegar tel ég það rangt, að fullveðja menn, enda þótt starfsmenn séu í þinginu, megi ekki láta skoðanir sínar í ljós opinberlega. Þó mætti vera, að það, sem hv. 1. landsk. á við, sé svo fyrir neðan allar hellur hvað velsæmi snertir, að það gæti réttlætt kröfu hans. En um þetta ætti hv. þm. að gefa nánari upplýsingar. Ég get þó skilið það, að ef þetta snertir einstakan mann, þá vilji hv. þm. síður ræða það á opinberum fundi. Væri því æskilegt, að hæstv. forseti hlutaðist til um, að um þetta yrði haldinn aukafundur.

Magnús Torfason: Ég er sem aðrir ókunnugur þessu máli. Get því ekki framar öðrum um það dæmt, sízt þar sem ég veit ekki, hver maðurinn er, sem hv. 1. landsk. stefnir ákæru sinni að. Þykir mér því sem rétt muni vera að hlífa hv. d. við frekari umr. um mál þetta að svo stöddu.

Það er öllum vitanlegt, að hæstv. forsetar ráða í sameiningu alla starfsmenn þingsins. Þetta er því mál, sem á að afgerast milli hv. þm. og þeirra. Ég fæ ekki séð, að þessi hv. d. geti neitt í þessu máli gert, þegar það er lagt svo illa undirbúið fyrir hana, að ekki er vitað, hver maðurinn er eða hver sökin sé, þar sem hv. 1. landsk. hefir ekki óskað eftir að nefna nafn mannsins eða skýra málið nánar. Málið er því naumast borið fram á réttum vettvangi. Bezt hefði verið, að hv. 1. landsk. hefði snúið sér til forseta utan deildarinnar, áður en hann bar málið fram á þingi.

Forseti (GÓ): Um þetta mál verður engin ákvörðun tekin að sinni. En ef ástæða þykir til, mun það verða athugað utan fundar.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild:

Á 98. fundi í Ed., 6. júní, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (GÓ): Um leið og ég lýk þessum síðasta fundi Ed. á þessu lengsta Alþingi, sem enn hefir háð verið, vil ég þakka hv. dm. fyrir góða samvinnu við mig sem forseta d. Ég óska öllum hv. dm. góðrar framtíðar, dm. utan af landi góðrar heimferðar og heimkomu til heimila sinna og að við megum allir hittast heilir á næsta þingi til betra og liðlegra samstarfs en fengizt hefir á þessu þingi.

b. Í neðri deild:

Á 99. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (JörB): Vér munum nú heyja þennan fund síðastan að sinni.

Ég mun ekki gefa skýrslu yfir störf þingsins, því hæstv. forseti Sþ. mun gera það, eins og venja er til.

Ég þakka hv. þdm. fyrir einkargóða samvinnu á þinginu og óska utanbæjarþingmönnum góðrar ferðar og góðrar heimkomu og að vér megum allir heilir hittast á næsta þingi.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir góða fundarstjórn og lipra framkomu gagnvart oss deildarmönnum og bið hv. þm. að votta honum þakklæti sitt með því að standa upp.

[Allir deildarmenn risu upp úr sætum sínum.]

Forseti (JörB): Ég þakka hæstv. dómsmrh. einkarhlýleg orð í minn garð og sömuleiðis hv. þdm. þá virðingu, er þeir hafa sýnt mér, og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm.

XI. Þinglausnir.

Á 17. fundi í Sþ., 6. júní, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 6. júní, samtals **113 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	99
í efri deild	98
í sameinuðu þingi .	17
Alls	214 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp			
a. lögð fyrir neðri deild ..	14		
b. — — efri deild ...	9		
		—	23
2. Þingmannafrumvörp			
a. borin fram í neðri deild	103		
b. — — – efri deild	35		
		—	138
		—	161

Þar af

a. Afgreidd sem lög		
stjórnarfrv. ..	18	
þingmannafrv.	56	
	— alls	74 lög
b. Felld		
þingmannafrv.	14	
c. Vísað frá með rökst. dagskrá		
þingmannafrv.	4	

d. Vísað til stjórnarinnar
þingmannafrv. 5
e. Ekki útrædd
stjórnarfrv. 5
þingmannafrv. .. 59
— 64
161

II. Þingsályktunartillögur:
a. Bornar fram í neðri deild.... 12
b. — — – efri deild 8
c. — — – sameinuðu þingi 7
— 27

Þar af
a. Þál. afgr. til stj.
1. ályktanir Alþ.. 3
2. ályktanir Nd. . 2
3. ályktanir Ed. . 4
— alls 9 þál.
b. Um skipun n. samþ. 1
c. Felld 1
d. Afgr. með rökst. dagskrá 2
e. Vísað til stj. .. 5
f. Vísað frá atkvgr. 1
g. Ekki útræddar .. 8
— 17
27

III. Fyrirspurn:
Borin fram í neðri deild 1 1
Kom ekki til umræðu. —
Mál til meðferðar í þinginu samtals 189
Síðan mælti

forseti (EÁrna): Ég skal leyfa mér að þakka hv. þm. samstarfið á þessu þingi, sem nú hefir lokið störfum sínum. Óska ég utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heillar heimkomu og oss öllum þess, að vér megum heilir hittast á næsta þingi.

Stóð þá upp forsætisráðherra, **Ásgeir Ásgeirsson,** og las upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Síðan mælti

forsrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Nú eru liðin eitt þúsund og tvö ár frá stofnun Alþingis, en þetta er 45. löggjafarþing frá endurreisn þess. Samkvæmt umboði konungs og í nafni hans segi ég þessu þingi slitið.

Lengi lifi ættjörð vor, Ísland, og konungurinn!

[Tók þingheimur undir með ferföldu húrrahrópi].

Var síðan af þingi gengið.